ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík. Netfang: tryggingar@nefndir.is

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2025

Síðast uppfært 11. september 2025

Mál nr. 1/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Heiti vátryggingartaka: X

Slysahugtak vátryggingaréttar. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 24. janúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að 30. apríl 2022 hafi M við vinnu sína sem sjómaður verið að vinna við troll á dekki þegar slorvatn hafi runnið upp í buxur hans og náð að komast að skrámu sem M hafi verið með á vinstra hné. Skrámuna hafi M fengið fyrr á sömu vakt er hann féll um borð í skipinu. Við þetta hafi hnéð bólgnað og orðið aumt. Þegar M hafi komið í land hafi hann leitað til læknis á bráðamóttöku Landspítalans og síðan til heimilislæknis sem hafi vísað M á bæklunarlækni. Þann 19. ágúst 2024 hafi M farið í aðgerð þar sem reynt var að hreinsa svæðið.

Í málskotinu kemur einnig fram að V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 5. september 2024. Rök V hafi verið þau að skilyrði slysahugtaksins væru ekki uppfyllt þar sem tjón M verði ekki rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar. M sem mótmælir þeim rökum í málskoti, telur þvert á móti ljóst að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Utanaðkomandi slorvatn og sjór hafi komist í sárið sem M hlaut fyrr á vaktinni vegna skyndilegs og utanaðkomandi atburðar. Það hafi því ekki verið innra ástand eða sjúkdómur M sem olli líkamstjóninu, heldur slorvatnið sem var skyndilegur og utanaðkomandi atburður. Fullyrðir M jafnframt að V beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar séu ekki uppfyllt. Hafi V ekki lagt fram nein gögn sem gætu bent til þess að líkamstjón M megi rekja til sjúkdóms eða annars innra ástands. Þá vísar M jafnframt til eftirfarandi dóma máli sínu til stuðnings; Hrd. 23. september 2012 í máli nr. 412/2011, Hrd. 15. mars 2012 í málin nr. 472/2011 og Hrd. 25. september 2019 í máli nr. 23/2019. Að lokum bendir M á að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt bótaskyldu úr slysatryggingu almannatrygginga vegna slyssins.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 24. janúar 2025, er m.a. byggt á því að það sé ósannað að M hafi orðið fyrir áverka, þ.e. fengið skrámu, á vinstra hné um borð í skipinu eins og byggt sé á í málskoti. Jafnframt bendir V á að samtímagögn bendi ekki til þess að M hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn og eigi því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna. Hugtaksskilyrðið um utanaðkomandi atburð sé ekki uppfyllt. Telur V að ekki sé hægt að heimfæra sýkingu undir slysahugtakið enda teljist sýking til sjúkdómsástands og þar að leiðandi til innri veiklunar þess sem verður fyrir sýkingunni. Atvik sem gerist þannig að sýking kemst í sár geti því ekki tengst slysi nema í þeim tilvikum þar sem grunnáverkinn sem um ræðir, þ.e. sárið sem sýking kemst í, teljist hafa orðið vegna slysaathurðar. Vísar V í Hrd. í máli nr. 23/2019 í því sambandi. Byggir V á að sá atburður sem M vísi til í málskoti, þ.e. það atvik sem hann telur að hafi valdið sýkingunni, þ.e. að sjór hafi komist í gegnum buxur hans og farið í sár, teljist ekki slysaatburður í skilningi skilmála félagsins og hvernig slysahugtakið hefur verið túlkað. Þá telur V að það sé M að sanna að skilyrði slysahugtaksins séu uppfyllt. Bendir V á dómafordæmi máli sínu til stuðning. V bendir einnig á að það liggi ekkert fyrir í málinu sem staðfesti að M hafi fengið sár á hné „fyrr á vaktinni“ eins og byggt sé á í málskoti. Það sé því ósannað að M hafi hlotið þann áverka um borð í skipinu. Auk framangreinds telur V að einnig sé ósannað að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna sem M býr við í dag og hins meinta atviks. Að lokum hafnar V því að afstaða Sjúkratrygginga hafi eitthvert vægi í málinu. V telur því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyss í skilningi slysatryggingar sjómanna.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir við störf sín 30. apríl 2022 teljist vera af völdum slyss í skilningu slysatryggingar sjómanna hjá V. Í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna er hugtakið slys þannig skilgreint: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“

Framangreint slysahugtak nær aðeins til meiðsla á líkama af völdum atburða sem fela í sér frávik frá því sem tjónþoli mátti reikna með að myndi gerast miðað við það sem venja er við viðkomandi vinnuaðstæður. Ekki virðist ágreiningur um að líkamstjónið sem um er deilt verður rakið til þess að slorvatn komst í sár á vinstra hné M. Þannig byggir M á því að tjón sitt megi rekja til þess að slorvatn á dekki hafi komist að sári sem hann var með á hné og þannig valdið líkamstjóni (meiðslum á líkama). Þann 30. apríl 2022 er eftirfarandi skráð um málsatvik í skipsdagbók: „Um kl. 14:00 var [M] á hnjánum að eiga við aflanema og fær sjó i gegnum buxurnar. [M] var með smá sár við vinstra hné. Eftir það fór hnéð að bólgna.“ Nefndin fær ekki betur séð en að sá atburður sem um getur, þ.e. að slorvatnið bleytti buxur M, feli ekki í sér frávik frá því sem reikna má með að geti átt sér stað við vinnuaðstæður eins og voru í umrætt sinn. Nefndin telur því að ekkert það hafi gerst sem M mátti ekki reikna með að gæti gerst, þ.e. að hann hafi mátt reikna með að blotna af völdum slorvatnsins. Þá er hér um að ræða aðstæður sem almennt eru ekki til þess fallnar að valda meiðslum á líkama. Að mati nefndarinnar er því eðlilegt að líta þannig á að tjón M af völdum þess að hann var með sár á hné, sé tjón af völdum sjúkdómsástands (innra ástands) eða undirliggjandi veikleika, frekar en það sé af völdum slyss í skilningi slysatryggingarinnar. Í þessu sambandi bendir nefndin einnig á að miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst það ósannað að M hafi orðið fyrir áverka á hné við störf sín. Það er því niðurstaða nefndarinnar að tjón M verði ekki rakið til slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum fyrir slysatryggingu sjómanna. Því á M ekki bótarétt úr þeirri tryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 2/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni í bílveltu þann 17. nóvember 2021. Tilkynnti M tjón sitt til V hinn 6. september 2023. Hefur V hafnað bótaskyldu vegna tjónsins á grundvelli þess að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga (vsl.) hafi verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið og að ósannað sé að orsakatengsl séu milli umrædds slyss og þeirra líkamlegu einkenna sem M finnur fyrir í dag.

M vísar til þess að enginn rökstuðningur hafi fylgt afstöðu V. Ákvæði 124. gr. vsl. geri ráð fyrir að tilkynna beri slys innan árs frá því tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Ákvæðið hafi verið skýrt á þá leið í dómaframkvæmd að fresturinn byrji ekki að líða fyrr en tjónþoli hafi raunverulega vitneskju um að afleiðingar slyss væru varanlegar. Slíkur tímapunktur geti ekki byrjað að líða meðan endurhæfing er ekki fullreynd og a.m.k. ekki áður en hún hefst. Af fyrirliggjandi sjúkraskrá sé ljóst að gefin var út sjúkraþjálfunarbeiðni í framhaldi af umkvörtunum M vegna afleiðinga slyssins hjá lækni 20. desember 2022. M telur ljóst að tilkynningarfrestur hafi ekki getað byrjað að líða fyrir þann tíma. Þegar tjón M var tilkynnt til V þann 6. september 2023 hafði ekki verið liðið ár frá þeim tímapunkti er læknir útbjó beiðni um sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins og gat fresturinn því ekki verið liðinn þegar tjón M var tilkynnt V.

Í bréfi V er vísað til þess að M glímdi við töluverð veikindi og líkamleg einkenni fyrir umferðarslysið. Við yfirferð gagna verði talið að þau einkenni sem hann glími við í dag verði rakin til fyrri einkenna. Í fyrstu komu M til læknis eftir slysið, þann 22. nóvember 2021, kenndi M til einkenna í hægri öxl og rifbeinum í hægri síðu. Í framhaldinu fór M í sneiðmyndatöku sem greindi ekki brot eða áverkamerki. Um 10 mánuðum seinna, 5. september 2022, minnist M svo aftur á óljós einkenni í öxlum en læknir tiltók sérstaklega að ekkert væri aðhafst meira vegna þess. Það var svo ekki fyrr en 20. desember 2022, eða rúmu ári eftir slys, að M talaði um versnun á fyrri einkennum sínum í öxlum. Bendir V sérstaklega á að M átti fjölda læknisheimsókna fram að þessu án þess að minnast á einkenni í öxlum eða versnun á líkamlegum einkennum eftir umferðarslysið. Telur V orsakatengsl milli einkenna M og slyssins því ekki sönnuð. Að lokum telur V að tilkynningarfrestur hafi verið löngu liðinn þegar slysið var tilkynnt til V.

Álit.

Aðila greinir í fyrsta lagi á um við hvaða tímamark ætti að miða upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, þar sem tilkynning um slysið hafi ekki borist V innan tilskilins frests. Samkvæmt ákvæðinu glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf frests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015.

Inn í einkenni M blandast flókin fyrri sjúkrasaga. Hafði M fyrir slysið verið í eftirliti hjá heila- og taugalækni sem hafði greint hann með myotonic dystrophia taugasjúkdóm og verið óvinnufær frá september 2021. Hafði M leitað til læknisins skömmu fyrir slysið, eða þann 4. október 2021, vegna verkja í baki sem leiða niður í vinstri mjöðm og læri. Eftir slysið leitaði M til læknis 22. nóvember 2021 og kvartaði þar undan verk í hægri öxl. Var hann einnig með mar aftan á vinstri öxl, aumur við herðablað og yfir 4-9 rifbeini í hægri síðu. Gerð var beiðni um myndgreiningu þar sem niðurstaðan varð sú að engin áverkamerki greindust í öxl og rifbeinum. Í skilaboðum frá lækni 24. nóvember 2021 var M ráðlagt að gefa sér tíma til að jafna sig. Næst getur M einkenna sinna eftir umferðarslysið við komu til heimilislæknis 5. september 2022 og kvartar þá undan einkennum frá öxlum en engin skoðun fór fram vegna þeirra. Við komu til heimilislæknis 20. desember 2022 kvartar M einnig undan verkjum frá öxlum og er þess getið að hann hafi lengi verið slæmur í öxlum og mun verri eftir bílveltu fyrir rúmu ári síðan. Fékk hann beiðni um sjúkraþjálfun þar sem fram kemur að óskað sé eftir meðferð á hálsi, herðum og öxlum til að draga úr verkjum. Í byrjun árs 2023 fékk M sterasprautur í axlirnar. Við komu til heila- og taugalæknis 3. september 2024 er minnst á afleiðingar umferðarslyssins og talað um að M sé enn að glíma við eftirstöðvar slyssins. Hann sé stífur í hálsi, herðum, í kringum hægra herðablað og sé með verki í hægri öxl. Telur læknirinn að um viðvarandi einkenni sé að ræða.

Veita verður tjónþolum nokkurt ráðrúm til að átta sig á því að afleiðingar séu varanlegar og bótaréttur kunni því, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að vera fyrir hendi. Af framangreindu og í ljósi flókinnar sjúkrasögu verður að líta svo á að M hafi ekki mátt vera ljóst um atvik sem krafa hans er reist á, fyrr en í fyrsta lagi er hann hafði hafið meðferð hjá sjúkraþjálfara í upphafi ársins 2023, ef orsakatengsl teljast vera til staðar milli þeirra einkenna og slyssins. Í tilviki M liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um fyrra heilsufar en ráða má af fyrirliggjandi gögnum að einhver þeirra einkenna sem M kvartar um í kjölfar slyssins hafi a.m.k. að hluta verið til staðar fyrir slysið. Ekki liggur fyrir álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta hvaða varanlega líkamstjón M hlaut í bílveltunni. M verður að bera hallann af sönnunarskorti um að líkamstjón hans megi rekja til bílveltunnar þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar.

Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli einkenna M í dag og bílveltu þann 17. nóvember 2021. Af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort tilkynningarfrestur hafi verið liðinn er M tilkynnti tjón sitt til V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 3/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka: (X) og (Y).

Skaðabótaábyrgð. Skaðsemisábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að hinn 26. október 2022 sat M í körfustól sem hengdur var upp í loft í líkamsræktarstöðinni X, þegar stóllinn féll í gólfið með þeim afleiðingum að M hlaut líkamstjón. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu í ábyrgðartryggingu líkamsræktarmiðstöðvarinnar X og sölu- og dreifingaraðila stólsins, Y. Bæði X og Y eru með ábyrgðartryggingu hjá V sem hafnað hefur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingum beggja aðila. M vísar til þess í málskoti að á fasteignareiganda hvíli rík aðgæsluskylda til þess að rækja viðhald og umhirðu með eign sinni og öllu sem á henni sé, þ.m.t. tækjum sem notuð séu undir reksturinn, til að koma í veg fyrir að þeir sem eigi erindi í fasteignina, og jafnvel þeir sem eigi leið hjá, verði fyrir tjóni. Um rekstraraðila gilda sömu reglur, en X tekur gjald fyrir aðgang af viðskiptavinum sínum. Telur M að orsök slyssins sé að rekja til þess að einungis einn bolti var notaður til þess að festa stólinn í loftið en slíkt hafi verið staðfest í eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlitsins. Heilsa og öryggi M voru af þeim sökum ekki tryggð og á því beri X sem rekstraraðili líkamsræktarmiðstöðvarinnar ábyrgð, sbr. 1. mgr. 54. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 71/2015 máli sínu til stuðnings. Hvað ábyrgð Y varðar þá vísar M til 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. M telur körfustólinn hafa verið haldinn ágalla í skilningi laganna þar sem auga sem var hluti af festingu stólsins gaf sig. Telur M ljóst að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem notuðu stólinn. Hvort sem það var sök X að hengja stólinn ekki upp með þeim festingum sem fylgdu stólnum eða sök Y að gefa ekki réttar leiðbeiningar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótaskyldu hafi verið hafnað þar sem hvorki skilyrði sakarábyrgðar né skaðsemisábyrgðar þóttu uppfyllt að gögnum málsins virtum. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi stóllinn verið festur upp með þeim festingum sem fylgdu stólnum frá Y en uppgefin hámarksþyngd frá framleiðanda er 130 kg. Stólarnir hafi verið reglulega yfirfarnir af starfsmönnum X. Slysið hafi orðið er auga sem er hluti af festingu stólsins gaf sig sem er eitthvað sem starfsmenn X gátu ekki gert sér grein fyrir að gæti gerst. Slysið verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. Hvað ábyrgð Y varðar þá mun körfustóllinn ekki hafa verið notaður eins og ætlast var til. Hann hafi verið festur upp í loft en ekki á grind sem fylgdi með stólnum. Eitt af hlutverkum grindarinnar sé að sveigjast með og virki því eins og eins konar fjöðrun þegar fólk sest í stólinn. Einnig hafi gormur verið á öllum stólum sem veiti enn fremur dempun við álag. Telur Y að ætla megi að við þá notkun hafi myndast meira álag á keðju og festingar. Hvergi sé í leiðbeiningum með stólnum mælt með eða tekið fram að það sé í lagi að nota körfustólinn á annan hátt heldur en með grindinni sem fylgdi með. Aldrei áður hafi sams konar mál komið inn á borð til þeirra, jafnvel þótt þessir körfustólar hafi verið seldir í dágóðan tíma og í miklu magni.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að af gögnum megi sjá að X og Y bendi hvort á annað í svörum sínum í tengslum við ábyrgð sína. Sé því ljóst að saknæm háttsemi sé til staðar hjá annaðhvort báðum fyrirtækjum eða öðru þeirra.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu eða að tjón M megi

rekja til ágalla á körfustólum, þannig að bótaskylda stofnist úr skaðsemisábyrgð Y. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum og samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Ljóst er að körfustóllinn var ekki settur upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og notkun hans því ekki í samræmi við það hvernig hann var boðinn og kynntur. Af þeirri ástæðu er ekki hægt að líta svo á að körfustóllinn hafi verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð og á M því ekki rétt á bótum úr skaðsemisábyrgðtryggingu Y hjá V.

Víkur þá að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Samkvæmt upplýsingum frá X var vikið frá leiðbeiningum framleiðanda stólsins og var hann festur upp í loft í stað þess að festa hann á grind sem fylgdi stólnum. Almennt eru lagðar ríkar skyldur á þá sem reka líkamsræktarstöðvar að gera sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þangað koma, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 71/2015. Þegar ákveðið var að víkja frá hefðbundinni notkun körfustólsins bar starfsmönnum X að tryggja að stóllinn væri jafn öruggur við slíka notkun og hann hefði verið ef leiðbeiningum framleiðanda hefði verið fylgt. Túlka má skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins sem skoðaði vettvang eftir slysið með þeim hætti að ekki hafi verið öruggt að festa stólinn upp með einum bolta líkt og gert var fyrir slysið. Eftir slysið hafi verið settar aukafestingar á alla hangandi stóla. Með hliðsjón af þessu verður að líta svo á að M hafi leitt nægar líkur að því að stóllinn hafi fallið niður vegna rangrar uppsetningar af hálfu starfsmanna X. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en ekkert liggur fyrir um að M hafi sjálfur sýnt gáleysi við notkun stólsins þannig að hann beri meðábyrgð vegna tjóns síns.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki er til staðar bótaréttur úr skaðsemisábyrgð Y hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 4/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Samsömun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 21. mars 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var bifreiðinni A, sem er í eigu M, stolið á meðan bifreiðin var í láni hjá B, vinkonu M. Var bifreiðin læst en lyklum að bifreiðinni var að sögn M stolið úr íbúð B. Konan X var strax grunuð um verknaðinn þar sem hún hafði sést á bifreiðinni á hraðamyndavél og viðurkenndi hún verknaðinn fyrir lögreglu. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu fannst bifreiðin við Völvufell 2 þann 4. nóvember 2024 en engir kveikjuláslyklar fundust í bifreiðinni. Er bifreiðin fannst mátti sjá nokkrar skemmdir á henni. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað á þeim grundvelli að brotið hafi verið gegn varúðarreglu skilmála vátryggingarinnar þar sem fram kemur að bifreiðin skuli vera læst og bíllyklar geymdir á öruggum stað.

Í málskoti sínu byggir M á því að lyklar bifreiðarinnar hafi verið á öruggum stað hjá B. Bifreiðin hafi auk þess verið lánuð til skamms tíma og verði M ekki samsamað við háttsemi vinkonu sinnar hvað vörslu lyklanna varðar. Vísar M einnig til þess að V hafi upprunalega samþykkt bótaskyldu með tölvupósti til M dags. 11. nóvember 2024 og sé því bundið af þeirri ákvörðun. Bótaskyldu hafi svo verið hafnað daginn eftir, eða þann 12. nóvember 2024.

Í tölvupósti V til nefndarinnar er vísað til greinar 5.3 í skilmála kaskótryggingar þar sem segir: „Bifreið skal vera læst og lokað þegar enginn er í henni og geyma skal lykla á öruggum stað.“ Í ljós hafi komið að engin ummerki um að brotist hefði verið inn í bifreiðin sáust og bendi allt til þess að X hafi verið með lykla af bifreiðinni. Bótaskyldu sé hafnað á þeim grundvelli að eigandi hafi brotið gegn þeirri skyldu sinni að geyma lykla á öruggum stað.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að V hafi ekki verið heimilt að afturkalla samþykki sitt fyrir greiðslu úr tryggingunni. Enginn ágreiningur sé um að lyklarnir hafi verið í vörslu X, hún hafi komist yfir þá með refsiverðum og ólögmætum hætti. Háttsemi M varð ekki til þess að tjónið átti sér stað. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 237/2019 til stuðnings sinni afstöðu.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar V til þess að samkvæmt lögregluskýrslu hafi lyklar verið geymdir í bifreiðinni sem telst ekki vera öruggur staður.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort V sé heimilt að fella niður bætur til M úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A á grundvelli brota á varúðarreglu skilmála kaskótryggingar sem kveður á um skyldu til þess að læsa og loka bifreiðinni og geyma lykla á öruggum stað. Samkvæmt upplýsingum í málskoti hafði M lánað B, vinkonu sinni, bifreiðina í skamman tíma meðan M var stödd erlendis. Samkvæmt því var það ekki meint háttsemi M sem leiddi til þess að A var stolið. Kemur þá til skoðunar, hvort V sé heimilt að fella niður bótarétt M á grundvelli mögulegra brota B á varúðarreglu skilmála kaskótryggingarinnar. Ber V sönnunarbyrðina fyrir því í fyrsta lagi að brotið hafi verið gegn varúðarreglu skilmálans og í öðru lagi að V sé heimilt að beita samsömun M við háttsemi vinkonu sinnar.

Í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) er mælt fyrir um það að í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann

sambærileg tengsl. Samkvæmt a. lið 2. mgr. sömu gr. má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., semja svo um að við vátryggingu ökutækja megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 segir um 29. gr. að heimild a-liðar 2. mgr. til að semja um samsömun sé látin ná til manns sem með samþykki vátryggðs sé ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Hér þurfi að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða.

Er það afstaða nefndarinnar að V hafi hvorki sýnt fram á að bifreiðin hafi verið ólæst né að lyklar hennar hafi ekki verið geymdir á öruggum stað. Þá verður talið ósannað að M hafi afhent vinkonu sinni umráð og vörslur bifreiðarinnar með varanlegum hætti. Þannig er ekki sýnt fram á heimild til samsömunar milli M og ökumannsins sé fyrir hendi en V ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl. séu uppfyllt. Sú sönnun hefur ekki tekist og er V því ekki heimilt að fella niður bótarétt úr kaskótryggingu A.

Að lokum telur nefndin ástæðu til að gera athugasemd við það að í höfnunarbréfi V, dags. 12. nóvember 2024, var ekki gætt að þeirri lagaskyldu V, skv. 1. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 51. gr. vsl. að upplýsa M um möguleika til þess að bera höfnun V undir nefndina og frest til lögfræðilegra aðgerða.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 5/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 1. nóvember 2019 gengist undir aðgerð hjá X vegna skekkju á miðnesi. M hafi ekki lagast af ástandi sínu eftir aðgerðina heldur versnað. Þá hafi ný einkenni, þ.e. blæðing og sáramyndun í nefi, og brak í brjóski, slímleki frá nefi niður í háls, kláði og sviði gert vart við sig. Eftir nokkra mánuði hafi M leitað til kollega X, Y, þar sem X hafði þá verið leystur frá störfum og síðar misst starfsleyfi sitt. Y hafi ákveðið að framkvæma aðra aðgerð á M, þ.e. brennt hafi verið fyrir smáæðar í nefi, hinn 4. mars 2020. Sú aðgerð hafi ekki skilað tilætluðum árangri og búi M enn við framangreind einkenni. Með bréfi landlæknisembættisins, dags. 26. júlí 2021, hafi M verið upplýstur um rannsókn embættisins á starfsháttum X en tveimur óháðum sérfræðingum hafi verið falið að rannsaka sjúkragögn vegna tiltekinna tegunda skurðaðgerða sem X hafi framkvæmt haustið 2019. Í tilviki M hafi verið gerð athugasemd við skamman aðgerðartíma miðað við skráð inngrip, en aðgerðin hafi aðeins tekið tíu mínútur sem sé ótrúverðugt miðað við umfang aðgerðar og rétta framkvæmd hennar. Þá segi í bréfinu að embættinu sé ekki kunnugt um hvaða áhrif umrædd aðgerð hafi haft eða hvort mein eða fylgikvilli hafi hlotist af henni. Hinn 24. maí 2022 hafi M gert kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu X en V hafi, með bréfi dags. 4. janúar 2024, hafnað bótaskyldu. Þrátt fyrir framlagningu frekari sjúkragagna og ósk um endurskoðun á þeirri afstöðu hafi V staðfest höfnun á bótaskyldu með bréfi dags. 14. mars 2024. M vísar til þess að í sjúkraskrárnótu, dags. 16. nóvember 2022, komi m.a. fram að M þjáist af stöðugum blóðnösum eftir aðgerðina og vakni alla morgna með sár og storknað blóð í nefinu. Þjáist hann einnig af sviða og kláða. Er þá rakið að skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 sé að tjónið megi að öllum líkindum rekja til einhvers þeirra fjögurra þátta sem taldir eru upp í 2. gr. laganna. Í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. komi fram að bætur greiðist ef „ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.“ Telji M að meðferð sú sem hann hlaut hjá X hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var eða verið í samræmi við þekkingu á viðkomandi sviði. Tjón M felist þá helst í þeim afleiðingum sem hann eigi við að etja í dag og ekkert bendi til annars en að þær sé að rekja til aðgerðarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að við skoðun hjá X hinn 6. júní 2019 hafi M verið með mikla skekkju á miðnesi. M hafi gengist undir umfangsmikla aðgerð á miðnesi hinn 1. nóvember 2019. Ellefu dögum eftir aðgerðina hafi M mætt til eftirlits hjá X og hafi ástand hans þá verið gott og öndun hans betri, en þó aðeins skekkja til vinstri. Engin frekari samskipti hafi verið milli M og X. Hinn 4. mars 2020 hafi M svo leitað til Y þar sem blóð hafi seytlað úr nefi hans. Y hafi brennt fyrir smáæðar og ráðlagt M að nota feiti í nefið og leita aftur til sín héldu einkennin áfram. Ekki hafi verið um frekari læknismeðferð að ræða. Koma M á heilsugæslu 16. nóvember 2022 hafi aðeins þjónað þeim tilgangi að fá einkenni skráð vegna bótamáls og sé færsla vegna hennar að mestu endursögn á lýsingu M sjálfs. Í tjónstilkynningu M til V, sem hafi verið send tveimur og hálfu ári eftir aðgerðina, komi fram að frá aðgerð hafi blætt mikið frá nefi og M hafi stanslaust sár í því. Telji V hvorki sýnt fram á tjón af völdum meðferðar X né að hið meinta tjón falli undir 1. eða 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Verði M að bera hallann af því. Árangur af aðgerðum sem þeirri sem M gekkst undir hjá X sé um 80% á heimsvísu og taki sjúklingatrygging ekki til þeirra tilvika þar sem aðgerð skili ekki tilætluðum árangri. Fyrirliggjandi gögn sýni þá ekki fram á að blætt hafi mikið úr nefi M og að hann þjáist af stöðugum sárum. Engin rök hafi þá verið færð fram fyrir því að slík einkenni verði rakin til þess að meðferð X hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hafi verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Jafnvel þótt sérfræðingar á vegum landlæknis hafi talið skráðan aðgerðartíma ótrúverðugan feli það ekki í sér sönnun þess að eitthvað hafi misfarist í aðgerðinni sem slíkri. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. Af gögnum málsins má ráða að krafa M verði helst reist á 1. og 4. tl. sem eru svohljóðandi: *1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. … 4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.*

Fyrirliggjandi er bréf landlæknisembættisins til M, dags. 26. júlí 2022, þar sem fram kemur að embættið hafi tekið starfshætti X til rannsóknar. Hvað aðgerð þá sem M gekkst undir 1. nóvember 2019 varðar segir í bréfinu að aðgerðartími, en samkvæmt gögnum um aðgerðina hafi hún aðeins tekið tíu mínútur, sé ótrúverðugur með hliðsjón af umfangi hennar. Samkvæmt göngudeildarnótu vegna komu M til læknisins Y 4. mars 2020 leiddi skoðun í ljós að septum vísaði enn til vinstri. Eru að öðru leyti ekki gerðar athugasemdir við aðgerðina sem slíka eða árangur hennar. Þá verður ekki ráðið af umræddri göngudeildarnótu eða öðrum læknisfræðilegum gögnum að aðgerðin hafi gert illt verra hvað skekkju á miðnesi varðar s.s. haldið er fram í málskoti. Það að septum hafi enn vísað til vinstri leiðir ekki til þess að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu teljist uppfyllt, enda liggur ekki annað fyrir en að nokkuð sé um að aðgerðir sem þessi geti þurft síðari leiðréttingar við, þrátt fyrir að þær séu framkvæmdar eins vel og unnt er og til samræmis við reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Hvað blæðingar úr nefi, sár og önnur einkenni sem M lýsir varðar liggja ekki frekari læknisfræðileg gögn fyrir um orsakir eða algengi slíkra einkenna. Af framangreindu er það því mat nefndarinnar að bótaskylda á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé ekki fyrir hendi, enda sé ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem fellur innan skilgreiningar þess ákvæðis.

Í fyrrnefndri komu M til Y var brennt fyrir þrjár smáæðar í nefi hans. Ekki verður skýrlega ráðið hvort og þá hvaða, árangur varð af þeirri meðferð en ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi leitað aftur til Y eða annars sérfræðilæknis vegna einkenna sinna. M leitaði á heilsugæslu 16. nóvember 2022 og óskaði eftir skoðun. Var hann upplýstur um að ítarleg skoðun þyrfti að fara fram af hálfu sérfræðilækna en ekkert er að finna í málsgögnum um að slík skoðun hafi átt sér stað. Við skoðun á heilsugæslu fékk M greiningu um blóðnasir og langvinnt sár á húð. Liggja engin frekari læknisfræðileg gögn fyrir hvað varðar umfang einkenna M. Verður því ekki fullyrt af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum að tjón M sé meira en svo að sanngjarnt sé að hann þoli það bótalaust, sbr. 4.tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu svo þau viðmið sem sett eru fram í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Þó sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari en ella þegar kemur að sjúklingatryggingu er það samt sem áður M sem ber sönnunarbyrði þess að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af framansögðu er það mat nefndarinnar að nokkuð skorti á að sýnt sé fram á það með læknisfræðilegum gögnum að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 6/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis:(A)

Dráttarvél. Notkunarhugtak laga um ökutækjatryggingu. Stjórn ökutækis.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 27. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. mars 2025.

Málsatvik.
Í málskoti er málsatvikum þannig lýst að 1. september 2024 hafi M verið að hífa jarðtætara til að tengja hann aftan á dráttarvélina A, þegar tætarinn hafi skyndilega dottið við hífinguna með þeim afleiðingum að öxullinn hafi fallið fram og lent ofan á M. Í málinu liggur fyrir samskiptaseðill frá heilsugæslustöð þar sem fram kemur að M hafi komið þangað 5. september 2024. Er skráð að 1. september 2024 hafi jarðtætari dottið ofan í fót M og sé fóturinn mikið marinn og ansi bólgin. Ekki sé þó grunur um brot. Þá finni M mikið til.

M sendi tilkynningu um tjónið til V 17. september 2024. Þann 25. september 2024 V hafnaði því að M ætti bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda. Rökin voru þau að tjónið verði ekki rakið til notkunar ökutækis í skilningi 9. gr. samanber 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Þrátt fyrir nýtt tölvubréf frá M, dags. 1. október 2024, ítrekaði V fyrri afstöðu sína 2. október 2024. Kom þar m.a. fram að V teldi að atvikið falli ekki undir notkunarhugtak 4. gr. laga nr. 30/2019 né undir gildissvið þeirra laga samanber a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna. Hvað varði skilin á milli hvenær dráttarvél telst í notkun og hvenær ekki, benti V á Hrd. í málum nr. 216/1999 og nr. 1/2000. Framhaldsbréfasamskipti milli aðila, 11. og 14. október, leiddu ekki til breyttrar afstöðu V.

Í málskoti andmælir M framangreindum rökum V. Er á það bent að M hafi notað vél- og lyftibúnað dráttarvélarinnar til þess að hífa jarðtætarann. Það sé hins vegar ekki hægt nema dráttarvélin sé í gangi. Bendir M á í því sambandi að lyftibúnaðurinn, sem ásamt stjórnborði fyrir hann sé staðsettur aftan á dráttarvélinni, sé eðlilegur hluti af staðalbúnaði dráttarvélarinnar. M bendir jafnframt á, með vísan í 10. tölulið 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að dráttarvél sé vélknúið ökutæki sem aðallega sé hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum. Því telji M að það að draga jarðtætara teljist til notkunar dráttarvélar, sem aftur byggir á þeirri forsendu að búið sé að tengja tætarann við vélina. M telur það því liggja í hlutarins eðli að það að M notaði vél- og lyftibúnað dráttarvélarinnar til þess að hífa og festa jarðtætara hafi falið í sér að hann væri við stjórn ökutækis í notkun. Þessu til viðbótar bendir M á að í fræðiskrifum hafi verið á því byggt að hugtakið notkun takmarkist ekki við akstur eða hreyfingu ökutækis. Benti M á Hrd. 29. febrúar 1996 í máli nr. 35/1994 og Hrd. 25. október 2007 í máli nr. 146/2007 máli sínu til frekari stuðnings. Einnig benti M á Lrd. 21. nóvember 2024 í máli nr. 397/2023. M telur sig því hafa sýnt fram að tjón M megi rekja til notkunar A sem ökutækis í skilningi 9. gr. samanber 4. gr. laga nr. 30/2019. Krefst M þess að viðurkenndur verði bótaréttur hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Í athugasemdum til nefndarinnar frá V, dags. 27. janúar 2025, er bent á að til þess að tjón M verði fellt undir gildissvið 9. gr. laga nr. 30/2019 þurfi það annars vegar að hafa orðið við stjórnun ökumanns á ökutækinu og hins vegar vegna notkunar ökutækisins í merkingu 4. gr. þeirra laga. Telur V að hvorugt þessara skilyrða sé uppfyllt í tilviki tjóns M. Hvað notkunarskilyrðið varðar bendir V á að lagaleg skilgreining á hugtakinu notkun ökutækis sé þrengri en almenn orðskýring gefur til kynna. Það hafi dómaframkvæmd sýnt fram á, þ.e. að skýra beri hugtakið þröngt. Telur V því að hin hlutlæga ábyrgð sem um getur í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 gildi aðeins um tjón af völdum notkunar sem tengist og sé í nánu og fyrirsjáanlegu orsakasambandi við sérstaka hættueiginleika ökutækis, þ.e. hraða, vélarafl eða þyngd þess. M beri sönnunarbyrgði um að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Telur V að M hafi ekki tekist sú sönnun, enda hafi hann ekki leitt líkur að því að tjón hans verði rakið til hættueiginleika A sem ökutækis né fært fyrir því rök að það sé í nánu og fyrirsjáanlegu orsakasamhengi við þá

hættueiginleika. Bendir V jafnframt á að meginreglan sé sú að kyrrstætt ökutæki teljist ekki vera í notkun enda sé þá hættueiginleikum þess sem ökutækis ekki til að dreifa. Sömu sögu sé að segja um allan umgang, fermingu, viðhald, viðgerði eða annað sem tengist kyrrstæðu ökutæki. Undir þetta falli einnig ef unnið er að tengingu vinnuvélar við kyrrstætt ökutæki, jafnvel þó við það sé vélarafl ökutækisins notað. Ástæða þess sé sú að þegar svo háttar til sé ökutækið ekki hættulegra en hver annar kyrrstæður hlutur og því séu hættueiginleikar ökutækisins ekki virkir. V vísar auk þess í Hrd. í málum nr. 216/1999 og nr. 1/2000 sem dæmi um þá línu sem skilji á milli þess hvenær tjón af völdum vinnuvéla tengdum við dráttarvél falli undir notkunarhugtakið. Dregur V þá ályktun af þessum dómum að þau skil ráðist af því hvort verið sé að vinna við kyrrstæða dráttarvél, eða hvort hreinlega sé verið að nota tækið, s.s. til að draga jarðtætara eftir túni, sem þá myndi falla undir notkunarhugtakið. Þá telur V að dómarnir staðfesti að það ráði hér ekki úrslitum varðandi notkunina hvort aflvél hafi verið nýtt ef ökutækið var ekki í notkun sem ökutæki. Hvað varðar skilyrðið um að rekja megi líkamstjón til stjórnunar ökutækis bendir V á að dómstólar hafi jafnvel skýrt það skilyrði þrengra en gildir um notkunarhugtakið. Telur V að ofangreind túlkun hafi verið lögfest í a-lið 2. mgr. 2. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar.

Hvað varðar tilvísun M í Hrd. í máli nr. 35/1994 og máli nr. 146/2007 þá telur V hvorugan þeirra hafa fordæmisgildi fyrir mál M. Færir V ítarleg rök fyrir þeirri skoðun. Þá telur V að Lrd. í máli nr. 397/2023 hafi hvorki fordæmisgildi í máli M né almennt fordæmisgildi, enda gangi niðurstaðan í þeim dómi algerlega gegn dómaframkvæmd Hæstaréttar. Í framhaldi af þessu fjallar V ítarlega um þróun notkunar- og stjórnunarhugtaksins í lögboðnum ökutækjatryggingum. Í lok athugasemdanna kemur fram að V telji sig hafa sýnt fram á að tjón M falli ekki undir bótasvið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar og M eigi því ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 4. mars 2025, ítrekar M sín fyrri rök í málinu. Þá bendir hann auk þess á að er slysið hafi átt sér stað hafi hann verið að nota stjórnborð dráttarvélarinnar, og þar að leiðandi verið við stjórn hennar. Tjónið hafi orðið við hífinguna sjálfa, þ.e. þegar jarðtætaranum var lyft með vélarafli dráttarvélarinnar. Bendir M á að lyftibúnaðurinn heyri til eðlilegs og nauðsynlegs búnaðar dráttarvélarinnar. Tjónið hafi því verið í nánu og fyrirsjáanlegu orsakasambandi við hættueiginleika dráttarvélarinnar sem dráttarvélar. Slysið hafi því orðið er aflvél dráttarvélarinnar knúði hana í venjulegri notkun hennar sem ökutæki enda teljist það venjuleg notkun dráttarvélar að hífa/ferma til að mynda jarðtætara eða önnur þau tæki sem dráttarvél á að draga. Þá vísar M einnig til Hrd. í máli nr. 150/2006 sem áður hefur verið nefndur. Leggur M áherslu á að í þeim dómi færi rétturinn rök fyrir því að slysið verði rakið til notkunar á tæki sem heyri til eðlilegs og nauðsynlegs búnaðar dráttarbifreiðar og við venjubundin not hennar sem slíkrar. Telur M að nákvæmlega það sama eigi við í máli sínu, auk þess sem lyftibúnaðurinn í máli M hafi verið knúinn af aflvél dráttarvélarinnar enda sé sá búnaður hluti af dráttarvélinni sjálfri. Að lokum mótmælir M þeirri fullyrðingu V að Lrd. í máli nr. 397/2023 hafi ekki fordæmisgildi. Telur M að þvert á móti hafi dómurinn ótvírætt fordæmisgildi. Bendir M m.a. á í því sambandi að Hæstiréttur hafi hafnað beiðni um áfrýjunarleyfi í því máli.

Í viðabótarathugasemdum V, dags. 12. mars 2025, eru fyrri rök félagsins ítrekuð. Til viðbótar bendir V sérstaklega á eftirtalið. Félagið telur að vinna við að tengja tæki við dráttarvél, teljist hvorki til venjulegrar notkunar né stjórnunar hennar í skilningi laga um ökutækjatryggingar. Telur B_að áðurnefndir Hrd. nr. 216/1999 og nr. 1/2000 sýni afdráttarlaust fram á að vinna við búnað kyrrstæðrar dráttarvélar falli ekki undir notkun eða stjórnun dráttarvélar sem dráttarvélar óháð því hvort tjónið verði rakið til vélarafls. V telur því að ekki sé nægjanlegt að tjón verði rakið til vinnu við dráttarvél eða til hættueiginleika eins og vélarafls, ef dráttarvélin er ekki í notkun sem dráttarvél er slys verður. Þá mótmælir V því að það að nota vélarafl dráttarvélar til þess að lyfta tæki sem verið sé að tengja við dráttarvélina teljist til fermingar dráttarvélarinnar. Telur V að til þess að ferming eða afferming teljist til notkunar ökutækis þurfi það að gerast í beinum tengslum við akstur. Bendir V á Hrd. í máli nr. 49/1998 í því sambandi. Hvað varðar Hrd. í máli nr. 150/2006 þá bendir V m.a. á að í því tilviki hafi slys orðið við affermingu, nokkuð sem ekki sé raunin hvað slys M varðar. Að lokum telur V að niðurstaðan í Lrd. Í máli nr. 397/2023 sé í andstöðu við fjölda fordæma íslenskra dómstóla. Jafnframt bendir V á að slysið í því máli hafi ekki orðið við vinnu við að tengja aukabúnað á dráttarvél heldur við affermingu vörubifreiðar í beinum tengslum við akstur hennar. Atvikin séu því ekki sambærileg.

Álit.
Ágreiningur aðila snýr að því hvort M eigi rétt á að fá líkamstjón sitt bætt á þeim grundvelli að það verði rakið til notkunar A í skilningi 9. gr. sbr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og jafnframt hvort M hafi verið við stjórn A í umrætt sinn.

Nefndin telur að eðlilegt sé að miða við að tjón M verði rakið til notkunar sem telja má einkennandi og eðlileg fyrir notkun dráttarvéla sem dráttarvéla og teljist því vera notkun í skilningi 9. gr. sbr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Ljóst er að M slasaðist er hann vann að því að tengja vinnutæki, þ.e. jarðtætara, við A. Við það verk notaði M lyftibúnað dráttarvélarinnar en telja verður að sá búnaður heyri til eðlilegs og nauðsynlegs búnaðar dráttarvélar. Nefndin telur því verk M umrætt sinn uppfylla skilyrði þess að teljast vera einkennandi fyrir notkun A sem dráttarvélar. Í raun er hér því um að ræða aðstæður sem svipar til þess þegar verið er að ferma eða afferma ökutæki.

Í tengslum við framangreint bendir nefndin sérstaklega á að í skilgreiningu á orðinu dráttarvél, sem er að finna í 10. tölulið 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur m.a. fram að dráttarvél sé vélknúið ökutæki sem: „…aðallega sé hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki…“ Þetta orðalag styður að mati nefndarinnar þá niðurstöðu að vinna við að tengja tætarann (vinnutæki) við dráttarvélina sé einkennandi og eðlileg fyrir notkun dráttarvéla sem ökutækis. Skilgreiningin gerir beinlínis ráð fyrir að vinnutæki, eins og t.d. jarðtætari, séu tengd við dráttarvél. Það er því mat nefndarinnar að eðlilegt sé að líta svo á að vinna við slíkar tengingar teljist til notkunar dráttarvélarinnar sem dráttarvélar. Með sömu rökum telur nefndin rétt að líta svo á að það verk sem M vann í umrætt sinn hafi hann unnið sem stjórnandi A. Því sé það skilyrði 2. málsliðs 1. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019 um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum slyss við stjórn ökutækis, einnig uppfyllt. Nefndin bendir einnig á Hrd. í máli nr. 150/2006 og Lrd. í maí nr. 397/2023 varðandi framangreinda niðurstöðu.

Með vísan í framangreint hefur nefndin því komist að þeirri niðurstöðu að fallast beri á kröfur M í málinu.

Niðurstaða.
Fallist er á að M eigi bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Sératkvæði Heiðu Óskarsdóttur

Undirrituð fellst ekki á það álit meirihluta nefndarinnar að líkamstjón M verði rakið til notkunar ökutækis A í skilningi 9. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna nær gildissvið þeirra ekki til tilvika þar sem ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2019 kemur fram að: *„Ökutæki sem eru vinnuvélar myndu samkvæmt því ekki falla undir gildissvið frumvarpsins þegar þau eru notuð sem vinnuvélar. Um er að ræða staðfestingu á framkvæmd en hugtakið notkun á ökutæki hefur verið túlkað þannig af dómstólum að það nái ekki til vinnuvéla þegar þær eru notaðar sem slíkar, þ.e. hlutlæga ábyrgðin takmarkast við það þegar ökutækið er í umferð en nær ekki til þess ef tjón hlýst af notkun vinnuvélarinnar utan almennrar umferðar.“* Þótt hér sé ekki fjallað um beitingu hlutlægu ábyrgðarreglu laga um ökutækjatryggingar, hefur þessi túlkun þýðingu við skýringu á 9. gr. laga nr. 30/2019. Samkvæmt ákvæðinu skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón sem ökumaður verður fyrir „við stjórn ökutækis“, að því tilskildu að slysið verði rakið til notkunar ökutækis, sbr. 4. gr. Í máli þessu var dráttarvélin A kyrrstæð og M nýtti vélarafl hennar til að hífa jarðtætara aftan á vélina. Við þá athöfn losnaði tætarinn og féll á M. Ekki verður talið að M hafi verið að ferma eða afferma dráttarvélina, né verða aðstæður jafnaðar við slíkar athafnir. Vélin var í notkun sem vinnuvél, nánar tiltekið sem fastur aflgjafi, og þeir eiginleikar hennar sem vélknúins ökutækis komu hvergi við sögu í slysinu.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat undirritaðrar að atvik málsins falli utan gildissviðs 9. gr. laga nr. 30/2019. Slys M verður því ekki rakið til notkunar A í skilningi ákvæðisins.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 7/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsverndartrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 25. febrúar 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að A, eiginmaður M, lést hinn 6. október 2023 um borð í fiskiskipi þar sem hann var við vinnu. Skipið var gert út frá erlendu ríki. Á dánardegi var A með starfsverndartryggingu hjá erlenda vátryggingafélaginu V. Felur vátryggingin í sér dánarbætur vegna andláts vátryggðs af slysförum, bætur fyrir algera varanlega örorku vegna veikinda og líkamstjóns í slysi, bætur vegna tímabundinnar örorku vegna veikinda og líkamstjóns í slysi og svo sjúkrakostnaðar vegna búsetu erlendis. Í málskoti er aðdraganda andlátsins lýst á þann veg að A hafi verið í líkamsrækt um borð í fiskiskipinu. Er hann kom út úr æfingarherberginu hitti hann fyrir skipstjóra skipsins og hélt utan um brjóstkassann á sér og átti verulega erfitt með öndun. Fór A afsíðis til að jafna sig og átti nokkru síðar auðveldara með öndun og fór upp í brú skipsins. Smátt og smátt fór A að versna og fór hann að hósta upp blóði og átti erfitt með öndun. Var hann fluttur í sjúkraherbergi skipsins og sendi skipið út neyðarkall þar sem óskað var eftir þyrlu og Pilot-bát. Skipið var einnig sett á fulla ferð að landi. Hvorki þyrla né Pilot-bátur komu þrátt fyrir margar ítrekanir af hálfu skipstjórans m.a. með símtölum og tölvupósti. Svörin sem bárust voru ávallt á þann veg að þyrlan væri rétt ókomin eða að hún væri að fara í loftið. Klukkan 18.00, rúmlega tveimur klukkutímum eftir að A hrakaði fór hann í hjartastopp og var endurlífgaður. Klukkan 19.00 lést A en þá hafði engin þyrla komið. Talið var að um ósæðarof hafi verið að ræða og telur M, ekkja A, að unnt hefði verið að bjarga honum hefði hann komist á sjúkrahús í tíma. Vegna andlátsins hefur M gert kröfu um dánarbætur og bætur vegna ferðakostnaðar úr starfsverndartryggingu A hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað, annars vegar með vísan til þess að ekki hafi verið um að ræða andlát af slysförum og hins vegar þar sem ferðakostnaður aðstandenda eftir andlát vátryggðs falli ekki undir tryggginguna.

V telur óljóst á hverju M byggi mál sitt en telur líkur leiða að því að M telji dánarorsök A vera „slys“. Samkvæmt vátryggingarskírteini A var andlát af slysförum aðeins vátryggt. Andlát af völdum sjúkdóms falli ekki undir slysahugtak skilmálans enda ekki um að ræða utanaðkomandi atburð. Varðandi kröfu um bætur vegna flutnings á eigum A þá falli sá kostnaður ekki undir skilmálann, eingöngu kostnaður vegna flutnings á jarðneskum leifum vátryggingartaka til heimalands falli undir skilmála tryggingarinnar, sbr. grein 9.5. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafi sá kostnaður verið greiddur af vinnuveitanda A. Að lokum vísar V til þess að samkvæmt grein 9.4. falli ferðakostnaður aðstandenda A eftir andlát hans ekki undir ferðakostnað og annan kostnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að dánarorsök A sé ekki staðfest með neinum gögnum nema grunsemdum eða ágiskun þess læknis sem annaðist A um borð í fiskiskipinu. Hafði M óskað eftir því við yfirvöld í því landi sem skipið var gert út frá, að framkvæmd yrði krufning en fengið þau svör að það tíðkist ekki að framkvæma krufningu, slíkt krefðist leyfis frá yfirvöldum sem tæki marga mánuði að samþykkja og kostnaðurinn myndi hlaupa á milljónum. Engar myndavélar hafi verið í líkamsræktarsalnum þar sem A var einn við æfingar. Hvort A hafi dottið og fengið þungt högg á bringuna eða misst lyftingastöng á brjóstkassann veit enginn. A hafi verið heilsuhraustur og einstakt aflmenni sem fór í ítarlega læknisskoðun á tveggja til þriggja mánaða fresti. Skipslæknir hafi skráð veikindaferli hans í slysaskýrslu í stað þess að skrá í veikindaskýrslu líkt og gert er ef áhöfn fær kvef eða aðra kvilla um borð. Í símtali hafi læknirinn sagt við M að A hafi talað um smell er hann kom út úr líkamsræktinni. Það rennir stoðum undir grun um að hann hafi dottið eða fengið lóðastöng á bringuna.

Er það því afstaða M að A hafi að öllum líkindum fengið mikið högg sem leiddi til alvarlegra veikinda sem orsökuðu andlátið.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar V til þess að M beri allan halla af því að krufning fór ekki fram.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi bótarétt úr starfsverndartryggingu hjá V vegna andláts eiginmanns hennar, A, þann 6. október 2023. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar greiðast bætur vegna andláts af slysförum. Hugtakið slys er skilgreint á þann hátt að þar sé átt við skyndilegan, óvæntan, óvenjulegan, sérstakan utanaðkomandi atburð sem veldur líkamstjóni. Samkvæmt almennum sönnunarreglum vátryggingaréttar ber M sönnunarbyrðina fyrir því að A hafi látist af slysförum og verður því að meta hvort M hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að svo hafi verið. Samkvæmt slysaskýrslu, dags. 6. október 2023, er bráðabirgðagreining sögð vera „pulmanary embolism“ eða lungnasegarek. Sama greining er sett á dánarvottorðið. Er það því afstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að andlát A hafi verið af slysförum, þ.e. að utanaðkomandi atburður hafi valdið veikindum hans sem svo leiddu til andlátsins. Hvað aðra þætti varðar, þ.e. ferðakostnað aðstandenda eða flutning á eigum A, þá falla þeir þættir ekki undir vátrygginguna sbr. greinar 9.4 og 9.5 í skilmálum vátryggingarinnar.

Með vísan til alls framangreinds á M ekki rétt á bótum úr starfsverndartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr starfsverndartryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 8/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6.janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 22. janúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. mars 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X kl. 07:42 þann 16. desember 2022. Í málskoti er slysinu lýst þannig að M hafi verið í starfi sínu fyrir vinnuveitanda að ganga frá tæki til flutnings á vélvagni er hann hrasaði um gaffal á lyftara sem lagt var þar við hliðina á. Við það hafi M slasast. Í tölvupósti frá V til lögmanns M, dags. 20. september 2024, er að finna eftirfarandi lýsingu á atvikum: „Samkvæmt lögregluskýrslu og tjónstilkynningu til SÍ og [V] átti slysið sér stað í porti á athafnasvæði vátryggingartaka að … kl. 07:42 að morgni og því myrkur úti. Mun hann hafa verið að undirbúa flutning á jarðýtu sem hann hafði lestað á bifreiðina daginn áður, nánar tiltekið að festa á hana blikkljós, gekk meðfram bíl sínum og hrasaði og féll um lyftaragaffla vinnuvélarinnar [A] (skotbómulyftari) þar sem hann sá þá ekki vegna myrkurs. Af ljósmyndum í lögregluskýrslu verður ráðið að gafflarnir hafi vísað upp frá jörðu en ekki legið lárétt á planinu og einnig að vörubifreið tjónþola var lagt mjög nærri göfflunum. Við fallið mun hann hafa hlotið úlnliðsbrot, meiðsli á hné og brjósti. Engir sjónarvottar voru að slysinu og tjónþoli sjálfur því einn til frásagnar um atvikið sem slíkt en hann upplýsti samstarfsmenn þó um slysið strax á eftir og aðstæður staðfestar í lögregluskýrslu.“

M telur að X beri ábyrgð á tjóni sínu þar sem rekja megi það til þess að aðstæður á slysstað hafi verið hættulegar þeim sem þangað komu. Lýsingu á svæðinu hafi verið ábótavant auk þess sem ekki hafi verið gengið rétt frá göfflum á umræddum lyftara. Hafi gafflarnir hallað upp á við sem hafi skapað verulega slysahættu fyrir þá sem áttu leið um svæðið. Byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Samkvæmt 13. og 42. gr. þeirra laga skuli vinnuveitandi ganga úr skugga um og tryggja að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað. Þá komi fram í 46. gr. laganna að vélar, tæki og annar búnaður skuli vera þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Telur M að ekki hafi verið gengið rétt frá göfflum á lyftaranum. Megi rekja tjón M til þeirrar vanrækslu. Í þessu sambandi vísar M til atvikaskýrslu X, dags. 16. desember 2022. Komi þar fram að ræða þurfi við starfsmenn um að ganga betur frá tækjum í porti og sérstaklega passa upp á varðandi tæki með göfflum að þeir standi ekki inn á planið eða vísi upp í loftið. Dregur M þá ályktun af þessari skýrslu að X telji að slys M megi rekja til ófullnægjandi frágangs starfsmanna sinna á umræddum lyftara. Í tengslum við þetta bendir M á að það komi fram á námskeiðsglærum frá Vinnueftirlitinu að ganga eigi þannig frá lyftara að gafflar hans séu niður við jörð. Einnig bendir M á í málskoti að í höfnunarbréfi V, dags. 20. september 2024, viðurkenni félagið að sá starfsmaður sem gekk frá lyftaranum hefði mátt ganga frá göfflum hans á tryggari hátt. M telur því að það liggi fyrir full sönnun þess að tjóns hans verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. M byggir einnig á að lýsing á vinnusvæðinu hafi verið ófullnægjandi, en slysið hafi orðið snemma að morgni í svartamyrkri. M segist því ekki hafi séð vel til á slysstað vegna myrkurs. Telur M að myrkrið og léleg lýsing hafi verið meðvirkandi þáttur í því að hann slasaðist. Byggir M á því að það hafi verið vörubílarnir sem voru í portinu í umrætt sinn en ekki það ökutæki sem M kom á, eins og V heldur fram, sem hafi skyggt á þá litlu lýsingu sem var á svæðinu. Mótmælir M þeim rökum V að sú ákvörðun hans að leggja ökutæki sínu fyrir framan lyftarann hafi dregið úr lýsingunni og þannig valdið þeirri hættu sem leiddi til slyssins. Hnykkir M á þeirri skoðun

sinni að það hafi verið X að tryggja að fullnægjandi birta væri á vinnusvæðinu. Það hafi ekki verið gert. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til fyrirliggjandi yfirlýsinga vitna þess efnis að lýsing á svæðinu hafi verið ófullnægjandi.

Þá bendir M einnig á að X hafi ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið með þeim hætti sem um getur í 79. gr. sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980, en M hafi verið fluttur með sjúkrabíl á heilsugæslustöð í kjölfar slyssins. Þá hafi M verið óvinnufær eftir slysið. Fyrirliggjandi gögn sýna að slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins 20. desember. Jafnframt liggur fyrir að Vinnueftirlitið rannsakaði slysið ekki frekar. Byggir M á því að framangreint eigi að leiða til þess að X verði að bera halla af skorti á þeim upplýsingum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt afla ef slysið hefði verið réttilega tilkynnt og í framhaldinu rannsakað af Vinnueftirlitinu. M telur því að meta eigi allan vafa varðandi upplýsingar um hvað telst sannað um málsatvik X í óhag og víkja til hliðar hinni almennu reglu um að sönnunarbyrði hvíli á tjónþola. M telur sig því hafa sýnt fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Því beri að bæta tjón M úr ábyrðartryggingu sem X sé með hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2025, kemur fram að V hafi hafnað að bæta tjónið úr ábyrgðartryggingu með vísan í afstöðu X. Telur V ósannað að tjón M megi rekja til ófullnægjandi öryggisráðstafanna á athafnasvæðinu, saknæmrar háttsemi eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Hvað rök V og X nánar varðar þá er m.a. vísað í tölvupóst frá V, dags. 20. september 2024. Í þeim pósti bendir V m.a. á að umrætt svæði sé fyrst og fremst framkvæmdasvæði á malarplani þar sem aðstæður séu síbreytilegar og aðgát þörf öllum stundum. Þá kemur fram að V telur að umræddum lyftara hafi verið lagt á réttum stað þar sem hann hafi beðið viðgerðar. Ekki liggi hins vegar fyrir hvaða starfmaður X gekk frá lyftaranum eða hvenær það var gert. Þó megi fallast á að ganga hefði mátt frá göfflum lyftarans á tryggari hátt. Hins vegar andmæli X því að lýsingu á svæðinu hafi verið ábótavant þó úti hafi verið myrkur. Bendi X á staðsetningu ljósa á fyrirliggjandi ljósmynd máli sínu til stuðnings. Þá er byggt á því að M hafi lagt ökutæki sínu, með jarðýtu á pallinum, þvert fyrir framan lyftarann og mjög nálægt honum. Með því hafi hann skyggt á þá birtu sem ljósin veittu. Hafi M þekkt vel til svæðisins og vitað að varhugavert væri að ganga þar um í myrkri þar sem búast mætti við allskonar fyrirstöðum og búnaði auk þess sem um malarplan sé að ræða, þar sem ýmsar ójöfnur og steinar geta verið til staðar. Upplýsir V að X telji að frumorsök slyssins megi rekja til þeirrar hættu sem M hafi sjálfur skapað með því að leggja ökutæki sínu þannig að það dró úr lýsingu og ganga síðan í myrkrinu meðfram bifreið sinni þar sem búast hafi mátt við hindrunum af framangreindum toga. Mótmælti V því að frágangur á gaffli lyftarans hafi verið ástæða slyss M. Þá er jafnframt bent á að X telji að ekki hafi verið nauðsynlegt fyrir M að framkvæma verkið með þeim hætti sem gert var þar sem bifreiðin var staðsett. Að lokum mótmælir V því að víkja skuli frá almennum sönnunarreglum í málinu þar sem bæði liggi fyrir lögregluskýrsla og innanhúsrannsókn X sem staðfesti hvernig aðstæður voru og með hvaða hætti slysið atvikaðist. Ekki verði séð að unnt hefði verið að upplýsa málið nánar með rannsókn Vinnueftirlitsins. Þá heldur V því jafnframt fram að ekki sé ágreiningur um hvernig aðstæðum var háttað á staðnum. V telur því að ekki liggi fyrir skaðabótaábyrgð X vegna slyss M.

Til viðbótar framangreindu bendir V m.a. á það í athugasemdum til nefndarinnar að X fullyrði að lyftarinn hafi verið bilaður og hann hafi réttilega verið geymdur á þeim stað sem raunin var. Ekki sé alltaf kostur á að ganga frá biluðum tækjum með þeim hætti sem venjulega sé gert. Ekki liggi þó fyrir um hvaða bilun var að ræða og hvort hún hafi valdið því að ekki hafi verið hægt að leggja gafflana betur niður. Hins vegar telji X að það sé háttsemi M, en ekki frágangur á lyftaragöfflum, sem sé aðalorsök slyss M. Er ítrekað að M hafi sjálfur lagt flutningabíl sínum með þeim hætti sem raunin var. Er vísað til þess að í málskoti komi fram að bílnum hafi verið lagt þarna kvöldið áður til þess að loka ekki akstursleiðum um svæðið. Með þessu háttalagi hafi M skyggt á þá lýsingu sem hafi verið á svæðinu og með því skapað þær aðstæður sem ollu slysinu. Einnig tekur V fram að X fallist ekki á að aðstæður á vettvangi, þar með talið lýsing, hafi verið ófullnægjandi fyrir alla venjulega umferð og notkun svæðisins. Léleg birtuskilyrði við hlið bílsins verði því eingöngu rakin til skugga frá ökutæki M. Að lokum tekur V fram að málsatvik séu að mestu leyti óumdeilt utan þess að deilt sé um það hvort lýsing hafi verð fullnægjandi. Þá hafi X fullnægt skyldu sinni að kalla til lögreglu sem hafi komið á slysstað og gert skýrslu. Auk þess hafi slysið verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins innan tímamarka í samræmi við reglur. X hafi því ekki vanrækt skyldur sína til að óska eftir rannsókn á slysinu. Þá telji V að ekkert bendi til þess að vettvangsrannsókn Vinnueftirlits hefði bætt einhverju við sem máli skipti varðandi

sönnunarkröfur í málinu, sem ekki hafði verið hægt að bæta úr síðar af hálfu M. V ítrekar að lokum þá afstöðu sína að hafna beri bótkröfum M í málinu, þar sem slys M verði rakið til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M.

Í málskoti er þeim rökum hafnað að slys M verði fyrst og fremst rakið til þeirrar ákvörðunar hans að leggja flutningabifreið sinni á þeim stað sem raunin var. Bendir M á að portið hafi nánast verið fullt er hann lagði bílnum og hann því ekki átt um neinn annan stað að velja. Þá mótmælir M því einnig að hann hafi mátt búast við hindrunum eins og raunin varð. Frágangurinn á lyftaragöfflunum hafi verið ófullnægjandi og M hafi ekki mátt búast við að sú væri raunin. M mótmælir einnig þeirri fullyrðingu að lyftarinn hafi verið á leið í viðgerð og verið réttilega lagt. Telur M að hvort tveggja sé rangt.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 3. mars 2025, ítrekar M sín fyrri rök m.a. hvað varðar frágangin á göfflum lyftarans og þá staðreynd að V hafi viðurkennt að sá frágangur hafi verið ófullnægjandi. Til viðbótar bendir M á að tiltekin háttsemi þurfi ekki að vera meginorsök tjóns til þess að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Þá hafnar M því að háttsemi hans sé aðalorsök slyssins.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 5. mars 2025, er tekið undir að ekki hafi verið gengið frá göfflum lyftarans eins og best hefði verið á kostið. Varðandi mat á saknæmi þeirrar háttsemi þurfi hins vegar að mati V að líta til þess að ekki sé um að ræða gönguleið heldur geymslusvæði, m.a. fyrir vinnuvélar, sem í mörgum tilvikum séu bilaðar og bíði viðgerðar. Það kalli á sérstaka varkárni af hálfu þeirra sem fari um svæðið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið sjálft atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem lúta að aðstæðum á slysstað, t.d. hvernig lýsingu var háttað.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Eins og að framan greinir var M fluttur með sjúkrabíl á heilbrigðisstofnun í kjölfar slyssins. Þá liggur fyrir í málinu læknisvottorð, dags. á slysdegi, þar sem fram kemur að M sé óvinnufær og ekki ljóst hve lengi svo muni verða. Einnig kemur fram í vottorðinu að M hafi verið settur í gips á hægri úlnlið og áætlaður tími í gipsi sé 4-6 vikur.

Eins og áður hefur komið fram var Vinnueftirlitinu tilkynnt um slys M 20. desember 2022, en slysið átti sér stað fjórum dögum fyrr. Ekki fór fram frekari rannsókn á slysinu af hálfu Vinnueftirlitsins. Þó X hafi vissulega látið lögreglu strax vita af slysinu og sent tilkynningu um það til Vinnueftirlitsins fjórum dögum eftir slysdag, felur það ekki í sér að mati nefndarinnar að X hafi fullnægt skyldu sinni til að stuðla að því að slysið sé rannsakað með fullnægjandi hætti. Nefndin telur því að framangreindur dráttur og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki tildrög slyssins frekar, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Telur nefndin jafnframt ástæðu til að ætla að ef X hefði hlutast til um að fullnægjandi rannsókn á tildrögum slyssins hefði farið fram strax í kjölfar þess, hefði mátt skýra framangreinda mynd betur, m.a. hin umdeildu atriði sem snúa að lýsingu á slysstað. Sú var ekki raunin, nokkuð sem veldur því að málatilbúnaður aðila felur að nokkru leyti í sér orð gegn orði.

Nefndin telur að af framangreindu megi draga þá ályktun að X hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 79. gr. framangreindra laga um að tilkynna beri um slys án ástæðulausrar tafar. Þegar svo háttar til og

ágreiningur er uppi í máli um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilviki M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls og aðstæður á slysstað til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Það þýðir þó ekki sjálfkrafa að það teljist sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og aðstæður á slysstað snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann. Nefndin nefnir m.a. sérstaklega þann ágreining sem uppi er um lýsingu á slysstað og hverjum var þar um að kenna. Af framangreindri umfjöllun telur nefndin því ljóst að nokkuð skorti upp á að málsatvik liggi nægjanlega ljós fyrir. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir telur nefndin að á því verði X að bera hallann.

Nefndin telur að við mat á því hvort slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á, beri að miða við að M hafi í umrætt sinn verið að vinna við frágang á jarðýtu á palli flutningabifreiðar er hann hrasaði um gaffal á lyftara sem langt var nálægt flutningabílnum. Slys M verði rakið til þess að lýsing á slysstað hafi verið ábótavant og að frágangur á göfflum á umræddum lyftara ófullnægjandi. Nefndin telur það hins vegar ósannað að orsök þess að lýsing á slysstað hafi verið ábótavant verði rakin til þeirrar ákvörðunar M að leggja flutningabifreiðinni á þeim stað sem hann gerði. Það sé X að sýna fram á framangreint. Sú sönnun hafi ekki tekist.

Í 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 kemur fram að vinnuveitanda ber að tryggja að vinnustaður sé þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Nefndin telur að framangreind lýsing sem nefndin hefur lagt til grundvallar í þessu máli sýni fram á að X hafi ekki uppfyllt framangreindar lögfestar skyldur. Tjón M verður því rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 9/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingaskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 29. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið með verki í hægra hné vegna slitgigtar og leitað læknis vegna þeirra m.a. í ágúst 2024. Í þeirri læknisheimsókn var ákveðið að M þyrfti að fara í liðskiptiaðgerð á hné og var M upplýstur um að biðlisti væri langur og hann kæmist að í byrjun árs 2025. Í ljósi þeirra upplýsinga pantaði M ferð til Amsterdam 28. nóvember – 3. desember 2024. Áður en að ferðinni kom var M kallaður inn í aðgerð með stuttum fyrirvara þann 22. nóvember s.á. og komst því ekki í ferðina. Hefur M gert kröfu um bætur úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað þar sem núverandi veikindi voru talin tengjast fyrri veikindum.

M er ósammála þeirri afstöðu V. Verkir í hné hafi ekki komið í veg fyrir ferðalagið, heldur sú staðreynd að hann hafi verið kallaður inn í aðgerð töluvert fyrr en áætlað hafði verið. Ekki var í boði fyrir hann að hafna því að fara í aðgerðina. Það voru þannig ekki veikindin sjálf sem komu í veg fyrir að af ferðinni gat orðið, heldur sú óvænta staða að fara í aðgerðina fyrr en áætlað var.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar vegna ferðarinnar á grundvelli ákvæðis 7.2.1 í skilmálum vátryggingarinnar. Fram komi í ítarlegu læknisvottorði að aðgerðin sé valaðgerð og sé tilkomin vegna fyrri veikinda, meðal annars slitgigtar sem M hafði verið í meðferð við sl. tólf mánuði.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Amsterdam 28. nóvember - 3. desember 2024. Samkvæmt ákvæði 7.2.1 í vátryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir bætir V ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði hafði M verið í meðferð í tengslum við veikindin sl. tólf mánuði, m.a. í sjúkraþjálfun og verkjameðferð.

Aðgerðin sjálf var þannig hluti af meðferð sem M gekkst undir vegna veikinda sem M þjáðist af og naut læknishjálpar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 10/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skaðabótaábyrgð. Frávísunarkrafa.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að aðfaranótt 26. október 2024 hafi M verið farþegi í bifreiðinni A, er ökumaður hennar missti stjórn á henni og ók á vegrið. Töluverðar skemmdir urðu á A og var hún óökufær í kjölfar atviksins. Í málskoti er gerð krafa um að nefndin úrskurði um skaðabótaskyldu V vegna þess líkamstjóns sem M hafi orðið fyrir. Eru þá gerðar athugasemdir við að V hafi ekki svarað fyrirspurnum M. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum leitaði M á bráðamóttöku 27. október 2024, þar sem hann var greindur með tognun á hálshrygg og ráðlögð hvíld og taka verkjalyfja. Er þá í sjúkragögnum að finna upplýsingar um komur hans á heilsugæslu í kjölfar atviksins. Jafnframt liggja fyrir vottorð um óvinnufærni M dagana 26. október til 21. nóvember 2024 og af sjúkraskrá má ráða að nýtt vottorð um óvinnufærni hafi verið hefið út 22. nóvember 2024.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst undrun yfir því að málið hafi ratað til nefndarinnar þar sem enginn eiginlegur ágreiningur liggi fyrir um málið. V hafi þá þegar samþykkt tímabundin einkenni sem sé eðlileg afstaða á þessum tímapunkti enda engar forsendur til þess að samþykkja annað tjón eins og er.

Í viðbótarathugasemdum M segir að V hafi ekki viðurkennt skaðabótaskyldu heldur aðeins að hægt sé að skila inn reikningum vegna nauðsynlegs sjúkrakostnaðar vegna tímabundinna einkenna. Þrátt fyrir ítrekanir hafi þá ekki verið tekin afstaða til tekjutapskröfu en M hafi verið óvinnufær frá slysdegi. Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum M er læknisvottorð, dags. 8. janúar 2025, þar sem fram kemur að M hafi orðið fyrir meiðslum í bílslysinu og hlotið tognun á hálsi, hann hafi þá kvartað undan martröðum í kjölfar slyssins og hái afleiðingar þess honum.

Í viðbótarathugasemdum V segir að málatilbúnaður M sé mjög óskýr og byggður á óljósum upplýsingum og þá hafi málskot til nefndarinnar verið dagsett þremur dögum áður en V hafnaði kröfu hans. Telji V því að vísa beri málinu frá nefndinni, einnig með hliðsjón af því að í viðbótarathugasemdum M hafi verið bætt við nýju ágreiningsefni, þ.e. hvað varði tekjutap. Verði ekki fallist á það byggir V þá á því að ekki hafi verið lögð fram nægileg gögn er sýni fram á réttmæti þeirrar kröfu eða umfang hins meinta tekjutaps.

Álit

V byggir m.a. á því að ekki sé fyrir hendi neinn ágreiningur sem nefndinni sé tækt að taka til úrskurðar. Í bréfi V til nefndarinnar kemur þannig fram að V hafi tekið afstöðu til bótaskyldu og samþykkt gagnaöflun. Í tölvupósti V til lögmanns M dags. 2. janúar 2025 segir að V samþykki gagnaöflun vegna málsins og tekið er fram að hægt sé að skila til V reikningum fyrir nauðsynlegum sjúkrakostnaði vegna tímabundinna einkenna. Tekið er fram að samþykki þetta taki aðeins til nauðsynlegrar gagnaöflunar og jafnframt er tekið fram að svar V feli ekki í sér samþykki á bótaskyldu vegna varanlegra afleiðinga. Þá verði tekin afstaða til tekjutapskröfu á næstu dögum. Krafa um bætur vegna óvinnufærni var sett fram í bréfi lögmanns M dags. 12. desember 2024 en með bréfi hans dags. 5. desember 2024 kom jafnframt fram að M væri óvinnufær og farið var fram á að greitt yrði inn á tjónið. Óumdeilt virðist að V hafi hafnað kröfu M um bætur vegna tekjutaps hinn 6. janúar 2025, og er það staðfest í bréfi V til nefndarinnar en höfnunin sem slík er ekki meðal gagna fyrir nefndinni.

Taka verður undir það með V að málatilbúnaður M er ekki svo skýr eða skipulegur sem best yrði á kosið en ekki verður fallist á að vísa beri málinu frá af þeim sökum sbr. g-lið 1.mgr. 4. gr. samþykkta

úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Verður þá að telja að kröfu M um að greitt yrði inn á kröfu hans, „ca.1.000.000“, sem sett var fram í bréfi lögmanns M dags. 5. desember 2024, hafi verið hafnað, a.m.k. að miklu leyti. Má enda ráða af gögnum málsins að sú krafa hafi verið ítrekað áréttuð en taka má undir þau sjónarmið að nokkurrar óþreyju gæti í málatilbúnaði M. Verður samkvæmt framangreindu að líta svo á að skilyrði 2. mgr. 4. gr. samþykkta nefndarinnar fyrir meðferð málsins séu uppfyllt. Er því að mati nefndarinnar ekki grundvöllur fyrir frávísun málsins. Hvað varðar kröfu um tekjutap sérstaklega verður þá að líta svo á að krafa um bætur vegna atvinnutjóns felist í upphaflegri kröfu M, svo og til þess að V hefur þegar haft færi á að svara þeim kröfulið efnislega. Verður henni því ekki vísað frá nefndinni.

Að mati nefndarinnar liggur nægilega ljóst fyrir af gögnum málsins að M sem á tjónsdegi var farþegi í A hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddu slysi. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 er eigandi A því fébótaskyldur vegna tjóns sem varð af umræddum árekstri og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A því til staðar.

Í málatilbúnaði M kemur m.a. fram að hann byggi úrskurðarkröfu sína á því að V hafi ekki viðurkennt skaðabótaskyldu í málinu. Taka verður undir með M varðandi það að samþykki V á því að gagnaöflun fari fram jafngildi ekki viðurkenningu á bótaskyldu og hefur nefndin raunar áður, í úrskurði nr. 368/2024, lýst þeirri afstöðu sinni. Jafnvel þó túlka megi tölvupóst V dags. 2. janúar 2025 svo að ætlun þess sé að samþykkja bótaskyldu vegna tímabundinna afleiðinga er að mati nefndarinnar mikilvægt að slík afstaða sé orðuð með skýrum og afdráttarlausum hætti og hefði V verið í lófa lagið að gera það. Í því hefði enda engin afstaða falist til umfangs tjónsins eða varanleika þess enda liggur fyrir að mat á þeim þáttum hefur ekki farið fram.

Hvað varðar bætur vegna atvinnutjóns þá leiðir af 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skal m.a. greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón sem af því hlýst. Er því ljóst að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A tekur einnig til slíks tjóns. Það hvílir þó á M að sýna fram á tjón sitt og umfang þess. Af færslum í sjúkraskrá má ráða að M hafi fengið útgefið veikindavottorð frá og með 22. nóvember 2024 en vottorðin sem liggja fyrir nefndinni ná aðeins til 21. nóvember 2024. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni og stafa frá vinnuveitanda M verður þá ekki ráðið að hvaða marki hann hefur átt rétt til launa í forföllum sínum og hver tekjuskerðing hans hefur orðið. Þrátt fyrir að nefndin telji að bótaskylda vegna atvinnutjóns sé sem slík til staðar verður því ekki fullyrt af fyrirliggjandi gögnum hvert umfang atvinnutjóns M er og verður að telja að skýrleiki framsetningar kröfu M sé ekki eins og best verði á kosið hvað það varðar.

Áréttað skal að niðurstaða nefndarinnar felur því ekki í sér að tekin sé afstaða til umfangs tjónsins, eða þess hvort og þá að hvaða leyti líkamstjón M kunni að vera varanlegt, enda þurfi að koma til frekari gagnaöflun vegna þeirra þátta.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 12/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Óhappatilvik.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist fyrir utan vinnustað sinn þann 10. mars 2022, er hann rann í hálku á bílastæði vinnustaðarins. Hlaut hann meiðsli á hægri öxl í slysinu. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að slysið megi rekja til hættulegra aðstæðna fyrir utan starfsstöð X. Byggir M á sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Mikil hálka hafi verið umrætt sinn sem orsakað hafi fall M. M telur að með því að vanrækja að salta og sanda bílastæðið hafi X brotið gegn 39. gr. og 1. og 3. mgr. 41. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Í framangreindum ákvæðum er m.a. kveðið á um skyldu vinnuveitanda að sjá til þess að umferðarleiðir séu hættulausar og vinnustaðurinn skipulagður á þann hátt að starfsmenn renni ekki til eða detti. Verði að meta það X til sakar að hafa ekki brugðist við hættuástandi sem skapaðist á bifreiðastæðinu vegna hálku með ráðstöfunum til að tryggja að fólk, sem ætti leið um vinnustaðinn, gæti komist leiðar sinnar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar. Ekki sé sýnt fram á að rekja megi umrætt atvik til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum. M hafi verið vel kunnugt um aðstæður umrætt sinn og hafi verið meðvitaður um hálkuna þegar hann gekk að bílnum. Að áliti V sé ekki svo rík skylda lögð á X að hann geti komið í veg fyrir að hálka myndist úti á miðju bílaplani sem er jafnframt sameiginlegt með fleiri rekstraraðilum og í eigu annars aðila.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Aðila greinir ekki á um málsatvik þ.e. að M hafi runnið í hálku á bifreiðastæði fyrir utan vinnustað sinn. Mikil hálka var á bílastæðinu umrætt sinn.

Almennt má gera þá kröfu til atvinnurekenda að þeir hálkuverji helstu gönguleiðir starfsmanna á athafnasvæði fyrirtækisins, sbr. m.a. reglur nr. 581/1995. Fyrir nefndinni liggja engar nánari upplýsingar um veðurfar á slysdegi eða í aðdraganda slyssins, þ.e. t.d. hvort hálka hafi myndast skyndilega við þær veðuraðstæður sem voru á slystíma eða hvort áður hafi verið kvartað vegna hálku á svæðinu. Án slíkra upplýsinga verður ekki fullyrt um að X hafi borið að grípa til ráðstafana til að hálkuverja svæðið og er því ekki sýnt fram á vanrækslu þess að þessu leyti. Verður einnig að hafa í huga að vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir að sérstakar ráðstafanir af hálfu X hefðu komið í veg fyrir fall M enda getur hálkuvörn á bílastæði aldrei komið í veg fyrir öll slys. Verður því ekki annað séð en að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 13/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Dráttarvextir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 20. desember 2021, orðið fyrir vinnuslysi er hann var að störfum í þágu X. Ekki hafi verið ágreiningur um bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V sem slíka. Með matsbeiðni dags. 31. ágúst 2023 hafi M og V sameiginlega óskað matsgerðar og hafi hún legið fyrir hinn 25. janúar 2024. Hafi niðurstaða hennar verið sú að varanlegur miski M var metinn 18 stig og varanleg örorka 35%. Í kjölfarið hafi V óskað eftir dómkvaðningu matsmanns til mats á varanlegri örorku M og hafi matsgerð dómkvadda matsmannsins Y legið fyrir hinn 17. október 2024. Hafi varanleg örorka M verið metin 30%. Hinn 7. nóvember 2024 hafi V sent uppgjörstillögu sem byggt hafi á fyrri matsgerðinni nema hvað varði varanlega örorku en hvað hana varði hafi verið byggt á matsgerð Y. Þá hafi V, með tölvupósti dags. 7. nóvember 2024, upplýst um að það hafnaði því að krafa vegna varanlegrar örorku bæri dráttarvexti enda teldi V að það hafi fyrst verið með matsgerð Y sem þær upplýsingar sem þörf var á til að meta umfang bóta lágu fyrir. Hafi M tekið við greiðslu með fyrirvara við alla þætti málsins hinn 12. nóvember 2024.

Byggir M á því að krafa hans vegna varanlegrar örorku beri dráttarvexti frá „31." febrúar 2024, þ.e. mánuði eftir að krafa hans og fyrri matsgerð var send V. Vísar M til þess að samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 skuli skaðabótakröfur bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Hafi slík gögn legið fyrir 31. janúar 2024. M geti ekki borið hallann af því að V hafi talið að örorka hans væri lægri. Þá hafi V átt þess kost að komast hjá greiðslu dráttarvaxta með því að greiða þann hluta bóta sem það taldi sér skylt að greiða, sbr. 48. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Öflun yfirmats sem breyti niðurstöðu undirmats leiði þá ekki til þess að dráttarvextir falli niður. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 447/2002 því til stuðnings, en þar hafi dráttarvextir verið miðaðir við það tímamark þegar undirmatsgerð var send V þrátt fyrir að V hafi dómkvatt yfirmatsmenn undir rekstri málsins og niðurstaða dómsins hafi byggt á matsgerð þeirra.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að M eigi ekki rétt til greiðslu dráttarvaxta af kröfu sinni um varanlega örorku frá því að liðinn var mánuður frá því að krafa hans barst V hinn 31. janúar 2024. V hafi ekki getað fallist á niðurstöðu fyrri matsgerðar hvað varanlega örorku varði, enda hafi M m.a. verið í sama starfi og haft sömu og síðar hærri, launatekjur og fyrir slys auk þess sem hann hafi sinnt talsverðri yfirvinnu eftir slysið. Hafi réttur hans til bóta vegna varanlegrar örorku verið verulega umdeildur og V því ekki haft forsendur til þess að meta hver sá réttur ætti að vera meðan málið var í matsferli. Hafi skilyrði 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu, um að upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta lægju fyrir, því ekki verið uppfyllt er krafa M barst. Sé afstaða V sú að ekki hafi verið unnt að leggja mat á fjárhæð bóta fyrr en að fenginni matsgerð Y og upplýsingum um greiðslur frá Sjúkratryggingum en þær upplýsingar hafi fyrst legið fyrir 7. nóvember 2024. Hafi greiðsla verið innt af hendi innan mánaðar frá því tímamarki. Þá telji V að ákvæði 48. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi aðeins við um rétt vátryggðs en ekki þriðja manns sem krefst bóta úr ábyrgðartryggingu. Leiði sú túlkun af orðalagi ákvæðisins og umfjöllun um það í greinargerð með frumvarpi til laganna. Komist nefndin allt að einu að þeirri niðurstöðu að ákvæðið eigi við sé afstaða V sú að ekki séu forsendur til beitingar þess í tilviki M, enda þurfi greiðsla að vera augljós og ljóst að ekki þurfi að koma til endurkröfu. Ákvæðið feli í sér að vátryggingafélagi sé skylt að inna af hendi greiðslu

bóta að því marki sem ekki er um þær ágreiningur, sú hafi ekki verið raunin hvað varanlega örorku M varði. V hafi þá greitt dráttarvexti af greiðslum vegna óumdeildra bótaliða. Bið eftir matsgerð sé dæmi um atriði sem leiði óhjákvæmilega til tafa á því að vátryggingafélag hafi nauðsynlegar forsendur og gögn til að meta greiðsluskyldu sína. Í ljósi ágreinings um varanlega örorku hafi slíkar forsendur ekki legið fyrir fyrr en með matsgerð Y. Geti M því ekki heldur byggt á því að forsendur til greiðslu hlutabóta hafi verið til staðar frá og með 31. janúar 2024. Þá gerir V sérstakar athugasemdir við vísan M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 447/2002 enda hafi hann ekki fordæmisgildi en þess utan styðji niðurstaða hans fremur við málstað V en M. Í því máli hafi verið talið rétt að miða upphaf dráttarvaxta við það tímamark þegar einn mánuður var liðinn frá því að V fékk vitneskju um niðurstöður dómkvadds undirmats. Ekki hafi hins vegar verið taldar forsendur til að miða við dagsetningu mats örorkunefndar.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að V hafi hinn 31. janúar 2024 haft undir höndum þær upplýsingar sem nauðsynlegar voru til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Ágreiningur sá sem V hafi stofnað til leiði ekki til þess að hróflað verði við upphafstíma dráttarvaxta á grundvelli 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Hvað varði upplýsingar um greiðslur frá Sjúkratryggingum hafi fjárhæð bóta frá Sjúkratryggingum numið 758.736 kr., sem sé afar lítið brot af kröfu M um bætur vegna varanlegrar örorku. Eigi því ekki að hrófla við upphafstíma dráttarvaxta af þeim sökum enda hafi V verið í lófa lagið að áætla frádrátt vegna þeirra greiðsla.

Álit.

Samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu bera kröfur um skaðabætur dráttarvexti að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. V byggir á því að slík gögn hafi ekki verið komin fram fyrr en með matsgerð Y dags. 17. október 2024 og móttöku greiðsluskjals frá Sjúkratryggingum Íslands 7. nóvember 2024.

Í fyrirliggjandi beiðni V um dómkvaðningu matsmanns dags. 22. mars 2024, kemur fram að V geti ekki fallist á niðurstöður fyrri matsgerðar hvað varanlega örorku varði. Eru gerðar margvíslegar athugasemdir við rökstuðning í matsgerðinni. Þá miði hún við rangar forsendur þegar komi að launaútreikningi og umfjöllun um horfur á vinnumarkaði á fagsviði M. Af framangreindu má ráða að verulegur ágreiningur hafi verið uppi um varanlega örorku M.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, skal m.a. draga eingreiddar örorkubætur slysatrygginga frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns. Í tilviki M nam sú greiðsla 758.736 kr., og átti hún sér stað hinn 5. nóvember 2024. Það hvílir á tjónþola, þ.e. í þessu tilviki M, að afla í tengslum við kröfugerð sína upplýsinga um þá liði sem koma skulu til frádráttar skaðabótakröfu, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 45/2012. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2013 var upphafsdagur dráttarvaxta miðaður við það tímamark þegar unnt var að slá því föstu að tjónþoli ætti ekki rétt til frekari greiðslu frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Þó eingreiðsla Sjúkratrygginga til M nemi hlutfallslega lágri fjárhæð af heildarkröfu hans verður ekki séð af fyrrgreindum dómum að miðað sé við ákveðinn fjárhæðarþröskuld í þessu samhengi, né verður það ráðið af 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Með vísan til framangreinds verður að telja ósannað að þær upplýsingar sem þörf var á til að meta fjárhæð bóta hafi legið fyrir hinn 31. janúar 2024 svo sem M byggir á. Er það því álit nefndarinnar að skilyrðum 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu hafi ekki verið fullnægt fyrr en hinn 7. nóvember 2024 og af því leiðir að M telst ekki eiga rétt á dráttarvöxtum af bótafjárhæð vegna varanlegrar örorku.

Niðurstaða.

Kröfu M um dráttarvexti af bótum vegna varanlegrar örorku, sem greiddar hafa verið úr ábyrgðartryggingu X hjá V er hafnað.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 14/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Frestur til lögfræðilegra aðgerða.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. febrúar 2025, ásamt skilmálum.

Málsatvik.

Fram kemur í málskoti að M hafi lent í umferðarslysi hinn 8. febrúar 2024, þegar hann ók bifreið sinni A, út af Vesturlandsvegi austan við Korputorg. Í slysinu varð M fyrir líkamstjóni. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu sáu vitni ekkert athugavert við aksturslag bifreiðarinnar áður en henni var skynlega ekið út af veginum. Tekin var framburðarskýrsla af M þar sem fram kemur að hann hafi verið að aka á um 80 km/klst. suður Vesturlandsveg þegar hann missti stýrið og beygði til hægri. Kvaðst hann hafa verið að leita að flösku sem datt á gólfið og undir bremsuna, svo hann óvart beygði til hægri. Á bráðamóttöku var tekið blóðsýni úr M. Samkvæmt niðurstöðu matsgerðar rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði (RLE) mældist í blóði M, 1,9 ng/ml af Tetrahýdrókannabínóli. Samkvæmt matsgerðinni taldist M óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M hefur gert kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V. Með bréfi V, dags. 29. febrúar 2024, var bótaréttur M skertur að fullu úr tryggingunni á grundvelli 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) og 19. gr. almennra skilmála V. Jafnframt var talið að M hefði með háttsemi sinni brotið gegn varúðarreglu greinar 4.2. í skilmálum ökutækjatryggingar V.

M byggir í fyrsta lagi á því í málskoti sínu að ekki séu orsakatengsl á milli þess litla magns af kannabis sem mældist í blóði hans og slyssins. Telur M ljóst að orsök slyssins hafi verið sú gáleysislega háttsemi hans að teygja sig eftir flösku þegar hann var að keyra bifreiðina við krefjandi aðstæður sem leiddi til þess að hann ók beint út af veginum. Vitni að slysinu hafi staðfest að ekkert athugavert hafi verið við aksturslag M í aðdraganda slyssins og að bifreiðinni hafi skyndilega verið ekið út af veginum. Þá byggir M á því að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að teygja sig eftir flösku, sbr. 1. mgr. 94. gr. vsl. V hafði vitneskju um þessi atvik frá 27. febrúar 2024 þegar því barst frumskýrsla lögreglu. V hafi borið að tilgreina allar ástæður fyrir skerðingu bóta strax í bréfi sínu þann 29. febrúar 2024. Þar sem það var ekki gert hafi V glatað rétti sínum til að bera fyrir sig atvikin, sbr. 2. mgr. 94. gr. vsl. Verði ekki fallist á framangreind sjónarmið óskar M eftir endurskoðun á hlutfalli skerðingar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að óumdeilt sé að M hafi verið undir áhrifum kannabis og að samkvæmt niðurstöðu matsgerðar hafi hann verið óhæfur til þess að stjórna ökutækinu örugglega af þeirri ástæðu. Þannig liggi fyrir fullnægjandi sönnun á ástandi ökumanns og að orsakatengsl séu milli ástands ökumanns og tjónsins. M hafi gefið lögreglu þá skýringu að hann hafi verið að teygja sig eftir flösku eftir að hann hafi væntanlega fengið vitneskju um grun lögreglu um að hann hafi verið að aka undir áhrifum vímuefna. Af dómaframkvæmd leiði að sönnunarbyrði um að atvik sem verði ekki rakið til óumdeildra staðreynda í málum s.s. réttindaleysi og ölvunar- eða fíkniefnaakstur, hvíli á þeim sem heldur því fram að slysið sé tilkomið af öðrum orsökum, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 357/2000 og 202/2015. M hafi ekki tekist sú sönnun. Tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis M og því beri að fella bótarétt M niður að fullu, sbr. 90. gr. vsl. og 19. gr. almennra skilmála V þar sem fram komi að lækka eða fella megi niður ábyrgð félagsins hafi vátryggður valdið vátryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi. Með háttsemi sinni hafi M brotið gegn skráðum hátternisreglum umferðarlaga nr. 77/2019. Ber þar að nefna 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. M hafi sjálfviljugur neytt fíkniefna og sjálfviljugur tekið að sér stjórn ökutækisins. Þá hafi M einnig brotið gegn skýrri varúðarreglu sem fram komi í grein 4.2 skilmála vátryggingarinnar. Var ökumanni skylt að fara eftir varúðarreglunni þar sem fram komi að ökumaður skuli ekki vera undir

áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis né annarra örvandi eða deyfandi efna. V mótmælir því að hafa borið að tilgreina allar þær ástæður fyrir skerðingu bóta strax í afstöðubréfi, dags. 29. febrúar 2024. Í fyrsta lagi hafi V talið ósannað að slysið væri að rekja til þess að M hefði verið að teygja sig eftir flösku. Í öðru lagi sé orðalag ákvæðis 94. gr. vsl. ekki þannig að það setji þá kröfu á tryggingafélag að það þurfi að lista upp með tæmandi hætti öll þau atvik sem leiði til skerðingar eða niðurfellingar á bótarétti.

Álit.

Í máli þessu er í fyrsta lagi tekist á um hvort tilkynning V um að það ætli sér að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð sé of seint fram komin. Í 1. mgr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/1994 kemur fram að ef félag hyggist bera fyrir sig að það sé samkvæmt ákvæðum kaflans laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta skuli það tilkynna vátryggingartaka eða þeim sem rétt á til vátryggingarbóta skriflega um afstöðu sína. Enn fremur kemur fram að tilkynningin skuli send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðinu. V upplýsti M í bréfi dags. 29. febrúar 2024 að það hefði í hyggju að fella bótarétt M niður að fullu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, þar sem tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis. Var það gert tveimur dögum eftir að V barst lögregluskýrsla vegna tjónsins. Framangreint ákvæði vsl. verður ekki skýrt á þann veg að í slíku bréfi þurfi V með tæmandi hætti að tilgreina allar mögulegar ástæður niðurfellingar bóta. Verður því ekki talið að V hafi tilkynnt M of seint þá afstöðu sína að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að teygja sig eftir flösku.

Víkur þá að því hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. vsl. má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig.

Kveðið er á um það í 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar telst ökumaður vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna mælist slík efni í blóði hans. Fyrir liggur matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fram kemur að í blóði M mældist 1,9 ng/ml af Tetrahýdrókannabínóli. Samkvæmt matsgerðinni taldist M óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega. Löggjafinn er skýr með þá afstöðu sína að fíkniefni sem mælast í blóði ökumanna hafi bein áhrif á akstursháfni þeirra. Auk þess að aka undir áhrifum fíkniefna ók M ók bifreið sinni eftir Vesturlandsvegi á um 80 km/klst. og ákvað við þær aðstæður að beygja sig eftir flösku á gólfinu og líta þannig af veginum með þeim afleiðingum að hann ók út af veginum. Er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og að V sé heimilt að takmarka ábyrgð sína að fullu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 15/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að tjón hafi orðið á bifreiðinni A þegar henni var ekið ofan í holu á hraðahindrun á bílastæði við grunnskóla Y í sveitarfélaginu X. Byggir M á því að tjónið stafi af vanrækslu sveitarfélagsins X við að viðhalda svæðinu. Í því sambandi byggir M á því að X hafi fengið ábendingar um að lausar hellur væru á hraðahindruninni meira en mánuði fyrir tjónsdag, án þess að láta gera við. Þá hafi X verið kunnugt um það sama dag og tjónið varð að ástand hraðahindrunarinnar hafði versnað. Þrátt fyrir þetta hafi engar viðvörunarmerkingar verið settar upp. Heldur M því fram að bílnum hafi verið ekið löturhægt í umrætt sinn. Hægra afturdekkið hafi farið ofan í holuna, sem hafi verið á hraðahindruninni, þannig að þungt högg hafi komið á bílinn. Í tölvupósti til M frá umboðsaðila bílsins, dags. 25. nóvember 2024, kemur fram að viðkomandi aðili metur það svo að það hafi komið högg undir bílinn aftan við hægra framhjól. Sé ákoman sé að mestu á vatnshosur sem liggja í sílsinum og komi út þarna. Hafi báðar hosurnar skemmst og lekið. Telur umboðið að svona tjón geti ekki orðið án þess að ökumaður taki eftir því og líklegast að það hafi orðið við að aka fram af háum kanti eð ofan í djúpa holu.

Þann 23. nóvember 2024 hafnaði V að bæta tjón M úr ábyrgðartryggingu X. Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 30. janúar 2025 kemur fram að tjónstilkynning hafi borist frá M 17. nóvember 2024. Hafi þar verð tilkynnt að tjón hafi orðið á A þegar henni var ekið ofan í holu á hraðahindrun við „sleppistæði“ fyrir utan Y að morgni 11. nóvember 2024. Tekur V fram að í umsögn sem borist hafi frá X komi fram að ábending um lausar hellur hafi fyrst borist frá skólastjóra Y 2. október 2024. Með ábendingunni hafi fylgt ljósmynd þar sem sjá hafi mátt að ekki var um að ræða holu á hraðahindruninni heldur lausa og brotna hellu. Þar sem ástandið hafi ekki verið metið hættulegt fyrir umferðina og þar sem alltaf þurfi að forgangsraða verkefnum við rekstur X, hafi verið beðið með viðgerð svo hægt væri að samnýta viðgerðina með öðrum verkefnum á svæðinu. Bendir V á að engar aðrar tilkynningar eða ábendingar hafi borist til þess eða X um ástandið á hraðahindruninni fyrr en seinni ábendingin barst frá skólastjóranum 11. nóvember 2024. Var það gert eftir að skólastjóranum hafði verið tilkynnt um að skólabörn væru að gera sér að leik að losa hellur á hraðahindruninni. Hafi starfsfólk skólans haft áhyggjur af því að skólabörnin gætu notað hellurnar til að skemma nærliggjandi bifreiðar. Menn hafi hins vegar ekki haft áhyggjur af umferðinni. Ljósmyndir fylgdu einnig með seinni ábendingunni. Að mati V benda þær ekki til þess að um hafi verið að ræða augljóst hættuástand fyrir bifreiðar sem ekið er í samræmi við þær reglur sem giltu á svæðinu. Metur V það svo að ekki hafi verið um að ræða holu eða ástand sem venjuleg bifreið eigi ekki að geta ekið hægt yfir án þess að verða fyrir tjóni, jafnvel þó ekið sé ofan í eða þvert yfir holuna. Hvað varðar álitið frá umboði A, þá bendir V á að það styðjist ekki við nein gögn og verið aflað einhliða af M. Það hafi því ekkert sönnunargildi. Mótmælir V því sérstaklega að það álit sanni að umrætt tjón hafi gerst með þeim hætti sem M byggir á. Bendir V á að umrætt tjón hafi allt eins geta átt sér stað á öðrum vegarkafla áður eða eftir að A var ekið yfir hraðahindrunina. Álitið geti því ekki staðfest frásögn M um það hvar og hvenær tjónið hafi átt sér stað.

V upplýsir að þegar seinni tilkynningin barst hafi verkbeiðni verið send samdægurs á verktaka en vegna tæknilegra vandamála hafi sú beiðni ekki borist til hans. Er á það bent að tjón M hafi orðið sama dag

og seinni ábendingin barst frá skólastjóra Y. Því hafi í raun ekki verið hægt að gera við áður en M segir að tjónið hafi orðið. V telur að framangreint sýni ekki hafi verið fyrir að fara saknæmri háttsemi af hálfu X . Því eigi M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. lögð áhersla á að X hafi ekki gripið til tafarlausra aðgerða þegar seinni tilkynningin barst 11. nóvember 2024. Telur M að ef viðgerð hefði farið tafarlaust fram þann sama dag, eða viðvörunarmerkingar settar upp, hefði mátt koma í veg fyrir tjónið. Þá telur M að upplýsingar frá umboðinu sem liggja fyrir í málinu styðji frásögn sína.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 4. mars 2025, ítrekar V sín fyrri rök. Til viðbótar leggur V m.a. áherslu á að það sé ósannað að tjón M hafi orðið með þeim hætti sem haldið er fram auk þess sem mjög ólíklegt sé að tjónið á A geti verið tilkomið vegna þess að henni hafi verið ekið yfir umrædda hraðahindrun á eðlilegum/löglegum hraða og í samræmi við aðstæður. Þá hafi ekki verið tilkynnt um tjón á öðrum bifreiðum, sem bendi ekki til þess að mikið hætta hafi stafað af hraðahindruninni.

Álit.

Bótaréttur M er háður því að henni takist að sanna að tjón á bifreiðinni A hafi orðið með þeim hætti sem byggt er á. Takist sú sönnun þarf M auk þess að sýna fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Það er niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist framangreind sönnun. Í fyrsta lagi liggja ekki fyrir nein samtímagögn um hvernig eða hvar tjónið átti sér stað. Ekki kemur fram að M hafi tilkynnt skólayfirvöldum í Y eða neinum öðrum á vettvangi um að tjón hafi orðið á bifreiðinni A við að aka yfir hraðahindrunina. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að X hafi verið tilkynnt um atburðinn fyrr en 15. nóvember 2024 og V ekki fyrir en með tjónstilkynningu 17. nóvember. Þá segir í tölvubréfi frá umboði A, dags. 25. nóvember 2024, að líklega hafi tjónið orðið við að aka fram af háum kanti eða ofan í djúpa holu. Af ljósmynd sem sýnir aðstæður við hraðahindrunina á meintum tjónsdegi verður að mati nefndarinnar vart dregin sú ályktun að um sé að ræða háan kant eða djúpa holu. Nefndin telur því að M hafi ekki tekst að sýna fram á að tjónið hafi orsakast með þeim hætti sem hann byggir málatilbúnað sinn á. Þá telur nefndin einnig, að þó fallist væri á að tjónið hafi atvikast eins og M lýsir í málatilbúnaði sínum þá verði það ekki rakið til gálausrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Aftur telur nefndin, með vísan í fyrirliggjandi ljósmyndir, að aðstæður hafi ekki verið með þeim hætti að ástæða sé til að ætla að mikil hætta hafi verið á tjóni ef bíl væri ekið löturhægt yfir hraðahindrunina, eins og M segist í málskoti hafa gert. Með vísan til þessa telur nefndin að þó vissulega hafi orðið tafir á því að X léti framkvæmda viðgerð á hraðahindruninni, þátt fyrir tvær tilkynningar um ástand hennar, þá leiði það athafnaleysi ekki til skaðabótaábyrgðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 16/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Notkunarhugtak laga um ökutækjatryggingu. Árekstur. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

5. Málskot móttekið 9. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
6. Bréf V, dags. 31. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
7. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. febrúar 2025.
8. Viðbótarathugasemdir V, dags. 6. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum þannig lýst að ökumaður bifreiðarinnar A hafi lagt henni ólöglega í halla við hálkuaðstæður sem hann hefði átt að sjá að gætu skapað hættu. Afleiðingarnar hafi orðið þær að A rann af stað niður brekku og lenti á bifreið B sem varð fyrir tjóni. B er í eigu M. Í málskotinu er vísað beint í tilkynningu ökumanns A er þar segir: „Bíllinn minn var kyrrstæður á bílaplani í smá halla og búinn að vera í um 3 klukkutíma þegar hann allt í einu skautaði á glærunni að því er virðist af sjálfsdáðum niður planið, beygði og skautaði á annan bíl. Bíllinn er á heilsársdekkjum, en þarna hefðu naglarnir sennilega bjargað þessu.“ Þá er í málskotinu jafnframt vísað í tölvupóst (yfirlýsingu) frá eiganda A til M varðandi handbremsu bifreiðarinnar. Þar segir: „Ég vildi bara segja þér að þar sem ég gat ekki skilið hvernig bíllinn fór á flakk niður brekkuna, í „gír“ og handbremsu (sérstaklega ef annað afturhjólið var upp á snjóbræðslunni), þá ákvað ég að tékka hvort að bíllinn hagaði sé ekki eins og ég hélt. Ég setti bílinn í park og læsti honum eins og ég er vanur (og eins og ég skildi við hann á æfingu um daginn), tjakkaði hann svo upp, og gat bara snúið afturdekkinu að vild. Það er því staðfest að bíllinn setur EKKI handbremsuna á sjálfkrafa þegar hann fer í Park, eins og ég hélt, þannig að hann var ekki í handbremsu þegar hann rann niður brekkuna.“

M byggir málatilbúnað sinn á því að tjón hans verði rakið til notkunar A í skilningi 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Bendir M sérstaklega á að notkunarhugtak laganna taki einnig til tilvika þar sem tjón verður af völdum mannlausar bifreiðar sem rennur án þess að vera knúin af eigin vélarafli. Vísar M bæði til dómafordæma og fræðilegra skrifa máli sínu til stuðnings. Telur M að þetta eigi jafnframt að leiða til þess að tjónið falli innan gildissviðs ábyrgðartryggingar A hjá V. Þá byggir M á að túlka beri notkunarhugtak 8. gr. sömu laga rýmra en gildir um sama hugtak í 4. gr. laganna. Í 8. gr. laga nr. 30/2019 kemur fram að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu.

M byggir jafnframt á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi ökumanns A. Hann hafi lagt bifreiðinni ólöglega á gangstétt í miklum bratta. Hann hafi því mátt gera sér grein fyrir að hætta gæti skapast af því háttalagi. Bendir M á að í tilkynningu ökumanns A til V komi fram að hann telji sig hafa verið í óréttri í umrætt sinn. Auk þess liggi fyrir staðfesting hans um að A hafi ekki verið í handbremsu. M vísar einnig í 28.gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings. Þá mótmælir hann þeim rökum V að um skyndilega hálku hafi verið að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 31. janúar 2025, er rökum M mótmælt og færð fyrir því rök, m.a. með tilvísun í eldri mál nefndarinnar nr. 354/2022 og 143/2012 og fræðilegra skrifa, að tjón á B verði ekki rakið til notkunar A í skilningi laga um ökutækjatryggingar. Því sé ekki um að ræða tjón sem falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar A hjá V. Þá er einnig á því byggt að um óhappatilvik hafi verið að ræða enda hafi eigandi A ekki mátt gera sér grein fyrir því að tjón gæti hlotið af þeirri ákvörðun hans að leggja bifreiðinni í stöðureit og yfirgefa hana.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 4. febrúar 2025, er málatilbúnaði V mótmælt og fyrri kröfur M og rök fyrir þeim ítrekaðar.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 6. febrúar 2025, er m.a. bent á að ef komist væri að þeirri niðurstöðu að bifreiðinni A hafi verið ólöglega lagt, nokkuð sem um er deilt í málinu, hafi M ekki sýnt fram á orsakasamband milli þess og að tjón varð á B. Þá var einnig hnykkt á því að þegar A var lagt í umrætt

sinn hafi engin hætta verið til staðar. Á þeim þremur klukkustundum sem liðu þar til bifreiðin rann á stað hafi hins vegar aðstæður breyst til mikilla muna.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort tjón það sem varð á bifreiðinni B telst vera rakið til notkunar bifreiðarinnar A i skilningi laga nr. 30/2018 um ökutækjatryggingar og ef svo er hvort M sem er eigandi B eigi rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Það liggur því fyrir að árekstur varð milli A og B, en hvorki lögregluskýrsla né sameiginleg tjónstilkynning liggur fyrir í málinu.

Ný lög um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 tóku gildi þann 1. janúar 2020. Gildissvið laganna kemur fram í 2. gr. þar sem fram kemur að lögin gildi um lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja. Í 8. gr. laganna kemur fram að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu.

Eins og áður hefur verið fjallað um eru málsatvik með þeim hætti að A rann niður brekku og á B. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að tjón á B hafi orðið vegna notkunar A í skilningi 4. gr. laga nr. 30/2018. Það að tjón verður á B vegna þess að A rennur í halla án þess að vél hennar sé í gangi telst notkun í skilningi sérreglunnar í 4. gr. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða akstur í þrengri merkingu þess orðs. Telja verður að þegar tjón er rakið til þess að ökutæki er á hreyfingu sé skilyrði 4. gr. laganna um notkun að öllu jöfnu uppfyllt, án tillits til þess hvers vegna bifreiðin er á hreyfingu. Hættan sem starfar af þyngd ökutækis á hreyfingu er í þessu deilumáli í eðli sínu sambærileg án tillits til þess hvort A er ekið aftur á bak eða eins og raunin var að hún rennur án þess að vera beinlínis ekið. Því fellur tilvikið innan þeirrar sérstöku hættu sem almennt stafar af ökutækjum, þ.e. hraða, vélarafli og þyngd. Framangreind niðurstaða er í samræmi við fræðileg skrif um efnið, samanber Arnljótur Björnsson; *Ökutæki og tjónabætur*, (2003) bls. 39. Af framangreindu leiðir að hið umdeilda tilvik fellur innan gildissviðs ábyrgðartryggingar A hjá V.

Nefndin hefur jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að tjón á bifreið B verði rakið til saknæmrar háttsemi eiganda A. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar er að finna svokallaða árekstrarreglu. Í greininni segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hluta eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Í 1. mgr. 28. gr umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ekki má stöðva eða leggja ökutæki þannig að það geti valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skuli hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað. Í þessu máli deila aðilar um það hvort A var lagt ólöglega. Nefndin telur að gögn málsins gefi ekki tilefni til að hægt sé að telja það sannað að svo hafi verið. Þegar hins vegar horft er til þeirra aðstæðna sem voru fyrir hendi, þ.e. veðurs og hálku og að A var lagt í halla af því að virðist án þess að það væri tryggt að bifreiðin væri í handbremsu, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að í því felist brot á framangreindri 28. gr. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í tölvupósti frá V til eiganda A, dags. 6. desember 2024, segir eftirfarandi: „Til að ákvarða með bótaskyldu í þessu máli þurfum við frekari upplýsingar frá þér varðandi frágang á bílnum. Við þurfum að vita hvort skilið var við bifreiðina í park og handbremsu þegar honum var lagt í upphafi á bifreiðastæðinu.“ Eins og áður hefur komið fram liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá eiganda A þar sem hann upplýsir að bifreiðin hafi ekki verið í handbremsu í umrætt sinn.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að tjón M verði að einhverju leiti rakið til gálausrar háttsemi M, enda byggir V ekki á því. Niðurstaðan nefndarinnar er því sú, með vísan í 6. samanber 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, að M eigi rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 17/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Vátryggingasamningur. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 29. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst þannig að 29. desember 2024 hafi orðið tjón í miklum vindi á gömlu útihúsi/fjárhúsi á jörðinni […] sem er í eigu M og systkina hennar, en að M sé einnig vátryggjandi viðkomandi fasteignar. Kemur jafnframt fram að M og systkini hennar hafi talið að fasteignatrygging hjá V hafi gilt um allar fasteignir sem skráðar eru undir tilteknu fasteignanúmeri. Hafi það verið skilningur þeirra allt frá því að tryggingarverndin var fyrst keypt árið 2011 eða 2012. Telur M því að þau systkini hafi verið í góðri trú um að tryggingin tæki m.a. til þeirrar fasteignar sem varð fyrir tjóni í umrætt sinn. Byggir M á að bæði vátryggingaryfirlit og vátryggingarskírteini hafi ekki gefið annað í skyn en að allar fasteignir undir hinu tiltekna fasteignanúmeri hafi verið tryggðar hjá V. Þá byggir M á að sá aðili sem semur einhliða skilmála, vátryggingaryfirlit og vátryggingarskírteini, beri hallan af óskýru orðalagi eða vafaatriðum sem varða viðkomandi vátryggingu.

Í athugasemdum frá V til nefndarinnar, dags. 29. janúar 2025, kemur fram að félagið hafnar því að bæta tjónið með þeim rökum að umrædd fasteign (útihúsi/fjárhús/skemma) hafi ekki fallið undir gildissvið fasteignatryggingar þeirrar sem M var með hjá V. Hafi M verið kynnt þessi afstaða V með tölvupósti dags. 30. desember 2024. Máli sínu til frekari stuðnings bendir V á að í vátryggingarskírteini fasteignatryggingar M, fyrir tímabilið 1.2.2024-1.2.2025 komi m.a. fram að tryggð sé ein húseign með tiltekinni vátryggingarfjárhæð. Sé þar um að ræða íbúðarhúsnæði, enda taki vátryggingarfjárhæðin mið að brunabótamati þess, en ekki brunabótamati fyrir allar fasteignir sem falla undir það fasteignanúmer sem um ræðir. Þannig hafi þessu verið háttað allt frá því tryggingin gekk upphaflega í gildi. V telur því einsýnt að tryggingin taki einungis til íbúðarhúsnæðisins en ekki til allra fasteigna sem falla undir hið tiltekna fasteinganúmer. Áréttar V sérstaklega, hvað varðar framangreint vátryggingartímabil 1.2.2024-1.2.2025, að brunabótamat fyrir allar fasteignir sem falla undir fasteignanúmerið sé meira en 50 milljónum kr. hærra en gildir fyrir íbúðarhúsnæðið. Þá bendir V á að M hafi í það minnsta frá árinu 2012 fengið árlega sent afrit af vátryggingarskírteini fyrir fasteignina þar sem vátryggingafjárhæðin tók alltaf mið af brunabótamati íbúðarhúss. M hafi aldrei gert athugasemdir við það fyrirkomulag. V telur að framangreind rök sýni að ekki hafi verið í gildi fasteignatrygging (fok- og óveðurstrygging) sem hafi tekið til tjónsins sem varð á skemmunni 29. desember 2024. Telur V að þegar af þeirri ástæðu sé ekki fyrir hendi bótaréttur úr fasteignatryggingunni. Þessu til viðbótar byggir V á að jafnvel þó í gildi hefði verið trygging sem tæki til skemmunnar hafi M ekki tekist að sanna að uppfyllt væru þau skilyrði fyrir bótarétti sem um er getið í 10. gr. þeirra skilmála sem giltu fyrir trygginguna. Auk þessa telur V að jafnvel þó fasteignatrygging hefði tekið til skemmunnar hafi ástand hennar verið svo slæmt, m.a. vegna skorts á viðhaldi, að M hefði ekki átt bótarétt. Vísar V til varúðarreglu í 30. gr. skilmálanna í því sambandi.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 14. febrúar 2025, eru fyrri rök ítrekuð og færð fram frekari rök gegn málatilbúnaði V.

Álit.

Í málinu er m.a. deilt um það hvort tjón það sem varð á skemmu í eigu M og systkina hennar 29. desember 2024, falli undir gildissvið fasteignatryggingar hjá V. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. M hefur verið með fasteignatryggingu hjá V í nokkuð mörg ár. Þá liggur fyrir að vátryggingarverðmæli fasteignar þeirrar sem tryggð er hefur allt frá upphafi einungis tekið mið af brunabótamati fyrir íbúðarhús en ekki af brunabótamati fyrir allar þær eignir sem falla undir hið tiltekna

fasteignanúmer. Nefndin telur því einsýnt M hafi mátt vera það ljóst allt frá því að tryggingin var fyrst keypt hjá V, að einungis íbúðarhúsnæðið félli undir fasteignatrygginguna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 18/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. janúar 2025 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 13. mars 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. apríl 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V varð, hinn 12. október 2024, tjón á bifreiðinni A, sem er í eigu M. Rétt utan við Borgarnes hafi M mætt vörubíl. Þar sem sig hafi verið á veginum hafi grjót hrunið af vörubílnum og á A með þeim afleiðingum að tjón varð á lakki hennar á stuðara og húddi, á framrúðu og toppgleri. Krefst M bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þessa enda telji hann atvikið falla undir það að vera árekstur í skilningi skilmála tryggingarinnar, eða grjóthrun þar sem grjót hafi hrunið af annarri bifreið og á A.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í þágildandi skilmálum kaskótryggingarinnar sé að finna upptalningu þeirra tjónsorsaka sem vátryggingin nái til. Atvik það sem M lýsi falli ekki þar undir. Þá segi jafnframt sérstaklega í umræddum skilmálum að tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að hann skilji ekki hvernig tjónið geti ekki fallið undir kaskótryggingu eða þvermóðsku V varðandi það að neita að bæta tjónið.

Álit.

Nefndin hefur ekki undir höndum frekari gögn varðandi umrætt atvik eða tjón á A en óumdeilt virðist að grjót hafi valdið tjóni á A og M segir það hafa kastast frá ótilgreindri bifreið. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort tjón á A skuli bætt úr kaskótryggingu hennar. Það er ekki svo að slíkar vátryggingar bæti allt tjón á bifreiðum af hvers kyns völdum heldur taka þær til tjóns sem verður af nánar skilgreindum orsökum eins og þær eru skilgreindar í skilmálum. Í þágildandi skilmálum umræddrar vátryggingar er gildissvið hennar afmarkað en þar kemur m.a. fram, í gr. 4.1, að hún bæti skemmdir á hinu vátryggða ökutæki sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum nánar tilgreindra atvika, sem eru talin upp í tólf stafliðum. Er „grjóthrun“ talið upp þar á meðal. Ekki verður fallist á að grjótkast frá annarri bifreið, hvort sem það er undan dekkjum hennar eða palli vörubifreiðar, eins og M lýsir í tjónstilkynningu geti fallið undir það að vera „grjóthrun“ enda almennur málskilningur á því hugtaki töluvert annar. Verður þá ekki litið svo á að um „árekstur“ hafi verið að ræða enda virðist óumdeilt að bifreiðarnar hafi ekki rekist saman. Þá verður ekki séð að tjónsatvik það sem M lýsir geti mögulega fallið undir aðra stafliði ákvæðisins. Í 6.1 gr. umræddra skilmála er einnig tekið fram að tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki. Verður því ekki séð með hvaða hætti tjón M, eins og tildrögum þess er lýst, falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Er af þeim sökum óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 19/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Notkun ökutækis. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. janúar 2025.
2. Tölvupóstur V1, dags. 27. janúar 2025.
3. Bréf V2, dags. 12. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu barst lögreglu tilkynning um umferðarslys á Reykjanesbraut þann 25. desember 2024. Aðstæður á vettvangi voru erfiðar þar sem mikill skafrenningur og rok var á brautinni. Skyggni var slæmt og umferð var í meðallagi. Fram kom í framburði M, sem var ökumaður A, að hún hafi verið að aka á 70 – 80 km/klst þegar hún kom að B á Reykjanesbrautinni á leið til Reykjavíkur. B hafi verið kyrrstæð á hægri akrein og hafi M ætlað að taka fram úr B. Færði M sig yfir á vinstri akrein en við það missti hún stjórn á bifreiðinni og endaði hægra megin fyrir utan veg. Í kjölfarið hafi bróðir M farið og kannað með ökumann B sem svaraði ekki og var áfengislykt af honum. Ók ökumaður B svo af stað af vettvangi án þess að segja neitt. Lögregla hafi skömmu síðar stöðvað B og í ljós kom að ökumaður var ekki ölvaður og kvaðst hafa hægt verulega á sér á Reykjanesbrautinni þar sem það hafi verið blindbylur. Sagði hann einhvern „bandbrjálaðan“ aðila hafa ekið á ógnarhraða fram hjá sér og endað fyrir utan veg. Ekkert sjáanlegt tjón var á B. Fékk M þær upplýsingar frá tryggingafélagi sínu, V1, að ekki væri hægt að leggja sök á B vegna tjónsins.

Í málskoti sínu lýsir M atvikum á þann veg að hún hafi ekið brautina í rólegheitum þar til komið var að bifreið sem var kyrrstæð á hægri akrein, ekki vegöxl. Um var að ræða svarta bifreið og hafi lýsing verið engin eða léleg. Ljóst sé að B var ekki að hægja á sér, heldur kyrrstæð á akreininni og það í dágóða stund á meðan A nálgaðist hann. Samkvæmt 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 megi ekki stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Vegöxlin hafi verið auð af snjó og hægt að stöðva bifreiðina þar.

V2 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B og vísar því til stuðnings til 36. gr. umferðarlaga þar sem finna megi almennar reglur um ökuhraða. Ekki verði annað séð en að ökumaður B hafi hægt ferð bifreiðar sinnar vegna blindbyls. Verði því ekki annað séð en að ökumaður B hafi dregið úr hraða bifreiðar sinnar og þar með miðað aksturslag sitt og hraða við veðurfar og umferðaraðstæður að öðru leyti. Af lýsingu M í málskoti megi ætla að hún hafi tekið eftir B fyrir framan sig með nægjanlegum fyrirvara til þess að bregðast við, hvort sem ökumaður B hafi hægt ferð, eða stöðvað bifreið sína að fullu. M hafi með akstri sínum ekki gætt nægjanlega að skilyrðum 36. gr. umferðarlaga og beri því alla ábyrgð á tjóni á bifreið sinni.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því að hafa ekki gætt að 36. gr. umferðarlaga. Hún hafi ekið eftir aðstæðum langt undir hámarkshraða. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar hafi ekki farið eftir 28. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu segir að aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar þar sem mikill skafrenningur og rok var á Reykjanesbrautinni. Við slíkar aðstæður ber ökumönnum að haga ökuhraða eftir aðstæðum sbr. 36. gr. umferðarlaga. Einnig segir þar að ökumaður skuli haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki og geti stöðvað það á þeim hluta sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Í því felst að í slæmu skyggni verða ökumenn að aka hægt og þannig að þeir geti stöðvað ökutæki ef hindrun er á vegi og sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna veðurs, sbr. b. lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Af gögnum málsins og framburði aðila verður ekki annað ráðið en M hafi ekki gætt þess að haga ökuhraða

eftir aðstæðum þar sem skyggni var slæmt og vænta mátti að önnur ökutæki væru í vandræðum við þau skilyrði. Verður ekki talið að ökumaður B hafi með aksturslagi sínu brotið gegn ákvæðum umferðarlega á þann hátt að háttsemi hans hafi orsakað tjón M. Á M því ekki rétt á bótum vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 20/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2025.
2. Bréf V2, dags. 14. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. febrúar 2025.
4. Bréf V1, dags. 5. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð við mætingu bifreiðanna A og B á rampi sem staðsettur er milli húsa nr. 5 og 7 í Bæjarlind í Kópavogi hinn 19. október 2024. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónaskýrslu á vettvangi en þess í stað var fyrirtækinu Aðstoð & öryggi falið að taka niður framburði ökumanna nokkrum dögum eftir tjónsatvikið. Í ökutækjaskýrslu er haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið upp rampinn en þá hafi B komið á svolítilli ferð frá húsi nr. 5 og tekið of víða beygju með þeim afleiðingum að B fór utan í A. Segir ökumaður A að ökumaður B hafi játað fyrir sér að hafa verið með hendi ofan í veskinu og ekki verið að fylgjast nógu vel með. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni B að hún hafi mætt A á bröttum og þröngum rampi og að ökumenn viti ekki hvor var of nálægt miðjunni. Telur hún sig líklega ekki hafa ekið á miklum hraða.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 468/24 var komist að þeirri niðurstöðu að sök skiptist til helminga þar sem ósannað væri um stöðu ökutækja í aðdraganda áreksturs. M, sem var ökumaður A, leggur fram myndir af umræddum rampi og skemmdum á bifreið sinni. Umræddur rampur sé sjö metrar að breidd. Hún hafi ekið með hægra dekk bifreiðarinnar 80 cm frá veggnum þegar óhappið varð. Vísar M til ljósmyndar af spólfari sem sést á mynd sem hún leggur fram í málinu og tekin var einni klukkustund eftir að árekstur varð. Þá vísar M til þess að hún hafi séð B nálgast á miklum hraða úr víðri beygju. Hafi M ekki átt nein úrræði til að koma í veg fyrir árekstur. Augljóst hafi verið að ökumaður B hafi ekki verið með augun á veginum. Vísar M einnig til ljósmynda til staðfestingar á því að útsýni ökumanna úr báðum áttum hafi verið gott á björtum og þurrum degi.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, telur með hliðsjón af málskoti og öllum gögnum, að M hafi hagað akstri sínum í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Háttsemi hennar hafi ekki verið til þess fallin að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra umferð. Ökumaður B hafi hins vegar ekki hagað akstri sínum í samræmi við 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Leggja skuli því alla sök á ökumann B.

V2 er sammála niðurstöðu tjónanefndar og telur að skipta beri sök til helminga.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri athugasemdir sínar.

Álit.

Málið lýtur að því hvort og hvernig skuli skipta sök á árekstri sem átti sér stað hinn 19. október 2024 á rampi milli húsa nr. 5 og 7 í Bæjarlind í Kópavogi við mætingu bifreiðanna A og B. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu á vettvangi, en skýrsla Aðstoðar & öryggis, sem tekin var nokkru síðar, felur í sér framburði beggja ökumanna. Þá liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi, rampinum sjálfum og skemmdum á bifreið A sem teknar voru nokkru eftir áreksturinn. Engin mynd liggur fyrir af afstöðu ökutækjanna við sjálfan áreksturinn og ekkert vitni varð að honum. Þrátt fyrir að fallast megi á að M hafi verið staðföst í framburði sínum og lagt fram ýmsar ljósmyndir og upplýsingar máli sínu til stuðnings, verður ekki hjá því komið að skipta sök til helminga. Ekki er unnt, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins og verða atvik málsins því að teljast ósönnuð. Með vísan til ofangreinds og 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, verður sök skipt til helminga, enda ekki unnt að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 21/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.

Frávísunarkrafa. Mat á umfangi líkamstjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum máls kemur fram að M slasaðist við vinnu sína sem sjómaður 22. nóvember 2020 og hefur V fallist á að hann eigi bótarétt úr slysatryggingu sjómanna. Í málinu liggja fyrir þrjár matsgerðir þar sem afleiðingar slyssins eru metnar, þ.e. utanréttarmatsgerð, matsgerð örorkunefndar og matsgerð dómkvaddra matsmanna. Í málskoti kemur fram að M byggir á því að leggja eigi matsgerð Örorkunefndar, dags. 3. nóvember 2023, til grundvallar útreikningi og greiðslu bóta vegna slyssins. Komst örorkunefnd m.a. að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski M vegna afleiðinga slyssins væri 15 stig og varanleg örorka 35%. Í málskoti færir M ítarleg rök fyrir því að leggja beri framangreint mat til grundvallar uppgjöri í málinu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 13. febrúar 2025, kemur m.a. fram að V er ósammála því að leggja beri matsgerð örorkunefndar til grundvallar uppgjöri. Aðallega byggir V þó á því, með vísan í 3. og 4. gr. samþykkta fyrir nefndina, að vísa beri málinu frá. Hvað frávísunarkröfuna varðar nánar þá bendir V á að í 3. gr. samþykktanna komi fram að nefndin fjalli um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu auk annars ágreinings sem varði ákvæði laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og laga um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019. Þá er á það bent að nefndin fjalli um ágreining varðandi fjárhæðir á milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila en neytanda sé þó heimilt, án samþykkis, að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir að lámarki 25.000 og hámarki 5.000.000. Auk þess komi fram í 4. gr. samþykktanna að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það flókin eða yfirgripsmikil að meðhöndlun hamli skilvirkni nefndarinnar. Telur V að mál M sé þess eðlis, þ.e. að ljóst sé að ef nefndin ætti að yfirfara örorkumöt og taka afstöðu til bótakrafna við uppgjör líkamstjónamála þá myndi slíkt hamla skilvirkni nefndarinnar. Þá færir V einnig þau rök að í málinu sé deilt um atriði sem eigi undir frjálst sönnunarmat dómara, sbr. VI. kafla laga um meðferð einkamála. Þá snúist ágreiningurinn einnig um fjárhæðir sem séu mun hærri en framangreind fjárhæðarmörk, þ.e. 5.000.000 krónur, miða við. Þessu til viðbótar bendir V á að ef nefndin þrátt fyrir framangreint kemst að þeirri niðurstöðu að ágreiningurinn eigi undir starfssvið nefndarinnar þá telji félagið ljóst að niðurstaða dómkvaddra matsmanna gangi almennt framar mati Örorkunefndar. Færir V ítarleg rök fyrir þeirri niðurstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 27. mars 2025, er m.a. að finna frekari rök fyrir því að rétt sé að leggja niðurstöður Örorkunefndar til grundvallar uppgjöri í málinu.

Álit.

Ekki er deilt um það í málinu að M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr slysatryggingu sjómanna hjá V. Ágreiningurinn snýr að því hvort málið eigi undir nefndina og ef svo er hvaða matsgerð beri að leggja til grundvallar útreikningi og greiðslu bóta í málinu. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að eins og ágreiningi er háttað í þessu máli beri að vísa því frá með vísan í 3. gr. samþykkta fyrir nefndina. Eins og rakið er að framan er neytanda heimilt, án samþykkis, að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir að lámarki 25.000 og hámarki 5.000.000. M byggir á því í málatilbúnaði sínum að leggja beri matsgerð Örorkunefndar til grundvallar útreikningi og greiðslu bóta í málinu. Þegar horft er til fyrirliggjandi upplýsinga um árslaun M fyrir slys og að Örorkunefnd mat varanlega örorku hans af völdum slyssins 35%, telur nefndin einsýnt að M byggir á því að hann eigi rétt á bótum sem eru talsvert hærri en það 5.000.000 hámark sem fram kemur í samþykktunum. Með vísan til þessa og afstöðu og krafna V í málinu, er það niðurstaða nefndarinnar að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá þegar af

framangreindri ástæðu. Vegna þeirrar niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málstæður aðila.

Niðurstaða.

Kröfu M um að matsgerð Örorkunefndar, dags. 5. nóvember 2023, verði lögð til grundvallar greiðslu bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna afleiðinga sjóslyss hans þann 22. nóvember 2020, er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 23/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 7. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. maí 2024 hafi M verið að þrífa bát eftir löndun og hafi fallið aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að þrjú rifbein brotnuðu. V hafi, með tölvupósti dags. 2. ágúst 2024, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna á grundvelli þess að ósannað væri að M hefði orðið fyrir slysi sem félli undir bótasvið vátryggingarinnar. M byggir á því að um slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar hafi verið að ræða, en hann hafi stigið aftur fyrir sig á brún lestarops, misst jafnvægið og fallið. Það hvíli þá á V að sýna fram á það með óyggjandi hætti að áverka M megi rekja til sjúkdóms eða annars innra ástands í líkama hans, þannig að atvikið falli utan slysahugtaksins. Slík sönnun hafi ekki tekist. Af læknisfræðilegum gögnum sé einnig ljóst að það hafi ekki verið innra ástand sem olli meiðslum M heldur utanaðkomandi kraftar og högg. Vísar M þá til fordæma Hæstaréttar í málum 412/2011 og 472/2011 máli sínu til stuðnings. Sé ljóst af gögnum málsins og dómafordæmum að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilmála vátryggingarinnar og sé bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er rakið að í bráðamóttökuskrá dags. 21. maí 2024 sé atvikinu lýst svo: „..standing on a ledge ? 1 metra from floor, lost balance and fell landing with left thorax against hard surface…“. Í tjónstilkynningu til V dags. 27. maí 2024 sé atvikinu lýst svo að M hafi verið að þrífa bátinn eftir löndun. Hafi hann staðið á palli við hurðarop inn í stýrishús og stakkageymslu þegar hann missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig á brún lestarops. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga dags. 5. júní 2024 hafi atvikinu verið lýst svo að M hafi, að þrifum loknum, stigið aftur á bak og fallið af fullum þunga á efri brún lestarveggs bakborðsmegin. Hinn 15. ágúst 2024 hafi lögmaður M sent breytta lýsingu á atvikinu, þ.e. að það hafi verið öskrað á M aftan frá og körin hafi verið að koma niður. Hafi það valdið því að M sleppti takinu af stýrishúsinu og steig út í tómarúmið með fyrrgreindum afleiðingum.

Segir þá í bréfi V til nefndarinnar að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að „með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“ Fyrirliggjandi samtímagögn beri það með sér að líkamstjón M verði ekki rakið til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar og sú lýsing sem M byggi á í málskoti hafi fyrst komið til eftir að hann leitaði til lögmanns. Af samtímagögnum sé ekki sýnt fram á annað en að M hafi skyndilega misst jafnvægið og fallið. Jafnvægismissir einn og sér verði talinn til innri orsaka enda sé ekki sýnt fram á hvað hafi valdið honum. Þá séu atvik og aðstæður að baki þeim dómum Hæstaréttar sem M vísar til allt önnur en hér séu uppi. M beri sönnunarbyrði þess að atvik falli undir skilyrði slysahugtaksins og slík sönnun hafi ekki tekist. Verði V þá ekki gert að sanna að innra ástand M hafi valdið jafnvægismissi enda sé slík sönnun nær ómöguleg.

Í viðbótarathugasemdum M er rakið að M hafi misst jafnvægið og fallið úr nokkurri hæð á hart yfirborð. Sé það áreksturinn við hið harða yfirborð sem hafi verið utanaðkomandi og valdið líkamstjóni, en ekki innri veikleiki eða sjúkdómsástand. Er því hafnað sem röngu og ósönnuðu að jafnvægismissi M megi rekja til annarra orsaka en utanaðkomandi og sé ekkert í málinu sem styðji við þá afstöðu V.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í 3. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans.

Af dómum Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. nr. 412/2011 og 128/2013, má ráða að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Af framangreindum dómum leiðir einnig að það er V sem ber sönnunarbyrði þess að fall M hinn 21. maí 2024 sé að rekja til innra sjúkdómsástands hans. Þó framangreint virðist fela í sér nokkurt frávik frá því sem almennt á við um sönnun þess að skilyrði slysahugtaksins séu uppfyllt er það mat nefndarinnar að framangreind fordæmi séu skýr hvað þetta varðar, og hefur verið byggt á þeim við úrlausnir hennar, t.a.m. í málum nr. 235/2012, 428/2019, 289/2000 og 438/2021.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki um það deilt að M hafi dottið þar sem hann var við störf um borð í bát í eigu X. Svo virðist sem hann hafi af einhverjum orsökum misst jafnvægið þó aðstæður á slysstað séu ekki að fullu upplýstar. Ekkert liggur fyrir um það að M hafi af vilja látið sig falla eða að fallið verði með einhverju móti rakið til sjúkleika hans eða annars líkamlegs innri veikleika, en ekkert í læknisfræðilegum gögnum málsins bendir t.a.m. til þess að M hafi verið hætt við sundli eða að jafnvægisskyn hans hafi verið laskað. Fall M og það högg sem hann fékk í kjölfarið, er hann lenti á brún lestarops með þeim afleiðingum að hann hlaut rifbeinsbrot, verður því að teljast skyndilegur og utanaðkomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmálanna.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 24/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum máls kemur fram að hinn 29. nóvember 2024 hafi M lent í árekstri og verið í órétti. Bótaskylda vegna tjóns á bifreið hans, A, var til staðar úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. V tilkynnti M að viðgerð færi ekki fram á bifreiðinni og að V myndi þess í stað kaupa bifreiðina af M. Voru aðilar ekki sammála um verðmæti bifreiðarinnar og leitaði M að sambærilegri bifreið á bílasölum. Fann hann eina slíka og var ásett verð hennar kr. 1.390.000 en M gat fengið hana á 1.250.000. Hafi M því farið fram á að V greiddi þá fjárhæð í bætur úr kaskótryggingu A. V hafnaði því að sendi honum tilboð sem hljóðaði upp á kr. 950.000. Eigin áhætta yrði svo dregin frá þeirri fjárhæð. M kveðst ekki sáttur við þá fjárhæð og vísar því ágreiningi þessum til nefndarinnar. Þá kveðst M einnig ekki sáttur við að hann hafi fengið upplýsingar um að hann gæti keypt bifreiðina á uppboði hjá V. Hann hafi boðið í bifreiðina og verið með hæsta boð en þrátt fyrir það hafi bifreiðin verið seld öðrum aðila á uppboðinu á lægra verði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi aflað tveggja verðmata miðað við staðgreiðsluviðskipti frá bílasölum. Annað verðmatið hljóðaði upp á kr. 750.000 – 800.000 og hitt upp á kr. 800.000 – 900.000. V hafi greitt M kr. 950.000 í bætur fyrir bifreiðina. Vísar V til greina 12.1 og 12.4 í skilmálum kaskótryggingar. Í fyrrnefndu greininni kemur fram að fjárhæð bóta ráðist af verðmæti ökutækis á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðsluviðskipti. V hafi boðið M bætur umfram hæsta verðmatið og tók M við þeim bótum án fyrirvara. Ósannað sé að verðmæti bifreiðarinnar sé hærra en þegar greiddar bætur. Hvað uppboð á bifreið M varðar, þá hafi M ekki verið með hæsta tilboð í bifreiðina.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að hann hafi fundið á netinu sambærilega bifreið sem er með listaverð kr. 1.190.000. Telur M það staðfesta að verð það sem V greiddi sé of lágt. Ítrekaði M einnig athugasemdir sínar varðandi bifreiðauppboð V.

Álit.

Aðila greinir ekki á um bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A, heldur mat á verðmæti bifreiðarinnar A á tjónsdegi. Samkvæmt grein 12.1. í skilmálum kaskótryggingar V, ræðst fjárhæð bóta af verðmæti ökutækis á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðsluviðskipti. V hefur lagt fram verðmat frá tveimur bílasölum sem verðmeta staðgreiðsluverðmæti bifreiðarinnar A á bilinu kr. 750.000 – 900.000. V greiddi M bætur sem nema hærri fjárhæð en þau verðmöt sögðu til um, eða kr. 950.000. Hefur M ekki aflað verðmats frá bílasala, heldur vísað til auglýsinga á netinu þar sem fram kemur ásett verð samskonar bifreiðar. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. M hefur ekki hnekkt fyrirliggjandi verðmötum bílasala um staðgreiðsluverð á bifreið M. Verður M því að bera hallann af sönnunarskorti og telst ekki eiga rétt á frekari bótum frá V.

Hvað bifreiðauppboð V varðar þá fellur ágreiningur um slík viðskipti utan við starfssvið nefndarinnar eins og það er skilgreint í 3. gr. samþykkta fyrir nefndina. Verður þeim hluta ágreinings milli M og V því vísað frá nefndinni, sbr. b-lið 4. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A, hjá V. Öðrum ágreiningi milli aðila er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 25/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 5. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. apríl 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V1, dags. 7. maí 2025.
5. Tölvupóstur V2, dags. 11. apríl 2025.
6. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. apríl 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð árekstur með bifreiðunum A, sem er vátryggð hjá V1 og B, sem er vátryggð hjá V2 á Höfðabakka þann 28. desember 2024. Báðum bifreiðum var ekið samhliða frá Bæjarhálsi á beygjuakrein inn á Höfðabakka til suðurs. Var A ekið á hægri akrein en B á vinstri akrein. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónaskýrslu. Hvor ökumanna skilaði sinni tjónstilkynningu til síns tryggingafélags. Í tjónstilkynningu ökumanns A kemur fram að B hafi ekki náð beygjunni og rekist utan í hlið A. Vísað er til fyrirliggjandi ljósmyndar af hjólförum. Í tjónstilkynningu ökumanns B er því lýst að ökumaður A hafi farið of langt inn á vinstri akrein í beygjunni með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þá kemur einnig fram að ökumaður A hafi haft meira svigrúm í beygjunni þar sem snjór hafi verið á veginum. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök ætti að skiptast til helminga þar sem staða ökutækja í aðdraganda áreksturs þótti ósönnuð.

M kveðst vera ósammála niðurstöðu tjónanefndar og vísar til ljósmyndar af vettvangi þar sem hjólför sýna hvernig B rann til yfir á hægri akrein, þ.e. akrein A, þegar hún kom úr beygjunni.

V1 tekur undir sjónarmið M þess efnis að hjólför á ljósmyndum frá vettvangi sýni fram á að B hafi verið ekið yfir miðlínu vegar og því sé rétt að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

V2 telur að leggja skuli alla sök á ökumann A fyrir að aka í veg fyrir bifreiðina B.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri afstöðu sína og gerir jafnframt athugasemdir við rangfærslur sem hann telur að komi fram í athugasemdum V2.

Álit.

Í 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að við hægri beygju skuli aka sem næst hægri brún akbrautar og skuli beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar skal ökumaður sem velur hægri akrein í beygju þar sem tvær beygjuakreinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu, koma inn á akrein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á. Í málinu liggur fyrir ljósmynd sem sýnir hjólför B á vettvangi. Að mati nefndarinnar sýnir þessi ljósmynd hvernig B sem var ekið á vinstri beygjuakrein, rann til og fór yfir á hægri akrein í beygjunni, það er á akrein A. Með þeirri háttsemi braut ökumaður B gegn fyrrnefndum ákvæðum umferðarlaga og ber því alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 27. maí 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 26/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging torfærutækja (vélsleða).
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Gildissvið ábyrgðartyggingar torfærutækja. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 20. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að þegar lögreglan kom á slysstað 17. febrúar 2023, mátti sjá vélsleða (A) með aksturssstefnu til austurs. Hafi M setið fyrir aftan sleðann og kennt sér eymsla á axlarsvæði vinstri handar sem og í rifjaboga. Hafði lögreglan það eftir M að hann hafi verið að aka A eftir tilteknum vegi til vesturs þegar sleðinn hafi skyndilega tekið að snúast á hálu yfirborði akbrautarinnar með þeim afleiðingum að M féll af sleðanum. M kvað sleðann hafa runnið á sig eftir að hann féll af honum.

Umræddur vélsleði var tryggður með ábyrgðartryggingu hjá V. Var félaginu tilkynnt um slysið. Telur M sig eiga rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins (A). Í málskoti vísar M til þess að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 skuli eigandi ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutæki eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sömu laga skuli greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis vera tryggt með ábyrgðartryggingu. Byggir M kröfu sína á þeirri forsendu að jafnvel þó hann hafi verið síðasti ökumaður A áður en tjónið varð, hafi hann verið fallinn af sleðanum þegar hann slasaðist. Þegar sleðinn hafi lent á honum og valdið tjóninu hafi hann því ekki lengur verið við stjórn ökutækisins.

V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 30. janúar 2024. Byggir V neitunina á því að M hafi verið ökumaður A í umrætt sinn og eigi því eðli málsins samkvæmt ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu. Þá vísar V jafnframt til þess að í 2. mgr. 11. gr. laga um ökutækjatryggingar sé kveðið á um að ökutæki sem eru eingöngu ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki séu undanþegin vátryggingarskyldu samkvæmt 9. gr. laganna. Eiganda og umráðamanni slíkra ökutækja beri því engin skylda til þess að kaupa slysatryggingu ökumanns og eiganda. Hafi sú verið raunin um A og því eigi M engan bótarétt úr vátryggingum hjá V. Sambærileg rök er að finna í athugasemdum V, dags. 20. janúar 2025.

Álit.

Nefndin telur einsýnt að M hafi talist vera ökumaður A þegar hann varð fyrir líkamstjóni 17. febrúar 2023. Engu breyti hér þó M kunni að hafa fallið af A sem síðan hafi lent aftur á honum og valdið tjóninu. Um var að ræða tjón af völdum eins atburðar sem beri að bæta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda en ekki úr ábyrgðartyggingu með þeim rökum að um sé að ræða bótaskylt tjón sem hlýst af notkun ökutækis. Tjónið á því ekki undir ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V. Af þeim sökum á M ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr þeirri tryggingu. Þá liggur jafnframt fyrir að ekki var í gildi hjá V slysatrygging ökumanns og eiganda vegna A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 27/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Viðbótargagn frá M dags. 4. febrúar 2025.
3. Bréf V dags. 14. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um fullar og óskertar bætur úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V vegna vélsleðaslyss sem hann varð fyrir hinn 17. febrúar 2023. Áður hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vélsleðans A hjá V2, en fyrir liggur að slysatrygging ökumanns og eiganda var ekki gildi vegna A. Var ágreiningur vegna þess þáttar málsins lagður fyrir nefndina sem komst að þeirri niðurstöðu með úrskurði sínum í máli nr. 26/2025 að ábyrgðartrygging A tæki ekki til tjóns M.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu með vísan til 13. gr. skilmála fjölskyldutryggingar M hjá V en þar segir: *Vátryggingin nær ekki til slyss sem vátryggður verður fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi, né slyss af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa.* Við brottfall umferðarlaga nr. 50/1987 árið 2020 hafi slysatrygging ökumanns og eiganda orðið valkvæð í einhverjum tilvikum, þ.m.t. vegna torfærutækja og vélsleða. Þrátt fyrir það að augljóslega hafi aðstæður þeirra sem lendi í slysum á slíkum ökutækjum orðið aðrar og lakari við þetta hafi V ekki breytt orðalagi skilmála sinna til samræmis við það. Túlkun V á skilmálum sínum samrýmist hvorki orðalagi skilmálans né þeim tilgangi og aðstæðum sem voru fyrir hendi við samningu skilmála. Af orðalagi skilmálaákvæðisins leiði að það verði að vera lögboðið að vátryggja vegna slysa á borð við það sem M varð fyrir. Slík lagaskylda sé ekki fyrir hendi. Markmið skilmálaákvæðisins sé þá bersýnilega að undanskilja tjón sem tjónþolar fengju bætt úr lögboðnum slysa- eða ábyrgðartryggingum. Eftir umrædda lagabreytingu sé M ekki í þeirri stöðu.

Í bréfi V kemur fram að í skilmálum vátryggingarinnar segi að hún nái hvorki til slyss sem vátryggður verður fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi né til slyss af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa. Orðalag ákvæðisins sé ekki á neinn hátt óskýrt og komi tilgangsskýring því ekki til álita. Þá sé það alveg skýrt af hálfu V að jafnvel þó tryggingaskylda hafi verið felld úr lögum hafi meiningin ekki verið sú að láta slysatryggingu fjölskyldutryggingar ná til slysa af völdum skráningarskyldra ökutækja hér á landi. Þegar tryggingaskyldan hafi verið afnumin hafi V m.a. birt frétt um það að eigendum torfærutækja gæfist kostur á að kaupa slysatryggingu ökumanns og eiganda sérstaklega. Hafi m.a. komið fram í fréttinni að slysatrygging í frítíma undanskilji alfarið slys af völdum skráningarskyldra ökutækja.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að umræddur vélsleði hafi ekki verið í eigu M og þess utan hafi sleðinn verið vátryggður hjá V2 en ekki V. Hafi því ekkert tilefni verið fyrir M að kynna sér umrædda frétt. Almenn tilkynning í formi fréttar geti þá ekki talist fullnægja upplýsingaskyldu V, sér í lagi gagnvart neytendum sem kaupi aðrar og ótengdar vátryggingar af V eins og raunin sé með M.

Álit.

Hinn 17. febrúar 2023 varð M fyrir slysi er hann var við akstur vélsleða. Ætla má að tjón það sem hann varð fyrir hefði talist bótaskylt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vélsleðans hefði slík vátrygging verið fyrir hendi.

M byggir á því að samkvæmt orðalagi 13. gr. skilmála fjölskyldutryggingar M hjá V hljóti bótaskylda að vera til staðar þar sem ekki sé lengur lögboðið að vátryggja vegna slysa sem verði af völdum vélsleða. Af skoðun ákvæðisins og orðalagstúlkun þess telur nefndin ljóst að um sé að ræða tvær sjálfstæðar undanþágur, þ.e. að annars vegar taki vátryggingin ekki til slyss sem vátryggður verður fyrir af völdum

skráningarskylds velknúins ökutækis á Íslandi og hins vegar taki hún ekki til slyss af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa. Er það álit nefndarinnar að fyrri hluti málsgreinarinnar sé þannig afdráttarlaus varðandi það að slys af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi fáist ekki bætt úr vátryggingunni. Gildi það óháð því hvort lögboðið sé að vátryggja vegna slíkra slysa eður ei, enda eigi „þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa“ aðeins við um seinni hluta ákvæðisins, þ.e. slys af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis.

Þó vissulega mætti telja það horfa til aukins skýrleika að skipta umræddu skilmálaákvæði í tvo liði eða tvær málsgreinar er það mat nefndarinnar að ekki sé tilefni til að túlka það öðru vísi en samkvæmt orðanna hljóðan eða beita 36. gr. b. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga við túlkun þess.

Verður samkvæmt framansögðu að telja að gildissvið frítímaslysatryggingarliðar fjölskyldutryggingar M hjá V taki ekki til þess líkamstjóns er hann varð fyrir hinn 17. febrúar 2023.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 18.mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 28/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Líf-, sjúkra- og slysatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar.Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu, dags. 24. apríl 2024, er því lýst að M hafi slasast við vinnu sína við smíði á þakkanti húss 24. nóvember 2022. Af þeim sökum telur M sig eiga bótarétt úr slysatryggingarlið tryggingar hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 12. febrúar 2025, kemur fram að V sem telur að M eigi ekki bótarétt byggir í fyrsta lagi á því að líkamstjón M falli utan gildissviðs slysatryggingarinnar. Í því sambandi er vísað til þess að það komi fram í bréfi V til M, dags. 10. janúar 2019, að tryggingin taki ekki til slysa sem M verður fyrir við störf sín sem smiður. Telur V að sú hafi verið raunin hvað varðar slysið 24. nóvember 2022. Í öðru lagi hafnar V bótaskyldu með þeim rökum að tjónstilkynning M hafi borist of seint. Er í því sambandi vísað í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

Í málskoti mótmælir M framangreindum rökum V. Hafi hann orðið fyrir varanlegu tjóni í slysinu sem V beri að bæta. Kemur m.a. fram að M telur að það skorti á að sá texti sem V byggir þá niðurstöðu sína á að slys M falli utan gildissviðs slysatryggingarinnar sé nógu skýr til þess að hægt sé að byggja á honum í málinu. Þá telur M sig hafa tilkynnt tjónið innan lögbundins frests. Bendir M m.a. á í því sambandi að hann hafi ekki gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en 16. ágúst 2023.

Álit.
Eins og að framan greinir snýr ágreiningur aðila m.a. að því hvort afleiðingar líkamstjóns þess sem M varð fyrir af völdum slyss 24. nóvember 2022 falli utan gildissviðs þeirrar tryggingar sem var í gildi hjá V. Nefndin telur að það liggi fyrir í málinu að M slasaðist við störf sín sem smiður 24. nóvember 2022. Í málinu liggur fyrir að við töku umræddar tryggingar var tekið fram af hálfu V að slysatryggingaliður tryggingarinnar gilti ekki um atvinnutengda áhættu M. Telur nefndin að þetta komi nægjanlega skýrt fram í gögnum málsins til þess að leggja beri það til grundvallar í úrskurðinum. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M eigi ekki rétt á bótum vegna afleiðinga þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við störf sín 24. nóvember 2022. Af þessum sökum telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðila.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu, hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 29/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 27. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 24. nóvember 2024.

Málsatvik.

Ágreiningslaust er að bifreiðin B, sem V1 ábyrgðartryggði, olli tjóni á bifreiðinni A 17. desember 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvort allar skemmdir á A megi rekja til þess áreksturs.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 20. janúar 2025, kemur fram að í umrætt sinn hafi orðið tjón á vinstri hlið A, einkum frá framhurð að afturbretti. Bifreiðin A hafi áður orðið fyrir tjóni 16. maí 2024, þ.e. á vinstri hlið frá fremri hurð til afturbrettis. Hafi V1 greitt kr. 295.657 í bætur vegna þessa fyrra tjóns. Byggir V1 jafnframt á að þar sem ekki liggi fyrir að búið hafi verið að gera við þessar fyrri skemmdir þegar seinna tjónið varð 17. desember 2024, verði að taka tillit til þess við uppgjörið vegna seinna tjónsins. Í því sambandi vísaði V1 bæði til ljósmynda og tjónaskoðunar. Vegna framangreinds upplýsti V1 að félagið hafi boðið M eftirfarandi tvo valkosti varðandi uppgjör seinna tjónsins. Annars vegar hafi M verið boðið M að fá greidda fullnaðarviðgerð á vinstri hlið A á verkstæði að frádreginni þeirri fjárhæð sem félagið greiddi vegna fyrra tjónsins, þ.e. kr. 295.57. Hins vegar hafi V1 boðist til að greiða kr. 319.317 til viðbótar við kr. 295.657 sem áður voru greiddar. Heildarbætur vegna skemmda á vinstri hlið bifreiðarinnar yrðu þá kr. 614.974.

Í málskoti kemur fram að M hafnar því tilboði um bætur sem borist hefur frá V1. Þá segir eftirfarand í málskotinu: „The previous damages [væntanlega 16. maí 2024] required painting at most and now I have to replace the doors.“ Ekki er að finna frekari rök í málskoti. Þá lagði M ekki fram frekari gögn en málskotið.

Í athugasemdum V2, sem ábyrgðartryggði A, dags. 12. nóvember 2024, kemur fram sú skoðun að ljósmynd sem fylgdi með athugasemdunum, bendi til þess að þegar seinna tjónið varð hafi verið búið að gera við tjón það sem A varð fyrir 16. júní 2024. Telur V2 því að M eigi rétt á fullum bótum vegna seinna tjónsins.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðin B olli tjóni á bifreiðinni A. Hins vegar greinir aðila á um hvert umfang tjóns á A er vegna árekstursins 17. desember 2024. Telur M að bætur þær sem V1 hefur boðið dugi ekki til þess að bæta tjónið. Hins vegar hefur M ekki lagt fram nein þau gögn sem sýnt gætu fram á það hvert umfang tjónsins er. Eins og gerð hefur verið grein fyrir byggir V1 á því að þegar tjónið varð 17. desember 2024 hafi ekki verið búið að gera við tjón á A sem varð 16. júní 2024 sem V1 hefur greitt M bætur vegna. Byggir V1 einnig á því að taka verði tillit til þessa við mat á umfangi tjóns vegna árekstursins 17. desember 2024. Ekki verður séð af málatilbúnaði M að á því sé byggt að búið hafi verið að gera við fyrra tjónið þegar seinni áreksturinn varð. Þrátt fyrir að V2 hafi lagt fram ljósmynd í málinu sem það telur sýna að búið hafi verið að gera við tjón á A af völdum árekstursins 16. júní 2024 þegar seinni áreksturinn varð, telur nefndin það ekki breyta framangreindu. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M hafi ekki tekist að sanna með fullnægjandi hætti að hann eigi rétt á frekari bótum vegna tjóns á A vegna árekstursins 17. desember 2024 en sem nemur því sem V1 hefur boðið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V1 en sem nemur bótum fyrir það tjón sem V1 hefur samþykkt að bæta.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 30/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 7. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 20. maí 2022, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var að afferma vörubifreið og hafi ætlað að fella niður skjólborð hennar. Hafi lásinn á styttu skjólborðsins staðið á sér og hafi M reynt að losa hann með því að slá nokkur högg með flötum lófa á lásinn. Hafi M orðið fyrir meiðslum við það og í kjölfarið greinst með sinarof á hægri þumalfingri. Fyrirliggjandi er matsgerð bæklunarlæknis dags. 23. apríl 2024, þar sem fram kemur að læknisfræðilegur miski M vegna slyssins sé 8%. Fyrir liggur yfirlýsing vaktstjóra hjá X, dags. 29. ágúst 2023, þar sem fram kemur staðfesting þess að skjólborðslásarnir hafi verið í ólagi í einhvern tíma fyrir slysið og komið hafi til tals að skipta um þá, en ekki gefist tími til þess. Fljótlega eftir slys M hafi lásunum þó verið skipt út. M byggir í málskoti á því að slys M verði rakið til þess að X hafi vanrækt að tryggja öryggi starfsfólks, enda hafi þessi vanbúnaður falið í sér slysahættu. Skjólborðin eigi að vera með þeim hætti að umgengni um þau feli ekki í sér slysahættu og með því að bregðast ekki við umræddum vanbúnaði hafi X og starfsfólk þess sýnt af sér saknæmt athafnaleysi. Beri X því skaðabótaábyrgð á slysi M. Framangreindu til stuðnings er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim auk fordæma Hæstaréttar í málum nr. 1970:434, 64/1997 og 1/2001. Ekkert í gögnum málsins bendi þá til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins, enda hafi honum ekki verið önnur leið fær við framkvæmd verksins og verði honum ekki um það kennt að aðbúnaður hafi verið hættulegur. Um sé að ræða lás sem eigi að vera hægt að losa með einu handtaki og geti það því ekki talist óhefðbundið verkleg að slá á hann með flötum lófa ef hann stendur á sér. Hafi M þá aldrei fengið neinar leiðbeiningar um að nota skyldi hamar eða önnur verkfæri til að opna lásinn. Séu því ekki efni til að skerða bótarétt M á grundvelli meðábyrgðar, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Slysið hafi þá ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, en tilkynning hafi ekki verið send fyrr en rúmum sex mánuðum eftir að slysið atvikaðist þrátt fyrir að M hafi verið óvinnufær í kjölfar þess. Af dómaframkvæmd megi ráða að strangar skyldur hvíli á vinnuveitendum að hlutast til um að rannsókn á slysum eigi sér stað og sé vanrækt að senda slíka tilkynningu beri við úrlausn mála að líta til framburðar tjónþola hvað atvik og aðstæður á slysdegi varðar. Er á grundvelli framangreinds farið fram á óskertar bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt lýsingu M á atvikum á matsfundi hafi hann verið að vinna á lyftara við affermingu vörubifreiðar. Hann hafi séð að vörubílsstjórinn átti í erfiðleikum með að taka skjólborðið niður og hafi hann þá komið honum til aðstoðar. Hafi M notað flatan lófa hægri handar til að slá í festingarnar og hafi hann ekki fundið fyrir neinu fyrr en um kvöldið. Þá hafi hann verið kominn heim til sín og verið að dytta að reiðhjóli er hann fann smell í hendinni. Sönnunarbyrði þess að slys hans verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna hvíli á M og hafi sú sönnun ekki tekist. M hafi sjálfur tekið ákvörðun um að losa festinguna með berum lófa frekar en að ná í einhver verkfæri. Dómafordæmi þau sem vísað er til í málskoti eigi ekki við enda hafi í þeim tilvikum verið um það að ræða að vanbúnaður sem slíkur hafi valdið slysi. Slys M verði hins vegar ekki rakið til vanbúnaðar heldur þeirrar gáleysislegu aðferðar sem M ákvað að beita. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 292/2010 framangreindu til stuðnings. Þá er því mótmælt að slaka eigi á sönnunarkröfum vegna þess að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu strax. Sé enda enginn ágreiningur um málsatvik sem slík og hefði rannsókn eftirlitsins ekki varpað skýrar ljósi á þau. Þá hafi M klárað vinnudaginn og í raun ekki fundið fyrir neinu fyrr en að honum loknum. Hafi því skylda til

tilkynningar á grundvelli 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ekki stofnast. Af öllu framangreindu leiði að slys M verði rakið til óhappatilviljunar og gáleysis M sjálfs og sé bótaskylda því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að X hafi haft vitneskju um umræddan vanbúnað í lengri tíma en tekið meðvitaða ákvörðunum að bíða með að gera við hann. Verði X að bera ábyrgð á þeirri ákvörðun sem hafi leitt til þess að öryggi starfsmanna var ekki tryggt til samræmis við lög og reglugerðir. Þá hafi X vanrækt að útbúa sérstakt verklag vegna vanbúnaðarins og ekki gripið til neinna annarra aðgerða vegna hans. Hafi því verið um saknæmt og ólögmætt athafnaleysi að ræða sem hafi að endingu valdið líkamstjóni M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. M byggir á því að þar sem Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slys M fyrr en 20. nóvember 2022 verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem leiði af því að rannsókn á tildrögum slyssins hafi ekki átt sér stað. Fyrir liggur að M var óvinnufær frá 21. maí 2022 til 21. ágúst 2022. Þá virðist óumdeilt að X hafi ekki verið ljóst að slys hafi átt sér stað fyrr en daginn eftir að það atvikaðist, þ.e. 21. maí 2022. Þar sem læknisfræðileg gögn benda þó til þess að fljótlega hafi komið í ljós að um nokkurt líkamstjón og óvinnufærni hafi verið að ræða verður að telja að X hafi borið að tilkynna um slysið án ástæðulausrar tafar. Verður þó ekki fallist á að það hafi áhrif á sönnunarstöðu aðila enda verður ekki séð að neinn ágreiningur sé fyrir hendi hvað varðar atvik málsins sem slík.

Fyrir liggur að umræddir lásar hafi verið í ólagi og að X hafi verið kunnugt um það. Liggur jafnframt fyrir að þegar M varð þess var að lásinn stóð á sér umrætt sinn greip hann til þess ráðs að slá á hann með flötum lófa en óumdeilt er að líkamstjón hans sé að rekja til þess.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að tjón M sé ekki að rekja til vanbúnaðar lássins sem slíks heldur þess að hann sló í nokkur skipti á lásinn með flötum lófa. Verður að telja að önnur, og áhættuminni aðferð hafi staðið honum til boða umrætt sinn, þ.e. að nota hamar eða önnur verkfæri til að lemja lásinn með. Verður þá ekki talið að sérstakra leiðbeininga eða verklagsregla hafi verið þörf hvað það varðar. Verður þá jafnframt að líta til þess að á tjónsdegi hafði M, eftir því sem fram kemur í fyrirliggjandi matsgerð, 36 ára reynslu af sambærilegum störfum, þ.e. í tækjavinnu sem felur í sér að færa varning milli staðar. Verður því að telja að honum hafi mátt vera ljóst að áhætta gæti falist í því að beita þeirri aðferð sem hann gerði. Þrátt fyrir að X hafi verið kunnugt um umræddan vanbúnað verður þá ekki talið að fyrirsjáanlegt hafi verið að tjón gæti hlotist af honum með þeim hætti sem raunin varð.

Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna og að mati nefndarinnar liggur ekki annað fyrir en að um óhappatilvik og eigin aðgæsluleysi hafi verið að ræða. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 31/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging (réttaraðstoðartrygging).

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 22. janúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. mars 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 7. janúar 2025 barst V krafa þess efnis frá M að V viðurkenndi bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu sem M er með í gildi hjá V. Kom fram að M þyrfti að höfða mál í Svíþjóð vegna ágreinings varðandi dánarbús föður M. Faðir M hafi verið búsettur í Svíþjóð á dánardegi og málið ætti því undir sænska lögsögu. V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að málið félli utan landfræðilegra marka tryggingarinnar.

Í málskoti kemur fram að M telur að neitun V, sem byggi á mjög þröngu ákvæði í vátryggingarskilmálum, feli í sér brot á mannréttindum, þ.e. rétti til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Með höfnun á réttaraðstoð sé V að mismuna vátryggingartökum.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2025, kemur fram að í 49. gr. skilmála sem gilda um réttaraðstoðartrygginguna sé landfræðilegt gildissvið tryggingarinnar afmarkað. Í fyrri málslið 49. gr. komi fram að landfræðilegt gildissvið tryggingarinnar sé bundið við Ísland. Í seinni málslið 49. gr. sé að finna undantekningu sem kveði á um að tryggingin gildi þó einnig ef „þeir atburðir eða atvik sem liggja að baki kröfunni gerast á Norðurlöndunum eða utan þeirra þegar tryggður er á ferðalagi og ágreiningurinn varðar hann sem ferðamann.“ Þá bendir V á að í 1. mgr. 48. gr. skilmálanna sé sérstaklega afmarkað með tæmandi hætti hvað sé tryggt. Þar komi fram að tryggingin bæti ágreining sem kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar á Íslandi. Með þessum hætti hafi V sérstaklega tiltekið þá dómstóla sem tryggingin tekur til. Því verði málskostnaður vegna málshöfðunar fyrir öðrum dómstólum ekki felldur undir tryggingunna.

V mótmælir jafnframt þeim rökum M sem fram koma í málskoti. Bendir V á að um sé að ræða frjálsa tryggingu á neytendamarkaði. Félaginu sé því heimilt að setja í skilmála framangreindar hlutlægar ábyrgðartakmarkanir sem lúti að landfræðilegu gildissviði tryggingarinnar. Þau ákvæði sem séu skýr, gildi því samkvæmt orðanna hljóðan.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 19. mars 2025, eru fyrri rök ítrekuð og bent á að M telji að skilmálaákvæðið sé óréttmætt samkvæmt 36. gr. samningalaga og andstæð góðri viðskiptavenju.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 20. mars 2025, eru fyrri rök ítrekuð. Þá er því mótmælt að umrætt skilmálaákvæði sé ósanngjarnt eða stríði gegn góðum viðskiptaháttum þannig að víkja beri því til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Álit.

Ágreiningur aðila varðar samkvæmt framansögðu það hvort bótaskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V sé til staðar.

Í 49. gr. skilmála sem gilda um réttaraðstoðartrygginguna er landfræðilegt gildissvið tryggingarinnar afmarkað. Í fyrri málslið 49. gr. kemur fram að landfræðilegt gildissvið tryggingarinnar sé bundið við Ísland. Í seinni málslið 49. gr. er að finna undantekningu sem kveður á um að tryggingin gildi þó einnig ef „þeir atburðir eða atvik sem liggja að baki kröfunni gerast á Norðurlöndunum eða utan þeirra þegar

tryggður er á ferðalagi og ágreiningurinn varðar hann sem ferðamann.“ Þá er tekið fram 1. mgr. 48. gr. að tryggingin bæti ágreining sem kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar á Íslandi.

Nefndin telur að framangreind ákvæði séu skýr og beri að túlka þau samkvæmt orðanna hljóðan, nokkuð sem leiðir til þess að kostnaður M vegna málshöfðunar í Svíþjóð fellur utan gildissviðs tryggingarinnar. Þá telur nefndin jafnframt að ekkert það hafi komið fram í málinu sem bent gæti til þess að framangreind skilmálaákvæði séu ósanngjörn eða stríði gegn góðum viðskiptaháttum þannig að víkja beri þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Á grundvelli framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að hafna beri kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 33/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 9. desember 2024 fékk M tölvubréf frá V þess efnis að tjónstilkynning hafi borist félaginu vegna tjóns á bifreiðinni B. Jafnframt kom fram að því væri haldið fram að tjónið mætti rekja til þess að bifreiðinni A, sem er í eigu M, hafi verið ekið aftan á B daginn áður. Kemur jafnframt fram að M hafi ekki kannast við að hafa rekist á B eða nokkurn annan bíl í umrætt sinn. Hann hafi verið sá eini sem notaði A þennan dag. Í tjónstilkynningu, dags. 8. desember 2024, er m.a. tekið fram að þegar tilkynnandi var að koma að bílastæðinu hafi hann séð úr fjarlægð að einhver var að skoða bíla. Væntanlega er þar átt við A og B. Þegar tilkynnandi hafi skoðað A og B hafi hann séð skemmd á afturstuðara B og sambærilega skemmd framan á A. Í tilkynningunni er tekið fram að A hafi verið sú bifreið sem tilkynnandi taldi að væri í órétti. Ekkert kemur fram um að tilkynnandi hafi rætt við þann sem hann segist hafa séð við bílana. Þá var heldur ekki gerð sameiginleg tjónstilkynning né var kallað eftir aðstoð frá Aðstoð og öryggi eða lögreglu.

Í framhaldi af tölvubréfinu frá V fór M með A á verkstæði í tjónaskoðun. Þar var framendi A skoðaður og myndaður. Í málinu liggur fyrir staðfesting frá viðkomandi verkstæði þess efnis að ekki væri hægt að sjá ákomu framan á A. V hafi hins vegar ekki viljað styðjast við þessar upplýsingar við afgreiðslu málsins. Þess í stað hafi félagið farið fram á það við M að eigendur beggja bifreiðanna hittust ásamt starfsmanni Aðstoðar og öryggis. Varð það úr. Í niðurstöðu skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 16. desember 2024, segir eftirfarandi: „Við samanburð á bifreiðunum kom í ljós brot í fremri númeraramma á [A]. Brotið var í sömu hæð og tjónið aftan á [B]. Þá stendur númeraramminn framan á [A] út frá framstuðaranum og er sá hluti sem fyrst myndi fara í aðra bifreið við þær aðstæður sem lýst er í máli þessu. Skýrsluritari telur sannað, þrátt fyrir neitun eiganda [A], að árekstur hafi átt sér stað umrætt sinn og að ökumaður [A] hafi ekki tekið eftir árekstrinum.“ Að fenginni þessari skýrslu tók V þá ákvörðun að ökumaður A hafi valdið tjóninu og það yrði bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. M getur ekki sætt sig við þá niðurstöðu. Túlkar nefndin málatilbúnað M með þeim hætti að þess sé krafist að nefndin úrskurði á þá leið að það teljist ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Í athugasemdum frá V, dags. 14. febrúar 2025, kemur fram það sem að framan greinir, m.a. að félagið hafi ákveðið að leggja niðurstöðu skýrslunnar til grundvallar afgreiðslu á málinu. Einnig vísar V til þess sem fram kemur í tilkynningu um tjónið.

Í viðabótarathugasemdum M, dags. 17. febrúar 2025, er því mótmælt að M hafi verið sá maður sem tilkynnandi segir að hafi verið að skoða bílanna. Þá er bent á það að tilkynnandi virðist ekki hafa haft nein samskipti við þann mann, enda sé aðeins minnst á að hann hafi séð manninn úr fjarlægð. Að lokum er sú afstaða M ítrekuð að það sé ekkert fram komið sem bendi til þess að A hafi komið nálægt B.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt hafi verið fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A. Hér hvílir sönnunarbyrðin á V. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að V hafi ekki tekst sú sönnun. Í því sambandi bendir nefndin á að engin sameiginleg tjónstilkynning var gerð á vettvangi né kölluðu aðilar eftir aðstoð frá Aðstoð og öryggi eða lögreglu. Í raun liggja því engin frumgögn fyrir um málsatvik. Þessu til viðbótar er á því byggt að tilkynnandi hafi séð mann við bílana í umrætt sinn án þess, að því virðist, að hafa gert tilraun til að ræða við þann mann. Nefndin telur því að gegn eindreginni neitun M, allt frá upphafi, dugi þau gögn sem fyrir liggja í málinu ekki til þess að hægt sé að ganga út frá því að það teljist sannað að tjónið á B verði rakið til notkunar A. Hér breytir niðurstaðan í fyrirliggjandi skýrslu engu að mati nefndarinnar,

enda byggir hún frekar á samanburði á bílunum tveimur en á óumdeildum upplýsingum um atvik máls. Þó skemmdir á bílunum séu þess eðlis að þær geti fræðilega komið heim og saman við það sem haldið er fram í tilkynningu um tjónið, þýðir það því ekki að mati nefndarinnar, að framangreind lögfræðileg sönnun hafi tekist.

Niðurstaða.
Það telst ósannað að tjónið á bifreiðinni B verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 34/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.

Gögn.

1. Málskot dags. 17. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. febrúar 2025, ásamt vátryggingarskilmálum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. mars 2025, ásamt veðurgögnum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. mars 2025.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að þann 21. nóvember 2022 hafi M runnið á blautum tröppum á leið sinni úr kjallara vinnustaðar síns hjá X. Umræddar tröppur liggja að kjallara hússins en fyrst er farið niður fyrir húsið og svo ganga tröppur upp að kjallarahurðinni. Mikil úrkoma var og voru tröppurnar blautar og höfðu ekki verið hreinsaðar nægilega vel. Misreiknaði M þrepin og steig vitlaust niður með þeim afleiðingum að hann rann og fann strax fyrir miklum verk í hægri hásin. Reyndist hann síðar hafa rofið hægri hásin. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans, X, hafði hjá V á slysdegi. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað á grundvelli þess að slysið falli ekki innan skilgreiningar á hugtakinu slys í skilmálum tryggingarinnar.

Í málskoti vísar M til tjónstilkynninga vinnuveitanda, tilkynninga til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins. Í öllum þessum tilkynningum, sem undirritaðar eru af vinnuveitanda og M, er atvikinu lýst á þann veg að M hafi verið að ganga upp stiga í kjallara vinnustaðarins, stigið vitlaust í tröppu, misstigið sig og fallið við. Bendir M á að allar tilkynningarnar hafi verið skrifaðar af X og eru dagsettar 10. janúar 2023, rúmlega einum og hálfum mánuði eftir að slysið átti sér stað. M hafi skrifað undir þær án þess að gera sér grein fyrir því að þær gætu haft áhrif á mat á bótaskyldu. Hugtakið „misstig“ geti haft nokkrar merkingar. Telur M að slysið falli ótvírætt undir skilgreiningu hugtaksins slys. Ljóst þyki að slys M hafi orsakast af því að hann misreiknaði sig þegar hann var að ganga upp tröppurnar, steig vitlaust í þrep og rann í kjölfarið. Slysið hafi því verið frávik frá því sem telst til eðlilegrar atburðarásar og stafaði af þáttum eða áhrifum sem stóðu M utan frá. Atburðurinn hafi gerst með skyndilegum og óvæntum hætti. Tröppurnar hafi verið sá utanaðkomandi atburður sem leiddi til falls hans og alvarlegs rofs á hægri hásin. Rekur M dóma héraðsdóms og Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að hvergi í gögnum málsins, öðru en málskoti, komi fram að M hafi runnið á blautum tröppum á leið sinni upp úr kjallaranum og að tröppurnar hafi ekki verið hreinsaðar nógu vel. V telur ósannað að atvikið hafi gerst með þeim hætti. Verði því að leggja til að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst er í tjónstilkynningum, frá bæði X og M, atvikaskráningu og læknisfræðilegum gögnum. Öll fyrirliggjandi samtímagögn beri með sér að meiðsl M sé ekki að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar og sú lýsing sem M byggi á í málskoti hafi fyrst komið fram eftir að hann leitaði til lögmanns vegna atviksins. Þær málsatvikalýsingar séu ótrúverðugar og sé sönnunargildi þeirra takmarkað eða ekkert. Er það mat V að M hafi ekki með neinum hætti fært fram sönnun fyrir því að ástæða þess að hann missteig sig sé að rekja til utanaðkomandi atviks.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að íslensk dómaframkvæmd staðfesti að ytri þættir líkt og hálka, sleipt yfirborð eða hindranir geti talist utanaðkomandi atburðir. Engin læknisfræðileg gögn styðji að innri verkun, t.d. sjúkdómsástand, hafi verið orsök slyssins. Það sé á ábyrgð V að sanna slíka tilgátu, ekki M að afsanna hana.

Í viðbótarathugasemdum V er því mótmælt að sönnunarbyrði hvíli á V. Það sé M að sanna með gögnum að meiðsl hans séu tilkomin vegna skyndilegs utanaðkomandi atviks. Sú sönnun hafi ekki tekist og beri því að hafna kröfu M um viðurkenningu á bótaskyldu.

Álit.

Í 8. gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans“. Krafan um utanaðkomandi atburð hefur verið túlkuð á þann veg að meiðsli sem rekja megi til sjúkdóma eða innra ástands í líkama vátryggðs, falli ekki undir slysahugtakið.

Hvað atvikalýsingu varðar verður að byggja á frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburðir vitna, styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Engir vitnaframburðir liggja fyrir og eru einu viðbótargögnin, skráningar í sjúkraskrá M. M leitaði fyrst til læknis eftir atvikið þann 28. nóvember 2022, viku eftir fallið. Í nótu læknisins segir: „Einkenni byrjuðu fyrir 3-4 vikum. Verkir aftan í hásin og upp í kálfa. Verri eftir vinnudag. Neitar mæði og brjóstverk. Aðgerðarsaga á þessum fæti, bæði hnéprótesa sem hefur sýkst og vegna tarsal tunnel syndrome. …. Minnist þess ekki að hafa hlotið áverka á fótlegg nýlega.“ Við endurmat hjá lækni 7. desember 2022 er vísað til fyrri skráningar en bætt við „Fyrir mánuði var í vitlausum skóm án innleggs og fer að finna þá til. Fór svo skánandi, en versnar núna aftur á föstudaginn þegar missteig við að ganga í tröppu. Verkur núna meira upp í kálfanum.“

Af ofangreindu verður ekki annað ráðið en að meiðsli M verði rakin til innra álags eða veikleika sem virðist hafa verið til staðar fyrir misstigið þann 21. nóvember 2022 en mögulega versnað þann dag. Að mati nefndarinnar verður á grundvelli fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna að telja nægilega sýnt fram á að fall M sé að rekja til innra ástands líkama M en ekki utanaðkomandi atburðar. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 35/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags 12. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. mars 2025.
4. Bréf V2 dags. 9. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 16. október 2024, lagt bifreið sinni, B, fyrir framan verslun og hafi börn hennar beðið í bifreiðinni meðan M fór inn í verslunina. Meðan hún var inni í versluninni hafi annað barna hennar hringt og sagt að ekið hefði verið á B. M hafi þá farið út og séð að eigandi A var að nudda framenda hennar, þ.e. endann sem sneri að B. M og eigandi A hafi átt tal saman og hann hafi sagst hafa fundið fyrir „hnjaski“ þegar hann lagði í stæðið við hlið B. Eigandi A hafi þá gefið henni upp símanúmer sitt og sagt henni að tilkynna tjónið. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu þar sem eigandi A hafi ekki kannast við að hafa valdið tjóni á B. M hafi haft samband við eiganda A sem hafi þá sagst ekki hafa ekið utan í B og að „hnjaskið“ hafi verið vegna holræsis sem hann ók ofan í. M hafi þá haft samband við vátryggjanda B, V2, sem hafi hlutast til um skoðun Aðstoðar og öryggis á ákomum á bifreiðarnar. Hafi niðurstaða þeirra skoðunar verið sú að lögun tjóna hafi að hluta passað saman, en ekki hæð þeirra. Telji M að hæðarmismuninn megi rekja til hæðarmismunar vegna holræsis á bifreiðastæðinu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að einhliða tjónstilkynning hafi borist frá M hinn 1. nóvember 2024. Í kjölfarið hafi V kallað eftir upplýsingum frá eiganda A. Eftir ítrekaðar tilraunir hafi eigandi A haft samband og sagst „ekki hafa keyrt utan í B og það sjáist ekkert á hans bíl.“ Hafi rannsókn Aðstoðar og öryggis leitt í ljós tvær sjáanlegar ákomur á hægra framhorni A, aðra í 45-52 sentimetra hæð og hina í 58-72 sentimetra hæð. Þá hafi ákomur verið á vinstri hlið B og vinstra afturhorni, en hafi þær að mati rannsakanda ekki verið samfelldar. Hafi rispur á vinstri hlið verið í 52 sentimetra hæð og í 59-77 sentimetra hæð. Á vinstra afturhorni B hafi verið eitt tjón í 63-74 sentimetra hæð. Með hliðsjón af því að eigandi A hafni því að hafa valdið tjóninu, svo og því að ákomur á bifeiðunum passi ekki nægilega saman telji V ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A. Þá sé almennt mikil umferð á umræddu bifreiðastæði og ekki sé útilokað að önnur bifreið hafi ekið utan í B.

Í bréfi V2, vátryggjanda B, til nefndarinnar er tekið undir rökstuðning M. M hafi verið stöðug í frásögn sinni og líklegt sé að akstur A yfir holræsi á bifreiðastæðinu skýri misræmi í hæð og stærð tjóna á bifreiðinum.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Fyrirliggjandi eru ljósmyndir af bifreiðunum A og B þar sem þeim er lagt talsvert þétt saman í bifreiðastæði. Milli bifreiðanna má þá sjá holræsi sem eðli máls samkvæmt er neðar en annað yfirborð bifreiðastæðisins. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en ekki hafa verið bornar brigður á þá frásögn M að eigandi A hafi verið að skoða bifreið sína er M kom á vettvang og að þau hafi tekið tal saman.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis dags. 21. nóvember 2024, kemur fram að sjáanlegt tjón hafi verið á vinstri hlið og vinstra afturhorni B og á hægra framhorni A. Ekki verður annað ráðið af skýrslunni, né ljósmyndum af bifreiðunum, en að um nýlegar ákomur sé að ræða. Í skýrslunni kemur fram að tjón á B hafi ekki verið samfellt, að efri mörkum efri tjóna á A og B hafi skeikað um þrjá sentimetra, og að neðri mörkum þeirra hafi skeikað um einn sentimetra. Hafi því munað tveimur sentimetrum á stærð þeirra. Stærð neðri tjóna á bifreiðunum hafi skeikað um sex sentimetra og verið stærra á B. Lögun tjónanna hafi að hluta passað saman en hæð og stærð ekki.

Nefndin telur frásögn M trúverðuga og telur jafnframt hæðar- og stærðarmismunur á ákomum á bifreiðarnar geta hafa orsakast af hæðarmisfellu á bifreiðastæðinu sjálfu, og því að önnur bifreiðanna var kyrrstæð, en ekki verður séð að rannsókn Aðstoðar og öryggis hafi tekið til þeirra atriða.

Í ljósi alls þess, svo og þess því hefur ekki verið mótmælt af hálfu eiganda A að hann hafi fundi fyrir „hnjaski“ á vettvangi er það mat nefndarinnar að nægilega hafi verið sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 36/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 16. maí 2017 gengist undir speglun í legi hjá lækninum X. Þegar M vaknaði eftir aðgerðina hafi liðið yfir hana og hún verið látin liggja í tvær til þrjár klukkustundir með súrefni og næringu í æð. Þegar til stóð að senda M heim hafi aftur liðið yfir hana og hún þá verið send á Landspítalann með sjúkrabifreið. Þar hafi komið í ljós að slagæð í kvið M fór í sundur með þeim afleiðingum að kviður hennar fylltist af blóði og þurfti hún að gangast undir bráðaaðgerð vegna þess. Atvikið hafi valdið M varanlegu líkamstjóni og hafi hún þurft að minnka við sig vinnu vegna afleiðinga þess. Þá hafi verið um mikið andlegt áfall að ræða og hafi M m.a. þróað með sér kvíða gagnvart læknisfræðilegum aðgerðum. Hafi M á grundvelli framangreinds krafist bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V en V talið nauðsynlegt að leita álits landlæknis áður en afstaða væri tekið til bótaskyldu. Álit embættisins hafi borist 31. ágúst 2024. Í kjölfarið hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að skilyrði skv. 1. eða 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 væru ekki uppfyllt. M telur að X hafi sýnt af sér vanrækslu við aðgerðina og eftirfylgni í kjölfar hennar. Af umsögn óháða sérfræðingsins Y, sem landlæknir óskaði eftir, megi ráða að við aðgerðina hafi ekki verið kannað nægilega hvar umrædd æð væri staðsett, en staðsetning hennar sé mismunandi eftir sjúklingum. Þá hafi ekki verið fylgst nægilega með því hvort um blæðingu væri að ræða. Miðað við ástand hennar hefði þá átt að senda M strax og hún vaknaði til frekari rannsókna en í umsögn Y komi m.a. fram að þegar blóðþrýstingsfall og vanlíðan komi fram eftir svæfingu sé mikilvægt að útloka að um fylgikvilla eins og blæðingu sé að ræða. Þegar M var loks flutt á sjúkrahús hafi hún verið í lífshættu en til þess hefði ekki komið hefði X brugðist rétt við. Af umsögninni megi þá jafnframt ráða að upplýsingar um umrædda aðgerð séu takmarkaðar og ófullnægjandi og verði X að bera hallann af því. Telur M því að bótaskylda á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé til staðar og vísar jafnframt til dómafordæma því til stuðnings. Byggir M þá einnig á því að bótaskylda á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé fyrir hendi enda sé um að ræða sjaldgæfan fylgikvilla sem valdið hafi M varanlegu líkamstjóni og skert lífsgæði hennar og tekjuöflunarhæfni. Í umsögn Y komi þá fram að afar sjaldgæft sé að aðgerðir sem þessi leiði til blæðingar og í upplýsingabæklingi frá X komi fram að tíðni fylgikvilla sé um 0,3%. Séu skilyrði 4. tl. fyrir bótaskyldu því uppfyllt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að álit Y og landlæknis séu samhljóma varðandi það að blæðing frá kviðvegg verði ekki rakin til mistaka eða vanrækslu X í aðgerðinni eða eftir hana. Í skýrslu svæfingalæknisins Z komi m.a. fram að lífsmörk M hafi verið góð eftir aðgerðina en eftir 70-80 mínútur hafi hún misst meðvitund. Hún hafi vaknað við verkjaáreiti og fengið efedrin og vökva í æð. Hafi lífsmörk þá orðið eðlileg en þegar grunur um blæðingu vaknaði hafi M verið send á sjúkrahús til eftirlits og rannsókna. Í áliti landlæknis segi að blæðing frá kviðvegg geti komið fram eftir að aðgerð er lokið og einkenni duldra blæðinga geti komið seint fram. Þá komi fram að gögn málsins bendi til þess að viðbrögð við merkjum um blæðingu hafi verið rétt og tímanleg. Sé réttur til bóta á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu því ekki fyrir hendi. Er þá vísað til athugasemda í greinargerð með 4. tl. 1.mgr. 2. gr. laganna en á grundvelli þess sem þar komi fram telji V bótarétt samkvæmt því ákvæði ekki til staðar. Í áliti landlæknis komi fram að tilefni hafi verið fyrir umræddri aðgerð, sem hafi verið gerð í þeim tilgangi að rannsaka hvort alvarlegur sjúkdómur væri til staðar. Verði M því að bera hugsanlegt tjón vegna fylgikvilla, sér í lagi þar sem um algengan fylgikvilla sé að ræða, nema sýnt sé fram á að tjón hennar sé meira en svo að sanngjarnt sé að hún beri það bótalaust. M hafi ekki sýnt fram á neitt tjón af völdum blæðingarinnar, þ.e. ekki liggi fyrir örorkumat eða ítarlegt læknisvottorð sem sýni fram á tjón hennar. Sé bótaréttur því ekki til staðar.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að *öllum líkindum* rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. M byggir kröfu sína á 1. og 4. tl. sem eru svohljóðandi: *1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. … 4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.*

Fyrirliggjandi er álit landlæknisembættisins dags. 30. ágúst 2024. Þar kemur m.a. fram að embættið telji að ábending hafi verið fyrir aðgerðinni og að „skynsamleg aðgerð“ hafi verið ákveðin. Hún hafi þá verið rétt og eðlilega framkvæmd svo langt sem unnt sé að greina af gögnum málsins. Blæðing sé þá einn algengasti fylgikvilli aðgerða og blæðing frá kviðvegg sé þekktur fylgikvilla kviðsjáraðgerða. Geti hún komið til án þess að mistök eða vanræksla séu orsakaþættir. Gagnrýna megi að í aðgerðalýsingu hafi þess ekki verið getið að gætt hafi verið að blæðingu. Í umsögn Y komi þó fram að ekki sé algild regla að tilgreina það enda teljist aðgæsla að blæðingu fastur þáttur í hvers kyns kviðarholsskurðaðgerðum. Geti dulin blæðing þá hafist eftir að aðgerð lýkur. Er það einnig niðurstaða landlæknis að gögn málsins bendi ekki til þess að eftirliti með aðgerð hafi verið ábótavant þannig að jafna megi því til vanrækslu. Niðurstaða landlæknis er því sú að um þekktan fylgikvilla hafi verið að ræða og að brugðist hafi verið við með réttum og tímanlegum hætti þegar dulinnar blæðingar varð vart. Sé því ekki unnt að staðfesta að mistök eða vanræksla hafi átt sér stað.

Af framangreindu, svo og heildstæðu mati á öllum gögnum málsins, leiðir að nefndin telur ekki sýnt fram á að mistök hafi átt sér stað við meðferð M. Liggur ekki annað fyrir en að um þekktan fylgikvilla sé að ræða sem geti komið til þrátt fyrir að meðferð sé hagað eins vel og unnt er og til samræmis við reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Er þá ekki sýnt fram á að mistök hafi átt sér stað við umönnun M eftir aðgerðina. Er það því mat nefndarinnar að bótaskylda á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé ekki fyrir hendi, enda sé ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem að öllum líkindum megi rekja til atriða sem falla innan skilgreiningar þess ákvæðis.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu þá er það skilyrði hennar að tjón sé meira en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni sem hafi skert lífsgæði hennar og aflahæfi. Þá lýsir M vandamálum á meðgöngu og því að hún fái stingi í magann. Af sjúkraskrá M má þá ráða að hún þjáist af kvíða og þunglyndi. Hins vegar liggja engin frekari gögn, s.s. ítarlegt læknisvottorð, er sýni fram á orsakatengsl aðgerðarinnar og eftirkasta hennar við þau einkenni sem M telur afleiðingu af meðferð X, né um umfang þeirra einkenna. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður því ekki talið sýnt fram á að umfang fylgikvilla meðferðarinnar sé slíkt að framangreint skilyrði bótaskyldu á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 2. gr. sé uppfyllt.

Þó sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari en ella þegar kemur að sjúklingatryggingu hvílir það samt sem áður á M að sýna fram á að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af framansögðu er það mat nefndarinnar að það hafi ekki tekist og að skilyrði bótaskyldu séu því ekki uppfyllt. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 37/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M féll í bleytu á gólfi líkamsræktarstöðvar X og hlaut líkamstjón hinn 21. nóvember 2022. Þann morgun var M í líkamsræktartíma hjá útibúi X. Í þeim tíma var hlaupið niður ganginn og upp stigann. Nýr starfsmaður hafi verið að skúra á sama tíma og M rann í sápupolli á gólfinu. Með bréfi, dags. 13. október 2023, gerði M kröfu um bætur vegna líkamstjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að slysið verði rakið til óhappatilviljunar eða óaðgæslu M sjálfrar.

M vísar í málskoti til tölvupósts vitnisins A og samskipta M við starfsmenn X. Hún hafi með tölvupósti tilkynnt X um slysið í sömu viku. Í þeirri næstu gerði M margar tilraunir til að ná sambandi við stöðvarstjóra sem tókst 7. desember 2022 og lýsti hún í tölvupósti til hans áverkum og slysinu. Hafi X haft fullt tilefni til að kanna málið til hlítar. Standi það X nær að tryggja að atvik eins og þetta séu upplýst enda hafi X myndavélar og alla aðstöðu til þess. Vafa verði að túlka tjónþola í hag.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að slysið hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir, hvað þá að gögn beri með sér að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi orsakað slys hennar. Samkvæmt lýsingu vitnis gerðist slysið ekki í hóptíma, heldur á leið frá búningsklefum að leikfimisalnum. Í lýsingunni komi fram að M hafi runnið á bleytu á ganginum og dottið. Þar komi ekki fram að starfsmaður hafi verið við ræstingar þegar slysið gerðist eða að sápupollur hafi verið á gólfinu. Þá sé sömuleiðis með öllu ósannað hvort X eða starfsmenn þess hafi fengið upplýsingar um bleytu á gólfinu, hafi hún yfir höfuð verið til staðar. Starfsmenn X hafi ekki fengið upplýsingar um atvikið fyrr en nokkrum dögum eftir að það gerðist og ekki hafi verið tiltækar upptökur af svæðinu sem um ræðir.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún hafi samdægurs látið X vita af slysinu. Starfsmaður sem var að skúra hafi séð atburðinn gerast og hafi M farið í afgreiðsluna og óskað eftir stöðvarstjóra sem ekki var við. Í sömu viku hafi hún haft samband við X og látið vita af slysinu og svo rætt við stöðvarstjóra þann 7. desember. Hafði starfsfólk X því næg tækifæri til að fara yfir þennan atburð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum. Í þessu máli er ljóst af gögnum, og þá sérstaklega framburði vitnis, að M hlaut líkamstjón þegar hún féll í bleytu á gólfi líkamsræktarstöðvar X þann 21. nóvember 2022. Staðfestir vitnið að bleyta á gólfi hafi orsakað slysið en ekki að sápa hafi verið á gólfinu né að starfsmaður X hafi verið við ræstingar. Gegn höfnun X verður þannig að telja ósannað að starfsmaður X hafi verið að skúra umrætt sinn og skilið eftir sápupoll á gólfi líkamsræktarmiðstöðvarinnar. Þannig liggur ekki fyrir hvaðan umrædd bleyta stafaði eða hvort X mætti vera kunnugt um hana eða mögulega slysahættu sem af henni stafaði. Verður samkvæmt framansögðu miða við að ekki sé sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 38/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 23. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. janúar 2025
4. Bréf V1 dags. 30.janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti segir að hinn 18. desember 2024 hafi orðið árekstur með bifreiðunum A, sem M ók og B á Hlíðasmára í Kópavogi, fyrir ofan húsnæði Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega skýrslu á vettvangi en hvor þeirra um sig sendi sínum vátryggjanda tilkynningu um atvikið. Í tilkynningu M til V1 segir að A hafi verið ekið áfram á götunni, en að B hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs. A hafi verið ekið Hlíðasmára í vesturátt og B hafi rekist í hliðina á A. Í tjónstilkynningu ökumanns B til V2 segir að A hafi verið beygt inn á Hlíðasmára til vinstri en B hafi verið ekið eftir Hlíðasmára. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem lagði alla sök á M, sem hefði borið að veita umferð um Hlíðasmára forgang við akstur út af bifreiðastæði.

M fellir sig ekki við þau málalok enda byggi niðurstaða nefndarinnar á þeirri röngu forsendu að M hafi verið að aka út af bifreiðastæði við Hlíðasmára 2 er áreksturinn varð. Hið rétta sé að M hafi þegar ekið út af bifreiðastæðinu og hafi ekið eftir Hlíðasmára fram hjá innkeyrslu að húsnæði sýslumanns. Sé niðurstöðu tjónanefndar því hafnað. Eru þá gerðar athugasemdir við að þau gögn sem stafi frá V2 og ökumanni B séu frekar fátækleg, en ljóst sé þó að áreksturinn hafi ekki orðið í beygjunni við Hlíðasmára 2 heldur við enda innkeyrslu að Hlíðasmára 1. Hafi M því verið búin að ljúka beygjunni og hafi hún verið á beinni leið eftir Hlíðasmára. Styðji ákomur á bifreiðarnar einnig við þá atvikalýsingu en samræmist ekki þeirri atburðarás að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Telji M að B hafi annað hvort verið ekið inn á veginn frá innkeyrslu við Hlíðasmára 1, eða ökumaður hennar hafi fyrir slysni sveigt inn á innkeyrsluna og svo aftur út á veg. Er þess því krafist að öll sök verði lögð á ökumann B.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að á afstöðumynd megi sjá að B hafi ekið með aksturssstefnu beint áfram til vesturs út Hlíðasmára og að A hafi verið á röngum vegarhelmingi með aksturssstefnu til vesturs, en á Hlíðasmára sé aðeins ein akrein í hvora átt. Verði því ekki annað séð en að A hafi verið ekið á móti umferð eftir að henni var ekið út af bifreiðastæði og inn á aðalgötu Hlíðasmára. Áreksturinn hafi svo orðið við það að M hafi ekið A yfir á rétta akrein. Engin frekari gögn styðji þá vangaveltur M um að B hafi verið ekið inn á veginn frá innkeyrslu við Hlíðasmára 1 í aðdraganda áreksturs og megi ekki ráða af gögnum málsins að M hafi séð það gerast. Er afstaða V2 því sú að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið hafnað að A hafi verið ekið á móti umferð í aðdraganda áreksturs og séu vangaveltur V2 í þá veru ótrúverðugar. Bæði hafi umferð á vettvangi verið slík að það hefði verið ómögulegt og eins fæli slíkt hattalag í sér gróft brot gegn umferðarreglum. M hafi þá verið staðföst í atvikalýsingu sinni varðandi það að hún hafi ekið Hlíðasmára í vesturátt og B hafi rekist á A. Sé það þá nefndarinnar að meta hvor atvikalýsingin sé trúverðugri.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, kemur fram að atvikalýsingar í málinu stafi frá einhliða tilkynningum og lýsingum ökumanna. Telji V1 ósannað að M hafi ekið bifreið sinni út af bifreiðastæði við Hlíðasmára í veg fyrir B. Ekki sé tækt að láta framburð ökumanns B vega þyngra en framburð M varðandi það hvoru þeirra hafi borið að veita umferð um Hlíðasmára forgang við útakstur af bifreiðastæði. Sé því rétt að sök skiptist að jöfnu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi né sammæltust með öðrum hætti um lýsingu á aðdraganda árekstursins. Liggur heldur ekki fyrir neins konar afstöðumynd sem aðilar hafi sammælst um og af fyrirliggjandi ljósmyndum verður ekki ráðið hver afstaða bifreiðanna hafi verið í aðdraganda áreksturs. Virðast þá engin vitni hafa orðið að árekstrinum.

Eins og að framan er rakið er nokkur ágreiningur um málsatvik. Þannig má ráða af tjónstilkynningu ökumanns A að hún hafi ekið eftir Hlíðasmára, eftir að hafa ekið út af bifreiðastæði við Hlíðasmára 2, þegar ökumaður B skipti um akrein í veg fyrir A. Af frásögn ökumanns B má ráða að hann hafi ekið eftir Hlíðasmára þegar ökumaður A hafi skipt um akrein í veg fyrir B. Frásagnir ökumanna í tjónstilkynningum eru að öðru leyti ekki mjög ítarlegar. Í ljósi alls framangreinds telur nefndin sér ekki unnt að fullyrða um það hvor ökumanna hafi ekið í veg fyrir hinn og miðað við aðstæður á vettvangi verður hvorug framangreindra atvikalýsinga útilokuð.

Verður á grundvelli þessa að telja ósannað hver staða ökutækjanna var í aðdraganda áreksturs og verður við niðurstöðu ekki byggt á því að annar ökumanna beri sök umfram hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 39/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hinn 24. október 2024 er hann var að saga trélista með bútsög. Stóð öryggishlíf vélarinnar á sér í miðju verki og lokaði ekki fyrir blaðið á söginni með þeim afleiðingum að sagarblaðið náði í ermi M og hendi hans dróst í blaðið. Við þetta hlaut M áverka á hendi. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfu sína á því að X bar að tryggja góðan aðbúnað á vinnustað og sjá til þess að tæki og tól sem starfsmönnum sé gert að nota séu í góðu ásigkomulagi og að engin hætta stafi af þeim. Vísar M til skráðra og óskráðra reglna skaðabótaréttar sem og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Yfirmaður hans hafi átt sögina og hafi M ekki þekkt til þessarar tilteknu vélar þó hann hafi starfað við viðhald hjá X í einhvern tíma. Það eitt að sögin hafi verið CE merkt með öryggishlíf tryggi ekki að ásigkomulag hennar sé í lagi hverju sinni og óhætt sé að afhenda hana starfsmönnum sem ekki þekki til þessa tiltekna verkfæris til notkunar. Þá hafi X látið hjá líða að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Allan vafa um eiginleika sagarinnar og öryggishlífar verði að skýra X í óhag í ljósi þessa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að óhjákvæmilega feli vinna með slíka sög í sér hættu. Sögin sé CE merkt og með öryggishlíf og hafði aldrei áður staðið á sér. M sé með iðnmenntun og hafi verið búinn að nota hana áður en atvikið varð með góðum árangri og því gátu yfirmenn hans ekki vitað annað en að sögin væri í góðu lagi. M hafði unnið við viðhald hjá X frá því í október 2016 og ætti að vera kunnugt um hættur þess að vinna með beittar sagir af hvaða tegund sem er. Telur V að umrætt atvik hafi verið óhappatilvik. X hafi ekki sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í málskoti er því haldið fram að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og að X hafi borið að gera það í ljósi þess að M var frá vinnu í um tvo mánuði eftir slysið. Hefur M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður ekki annað ráðið en að ekki sé til staðar ágreiningur um málsatvik og því eru ekki efni til að víkja frá almennum reglum um sönnunarbyrði þó sannað væri að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína. Verður að mati nefndarinnar ekki talið X til sakar að hafa ekki prófað vélina eða öryggisbúnað hennar áður en M var falin notkun hennar. M hafði starfað við viðhald húsnæðis á vegum X frá árinu 2016 og má því gera ráð fyrir að hans þekking og reynsla hafi verið töluverð er kemur að notkun slíkra véla. Er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 40/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 7. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X í álveri Y 1. desember 2022, en X vann sem undirverktaki hjá Y. Í gögnum málsins er að finna þá lýsingu á málsatvikum að umrætt verk, sem fólst í að skipta um pönnuband í skautsmiðju, hafi verið nokkurn tíma í undirbúningi. Engin vinnulýsing hafi verið til um verkþáttinn en áhættugreining verið gerð í upphafi verks. Upphaflega hafi ætlunin verið að nota rafmagnsspil til að draga bandið þannig að hægt væri að tengja saman tvo enda þess. Rafmagnið hafi hins vegar leitt út og starfsmenn þá ákveðið að skipta um verklag og nota skotbómulyftara til þess að draga bandið. Hafi spotti verið festur í færibandið og hann dreginn að í gegnum blökk og lyftarinn svo notaður til að toga í spottann. Blökkin hafi verið fest í augaró sem staðsett var á kassa sem er utan um spilið. Þá kemur fram að eftir að búið hafi verið að draga þrjár „hífur“ hafi augaróin brotnað á meðan M hafi staðið í skotlínu við blökkina og spottann. Hafi M fengið spottann í fótinn með þeim afleiðingum að hann skarst illa og fótbrotnaði. Hafi M verið fluttur á sjúkrahús þar sem í ljós hafi komið að hann var fótbrotinn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart sér á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglna um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda. Telur M að X hafi ekki fullnægt skyldum sínum hvað varðar öryggi og aðbúnað á vinnustað. Krafa M sé því byggð á því að rekja megi slysið til hættulegra aðstæðna á vinnustaðnum þar sem verklagi, verkstjórn og vinnuaðstöðu hafi verið ábótavant, samanber lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá bendir M einnig á að áhættugreining hafi ekki verið endurskoðuð eftir að verklagi var breytt. Hafi sú vanræksla leitt til þess að öryggi starfsmanna, þar með talið M, hafi ekki verið tryggt. Einnig bendir M á að rafmagnsspil sem nota átti virkaði ekki eins og skyldi, nokkuð sem sé á ábyrgð X. Í málskotinu kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu, með bréfi dags. 14. júní 2024, m.a. með þeim rökum að X hafi verið verktaki hjá Y og því ekki farið með verkstjórn. Auk þess hafi V vísað til þess að það að áhættumat var ekki endurskoðað verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna X en M, þar sem það hafi ekki verið á þeirra ábyrgð. Þessu til viðbótar hafi V bent á að M hefði gegnt hlutverki flokkstjóra starfmanna X á svæðinu. Hann hafi því haft töluverða reynslu ásamt því að hafa undirgengist námskeið Y um öryggi og öryggiskröfur. Það hafi því staðið M næst að tryggja öryggi við verkið og því ekki við aðra starfsmenn X að sakast.

Í málskoti mótmælir M framangreindum rökum V. Bendir M á að hann hafi ekki verið verkstjóri og það að enginn verkstjóri hafi verið á staðnum er slysið átti sér stað sé á ábyrgð X. Engu breyti hér þó M hafi hugsanlega verið reynslumesti starfsmaðurinn á svæðinu, hann hafi hvorki farið með verkstjórn né borið ábyrgð á öryggi og aðbúnaði á vinnustaðnum. Ekki séu því forsendur til að byggja á því að slys M megi rekja til vanrækslu hans sjálfs. Þá bendir M á að X losni ekki undan þeirri skyldu sinni að tryggja öryggi á vinnustaðnum, jafnvel þó vinnan fari fram í starfsstöð verkkaupa, Y. Slík niðurstaða myndi ganga gegn meginreglunum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, samanber 17. gr. laga nr. 46/1980. Til viðbótar bendir M á að orsök slyssins hafi verið bilun í búnaði. Telur M ljóst að slys af þeim völdum sé á ábyrgð X, enda eigi vinnuveitandi að tryggja að verkfæri og allur búnaður sem nota þarf við vinnu, sé nothæfur og í lagi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 13. febrúar 2025, er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Eru framangreind rök V ítrekuð. Þá er sérstaklega bent á að ábyrgðin á því hvernig staðið var að verklagi í umrætt sinn hafi legið hjá verkstjóra sem hafi verið starfmaður Y en ekki X. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi einhverra annarra starfsmanna X en M. Bendir V á að verkstjórn á svæðinu hafi verið í höndum starfsmanns Y og ákvörðun um breytt verklag hafi verið á hans ábyrgð auk þess sem hann hafi útvegað spottann sem notaður var. Telur V að jafnvel þó sýnt væri fram á að starfsmaður X hafi átt hlut að máli, þá liggi fyrir að M hafi gegnt hlutverki flokksstjóra starfsmanna X. Hafi einhver starfsmaður X komið að ákvörðuninni um breytt verklag hafi það því verið M. Bendir V á að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að það hafi verið ákvörðun annarra starfsmanna X en M, að skipt var um verklag. M hafi vitað mæta vel hvernig réttast var að standa að breyttu verklagi. Þá hafnar V því einnig að slysið verði rakið til vanbúnaðar eða bilunar í tæki sem X verði látið bera skaðabótaábyrgð á. Fyrir liggi að ástand á tenglum og rafmagnsspilum á verkstað hafi ekki verið á ábyrgð X og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að viðhald eða eftirlit með tækjabúnaði hafi verið vanrækt af hálfu X. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 111/2023. Bendir V einnig á að ekki sé fyrir að fara í íslenskum rétti ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar í tækum. Það standi því upp á M að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu uppfyllt, nokkuð sem ekki sé raunin. Að lokum tekur V fram að greinargóð gögn liggi fyrir um atvikið, s.s. rannsóknarskýrsla Y. Telur V að jafnvel þó Vinnueftirlitið hefði mætt á staðinn samdægurs hefði ekkert annað eða nýtt verið leitt í ljós með slíkri heimsókn. Atvikið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins 5. desember 2022 og það liggi fyrir drög að eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. desember 2022. Því sé ekki tilefni til að láta X bera hallann af sönnunarskorti.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 28. febrúar 2025, eru fyrri rök M ítrekuð og eftirfarandi athugasemdir gerðar við málatilbúnað V. Bendir M m.a. á að í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. desember 2022, komi fram að engin vinnulýsing hafi verið til um þann verkþátt sem unnin var er M slasaðist. Á því beri X ábyrgð. Einnig komi fram í skýrslunni að yfirfara skuli verklagsreglur og áhættumat með tilliti til slyssins. Þá bendir M á að ekki liggi fyrir í málinu áhættugreining fyrir verkið né hafi öryggishandbók verið lögð fram. Verði X að bera halla af þeim sönnunarskorti sem af því hljótist. Þá bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en fimm dögum eftir slysdag, en um verulega alvarlegt slys hafi verið að ræða sem leiddi til þess að M var óvinnufær um langt skeið. Það að Vinnueftirlitið hafi ekki mætt á staðinn til að skoða aðstæður sé atriði sem eigi að hafa áhrif á mat á bótaskyldu X. Að lokum bendir M á að starfsfólk, þar með talið M, hafi unnið undir tímapressu, sem m.a. hafi leitt til þess að ekki var framkvæmd ný áhættugreining. Með þeim hætti hafi X vanrækt skyldur sínar til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Telur M að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með lítilli fyrirhöfn, m.a. hefði verið auðvelt að hafa tiltæka vinnulýsingu áður en verk var framkvæmt, eða tryggja að nýtt hættumat væri gert þegar verklaginu var breytt án þess að leggja of mikla tímapressu á starfsmenn. Þá bendir M á að byggja verði á ströngu sakarmati hvað ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum aðstæðum varðar. Þá verði X að bera allan halla af því sem er óljóst og ósannað um málsatvik í málinu. Að lokum er tekið fram að ekki verði séð að M hafi hagað sér með þeim hætti að jafna megi við stórkostlegt gáleysi eða ásetning þannig að hann eigi eftir atvikum að bera tjón sitt að hluta eða fullu sjálfur.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 7. mars 2925, er vísað til fyrri raka félagsins í málinu og þau ítrekuð. Þá bendir V á að það liggi fyrir í málinu að M, sem hafi starfað hjá X í tæp tvö ár fyrir slysið, sé menntaður vélvirki með meistarapróf. Vísar V til fyrirliggjandi skírteina á pólsku í því sambandi. Þá liggi fyrir að M hafi starfað sem flokksstjóri hjá X. V ítrekar að ef einhver starfsmaður X hafi átt þátt í ákvörðun um breytt verklag í umrætt sinn, ásamt verkstjóra frá Y, hafi það verið M. Það hafi því staðið honum næst að tryggja eigið öryggi og starfsmanna á svæðinu tengt ákvörðuninni um hið breytta verklag. Þá komi fram í öryggishandbók sem lögð hefur verið fram í málinu, að allir starfmenn sem ráðnir eru inn hjá X fá nýliðakynningu þar sem farið er yfir mikilvægi öryggismála. Þá fái starfsfólk öryggishandbókina afhenta. Einnig bendir V á að M hafi hlotið öryggisþjálfun og setið námskeið hjá Y, sem gerð var krafa um starfs hans vegna. Þá gerir V eftirfarandi athugasemdir við þau rök M sem fram koma í viðbótarathugasemdum, dags. 28. febrúar 2025. Hvað vinnulýsinguna varðar þá er bent á að um hafi verið að ræða viðhaldsverk sem sjaldan var unnið og því ekki til vinnulýsing fyrir það eins og þegar um endurekin verk sé að ræða. Þegar svo háttar til sé notast við áhættugreiningu, sem liggi fyrir í málinu undirrituð af M. Bendir V jafnframt á að í reiknilíkani sem fylgdi með áhættugreiningunni

komi m.a. fram að starfsmenn eigi ekki að vera í skotlínunni og að þeir eigi að segja stopp ef þörf er á eða þeir sjá hættu. Að lokum bendir V á að það komi skýrt fram í öryggisreglum Y og X að starfsmönnum beri að stöðva vinnu ef þeir verða þess áskynja að öryggiskröfum sé ekki fylgt. Telur V að gögn málsins renni stoðum undir það að M hafi sjálfur virt þær öryggisreglur að vettugi sem starfandi flokkstjóri X á staðnum. Að lokum ítekar V að af gögnum málsins verði ekki ráðið að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnleysis af hálfu annarra starfsmanna X en M, né heldur vanbúnaðar eða ónægs viðhalds/eftirlits með tækjum/búnaði, sem X verði látinn bera skaðabótaábyrgð á gagnvart M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið sjálft atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem lúta að aðstæðum á slysstað, t.d. hvernig verkstjórn var þar háttað. Þá byggir M kröfu sína m.a. á að X losni ekki undan þeirri skyldu sinni að tryggja öryggi á vinnustaðnum, jafnvel þó vinnan fari fram í starfsstöð verkkaupa, Y.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Eins og að framan greinir var M fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús þar sem í ljós kom að hann var fótbrotinn. Þá virðist ekki ágreiningur um það í málinu að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins.

Eins og áður hefur komið fram var Vinnueftirlitinu tilkynnt um slys M 5. desember 2022, en slysið átti sér stað fimm dögum fyrr. Í málinu liggja fyrir drög að skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. desember 2022, sem stíluð er á Y. Þar er m.a. að finna fyrirmæli um að yfirfara skuli verklagsreglur og áhættumat með tilliti til slyss M og að kynna skuli það fyrir starfsmönnum. Að öðru leyti er ekkert það að finna í þessum drögum, annað en almenn lýsing og mat á aðstæðum tengt slysinu, sem hjálpað getur til við mat á þeim ágreiningsatriðum sem uppi eru í málinu. Ekki liggja fyrir frekari gögn/skýrslur frá Vinnueftirlitinu. Því verður ekki séð að fram hafi farið frekari rannsókn á slysinu af hálfu Vinnueftirlitsins. Nefndin telur að af framangreindu megi draga þá ályktun að X hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 79. gr. framangreindra laga um að tilkynna beri um slys án ástæðulausrar tafar. Þegar svo háttar til, og ágreiningur er uppi í máli um atvik máls eða aðstæður á vinnustað, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilviki M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls og aðstæður á slysstað til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Það þýðir þó ekki sjálfkrafa að það teljist sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem hafi bakað X bótaábyrgð. Nefndin telur hins vegar að framangreindur dráttur og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki tildrög slyssins frekar en framangreind gögn benda til, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og aðstæður á slysstað snýr að atriðum sem ágreiningur er um og ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann. Nefndin nefnir þar m.a. sérstaklega þann ágreining sem uppi er um aðkomu M að því hvernig staðið var að verki í umrætt sinn. Hins vegar bendir nefndin á að ekki verður séð af málatilbúnaði M að hann mótmæli þeirri fullyrðingu X að verkstjórinn hafi verið starfsmaður Y.

Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Hvað varðar verkstjón á slysstað sérstaklega þá liggur ekki ótvírætt fyrir í gögnum málsins hver fór með verkstjórn í umrætt sinn. Nefndin

telur þó að þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að starfmenn bæði Y og X hafi tekið þátt í vinnunni við að skipta um pönnubandið í skautsmiðjunni, standi eftir að X var undirverktaki í álveri Y. Nefndin telur því gögn málsins ekki gefa ástæðu til annars en að byggja á því að verkstjórinn í umrætt sinn hafi ekki verið starfsmaður X. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að X teljist ekki hafa haft boðvald yfir verkstjóranum í skilningi þeirrar reglu. Það að verkstjórn í umrætt sinn hafi trúlega snúið bæði að starfsmönnum Y og X breytir ekki framangreindri niðurstöðu. Þá bendir nefndin á í þessu sambandi að þó það komi fram í fyrirliggjandi ráðningasamningi að M hafi verið ráðinn hjá X til að vinna sem flokkstjóri í skautsmiðju Y, þýðir það ekki að hann hafi farið með verkstjórn á svæðinu. Því telur nefndin ekki að hægt sé að leggja það til grundvallar að í flokksstjórastarfi M hafi jafnframt falist að hann teldist verkstjóri við það verk sem unnið var á slysstað. Að lokum bendir nefndin aftur á að ekki verður séð af málatilbúnaði M að hann mótmæli þeirri fullyrðingu X að verkstjórinn hafi verið starfsmaður Y. Ekki hefur verið gerð skaðabótakrafa á hendur Y í málinu.

Í tengslum við framangreinda niðurstöðu bendir nefndin á að á vinnustað þar sem starfsmenn fleiri en eins vinnuveitanda vinna, þarf verkstjórn að vera í samræmi við það sem segir í 17. gr. laga nr. 46/1980. Í því ákvæði kemur fram að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skuli þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Nefndin telur hins vegar þetta ekki breyta því sem að framan sagði um hver færi með boðvald yfir verkstjóranum. Þannig kemur ekki fram í gögnum málsins að X og Y hafi komið sér saman um að verkstjórnin á vinnustaðnum, það á meðal í því verki sem leiddi til tjóns M, skyldi vera í þágu og umboði þeirra beggja, og verkstjórinn teldist þar með starfmaður undir boðvaldi beggja félaganna í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Með vísan í framangreint hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Bendir nefndin á að af gögnum málsins verður ekki séð að fyrir hendi sé saknæm háttsemi X eða annarra starfmanna félagsins en M. Því beri að hafna kröfum M í málinu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 41/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið ábyrgðartryggingar. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. janúar 2025.

Málsatvik.
Í tölvubréfi frá M til V, dags. 4. janúar 2023, er málsatvikum lýst með þeim hætti að X hafi verið að vinna við að laga leka í glugga hjá M 22. nóvember 2022. Smiður á vegum X hafi verið að bora gat í karm á glugga til að gera dren. Hafi hann verið með blikk upp við glerið til að tryggja að allt færi eins og það átti að gera. Eitthvað hafi hins vegar farið úrskeiðis með þeim afleiðingum að sprunga kom í glerið. Sagðist M vilja tilkynna V um tjónið þar sem X væri með tryggingar.

Í tölvubréfi frá V til M, dags. 5. nóvember 2024, kemur fram að V telur ekki að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Jafnframt bendir V á 5. gr. skilmála fyrir ábyrgðartryggingu þá sem X var með hjá V. Þar komi fram að skemmdir á þeim hlutum sem X tekur að sér að setja upp fyrir viðskiptavini séu undanskildar í skilmálunum. Vísar V nánar í grein 5.3. en þar komi fram að tryggingin bæti ekki skemmdir á munum sem „vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.“ Því falli tilvikið utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar hjá V. Þá tekur V einnig fram að með hliðsjón af þeim upplýsingum sem því hafi borist telji félagið að ekki sé fyrir hendi saknæm háttsemi X sem beri því ekki skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Í málskoti M er málsatvikum lýst með þeim hætti að X hafi verið að vinna hjá M við að laga glugga sem hann hafi upphaflega sett í húsið en hafi fljótlega farið að leka. Telur M óhugsandi annað en að X beri ábyrgð á tjóninu enda hafi X bæði sett umræddan glugga upp þegar húsið var byggt 2021 og verið fenginn til að laga gluggann þegar í ljós kom að hann lak. Gluggar í nýbyggingum eigi ekki að leka. Þá hafi X alfarið ákveðið sjálfur hvernig staðið var að viðgerðinni. Framkvæmdin hafi hins vegar mistekist og rúðan brotnað. Þá vill M meina að það sé rangt hjá V að X hafi borað í rúðuna. Hið rétta sé að X hafi verið að bora í gluggann en ekki rúðuna. Þá fullyrðir M að aðrir verktakar hafi upplýst sig um að það hefði átt að þétta gluggann utan frá í stað þess að reyna þessa aðferð sem X beitti. Til viðbótar bendir M á í málskotinu að ekki hafi verið um að ræða skemmdir á hlutum sem X hafi sett upp í skilningi 5. gr. skilamála hjá V. Glugginn og rúðan hafi verið alveg óskemmd fyrir. Það hafi hins vegar verið uppsetning gluggans sem hafi klikkað hjá X, þ.e. þétting meðfram glugganum en ekki glugginn sjálfur.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2025, staðfestir V að X hafi verið með ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Þá hafi V einnig að lokum fengið sendan framburð X 5. nóvember 2024. Þar komi fram að í umrætt sinn hafi staðið til að gera við gallaðan glugga, þ.e. glugginn hafi ekki drenað sig og því hafi vatn safnast saman í botnstykki hans. Hafi verið ákveðið að bora drengat svo vatnið kæmist burt. Um vandasamt verk hafi verið að ræða sem hafi endað með því að borinn lenti í glerinu með þeim afleiðingum að það kom sprunga í það. Ítrekaði V þá skoðun sína að félagið teldi X ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Þá vísaði V aftur í 5. gr. skilmála ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar þar sem með almennum hætti sé fjallað um þær skemmdir á munum sem vátryggingin bæti ekki. Telur V að það liggi fyrir í málinu að í umrætt sinn hafi X unnið að viðgerð á glugga og gluggabúnaði og sú vinna hafi ollið þeim skemmdum sem um er deilt. Þá vísar V til þess að M hafi í málskoti haldið því fram að glerið hafi ekki verið í vörslu X umrætt sinn. Kom fram að V gæti ekki fallist á svo þrönga skýringu á vörsluhugtakinu enda vísi

skilmáli félagsins sérstaklega til þess að tjónið verði af verkinu eða við verkið. Þá hafi í framkvæmd dómstóla og nefndarinnar sjálfrar verið fjallað um hugtakið með víðtækari tilvísun en skýring málskotsaðila gefi tilefni til. Vísar V þar til Hrd. í máli nr. 189/1999. Tekur V að ekki liggi fyrir sök í málinu auk þess sem það falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingar X hjá V.

Álit.

Eins og kom fram í umfjöllun um málsatvik að framan byggir V m.a. á því að hið umdeilda tjón falli utan gildissviðs ábyrgðartrygginga X hjá V. Vísar félagið m.a. í skilmála fyrir ábyrgðartrygginguna. Þar komi fram í gr. 5.3 að tryggingin bæti ekki skemmdir á munum sem „vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.“ Nefndin telur að tjón það sem um er deilt í málinu falli undir framangreint orðalag, og því utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar. Tjónið fæst því ekki bætt úr þeirri tryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 42/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags 18. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 26. apríl 2022, er hún var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Samkvæmt tilkynningu til Sjúkratrygginga, dags. 27. apríl 2022, sem undirrituð er af vinnuveitanda, kemur fram að M hafi verið að keyra á keyrslutjakki að starfssvæði þar sem hún ætlaði að leggja tjakknum þegar það kom hægra slag á stýrið með þeim afleiðingum að tækið beygði til hægri og lenti á árekstrarvörn með þeim afleiðingum að M fékk á sig högg. Sömu lýsingu er að finna í tilkynningu til Vinnueftirlitsins sem ber það með sér að hafa verið undirrituð af öryggisverði X hinn 27. apríl 2022, en virðist þó ekki hafa borist eftirlitinu fyrr en 9. maí 2022, sbr. tölvupóst þess dags. 3. maí 2023. Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir. M telur bótaskyldu vera fyrir hendi, enda hafi samstarfsfólk M kannast við það að vart hefði orðið við umrædda bilun, þ.e. slag í stýri, í tjakknum áður en til slyssins kom. Er þá vísað til þess að þó M hafi verið óvinnufær frá slysdegi hafi ekki verið tilkynnt um slys hennar til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hafi rannsókn Vinnueftirlitsins á tildrögum slyssins því ekki farið fram. Af sönnunarskorti sem af því leiði verði X að bera hallann. Slag í stýri geti ekki talist eðlilegt í stýrisbúnaði og hefði slysið verið tilkynnt með þeim hætti sem lög geri ráð fyrir hefði mátt rannsaka þann þátt nánar. M hafi ekki verið kunnugt um þennan ágalla á tjakknum en samstarfsfólk hennar hafi, eins og áður segir, veitt því athygli að tækið ætti þetta til. Því hafi verið til staðar vitneskja um þennan ágalla, án þess að gripið hafi verið til aðgerða vegna þess. Hefðu skýrslur verið teknar af vitnum eða starfsmönnum strax á slysdegi hefði mátt leiða framangreint nánar í ljós en vegna misbrests á tilkynningu, sem sé alfarið á ábyrgð X, hafi engin slík gagnaöflun átt sér stað. Lýsing X á atvikinu í tilkynningum þess sé sú að slag hafi komið í stýrið og sé það þá á ábyrgð þess að ganga úr skugga um ástand tjakksins og eftir atvikum útiloka að vanbúnaður hans hafi leitt til slyss M. Það hafi ekki verið gert. Í höfnunarbréfi V til M hafi þá komið fram að ekki sé algengt að það komi slag í stýrið en það geti komið fyrir af og til að stýri á tjökkum leiti til hægri eða vinstri. Bendi það til þess að X hafi haft vitneskju um hættueiginleika tækisins og hefði þá í öllu falli átt að framkvæma skoðun á umræddum tjakki. Verði X að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varði.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að fyrirliggjandi myndbandsupptaka af slysinu styðji ekki við þá frásögn M að atvikið verði rakið til bilunar í tjakknum. Af upptökunni megi þvert á móti ráða að um óhappatilviljun eða augnabliks gáleysi M sjálfrar hafi verið að ræða. Jafnvel þó um bilun hafi verið að ræða séu skilyrði skaðabótaskyldu ekki uppfyllt. Samkvæmt upplýsingum frá X sé það ekki algengt að slag komi í stýri lyftaratjakka, en það geti af og til gerst að stýri þeirra leiti til hægri eða vinstri og sé það þá yfirleitt lagfært strax. Í þessu tilviki sé ekkert sem bendi til þess að X hafi vitað af meintri bilun fyrir slys M og látið hjá líða að grípa til aðgerða. Engin gögn bendi þá til þess að tjakkurinn hafi farið í viðgerð síðan eða að annað starfsfólk hafi kvartað undan sömu bilun. Skilyrði skaðabótaskyldu séu þau að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri ábyrgð á og engin sönnun á slíku liggi fyrir. Sú staðreynd að slysið hafi ekki verið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins breyti ekki framangreindu enda liggi fyrir sönnun um atvikið sem slíkt. Skaðabótaskylda stofnist ekki sjálfkrafa þó tilkynningarskylda sé vanrækt.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu

heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Því er ekki mótmælt að M hafi hætt störfum þegar á slysdegi og verið óvinnufær dagana á eftir. Á grundvelli þessa verður að telja að X hafi borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. Þessu gætti X ekki að þar sem slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 9. maí 2022. Í dómaframkvæmd hefur vanræksla á slíkri tilkynningarskyldu almennt verið metin þannig að frásögn tjónþola sé lögð til grundvallar málsatvikum og þar með orsökum slysa. Verður X því að bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Þess utan verður að líta til þess að í tilkynningum X til Sjúkratrygginga og Vinnueftirlitsins er orsök slyssins sögð vera slag í stýri tjakksins og hefur framangreind frásögn M af atvikum því verið staðfest af hálfu X. Verður þá ekki ráðið af fyrirliggjandi myndbandi af atvikinu að slag hafi ekki komið á stýrið og breytir framlagning þess því engu hvað framangreint varðar.

Verður því, sbr. allt framangreint, að byggja á því að orsök slyss M hafi verið sú að slag hafi komið á stýri keyrslutjakks með þeim afleiðingum að hann leitaði til hægri og hafnaði á árekstrarvörn með þeim afleiðingum að M fékk á sig högg og varð fyrir líkamstjóni. Þó orsök slyssins teljist þannig sönnuð verður því þó ekki jafnað til sönnunar þess að skilyrði bótaábyrgðar teljist uppfyllt. Hvílir það á M að sýna fram á að tjón hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Ekki er um það að ræða að X beri hlutlæga ábyrgð á umræddum tjakki eða ástandi hans. Þannig þarf í þessu tilviki að liggja fyrir að X hafi annað hvort verið kunnugt um að ágalli væri á tjakknum, eða að viðhaldi hans og eftirliti hafi að öðru leyti verið ábótavant. M vísar m.a. til þess að um þekkta bilun í þessum tjakki hafi verið að ræða og að öðru starfsfólki X hafi verið kunnugt um hana. Engin gögn, s.s. yfirlýsingar umrædds starfsfólks, liggja fyrir nefndinni hvað það varðar. Er því ekki sýnt fram á að um þekkta bilun í þessum keyrslutjakki hafi verið að ræða eða að X hafi haft vitneskju um hana.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt og af því verður M að bera hallann. Í ljósi þess er óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 43/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Ágreiningur um bótaskyldu úr fasteignatryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 24. janúar 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. janúar 2025.

Málsatvik.
Atvikinu er lýst þannig í málskoti að í suðvestan roki og rigningu hafi leki komið upp á efri hæð í húsi þar sem M búa. Þaðan hafi svo lekið í gegnum milligólf niður í íbúð M. Efri hæðin í húsinu, þar sem lekinn kom upp, er í eigu annarra en M.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 24. janúar 2025, kemur fram að í kjölfar símatals frá M 18. desember 2024, hafi félagið skráð hjá sér eftirfarandi um tjónið: „Vont veður og mikil rigning. Lekur úr stofulofti. Gluggi á efri hæð sökudólgurinn. Hringdi í […] og ræddi einnig við son hennar og útskýrði að rigningarvatn sem berst í hús sé undanþegið bótaskyldu húseigendatryggingar.“ Síðan er í bréfi V vísað til þess að í skilmálum þeim sem gilda um tryggingu M, þ.e. svokallaða vatnstjónstryggingu, komi m.a. fram að ekki sé bætt tjón vegna leka sem eigi upptök sín utan við útveggi hússin. Telur V að sú sé raunin um tjón M. Því hafnaði V að bæta tjónið.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 27. janúar 2025, eru færð rök gegn því að um hafi verið að ræða tjón af völdum vatns sem komi utan frá. Benda M á að vatnið sem hafi valdið tjóni hjá þeim hafi komið innan frá, þ.e. í gegn um loftið í stofunni hjá þeim.

Álit.
Í málskotinu krefjast M þess að viðurkenndur verði réttur þeirra til bóta úr fasteignatryggingu vegna tjóns af völdum vatnsleka í gegn um stofuloft í íbúð þeirra. V hefur hafnað því að bæta tjónið með þeim rökum að það falli utan gildissviðs tryggingar þeirrar sem M voru með hjá V. Í e.-lið 2. gr. skilmálanna segir að tryggingin bæti ekki: „tjón vegna leka sem á upptök sín utan við útveggi húss eða undir botnplötu þess.“

Ljóst virðist að umræddan leka hjá M megi rekja til þess að vatn komst inn með glugga á efri hæð hússins. Nefndin telur því að tjón M falli innan framangreinds orðalags skilmálaákvæðisins. Tjónið verður því rakið til utanaðkomandi leka og fellur utan gildissviðs tryggingar M hjá V. M eiga því ekki rétt á bótum úr tryggingunni.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 44/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. febrúar 2025.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að 29. nóvember 2024 var bifreiðinni A ekið inn í hlið bifreiðarinnar B, sem M ók. Ekki er ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Í málskotinu er byggt á því að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Byggir M á því að hún hafi hlotið högg hægra megin á háls. Daginn eftir hafi hún svo farið að finna fyrir auknum stífleika og smávegis dofa frá hálsi og niður öxl. Hafi hún þá hringt á Læknavaktina, þar sem hjúkrunarfræðingur hafi skráð framangreint niður, og ráðlagt sér að fá skoðun hjá lækni. Skoðun hjá heimilislækni 2. desember 2024 hafi leitt í ljós aukinn stífleika í hálsi og öxl hægra megin, minni mátt í hægri handlegg og að mögulega sé fyrrnefndur dofi merki um tognun eða vægt brjósklos sem lagist eftir um 3-6 mánuði. Hafi læknirinn ráðlagt M að fara í sjúkranudd og sjúkraþjálfun. Einnig hafi hann skrifað áverkavottorð. Einnig liggi fyrir í málinu vottorð frá heilsugæslulækni, dags. 15. janúar 2025, þar sem segir að eftir slysið 29. nóvember 2024 hafi M verið með verki og stífleika í hálsi sem leiði niður bak og út í hægri öxl þegar verst lætur. Undir liðnum niðurstaða í vottorðinu segir að M sé með eymsli í vöðvafestum í hnakka og sjalvöðva (Trapezius) hægra megin.

Með bréfi, dags. 8. janúar 2025, hafnaði V bótaskyldu með þeim rökum að M hafi ekki tekist að sanna að slysið 29. nóvember 2024 hafi valdið henni varanlegum afleiðingum. Í því sambandi bendir V á að það sé ekki nægilegt til sönnunar um orsakatengsl milli atburðar og líkamstjóns að hugsanlega geti verið um slík tengsl að ræða, heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu fyrir hendi. Telur V að heilsufarslegar upplýsingar í málinu séu þess eðlis að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengslin. Í bréfinu vísar V einnig til fyrirliggjandi PC-crash skýrslu þar sem komi fram að um svokallaðan lágorku árekstur hafi verið að ræða. Í athugasemdum til nefndarinnar, dags. 18. febrúar 2025, ítrekar V framangreind rök. Þá bendir V þar m.a. einnig á að í málskoti sé vísað til þess að M eigi fyrri sögu um stífleika í öxlum. Auk þessa telur V að niðurstöður í fyrirliggjandi PC-crash skýrslu bendi til þess að nánast ekkert högg hafi orðið við áreksturinn og að rannsóknir hafi sýnt fram á að lágorkuárekstrar eins og um hafi verið að ræða í tilviki M, séu almennt ekki til þess fallnir að valda varanlegu líkamstjóni.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 19. febrúar 2025, er framangreindum rökum V mótmælt. Þá byggir M m.a. á því að þó hún hafi fyrir einhverjum árum verið stíf í öxlum þá sé það algerlega ótengt þeim áverkum sem hún hafi hlotið við áreksturinn 29. nóvember 2024. Bendi M á að í fyrirliggjandi vottorðum komi fram að hún hafi tognað á hálsi í því slysi.

Álit.
V hefur fallist á að ef það telst sannað að M hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyssins 29. nóvember 2024 þá eigi hún rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A. V telur hins vegar að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hér sönnunarbyrðina, þ.e. bótaréttur M byggir á því að henni takist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Fyrirliggjandi er samskiptaseðill frá heilsugæslu, dags. 30. nóvember 2024, þar sem fram kemur að M ræddi við hjúkrunarfræðing í síma þann dag. Kemur fram að M hafi farið að finna fyrir höfuðverk og

stífleika í hálsi að kvöldi slysdags. Við komu til læknis 2. desember 2024 er skráð að við skoðun sé M stíf og aum viðkomu á occipital sinafestum og aum við þreyfingu hægra megin á sjalvöðva. Engin eymsli séu í öxl og M sé með fulla hreyfigetu í hálslið en það taki aðeins í við lat. tilt. bilag. Full hreyfigeta sé um öxl án verkja og symmetrískir kraftar i öxlum og höndum. Þá sé enginn dofi til staðar. Telur læknirinn að um sé að ræða stoðkerfisverk eftir bílslys en ekki er grunur um brjósklos. Einnig liggur fyrir í málinu vottorð frá heilsugæslulækni, dags. 15. janúar 2025, þar sem segir að eftir slysið 29. nóvember 2024 hafi M verið með verki og stífleika í hálsi sem leiði niður bak og út í hægri öxl þegar verst lætur. Undir liðnum niðurstaða í vottorðinu segir að M sé með eymsli í vöðvafestum í hnakka og sjalvöðva (Trapezius) hægra megin.

Í málskoti segir m.a.: „Ég hef ekki verið að takast á við stífleika í öxlum síðustu 2 árin, að minnsta kosti.“ Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu M er ekki að finna í málinu nein gögn um fyrra heilsufar hennar.

Eins og að framan greinir eru fyrirliggjandi upplýsingar um heilsufar M fremur af skornum skammti og duga ekki að mati nefndarinnar til þess að það teljist sannað að rekja megi þau heilsufarslegu einkenni sem M kvartar yfir í dag til árekstursins. Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli árekstursins 29. nóvember 2024 og þeirra einkenna. Hér ber M sönnunarbyrðina. Sú staðreynd að það liggja í raun ekki fyrir í málinu upplýsingar um fyrra heilsufar M, hefur áhrif á framangreint mat nefndarinnar. M hefur því ekki lagt fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á að einkenni þau sem um er deilt verði ekki að hluta eða fullu rakin til fyrri sjúkdóma eða slysa M. V hefur staðfest að M eigi rétt á að fá sannað tjón sitt af völdum árekstursins bætt. Framangreind niðurstaða leiðir hins vegar til þess að nefndin telur að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 45/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Fyrning.

Gögn.

1. Málskot dags. 24. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. mars 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Atvik eru í stuttu máli þau að M leitaði til lögmannsins X vegna fjárskipta sinna og fyrrum sambýlismanns síns, Y. Úrskurður Landsréttar um opinber skipti vegna fjárslita X og Y var kveðinn upp 25. nóvember 2020. Hinn 13. nóvember 2020 sendi M kvörtun vegna starfshátta X til úrskurðarnefndar lögmanna. Nefndin kvað upp úrskurð sinn 18. nóvember 2021. Fyrir nefndinni kvartaði M m.a. undan því að X hefði ekki kært úrskurð héraðsdóms til Landsréttar innan tilskilins kærufrests, og ekki haft samband við M eftir að úrskurður héraðsdóms lá fyrir, en af lestri þess úrskurðar teldi M ljóst að skort hefði á að öll málsgögn væru lögð fyrir dóminn. Kvartaði M því einnig undan samskiptaleysi X svo og reikningum vegna vinnu hennar, þ.e. að gerður hafi verið reikningur vegna kærugerðar eftir að M hafi sjálf sent inn kæru. Niðurstaða nefndarinnar varðandi gagnaframlagningu var sú að öll gögn hafi komist að í málinu fyrir Landsrétti og af úrskurðum á báðum dómstigum megi ráða að atvik málsins hafi verið að fullu upplýst. Var því ekki talið að X, sem hafi fengið heimild Landsréttar til að skila inn öllum málsgögnum, hefði brotið gegn lögum eða siðareglum lögmanna hvað þetta varðaði. Það að X hafi ekki svarað símtölum og tölvupósti X innan hæfilegs tíma var hins vegar, með hliðsjón af þeim aðstæðum sem voru uppi í máli M, talið aðfinnsluvert og í andstöðu við siðareglur lögmanna. Úrskurðarnefnd lögmanna taldi það einnig aðfinnsluvert og í andstöðu við lög og siðareglur að X sendi kæru til Landréttar of seint. Það var hins vegar mat úrskurðarnefndarinnar að þóknun fyrir störf X hefði falið í sér hæfilegt endurgjald, en fyrir lá jafnframt að X hafði veitt afslátt af reikningum sínum sem nam um 1/3 hluta. Þannig hafi þóknun X verið 2.213.475, en þóknun samkvæmt skráðum tímum hefði verið 3.424.575 kr.

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá M, vegna reikninga X, kr. 2.278.875, vegna þeirra upphæðar „sem hún hafði stefnt að fá í gegn með málflutningi“ kr. 10.946.315, og vegna kröfu sem hún hafi ætlað að hafa uppi á hendur Y, kr. 160.052. Samtals sé um að ræða kr. 13.385.242.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna komi fram að ágreiningslaust sé að M hafi komið viðbótargögnum að í málinu, og að við skoðun á úrskurðum héraðsdóms og Landsréttar verði ekki annað ráðið en að atvik hafi verið að fullu upplýst og að dómstóllinn hafi tekið afstöðu til þeirra gagna sem um ræði. Verði því ekki séð að X hafi sýnt af sér vanrækslu sem leitt hafi til tjóns fyrir M. Þegar af þeirri ástæðu sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Telur V jafnframt að allar mögulegar kröfur M séu fyrndar, enda sé fyrningartími skaðabótakrafna fjögur ár sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Sá frestur hafi byrjað að líða við uppkvaðningu úrskurðar Landsréttar hinn 25. nóvember 2020. Hafi hann því verið liðinn þegar málskot M barst nefndinni.

Í viðbótarathugasemdum M koma fram ýmsar athugasemdir við málflutning V svo og lýsingar á samskiptum hennar við X og ýmis atriði sem tengjast Y og fjárslitum þeirra Y og X. Þá áréttar hún þá afstöðu að dómsmál hennar hafi tapast vegna „vanhæfni“ X, sem úrskurðarnefnd lögmanna hafi réttilega fellt áfellisdóm yfir. X hafi alls ekki sinnt því máli sem hún var ráðin til og sé því krafist fullrar endurgreiðslu þóknunar. Hvað varði ummæli V um fyrningu þá hafi starfsmaður V þá sérstaklega sagt henni að hún gæti enn lagt málið fyrir nefndina.

Að öðru leyti eru ekki efni til að rekja frekar sérstök atriði í málflutningi aðila en verða þau ávörpuð í álitskafla eftir því sem tilefni er til.

Álit.

Í 1. mgr. 9.gr. laga um fyrningu kröfuréttinda segir að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Í tilviki M telur nefndin rétt að miða upphaf þess tímamarks við þann dag sem úrskurðarnefnd lögmanna kvað upp úrskurð sinn, þ.e. 18. nóvember 2021. Var hugsanleg krafa hennar því ekki fyrnd þegar málskot barst nefndinni hinn 24. janúar 2025.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera þá ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Úrskurðarnefnd lögmanna komst að þeirri niðurstöðu að X hefði sýnt af sér aðfinnsluverða háttsemi með því að hafa ekki svarað erindum M með tímanlegum hætti enda beri lögmanni að svara erindum án ástæðulauss dráttar. Þá var það einnig talið aðfinnsluvert að X hefði ekki kært úrskurð héraðsdóms til Landsréttar fyrr en að kærufresti loknum. Hins vegar taldi nefndin að áskilin þóknun X vegna starfa í þágu M fæli í sér hæfilegt endurgjald. Byggði sú niðurstaða á því að X hefði skilað greinargerð ásamt kærumálsgögnum til Landsréttar og vinna hennar við þann þátt málsins hefði því komið að fullum notum. Þá hafi X aðeins gefið út reikninga sem svöruðu um 2/3 hluta heildarkostnaðar, og hefði M því fengið afslátt sem nam u.þ.b. þriðjungi.

Af framangreindu verður að telja sýnt að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi í tengslum við störf hennar í þágu M. Eftir stendur hins vegar að sýna fram á hvort það hafi leitt til tjóns en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Kröfugerð M er ekki svo skýr sem best væri á kosið en í málskoti er bótakrafa M þó sundurliðuð með eftirfarandi hætti:

1. Krafist er bóta sem nemur þeirri fjárhæð sem M hafði stefnt á að fá í gegn með málflutningi vegna skuldar Y samkvæmt rekstrarreikningi vegna heimilishalds þeirra, kr. 10.946.315.
2. Krafist er bóta vegna kröfu sem M hafi ætlað að krefja Y um vegna uppgjörs vegna bifreiðar sem hann fékk í sinn hlut við búskipti þeirra kr. 160.052.
3. Krafist er bóta sem nemi fjárhæð þeirrar þóknunar sem M hafi greitt X vegna lögmannskostnaðar kr. 2.278.875.

Verður þá að taka til skoðunar hvort þessir kröfuliðir teljist byggðir á sannanlegu tjóni sem M hafi orðið fyrir vegna skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Hvað varðar fyrsta lið er rétt að taka fram að það telst ekki tjón í skilningi skaðabótaréttar þó umbjóðandi lögmanns nái ekki fram þeim kröfum sem væntingar stóðu til. Til þess að krafa M samkvæmt 1. lið komi til álita þarf því að vera sýnt fram á réttur hennar hafi verið augljós og að skýr orsakatengsl séu milli skaðabótaskyldrar háttsemi X og þess að umrædd krafa náði ekki fram að ganga fyrir dómi. Af því sem fram kemur í málskoti má ráða að um sé að ræða kröfu M á hendur Y sem byggist á rekstrarreikningum heimilisbókhalds M, en Y hafi m.a. nýtt sér fé af sameiginlegum reikninga þeirra til persónulegrar einkaneyslu. Af greinargerð sem X lagði fyrir héraðsdóm verður ekki ráðið að krafist hafi verið greiðslu vegna þeirrar fjárhæðar, en málarekstur aðila snerist að meginstefnu um hvort söluandvirði tiltekinnar fasteignar skyldi koma til skipta. Af fyrirliggjandi efnisskrám yfir málsgögn í kæruráli fyrir Landsrétti má ráða að umrædd gögn hafi verið lögð fram, og bera gögn málsins með sér að vísað hafi verið til þess að Y hafi ekki greitt helming sameiginlegra útgjalda, við rökstuðning þess að umrædd fasteign hafi verið í eigu M einnar. Liggja ekki fyrir nein gögn um að vegna ágalla á málatilbúnaði af hálfu X hafi ekki verið sett fram krafa um greiðslu umþrættrar fjárhæðar, né hefur verið sýnt fram á fýsileika þess. Jafnvel þó umrætt krafa hefði verið lögð fram er þá alls óvíst að hún hefði náð fram að ganga. Er því ekki talið sýnt fram á að um sé að ræða tjón sem rekja megi til skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Sömu sjónarmið eiga í raun við hvað varðar annan lið, þ.e. kröfu í tengslum við bifreið sem Y fékk í sinn hlut. Í málskoti kemur fram að Y hafi lítið hirt um bifreiðina og ekki greitt lögbundin gjöld eða afborganir lána vegna hennar. Hafi M ekki viljað eltast við þessar greiðslur enda hafi hún viljað leggja áherslu á skuld samkvæmt rekstrarreikningi, þ.e. lið 1. X hafi vitað af þessari kröfu og getið hennar í greinargerð. M hafi þó farið fram á að sérstök krafa væri gerð fyrir dómi vegna þessa. Liggja ekki fyrir nein gögn um að vegna ágalla á málatilbúnaði af hálfu X hafi ekki verið sett fram krafa um greiðslu

umþrættrar fjárhæðar, né hefur verið sýnt fram á fýsileika þess. Jafnvel þó umrætt krafa hefði verið lögð fram er þá alls óvíst að hún hefði náð fram að ganga. Er því ekki talið sýnt fram á að um sé að ræða tjón sem rekja megi til skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Hvað varðar þriðja liðinn þá liggur fyrir mat úrskurðarnefndar lögmanna á því að um hæfilegt endurgjald vegna þjónustu X hafi verið að ræða. Taldi nefndin því ekki að útgefnir reikningar X vegna lögmannsstarfa væru aðfinnsluverðir. Þá verður jafnframt ráðið af fyrirliggjandi gögnum að afsláttur hafi verið veittur af vinnu X. Úrskurðarnefnd lögmanna er réttur vettvangur til að bera fram ágreining um þóknun lögmanna, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 og verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að úrskurður nefndarinnar varðandi endurgjald liggi fyrir. Verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu M hvað þennan lið varðar.

Að endingu verður þá að fjalla um þau atriði í störfum X sem sannanlega þóttu aðfinnsluverð að mati úrskurðarnefndar lögmanna, þ.e. að hún hafi ekki lagt fram kæru til Landsréttar innan tilskilins kærufrests og hafi ekki svarað erindum M innan ásættanlegs tíma. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ekki séð að framangreind háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir M, og kemur í fram í títtnefndum úrskurði að X hafi skilað greinargerð ásamt kærumálsgögnum til Landsréttar. Hafi öll gögn því verið lögð fram. Verður því ekki séð að umrædd háttsemi X hafi leitt til fjárhagslegs tjóns M sem skuli bætt úr ábyrgðartryggingu X.

Af öllu framansögðu leiðir að M hefur ekki tekist að sýna fram á tjón sem rekja megi til atriða sem X beri skaðabótaskyldu vegna. Verður því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 46/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að heitavatnslögn á lóð fasteignar hans hafi farið að leka í ágúst 2021, sem leiddi til tjóns á eigninni. Lekinn olli verulegu rakatjóni og þurfti að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir, þar á meðal að rífa upp gólfefni og fjarlægja veggklæðningar. Er lekans varð vart, var haft samband við X, sem hóf viðgerð daginn eftir. M telur að lögnin hafi lekið um nokkurt skeið áður en vandinn uppgötvaðist. Í janúar 2025 krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði bótaskyldu. M byggir á því að X hafi sýnt af sér vanrækslu í viðhaldi og eftirliti með lögninni og að beita beri almennri sakarreglu, vinnuveitendaábyrgð og sjónarmiðum um sérfræðiábyrgð. Þá telur M að sönnunarbyrði um orsök lekans eigi að hvíla á X með vísan til eðlis starfseminnar og dóms Landsréttar í máli nr. 200/2019. Til vara vísar M til skaðsemisábyrgðar samkvæmt lögum nr. 25/1991 og heldur því fram að X beri sem dreifingaraðili vörunnar (heita vatnsins) ábyrgð á afhendingu hennar með tryggum hætti.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að bilunin hafi verið ófyrirsjáanleg. Lögnin hafi verið í eðlilegu ástandi miðað við aldur, án skráðra bilana, og engin mistök starfsmanna séu sönnuð. Þá telur V að lög um skaðsemisábyrgð eigi hvorki við þar sem um sé að ræða eldra kerfi, né hafi heita vatnið verið haldið ágalla. Loks telur V að meint myglutjón sem lýst er í skýrslu frá 2024 sé ekki bein afleiðing lekans heldur af vanrækslu M á viðgerðum.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á fasteign M í kjölfar leka úr heitavatnslögn í ágúst 2021. Af gögnum málsins verður ráðið að leki úr lögninni hafi valdið verulegu rakatjóni í fasteign M. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að heita vatnið sjálft hafi verið haldið ágalla í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Þá var lögnin lögð árið 1980 og fellur þar með utan gildissviðs laganna, sbr. 15. gr. þeirra. Ekki verður því byggt á skaðsemisábyrgð í málinu. Til þess að X beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þarf M að sýna fram á saknæma háttsemi eða vanrækslu af þess hálfu. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu sem benda til að X hafi vitað eða mátt vita af hættu á bilun í lögninni, eða að viðhald hennar hafi verið ófullnægjandi. Lögnin var 41 árs gömul en hafði ekki áður bilað og ekkert gefur til kynna að ástand hennar hafi verið slíkt að X hafi átt að grípa til viðbragða fyrir lekann. Þá verður ekki fallist á að skilyrði fyrir því að snúa við sönnunarbyrði séu fyrir hendi, enda hefur M ekki fært fram haldbær rök eða sönnunargögn sem styðja slíkt. Ekki verður heldur talið sannað að meint myglutjón sem greint er frá í skýrslu 2024 sé bein afleiðing af lekanum, enda liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta orsakatengsl þar á milli.

Með vísan til framangreinds verður ekki talið sannað að tjón á fasteign M verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ber því að hafna kröfu um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 47/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 25. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 11. apríl 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, varð árekstur á Grandatorgi hinn 21. október 2024 milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B. Báðum bifreiðum var ekið Fiskislóð til suðurs og var A á hægri akrein og B á þeirri vinstri. Samkvæmt M beygði B af hægri akrein yfir þá vinstri skömmu áður en A og B komu að hringtorginu. Þegar komið var inn í hringtorgið var A á ytri hring og B á innri hring. Hafi ökumaður B beygt út úr hringtorginu við fyrstu útkeyrslu, þ.e. vestur Ánanaust, en ökumaður A hugðist halda áfram akstri í hringtorginu á ytri hring yfir þá útkeyrslu. Árekstur varð milli bifreiðanna þegar ökumaður B hugðist beygja út úr hringtorginu.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B beri helming sakar fyrir að aka út af innri hring við fyrsta útakstur og ökumaður A beri einnig helming sakar fyrir að veita ekki umferð um innri hring forgang.

M, sem var ökumaður A, telur sig hafa verið í fullum rétti. Máli sínu til stuðnings vísar hann m.a. til orðalags í umferðalögum nr. 77/2019, þ.e. 2. og 4. málslið 6. mgr. 19. gr., en þar kemur fram að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum og að óheimilt sé að skipta um akrein við hringtorg. Jafnframt bendir M á að það sé erfitt að ætlast til þess að A sýni B forgang, sbr. 3. ml. 6. mgr. sama ákvæðis, þar sem B hafi verið töluvert fyrir aftan A.

Í athugasemdum V2 til nefndarinnar, dags. 25. febrúar 2025, kemur fram að félagið sem ábyrgðartryggir B telur að skipta beri sök að jöfnu milli A og B. Bendir félagið m.a. á eftirtalda úrskurði nefndarinnar máli sínu til stuðnings: nr. 62/2020, nr. 76/2020, nr. 290/2021, nr. 142/2022 og 442/2024.

Í athugasemdum V1 sem ábyrgðartryggir A, dags. 11. apríl 2025, kemur fram að félagið telur að leggja beri alla sök á B. Rökin eru m.a. þau að ökumaður B hafi brotið reglur með akreinaskiptingu og ólögmætum akstri út úr hringtorgi frá innri hring, án þess að veita ökutæki á ytri hring forgang. Þá hafi A verið á lögmætri akrein, fylgt fyrirmælum laga og sýnt nægilega aðgát. Auk þess liggi fyrir að ákoman hafi verið á afturhluta A sem styðji að ökumaður B hafi hvorki haldið nægilegu bili né sýnt tilhlýðilega varúð.

Álit.

Ágreiningur snýr fyrst og fremst að því hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar með talið hvort skipta skuli sök milli A og B.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019.

Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málslið sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að

þessum áskilnaði umrætt sinn. Það að ákoman hafi orðið á afturhluta A breytir að mati nefndarinnar ekki framangreindu. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðarinnar A ber helming sakar og ökumaður B ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 48/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 14. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 13. maí 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu var bifreiðunum A og B ekið vestur Stekkjarbakka að hringtorgi á gatnamótum við Smiðjuveg og Reykjanesbraut. Þegar komið var inn í hringtorgið var A á ytri hring og B á innri hring. Hafi ökumaður B beygt út úr hringtorginu við fyrstu útkeyrslu, en ökumaður A hugðist halda áfram akstri í hringtorginu á ytri hring. Árekstur varð milli bifreiðanna þegar ökumaður B hugðist beygja út úr hringtorginu.

M, sem var ökumaður A, telur sig hafa verið í fullum rétti í umrætt sinn. Máli sínu til stuðnings vísar hann m.a. til orðalags í umferðalögum nr. 77/2019, þ.e. 2. málslið 6. mgr. 19. gr., en þar kemur fram að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum.

Í tölvupósti frá V2, dags. 27. janúar 2025, kemur fram að félagið telur að skipta beri sök að jöfnu milli A og B. Í athugasemdum V2 til nefndarinnar, dags. 14. febrúar 2025, segir hins vegar að félagið kjósi að gera ekki athugasemdir varðandi skiptingu sakar, heldur leggi það mat í hendur nefndarinnar.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 13. maí 2025, kemur fram að félagið telur að leggja beri alla sök á B. Rökin eru m.a. þau að ökumaður A sem var á ytri akrein í samræmi við lög hafi ekki með réttu þurft að reikna með að ökumenn sem hugðust aka úr á fyrstu afrein væru að koma frá innri akrein. Jafnframt var á það bent að ökumaður B hafi brotið gegn 2 mgr. 20. gr. umferðarlaga en samkvæmt því ákvæði beri ökumanni sem hyggst skipta um akrein að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.

Álit.

Ágreiningur snýr ekki að atvikum máls, heldur hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar með talið hvort skipta skuli sök milli A og B.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019.

Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málslið sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 49/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 14. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. febrúar 2025.
4. Tölvupóstur V2, dags. 9. apríl 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu varð árekstur milli bifreiðarinnar A, sem er vátryggð hjá V1, og bifreiðarinnar B, sem vátryggð er hjá V2, á Suðurlandsvegi rétt utan við Hveragerði. Var bifreiðinni B ekið aftan á bifreiðina A sem er í eigu M. Ökumenn gerðu sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en skiluðu þrátt fyrir það mismunandi afriti til síns tryggingafélags. Var teiknuð mynd á framhlið tjónstilkynningar ekki eins á báðum eintökum og ekki heldur krossamerkingar á framhlið tjónstilkynninga. Ökumaður A segir að hann hafi skipt um akrein, frá hægri yfir á þá vinstri og hægt á sér í þeim tilgangi að beygja til vinstri. Ökumaður B hafi einnig gert hið sama og ók við það aftan á A. Á framhlið tjónstilkynningar A er merkt við að A sé að beygja til vinstri og B sé að aka í sömu átt á annarri akrein og að skipta um akrein. Kveður ökumaður A árekstur hafa orðið á vinstri akrein. Ökumaður B lýsir því að hafa ekið á vinstri akrein Suðurlandsvegar þegar bifreiðin A skipti um akrein yfir á þá akrein og gaf við það ökumanni B ekki svigrúm til að hemla. Á framhlið tjónstilkynningar er merkt að B sé að skipta um akrein og að aka fram úr.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komast að þeirri niðurstöðu að skipta verði sök til helminga þar sem aðdragandi áreksturs væri ósannaður. M sem er eigandi A er ekki sáttur við þá niðurstöðu og telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á umræddum árekstri fyrir að aka aftan á A. Það sé grundvallarregla í umferðarlögum að sá sem ekur aftan á beri alla ábyrgð á því að halda nægilegri fjarlægð til að koma í veg fyrir árekstur. Niðurstaða tjónanefndar byggi á tveimur mótsagnarkenndum tjónstilkynningum sem báðir ökumenn undirrita, en þær séu ekki samhljóma hvað varðar aðdraganda árekstursins. V2 hafi staðfest skriflega þann 15. júní 2024 að A væri í rétti og gaf M heimild til að hefja viðgerð á bifreiðinni. Þessi fyrri afstaða V2 styðji mál M um að B beri alla ábyrgð á árekstrinum.

V1 telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum og vísar því til stuðnings til 2. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Telur V1 ljóst að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð er hann skipti um akrein með þeim afleiðingum að hann ók aftan á A. Ökumaður B viðurkenni tvisvar á báðum sameiginlegu skýrslunum að hafa skipt um akrein og á annarri tilkynningunni viðurkennir hann framúrakstur. Þar af leiðandi bar honum að sýna varúð við akreinaskiptin sem hefði hann átt að aka hægra megin fram úr A þar sem hann ætlaði að beygja til vinstri á veginum. Ekkert banni það að tekin sé vinstri beygja á þessum stað á þjóðveginum.

V2 telur ógerlegt að fullyrða með nægilegri vissu hvernig aðdraganda áreksturs var háttað, enda stangist framburðir ökumanna og önnur gögn á hvað það varði og því verði að skipta sök til helminga.

Álit.

Ágreiningur er um sakarskiptingu vegna áreksturs sem varð á Suðurlandsvegi rétt utan við Hveragerði milli bifreiðarinnar A, vátryggðrar hjá V1, og bifreiðarinnar B, sem vátryggð er hjá V2. Af gögnum málsins verður ráðið að bifreið B ók aftan á bifreið A. Hins vegar greinir aðila á um aðdraganda áreksturs, þ.e. hvort A hafi skipt um akrein í veg fyrir B rétt fyrir eða um leið og árekstur varð eða hvort ökumaður B hafi skipt um akrein í kjölfar þess að A var búinn að færa sig yfir á vinstri akrein og ekki gætt að því að halda nægilegri fjarlægð milli bifreiðanna. Á vettvangi var gerð sameiginleg tjónstilkynning, og liggja tvö eintök hennar fyrir í málinu, undirrituð af báðum ökumönnum. Þótt ekki

sé samræmi milli teikningar á framhlið og krossamerkinga á tilkynningunum kemur það skýrt fram í báðum eintökum að ökumaður B hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs. Þá kemur fram á eintaki ökumanns B viðurkenning á að hafa skipt um akrein og ætlað sér að taka fram úr ökutæki A. Með hliðsjón af þessum merkingum, og þeirri staðreynd að B ók aftan á A, verður að leggja til grundvallar að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs, líkt og honum bar skv. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að ökumaður A hafi brotið gegn umferðareglum með því að skipta um akrein og stöðva áður en hann hugðist taka vinstri beygju út af veginum enda var slík beygja heimil á árekstrarstað. Með vísan til framangreinds ber ökumaður B alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 50/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Lögboðin ökutækjatrygging.
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Nafn vátryggingartaka ökutækjatryggingarinnar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17. mars 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti kveðst M hafa um kl. 20.00 hinn 23. febrúar 2024 dottið aftur fyrir sig þegar hún var farþegi í strætisvagni A í eigu X. Hafi A tekið skyndilega hratt af stað með þeim afleiðingum að M, sem hafði bakpoka á bakinu, datt aftur fyrir sig. Hafi M lent ofan á bakpokanum og fengið slynk á hálsinn. Segir í málskoti að M hafi strax hringt í dóttur sína sem tók á móti M við stoppistöð nærri MR, þar sem dóttir M býr. Segir einnig að dóttir M hafi tekið mynd af bílnúmeri A þegar dóttir M áttaði sig á afleiðingum slyssins og er tímasett mynd frá kl. 20.23 hinn 23. febrúar 2024 af bílnúmeri A á meðal málsgagna.

Daginn eftir slysið leitaði M á bráðamóttöku Landspítala. Þar er framangreint reifað en auk þess segir að um kvöldið á tjónsdag hafi M fengið vaxandi höfuðverk og svima. Lýsir M sjóntruflunum o.fl. og segir að M hafi verið að kljást við uppköst, sé óstöðug á fótum og með svima. Var M greind með heilahristing eftir höfuðhögg.

Hinn 24. febrúar 2024 sendi M tölvupóst til X þar sem slysið var tilkynnt. Þar lýsir M framangreindu og tiltekur að að hún hafi rekið höfuðið í gólf A og að myndavél, sem var í bakpokanum, sé skemmd. M fylgir tilkynningunni eftir með öðrum tölvupósti til X 27. febrúar 2024. Þar segir m.a. að M hafi farið í veikindaleyfi eftir slysið. Með tölvupóstinum fylgdi afrit af reikningi vegna komu á bráðamóttöku Landspítala. Hinn 28. febrúar 2024 svarar starfsmaður X tölvupóstunum og óskar eftir símanúmeri M. Hinn 3. mars 2024 svarar dóttir M, upplýsir að M tali takmarkaða enskukunnáttu og kannar hvort starfsmaður X geti haft samband við sig. Starfsmaður X svarar samdægurs, segir það í fínu lagi og fær í kjölfarið símanúmerið sent frá dóttur M. Hinn 7. mars 2024 hefur dóttir M aftur samband við starfsmann X, vísar til fyrri samskipta og kannar hvort starfsmaður X geti haft samband við hana næsta dag. Samkvæmt málskoti hafði enginn starfsmaður X samband við M á þeim degi.

Þá segir einnig í málskoti að M hafi farið þrisvar sinnum á skrifstofu X. Í fyrstu heimsókn var hún upplýst um að slysið hafi verið skráð, í annarri heimsókn var henni sagt að starfsmaður X, sem væri með málið, væri ekki lengur starfsmaður X og í þriðju heimsókn sinni hafi hún ekki fengið neina aðstoð. Af gögnum málsins má ráða að ekki hafi verið frekari samskipti á milli aðila fyrr en 19. október 2024 þegar dóttir M hefur aftur samband við starfsmann X til að afla upplýsinga um stöðu málsins. Þá kemur í ljós að viðkomandi starfsmaður X sé í leyfi og var bent á að hafa samband við annan starfsmann X.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut við umrætt atvik.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsir. Vísar V til þess að ekkert sé skráð hjá X sem staðfesti frásögn M af atvikinu. V hafi þannig kallað eftir upplýsingum frá X en þar séu engin gögn sem staðfesti frásögn M. Þá vísar V til þess að M hafi ekki upplýst vagnstjóra vagnsins um atvikið og því sé M ein til frásagnar um hinn meinta tjónsatburð. Til að mynda hafi M ekki lagt fram neina yfirlýsingu/staðfestingu vitna sem geta borið um málsatvik. Þá hafnar V því að fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn renni fullnægjandi stoðum undir að M hafi hlotið áverkana við fall í vagninum. V telur því ekki skilyrði til bótaréttar úr lögbundinni ökutækjatryggingu X hjá V séu uppfyllt.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 kemur fram að eigandi (umráðamaður) ökutækis skal bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Ágreiningur málsins snýr að því hvort tjónið (slys M) verði rakið til notkunar ökutækisins A. Meginskilyrði bótaskyldu er að það sé orsakasamband á milli hlutlægu ábyrgðarinnar og tjónsins og tjónþoli ber sönnunarbyrði fyrir því.

Gögn um það hvað gerðist í A hinn 23. febrúar 2024 eru að einhverju leyti takmörkuð. Hins vegar liggur fyrir að dóttir M taldi ástæðu til að taka mynd af bílnúmeri A rétt eftir það tímamark þegar slysið er sagt hafa átt sér stað og verður að telja það styðja frásögn M um að eitthvað hafi sannarlega gerst í A á þeim tíma sem um ræðir. Þá liggur fyrir að M leitaði á bráðdeild daginn eftir vegna áverka sem hún rekur til falls í A og er M greind af læknum með heilahristing. Einnig liggja fyrir tölvupóstssamskipti frá M til starfsmanns X, fyrst tilkynning um slysið frá því daginn eftir slysið og síðari samskipti þar sem dóttir M fylgir tilkynningunni eftir. Af gögnum málsins má ráða að fullt samræmi er í frásögn M á bráðamóttöku og í samskiptum við X og verður M hvorki látin bera halla af því að engin gögn séu til staðar hjá X sem staðfesta frásögn M, né að staðsetning slyss sé rangt skráð í slysaskráningarkerfi bráðamóttöku. Á það sérstaklega við þar sem á meðal gagna málsins eru tölvupóstar sem sannarlega staðfesta að M tilkynnti slysið til X og fylgdi tilkynningunni eftir.

Þegar litið er til alls þessa verður að telja að framburður M sé trúverðugur og að M hafi tekist að sanna að hún hafi fallið í A og að meiðsl hennar megi rekja til notkunar A í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019. Af því leiðir að M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um umfang tjóns M, þar með talið hvort um varanlegar afleiðingar sé að ræða.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 51/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf M dags 4. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V dags. 27. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 29. ágúst 2024, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 30. ágúst 2024, hafi atvik verið þau að vinna hafi staðið yfir við strekkingar á vírum í bitasteypu á miðjubekk í plötusal. Hafi starfsmaður verið að færa tjakk á milli víra, heyrt eitthvað hljóð og þá stokkið niður á filigranborð og skoðað undir borðið. Hafi þá festingar á hinum endanum gefið sig og allir vírarnir nema tveir skotist úr lásnum. Hafi M fengið víra í kvið sinn og mjöðm. Krefst M bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfu sína á því að bekkurinn sem hélt vírunum hafi verið vanbúinn, ekki uppfyllt almennar öryggiskröfur og slysahætta hafi fylgt notkun hans. Hafi X brugðist skyldum sínum samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim með því að ganga ekki úr skugga um að bekkurinn og þær festingar sem héldu vírunum væru örugg. Hafi X borið að tryggja að engum stafaði hætta af notkun umræddsbúnaðar og vanræksla þeirrar skyldu hafi leitt til líkamstjóns M. Jafnframt megi að hluta til rekja orsök slyssins til þess að X hafi vanrækt að gera fullnægjandi skriflega áætlun um verklag við umrædda vinnu. Hefði fullnægjandi áætlun legið fyrir hefði X getað gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys sem þessi. Er vísað til eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins í þessu samhengi en þar hafi komið fram kröfur um úrbætur á vinnuumhverfi starfsfólks X, um endurskoðun skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði og að áhættumat skuli liggja fyrir. Framangreindu til stuðnings er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim. Er einnig vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 494/2019 en þar komi m.a. fram að markmið áhættumats, en skylda til gerðar þess hvíli á herðum atvinnurekanda, sé að greina hvaða hættur fylgi tilteknum verkþáttum og mæla skýrlega fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum. Með gerð áhættumats skapist því tækifæri til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi og draga úr slysahættu. Sé af öllu framangreindu ljóst að slys M megi rekja til vanbúnaðar, hættulegra vinnuaðstæðna og skorts á áhættumati.

Gerir M þá athugasemdir við röksemdafærslu V í höfnunarbréfi þess dags 24. janúar 2025. Þar haldi V því fram að vírarnir hafi gefið sig vegna málmþreytu og hafi X látið yfirfara búnaðinn tveimur mánuðum fyrir slysið. M geti ekki fallist á þau rök enda hafi sú yfirferð þá ekki verið framkvæmd betur en svo að málmþreyta yfirsást við hana. Hafi þá verið um málmþreytu að ræða hafi tækið verið vanbúið, sem hafi leitt til slyssins. Vinnuaðstæður þar sem vírar skjótist í starfsmenn verði að teljast ófullnægjandi og hafi X verið skylt að tryggja að starfsfólki stafaði ekki hætta af því að vinna umrætt verk. Jafnframt byggi V höfnun sína á því að X hafi framkvæmt áhættugreiningar fyrir öll störf innan fyrirtækisins og verklagi við strekkingar hafi verið fylgt til samræmis við vinnuhandbók frá árinu 2019. Hvað þetta varði vísar M til fyrirmæla Vinnueftirlitsins í áðurnefndri eftirlitsskýrslu um að X skuli endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem eigi við um umrætt verk. Er enn fremur vísað til þess að M hafi verið að framkvæma umrætt verk í fyrsta skipti og án leiðsagnar. Það eitt og sér gefi til kynna að aðstæður hafi ekki verið fullnægjandi.

Í seinna bréfi sínu til nefndarinnar vísar M til úrbótaáætlunar X en með henni sé sýnt fram á að vinnuaðstæður á slysdegi hafi verið ófullnægjandi og hafi hún verið unnin eftir slys M í þeim tilgangi að tryggja að slysið endurtæki sig ekki.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að bekkurinn sem notaður var við verkið hafi verið settur upp tveimur mánuðum fyrir slysið og hafi hann þá verið yfirfarinn. Einu breytingarnar sem þá hafi verið gerðar hafi þjónað þeim tilgangi að auka öryggi en bekkurinn hafi verið settur upp af viðurkenndum

verktökum og suðumönnum. V hafni því alfarið að búnaður til verksins hafi verið vanbúinn. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi festing til að strekkja vírana losnað þar sem suða gaf sig vegna málmþreytu. Það sem fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins séu þá aðeins almenn og leiðbeinandi fyrirmæli en engum sérstökum tilmælum um úrbætur sé beint til X. Þá hafi áhættumat legið fyrir á slysdegi og þjálfun starfsmanna hafi verið fyrir hendi. V geti ekki fallist á að X hafi sýnt af sér vanrækslu þar sem bekkurinn hafi verið nýlega yfirfarinn og X hafi þar af leiðandi ekki verið meðvitað um að vírar gætu losnað sökum málmþreytu. Hafi X þvert á móti mátt gera ráð fyrir því að ástand bekksins hafi verið fullnægjandi. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 57/2003 og dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4296/2020 máli sínu til stuðnings. Úrbótaáætlun X, sem M hafi lagt fram með málskoti sínu, staðfesti þá ekki að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi á slysdegi. Í úrbótaáætluninni sé hvergi fjallað um strekkingarbúnaðinn eða breytingu á verklagi hvað hann varðar. Sé það þá af og frá að það verði metið vinnuveitendum til sakar að bæta aðbúnað enda geti gott lengi batnað. Slys M verði samkvæmt framasögðu ekki rakið til saknæmrar háttsemi X og þar af leiðandi sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

M byggir í fyrsta lagi á því að þar sem festingar þær sé héldu vírunum hafi verið vanbúnar, enda hafi vírarnir losnað frá og valdið líkamstjóni M. Jafnvel þó vírarnir hafi losnað vegna málmþreytu sé um vanbúnað að ræða og hefði málmþreytunnar átt að verða vart við hefðbundið eftirlit. Fyrir nefndinni liggja engin gögn er sýni fram á hvað nákvæmlega varð þess valdandi að umræddir vírar losnuðu með þeim afleiðingum að þeir skutust í M og ollu líkamstjóni hans. Það verður t.a.m. ekki ráðið af fyrirliggjandi skýrslu um skoðun Vinnueftirlitsins dags. 30. ágúst 2024 en þar kemur aðeins fram að suður á búnaði hafi gefið sig. Hafi, eins og X heldur fram, verið um málmþreytu að ræða, hefur M þá ekki sýnt fram á að hennar hefði átt að verða vart við yfirferð á bekknum tveimur mánuðum fyrir slysið. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að bekkurinn hafi að öðru leyti verið í andstöðu við öryggiskröfur eða að X hafi verið eða mátt vera kunnugt um að hætta væri á að festingarnar gæfu sig eða að eftirliti þess með búnaðinum hafi verið ábótavant. Af sönnunarskorti varðandi framangreint verður M að bera hallann og er því ekki sýnt fram á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða.

Í öðru lagi er byggt á því að fullnægjandi áhættumat og áætlanir um forvarnir verkþátta hafi ekki legið fyrir og er vísað til ummæla í skýrslu Vinnueftirlitsins því til stuðnings. Í skýrslunni kemur fram að ef fullnægjandi áhættumat og áætlun um forvarnir liggi ekki fyrir séu auknar líkur á slysum og heilsutjóni starfsfólks. Eru þá gefin fyrirmæli um að endurskoða skuli þá þætti skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði sem eigi við um slysið. Eru þá settar fram almennar leiðbeiningar um gerð slíkrar áætlunar. Ætla má að umrædd fyrirmæli hafi verið sett fram til samræmis við 30. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum en þar segir m.a. að þegar vinnuslys verði skuli endurskoða þá þætti áætlunar um öryggi og heilbrigði sem eigi við. Í ljósi þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja og þess að skylda til endurskoðunar áætlunar um öryggi og heilbrigði er alltaf til staðar í kjölfar vinnuslyss verður sú ályktun ekki dregin af orðalagi skýrslunnar að áætlun um öryggi og heilbrigði hafi í sjálfu sér verið ófullnægjandi á slysdegi. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 52/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf M dags 4. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V dags. 27. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 29. ágúst 2024, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 30. ágúst 2024, hafi atvik verið þau að vinna hafi staðið yfir við strekkingar á vírum í bitasteypu á miðjubekk í plötusal. Hafi starfsmaður verið að færa tjakk á milli víra, heyrt eitthvað hljóð og þá stokkið niður á filigranborð og skoðað undir borðið. Hafi þá festingar á hinum endanum gefið sig og allir vírarnir nema tveir skotist úr lásnum. Hafi M fengið víra í fótinn og orðið fyrir áverkum á læri og kálfa. Krefst M bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfu sína á því að bekkurinn sem hélt vírunum hafi verið vanbúinn, ekki uppfyllt almennar öryggiskröfur og slysahætta hafi fylgt notkun hans. Hafi X brugðist skyldum sínum samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim með því að ganga ekki úr skugga um að bekkurinn og þær festingar sem héldu vírunum væru örugg. Hafi X borið að tryggja að engum stafaði hætta af notkun umræddsbúnaðar og vanræksla þeirrar skyldu hafi leitt til líkamstjóns M. Jafnframt megi að hluta til rekja orsök slyssins til þess að X hafi vanrækt að gera fullnægjandi skriflega áætlun um verklag við umrædda vinnu. Hefði fullnægjandi áætlun legið fyrir hefði X getað gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys sem þessi. Er vísað til eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins í þessu samhengi en þar hafi komið fram kröfur um úrbætur á vinnuumhverfi starfsfólks X, um endurskoðun skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði og að áhættumat skuli liggja fyrir. Framangreindu til stuðnings er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim. Er einnig vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 494/2019 en þar komi m.a. fram að markmið áhættumats, en skylda til gerðar þess hvíli á herðum atvinnurekanda, sé að greina hvaða hættur fylgi tilteknum verkþáttum og mæla skýrlega fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum. Með gerð áhættumats skapist því tækifæri til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi og draga úr slysahættu. Sé af öllu framangreindu ljóst að slys M megi rekja til vanbúnaðar, hættulegra vinnuaðstæðna og skorts á áhættumati.

Gerir M þá athugasemdir við röksemdafærslu V í höfnunarbréfi þess dags 24. janúar 2025. Þar haldi V því fram að vírarnir hafi gefið sig vegna málmþreytu og hafi X látið yfirfara búnaðinn tveimur mánuðum fyrir slysið. M geti ekki fallist á þau rök enda hafi sú yfirferð þá ekki verið framkvæmd betur en svo að málmþreyta yfirsást við hana. Hafi þá verið um málmþreytu að ræða hafi tækið verið vanbúið, sem hafi leitt til slyssins. Vinnuaðstæður þar sem vírar skjótist í starfsmenn verði að teljast ófullnægjandi og hafi X verið skylt að tryggja að starfsfólki stafaði ekki hætta af því að vinna umrætt verk. Jafnframt byggi V höfnun sína á því að X hafi framkvæmt áhættugreiningar fyrir öll störf innan fyrirtækisins og verklagi við strekkingar hafi verið fylgt til samræmis við vinnuhandbók frá árinu 2019. Hvað þetta varði vísar M til fyrirmæla Vinnueftirlitsins í áðurnefndri eftirlitsskýrslu um að X skuli endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem eigi við um umrætt verk. Er enn fremur vísað til þess að M hafi verið að framkvæma umrætt verk í fyrsta skipti og án leiðsagnar. Það eitt og sér gefi til kynna að aðstæður hafi ekki verið fullnægjandi.

Í seinna bréfi sínu til nefndarinnar vísar M til úrbótaáætlunar X en með henni sé sýnt fram á að vinnuaðstæður á slysdegi hafi verið ófullnægjandi og hafi hún verið unnin eftir slys M í þeim tilgangi að tryggja að slysið endurtæki sig ekki.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að bekkurinn sem notaður var við verkið hafi verið settur upp tveimur mánuðum fyrir slysið og hafi hann þá verið yfirfarinn. Einu breytingarnar sem þá hafi verið gerðar hafi þjónað þeim tilgangi að auka öryggi en bekkurinn hafi verið settur upp af viðurkenndum

verktökum og suðumönnum. V hafni því alfarið að búnaður til verksins hafi verið vanbúinn. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi festing til að strekkja vírana losnað þar sem suða gaf sig vegna málmþreytu. Það sem fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins séu þá aðeins almenn og leiðbeinandi fyrirmæli en engum sérstökum tilmælum um úrbætur sé beint til X. Þá hafi áhættumat legið fyrir á slysdegi og þjálfun starfsmanna hafi verið fyrir hendi. V geti ekki fallist á að X hafi sýnt af sér vanrækslu þar sem bekkurinn hafi verið nýlega yfirfarinn og X hafi þar af leiðandi ekki verið meðvitað um að vírar gætu losnað sökum málmþreytu. Hafi X þvert á móti mátt gera ráð fyrir því að ástand bekksins hafi verið fullnægjandi. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 57/2003 og dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4296/2020 máli sínu til stuðnings. Úrbótaáætlun X, sem M hafi lagt fram með málskoti sínu, staðfesti þá ekki að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi á slysdegi. Í úrbótaáætluninni sé hvergi fjallað um strekkingarbúnaðinn eða breytingu á verklagi hvað hann varðar. Sé það þá af og frá að það verði metið vinnuveitendum til sakar að bæta aðbúnað enda geti gott lengi batnað. Slys M verði samkvæmt framasögðu ekki rakið til saknæmrar háttsemi X og þar af leiðandi sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

M byggir í fyrsta lagi á því að þar sem festingar þær sé héldu vírunum hafi verið vanbúnar, enda hafi vírarnir losnað frá og valdið líkamstjóni M. Jafnvel þó vírarnir hafi losnað vegna málmþreytu sé um vanbúnað að ræða og hefði málmþreytunnar átt að verða vart við hefðbundið eftirlit. Fyrir nefndinni liggja engin gögn er sýni fram á hvað nákvæmlega varð þess valdandi að umræddir vírar losnuðu með þeim afleiðingum að þeir skutust í M og ollu líkamstjóni hans. Það verður t.a.m. ekki ráðið af fyrirliggjandi skýrslu um skoðun Vinnueftirlitsins dags. 30. ágúst 2024 en þar kemur aðeins fram að suður á búnaði hafi gefið sig. Hafi, eins og X heldur fram, verið um málmþreytu að ræða, hefur M þá ekki sýnt fram á að hennar hefði átt að verða vart við yfirferð á bekknum tveimur mánuðum fyrir slysið. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að bekkurinn hafi að öðru leyti verið í andstöðu við öryggiskröfur eða að X hafi verið eða mátt vera kunnugt um að hætta væri á að festingarnar gæfu sig eða að eftirliti þess með búnaðinum hafi verið ábótavant. Af sönnunarskorti varðandi framangreint verður M að bera hallann og er því ekki sýnt fram á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða.

Í öðru lagi er byggt á því að fullnægjandi áhættumat og áætlanir um forvarnir verkþátta hafi ekki legið fyrir og er vísað til ummæla í skýrslu Vinnueftirlitsins því til stuðnings. Í skýrslunni kemur fram að ef fullnægjandi áhættumat og áætlun um forvarnir liggi ekki fyrir séu auknar líkur á slysum og heilsutjóni starfsfólks. Eru þá gefin fyrirmæli um að endurskoða skuli þá þætti skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði sem eigi við um slysið. Eru þá settar fram almennar leiðbeiningar um gerð slíkrar áætlunar. Ætla má að umrædd fyrirmæli hafi verið sett fram til samræmis við 30. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum en þar segir m.a. að þegar vinnuslys verði skuli endurskoða þá þætti áætlunar um öryggi og heilbrigði sem eigi við. Í ljósi þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja og þess að skylda til endurskoðunar áætlunar um öryggi og heilbrigði er alltaf til staðar í kjölfar vinnuslyss verður sú ályktun ekki dregin af orðalagi skýrslunnar að áætlun um öryggi og heilbrigði hafi í sjálfu sér verið ófullnægjandi á slysdegi. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 54/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþágur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. febrúar 2025 og 17. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. mars 2025.

Málsatvik.

Í málsgögnum er málavöxtum lýst með þeim hætti að vatnstjón hafi orðið á fasteign M í sveitarfélaginu A sem rekja megi til asahláku og leysinga þann 26. febrúar 2024. Útveggir sem snúa að brekku hafi byrjað að leka. Tjónið þann dag og einnig tjón sem varð 26. apríl 2024 var tilkynnt til Náttúruhamfaratrygginga Íslands (NTÍ) sem hafnaði bótakröfu á grundvelli þess að hægfara skriðuföll féllu utan bótaskyldu NTÍ, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 770/2023 um NTÍ sem stoð á í lögum nr. 55/1992. Var vatnsflóði einnig hafnað með vísan til 5. tölul. sömu greinar. Í ljósi þessa gerði M kröfu um bætur úr fasteignatryggingu sinni hjá V. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað á þeim grundvelli að tjón M verði ekki rakið til skýfalls- eða asahláku í skilningi 4. gr. skilmála tryggingarinnar. Í afstöðubréfi V segir jafnframt að um sé að ræða tjón sem rakið verði til þess að aðbúnaður við húsið, frárennsli o.þ.h. sé ófullnægjandi, sem leiði til þess að vatn eigi greiða leið inn í húsið.

M telur óumdeilt að asahlákuflóð úr brekku fyrir ofan hús hans hafi fallið á húsið sjálft þann 26. febrúar 2024. Byggir M þá afstöðu sína á því að í minnisblaði matsmanns NTÍ komi fram að asahlákuvatn hafi „… mögulega farið inn um glugga á salerni og gegnum steypuskil og sökkla sem og með inntökum í tæknirými.“ Vísar M til þess að hvergi komi fram í skilmálum, lögum eða reglugerðum sem takmarka bótaábyrgð V í máli þessu í heild eða hluta. Að lokum telur M ekkert hafa komið fram sem sanni eða gefi til kynna að viðhaldi á húsinu hafi verið ábótavant. Húsið hafi verið byggt í hallandi brekku og hafi byggingafulltrúi A aldrei fært fram athugasemdir vegna þessa.

Í bréfi V til nefndarinnar eru málsatvik rakin og kemur þar fram að M hafi haft samband við umboðsmann V í lok febrúar 2024 og lýst vandamáli sem fólst í því að jarðvegur var farinn að skríða fram og farið væri að bera á vatni innan húss. Mun það hafa gerst á nokkurra ára tímabili. Umboðsmaður V fór á staðinn og var ljóst við skoðun að ástandið væri þannig að jarðvegsvatn væri farið að seytla inn um veggi og yfirborðsvatn rynni að veggjum og glugga hússins. Í samskiptum M og umboðsmannsins hafi ekkert verið fjallað um asahláku eða skýfall. Hafnaði umboðsmaðurinn bótaskyldu munnlega og leiðbeindi M með að hafa samband við NTÍ og kanna rétt sinn þar. Formleg krafa M um bætur úr fasteignatryggingu hafi borist 20. janúar 2025. Bótaskyldu var þá hafnað með formlegum hætti í tölvupósti daginn eftir. Afstaða V byggir á því í fyrsta lagi að tjónsatburður sé ósannaður. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að skýfall- eða asahláka hafi verið á svæðinu 26. febrúar 2024 eða í apríl sama ár. Þá telur V að gögnin beri með sér að tjón á fasteigninni verði rakið til ástands hússins og vanrækslu M á viðhaldi. Þar sem grunnur og kjallaraveggir hússins séu ekki útbúnir til að þola vatn virðist grunn- og rigningarvatn eiga greiða leið að húsinu sem veldur því að vatn seytli inn um veggi. Í fasteignayfirliti komi fram að húsið sé byggt árið 1935. Þá beri gögn málsins með sér að húsið virðist ekki hafa fengið mikið viðhald síðustu áratugina og hlutar þess jafnvel upprunalegir. Húsið sé þannig farið að láta verulega á sjá, gluggar á jarðhæð eru fúnir og glerlausir en þeim hefur verið lokað með timbri. Engin drenlögn virðist vera við húsið þrátt fyrir að það liggi í eða við brekku og jarðhæð þess að hluta til neðanjarðar. Vísar V til greinar 10.5.1 í núgildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012 sem gefi innsýn í þær kröfur sem almennt séu gerðar til húsbygginga hér á landi og hvernig hús skuli útbúið til að þola hefðbundið vatns- og veðurálag. Að lokum vísar V til 30. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar þar sem fram komi að vátryggðum beri að halda hinni vátryggðu fasteign eðlilega við og að vanræksla á því geti leitt til takmörkunar eða niðurfellingar bóta. Er það afstaða V að allur mögulegur bótaréttur M sé niður fallinn með vísan til þessa ákvæðis vegna alvarlegrar vanrækslu á viðhaldi fasteignarinnar.

Af hálfu M eru lögð fram viðbótargögn til nefndarinnar. Er þar um að ræða minnisblað verkfræðistofunnar EFLU á stæðni jarðlaga og skriðuhættu í sveitarfélaginu A þar sem fasteign M er staðsett, lýsingu náins fjölskyldumeðlims M á aðstæðum og svo að lokum afrit af tölvupóstsamskiptum lögmanns M við lögmann sveitarfélagsins A. Í fyrrgreindu minnisblaði er ekki sérstaklega fjallað um fasteign M en þar kemur fram að merkjanlegt sig hafi orðið við hús sem staðsett eru í sömu brekku og fasteign M. Í samskiptum við lögmann bæjarfélagsins kemur fram að 26. febrúar 2024 hafi starfsmenn A komið í hús M til þess að aðstoða M við að koma vatni ofan í niðurfall í næsta herbergi og taka upp gegnheilar gólffjalir til að komast betur að því að þurrka gólfið. Utanhúss voru gerðar rásir frá húsinu til að koma frá því vatni sem lá að því. Tré var fjarlægt til að koma gröfu að húsinu úr suðri og var grafan í verkum þennan morgun til að koma leysingavatni í frárennsli víða um bæinn. Gerði hún rásir frá húsinu til að koma frá vatni.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að þær lýsingar sem fram komi í erindi M bendi að mati V eindregið til þess að þau vandamál sem upp hafa komið í húsnæði M verði rakin til þess að húsið var í niðurnílsu en ekki að tjón hafi orðið vegna asahláku. Húsið hafði m.ö.o. ekki þolað vatnsálag og umbúnaður þess verið þannig að við tjóni mátti búast.

Álit.

Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er kveðið á um bótasvið hennar. Í 4. gr. skilmálans segir: „Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vátryggðri húseign ef jarðvegsvatn flæðir inn í hana, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagnið verði skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll leiði það ekki frá.“ Samkvæmt almennum reglum vátryggingaréttar hvílir sönnunarbyrðin um að vátryggingaratburður hafi átt sér stað og að orsakatengsl séu milli hans og þess tjóns sem krafist er bóta fyrir á vátryggingataka. Í gögnum málsins er að finna tölvupóst frá lögmanni sveitarfélagsins A þar sem staðfest er að starfsmenn sveitarfélagsins, m.a. verkstjóri í þjónustumiðstöð, hafi komið að fasteign M þann 26. febrúar 2024 til að aðstoða vegna innrennslis vatns í húsið. Þar kemur fram að vatn hafi legið að glugga undir sólpalli og seytlað inn í húsið bæði um gluggann og gegnum gat á útvegg. Þá er jafnframt staðfest að grafa hafi verið að störfum þennan morgun til að koma leysingavatni í frárennsli víða um bæinn, þar á meðal með því að gera rásir frá húsi M. Af framlögðum gögnum verður ekki annað ráðið en að þann dag hafi vatn runnið í miklu magni að húsinu af völdum leysinga og að það hafi flætt inn í húsið á þeim stöðum sem vatn náði að safnast fyrir. Að teknu tilliti til þess að umfang leysingavatnsins virðist hafa verið slíkt að grípa þurfti til aðgerða sveitarfélagsins víða um bæinn, telur nefndin sannað að þann dag hafi orðið tjónsatvik sem rekja má til skyndilegrar snjóbráðar (asahláku) í skilningi skilmálanna.

Af hálfu V hefur verið vísað til 30. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar, þar sem fram kemur að vátryggðum beri að halda fasteign eðlilega við og að vanræksla þar að lútandi geti leitt til takmörkunar eða niðurfellingar bóta. Þótt í málinu hafi komið fram að fasteignin sé komin til ára sinna og lýst hafi verið tilteknum atriðum varðandi ásýnd hennar, hefur V ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að vanræksla á viðhaldi hafi verið með þeim hætti að skilyrði bótaskerðingar eða niðurfellingar séu uppfyllt. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að skilyrði 30. gr. eigi við á V og hefur sú sönnun ekki tekist. Að öllu framangreindu athuguðu hefur M því sýnt fram á að það vatnstjón sem varð þann 26. febrúar 2024 falli undir bótasvið fasteignatryggingarinnar og að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi. M á því rétt á bótum úr vátryggingunni vegna þessa tjónsatburðar að því marki sem hann getur sýnt fram á umfang þess. Ósannað er að tjón sem M kveður hafa orðið á fasteigninni í apríl 2024 sé af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku).

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna þess tjónsatburðar sem varð 26. febrúar 2024 að því marki sem hann getur sýnt fram á tjón sitt.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 55/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025.
2. Athugasemdir V, dags 14. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. febrúar 2025.

Málsatvik.

Atvikinu er lýst þannig í málskoti að leki frá miðstöðvarofni í stofu í einbýlishúsi M hafi uppgötvast 19. desember 2024. M hafði samband við V sem sendi pípulagningarmann á staðinn. Tjáði hann M að þar sem parketið væri blautt myndi parketlagningarmaður koma til að þurrka upp. Þegar sá aðili kom, sem hafi ekki verið fyrr en 2. janúar 2025, hafi parketið enn þá verið blautt og verið farið að bólgna. Hafi þá verið ákveðið að rífa það upp og blásara komið fyrir. Hafi um 80 m2 af parketi verið fjarlægðir en um 40 m2 verið látnir standa eftir þar sem V telji að ekki þurfið að bæta þann hluta. Þessu er M ósammála og bendir á að samskonar parket sé á öllu húsinu. Þar sem ómögulegt sé að fá samskonar parket telur M nauðsynlegt að skipta öllu parketi hússins út. Fer hann fram á að V bæti þann kostnað sem því er samfara úr húseigendatryggingu. M bendir einnig á að ef tveimur ólíkum tegundum af parket verði skeytt saman myndi það líta illa út og rýra verðgildi hússins.

Í athugasemdum V, dags. 14. febrúar 2025, færir V fyrir því rök að því beri ekki að skipta um nema sem nemur um 80 m2 af parketi. Bendir V á að M beri að sýna fram á tjón sitt, þar með talið að það að leggja annars konar gólfefni á hluta hússins feli í sér tjón. Það eitt að einhver sjónarmunur verði á milli gólfflata sem aðskildir eru með herbergishurðum leiðir ekki sjálfkrafa til þess að mati V að heildarútlit eignarinnar raskist. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V í 11. kafla skilmála fyrir húseigendatrygginguna sem M er með. Þar segir: „Við greiðslu tjóns á gólfefni sem er eldra en 5 ára hefur félagið heild til að draga frá bótum 5% fyrir hvet aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.“ Bendir V á að í fyrirliggjandi skoðunarskýrslu komi fram að tjónið hafi orðið í stofu fasteignarinnar og að stofa, borðstofa og gangur séu eitt og sama rýmið. Stærð framangreindra rýma sé samtals 66,4 m2. Hafi V boðið bætur fyrir þann hluta hússins. Aðrir hlutar fasteignarinnar séu aðskildir frá framangreindu rými með hurðum og hurðaropum. Þessu til viðbótar vísar V í eldri úrskurði nefndarinnar varðandi afmörkun á hugtakinu rými.

Í viðbótarathugasemdum, dags. 17. febrúar 2025, bendir M m.a. á að i 1. gr. skilmálanna komi fram að húseignin eigi að vera í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M á rétt á bótum úr húseigendatryggingu vegna tjóns af völdum leka frá ofni í stofu. Ágreiningur er hins vegar varðandi umfang tjónsins. Á meðan M krefst þess að skipt verði um gólfefni (parket) í öllu húsinu hefur V fallist á að bæta tjón sem því er samfara að skipta um parket í stofu, borðstofu og gangi sem sé eitt og sama rýmið. Stærð framangreindra rýma er samtals 66,4 m2. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Er því almennt gert ráð fyrir því, þegar um bótaskylt tjón á fasteign er að ræða, að eignin sé ekki í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Þá vísar V til þess að sérstaklega komi fram í skilmálum vátryggingarinnar að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort aðrir hlutar hússins séu hluti af sama rými og stofa, borðstofa og gangur tilheyra. Af skoðunarskýrslu og ljósmyndum má ráða að svo sé ekki. Aðrir hlutar fasteignarinnar eru aðskildir frá framangreindu rými með hurðum og hurðaropum. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M því ekki tekist að sýna fram á að hann eigi rétt á að fá annað gólfefni bætt en það sem tilheyrir framangreindu sameiginlegu rými, þ.e. stofu, borðstofu og gangi, samtals 66,4 m2.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V en þegar hafa verið boðnar.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 56/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildistími og gildissvið vátryggingarskilmála. Sönnun tjóns og umfang þess.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. og 28. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og málsgögnum er málavöxtum lýst með þeim hætti að M hafi keypt fasteignina A þann 14. apríl 2023 og fengið hana afhenta sama dag. Hinn 7. janúar 2025 hafi smiðir sem voru við vinnu í fasteign M, tekið eftir bleytu á bak við vegg í baðherbergi fasteignarinnar. Í ljós hafi komið að leki hafi verið búinn að smitast vel og lengi þar sem bleyta hafi verið í öllum veggnum. Kallaður var til skoðunarmaður til að meta stöðuna og haft samband við fasteignasölu sem hafði milligöngu um kaup M á fasteigninni. Þann 13. janúar 2025 barst skýrsla frá matsmanni og sendi M skýrsluna til V þann sama dag og gerði kröfu um bætur úr fasteignatryggingu húsfélagsins hjá V. Barst M svar frá V þess efnis að matsmaður á þeirra vegum kæmist ekki fyrr en eftir tvær vikur. Taldi M ekkert annað hægt í stöðunni en að hefja framkvæmdir enda heimilisfólk hans húsnæðislaust. Teknar hafi verið myndir af öllu ferlinu og reyndu smiðir að minnka tjónið. Starfsmaður V hafi komið á vettvang 22. janúar 2025 en í kjölfarið hafnaði V bótaskyldu á þeim grundvelli að búið hafi verið að gera við fasteignina.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að höfnun V byggi í fyrsta lagi á því að tjónið hafi orðið utan gildistíma vátryggingar M. Gögn málsins beri með sér að skemmdir hafi verið til staðar á byggingarefnum við kaup M á íbúðinni þann 14. apríl 2023, sbr. fyrirliggjandi skýrslu matsmanns. Í öðru lagi byggir V á því að orsök tjónsins sé ósönnuð og í þriðja lagi að tjónið og umfang þess sé ósannað þar sem búið var að fjarlægja veggi, gólfefni, innréttingar og hreinlætistæki þegar tjónið var tilkynnt til V. Að lokum bendir V á að skv. 2. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar taki tryggingin ekki til skemmda af völdum myglu eða sveppagróðurs.

M sendi inn viðbótargögn til nefndarinnar. Þau gögn eru annars vegar athugasemdir frá smið og pípulagningarmanni sem unnu við eignina ásamt ljósmyndum og svo hins vegar ljósmynd sem sýnir að sögn M uppruna lekans.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar V til þess að ósamræmi sé í viðbótarathugasemdum M. Ljósmynd sem M segir að sýni uppruna leka sé af frárennslisrörum og samtengjum. Virðist M nú byggja á því að leki hafi komið upp í þessum samtengjum við gólf húseignar sinnar. Er það í ósamræmi við það sem fram kemur í fyrirliggjandi matsskýrslu sem M lagði fram með málskoti. Þar komi fram að lekið hafi niður með lögnum frá efri hæð hússins.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort tjón á húseign M falli undir 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar M hjá V. Samkvæmt a-lið 1. gr. vátryggingarskilmálans greiðir vátryggingin bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Samkvæmt almennum sönnunarreglum vátryggingaréttar ber þeim sem gerir kröfu um bætur úr vátryggingu að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir matsgerð frá löggiltum húsasmíðameistara sem byggir á skoðun hans á fasteigninni 8. janúar 2025. Í niðurstöðu matsgerðarinnar segir: „Hér hefur komið upp leki, því er litið svo á að hér sé um lekavandamál að ræða og tjón. Það sést að vatn hefur lekið frá efri hæð niður með lögnum, sést það greinilega á innviðum veggja, spónaplötum og veggjastoðum. Vatn hefur flætt með gólfleiðrunum veggja og komið upp mygla þar. Tekin voru sýni í dúk við veggi baðherbergis og dúk í gangi. Mygla

hefur komið upp en það var allt orðið þurrt þegar framkvæmdir hófust og veggir og gólfefni baðs voru rifin.“ Þá leggur höfundur til að talað verði við tryggingafélög og seljanda fasteignarinnar. Verið geti að nokkur ár séu frá því síðast lak og þurfi að fara í gegnum það með söluaðila hvenær lak og hvaðan. Í skýrslunni er að finna frekari umfjöllun um að kanna þurfi hvenær komið hafi upp lekavandamál frá hæðinni fyrir ofan. Í viðbótarathugasemdum M er vísað til tölvupósts dags. 24. febrúar 2025 frá verktakafyrirtæki þar sem fram kemur að við rif á baðkari hafi fundist sprunga á affallsröri sem tengt er frá bakari. Rörið hafi verið inni í vegg og tenging úr því í baðkarið. Þetta hafi lekið lengi en ekki hafi verið hægt að sjá þennan leka þar sem lögnin var falin undir baðinu og inni í vegg. Fylgdi með mynd af affallsröri. Að mati nefndarinnar er hér um að ræða misræmi í gögnum og rökstuðningi M sem ekki hefur fengist skýring á. Annars vegar leggur M fram matsskýrslu sem gefur til kynna að til staðar sé tjón sem rekja megi til leka frá efri hæð og svo hins vegar tölvupóstur og ljósmynd sem gefa til kynna að affallsrör í gólfi hafi lekið. Engin önnur gögn eru lögð fram sem sýna fram á hvernig leki frá umræddu affallsröri tengist því tjóni sem metið er í fyrirliggjandi matsskýrslu. Á grundvelli framangreinds er það afstaða nefndarinnar að M hafi ekki sýnt fram á að til staðar sé tjón sem rekja megi til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lögnum hússins. Með vísan til alls ofangreinds verður þannig talið að M verði að bera hallann af sönnunarskorti í málinu og á hann því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort tjónið hafi orðið utan gildistíma vátryggingar M hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 57/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. mars 2025.

Málsatvik.

Ágreiningslaust virðist vera að tjón varð á bifreið A 2. nóvember 2024. Hins vegar er ágreiningur um hvort skemmdir á A megi rekja til þess að B hafi verið ekið á A.

Í málskoti er málsatvikum lýst svo að B hafi verið lagt við hlið A þar sem hún stóð í stæði fyrir utan matvörubúð. Segist M hafa tekið eftir beyglu á farþegahlið A að framan og rispu á farþegahlið að aftan, þegar hann kom úr búðinni. Síðan tekur M fram að það sjáist á myndbandi að aðeins einum bíl, þ.e. B, sé lagt við hlið A meðan M var inni í búðinni. Telur M því ljóst að B hafi valdið tjóninu á A.

Í fyrirliggjandi skýrslu frá Aðstoð og Öryggi (AÖ), segir m.a. eftirfarandi um tilvikið: „Skýrsluritari skoðaði báðar bifreiðar vel og gerði hæðarmælingar á sjáanlegu tjóni þeirra. Sjáanlegt tjón var á hægri hlið [A]. Dæld var í hægri framhurð og rispur á bæði hægri aftur- og framhurð. Sjáanlegt tjón var á hægra framhorni [B], en ekkert annað sjáanlegt tjón var á bifreiðinni. Eigandi [B] sagði tjón á hægra framhorni sinnar bifreiðar vera eldra tjón. Eigandi [B] sagði það tjón aldrei hafa verið skráð. Hæð tjóna bifreiðanna pössuðu ekki saman. Lægri mörk tjóns [B] voru um 9 cm lægri en lægri mörk tjóns [A]. Efri mörk tjóns [B] voru um 7 cm hærri en efri mörk tjóns [A]. Ómögulegt var að greina hvort nýrra tjóna væri sjáanlegt í tjón [B].“

Í athugasemdum V1, dags. 18. febrúar 2025, segir m.a. að með hliðsjón af því að ekki hafi verið unnt að greina árekstur milli A og B á því myndbandi sem til er, neitun eiganda B á því að hafa valdið tjóni á A og niðurstöðu skýrslu AÖ, telji V ósannað að tjón á A verið rakið til notkunar B. Því hafnar V að greiða tjónið úr ábyrgðartryggingu B í málinu.

Í athugasemdum V2, sem ábyrgðartryggði A, er m.a. bent á að á myndbandsupptökunni komi fram að þegar A var ekið í stæði í umrætt sinn sjáist að hægri hlið hennar hafi verið óskemmd. Síðan sjáist þegar B sé ekið inn á stæðið við hlið A. Virðist hægra framhorn B vera mjög nálægt hægri hlið A, en vegna sjónarhorns myndvélarinnar sé ekki hægt að fullyrða með vissu hvort árekstur hafi átt sér stað. Hins vegar sjáist greinilega á myndbandinu að A var tjónuð á hægri hlið þegar B var ekið úr stæðinu. Telur V2 að framangreint bendi eindregið til þess að tjónið á A verið rakið til notkunar B.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðinni B var lagt við hlið A þar sem hún stóð á bílastæði fyrir utan matsvöruverslun. Þá kemur jafnframt fram, og virðist ágreiningslaust, að ekkert tjón var á A er henni var lagt í stæðið í umrætt sinn en að sjá hafi mátt tjón á henni í kjölfar þess að B var ekið úr stæðinu. Þá virðist einnig ágreiningslaust að engri annarri bifreið en B hafi verið lagt við hlið A á hinu umrædda tímabili. Þá bendir V2 á að A hafi verið óskemmd þegar hún var lögð í stæðið, myndbandsupptakan sýni að B hafi verið ekið mjög nærri A, og að í framhaldinu sjáist að A hafði orðið fyrir tjóni á hægri hlið. Þessu til viðbótar segir m.a. eftirfarandi í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 18. ferbrúar 2025: „Fulltrúi frá [V1], ásamt fulltrúa frá [V2], fengu að sjá umrædda myndbandsupptöku. Á henni mátti sjá hvar M lagði bifreið sinni í stöðureit og eftir nokkra stund sást hvar bifreiðinni [B] var ekið inn í stöðureit við hlið bifreiðar M. Ekki mátti greina árekstur er bifreiðinni [B] var ekið inn í stöðureitinn. Nokkru síðar var bifreiðinni [B] ekið á brott, en líkt og áður var ekki unnt að greina árekstur er bifreiðinni [B] var ekið út úr stöðureitnum. Eftir að bifreiðinni [B] var ekið á brott mátti þó greina skemmdir á bifreið M sem voru ekki sjáanlegar áður en [B] var ekið inn í stöðureitinn við hlið bifreiðar M.“

Af framangreindu má sjá að bæði V1 og V2 staðfesta það, með vísan í það sem fram kemur í umræddu myndbandi, að A hafi verið óskemmd þegar B var lagt við hlið hennar, en skemmd eftir að B hafði verið ekið burt. Nefndin telur því að M hafi tekist að sanna að tjón á A verði rakið til notkunar B og eigi því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1.

Niðurstaða.
M á rétt á að fá tjón á bifreiðinni A bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 58/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 14. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X í álveri Y 17. maí 2023, en X vann sem undirverktaki hjá Y. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits, móttekin 18. maí 2023, segir m.a. eftirfarandi um slysið: „Starfsmenn voru að tappa raflausn í fyrsta pott þegar það kemur gassprenging út úr deiglunni. Starfsmaður stendur fyrir framan litla lokið og heldur í lokið á meðan það kemur þrýstingur á deigluna. Litla lokið flaug 2 m frá bílnum. Bílstjóri var að fylgjast með tölvunni í bílnum þegar þetta gerðist og hann tekur eftir að starfsmaður er slasaður.“ Ekki er ágreiningur um að M varð fyrir líkamstjóni af völdum slyssins. Ágreiningurinn snýr að því hvort um skaðabótaskylt tjón hafi verið að ræða.

Í málskoti byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Er m.a. vísað í 13. 14., 21., 23., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum í því sambandi. Byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á þeim misbrestum sem M telur að leitt hafi til slyssins. Bendir M m.a. á að verklagi hafi verið breytt eftir slysið og forvarnir auknar. Þá hafi umrædd deigla verið tekin úr umferð eftir slysið. Telur M að verklagi fyrir slysið hafi verið ábótavant og/eða að slysið megi reka til ófullnægjandi þjálfunar.

Í athugasemdum V, til nefndarinnar, dags. 14. apríl 2025, kemur fram að félagið telur ekki að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Í því sambandi bendir V m.a. á að M hafi verið í 100% starfi hjá X við sömu eða hliðstæða vinnu síðan í september 2021. Þá hafi M þekkt vel til starfsins enda fengið þjálfun áður en hann hóf störf á svæðinu líkt og aðrir starfsmenn. Þessu til viðbótar bendir V á að það liggi fyrir gögn frá lögreglu og rótargreining (atvikaskýrsla) sem bendi til þess að líklega verði slysið rakið til þess að gleymst hafi að opna aftöppunarloka á loftkerfi raflausnarbílsins sem hafi gert vatni kleift að safnast fyrir og síðan þenjast út við snertingu við raflausn/málm, og valda sprengingunni. Bendir V á að upplýsingar um fyrirbyggjandi aðgerðir sé að finna í skýrslu Y og að ábyrgðarmaður yfir aðgerð þar að lútandi hafi ekki verið starfmaður X. Þá er einnig bent á að bílstjóri beri ábyrgð á að það sé í lagi með búnað sem hann notar og sérstök forgangsröðun sé fyrir öll farartæki hjá Y. Hvorki bílstjórinn né áður greindur ábyrgðarmaður hafi verið stafmenn X. Þá byggir V á því að skipulag á viðhaldi á deiglum hafi ekki verið á ábyrgð X heldur Y. V telur því að gögn málsins bendi eindregið til þess að X beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Í málinu virðist þó ekki vera á því byggt af hálfu M að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu með réttum hætti, en Vinnueftirlitið móttók tjónstilkynningu 18. maí 2023. Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem lúta að aðstæðum á slysstað.

Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Nefndin telur, með vísan í það sem að framan greinir um atvik máls og aðstæður á vinnustað í málatilbúnaði aðila, að M hafi ekki tekist sú sönnun. Bendir nefndin á að af gögnum málsins verður því ekki séð að fyrir hendi sé saknæm háttsemi X eða starfmanna félagsins. Því beri að hafna kröfum M í málinu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 59/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingarinnar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir málsaðila, dags. 15. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Athugasemdir V, dags. 19. maí 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kvöldið 25. desember 2024 hafi bifreiðinni A verið ekið eftir Bæjarbraut í Garðabæ. Á þessum tíma hafi gengið á með dimmum éljum. Við aksturinn er bifreiðinni ekið yfir rörbút (stubb) eftir umferðarskilti sem stóð upp úr umferðareyju á milli akbrauta. Við það verður tjón á bifreiðinni. M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðatryggingu X hjá V á grundvelli sakarábyrgðar. M hefur m.a. vísað til þess að umræddur rörbútur hafi verið eftir varanlegt umferðarskilti sem ekki var á sínum stað. Byggir M á því að hið varanlega umferðarskilti hafi verið fjarlægt eftir umferðaróhapp tveimur mánuðum áður og að X hafi átt að hafa lokið varanlegri viðgerð á skiltinu. Þá vísar M einnig til þess að umferðareyjan hafi verið hulin snjó þetta kvöld og því hafi rörbúturinn ekki sést. Loks vísar M til þess að starfsmenn X hafi áður sett bráðabirgðaskilti við rörbútinn sem ekki hafi verið til staðar þegar slysið varð. Byggir M m.a. á því að ef starfsmenn X hefðu verið búnir að ljúka viðgerð og setja upp varanlegt skilti þá hefði ekki orðið tjón. Þannig sé um að ræða mistök og sinnuleysi starfsmanna X sem hafi valdið tjóninu.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttasemi. Fyrir liggi að um tveimur mánuðum fyrir slysið hafi verið ekið á skiltið sem stóð á rörbútnum. Þá hafi verið sett upp bráðabirgðaskilti fyrir framan umferðareyjuna. Í kjölfar óhappsins hafi komið í ljós að það skilti lá úti í kanti en óljóst sé hvenær og hvernig það færðist þangað. Bendir félagið á að X hafi fullnægt skyldum sínum með því að setja upp bráðabirgðaskilti þar til viðgerð væri möguleg. Þá sé ekki um að ræða ástand sem hafi verið augljóslega hættulegt fyrir aðkomandi umferð þar sem umræddur rörbútur sé staðsettur upp á umferðareyju með háa kanta og utan akstursleiða. Þá hafi ástandið verið óbreytt í um einn og hálfan mánuð áður en tjónið átti sér stað og engar aðrar tilkynningar um tjón hafi borist. Því megi ætla að bráðabirgðaskiltið hafi haft tilætluð áhrif og að tjónið verði rekið til annarra ástæðna. Þá áréttar V að umferð ökutækja á umferðareyjum sé óheimil, sbr. m.a. 17. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Af því leiði að ekki sé ekki hægt að gera þá kröfu á hendur X að hann tryggi að yfirborð umferðareyja séu þannig frágengin að gert sé ráð fyrir akstri ökutækja á þeim. Tjónið verði þannig eingöngu rekið til eigin háttsemi M sem hafi ekki séð almennilega fram fyrir sig vegna veðurs og ók upp á umferðareyju þar sem tjón varð á A. Loks vísar V til þess að af gögnum málsins verði ekki ráðið hvort bráðabirgðaskiltið hafi verið á sínum stað þegar óhappið varð og færst til við það.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki gætt að því að setja upp varanlegt skilti nægilega tímalega eftir að ekið var á eldra umferðarskilti á eyjunni. Í 17. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ökumenn skuli aka á akbraut og af því leiðir að ekki er hægt að ætlast til þess að starfsmenn X megi almennt sjá fyrir að ekið verði á umferðareyju. Í málinu liggur fyrir að starfsmenn X settu upp bráðabirgðaskilti strax eftir að ekið var á upphaflegt skilti og ekki er sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi þurft að gera sérstakar ráðstafanir þegar þeir settu upp bráðabirgðaskiltið fyrir framan umferðareyjuna. Þá liggur einnig fyrir að engar aðrar tilkynningar um tjón bárust í um einn og hálfan mánuð eftir að bráðabirgðaskiltið var sett upp og því verður ekki séð að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki sett upp varanlegt skilti fyrr. Þá verður að leggja til grundvallar að X hafi ekki vitað að bráðabirgðaskiltið hafi verið farið af umferðareyjunni á tjónsdegi og verður X ekki látið bera ábyrgð ef bráðabirgðaskiltið var fært til eða það færst til við árekstur M eða annars aðila.

Í upphaflegri tjónstilkynningu segir að umferð hafi verið lítil, akbrautin öll hvít og skyggni slæmt þegar A keyrði upp á umferðareyjuna og á rörbútinn þannig að M hafi ekki séð upphækkun milli akreina nærri strætóskýlum. Verður því að leggja til grundvallar að tjónið megi fyrst og fremst rekja til þess að M hafi ekki séð almennilega fram fyrir sig vegna veðuraðstæðna og ekið upp á á umferðareyju með háa kanta sem er utan akstursleiða. Á því verður X ekki látið bera ábyrgð. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 61/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 3. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 12. mars 2025.

Málsatvik.

Þann 12. janúar 2025 varð árekstur milli A og B. A var ábyrgðartryggð hjá V2 og B hjá V1. Í málinu liggja fyrir tjónstilkynningar vegna málsins. Ef frá eru taldar upplýsingar á forsíðu tjónstilkynningar þar sem fram kemur að bæði A og B hafi skipt um akrein og beygt til hægri í aðdraganda árekstursins og að A hafi síðan lent aftan á B, ber aðilum ekki saman um málsatvik.

Vegna ágreinings um sakarskiptingu milli A og B var málið lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna. Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður A kveðst hafa ekið á vinstri akrein Reykjanesbrautar og skipt yfir á hægri akrein, fyrir aftan B, með fyrirhugaða akstursstefnu inn á aðrein að Kauptúni. Er hann hafi skipt yfir á hægri akrein hafi B skyndilega verið hemlað. Ökumaður A kvaðst þá hafa fært sig aftur á vinstri akrein og síðan aftur yfir á þá hægri og alveg yfir á fráreinina, og verið þá fyrir aftan A. Þá hafi A hins vegar hemlað aftur án sjáanlegrar ástæðu með þeim afleiðingum að A hafi lent aftan á B. Í gögnum málsins lýsir ökumaður B málsatvikum með þeim hætti að bifreiðinni hafi verið ekið eftir Reykjanesbraut í vesturátt. Við afrein að Costco/Ikea hafi hún beygt heldur seint út, hafi verið komin töluvert langt meðfram línu á hægri afrein þegar hún beygði. Kvaðst hún ekki hafa tekið eftir annarri bifreið er hún beygði. Þegar B var kominn inn afreinina segist hún hafa séð skært ljós beint fyrir aftan B. Við það hafi hún hægt ferðina, en þó ekki stoppað, það sem hún taldi sig hafa ekið í veg fyrir aðra bifreið. Við það hafi A verið ekið aftan á B. Ökumaður B telur ökumann A hafa beygt allsnögglega inn á afreinina frá vinstri akrein, yfir á hægri akrein og þaðan á eftir B inn á afreinina á þó nokkrum hraða. Árekstur hans og aðdragandi hans náðist á upptökur úr A.

Þann 21. janúar 2025 komst tjónanefndin að þeirri niðurstöðu að skipta beri sök jafnt milli A og B. Rökin voru þau að A hafi ekki gætt að umferð fyrir framan og B hafi stöðvað bifreiðina án sjáanlegrar ástæðu.

Í málskoti færir M rök fyrir því að B eigi að bera alla sök í málinu. Telur hann að fyrirliggjandi myndband sýni fram á það.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 3. mars 2025, er á það bent að félagið telji að gögn málsins bendi til þess að ökumaður B hafi hemlað, að því að virðist að ástæðulausu. Einnig telur V1 óumdeilt að við það að keyra aftan á B hafi ökumaður A gerst brotlegur við 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Það hafi því ekki verið sýnt fram á að annar ökumaður hafi sýnt af sér meiri óvarkárni en hinn. Því telji V2 rétt að sök verði skipt jafnt milli A og B.

Í athugasemdum frá V2 til nefndarinnar, dags. 12. mars 2025, kemur fram að félagið telur að fyrirliggjandi myndband bendi til þess að ökumaður B beri alla sök í málinu. Bendir V2 m.a. á að í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 komi fram að ökumaður megi ekki hemla svo snögglega að það skapi hættu fyrir aðra umferð. Þá sé í 4. gr. sömu laga að finna almennar reglur um tillitssemi og varúð í umferðinni.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur milli A og B 12. janúar 2025. Í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur m.a. fram að ökumaður má eigi að óþörfu hemla svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Nefndin telur að ökumaður B hafi brotið gegn þessu ákvæði með því að draga skyndilega úr hraða að því að virðist að ástæðulausu. Þá segir eftirfarandi í 2. mgr. 18. gr. sömu laga: „Ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skal vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri

þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna.“ Nefndin telur að ökumaður A hafi brotið gegn þessu ákvæði. Á grundvelli framangreinds verður ekki byggt á því að annar ökumanna beri sök umfram hinn. Samkvæmt því, samanber og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 62/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 17. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 29. október 2022. Hafi hún þá verið í skipulagðri hjólaferð í Atlasfjöllum í Marókkó en ferðin hafi verið á vegum X. Hafi hjólahópurinn verið á leið um mjóan stíg niður bratta og grýtta fjallshlíð þegar afturhjólið á reiðhjóli M hafi runnið aftur og út af stígnum. Hafi M fallið aftur á bak, fram af fjallsbrúninni og niður um sjö metra í gegnum tré og stórgrýti uns hún hafnaði á klettasyllu. Hafi M við þetta hlotið áverka á lærum, höndum, hálsi og höfði, auk þess sem hún hafi glímt við áfallastreitu vegna atviksins. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hennar og hefur hún því krafist bóta úr ábyrgðartryggingu þess hjá V. V hafi hafnað kröfu hennar á grundvelli þess að ferðin hafi ekki verið á vegum X heldur hafi aðeins flugsæti verið keypt hjá M. M mótmælir þeirri afstöðu enda hafi hún greitt heildarverð ferðarinnar til X, en innifalið í því verði hafi t.d. verið gisting, flutningur, máltíðir og fararstjórn. Þá komi fram í ferðagögnum að ferðin hafi verið í höndum X og Y. M telur að slys hennar megi rekja til saknæmis gáleysis fararstjóra á vegum X. Þeir hafi ekki staðið að undirbúningi og framkvæmd ferðarinnar með forsvaranlegum hætti með því að láta þátttakendur hjóla eftir leiðum sem hentuðu ekki þeirra getustigi. Þá hafi fararstjórar ekki þekkt aðstæður á svæðinu og ekki farið umræddar leiðir sjálfir áður en farið var með óvana einstaklinga í ferðina. Kvöldið fyrir slysdag hafi fararstjórar tilkynnt um dagskrárbreytingu, þ.e. að allir hópar, óháð getustigi, ættu að hjóla sömu leið. M hafi spurst fyrir um það hvort sú leið hentaði byrjendum en hún hafi verið í byrjendahópi í ferðinni. Hafi hún verið fullvissuð um það að erfiðleikastig leiðarinnar yrði aldrei meira en 3 af 5 mögulegum og að byrjendur gætu vel hjólað hana. Hins vegar hafi komið í ljós að leiðin var afar erfið, vegurinn hafi verið mjög brattur og mjór, og einnig grýttur og þurr svo hætt var við því að hjól rynnu til. Eftir slysið hafi marokkóskur leiðsögumaður tjáð M, og tveimur samferðakonum hennar, að sú hjólaleið sem M hafði slasast á væri á erfiðleikastigi 5 og aðeins ætluð mjög vönu hjólafólki. Sé af framangreindu ljóst að slys M verði rakið til þeirrar ákvörðunar fararstjóra að breyta hjólaleiðinni án þess að hafa áður skoðað sérstaklega hvort umrædd leið hentaði öllum hópnum og láta M því hjóla í mun erfiðari og hættulegri aðstæðum en hún réði við. Hafi þeir með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Við varhugaverðar aðstæður, líkt og í Atlasfjöllum, verði að gera auknar kröfur til fararstjórnar og undirbúnings þannig að öryggi þátttakenda sé tryggt. Hefðu fararstjórarnir haldið sig við fyrri ferðatilhögun hefði M aðeins hjólað á leiðum sem hæfi getustigi hennar og hefði slys hennar þá ekki komið til. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 678/2016 máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V kemur fram að umrædd ferð hafi aðeins verið markaðssett og auglýst á fésbókarsíðu Y. Þar hafi komið fram að um væri að ræða ævintýraferð á miðlungs erfiðleikastigi og miðlungs tæknileikastigi. Sérstaklega hafi verið tekið fram að hjólað yrði á einstigum og asnastígum í Atlasfjöllum og að mest yrði hjólað niður í móti. Þrátt fyrir að X hafi tekið við greiðslu vegna ferðarinnar hafi X ekki tekið að sér skipulag og framkvæmd ferðarinnar né hafi stofnast samningssamband milli X og M sem leitt geti til sakarábyrgðar X. Hafi X aðeins komið að sölu flugsæta en ekki haft aðkomu að öryggismálum eða daglegu utanumhaldi. Hafi X í raun aðeins verið greiðslumiðlari fyrir hönd Y, sem hafi verðlagt ferðina og gefið út reikning á X fyrir greiðslum þátttakenda að frádregnu verði vegna flugsæta. Sú háa greiðsla sem Y hafi því fengið frá X hafi verið langt umfram það sem greitt sé vegna fararstjórnar í hefðbundnum pakkaferðum og endurspegli það að Y hafi í raun verið hlutverki ferðaskipuleggjanda og framkvæmdaraðila ferðarinnar. Hafi X ekki haft neina vitneskju um eða aðkomu að upplýsingagjöf Y til þátttakenda í ferðinni. Hafi farmiði M þá verið ólíkur þeim farmiðum sem X gefi út vegna hefðbundinna pakkaferða. Af framangreindum ástæðum er

því hafnað að X beri nokkra ábyrgð á þeim ákvörðunum eða háttsemi sem M telji að leitt hafi til slyss hennar.

Jafnframt er það afstaða V að ekki sé sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi Y. Ferðin hafi frá upphafi verið auglýst sem fjallahjólaferð á miðlungs erfiðleikastigi og verið markaðssett sem ferð fyrir einstaklinga sem væru öruggir á fjallahjóli. Þar sem ferðin hafi snúist um að hjóla niður einstigi og asnastíga í fjalllendi hafi það ekki átt að koma neinum á óvart að um krefjandi aðstæður væri að ræða. Í samskiptum sínum við Y hafi M þá lýst töluverðri reynslu af fjallahjólaferðum. Hafi hún þá einnig, í aðdraganda ferðarinnar, sótt skipulagða æfingu á vegum Y. Dagskrá ferðarinnar hafi þá frá upphafi verið með fyrirvara um breytingar, sem séu eðlilegur hluti ferða af þessu tagi. Sú dagleið sem var farin hafi verið styttri og með minni hækkun en leiðin sem stóð upphaflega til að fara. Bendi því ekkert til þess að breytingin hafi falið í sér aukna hættu eða orsakað slys málskotsaðila. Fullyrðingar M um að innlendur leiðsögumaður hafi sagt leiðina á erfiðleikastigi 5 séu ósannaðar og stangist á við önnur gögn. Leiðarval hafi verið unnið í samráði við reynda innlenda leiðsögumenn og leiðsögumenn Y séu með víðtæka reynslu auk þess að vera með alþjóðleg þjálfara-og leiðsögumannaréttindi. Auk þess hafi þrír leiðsögumenn með mikla reynslu af hjólreiðum á umræddu svæði verið í ferðinni. Rétt fyrir slys M hafi þátttakendur þá verið stöðvaðir, aðstæður útskýrðar og sérstaklega áréttað að hver og einn skyldi meta hvort hann vildi hjóla eða ganga. M hafi sjálf tekið ákvörðun um að hjóla. Slíkt mat á eigin getu sé viðtekin öryggisvenja í fjallahjólreiðum og orsök slyssins megi fyrst og fremst rekja til þeirrar ákvörðunar M, enda hefði hún auðveldlega getað kosið að ganga með hjólið hafi hún ekki treyst aðstæðum. Fjallahjólreiðar séu þá jaðaríþrótt sem feli í sér umtalsverða líkamlega áskorun og áhættu. Þátttakendur kjósi sjálfir að taka þátt. Beri þeir því ríka ábyrgð á eigin öryggi og verði að leggja sjálfstætt mat á aðstæður og eigin getu. Við fjallahjólreiðar tíðkist þá að nota umfangsmikinn hlífðarbúnað, og feli það ekki aðeins í sér varúðarráðstöfun heldur beina viðurkenningu þess að slysahætta fylgi iðkun þeirra. Vísar V til fordæma Hæstaréttar í málum nr. 181/2002 og 91/2006 framangreindum sjónarmiðum til stuðnings. Hafi samkvæmt öllu framangreindu ekki verið sýnt fram saknæma háttsemi af hálfu Y eða annarra aðila sem komið hafi að framkvæmd ferðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að hún hafi litið svo á að hún væri að kaupa ferð á vegum X og hvergi í fyrirliggjandi gögnum komi fram að aðeins hafi verið um að ræða kaup á flugsæti. Hvað varði umfjöllun V um erfiðleikastig ferðarinnar þá hafi við skráningu M í ferðina komið fram að erfiðleikastig mundi aldrei vera umfram 3. Aldrei hafi komið fram að leiðin væri mestmegnis niður í móti. Hafi M og samferðakonur hennar tekið fram við skráningu að engin þeirra væri vanur fjallahjólari. Megi þá ráða af samskiptum M við Y að ekki hafi verið gerðar meiri kröfur til þátttakenda en þær að þeir kynnu undirstöðutækni og hefðu hjólað eitthvað á mismunandi undirlagi. Upphaflega hafi M þá fengið þær upplýsingar að 15 manns yrðu í ferðinni en á endanum hafi þátttakendur verið 24 með tveimur íslenskum fararstjórum. Þeim hafi verið skipt í þrjá hópa, og hafi M og samferðakonur hennar verið í byrjendahóp. Fyrsta daginn hafi þeim gengið vel að hjóla og ekki talið sig vera í neinni hættu við það. Eftir fyrsta daginn hafi hins vegar verið ákveðið að allir hóparnir hjóluðu sömu leið. M og aðrir þátttakendur hafi spurt að því hvort það fyrirkomulag væri öruggt, og fengið þau svör að svo væri enda væri leiðin aldrei meira en 3 að erfiðleikastigi. Fljótlega hafi þó komið í ljós að leiðin var afar krefjandi og hafi þátttakendur í byrjendahópi að miklu leyti teymt hjól sín. Í aðdraganda slyssins hafi M séð að flestir þátttakenda létu sig renna rólega niður og hafi svo stigið af hjólum sínum og gengið. Hafi M ætlað að gera hið sama en þegar hún ætlaði að stíga af hjólinu hafi það runnið aftur á bak og hún farið fram af brúninni. Hafi síðar komið í ljós að íslensku fararstjórarnir hafi ekki áður verið á þessum slóðum. Verði að telja það vítavert gáleysi að bjóða upp á fjallahjólaferð, m.a. með byrjendur, á svæði sem fararstjórarnir sjálfir séu ekki kunnugir. Er þá áréttað að marokkóskur fararstjóri hafi tjáð M og vinkonum hennar að umrædd leið sé 5+ að erfiðleikastigi og fylgja viðbótarathugasemdum M yfirlýsingar tveggja samferðakvenna hennar þar að lútandi. Sé því hafnað sem röngu og ósönnuðu að erfiðleikastig hennar hafi aðeins verið 3 enda hafi V ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að fyrir liggi umfangsmikil gögn sem sýni skýrlega að forsvarsmenn Y hafi annast alla markaðssetningu, bókanir, sölu, gistingu og ráðningu innlendra leiðsögumanna. Y hafi þannig haft umsjón með framkvæmd ferðarinnar og haldið öllum ávinningi af sölu, að frátöldu verði flugs. Flugmiði málskotsaðila sé þá merktur „X Flight Only“. Þá hafi huglæg afstaða málskotsaðila til þess af hverjum ferðin var keypt af ekki þýðingu við mat á sakarábyrgð.

Fullyrðingar M um að hjólaleiðin hafi verið í erfiðleikastigi 5 byggi á því sem marokkóskur leiðsögumaður eigi að hafa sagt og vitnisburði vinkvenna M. Fyrir liggi samskipti V við leiðsögumenn

Y þar sem þeirri fullyrðingu er hafnað, en ljóst sé að það hvíli á M að sanna umrædda fullyrðingu með haldbærum hætti. Bendi V þó á að fjallahjólaleiðir í Evrópu séu almennt flokkaðar samkvæmt STS (Single Trail Scale) kvarðanum, þar sem miðlungsgetustig (S2) feli jafnan í sér þrönga stíga, lausgrýti, náttúrulegar hindranir sem búast má við í fjalllendi og í kringum 70° halla á köflum. Af lýsingum M og fyrirliggjandi ljósmyndum verði ekki ráðið að leiðin hafi verið umfram þetta erfiðleikastig. Þvert á móti bendi gögn málsins fremur til þess að umræddum kafla megi jafna til S1 eða S2 samkvæmt viðmiðum kvarðans. Ferðin hafi þá verið markaðsett sem „Enduro/All mountain style“ fjallahjólaferð, ætluð meðalvönum hjólurum og hafi aðstæður verið til samræmis við það. Því sé fullyrðing M um að leiðin hafi verið í erfiðleikastigi 5 enn órökstudd og ósönnuð.

Álit.

V byggir m.a. á því að málskoti þessu sé ranglega beint að X. Ljóst er að ferðin sem M festi kaup á innihélt m.a. flug, gistingu, leiðsögn og máltíðir og greiddi M verð hennar í einu lagi til X. Er því ljóst að um pakkaferð, í skilningi 2. tl. 4. gr. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, var að ræða, og var ferðin auglýst sem slík. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu þó Y, en ekki X, hafi í raun verið skipuleggjandi ferðarinnar enda var hún seld sem ein heild og krafist greiðslu heildarverðs fyrir hana. Er það mat nefndarinnar að X hafi verið smásali í skilningi 9. tl. 4. gr. laganna og Y skipuleggjandi sbr. 8. tl. 4. gr., þ.e. að X hafi selt ferð sem Y hafi sett saman. Er við það mat jafnframt byggt á gögnum málsins varðandi það hvernig kaupin virðast hafa horft við M, en hún greiddi heildarverð ferðarinnar til X, og mátti því með réttu telja að samningssamband milli þeirra væri komið á um ferðina. Einnig er rétt að geta þess að í samskiptum leiðsögumanna Y við V kemur fram að þær hafi verið „verktakar, fararstjórar í fjallahjólaferð“ og hafi sent X reikning vegna þess. Smásali og skipuleggjandi bera, sbr. 17. gr. sömu laga, sameiginlega og hvor í sínu lagi, ábyrgð á framkvæmd þeirrar ferðatengdu þjónustu sem er innifalin í samningi um pakkaferð, óháð því hver annast þjónustuveitingu. Verður þá ekki séð að í lögunum eða annars staðar sé gert ráð fyrir því að söluaðili geti firrt sig þeirri ábyrgð með þeim rökum að aðeins hafi verið um greiðslumiðlun að ræða eða á grundvelli þess að farmiðar hafi verið frábrugðnir hefðbundum farmiðum pakkaferða. Er það því álit nefndarinnar að kröfu M sé réttilega beint að X.

Í 22. gr. fyrrnefndra laga er þá að finna sakarlíkindareglu, þar sem fram kemur að ferðamaður eigi rétt á skaðabótum vegna tjóns sem hann verður fyrir og rekja má til vanefnda nema skipuleggjandi eða smásali sýni fram á að vanefnd sé komin til af nánar tilgreindum ástæðum. Þarf því ekki að sýna sérstaklega fram á saknæma háttsemi. Eftir stendur þó að það er tjónþola, þ.e. M, að sýna í fyrsta lagi fram á að um vanefnd hafi verið að ræða og hins vegar að tjón hennar megi rekja til þeirrar vanefndar.

Af kynningarefni um umrædda ferð má ráða að hún hafi verið með miðlungs erfiðleikastigi og ekki verður séð að hún hafi verið markaðssett sérstaklega fyrir byrjendur. Kemur jafnframt fram að farið sé um einstigi og asnastíga og mest sé hjólað niður í mót. Í lista yfir útbúnað kemur fram að minnt sé á hjálm, hnéhlífar, hanska/grifflur, olnbogahlífar, bakpoka með helst með smá bakhlíf, - eða bakbrynju. Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið í axlabrynju er hún varð fyrir slysinu. Af ljósmyndum af slysstað má ráða að um nokkuð torfæran kafla hafi verið að ræða og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu M að þátttakendum hafi verið ráðlagt að ganga hann treystu þeir sér ekki til að hjóla. Verður af öllu framansögðu að telja að í fjallahjólreiðum almennt felist nokkur áhætta og að M hafi mátt gera sér grein fyrir aðstæðum áður en hún tók ákvörðun um að hjóla umræddan kafla. Verður samkvæmt framasögðu að telja að fallahjólreiðarferðir sem þessi feli í sér ákveðna áhættu og að sjónarmið um áhættutöku leiði til þess að ekki verði gerð krafa á hendur smásala eða skipuleggjanda slíkrar ferðar að því gefnu að forsvaranlega hafi verið staðið að undirbúningi hennar og framkvæmd.

Kemur þá til skoðunar hvort forsvaranlega hafi verið staðið að umræddri ferð, þ.e. hvort vanefnd í skilningi 22. gr. laga nr. 95/2018 hafi verið að ræða. M vísar til þess að umrædd ferð hafi verið á erfiðleikastigi 5, og gæti það vissulega talist óforsvaranlegt, sér í lagi þar sem í samskiptum M við Y í aðdraganda ferðarinnar var áréttað að erfiðleikastigið væri „medium“. Af fyrirliggjandi ljósmyndum og lýsingum á aðstæðum treystir nefndin sér hins vegar ekki til að meta á hvaða erfiðleikastigi umrædd leið er. Staðhæfing M og tveggja vitna um að þarlendur leiðsögumaður hafi tjáð þeim að leiðin væri á erfiðleikastigi 5 er ekki studd neinum hlutlægum gögnum um flokkun slíkra leiða, eða nánari upplýsingum um það hvað valdi því að leiðin sé samkvæmt viðurkenndum mælikvörðum á erfiðleikastigi 5. Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum V voru upplýsingar á þýsku um flokkun leiða eftir erfiðleika og af því sem þar kemur fram er ekki unnt að draga þá ályktun að um erfiðleikastig 5 hafi verið að ræða. Er því ekki sýnt fram á að svo hafi verið.

Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að slys M verði rakið til vanefnda við framkvæmd ferðarinnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna og að mati nefndarinnar liggur ekki annað fyrir en að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 63/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Saknæm háttsemi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. janúar 2023 hafi M verið á leið sinni inn í verslun X þegar hún rann í hálku með þeim afleiðingum að hún ökklabrotnaði á vinstri fæti og meiddist á hné. Slysið gerðist á göngustíg sem liggur að versluninni. Um það bil 1/3 af göngustígnum var með hitalögn. Á hluta göngustígsins sem ekki hafði hitalögn var mjög mikil hálka . Skörp skil voru þar á milli, það er að segja þar sem hitalögnin hætti og við tók svellbunki. Mikil hálka var á þeim hluta þar sem svellið var, en þar rann M. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Byggir M á því að slysið megi rekja til vanrækslu X á öryggisskyldum verslunareiganda. Á X hafi hvílt rík athafnaskylda og starfsmönnum borið að gera allar þær ráðstafanir, sem sanngjarnt mátti telja, til þess að koma í veg fyrir slys vegna hálku umrætt sinn. X hafi ekki getað dulist sú hálka sem myndast hafði, sbr. meðfylgjandi myndir. Verslunareigandi beri ábyrgð á því að gönguleið inn og út úr verslun hans sé örugg. Vísar M máli sínu til stuðnings til dómaframkvæmdar og fræðirita þar sem fjallað er um ríka athafnarskyldu eigenda fyrirtækja.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur ósannað að slys M verði rakið til óforsvaranlegra aðstæðna fyrir utan verslun X umrætt sinn og jafnframt ósannað að slysið megi rekja til vanrækslu á öryggisskyldum verslunareiganda. Slys M hafi ekki verið tilkynnt til X fyrr en með tölvupósti 21. nóvember 2023. Engum starfsmanni hafi verið gert viðvart um slysið og því ekki að finna nein gögn hjá X um atvikið. Hafði X ekki heyrt af öðrum sambærilegum slysum vegna hálku dagana fyrir eða á eftir. Það sé skráð verklag að salta göngustíg til að hálkuverja enn frekar þann hluta göngustígsins sem ekki hefur hitalögn. Þessu verklagi hafði verið sinnt og stígurinn saltaður kvöldið áður. Illviðráðanlegt hefði verið fyrir X að fjarlægja klakann á gangstéttinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Samkvæmt upplýsingum frá X liggja engin gögn fyrir um slys M og hafi X ekki fengið upplýsingar um slysið fyrr en rúmlega 11 mánuðum eftir að slysið átti sér stað. Samtímagögn liggja þó fyrir þ.e. færsla í bráðamóttökuskrá dags. 15. janúar 2023 þar sem fram kemur að M hafi runnið í hálku fyrir framan verslun X. Verður á grundvelli þess að telja nægjanlega sannað að atvikið hafi átt sér stað á athafnasvæði X. Samkvæmt verklagi X var umræddur stígur hálkuvarinn kvöldið áður og liggur ekki fyrir að veðuraðstæður hafi á slysdegi verið með þeim hætti að nauðsynlegt hafi verið fyrir starfsmenn X að hálkuverja aftur. Það er því afstaða nefndarinnar að ósannað sé að slys M megi rekja til saknæmrar vanrækslu starfsmanna X á hálkuvörnum. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 64/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Nafn varnarðaila (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka: (X), (Y) og (Z).

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags 25. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 27. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M við athugasemdum V2, dags. 26. febrúar 2025.

Málsatvik.
Í gögnum málsins, þ.e. bréfi dags. 26. janúar 2024, sem sent var til V1 fyrir hönd M, er eftirfarandi upplýsingar að finna um málsatvik. Þann 17. apríl 2023 hafi M slasast á framkvæmdasvæði á skólalóð við grunnskóla Z. Slysið hafi nánar tiltekið orðið með þeim hætti að M hafi gengið ofan í litla holu á lóðinni sem hafi verið staðsett á skilum þar sem malbik og svæði fyrir sandkassa mætast. Í bréfinu kom einnig fram að samkvæmt upplýsingum frá Z hafi staðið yfir framkvæmdir við skólann á umræddu tímabili. Hafi verið unnið að því að koma fyrir lausum kennslustofum á skólalóðinni og setja upp laust grindverk umhverfis vinnusvæðið. Hafi Y verið ráðið til að sjá um það verk. Auk þess hafi á sama tíma þurft að fjarlægja sandkassa vegna breytinga á gönguleið. Hafi X verið ráðinn til að vinna það verk. Í málskoti, dags. 6. febrúar 2025, er upplýst að M hafi verið flutt frá slysstað á sjúkrahús með sjúkrabifreið, þar sem staðreynt hafi verið að hún væri brotin á vinstri öxl.

Í framangreindu bréfi kom einnig fram að M teldi að X bæri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Í því sambandi var byggt á því að X hafi ekki gengið frá holu á gönguleiðinni með forsvaranlegum hætti. Þá kom fram að M teldi að X hafi borið ábyrgð á frágánginum og beri eftir atvikum óskipta bótaábyrgð með Y. Auk þess var á það bent að M telji að mikil slysahætta hafi skapast þar sem ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vekja athygli gangandi vegfarenda á holunni eða girða svæði af. Beri X skaðabótaábyrgð á þessum vanbúnaði. V1 hafnaði bótakröfunni með bréfi dags. 12. febrúar 2024.

Sambærilegt bréf var sent til V2 fyrir hönd M vaðandi meinta bótaábyrgð Y. Rök M fyrir bótaábyrgð Y, voru þau sömu og í fyrrnefndu bréfi. V2 hafnað bótaskyldu Y, með bréfi dags. 13. júní 2024.

Þriðja bréfið, dags. 1. júlí 2024, vegna slyss M var sent til V1. Þar voru færð rök fyrir því að M teldi að Z, bæri skaðabótaábyrgð á tjóninu samkvæmt reglum skaðabótaréttar um ábyrgð fasteignareiganda vegna tjóns sem hlýst af ástandi og búnaði fasteignar. Var á það bent að á eiganda fasteignar hvíli athafnaskylda varðandi umbúnað fasteignar sem og sú aðgæsluskylda að koma í veg fyrir að þeir sem eiga erindi í fasteignina verði fyrir tjóni. Enn fremur kom fram að M telur að þessi skylda sé ríkari í ljósi þess að vátryggingartaki starfrækir skóla á lóðinni og á því von á að fjöldi fólks eigi leið um svæðið á degi hverjum. Því telji M að slysið megi rekja til þess að Z hafi ekki gengið frá holunni í gönguleiðinni með forsvaranlegum hætti. V1 hafnaði bótaskyldu Z með bréfi, dags. 15. janúar 2025.

Í málskoti kemur fram að M byggir aðallega á að verktakarnir X og Y beri skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli almennu sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, enda megi rekja tjónið til þess að ekki hafi verið gengið frá holunni í gönguleið að skólanum með forsvaranlegum hætti og það hafi skapað mikla slysahættu. Jafnframt er á það bent að ekki hafi verið gerðar neinar ráðstafanir til að vekja athygli vegfarenda á holunni eða girða af svæðið. Þá er vísað til þess að það sé mat Z að lausa grindverkið á framkvæmdasvæðinu hafi átt að hylja holuna. Það hafi verið á ábyrgð Y að sjá til þess að sú væri raunin. Telur M ljóst, m.a. vegna upplýsinga frá Z, að vegna framkvæmdanna sem verktakarnir hafi borið ábyrgð á hafi þurft að breyta gönguleið og þar með aðkomu að skólanum. Þá telur M að allt

bendi til þess að holan hafi orðið til vegna framkvæmda verktakanna. Hafi í kjölfar slyssins verið fyllt upp í holuna til að koma í veg fyrir frekari slys.

Byggir M á því að X og Y hafi borið óskipta ábyrgð á að tryggja góðan aðbúnað og örugg starfsskilyrði samkvæmt 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá hafi þeim borið að tryggja að vinnuumhverfi og vinnuaðstæður væru ásættanlegar, sbr. 13., 37., og 42. gr. laganna. Þá sé í c-lið 1. mgr. 88. gr. laganna vísað til þess að setja skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti. Þá segi í 1. mgr. 12.10.1 að aðkoma að hverri byggingu, bílastæði og almennt göngusvæði við og að byggingu skuli þannig staðsett og frágengin að aðgengi að byggingunni sé auðvelt og ekki skapist slysahætta á svæðinu. Í 4. mgr. sama ákvæðis sé vísað til þess að öll op og gryfjur, á eða við lóðir bygginga, sem eru aðgengilegar og fólk kemst að og getur hugsanlega fallið niður um skulu lokuð með handriði, grindum eða þar til gerðum lokum. Telur M sig með vísan í framangreint hafa sýnt fram á að X og Y hafi vanrækt fyrrnefndar skyldur sínar með því að hafa látið undir höfuð leggjast að tryggja örugga göngu- og aðkomuleið að skólanum meðan á framkvæmdum stóð.

Í málskoti er til vara byggt á að Z beri skaðabótaábyrgð á tjóninu með vísan til reglna um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda. Vísar M m.a. til þess að á skólanum hafi hvílt strangari skyldur til að trygga aðkomuleið nemenda að skólanum. Hafi Z haft vitneskju um framkvæmdir við skólann og borið að kanna aðstæður og ganga úr skugga um að gönguleið að skólanum væri hættulaus.

M krefst þess að nefndin úrskurði aðallega á þá leið að X og Y beri óskipt fulla skaðabótaábyrgð og til vara að Z beri fulla skaðabótaábyrgð.

Í athugasemdum V2 til nefndarinnar, dags. 25. febrúar 2025, kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Y sé sú fullyrðing sem M byggi á að Y hafi átt aðkomu að uppsetningu á lausum kennslustofum og grindverki umhverfis framkvæmdasvæðið, röng. Hér rétta sé að umsjónaraðili verksins á skólalóðinni, Þ, hafi óskað eftir því að Y kláraði afmarkaðan hluta verksins. Hafi þar verið um að ræða hellulögn við leikskólabyggingu og uppsetning á nýju hliði við inngang skólans, fjarri því svæði þar sem M slasaðist. Y hafi því hvorki haft aðkomu að framkvæmdasvæðinu né að því svæði þar sem holan var. Því verði slys M ekki rakið til atriða sem Y beri skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 26. febrúar 2025, er vísað til þess að upplýsingar um aðkomu Y að verkinu hafi komið beint frá skólanum, Z. Þá liggi ekki fyrir í málinu neinn verksamningur eða annað til frekari staðfestingar á verkþætti Y. Þessar nýju upplýsingar sem fram komu í athugasemdum V2, um aðkomu annars fyrirtækis, sýni að það sé greinilega uppi ágreiningur um verkþátt Y. Síðan er tekið fram að í ljósi framangreinds ítreki M það sem áður hafi komið fram og vísar til rökstuðnings sem fylgdi málskotinu.

Í athugasemdum til nefndarinnar frá V1, dags. 27. febrúar 2025, kemur fram að V1 hafni bótaábyrgð X í málinu. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Tekur V1 fram að sönnunarbyrðin um meinta sök X, orsakatengsl og önnur skilyrði sakarreglunnar hvíli alfarið á M. Bendir V1 á að málatilbúnaður M byggist annars vegar á því að X hafi ekki gengið frá holu á gönguleið að skólanum með forsvaranlegum hætti og hins vegar á því að holan hafi ekki verið gilt af. Vegna þessa bendir V1 á að X hafi aðeins tekið það verkefni að sér að fjarlægja sandkassa. Hann hafi ekki unnið neinar jarðvegsframkvæmdir eða framkvæmdir á yfirborði lóðarinnar aðrar en að fjarlægja sandkassann. Þá liggi fyrir að X hafi ekki tekið að sér að girða af vinnusvæðið. Er slysið varð hafi X auk þess þegar lokið sinni vinnu á svæðinu. Hvað varðar kröfu M á hendur Z bendir V1 einnig á að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem Z beri ábyrgð á. Hvað varðar reglur um sönnun og sönnunarbyrgði þá gildi það sama og gagnvart X. Byggir V1 á því að samkvæmt upplýsingum í málinu hafi Z ráðið Y til að girða af vinnusvæðið. Það hafi hins vegar ekki verið gert með fullnægjandi hætti, nokkuð sem forsvarsmönnum Z hafi ekki verið kunnugt um. Hvað varði fráganginn á holunni þá liggi fyrir að ætlun Z hafi verið að frá henni yrði gengið við lok framkvæmdanna. Þess vegna hafi Y verið fenginn til að girða vinnusvæðið og bráðabirgðagönguleið að skólanum af. Z geti ekki borið ábyrgð vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna annarra vinnuveitanda.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X, Y og Z á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur þeim á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X, Y eða Z eða starfsmanna sem X, Y eða Z beri vinnuveitandaábyrgð á.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar X, Y eða Z séu uppfyllt í málinu. Bendir nefndin á að M hefur ekki lagt fram nein gögn sem hægt er að byggja þá niðurstöðu á að af holu þeirri sem deilan snýst að nokkru um, hafi stafað slík hætta að það verði að teljast gálaus háttsemi að hálfu X, Y og Z að grípa ekki til sérstakra ráðstafana til að tryggja gönguleið fram hjá henni. Bendir nefndin á í þessu sambandi að engar upplýsingar liggja fyrir um holuna aðrar en þær sem stafa frá M. Nefndin telur því einfaldlega ósannað að staðsetning eða ástand holunnar hafi kallar á sérstakar aðgerðir til að tryggja öruggt aðgengi að skólanum. Í öðru lagi bendir nefndin á að gegn neitun X og Y telst einnig ósannað að þau verk sem þeir tóku að sér í umrætt sinn hafi verið þess eðlis að þeim hafi borið að grípa til sérstakra aðgerða vegna holunnar. Hér bendir nefndin aftur á að M hefur ekki lagt fram nein gögn varðandi þau verk sem X og Y sinntu í umrætt sinn. Í raun virðist M byggja málatilbúnað sinn, hvað framangreint varðar, á upplýsingum sem eru sagðar stafa frá Z, án þess að einhver gögn því til staðfestingar hafi verið lögð fram.

Niðurstaða.
M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum X og Z hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu Y hjá V2.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 65/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Vátryggingartaki (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 6. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. júní 2023, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að hann hafi verið að færa til og lyfta þungu rafmagnsrúmi þegar hann flæktist í snúru með þeim afleiðingum að hann féll við og fékk slink á bakið. M hafi leitað á heilsugæslu daginn eftir en M tali litla íslensku og afar litla ensku. Hafi hann lýst slysinu og einkennum sínum en skráning um atvik í sjúkraskrá hafi verið stuttorð og ónákvæm. Þar hafi aðeins komi fram að M hafi verið að lyfta þungri byrði. Við síðari komur á heilsugæslu hafi skráning þó verið ítarlegri hvað atvik varði. Byggir M á því að skoða verði fyrstu skráningu í sjúkraskrá, sem vissulega hafi verið ónákvæm, í samhengi við önnur málsgögn og með tilliti til þess að það sem þar komi fram sé ekki í ósamræmi við atvikalýsingu í tjónstilkynningu og öðrum gögnum. Þrátt fyrir óvinnufærni M frá slysdegi og fram til 13. október 2023 hafi slysið þá ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins svo sem skylt sé samkvæmt 79.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því hljótist. Í málskoti kemur þá einnig fram að eigandi X og yfirmaður M, Y, hafi sýnt honum sérstaka óvild í kjölfar slyssins og hafi m.a. neitað að greiða M laun í veikindaforföllum og á meðan á uppsagnarfresti stóð, en M hafi verið sagt upp í kjölfar slyssins. Þá hafi Y kært M til lögreglu fyrir tilraun til líkamsárásar. Lýsing Y á því atviki eigi sér enga stoð í raunveruleikanum og hafi kæran verið lögð fram í því skyni að fá M til að falla frá kröfu um vangoldin laun. Hafi Y þá neitað að skrifa undir tilkynningu til Sjúkratrygginga. Verði að skoða lýsingar X á atvikum í ljósi þessarar óvildar, en t.a.m. sé alls ósannað að eiginkona M hafi ekki sagt hann slasaðan, heldur veikan, enda hafi hún aldrei haldið því fram í samskiptum við X að ekki væri um vinnuslys að ræða. M hafi tilkynnt V um slysið hinn 27. júlí 2023 og þar, og í tilkynningu til Sjúkratrygginga, hafi atvikum verið lýst með sama hætti og í málskoti. V hafi hafnað bótskyldu með vísan til þess að ekki væri sannað að um slys í skilningi vátryggingaréttar hafi verið að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt skilmálum viðeigandi vátryggingar sé slys skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Telur V að ekki liggi fyrir nein samtímagögn sem sýni fram á að M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt framangreindri skilgreiningu. Samkvæmt X hafi M tilkynnt um veikindi í sms-skilaboðum 19. júní 2023. Fjórum dögum síðar hafi hann svo sent verkstjóra hjá X vottorð um vinnuslys sem enginn hafi vitað af. Daginn eftir, eða 24. júní, hafi verkstjórinn hringt í M og talað við konu hans, sem hafi sagt að um þursabit væri að ræða en ekki vinnuslys. M hafi svo aftur mætt til starfa 26. júní en tilkynnt veikindi að nýju 29. júní. Hinn 4. júlí hafi hann aftur komið til starfa en ráðningarsambandi aðila hafi lokið 10. júlí 2023. Í ljósi þess að X hafi ekki vitað af meintu slysi verði það ekki metið því til sakar að rannsókn Vinnueftirlitsins á tildrögum þess hafi ekki farið fram. Starfsmaður stéttarfélags M hafi sent X tölvupóst dags. 11. júlí 2023 þar sem gerð var krafa um laun vegna vinnuslyss. Sú lýsing atvika sem þar komi fram samræmist ekki fyrrgreindri skilgreiningu slysahugtaksins. X hafi ekki undirritað tilkynningu til Sjúkratrygginga enda geti starfsmenn þess ekki staðfest að atvik hafi verið þau sem M haldi fram. Af öllu framansögðu er það afstaða V að bótaréttur sé ekki til staðar.

Álit.

M byggir kröfu sína um bætur úr slysatryggingu launþega á því að hann hafi, hinn 19. júní 2023, orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingaréttar við störf sín í þágu X. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á M að sýna fram á tjón sitt og atvik að baki því, þ.e. að tjón hans megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. M byggir á því að þar sem Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slys M

verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem leiði af því að rannsókn á tildrögum slyssins hafi ekki átt sér stað. Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja ósannað hvenær M tilkynnti X um að hann hefði orðið fyrir slysi, en t.a.m. liggur ekki fyrir hvað kom fram í sms-skilaboðum sem M sendi er hann tilkynnti X um fjarveru sína. Á grundvelli þess verða ekki talin efni til að víkja frá almennum sönnunarkröfum á grundvelli þess að rannsókn Vinnueftirlitsins hafi ekki farið fram.

Engin vitni voru að umþrættu atviki. Fyrir liggur tilkynning til Sjúkratrygginga, dags. 14. ágúst 2023. Kemur þar fram að M hafi slasast um kl. 13 hinn 19. júní 2023 og farið að finna fyrir verkjum þá um kvöldið. Atvikinu er lýst svo að M hafi verið að færa til rúm og hafi flækst með fót í snúru og fengið slink á sig. Framangreind tilkynning er undirrituð af M en ekki X. Verður því að líta á hana sem einhliða frásögn sem sett er fram af hálfu M en ekki sönnun þess að atvik hafi verið með tilteknum hætti. Í tjónstilkynningu M til V dags. 27. júlí 2023 segir að M hafi verið að færa til rafmagnsrúm, hafi flækst í snúru og fallið við það.

Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá leitaði M á heilsugæslu 20. júní 2023. Í samskiptaseðli vegna þeirrar komu segir að M sé með verk í baki og hafi hann komið til er M lyfti þungri byrði. Fékk M þá gefið út vottorð vegna fjarvista til 23. júní 2023. Í vottorðu um óvinnufærni vegna tímabilsins 29. júní 2023 til 3. júlí 2023 segir að M hafi fengið áverka „við að lyfta þungu“. Í kjölfarið átti M nokkur samskipti við heilsugæslu vegna einkenna frá baki og undirgekkst m.a. skoðun í tengslum við útgáfu áverkavottorðs hinn 8. ágúst 2023. Í skráningu vegna þeirrar komu segir í lýsingu á orsökum slyssins að M hafi verið að færa þungt rúm við vinnu og flækst í snúru og fengið slink á bakið. Sömu lýsingu er að finna í læknisvottorðum heilsugæslunnar til Sjúkratrygginga dags. 8. ágúst og 13. september 2023.

Einnig er fyrirliggjandi tölvupóstur frá stéttarfélagi M, dags. 11. júlí 2023, þar sem sett er fram krafa fyrir hönd M um greiðslu launa í veikindaforföllum og uppsagnarfresti. Kemur þar fram að M hafi fengið „tak í bakið við það að lyfta þungum hlut í vinnu…“.

Óumdeilt er að það að fá tak í bakið við átak er ekki slys í skilningi ofangreindrar skilgreiningar, þ.e. ekki er um skyndilegt utanaðkomandi atvik að ræða, heldur verður slíkt tjón rakið til innra ástands eða veikleika tjónþola. Af öllu framansögðu má þá ráða að samtímagögn vegna atviksins beri ekki með sér að um slys hafi verið að ræða. Svo til álita komi að byggja á síðar til komnum lýsingum verða að mati nefndarinnar að koma til frekari gögn sem styðji þá atvikalýsingu.

Það hvílir á M að sýna fram á að atvik sem uppfylli skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar hafi átt sér stað og leitt til þess líkamstjóns sem hann rekur til þess. Samkvæmt öllu framansögðu leikur vafi á því að slík sönnun hafi tekist. Verður M eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 66/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 19. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 3. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. maí 2025.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er tjónstilkynning M til V1, þar sem fram kemur að hinn 17. janúar 2025 hafi hann setið í bifreiðinni A, sem hafi verið kyrrstæð á bifreiðastæði, og verið að opna dyr hennar. Á sama tíma hafi B verið ekið inn í bifreiðastæðið við hliðina á A og hafi henni verið ekið á hurðina. Ökumaður B hafi ekki séð að M var að opna dyrnar og hafi ekið of hratt inn í stæðið. Kemur þá fram að á vettvangi hafi aðilar verið sammála um að ökumaður B bæri sök á árekstrinum enda hefði hann átt að sjá að hurðin var opin. Í tjónstilkynningu ökumanns B til V2 segir að hann hafi ekið B inn í bifreiðastæði og dyr á bílnum við hliðina hafi verið opnaðar á sama tíma. Í ódagsettri yfirlýsingu ökumanns B er atvikum nánar lýst og kemur þar fram að hann taki fulla ábyrgð á umræddu tjóni, enda hafi hann vegna skerts útsýnis ekki veitt því athygli að dyr A hafi verið opnar og M við það að stíga út. Töluvert tjón varð á A við atvikið.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst, á grundvelli ofangreindra gagna, að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla ábyrgð á umræddu atviki þar sem hann hefði ekki gætt nægjanlega að annarri umferð áður en hann opnaði dyr bifreiðarinnar.

M fellir sig ekki við þau málalok og gerir í málskoti kröfu um að öll sök verði lögð á ökumann B, enda liggi fyrir yfirlýsing hans þess efnis að hann beri ábyrgð á atvikinu. Þá hafi ökumaður B brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019 með því að sýna ekki almenna aðgát og með því að ökuhraði B hafi verið umfram lögmæltan hámarkshraða á bifreiðastæðum.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, kemur fram að ekki séu gerðar sérstakar athugasemdir við niðurstöðu tjónanefndar. Niðurstaðan hafi byggt á því að upphafleg tjónstilkynning M hafi verið skýr og afdráttarlaus. Síðari yfirlýsing ökumanns B hafi því minna vægi en ella, sér í lagi í ljósi þess að hann hafi ekki tekið eftir því að dyr A hafi verið opnar fyrr en árekstur varð. Hafi því ekki verið unnt að fullyrða um að dyr A hafi verið opnar, heldur aðeins að ökumaður B hafi ekki séð það. Ein af ástæðum þess geti verið sú að M hafi opnað dyrnar á sama tíma og B var ekið inn í bifreiðastæðið.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, er lýst þeirri afstöðu að sök hafi réttilega verið lögð á M. Er vísað til þess að samkvæmt 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga hvíli rík aðgæsluskylda á þeim sem opni dyr ökutækis. Verði þá að byggja á frumgögnum málsins, en ekki síðar tilkomnum yfirlýsingum, og í tjónstilkynningum aðila komi skýrt fram að dyr á A hafi verið opnaðar á sama tíma og B var ekið inn í stöðureitinn. M beri þá sönnunarbyrði þess að dyrnar hafi verið opnaðar á þann hátt að ekki hafi valdið hættu eða óþarfa óþægindum. Við mat á því verði fyrst og fremst að horfa til þess hve löngu fyrir árekstur dyrnar voru opnaðar. Hafi M ekki sýnt fram á annað en dyrnar hafi verið opnaðar á sama tíma og B var ekið inn í stæðið, og hafi hann því ekki axlað framangreinda sönnunarbyrði. Væri sýnt fram á að M hefði gætt fullrar aðgæslu við opnun dyranna beri M þá jafnframt sönnunarbyrði þess að ökumaður B hafi að einhverju leyti hagað akstri sínum gáleysislega. Ekkert í gögnum málsins gefi slíkt til kynna.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann telji túlkun V2 á hugtakinu „á sama tíma“ ekki rétta, enda feli það ekki endilega í sér að atvik hafi átt sér stað á nákvæmlega sömu sekúndu eða mínútu. Sé þá skrítið að beita slíkri oftúlkun þegar fyrir liggi viðurkenning ökumanns B á því að hann eigi sök á tjóninu. Þá leggur M fram skýringar gervigreindarforritsins ChatGPT á orðatiltækinu „á sama tíma“ framangreindu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur máls þessa hverfist um það hvort orsök árekstursins hafi verið sú að sú að ökumaður A hafi umrætt sinn brotið gegn 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum eða sú að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að umhverfi sínu og lögmæltum hámakshraða við akstur á bifreiðastæði.

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur skiluðu hvor um sig tjónstilkynningu til síns vátryggingafélags. Í tjónstilkynningu ökumanns B segir að dyr á A hafi verið opnaðar á sama tíma og B var ekið í bifreiðastæðið. Í tjónstilkynningu ökumanns B segir einnig að hurð á A hafi verið opnuð í veg fyrir bifreið á ferð. Í tjónstilkynningu M segir að hann hafi verið að opna hurðina á A þegar B hafi á sama tíma ekið inn á stæðið við hliðina og á opna hurðina.

Þá er fyrirliggjandi ódagsett yfirlýsing ökumanns B þar sem fram kemur að hann telji sig bera fulla ábyrgð á tjóninu enda hafi hann ekki séð að dyrnar á A hafi verið opnar. Eins og áður segir er umrædd yfirlýsing ódagsett og liggur því ekki fyrir hvenær hún var rituð.

Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu. Eins og málið liggur fyrir hvílir á M sönnunarbyrði þess að hann hafi opnað dyr A þannig að ekki hafi valdið hættu eða óþarfa óþægindum. Miðað við frumgögn í málinu, þ.e. tjónstilkynningar aðila, verður að miða við að hurðin hafi verið opnuð í sömu mund og B var ekið inn í stæðið. Jafnvel þó byggt væri á síðar til kominni lýsingu ökumanns B verður ekki skýrt ráðið af henni hvenær dyr A voru opnaðar, heldur aðeins það að ökumaður B hafi ekki veitt því athygli. Er það að mati nefndarinnar því ósannað að ökumaður A hafi opnað dyrnar svo löngu áður en áreksturinn varð að ökumaður B hafi í tæka tíð getað varist því að aka á hurðina.

Verður áreksturinn því rakinn til þess að M, sem ökumaður A, gætti þess ekki nægilega að valda ekki hættu eða óþarfa óþægindum er hann opnaði dyr A í því skyni að stíga út úr bifreiðinni. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum ógætilega þannig að á hann verði felld sök. Ber því að leggja alla sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddu atviki.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 67/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málsgögnum kemur fram að hinn 6. júní 2024 hafi M lent í árekstri á Vefarastræti í Mosfellsbæ er hún tók vinstri beygju af biðskyldu í veg fyrir umferð og ók inn í hlið annarrar bifreiðar. Daginn eftir leitaði M á heilsugæslu og kvartaði undan verkjum í hálsi og eyra. Þann 9. júní 2024 leitaði M svo á bráðamóttöku Landspítalans vegna skyndilegrar máttminnkunar vinstra megin í andliti og var þar greind með Bell´s palsy andlitslömun. Skráð er koma á göngudeild Landspítalans dagana 20. júní 2024, 2. júlí 2024 og 6. ágúst 2024 vegna sömu einkenna sem þó voru sögð á batavegi. Við síðustu skoðun var búist við fullum bata á næstu 2-3 mánuðum. Vegna einkenna sinna gerði M kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns A hjá V. Með bréfi, dags. 23. janúar 2025, hafnaði V að greiða fyrir annað en fyrstu komu M á heilsugæslu daginn eftir slysið á grundvelli þess að ósannað væri að M hefði hlotið varanleg einkenni vegna slyssins. Máli sínu til stuðnings vísaði V til fyrirliggjandi PC-crash útreiknings sem V aflaði.

M mótmælir því að einhliða öfluð PC-crash skýrsla verði notuð við afstöðutöku og aðra vinnslu málsins, m.a. við mat á því hvort að af árekstrinum hafi hlotist líkamstjón. Enda mæli PC-crash högg á bifreið en ekki á líkama. Slík skýrsla geti ekki verið gagn við mat á líkamstjóni, enda séu líkamstjón metin af þar til bærum aðilum með þar til gerða sérfræðiþekkingu. Samkvæmt núgildandi réttarframkvæmd, hafi umþrætt gagn ekkert sönnunargildi þegar þess er aflað einhliða og því mótmælt, eins og á við í þessu tilviki. Vísar M til dóma og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða V að áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnu eða varanlegu líkamstjóni. Þyngdarhröðun af högginu hafi verið 0,33G sem sé minni þyngdarhröðun en sem fæst af ýmsum daglegum athöfnum eins og t.d. setjast í stól eða ganga niður tröppur. Telur V ómögulegt að áreksturinn hafi valdið yfirréttu á hálsvöðvum og þar með tognun og einnig að hann hafi valdið andlitslömun enda sé orsök slíkra veikinda yfirleitt veirusýking. M hafi ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins og liggi því ekki fyrir matsgerð þar sem tekin sé afstaða til orsakatengsla milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess eða ítarlegt vottorð læknis sem staðfestir slík orsakatengsl.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 6. júní 2024. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þrátt fyrir að sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að um vægan árekstur var að ræða. Fyrir liggur að M leitaði til læknis á heilsugæslu daginn eftir og lýsti þar verki í hálsi og eyra. Næst leitaði hún á bráðamóttöku Landspítalans 9. júní 2024 og var þar greind með svokallaðan Bell´s palsy andlitslömun. Eftir það voru skráðar nokkrar komur á göngudeild LSH vegna þeirra einkenna og er síðasta koman skráð 6. ágúst 2024. Í málskoti er því haldið fram að M hafi verið í meðferð hjá læknum og sjúkraþjálfara vegna þeirra einkenna. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn líkt og skýrsla sjúkraþjálfara, læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta hvorutveggja að orsakatengsl séu til staðar milli Bell´s palsy andlitslömunar og árekstursins 6. júní 2024 og að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum. M ber hallann af sönnunarskorti um að líkamstjón

hennar megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþolar verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón í árekstrinum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 68/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skerðing bóta. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. mars 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. mars 2025.

Málsatvik.

Fram kemur í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að M hafi lent í umferðarslysi hinn 31. júlí 2024, þegar hann missti stjórn á bifreið sinni, A, við gatnamót Reykjavíkurvegar og Fjarðarhrauns, með þeim afleiðingum að bifreiðin valt út af veginum. Rætt var stuttlega við M á vettvangi sem sagði umferðarljós á gatnamótunum hafa verið að breytast í rautt ljós og því hafi hann ákveðið að gefa í til að komast yfir gatnamótin. Kvaðst hann hafa misst stjórn á bifreið sinni vegna bleytu á akbraut með þeim afleiðingum að hann velti bifreið sinni. Lögregla ræddi við sex vitni á vettvangi. Fjögur þeirra töldu M hafa ekið yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi og lýsa þau öll að M hafi ekið yfir gatnamótin á ógnarhraða og að hraði bifreiðarinnar A hafi verið um 100 km/klst. Tvö vitnanna nefndu að hann hafði verið á um 100 – 120 km/klst.

M hefur sótt bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V. Með bréfi V dags. 11. nóvember 2024 var M tilkynnt skerðing á bótarétti hans um 2/3 hluta þar sem tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M, sbr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) og 26. gr. skilmála V.

Í málskoti lýsir M aðdraganda slyssins með eftirfarandi hætti: „Bifreið ekið Reykjarvíkurveg í átt að Hafnarfirði, á ljósunum við gatnamót Álftanesvegar gaf ökumaður í ca 60-65 km hraða til þess að ná yfir á ljósunum. Það var rigning úti og fór bíllinn að fljóta í vatni sem var í hjólförum, við það missir ökumaður stjórn á bifreið og rekst fram- og afturhjól hægra megin í kantstein, við það veltur bíllinn.“ Lýsir M því að hann sé algjörlega ósammála þeim staðhæfingum vitna að hann hafi ekið á þeim hraða sem þau vitna um í lögregluskýrslu og fer fram á fullan bótarétt úr slysatryggingu ökumanns. Telur M skilyrði 90. gr. vsl. ekki uppfyllt og því sé skerðing ekki heimil. Ekki hafi farið fram nein nánari rannsókn á tildrögum slyssins og því sé ekkert sem staðfesti vitnisburð vitna um aksturshraða. Vitnin hafi verið kyrrstæð og hafi engar forsendur haft til að meta hans hraða. Auk þess hafi M ekki verið undir áhrifum lyfja né áfengis. Hraðari ökutæki gefi frá sér hærra ljóð og auk þess var mikill hávaði frá pústkerfi bifreiðarinnar, það hafi því getað gefið vitnum ranga mynd af ökuhraða A. Á bifreiðinni voru fjögur púströr sem gáfu frá sér mikinn hávaða. Verði fallist á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda umferðarslyssins, telur M ljóst að ekki sé heimilt að skerða bætur um 2/3 hluta. Sú skerðing sé of mikil, ósanngjörn og í ósamræmi við dómaframkvæmd. Vísar M máli sínu til stuðnings til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að málsatvikalýsingu M í málskoti sé mótmælt. Það hafi fyrst verið í málskoti til nefndarinnar sem M byggir á því að hann hafi ekið með hægra afturdekkið á kantstein og m.a. þess vegna hafi bifreiðin oltið. Það komi ekki fram í fumgögnum málsins. Hvorki M sjálfur né nokkurt vitnanna nefna að M hafi ekið bifreiðinni utan í kantstein. Afstaða V byggir á því að sannað sé með vitnisburði sex óháðra vitna og aðstæðna á vettvangi að M hafi valdið tjóninu með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis og á þeim grundvelli beri að skerða bótarétt um 2/3 hluta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar. M hafi ekið bifreið sinni á ofsahraða, 100 – 120 km á klst., gegn rauðu götuvitaljósi og á vanbúnum hjólbörðum í aðdraganda þess að hann missti stjórn á bifreiðinni innanbæjar þar sem hámarkshraði er 50 km á klst. Með þeirri háttsemi braut M gegn skráðum hátternisreglum umferðarlaga nr. 77/2019. Mikilvægt sé við sakarmatið að M hafi sjálfviljugur ekið bifreiðinni á þeim hraða sem hann ók. Svo gáleysi teljist stórkostlegt gáleysi þurfi háttsemi tjónvalds

annað hvort að víkja hlutrænt meira frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa eða hin huglæga afstaða hans til tjónsins þurfi að einkennast af meira tillitsleysi en í tilviki almenns gáleysis. Það er að mati V ljóst að bæði skilyrðin ná til háttsemi M sem vék verulega frá hátternisreglum umferðarlaga og lét sér í léttu rúmi liggja þá hættu á tjóni sem af þeirri háttsemi stafaði. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands megi ráða að mælikvarði á stórkostlegt gáleysi ráðist einkum af því hversu augljós hætta sé á ferðum vegna tiltekinnar háttsemi. Hættan af háttarlagi M var augljós að mati V. Vísar V máli sínu til stuðnings til dóma Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar.

Í viðbótarathugasemdum sínum rökstyður M það að málsatvik í dómum þeim sem V vísar til í athugasemdum sínum séu ekki sambærileg við slys og aðstæður M. Skýrsla hafi verið tekin af M á vettvangi meðan hann var í mikilli geðshræringu og hugsaði ekki rökrétt. Þá sé M erlendur og tali ensku við lögreglumenn en ekki móðurmál sitt. Þá ítrekar M þær athugasemdir sem fram koma í málskoti og vísar til þess að hægt hefði verið að rannsaka tildrög slyssins betur t.d. með því að reikna út hraða hans eða óska eftir myndum úr myndavél sem staðsett er á gatnamótum. Það hafi ekki verið gert.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. vsl. má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við sakarmatið skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig.

Í því atviki sem hér um ræðir var M hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna. Á grundvelli fyrirliggjandi vitnaframburða verður að leggja til grundvallar að M hafi ekið bifreið sinni á ofsahraða eða að lágmarki 50 km/klst umfram hámarkshraða á vettvangi sem var 50 km/klst. Þá telst einnig nægilega sannað að hann hafi ekið yfir gatnamótin gegn rauðu umferðarljósi. Með þeirri háttsemi sinni braut M gegn 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem kveður á um að ökumanni sé óheimilt að aka gegn rauðu umferðarljósi. Þá telst hann einnig hafa brotið gegn almennum reglum laganna um ökuhraða sem fram koma í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Hvíldi sérstök skylda á honum að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þar sem hann ók í þéttbýli, við vegamót og þar sem vegur var blautur, sbr. a-, c- og h-lið 2. mgr. 36. gr. laganna. Þessa gætti M ekki umrætt sinn og telja verður að hann hafi með háttsemi sinni sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Bein orsakatengsl eru milli þeirrar háttsemi hans og slyssins. Með hliðsjón af háttsemi M, hvernig slysið bar að og atvikum að öðru leyti, þ.m.t. aðstæðum á vettvangi, er það mat nefndarinnar að V sé heimil skerðing bóta sem nemur 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A en V er heimilt að skerða bætur um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 69/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 17. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 6. mars 2025
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. mars 2025.

Málsatvik.

V1 mótmælir því ekki að fyrir hendi sé bótaréttur í málinu enda sé ágreiningslaust að bifreiðin B, sem var ábyrgðartryggð hjá V1, olli tjóni á bifreiðinni A 28. desember 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvaða skemmdir á A megi rekja til þess áreksturs.

Í málskoti er m.a. að finna ljósmynd af A sem M byggir á að sýni fram á skemmdir á A sem annars vegar megi rekja til árekstursins 28. desember 2024 og hins vegar til eldra tjóns. M byggir því á að ljósmyndin sýni fram á hvert umfangs tjóns af völdum árekstursins 28. desember 2024 sé. Nefndin fær ekki betur séð að umrætt ljósmynd sé sú sama og er að finna í fyrirliggjandi skýrslu Áreksturs.is. Hins vegar er ekki í þeirri skýrslu að finna frekari umfjöllun um það hvert sé umfang tjóns á A af völdum árekstursins 28. desember 2024 og hvert sé umfang fyrra tjóns á A.

Í athugasemdum V1, dags. 6. mars 2025, er á því byggt að gögn málsins sýni að umtalsverðar eldri skemmdir hafi verið á A fyrir áreksturinn 28. desember 2024. Telur V1 að M hafi því ekki sýnt fram á hvaða skemmdir séu af völdum árekstursins 28. desember 2024 og hvaða skemmdir hafi verið til staðar fyrir þann árekstur. Að auki bendir V1 á að M hafi ekki lagt fram neina kröfu á hendur félaginu vegna umræddsáreksturs. Þá tekur V1 fram að félagið hafi fengið upplýsingar um að búið sé að óska eftir að Árekstur.is taki málið til skoðunar með það að leiðarljósi að meta hvaða tjón var á bílnum fyrir áreksturinn. Sú skýrsla hafi hins vegar ekki borist. V1 byggir á því að ekki séu forsendur til að greiða bætur á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 6. mars 2025, eru fyrri rök ítrekuð með vísan í fyrirliggjandi ljósmynd.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðin B olli tjóni á bifreiðinni A 28. desember 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvort það liggi fyrir hvert sé umfang tjóns á A vegna þess áreksturs. Nefndin bendir á að það er M að sanna umfang tjóns á A sem leiða má til árekstursins 28. desember 2024. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á þetta. Hér dugar að mati nefndarinnar ekki sú ljósmynd sem er að finna í skýrslu Áreksturs.is., enda er þar ekki að finna neina raunverulega umfjöllun um hvert sé umfang þess tjóns á A sem rekja má til framangreinds áreksturs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 70/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2025.
2. Bréf V1, dags. 3. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 5. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. mars 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu fyrirtækisins Aðstoð og öryggi, varð árekstur með bifreiðunum A og B á Birkimel þann 2. desember 2024. Bifreiðarnar mættust í þrengingu á götunni sem staðsett er við Orkuna. Ökumaður A segir í framburði sínum: „Ég var að koma að þrengingunni við Orkuna Birkimel, þegar ég bremsaði rann ég bara áfram og á hinn bílinn, áreksturinn var á miðri þrengingunni.“ Í framburði M, sem var ökumaður B, segir: „Ég var að koma að þrengingunni við Orkuna Birkimel en þegar ég bremsaði rann ég bara áfram og á hinn bílinn, áreksturinn var á miðri þrengingunni.“ Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök ætti að skiptast til helminga þar sem hvorugur ökumanna gætti nægjanlega að annarri umferð við akstur um þrengingu.

M kveðst vera ósammála niðurstöðu tjónanefndar þar sem ökumaður A hafi brotið umferðarreglur. Hann hafi ekið inn í þrenginguna þegar M var þar auk þess sem hann var á sumardekkjum sem var þess valdandi að hann missti stjórn á bifreiðinni í snjókomunni. Ákoma á bifreiðina B hafi verið í hlið bifreiðarinnar sem sýni að M hafi ekki getað forðast áreksturinn. Í málskoti kemur einnig fram að farþegi í bifreiðinni B geti staðfest að M fylgdi öllum reglum.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að starfsmaður Aðstoðar og öryggis hafi farið yfir myndbandsupptöku af því þegar M gaf skýrslu. Í tölvupósti fyrirtækisins til V1 kom fram að myndbandsupptakan sé í samræmi við þann framburð M sem skráður var í skýrsluna. Hvergi í gögnum málsins komi fram að ökumaður A hafi verið á sumardekkjum. Í ljósi þess að ekki verði ráðið hvor ökumanna hafi komið fyrr að þrengingunni verði að skipta sök til helminga.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri afstöðu sína og kveðst hafa hringt þrisvar sinnum á lögreglu sem ekki hafi komið á vettvang. Ekki hafi verið skráð að A var á sumardekkjum en hefði lögregla komið á vettvang hefði verið gerð almennileg rannsókn.

Álit.

Í 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga segir að ef hindrun er á hluta vegar skuli sá ökumaður nema staðar, ef nauðsyn ber til, sem er þeim megin á akbrautinni sem hindrunin er. Þá segir einnig að ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skuli sá ökumaður sem fyrstur kemur að, njóta forgangs en sá sem síðar kemur að skal, ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aka aftur á bak. Hindrun sú sem ökumenn komu að á Birkimel er staðsett á miðju vegar, þ.e. hvorugur ökumanna nýtur þar forgangs og nýtur því sá sem fyrstur kemur forgangs. Af gögnum málsins verður ekki dregin nein afdráttarlaus ályktun varðandi það hvor ökumanna kom fyrr að þrengingunni þannig að skylda til að veita forgang hafi skapast. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 31. mars 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 71/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A).

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 28. janúar 2025, barst lögreglu, hinn 13. janúar 2025, tilkynning um umferðaróhapp á Reykjanesbraut við Vogaafleggjara en M hafði sofnað undir stýri með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á A. Er í skýrslunni haft eftir M að hann hafi verið að vinna við húsið sitt í Grindavík alla nóttina og verið á leið í Voga þegar hann sofnaði en hann hafi svo rankað við sér stuttu seinna og reynt að afstýra tjóni án árangurs.

V tilkynnti M, með bréfi dags. 28. janúar 2025, að bótaréttur yrði skertur um þriðjung á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Því til stuðnings vísaði V m.a. til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 svo og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M mótmælir þeirri afstöðu. Þó óumdeilt sé að hann hafi sofnað undir stýri sé ekkert sem bendi til þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Lögregla hafi ekki spurt hann hvort hann hafi verið illa upplagður eða ósofinn áður en slysið átti sér stað. M hafi vissulega verið að vinna í húsi sínu í Grindavík fram eftir nóttu en hafi lagt sig í tvo, þrjá tíma áður en hann ók af stað um morguninn. Hafi hann ekki fundið fyrir þreytu og verið vel upplagður. Þá hafi hann hvorki verið undir áhrifum áfengis né lyfja. Engin gögn liggi fyrir í málinu til stuðnings því að M hafi verið þannig á sig kominn að hann hafi ekki verið fær um að stjórna ökutæki örugglega. Til stuðnings framangreindu vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 336/2005 og 107/2009.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga komi fram að félagið geti orðið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Ekki sé gerð krafa um stórkostlegt gáleysi svo slík skerðing komi til álita. Í 6. gr. skilmála kaskótrygggingar sé að finna slíkar varúðarreglur en þar komi m.a. fram að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega. Sé afstaða V sú að M hafi ekki verið í andlegu eða líkamlegu ástandi til aksturs enda hafi hann verið með öllu ómeðvitaður um aksturslag sitt, umhverfi og þá hættu sem hann skapaði. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu komi ekki fram að M hafi hvílt sig áður en hann hóf akstur heldur segi aðeins þar að hann hafi verið að vinna alla nóttina og verið á leið heim til sín. Í síðari framburði M í málskoti komi fram að hann hafi lagt sig fyrir aksturinn og verið vel upplagður. Þrátt fyrir þær fullyrðingar sé ljóst að M hafi sofnað við aksturinn. Það gerist almennt ekki án fyrirvara heldur eigi sér aðdraganda og séu ýmis ráð til að koma í veg fyrir að það að sofna undir stýri. Hafi sú háttsemi M að halda áfram akstri eftir að finna fyrir þreytu og sofna falið í sér gáleysi af hans hálfu og verið til þess fallin að skapa stórhættu fyrir hann sjálfan og aðra í umferðinni.

Álit.

Samkvæmt lýsingum M sjálfs og vitnis í fyrirliggjandi lögregluskýrslu telur nefndin sýnt að M hafi sofnað við aksturinn og að það valdið því að A fór yfir á aðra akrein vegarins, ók á vegrið og hafnaði utan vegar. Virðist sú atburðarás í raun óumdeild.

Samkvæmt 1. mgr. 48.gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Sambærilegt ákvæði er að finna í varúðarreglu í skilmálum kaskótryggingar A, þ.e. að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnar ökutæki örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að vátryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í 2. mgr. 27. gr. sömu laga kemur m.a. fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess sé fyrir hendi ber það sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar heimildar séu uppfyllt. V ber því sönnunarbyrði um að M hafi verið svo á sig kominn að hann hafi ekki verið fær um að stjórna A örugglega og að í háttsemi hans hafi falist stórkostlegt gáleysi, eða í öllu falli ekki óveruleg sök.

Frásögn M í lögregluskýrslu er ekki ítarleg um aðdraganda slyssins. Þó fyrir liggi að hann hafi verið að vinna um nóttina liggur ekkert fyrir varðandi það hve lengi hann hafi verið vakandi, þ.e. hvort hann hafi sofið að deginum áður en vinnan hófst, hvort hann hafi lagt sig fyrir aksturinn, eða hvert ástand hans hafi verið er aksturinn hófst eða í aðdraganda slyssins. Verður því að telja vafa á því hvort ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið, eða mátt vita að hann gæti verið, ófær um akstur í greint sinn. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 72/2025
Nafn málskotsaðila M
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti og gögnum málsins flýttu M og maki hennar heimför frá Gran Canaria til Íslands þann 9. janúar 2025 vegna alvarlegra veikinda dóttur þeirra. Fyrirhuguð heimkoma hafði verið 2. febrúar 2025. Þau keyptu flug frá Gran Canaria til Tenerife og þaðan til Íslands, en gátu breytt áður keyptum flugmiðum hjá Play. V hefur greitt þeim bætur að fjárhæð 86.017 kr. úr greiðslukortatryggingu, sem nemur þeim viðbótarkostnaði sem varð vegna þess að flýta heimför.

M fer fram á að fá jafnframt endurgreitt 125.135 kr. vegna fyrirframgreiddrar gistingar í ferðinni sem ekki fékkst endurgreidd. V vísar til þess að skilyrði skv. grein 4.6.1 í skilmálum greiðslukortatryggingar séu ekki uppfyllt, þar sem veikindin hafi ekki átt við um vátryggðu sjálf heldur dóttur þeirra, sem ekki var þátttakandi í ferðinni.

M byggir meðal annars á því að bæturnar hefðu orðið hærri ef ekki hefðu verið keyptir breytanlegir flugmiðar, sem gerðu þeim kleift að flýta heimför með litlum kostnaði í stað þess að þurfa að kaupa nýja miða að öllu leyti.

Álit.
Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M eigi rétt til frekari bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V vegna þess að ferð þeirra var rofin 9. janúar 2025 vegna alvarlegra veikinda dóttur þeirra. Óumdeilt er að V hefur þegar greitt M bætur að fjárhæð kr. 86.017, sem nemur kostnaði við að flýta heimför. Hefur M einnig farið fram á að fá endurgreiðslu gistikostnaðar á grundvelli ákvæðis 4.6.1 í skilmálum tryggingarinnar, þar sem segir: *„Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.“* Samkvæmt orðalagi skilmálans er skilyrði bótaréttar að vátryggður sjálfur (í þessu tilviki M eða maki hennar) þurfi samkvæmt læknisráði að rjúfa ferðina eða leggjast inn á sjúkrahús vegna eigin veikinda eða slyss. Í þessu tilviki var ferð rofin vegna veikinda aðstandanda sem ekki tók þátt í ferðinni, og skilyrði skilmálans eru því ekki uppfyllt.

Hefur því ekki stofnast frekari greiðsluskylda úr greiðslukortatryggingu M hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 73/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Gæludýratrygging.

Sjúkrakostnaður. Undanskilin áhætta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24 febrúar 2025, ásamt fylgiskölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi með tjónstilkynningu, dags. 13. febrúar 2024, óskað eftir greiðslu úr gæludýratryggingu sem hún var með hjá V. Um hafi verið að ræða sjúkrakostnað vegna hnéskeljaloss hunds M. Hafi V hafnað því að greiða með þeim rökum að um væri að ræða meðfæddan galla.

Í bréfi til nefndarinnar frá V, dags. 18. febrúar 2025, er bent á að í fyrri tilkynningu til V, dags. 28. nóvember 2022, hafi komið fram að eftir skoðun hjá dýralækni þann sama dag hafi M verið tilkynnt að hundurinn þyrfti að fara í aðgerð vegna hnéskeljaloss á tveimur löppum. Í tilkynningunni segir einnig að áætlað sé að um meðfætt tjón sé að ræða. Mælti dýralæknirinn með aðgerð. Umræddri tilkynningu var ekki frekar fylgt eftir af hálfu M og V lokaði því málinu 4. júlí 2023. V fékk síðan senda aðra tjónstilkynningu vegna sjúkrakostnaðar, dags. 19. febrúar 2024. Þar kom fram að hundurinn þurfi að fara í aðgerð á hné þar sem hnéskelin hafi runnið til hliðar. V hafnaði tjóninu samdægurs með vísan til þess að tryggingin bætti ekki tjón vegna arfgengra og /eða meðfæddra kvilla. Jafnframt var bent á að í fyrri tilkynninguna hafi komið fram að áætlað sé að hnéskeljalosið sé meðfætt. Þá kemur fram í gögnum málsins að 19. febrúar 2024 hélt M því fram að þegar hundurinn var skoðaður við fæðingu hafi sérstaklega verið tekið fram að hún væri ekki með hnéskeljalos. Í framhaldinu óskaði V eftir skýrara vottorði frá dýralækni hvað hnéskeljalosið varðaði. Þann 5. mars 2024 fékk V sent vottorð dýralæknis, dags. daginn áður. Þar fullyrðir dýralæknirinn m.a. að hundurinn hafi ekki verið með hnéskeljalos sem hvolpur og að M hafi m.a. tekið eftir því haustið 2023 að hundurinn haltraði stundum í göngutúr. Við skoðun það sama haust hafi hnéskeljalos komið í ljós. Telur dýralæknirinn að eitthvað hafi komið fyrir fyrst svona mikið hnéskeljalos hafi allt í einu komið upp. M byggir einnig málatilbúnað sinn á því að seljandi hundsins hafi látið skoða hné hans og að engin athugasemd hafi þá verið gerð varðandi hnéskeljalos. Vísaði M til vottorðs dýralæknis, dags 30. september 2021, máli sínu til stuðnings.

Eftir að hafa fengið framangreint vottorð frá 5. mars 2024 óskaði V eftir því að dýralæknirinn sendi félaginu upplýsingar um fyrri sjúkrasögu hundsins og öll gögn sem til eru varðandi meðhöndlun hans. V upplýsir að engin svör hafi borist frá dýralækninum, þrátt fyrir ítrekaða beiðni frá V. V hafnaði því að greiða sjúkrakostnað á ný, með tölvubréfi dags. 19. apríl 2024. Þar er m.a. vísað til þess að samkvæmt upplýsingum úr í sjúkraskrá hundsins hafi hnéskeljalosið komið fram haustið 2022, þ.e. þegar hundurinn var 16 mánaða. Þá er einnig bent á að í vottorðinu frá 30. september 2021 komi ekkert fram um að hundurinn hafi verið skoðaður sérstaklega með tilliti til hnéskeljaloss. Benti V einnig á skrif þess efnis að liðhlaup í hnéskel séu oftast meðfædd.

Í málskoti er rökum V hafnað og bent á að fyrir liggi vottorð frá dýralækni, dags. 4. september 2024, þar sem fram komi að hnéskeljalosið sé ekki meðfætt. V hafi ekki hnekkt því vottorði. Þá er jafnframt byggt á því að ef V hefði viljað undanskilja hnéskeljalos þá hefði þurft að taka það skýrt fram í skilmálum. Bendir M í því sambandi á, með vísan í andskýringarreglu, að skýra beri allan vafa varðandi túlkun skilmálaákvæða vátryggingartaka í vil. Því er farið fram á að nefndin úrskurði á þá leið að greiðsluskylda V sé fyrir hendi hvað sjúkrakostnað úr tryggingu M hjá V varðar.

Í bréfi V til nefndarinnar er bent á að vottorðið frá dýralækni, dags. 4. mars 2024, hafi ekki verið stutt frekari gögnum, þátt fyrir óskir V þess efnis. Þá liggi fyrir að það vottorð sé efnislega ósamrýmanlegt öðrum gögnum í málinu. Þar komi m.a. fram að hnéskeljalosið hafi uppgötvast haustið 2023 þó fyrir liggi að það hafi í raun legið fyrir frá nóvember 2022. Hvað varðar þá málsástæðu M að undanskilja hefði þurft hnéskeljalos sérstaklega í skilmálum, bendir V á að það komi fram í skilmálunum að tjón af völdum arfgengra og/eða meðfæddra sjúkdóma sé undanskilið. Telur V að gögn málsins bendi til þess að rekja megi umkrafinn kostnað til arfgengra og/eða meðfæddra kvilla og falli hann því utan bótasviðs tryggingarinnar. Verði ekki annað ráðið af gögnum málsins en að hnéskeljalos hundsins hafi verið meðfætt.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 24. febrúar 2025, er ítrekað að það komi fram í vottorði dýralæknis, dags. 4. mars 2024, að hnéskeljalos hundsins hafi ekki verið meðfætt. Það standi upp á V að hnekkja því sem þar komi fram. Mögulegur misskilningur í öðrum tjónstilkynningum eða óskir V um frekari skýringar frá dýralækninum breyti þar engu. Vottorðið sé skýrt hvað framangreint varðar. Þá breyti vangaveltur í skrifum áhugafólks heldur engu hvað þetta varðar.

Í viðbótarathugasemdum frá V, dags. 24. febrúar 2025, er m.a. bent á að í framangreindu vottorði, dags. 4. mars 2024, komi fram að hundurinn „hafi staðist tryggingarskoðun sem ung tík.“ Bendir V á að við þá skoðun hafi hnéskeljalos ekki verið sérstaklega athugað, heldur hafi vöðvar og útlimir verið skoðaðir almennt. Þá bendir V á að M hafi tvisvar sinnum borið því við að hundurinn hafi verið sérsaklega skoðaður með tilliti til hnéskeljaloss, án þess að framvísa þeim gögnum sem V óskaði eftir því til staðfestingar. Bendir V á að hafi seljandi hundsins látið skoða hnén sérstaklega vegna ræktunar, líkt og M haldi fram, ætti að liggja fyrir sérstakt „Hnéskeljavottorð“. Einnig ítrekar V þá skoðun sína að sú ályktun sem dregin er í vottorðinu frá 4. mars 2024 um að hnéskeljalosið hafi komið upp haustið 2023 sé byggð á misskilningi. Það liggi fyrir að hnéskeljalos hafi komið fram við skoðun dýralæknis 28. nóvember 2022. Að lokum mótmælir V þeirri málsástæðu M að V hafi byggt á vangaveltum áhugamanns.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort M eigi rétt á að fá tiltekinn sjúkrakostnað bættan úr tryggingu hjá V. V hafnaði greiðslu með þeim rökum að kostnaðurinn falli utan gildissviðs tryggingarinnar þar sem hann sé tilkominn vegna arfgengra og/eða meðfæddra sjúkdóma. Í raun byggir V á því að hnéskeljalos það sem er rót ágreinings milli aðila hafi verið meðfætt og falli því utan gildissviðs tryggingarinnar.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá dýralækni, dags. 4. mars 2024, það sem fram kemur það álit að umrætt hnéskeljalos sé ekki meðfætt, enda hafi það komið skyndilega upp haustið 2023. Þá liggur jafnframt frammi í málinu vottorð frá dýralækni, dags. 30. september 2021, þar sem er að finna niðurstöður heilbrigðisskoðunar fyrir hund M.

Það er V að sýna fram á að skilyrði þess að hið umdeilda tilvik falli innan undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna. Nefndin telur að sú sönnun hafi tekist. Í því sambandi bendir nefndin á að í tilkynningu frá M, dags. 28. nóvember 2022, kom fram að eftir skoðun hjá dýralækni þann sama dag hafi M verið tilkynnt að hundurinn þyrfti að fara í aðgerð vegna hnéskeljaloss á tveimur löppum. Þar segir einnig að áætlað sé að um meðfætt tjón sé að ræða. Þegar horft er til þess að tilkynningin er skrifuð sama dag og skoðunin hjá dýralækni fór fram, virðist nefndinni einsýnt að þar sem segir að áætlað sé að um meðfætt tjón sé að ræða sé fremur byggð á því sem fram kom hjá dýralækninum frekar en að í þessu orðalagi felist sjálfstætt mat eiganda hundsins. Þá kemur ekki fram í vottorðinu, dags. 30. september 2021, að hné hundsins hafi verið sérstaklega skoðuð.

Nefndin telur að framangreint dragi verulega úr sönnunargildi vottorðsins frá 4. mars 2024. Nægir þar að benda á að gögn málsins sýna ótvírætt að dýralæknir hafði staðfest hnéskeljalosið í nóvember 2022, en í vottorðinu er á því byggt að þetta hafi ekki komið í ljós fyrr en haustið 2023.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr gæludýratryggingu hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 74/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu varð M fyrir líkamstjóni þann 11. júlí 2024, er hann var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A, er ökumaður hennar, X, ók henni á kantstein og kippti við það skyndilega í stýri bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að bifreiðin kastaðist á ljósastaur og endaði utan vegar. Fór M ásamt X af vettvangi í kjölfar árekstursins en fljótlega sneri X aftur á vettvang og ræddi við lögreglu sem þá var komin á vettvang. Fram kemur í lögregluskýrslu að X hafi verið margsaga um tildrög slyssins. Var hann fenginn til að blása í áfengismæli sem sýndi 0.00% en einnig var ákveðið að taka Drug Wipe próf sem X neitaði í fyrstu að taka en heimilaði síðar. Sýndi prófið jákvæða svörun við kókaín og amfetamín. Sagðist X hafa verið í miklu sjokki eftir umferðaróhappið og farið heim til sín til að fá sér kvíðalyf og kókaín. Í símaframburði við lögreglu kvaðst M hafa farið af vettvangi þar sem engin slys hafi orðið á fólki og hafi hann farið á vinnustað sinn. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem hann hlaut við útafaksturinn. Af hálfu V hefur bótaskylda verið samþykkt en bætur skertar um 2/3 hluta vegna eigin sakar M þar sem hann tók sér far með ökumanni sem var undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

M telur að ósannað sé að X hafi verið undir áhrifum fíkniefna við akstur þegar slysið átti sér stað. Liggja þurfi fyrir matsgerð frá rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfesti ástand ökumanns en hún liggi ekki fyrir. Ennfremur fáist ekki ráðið af gögnum málsins að M hafi verið kunnugt um, hann hafi grunað eða hann hefði mátt vita að X hafi verið undir áhrifum þegar slysið átti sér stað. Þá bendir M á að samkvæmt framburði X í skýrslu lögreglu hafi hann neytt fíkniefna eftir að slysið átti sér stað. Það að taka sér far með ökumanni sem er undir áhrifum ávana- og fíkniefna geti eitt og sér ekki leitt til þess að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða sem leiði til þess að tjónþoli beri eigin áhættu á tjóni. Forsenda fyrir því að M hafi getað sýnt af sér gáleysi sé að hann hafi haft vitneskju um að ökumaður hafi verið undir áhrifum. Ekkert í gögnum málsins gefi slíka vitneskju til kynna.

V leggur fram matsgerð Rannsóknarstofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fram kemur að X hafi mælst með 45 ng/ml af amfetamíni og 450 ng/ml af kókaíni í blóði. Teljist hann samkvæmt því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega þegar sýnið var tekið. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé óheimilt að stjórna ökutæki undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar komi fram að bætur vegna líkamstjóns megi lækka eða fella niður ef tjónþoli varð meðvaldur að tjóni með stórkostlegu gáleysi. Hafi M vitað eða mátt vita um ástand ökumanns áður en hann tók sér far með honum og því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og verið meðvaldur að tjóni sínu. Ekki liggi annað fyrir en að M og ökumaður hafi verið í samskiptum áður en ökuferðin hófst, a.m.k. þannig að M hafi áður en aksturinn hófst gefist tækifæri til að átta sig á ástandi ökumannsins. Rétt sé því að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa um hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þetta er hin hlutlæga ábyrgðarregla laganna. Í 4. mgr. sömu greinar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur að tjóninu með

stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna. Sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði fyrir skerðingu bóta séu uppfyllt hvílir á V. Við mat á því hvort háttsemi M feli í sér stórkostlegt gáleysi ber að horfa til þess hvort hann hafi vitað eða mátt vita að X, ökumaður bifreiðarinnar, væri óhæfur til aksturs vegna neyslu fíkniefna og tekið sér far með honum þrátt fyrir það. M var ekki sérstaklega spurður af lögreglu út í ástand ökumanns eða samskipti hans við ökumann í aðdraganda slyssins. Þótt fyrir liggi að mikið magn fíkniefna mældist í blóði ökumanns skömmu eftir slysið, hefur hann sjálfur haldið því fram að neyslan hafi átt sér stað eftir aksturinn. Gögn málsins veita því ekki skýra mynd af hvað M var kunnugt um í aðdraganda slyssins. Þegar metið er hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er ekki nægilega fram komið að hann hafi haft vitneskju um fíkniefnaneyslu ökumanns eða að ástand hans hafi verið slíkt að M hafi mátt vera það ljóst. Því verður ekki talið að V hafi fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því að háttsemi M hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019.

Eins og málum er hér háttað, er það mat nefndarinnar að V sé ekki heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta.

Niðurstaða.
M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 75/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)
Nafn vátryggðs (Y)

Gildissvið vátryggingar. Vátryggingaskírteini. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. mars 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 17. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er upplýst að 14. maí 2021 hafi M leitað á tannlæknastofu X, þar sem tannlæknaneminn Z hafi tekið á móti henni. Í málinu byggir M á því að hún hafi orðið fyrir tjóni af völdum meðferðarinnar hjá Z og að X beri ábyrgð á því tjóni á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í málskotinu er að finna ítarlega umfjöllun M um tjónið og í hverju hin bótaskylda háttsemi Z sé fólgin.

Með tölvupósti, dags. 3. júlí 2024, hafnaði V bótaskyldu úr sjúklingatryggingu sem X var með hjá félaginu. Rökin voru þau að Z félli ekki undir sjúklingatryggingu X hjá V. Benti V á að tannlæknirinn Y væri með tryggingu hjá félaginu en að Z hafi ekki verið vátryggður. Því sé engin trygging hjá V sem taki á tjóni af völdum mögulegrar bótaskyldu vegna starfa Z.

Í málskoti er á því byggt að Z hafi starfað í umboði Y. Þá er jafnframt bent á að í bréfi frá Y til V komi fram að tannlæknirinn telji að sjúklingatrygging hans taki einnig til starfa Z. Í málskoti vísar M m.a. sérstaklega í grein 1.2 í skilmálum sem giltu um sjúklingatryggingu hjá V en þar segir: „Vátryggt er gegn bótaskyldu sem fellur á vátryggðan í því tilviki, að sjúklingur verður fyrir líkamslegu eða geðrænu tjóni hér á landi sem vátryggður ber ábyrgð á skv. lögum um sjúklingatryggingu.“ Þá vísar M einnig í 1. og 8. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu sem rök fyrir því að heilbrigðisstarfsmenn beri ábyrgð á þeim sem starfa í þeirra umsjón. M telur því að Z hafi starfað í umboði og á ábyrgð Y og að störf hans sem tannlæknanema hafi fallið undir sjúklingatryggingu X hjá V. M fer því fram á að nefndin úrskurði á þá leið að sjúklingatrygging X sem í gildi var hjá V 14. janúar 2021 hafi gilt um störf Z hjá X.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 5. mars 2025, kemur fram að V telur að eðli málsins samkvæmt geti sjúklingatrygging sú sem X er með hjá félaginu aðeins gilt um störf þeirra starfsmanna sem tilteknir eru sem vátryggðir í vátryggingaskírteini og sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir. Þurfi að lesa gr. 1.1 og 1.2 í skilmálunum, en um seinna ákvæðið hefur áður verið fjallað, í þessu ljósi. Þannig geti félagið ekki borið áhættu af störfum nema sem félagið hafi ekki verið upplýst um að vinni hjá X. Félagið telur að til þess að störf Z hefðu getað fallið undir sjúklingatryggingu X hefði þurft að tilkynna V um þá auknu áhættu sem var samfara störfum nemans og uppfæra trygginguna til samræmis við það. Það hafi hins vegar ekki verið gert.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 12. mars 2025, er ítrekuð sú skoðun að orðalaga gr. 1.2 í skilmálunum feli það í sér að tannlæknaneminn falli undir tryggingunа. Þar sé einfaldlega ekki sett sem skilyrði að tryggingin gildi einungis um þau tilvik þar sem vátryggður er tjónvaldur. Þá mótmælir M því einnig að tryggingin taki einungis til beinna starfa Y sem tannlæknir í samræmi við lög um sjúklingatryggingu.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 17. mars 2025, er ítrekað að engar upplýsingar hafi borist til V um að Z starfaði hjá X og að umrædd trygging gildi einungis um störf þeirra sem tilgreindir eru í vátryggingaskírteini. Þá bendir V sérstaklega á, með vísan í framlagt vátryggingaskírteini, að fjöldi vátryggðra sé einn, að hinn vátryggði sé Y og starfsheitið tannlæknir.

Álit.

Í málinu greinir aðila á um hvort sjúklingatrygging sú sem X var með hjá V taki til tjóns af völdum starfa tannlæknanemans Z. Eins og áður hefur komið fram byggir M á því að þar sem Z hafi starfað í umboði Y þá gildi sjúklingatrygging X um störf hans. Bendir M m.a. á það máli sínu til stuðnings að beinlínis sé gengið út frá þessu í gr. 1.2 í skilmálum fyrir sjúklingatrygginguna. V hefur hins vegar upplýst, með vísan í vátryggingaskírteini, að gildissvið tryggingarinnar miðist einungis við áhættu af stöfum eins tannlæknis, þ.e. Y, og hafi mat á áhættu og útreikningur iðgjalda tekið mið af því. Það liggi því í hlutarins eðli að sú áhætta sem fylgir störfum tannlæknanemans falli utan gildissviðs tryggingarinnar. Nefndin sem fellst á rök V í málinu, telur að ekki séu forsendur til að fella undir gildissvið tryggingarinnar áhættu tengda störfum tannlæknanema sem ekki hefur verið sýnt fram á að V hafði haft vitneskju um að starfaði hjá X. Bendir nefndin sértaklega á varðandi gildissvið tryggingarinnar, að í vátryggingaskírteini kemur fram að tryggingin tekur einungis til starfa eins tannlæknis, þ.e. Y. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að sjúklingatrygging X sem í gildi var hjá V 14. janúar 2021 gilti ekki um störf Z hjá X. Kröfu M er því hafnað.

Niðurstaða.
Sjúklingatrygging X sem í gildi var hjá V 14. janúar 2021 gilti ekki um störf Z hjá X.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 76/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Nafn varnaraðila (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V1, dags. 4. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir frá V2, dags. 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum
4. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & öryggi gerði varð árekstur með bifreiðunum A, sem M ók, og B á bifreiðastæði við Skógarlind 2-4. Í skýrslunni kemur fram að báðum bifreiðunum hafði verið lagt í merkt bílastæði á bílaplaninu gegnt hvor annarri. Þeim hafi síðan báðum verið bakkað út úr stæðunum á sama tíma með þeim afleiðingum að þær rákust hvor á aðra. Haft er eftir ökumanni B að er hann hafi bakkað B út úr bílastæðinu í hægri beygju hafi hann séð hvar A var bakkað á sama tíma í átt að B. Hafi hann náð að stöðva B einni til tveimur sekundum fyrir áreksturinn. Ökumaður A segir að áður en hann bakkaði út úr stæðinu hafi hann litið í kring um sig og í bakmyndavélina. Hann hafi hins vegar ekki séð neinn bíl nálægt og því bakkað út í hægri beygju. Segist hann svo hafa litið til vinstri eftir umferð og síðan í bakkmyndavélina. Á sama augnabliki og hann hafi litið í bakkmyndavélina hafi áreksturinn orðið. Hafi hann ekki tekið eftir B fyrir áreksturinn.

Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta beri sök til helminga milli A og B. Síðar breytti tjónanefndin þeirri niðurstöðu á þá leið, með vísan til nýtta gagna, að leggja beri alla sök á A. Samkvæmt upplýsingum í málinu virðast þessi nýju gögn sem tjónanefndin byggir breytta niðurstöðu sína á, vera upptaka af árekstrinum úr öryggismyndavél nærri tjónsvettvangi. Myndband þetta hefur ekki verið lagt fyrir nefndina. Hins vegar fékk nefndin sendan tölvupóst þar sem fram kom að ef nefndin vilji sjá upptökuna þá sé hægt að verða við því.

Í málskoti krefst M þess að nefndin staðfesti að skipta beri sök jafnt milli A og B. Bendir M m.a. á að hafa verði í huga að í umrætt sinn hafi tveir bílar verið að bakka út úr stæði á saman tíma. Því sé ekki hægt að líta til þess að B hafi verið kyrrstæð, en líta fram hjá því að henni var bakkað út úr stæði á sama tíma og A. Þá bendir M jafnframt á að ökumaður B hafi ekki flautað né reynt með öðrum hætti að forðast árekstur. Þá vísar M einnig til 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 4. mars 2025, er m.a. að finna rök gegn hinni breyttu niðurstöðu tjónanefndar. Bendir V1 á að í fyrri niðurstöðunni hafi tjónanefndin gengið út frá því að B hafi verið stöðvuð um tveimur sekundum fyrir áreksturinn en í hinni breyttu niðurstöðu hafi verið miðað við tvær og hálfa sekundu. Telur V1 erfitt að sjá að hálf sekúnda til eða frá eigi að leiða til breyttrar niðurstöðu. Þá bendir félagið einnig á fyrri úrskurði nefndarinnar í málum nr. 136/2023, 94/2024 og 195/2024 sem frekari rök fyrir því að rétt sé að skipta sök jafnt milli A og B enda liggi ekki annað fyrir en að B hafi verið stöðvuð augnabliki fyrir áreksturinn.

Í athugasemdum V2 til nefndarinnar, dags. 28. janúar 2025, bendir félagið m.a. á að þó venjan sé að miða við að bifreið þurfi að hafa verið stopp í þrjár sekundur eða lengur til þess að ekki sé miðað við að um augnabliksstöðvun hafi verið að ræða, sé engu að síður rétt að hafa framburð M í huga við sakarmatið. Þar komi fram að M hafi ekki séð B og að A hafi skyndilega rekist á B, sem V2 byggir á að sannað sé að hafi þá verið búin að vera stopp í tvær og hálfa sekúndu. V2 telur því rétt að miða við að A beri alla sök í málinu, eins og tjónanefnd hafi talið í hinni breyttu niðurstöðu sinni.

Í viðabótarathugasemdum M ítrekar hann sín fyrri rök í málinu. Sérstaklega gerir hann athugasemdir við að byggt sé á „einhliða frásögn starfsmanns öryggisfyrirtækis“, á upptöku af atvikinu.

Álit.
Af ofangreindu má ráða að ágreiningur er milli aðila hvað varðar atvik í aðdraganda áreksturs og hvernig hugsanlegri sakarskiptingu milli A og B skuli háttað. Af gögnum málsins er ljóst að báðum ökutækjum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Hefur þar ekki úrslitaáhrif þótt B hafi hugsanlega stöðvað áður en áreksturinn varð, enda telur nefndin ekki hægt að miða við annað en að það hafi gerst augnabliki fyrr. Eins og málsatvikum er háttað telur nefndin því að jafnvel þó ökutæki B hafi verið stopp í allt að tvær og hálfa sekundu fyrir áreksturinn breyti það ekki framangreindu. Sömu sögu er að segja um frásögn M á því hvað hann sá og sá ekki í aðdraganda árekstursins.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um a ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Samkvæmt því, samanber 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 77/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. mars 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að um klukkan 8:30 hinn 13. janúar 2025 hafi A ekið bifreið í eigu fyrirtækisins M ofan í holu sem staðsett var á Korpúlfsstaðavegi í átt að Vesturlandsvegi. Við það sprungu tveir hjólbarðar á bifreiðinni. Á svipuðum tíma hafi fleiri bifreiðar einnig sprengt hjólbarða eftir að þeim var ekið ofan í sömu holu. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað á þeim grundvelli að X hafi ekki vanrækt skyldur sínar umrætt sinn þar sem það vissi ekki af holunni þegar tjónið gerðist.

M telur að X hafi vanrækt eftirlit á veginum og hafi ekki tryggt næga lýsingu á honum. Vísar M til ákvæða vegalaga nr. 80/2007 þar sem fjallað er um skyldur veghaldara máli sínu til stuðnings. Sú skemmd sem var á veginum hafi ekki orðið til á einni nóttu, heldur sé um að ræða niðurbrot sem verði til á löngum tíma. Sú vá sem fyrir dyrum var þennan dag hafi þannig verið fyrirsjáanleg og þess eðlis að veghaldari átti að bæta úr löngu áður eða koma fyrir viðvörunum. Auk þess nefnir M að enginn vissi að vegur þessi tilheyrði sveitarfélaginu X og því megi leiða lyktir af því að einhverjar tilkynningar hafi borist til Reykjavíkur í stað X.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafi fengið fyrstu ábendingu um holuna þennan dag kl. 11:11. Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins hafi strax brugðist við ábendingunni og farið með umferðarkeilu á svæðið og fyllt í holuna í kjölfarið. Viðgerð hafi verið lokið þann sama dag milli klukkan 11:30 og 12:00. Ljóst sé því að starfsmenn X hafi brugðist skjótt við og löguðu holuna á innan við klukkutíma eftir að tilkynning barst um hana. Í málinu liggi ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi vanrækt viðhald á veginum, en hola eins og þessi geti myndast tiltölulega hratt við ákveðnar aðstæður. Ekki sé hægt að gera þá ósanngjörnu kröfu til sveitarfélagsins að það fylgist svo grannt með öllum vegum þess að það fylli strax upp í allar holur sem myndast á vegum. Hafnar V því að X hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt vegalögum umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri rökstuðning og segir X og önnur sveitarfélög ekki sanngjörn í kröfum sínum um að borgarar sjái um gæslu á vegum. Þá sé einnig ósanngjarnt að engar merkingar voru á veginum sem upplýsa vegfarendur um að þeir séu komnir inn í bæjarland X.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari, svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Við mat á bótaskyldu samkvæmt þessari bótareglu ber sá sem krefst bóta sönnunarbyrði um að tjón megi rekja til gáleysis veghaldara. Í því felst að leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að viðhald eða merkingar vegar hafi verið ábótavant.

Í þessu tilviki liggja ekki fyrir upplýsingar sem benda til þess að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast þegar í stað við. Með vísan til framangreinds verður talið að M verði að bera hallann

af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 78/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Bótaskylt atvik. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. mars 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð M fyrir vinnuslysi hinn 24. janúar 2023 við Sunnusmára í Kópavogi sem atvikaðist með þeim hætti að M var að ganga niður stiga þegar hann rann með þeim afleiðingum að hann féll og rann á bakinu niður stigann. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Landspítalans. Þar kemur fram í skráningu að hann hafi runnið og lent á bakinu við vinnu. Þá liggur einnig fyrir vottorð um óvinnufærni sem vottar óvinnufærni frá slysdegi til 31. janúar 2023. M leitaði í kjölfar ítrekað til lækna vegna verkja sem hann tengir við slysið.

M gerir kröfu um bætur úr launþegatryggingu vinnuveitanda síns, X, hjá vátryggingafélaginu V. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 7. janúar 2025, á þeirri forsendu að ekki væri sannað að hið bótaskylda atvik hefði átt sér stað. M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að gögn málsins sýni með nægjanlegri vissu að hann hafi orðið fyrir meiðslum í vinnu og í kjölfarið verið óvinnufær um tíma. M bendir jafnframt á að vinnuveitandi hans, X, hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins, þrátt fyrir að slíkt sé lögbundin skylda samkvæmt 79.–81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá hafi lögmaður M ítrekað farið fram á það við X að slysinu yrði tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands, sbr. tölvupóstssamskipti dags. 6. mars 2023 og 28. febrúar 2024, án þess að svar hafi borist eða viðbrögð fengist frá X.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að lýsingar á atvikum í gögnum séu að einhverju leyti misvísandi. Annars vegar sé slysinu lýst sem falli í stiga og hins vegar sem falli á jafnsléttu. Þá hafi X ekki viljað undirrita tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands þar sem hann gæti hvorki staðfest að slysið hefði átt sér stað né hvenær. Engin vitni hafi verið að atvikinu, og engin tilkynning hafi borist frá M þegar slysið átti sér stað. Þá sé einnig vísað til þess að M hafi verið sagt upp störfum 10. janúar 2023, með fyrirhuguðum starfslokum eigi síðar en 31. mars, og að hann hafi ekki mætt aftur til starfa eftir meint atvik. Að sögn X hafi ekki tekist að ná í M eftir að upplýsingar um slysið bárust.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi verið að ganga niður stiga með verkfærakassa þegar hann rann og datt. Hann glími við tungumálaörðugleika þar sem hann tali hvorki íslensku né ensku og telur hann misræmi í gögnum einkum skýrast af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort sannað sé að M hafi orðið fyrir slysi í starfi sínu hjá X hinn 24. janúar 2023, þannig að bótaskylda stofnist úr launþegatryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði fyrir því að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir og að orsakatengsl séu milli hins meinta atviks og þeirra líkamlegu einkenna sem hann glímir við í kjölfarið. Engin vitni voru að atvikinu og hvorki lögregla né aðrir viðbragðsaðilar komu á vettvang. Í bráðamóttökuskrá Landspítalans frá 24. janúar 2023 kemur þó skýrt fram að M hafi runnið í vinnu, lent á bakinu og verið með einkenni frá baki, höfði og fótum. Þá liggur fyrir fjarvistavottorð vegna óvinnufærni frá sama degi. Þrátt fyrir að síðar hafi komið ítarlegri lýsing á slysinu frá M, verður því ekki breytt að samtímagögn staðfesta að hann hafi slasast við vinnu sína þann 24. janúar 2023. Hvort slysið hafi átt sér stað í stiga eða á jafnsléttu vegna hálku breytir ekki þeirri niðurstöðu enda hvorutveggja bótaskyld atvik sem falla undir gildissvið launþegatryggingar X hjá V. Með vísan til framangreinds telur nefndin sannað að M hafi orðið fyrir slysi í vinnu hjá X hinn 24. janúar 2023. Hann á því rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 79/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskylduvernd-slysatrygging.

Slysahugtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 24. janúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum máls kemur fram að V barst tjónstilkynning 11. apríl 2025 þar sem fram kom að M hafi brotið tönn 23. janúar 2024. Með þeirri tilkynningu fylgdi kvittun fyrir tannlæknakostnaði og vottorð á pólsku þar sem m.a. kom fram að gert hafi verið við tönn sem hafi skemmst er tannréttingarbúnaður var fjarlægður á rangan hátt. V hafnaði bótaskyldu 15. apríl 2025 með þeim rökum að gögn málsins bentu ekki til þess að tjónið verði rakið til slyss. Þann 26. apríl barst V ný tjónstilkynning. Þar kom fram að M hafi brotið tönn 21. febrúar 2024. Taldi M sig eiga bótarétt. Gögnin voru þau sömu og áður. V hafnaði bótaskyldu.

Í málskoti byggir M á því að tannbrotið 21. febrúar 2024 verði rakið til slyss í skilningi slysatryggingaliðs fjölskylduverndartryggingar sem M var með hjá V. Bendir M á að í fyrirliggjandi vottorði komi fram að gert hafi verið við það tannbrot, þ.e. tönn nr. 13.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 3. apríl 2025, er á því byggt að M hafi ekki tekist að sýna fram á að kostnaður vegna viðgerðar á framangreindri tönn nr. 13, sé tilkominn vegna afleiðinga slyss í skilningi tryggingarinnar. Fyrirliggjandi gögn, þ.e. vottorð á pólsku sýni ekki fram á að um slysatburð hafi verið að ræða. Þá bendir V einnig á að ekki liggi fyrir sundurliðun á viðgerðarkostnaði vegna umræddrar tannar og öðrum kostnaði sem fyrirliggjandi reikningurinn tekur til. Því sé engin leið að átta sig á því hver raunverulegur kostnaður vegna viðgerðar á tönninni sé. V bendir auk þess á að skv. 18. gr. almennra skilmála félagsins beri vátryggðum að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert umfangs þess tjóns sé. Telur V að M hafi ekki staðið undir þessum skyldum.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort tiltekið tanntjón sem M byggir á að hún hafið orðið fyrir 21. febrúar 2024 verði rakið til slyss í skilningi þeirrar tryggingar sem M var með hjá V. V byggir á því að M hafi ekki tekist að sanna að sú sé raunin. Nefndin sem fellst á rök V bendir á að M hefur einungis lagt fram eitt vottorð á pólsku máli sínu til stuðnings. Ekki verður séð af þeirri þýðingu sem liggur fyrir í málinu, og sem M hefur ekki haldið fram að sé röng, að það vottorð geti varpað einhverju ljósi á það hvort tannbrotið verði rakið til slyss eða ekki. Nefndin telur því að M hafi ekki tekist að sanna að sú hafi verið raunin.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingalið Fjölskylduverndartryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 80/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. febrúar 2025, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V1, dags. 18. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 11. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu fyrirtækisins Aðstoðar og öryggis, varð árekstur með bifreiðunum A og B í Suðurhólum þann 4. febrúar 2025. Bifreiðarnar mættust í þrengingu á götunni sem staðsett er við Suðurhóla 8. M sem var ökumaður A segir í framburði sínum að hann hafi ekið á eftir annarri bifreið inn í þrenginguna. Hafi hann verið nokkra metra á eftir þeirri bifreið. Þegar hann hafi verið nánast kominn út úr þrengingunni var B ekið af stað og framan á A. Ökumaður B kveðst hafa stöðvað við þrenginguna til að hleypa bifreið í gegn. Hafi hann lagt af stað inn í þrenginguna og var A þá langt í burtu en ökumaður A hafi ekið hratt inn í þrenginguna eftir að ökumaður B hafði lagt af stað. Kveðst B hafa hemlað en að ökumaður A hafi ekki gert það og því hafi orðið árekstur með bifreiðunum. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna. Niðurstaða hennar í máli nr. 72/25 var sú að sök skuli skiptast til helminga þar sem ósannað þótti hver staðsetning ökutækja hefði verið í aðdraganda áreksturs.

M kveðst vera ósammála niðurstöðu tjónanefndar þar sem ökumaður B hafi ekið í veg fyrir sig þegar hann var kominn að enda þrengingarinnar. Vísar M til ljósmyndar sem hann tók sem sanni hver staðsetning hans var er árekstur varð.

V1 telur á grundvelli fyrirliggjandi gagna að M hafi komið á undan að umræddri þrengingu og verið kominn í gegnum hana er árekstur varð við bifreiðina B. Hafi ökumanni B þar af leiðandi borið að víkja fyrir M, sbr. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2 telur ógerlegt að fullyrða með nægilegri vissu hvernig aðdraganda áreksturs var háttað, enda stangist framburðir ökumanna og önnur gögn málsins á hvað það varðar.

Álit.

Í 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga segir að ef hindrun er á hluta vegar skuli sá ökumaður nema staðar, ef nauðsyn ber til, sem er þeim megin á akbrautinni sem hindrunin er. Þá segir einnig að ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skuli sá ökumaður sem fyrstur kemur að, njóta forgangs en sá sem síðar kemur að skal, ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aka aftur á bak. Hindrun sú sem ökumenn komu að á Suðurhólum er staðsett á miðju vegar, þ.e. hvorugur ökumanna nýtur þar forgangs og nýtur því sá sem fyrstur kemur forgangs. Samkvæmt upplýsingum um staðsetningu áreksturs sem bæði má finna í skýrslu A&Ö og af ljósmynd M, verður ekki annað ráðið en að bifreiðin A hafi nánast verið komin í gegnum þrenginguna er árekstur varð. Þrengingin er lengri en hefðbundnar þrengingar og því verður ekki önnur ályktun af því dregin en að A hafi ekið fyrr inn í þrenginguna. Ósannað er að ökumaður A hafi ekið á of miklum hraða eða komið síðar að þrengingunni. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður ökumaður B að bera alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður B bera alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 27. maí 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 81/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ferðatrygging (greiðslukortatrygging).

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 27. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram á M keypti ásamt eiginmanni sínum ferð til Tenerife 21. janúar 2025. Nóttina fyrir brottför, sem átti að vera 30. janúar 2025, hafi M fengið það mikla bakverki að hún hafi átt erfitt með gang og venjulegar hreyfingar. Af þessum sökum hafi hún ekki treyst sér til að fara í ferðina en leitað til læknis á ferðdag sem hafi staðfest að hún væri óferðafær. Hafi hún látið viðkomandi ferðaskrifstofu vita af þessu ástandi sínu eins fljótt og auðið hafi verið. Í kjölfarið, þ.e. 4. febrúar 2025, hafi V verið tilkynnt um tjónið, sem M upplýsir að hafi samtals numið kr. 394.544. Í málinu liggur fyrir staðfesting ferðaskrifstofu á þeim kostnaði. Hafi M óskað eftir endurgreiðslu á ferðakostnaði fyrir M og eiginmann hennar. Með tölvupósti, dags. 5. febrúar 2025, hafi V hafnað að endurgreiða ferðakostnaðinn. Rök V hafi verið þau að það komi fram í fyrirliggjandi læknisvotorði, dags. 31. janúar 2025, að M hafi verið í meðferð vegna sama/tengds heilsuvanda síðustu 12 mánuði fyrir áætlaða brottför auk slitbreytinga í baki. Jafnframt vísaði V til skilmála þeirra sem gilda um ferðtrygginguna þar sem fram komi m.a. að ekki verði bættar kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda eða sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð sé meðal annars átt við hvers konar meðhöndlun sem ætla sé að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði, óhefðbundin læknismeðferð.

Í málskoti er framangreindum rökum V mótmælt. Bendir M m.a. á að í skilmálunum komi fram að miðað sé við 6 mánuði hvað tímamark meðferðar áhrærir en ekki 12 mánuði eins og V hafi byggt á. Þá upplýsir M að vorið 2024 hafi hún fengið slæmt bakverkjakast. Eftir samtöl við lækna hafi hún farið í röntgenmyndtöku 2. maí 2024 og fengið í kjölfarið ávísuð verkjalyf sem hún hafi átt að taka eftir þörfum. Hafi hún í kjölfarið verið góð í bakinu og í raun náð sér að fullu og ekki þurf á frekari læknisheimsóknum að halda. Það hafi svo ekki verið fyrr en umrædda nótt að hún hafi fengið bakverkjakast að nýju. M vill því meina að skilyrði þess að hafna greiðslu með vísan í hið tiltekna ákvæði í skilmálum séu ekki uppfyllt hvað hana varðar. Auk þess benti M á að engin meðferð hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðunum áður en ferðin var keypt.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 27. febrúar 2025, er m.a. vísað í fyrri rök félagsins sbr. tölvupóst, dag. 5. febrúar 2025. Þá kemur fram að V telur einsýnt að M hafi átt við veikindi eða sjúkdóm að stríða og notið læknishjálpar eða meðferðar vegna þess á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Hvað 6 mánaða frestinn nánar varðar þá bendir V á að í fyrirliggjandi vottorði sé ekkert sem bendi til þess að M hafi verið orðin hraust af þessum verkjum innan 6 mánaða tímabilsins fyrir greiðslu staðafestingargjaldsins. Beri M sönnunarbyrði hvað þennan frest varðar. Þá bendir V á að einnig liggi fyrir vottorð dags. 18. febrúar 2025. Telur V að þar komi fram upplýsingar sem sýni fram á að M hafi þjáðst af bakverkjum fyrir greiðslu staðfestingargjaldsins og skipti þá ekki máli hvort verkirnir voru jafn alvarlegir og á tjónsdegi. Hvað varðar maka M þá vísar V í tiltekið skilmálaákvæði í forfallatryggingunni sem félagið telur að leiði til þess að ekki sé fyrir hendi bótaréttur vegna útgjalda makans. Vísar félagið einnig í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 371/2022 sem frekari rök fyrir þeirri niðurstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 1. mars 2025, eru m.a. fyrri rök hennar ítrekuð.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort M eigi rétt á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna þess að M og eiginmaður hennar þurftu að hætta við ferð til Tenerife í janúarmánuði 2025. Hvað varðar endurgreiðslu á kostnaði M, þá segir í grein 7.2.1 í skilmálum greiðslukortatryggingar að V bæti ekki: „Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknihjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði, óhefðbundin læknimeðferð…“. Hvað varðar kröfu um endurgreiðslu á kostnaði eiginmanns M , þá segir eftirfarandi í grein 7.1.2.b í skilmálunum: „Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hver einstaks vátryggingaratburðar, ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð af einni af eftirtöldum ástæðum: Að náinn ættindi eða náinn samstafsmaður: b. Hjóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.“

Hvað varðar endurgreiðslu á kostnaði M þá ræðst niðurstaðan í þessu máli af því hvort bakverkur sá sem M upplifði nóttina fyrir áætlaða brottför telst vera vegna veikinda sem hún hafi þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar vegna á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds, sem var 21. janúar 2025. Í málinu liggur m.a. fyrir læknisvottorð, dags. 18. febrúar 2025, en það vottorð er viðbót við fyrra vottorð frá sama lækni, dags. 31. janúar 2025. Þar kemur fram að læknirinn hafi verið heimililæknir M undanfarin 8 ár. Þá segir þar einnig að M hafi fengið verkjalyf við gigtarverkjum áður en umrædd ferð var pöntuð. Það hafi þá verið vegna verkja sem hafi truflað svefn og hægt á M við almennar athafnir. Læknirinn tekur hins vegar fram að M hafi aldrei áður haft bakverki að því marki að þeir leggðu hana í rúmið eða yllu stórkostlegri hreyfihömlun eins og var að morgni 30. janúar 2025. Sá verkur sem hún upplifði daginn fyrir brottför skoðist sem þursabit út frá vöðvaspasma, en ekki sem gigtarverkur. Tekur læknirinn fram að ekki sé sama orsök fyrir öllum bakverkjum. Telji hann að það ástand sem upp kom nóttina fyrir brottför hafi ekki verið versnun á þekktum sjúkdómi sem hún hafi haft lyfjameðferð við.

Með vísan í efnislegt innihald framangreinds vottorðs telur nefndin, þrátt fyrir að ljóst sé að M hafi áður upplifað bakverki vegna gigtarverka, að ekki séu forsendur til að komast að þeirri niðurstöðu að bakverkur hennar aðfararnótt 30. janúar 2025 hafi verið tilkominn vegna veikinda sem hún hafi áður þjást af og notið læknishálpar eða meðferðar vegna. Hér vísar nefndin sérstaklega til þess sem fram kemur í vottorðinu um að það sem gerðist umrædda nótt hafi ekki verið versnun á þekktum sjúkdómi sem M hafi haft lyfjameðferð við. Þá bendir nefndin á að jafnvel þó fallist yrði á að rekja mætti umræddan bakverk til veikinda eða sjúkdóma sem M hafi haft áður en ferðin var pöntuð verður ekki talið óyggjandi að slitgigt í baki M hafi haft þannig áhrif á heilsufar hennar að hún hafi þjáðst af henni og verið í meðferð, eins og skilyrði í fyrrnefndu undanþáguákvæði kveður á um, á síðustu sex mánuðum fyrir kaup á ferðinni. Í því samhengi bendir nefndin á að ekki liggur með skýrum hætti fyrir hvort og þá hvenær M leitaði til læknis á því sex mánaða tímabili og verður V að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Nefndin telur því að M eigi rétt á að fá kostnað sinn endurgreiddan.

Hvað mögulegan rétt til greiðslu bóta úr forfallatryggingu vegna ferðakostnaðar eiginmanns M á grundvelli gr. 7.1.2.b verður ekki séð af gögnum málsins að veikindi M, eiginkonu hans og náins ættingja þar með, hafi falið í sér alvarleg veikindi í skilningi ákvæðisins. Þannig verður bótaréttur M vegna greiðslu ferðakostnaðar eiginmanns hennar ekki leiddur af vátryggingarskilmálum V. Hér vísast einnig í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 371/2022.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta vegna ferðakostnaðar síns, úr forfallalið greiðslukortatryggingar hjá V, en á ekki rétt á bótum vegna ferðakostnaðar eiginmanns síns.

Reykjavík, 18. mars 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 82/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. mars 2025.
3. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. mars 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Hinn 24. janúar 2025 varð tjón á bifreiðinni B, sem var í eigu M. Ekki er ágreiningur um að ökumaður bifreiðarinnar A hafi borið alla sök á atvikinu og að bótaskylda sem slík sé til staðar úr ábyrgðartryggingu hennar. Var B skráð sem „tjónabifreið 1“ í kjölfar tjónsins og greiddi V hana því út.

M er ósáttur við ýmis atriði er tengjast bótauppgjörinu. Í málskoti kemur fram að V hafi ekki getað útvegað honum bílaleigubíl sem hafi verið sambærilegur við B. Í stað þess hafi V boðið greiðslu að fjárhæð 5.500 kr. á dag vegna afnotamissis en sú fjárhæð dugi ekki til að leigja sambærilega bifreið og hljóti M að eiga rétt á því. Þá hafi V hliðrað útreikningum vegna bótagreiðslu í þeim tilgangi að lækka fjárhæðina. Þá hafi V ekki bætt M tjón vegna mælis fyrir leigubifreiðar sem hafi verið í B eða ísetningu hans. Með framangreindri háttsemi hafi V gerst brotlegt við lög enda eigi M við bótauppgjör að vera eins staddur og ef ekki hefði komið til tjónsins.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að V hafi keypt B af M átján dögum eftir að tjónið varð. Vegna þessara átján daga hafi M getað valið um bætur vegna afnotamissis sem miðist við 5.500 kr. á dag eða greiðslu daggjalds fyrir bifreið í A-flokki. Í einstaka tilvikum greiði V sem svari leigu á stærri bifreið ef sérstök rök liggi að baki því. M hafi ekki sýnt fram á sérstaka þörf hans fyrir stærri bifreið, en bætur þessar séu aðeins hugsaðar til þess að tjónþoli komist hefðbundinna leiða sinna. Hafi M þá ekki sýnt fram á frekara fjárhagslegt tjón vegna afnotamissis en V hafi þegar fallist á að bæta. M hafi þá gert athugasemdir við greiðslu þessara bóta, en hluti bóta vegna afnotamissis, eða 71.500 kr. hafi verið greiddar sem hluti af kaupverði B. Hafi það verið gert til að koma til móts við M þar sem áhvílandi lán á B hafi verið hærra en kaupverð hennar. M hafi sjálfur greitt inn á lánið, en eftir þá greiðslu hafi eftirstöðvar þess verið 4.467.342 kr. Kaupverð bifreiðarinnar ásamt bótum vegna afnotamissis í 13 daga hafi verið kr. 4.471.500 kr. V hafi greitt upp lánið og mismunurinn, 4.158 kr., auk bóta vegna afnotamissis í fimm daga, þ.e. samtals 31.658 kr., hafi verið greiddur til M. Í B hafi þá verið mælir fyrir leigubifreiðar sem hafi þurft að fjarlægja og hafi það verið gert af fagaðila, en V hafi ekki upplýsingar um hvar mælirinn sé nú niður kominn. Almennt þegar svo sé séu mælar fjarlægðir og settir að nýju í aðra bifreið. Sú vinna sé unnin af fagaðilum. Ekki liggi fyrir hvort M ætli að fá sér aðra bifreið í stað B. Vilji M því fá greiddan áætlaðan kostnað við ísetningu í stað þess að V greiði fagaðila fyrir hana. V muni greiða kostnað sem hafi hlotist af því að fjarlægja mælinn úr B en þar sem ekki liggi fyrir hvort hann verði settur í aðra bifreið hafi M ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ísetningar hans. Séu því engar forsendur fyrir því að greiða bætur vegna þess þáttar. Telji V því að M hafi fengið fullar bætur vegna tjóns síns.

Í viðbótarathugasemdum M eru gerðar athugasemdir við að afgreiðsla málsins hafi tafist af hálfu V og eiganda A. Ítrekað er að bætur vegna afnotamissis séu ófullnægjandi enda kosti 22.107 kr. á dag að leiga bifreið sem sé sambærileg við B. Þá hafi honum ekki verið boðið að velja milli þess að fá bætur greiddar eða taka bifreið á leigu fyrr en 11 dögum eftir tjónsatvikið. Þá hafi B verið seld á uppboði með mælinum í. Hann hafi aldrei fengið upplýsingar um það hvort mælirinn hafi verið fjarlægður og hafi hann mælinn ekki undir höndum. Hann krefjist þá bóta vegna ísetningar mælisins, svo hann eigi þess kost að setja hann upp í annarri bifreið kjósi hann að gera svo. Auk mælisins hafi skyndihjálparkassi og slökkvitæki verið í B, og hafi þau verið föst í skotti B, sem ekki hafi verið hægt að opna vegna tjónsins. Hafi hann því ekki getað nálgast þá muni. Fari hann því fram á bætur vegna allra þessara muna.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ekki sé ágreiningur um að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna tjónsins. Það hvílir hins vegar á M að sýna fram á umfang þess tjóns.

Kemur fyrst til skoðunar hvort M eigi rétt á frekari bótum vegna afnotamissis en V hefur þegar greitt. Bótafjárhæðir skulu almennt miða við það að tjónþoli sé ekki verr settur fjárhagslega en ef tjón hefði ekki komið til. Það felur þó ekki sjálfkrafa í sér að M hafi átt rétt á bótum vegna afnotamissis sem nemi leiguverði á bifreið í sama stærðarflokki og B. Verður þá ekki séð að M hafi sýnt fram á þörf fyrir stærri bifreið en nemur bifreið í A-flokki, né að hann hafi orðið fyrir frekara fjárhagstjóni vegna afnotamissisins. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á frekara tjón en vegna afnotamissis er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M hvað þennan þátt varðar.

Þá gerir M athugasemdir við uppgjör bóta og rekur í málskoti að það muni 4.158 kr. á því sem V hafi sagst hafa greitt vegna afnotamissis og þess sem M hafi verið greitt. Þá hafi hann í raun aðeins fengið greiddar 31.658 kr. Eins og rakið er hefur V lagt fram útreikninga hvað þetta varðar þar sem m.a. er gerð grein fyrir umræddum 4.158 kr. og hefur þeim ekki verið hnekkt. Af samskiptum M og V verður jafnframt ráðið að samkomulag hafi verið um að nýta hluta bóta vegna afnotamissis til uppgreiðslu þess láns sem hvíldi á B. Með vísan til þess að í gögnum málsins liggur fyrir að kaupverð B hafi verið 4.400.000 kr. Fyrir liggur að nokkur ágreiningur var um kaupverðið sem slíkt en ekki liggur fyrir nefndinni nein krafa hvað þann þátt varðar og kemur hann ekki til frekari skoðunar. Verður af framansögðu ekki betur séð en að full greiðsla kaupverðsins og bóta vegna afnotamissis hafi átt sér stað. Verður því að hafna kröfu M hvað þennan þátt varðar.

Hvað varðar mæli sem var í B þá fer M fram á bætur bæði vegna mælisins sjálfs og eins ætlaðs ísetningarkostnaðar komi til þess að mælirinn verði settur í aðra bifreið. Samkvæmt yfirliti frá uppboðsfyrirtæki því sem hafði B í sinni umsjá eftir tjónið kom fagaðili, X, til að fjarlægja mælinn úr B hinn 13. febrúar 2025. Í tölvupóstsamskiptum M og V kemur fram að M þurfi sjálfur að hafa samband við X og biðja um að mælirinn yrði fjarlægður. Af framangreindu verður ekki dregin önnur ályktun en að hann hafi gert það. M byggir á því að ekki hafi tekist að fjarlægja mælinn áður en B var seld á uppboði. Samkvæmt framangreindri skráningu má þó ráða að X hafi komið á vettvang í þeim tilgangi að fjarlægja mælinn. Ekki liggja fyrir nein frekari gögn frá X um hvort tekist hafi að taka mælinn úr bifreiðinni eða hvar hann sé niður kominn nú. Eins og atvikum er hér háttað verður að telja að það standi M nær að afla slíkra gagna og sýna fram á að ekki hafi tekist að fjarlægja umræddan mæli og að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til þess. Rétt er að taka fram að óljóst er hvort M starfar sem leigubílstjóri en af málsgögnum má ráða að B var á tjónsdegi ekki skráð sem leigubifreið heldur sem bifreið til almennrar notkunar.

Hvað varðar ísetningarkostnað þá liggur fyrir að V hefur boðist til að bæta þann kostnað, þegar og ef, M lætur setja mæli upp í annarri bifreið. Þar sem alls óljóst er hvort koma mun til þess kostnaðar verður að fallast á það með V að M hefur ekki orðið fyrir tjóni vegna ísetningar á mælinum, en eins og áður segir skulu bætur almennt miða við að tjónþoli sé eins settur, en ekki betur, og ef tjón hefði ekki komið til. Er því kröfu hans um bætur vegna ísetningarkostnaðar hafnað.

Að endingu gerir M kröfu um bætur vegna skyndihjálparkassa og slökkvitækis sem voru í geymslurými bifreiðarinnar, en í tölvupósti M til V dags. 6. febrúar 2025 kemur fram að honum hafi ekki tekist að opna umrætt geymslurými bifreiðarinnar vegna tjóns á henni og því ekki tekist að ná í umrædda muni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að V hafi tekið sérstaka afstöðu til þessarar kröfu eða svarað henni efnislega. Fyrir nefndinni liggja engin gögn er sýni staðsetningu tjóns á bifreiðinni eða greiðslukvittanir, færsluyfirlit eða annað vegna umræddra muna. Eins og málum er hér háttað verður því að telja að M hafi ekki tekist að sýna fram á tjón vegna þessa liðar og er því einnig óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans hvað hann varðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu A en V hefur þegar fallist á að greiða.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 83/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Notkun ökutækis.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17. mars 2025, ásamt fylgiskjölum..

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að eldur hafi komið upp í hópferðarbifreiðinni A á Þingvallavegi hinn 4. júlí 2023. Komust allir farþegar úr bifreiðinni heilir á húfi. M var ökumaður bifreiðarinnar og lýsir því að hann hafi orðið var við eld í vinstri hurð A og því stöðvað akstur í hægri kanti akreinar. Kom hann öllum farþegum út úr bifreiðinni og að því loknu hafi hann tekið farangur farþeganna út úr farangurshólfi bifreiðarinnar. Sagði hann bifreiðina hafa orðið alelda fljótt og að hann hafi andað þó nokkrum reyk að sér við að koma farþegum og farangri út úr bifreiðinni. Í málskoti kemur fram að M hafi leitað á heilsugæsluna Mosfellsbæ þann 14. ágúst 2023 og var þar greindur með öndunarfærasýkingu af völdum slyssins. Degi síðar leitaði hann á bráðamóttöku vegna mæði og áframhaldandi einkenna. M var lagður inn á Landspítala 24. ágúst 2023. Fyrir slysið hafði M verið greindur með lungnateppu og versnuðu einkenni hans til muna í kjölfar slyssins. Vegna einkenna sinna gerði M kröfu um bætur úr ökutækjatryggingu A hjá V en bótaábyrgð var hafnað með bréfi dags. 13. janúar 2025 á þeim grundvelli að slysið verði ekki rakið til notkunar ökutækisins A. M vísar til þess að vegna heilsufars síns hafi hann verið sérstaklega viðkvæmur fyrir þeirri reykeitrun sem hann varð fyrir í slysinu. Hafnar M því að líkamstjónið stafi af einhverjum öðrum þáttum en notkun ökutækisins. Tjón hans megi rekja til þess að eldur kviknaði fyrirvaralaust í hópbifreið sem hann ók, á meðan hann var við stjórn ökutækisins. Andaði M að sér reyk frá eldinum og varð í kjölfarið fyrir reykeitrun sem olli þeim einkennum sem hann býr við í dag. Upptök eldsins hafi ekki verið rannsökuð sérstaklega en eldurinn hafi að öllum líkindum kviknað vegna bilunar eða vanbúnaðar í vél bifreiðarinnar þar sem hans verður skyndilega vart er bifreiðin var á ferð. Þá hafði bifreiðin verið í rafmagnsviðgerð skömmu áður. Telur M að tjón hans megi rekja til notkunar ökutækisins og hafnar hann afstöðu V með öllu. Þá áréttar M að þrátt fyrir að atvik hefðu verið með þeim hætti að ökutækið hefði ekki verið við akstur þegar eldurinn kviknaði þá teljist opnun og lokun hurða við inn- og útgöngu farþega, sem og að taka farangur úr farangurshólfi, falla undir eðlilega notkun hópferðabifreiðar. Vísar M því til stuðnings til fræðiskrifa og dómaframkvæmdar.

V telur að líkamstjón M hafi ekki orðið af notkun ökutækis skv. 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Samkvæmt dómaframkvæmd nái skilyrði um notkun ökutækis ekki til hvers kyns notkunar þess, heldur til þeirrar aðstöðu að sérstaða og sérstakir hættueiginleikar ökutækis, einkum hraði, þyngd og vélarafl, hafi valdið tjóni. Bruni hópbifreiðarinnar hafi ekki orðið vegna sérstöðu hennar sem ökutækis eða vegna sérstakra hættueiginleika hennar. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð og ekki með vélina í gangi þegar líkamstjón M varð þar sem hann stóð fyrir utan bifreiðina við að taka farangurinn út úr henni. Telur V að M hafi ekki verið við stjórn ökutækis þegar hann varð fyrir reykeitrun. Vísar V til nánar til greindra dóma máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort líkamstjón það sem M varð fyrir vegna reykeitrunar sem hann hlaut í kjölfar þess að eldur kom upp í hópferðabifreið sem hann ók, teljist til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Þá er einnig ágreiningur um hvort M teljist hafa verið við stjórn ökutækisins er hann hlaut reykeitrunina. Þegar litið er til dómaframkvæmdar síðustu ára varðandi túlkun á hinu svokallaða notkunarhugtaki verður ekki annað séð en að bæði dómar Hæstaréttar og Landsréttar sýni að ef ökutæki er ekki á hreyfingu þurfi tjón að hafa orðið vegna sérstakra eiginleika ökutækja sem ökutækja til að teljast til notkunar þeirra,

sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 671/2014. Þeir sérstöku eiginleikar tengjast hraða, vélarafli eða þyngd ökutækisins. Í málskoti er því ekki haldið fram að M hafi hlotið reykeitrun meðan hann var enn við akstur bifreiðarinnar og lýsir hann því sjálfur í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að hann hafi andað að sér miklum reyk við að koma farþegum og farangri út úr bifreiðinni, þ.e. eftir að hann stöðvaði akstur bifreiðarinnar. Verður með vísan til þess ekki ráðið að tjón M verði rakið til sérstakra eiginleika ökutækisins A sem tengjast hraða, vélarafli eða þyngd þess. Þegar af þeirri ástæðu fellur tjónið ekki undir slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. M á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 84/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 27. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. mars 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 1. apríl 2025.

Málsatvik.
Í málskoti byggir M á því að rafmagn hafi farið af þvottahúsinu hjá henni með þeim afleiðingum að vatnsdælur hafi skemmst en þær séu háðar stöðugu rafmagni til þess að geta starfað eðlilega. Segist M hafa sent kröfu um að tjónið yrði bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Kröfunni hafi verið hafnað með þeim rökum að ekki sé hægt að sanna saknæma háttsemi starfsmanna X.

M byggir kröfu sína á því að X beri ábyrgð á afhendingu rafmagns með öruggum hætti. Ljóst sé að rafmagn hafi farið af húsum á […] 92 og 94 á sama tíma. Telur M það benda til þess að bilunin hafi verið víðtækari en V haldi fram. Þá telur M það liggja fyrir að orsakatengsl séu á milli bilunar og tjóns, enda hafi bilunin haft bein áhrif á starfsemi vatnsdælnanna sem skemmdust.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 27. mars 2025, er á það bent að til þess að bótaskylda geti stofnast úr ábyrgðartryggingu X þurfi M að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem tekja megi til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X. Þá byggir V á að orsök rafmagnsleysisins í umrætt sinn og tjónsins sé óþekkt. Tekur V fram að af sögn X sé ekki vitað hvað varð til þess að rafmagnið fór af þvottahúsi húseignar M eða hvað varð til þess að vatnsdælurnar skemmdust. Komið hafi upp ófyrirséð bilun á rafmagnsheimtaug fyrir götuskáp fyrir […]. Sú bilun hafi ekki haft áhrif á afhendingu rafmagns fyrir húseign M. Því hafi starfsmenn X ekki tekið rafmagnið af þeirri húseign þegar gert var við framangreinda heimtaug. Bendir V einnig á að samkvæmt tjónstilkynningu og málskoti hafi rafmagnið aðeins farið af þvottahúsi húseignar M en ekki af allri húseigninni, nokkuð sem V telur benda til þess að um hafi verið að ræða vandamál innanhúss. Telur V að ef rafmagnið hefi farið af vegna bilunnar í kerfum veitunnar eða ef starfmaður X hefði tekið rafmagnið af húseigninni hefði rafmagnið farið af öllu húsinu. Til viðbótar bendir V á að þrátt fyrir að ekki liggi fyrir hvað hafi valdið tjóninu á vatnsdælunum, beri X ekki ábyrgð á tjónum notenda vegna ófyrirséðra bilana í kerfum veitunnar þegar straumur er rofinn. Þessu til viðbótar bendir V á að ef búnaður í eigu húseiganda er háður stöðugu rafmagni til að starfa eðlilega og þolir ekki straumrof sé það á ábyrgð notanda að gera ráðstafanir með varaafl. V telur því ósannað að tjónið á vatnsdælum M verði rakið til atvika sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 27. mars 2025, eru fyrri rök ítrekuð. Þá mótmælir M því m.a. að orsök rafmagnleysisins sé óþekkt.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni á vatnsdælum í húsnæði M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til þess að X hafi ekki staðið undir þeirri skyldu sinni að tryggja afhendingu rafmagns með öruggum hætti. Hins vegar hefur M ekki fært fyrir því nein rök, né

lagt fram gögn, sem sýnt gætu fram á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem feli í sér saknæma háttsemi X eða starfsmanna X. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til sakar X eða starfsmanna X.

Með vísan í framangreinda umfjöllun telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. Því er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að bæta beri tjónið úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.
Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 85/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. febrúar ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 6. mars 2025.
3. Bréf V2 dags. 11. mars 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. mars 2025.

Málsatvik.

Hinn 30. janúar 2025, varð árekstur milli bifreiðanna B og C og A og B á Vesturlandsvegi. Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis er haft eftir ökumanni B að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni og hún runnið til hliðar og á C, við það hafi B snúist á veginum þannig að hún sneri á móti aksturstefnu og þá hafi A komið og lent framan á B. Eftir M, ökumanni A, er haft að hann hafi ekið á eftir B, sem hafi skyndilega tekið að rása á veginum og lent á C, eftir það hafi B snúist og verið öfug á veginum. M hafi reynt að hemla en ekki tekist það og lent framan á B. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á framtjóni á B sem varð við árekstur A og B þar sem hann hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig.

M fellir sig ekki við þau málalok og krefst þess fyrir nefndinni að ökumaður B verði látinn bera alla sök á árekstrinum, en til vara að sök verði skipt að jöfnu. Í málskoti lýsir M atvikum svo að hann hafi ekið í 50-60 metra fjarlægð á eftir B, og hafi séð hana sveiflast til að því er virtist við akreinaskipti, en M hafi þó ekki séð þegar B rakst á C. B hafi svo snúist við á veginum og komið, að því er M virtist, akandi á móti umferð á sömu akrein og A. Hafi M hafið hemlun um leið og hann sá B sveiflast til og hafi A næstum því verið kyrrstæð er B skall framan á A, en í kjölfar árekstursins hafi B snúist og valdið skemmdum á vinstri framhurð A. M hafi sýnt fulla aðgát við aksturinn og ekið á hraða sem hæfði aðstæðum og haldið sig í góðri fjarlægð frá B. Hann telji hins vegar að ökumaður B hafi ekki sýnt næga aðgát við aksturinn miðað við aksturssskilyrði sem hafi verið erfið, og eins og atvik horfi við honum velti hann jafnvel fyrir sér hvort ökumaður B hafi staðið á bensíngjöfinni augnablikum fyrir áreksturinn.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að ekki hafi skapast nein hætta á vettvangi fyrr en ökumaður B hafi ákveðið að skipta um akrein við ófullnægjani aðstæður. Á sama tíma hafi M haft fulla stjórn á ökutæki sínu og ekið eftir sinni akrein í viðunandi fjarlægð frá öðrum ökutækjum. Sé meginorsök árekstursins sú að ökumaður B hafi skipt um akrein án þess að gæta nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og við það hafi hann misst stjórn á ökutæki sínu. Sé því rétt að hann beri alla sök á árekstri A og B.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að ekki sé unnt að byggja á því að um akreinaskipti hafi verið að ræða, enda komi frásögn M hvað það varðar aðeins fram í málskoti, en ekki frumgögnum málsins. Telji V2 því að umrætt tjón sé að rekja til þess að M hafi ekki gætt nægilega að hátternisreglu 4. gr. né áskilnaði 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga um að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða. Beri A því alla sök á árekstri A og B.

Í viðbótarathugasemdum M eru gerðar athugasemdir við það að skýrslu Aðstoðar og öryggis hafi verið skilað inn án þess að aðilar hafi átt þess kost að gera athugasemdir við hana. Er þá áréttað að atvik hafi virst honum þau að B hafi verið við akreinaskipti þegar henni var ekið yfir snjóhrygg sem hafði hlaðist upp milli akreina. Hvort sem um akreinaskipti eða ekki var að ræða sé þá ljóst að ökumaður B hafi misst stjórn á henni við akstur yfir snjóhrygginn og hafi ekki sýnt nægilega aðgát við aksturinn. Sé óeðlilegt að M sé látinn bera alla ábyrgð á óvarlegum akstursmáta B.

Álit.

Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, en líta verður til hennar sem frumgagns í málinu, er rakinn framburður ökumanna A, B og C. Hvergi kemur fram í skýrslunni að B hafi verið við akreinaskipti í aðdraganda atviksins, og að það hafi leitt til þess tjóns sem á eftir kom. Af lýsingu M fyrir nefndinni segir að svo hafi það litið út fyrir honum, en óumdeilt er að B rann til hliðar og snerist síðar á veginum. Er því ekki unnt að byggja á því að ökumaður B hafi verið við akreinaskipti í aðdraganda áreksturs og að orsök tjónsins megi rekja til þess að hann hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20 gr. umferðarlaga við akreinaskiptin, en þar segir að áður en ökumaður skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Liggur þá ekki fyrir að bifreið B hafi að einhverju leyti verið vanbúin til aksturs eða að ökumaður hennar hafi að öðru leyti gerst brotlegur við umferðarlög. Eins og atvikum er hér háttað verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti, og verður því ekki talið sýnt fram á annað en að um óhapp hafi verið að ræða þegar B rann til hliðar.

Óumdeilt er að B snerist á veginum þannig að hún sneri í öfuga akstursstefnu á þeirri akrein sem A ók eftir og að framendar A og B skullu saman. Verður þá jafnframt að miða við að A hafi ekið á B en í fyrrgreindri skýrslu er haft eftir M að hann hafi lent framan á B. Er það til samræmis við framburð ökumanns B sem segir að A hafi lent á honum. Í slíkum tilvikum hefur verið miðað við það að ökumaður ökutækis sem rennur til eða snýst á akrein beri ekki sök á tjóni nema sýnt sé fram á að um vanbúnað ökutækis sé að ræða.

Með vísan til framangreinds, sbr. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á um að ekið skuli svo langt á eftir ökutæki að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækja, svo og 1. mgr. 36. gr. laganna um að akstri skuli haga þannig að ökumaður geti stöðvað aksturinn áður en komið er að hindrun, er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstri A og B.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 86/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð hinn 9. desember 2023 árekstur milli A og B en M var ökumaður þeirrar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á árekstrinum.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi leitað til læknis þremur dögum eftir slysið, eða 12. desember 2023, vegna einkenna sem hann reki til þess. Var hann þá greindur með tognun á lendhrygg og ráðlagt að taka verkjalyf en að athugað yrði með sjúkraþjálfun í framhaldinu. M hafi aftur haft samband við lækni 22. janúar 2024. Á þeim tíma hafi M sótt sjúkraþjálfun vegna verkja í neðra baki sem leiði niður í fótlegg. M hafi enn leitað til læknis 9. febrúar 2024 vegna einkenna sem hann rakti til slyssins og hafi hann þá verið greindur með tognun á lendhrygg og tognun og ofreynslu á spjald- og mjaðmabeinslið. M hafi átt fleiri komur til lækna vegna einkenna sinna og við myndrannsókn sem hann gekkst undir 23. maí 2024 hafi hann verið greindur með brjósklos. Liggi þá fyrir skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 17. janúar 2025, um meðferð M. Niðurstaða þeirrar skýrslu sé sú að M sé líklegur til að vera áfram „tæpur“ í baki. Sé M enn að glíma við einkenni sem rakin verði til árekstursins. Með vísan til þessa megi gera ráð fyrir að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. Sé þá sýnt fram á orsakatengsl milli tjóns hans og árekstursins. Eru þá gerðar sérstakar athugasemdir við svokallaða PC-Crash skýrslu með högg- og hraðaútreikningi árekstursins en um sé að ræða einhliða aflað gagn sem M telji ekki hafa nokkurt vægi þegar kemur að mati á líkamstjóni. Skýrslan taki þá ekkert tillit til þess hvernig höggkrafturinn hafi verkað á M en eðli máls samkvæmt sé það afar mismunandi hvernig höggkraftur verki á einstaklinga, m.t.t. aldurs, líkamsbyggingar, líkamsstöðu og fleiri þátta. Mat á afleiðingum slysa sé einstaklingsbundið og þurfi að líta til fleiri þátta en hugsanlegs höggkraftar. Með vísan til alls framangreinds hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess líkamstjóns sem hann hafi orðið fyrir. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 28. ágúst 2024 en bauðst þó til að greiða kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á orsaktengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans. Samkvæmt hraðaútreikningum hafi högg við árekturinn verið lítið og lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Kemur einnig fram að samkvæmt færslu í sjúkraskrá M frá því í september 2021 hafi hann þá verið verkjaður í öxlum og stífur í mjóbaki en hann sé viðkvæmari fyrir hnjaski vegna bílslyss sem hann hafi lent í. Í færslu frá 27. maí 2022 komi fram að M sé búinn að vera hálfslappur í bakinu. Í færslu frá 1. febrúar 2023 komi fram að M hafi lent í árekstri þá um morguninn og sé með einkenni frá spjaldhrygg og hálsi. M hafi þá ekki leitað oft til læknis í kjölfar þess áreksturs sem hér er til skoðunar, og hafi einkenni hans breyst og færst til og endað með brjósklosi sem virðist hafa orðið í kjölfar þungaburðar og líkamsræktar. Ekki sé því samfella í læknismeðferð og einkennalýsingum í kjölfar atviksins. Þá sé ekki læknisfræðilega viðurkennt að brjósklos geti hlotist af þetta vægum árekstri. Þegar litið sé til alls þessa, svo og fyrra heilsufars M, en hann hafi m.a. lent í alvarlegu slysi á árinu 2017, er afstaða V sú að mun minni líkur en meiri séu á því að varanleg einkenni M sé að rekja til árekstursins. Boð V um greiðslu kostnaðar vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar standi þó enn. Þá hafnar V athugasemdum M hvað PC-Crash skýrslur varðar enda standist útreikningur þeirra alla skoðun og veiti mikilvægar vísbendingar um eðli áreksturs. Þær séu þó aðeins þáttur í heildstæðu mati á öllum fyrirliggjandi upplýsingum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 9. desember 2023. V lét vinna skýrslu um um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki

dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 14. desember til 5. júní 2024. Af henni má ráða að M hafi orðið fyrir öðrum slysum á undangengnum árum. Hinn 1. febrúar 2023 leitaði M til læknis vegna umferðarslyss þá um morguninn. Var hann þá greindur með tognun á lendhrygg. Þá má einnig ráða af sjúkraskrá að M hafi kvartað undan einkennum frá baki hinn 27. maí 2022. Í samskiptum sínum við lækni dags. 17. september 2021 vísar M þá til bílslyss sem hann hafi lent í en nefndin hefur ekki undir höndum frekari gögn er varða það slys. Jafnvel þó einstaklingar séu með einkenni frá stoðkerfi fyrir slys girðir það eitt ekki fyrir að varanlegt tjón kunni að hafa hlotist af því, með nýjum einkennum eða versnun fyrri einkenna. Hins vegar verða þá fyrirliggjandi gögn að sýna fram á það með skýrum hætti að orsakatengsl séu milli tjónsatviks og nýrra eða versnandi einkenna.

Ekki er fyrirliggjandi heildstætt læknisvottorð, eða mat hæfra og óvilhallra matsmanna, varðandi orsakatengsl árekstursins og þeirra einkenna sem M býr við í dag. Af fyrirliggjandi sjúkraskrá verður ekki ráðið með vissu að orsakatengsl sé milli árekstursins og brjóskloss sem M greindist með 23. maí 2024, en samkvæmt samskiptaseðli dags. 15. maí 2024 var M við þungaburð og „eitthvað fór í bakinu í ræktinni“ um viku áður en brjósklos greindist. Fyrirliggjandi greinargerð sjúkraþjálfara, þar sem fjallað er á ítarlegan hátt um einkenni M, meðferð og batahorfur, verður ekki talin fela í sér sönnun á orsakatengslum hvað þetta varðar, og er þá jafnframt litið til þess að þar er ekki að finna læknisfræðilega umfjöllun um fyrra heilsufar M.

Á grundvelli framangreinds, og með vísan til þess að M virðist að einhverju leyti hafa haft sambærileg einkenni fyrir slysið, verður ekki talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni sem rakið verði til umrædds áreksturs. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna varanlegs líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 87/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Sönnun tjóns. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 173. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M varð fyrir vinnuslysi 14. júní 2023. M sem telur sig eiga bótarétt úr slysatryggingu launþega hjá V vegna þess slyss, sendi tjónstilkynningu til V 19. nóvember 2024. Í þeirri tilkynningu kemur fram að M hafi í umrætt sinn verið með þjónustunotendum og öðru starfsfólki X i útiveru. Hafi þá annar þjónustunotandi en sá sem M bar ábyrgð á hlaupið á eftir M og stokkið aftan á hana. Hafi hann lent á hægri öxl M með þeim afleiðingum að öxlin hafi brotnað. Jafnframt kemur þar fram að M hafi einnig slasast 6. maí 2023 og að hún hafi verið með hægri handlegginn í fatla af völdum þess slyss er hún slasaðist aftur 14. júní 2023.

Í bréfi V, dags. 17. mars 2025, er bótakröfu M hafnað. Byggir V höfnunina í fyrsta lagi á því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir frekara líkamstjóni í slysinu 14 júní 2023 en rekja má til fyrra slyss hennar 6. maí sama ár. Færir V rök máli sínu til stuðnings. Þá byggir V jafnframt á því, með vísan i 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (VSL), að ef M hafi átt einhvern bótarétt vegna slyssins 14. júní 2023 hafi hún glatað honum vegna þess að lögbundinn tilkynningafrestur hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning barst V.

Í málskoti mótmælir M því að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn 19. nóvember 2024. Hafi 1. mgr. 124. gr. VSL verið túlkað með þeim hætti að upphaf eins árs frestsins beri að miða við hvenær tjónþoli hafi raunverulega gert sé grein fyrir því að um varanlegar afleiðingar af líkamstjóni sé að ræða. Byggir M á því að hún hafi ekki gert sér grein fyrir þessu fyrr en líða fór á árið 2024.

Álit.
Í málinu er m.a. ágreiningur um það hvort afleiðingar vinnuslyss sem M varð fyrir 14. júní 2023 hafi orðið aðrar og meiri en raunin varð af völdum fyrra slyss M 6. maí 2023 og að hún eigi því rétt á bótum vegna seinna slyssins.

Í gögnum sem stafa frá sérfræðilækni á Bráðamóttöku, dags. 14. júní 2023, kemur m.a. fram að M hafi þann dag verið greind með tognun og ofáreynslu á aðra og ótilgreinda hluta axlargrindar, þ.e. S43.7. Undir liðnum saga er getið um verk í hægri öxl og haft eftir M að hún hafi 6 vikum fyrr orðið fyrir áverka á hægri axlarlið. Segulómun hafi þá staðfest slæma tognun og beinmar. Síðan er vísað til þess að M hafi lent í slysi við vinnu sína 14. júní og vegna þess sé hún verri af verkjum sem svipar til þess sem var í byrjun eftir fyrra slysið. Undir liðnum rannsóknir segir m.a. að röntgen á öxl sýni óbreytt útlit frá fyrri skoðun. Þá kemur fram að M eigi pantaðan tíma hjá bæklunarlækni.

Í niðurstöðum rannsókna frá Orkuhúsinu, dags. 30. júní 2023, segir eftirfarandi um ómun á hægri öxl M: „Það er hak í yfirborði tuberculum majus á festusvæði supraspinats sinar. Vekur grun um nánast ótilfært brot i turberculum majus. Þetta brot sést vel á SÓ frá 19.05.2023 (Hjartavernd) og raunar einnig á RTG rannsókn frá 14.06.2023 (LHS) og því ekki tilkomið í nýrri áverkanum sem varð fyrir tveimur vikum...Niðurstaða: Það eru ummerki um nær ótilfært brot í tuberculum majus svæðin sem er að öllum líkindum eftir áverka fyrir 8 vikum síðan. Það eru tendinosubreytingar og mögulega lítilsháttar trosnun í aðlægum hluta supraspinatus sinar. Engar rifur greinast. Vægur þroti í subracromial bursunni.“

Í læknabréfi frá Orkuhúsinu, dag. 7. september 2023, kemur fram að M sé með merki um eftirstöðvar eftir tuberculum majus brot og tognun á öxl með bursit og klemmueinkenni. Um sé að ræða langvarandi óþægindi og bati sé hægur. Telur læknirinn rétt að spegla öxlina 19. september 2023 og hreinsa bursitis og gera létta decompression á henni. M fór í aðgerðina 19. september 2023.

Það er niðurstaða nefndarinnar, með vísan í framangreinda umfjöllun, að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir frekari líkamstjóni í vinnuslysinu 14. júní 2023 en því sem rekja má til fyrra slyssins 6. maí 2023. Því á M ekki bótarétt úr slysatryggingu launþega hjá V. Af þessum sökum telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðila.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega, hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 88/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Miskabætur. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M ,dags. 11. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M sem ók ökutæki B varð fyrir líkamstjóni 10. nóvember 2021 er ökutæki A keyrði aftan á B sem var kyrrstætt. Áreksturinn hafi verið það harkalegur að ökutæki B kastaðist nokkra metra við höggið og að líkamstjón B sé mikið af völdum þessarar aftanákeyrslu. Hefur V samþykkt bótaskyldu vegna tjóns M fyrir utan miskabætur skv. a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. M vísar til þess að enginn rökstuðningur hafi fylgt afstöðu V þess efnis að hafna greiðslu miskabóta skv. a- lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt lögregluskýrslu sem tekin var á vettvangi viðurkenndi ökumaður A að hafa keyrt of hratt miðað við aðstæður en kvaðst ekki hafa séð ökutæki B og náði því ekki að hemla í tæka tíð. Ökumanni A var tjáð að kært yrði fyrir að haga ökuhraða ekki eftir aðstæðum. Ökumaður A kvaðst skilja það og viðurkenndi það. Staðfesting liggur fyrir í málinu að ökumaður A hafi verið sektaður fyrir að hafa ekki hagað ökuhraða eftir aðstæðum. Í athugasemdum V segir að lagatexti sá er vísað er til er sé heimildarákvæði sem gerir ráð fyrir að hægt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Sönnunarbyrðin um að tjóni hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi hvíli á málskotsaðila sem hafi ekki lagt fram fullnægjandi sönnun þess efnis að bifreiðinni hafi verið ekið þannig að í akstrinum hafi falist háttsemi sem teljist til stórkostlegs gáleysis. Þá sé staðfesting þess efnis að ökumaður hafi verið sektaður fyrir að haga ekki akstri eftir aðstæðum ekki sönnun á stórkostlegu gáleysi. Ljóst sé að ökumaður var ekki sektaður fyrir að virða ekki hraðatakmarkanir þ.e. að aka yfir lögleyfðum hámarkshraða. Lögregla hafi því ekki talið sannað að ökumaður hafi ekið yfir leyfðum hámarkshraða. Þá liggi ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á hver umferðarhraði A var. Við mat á stórkostlegu gáleysi skuli litið til sakar tjónvalds, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort hannvar undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ökumaður A hafi ekki verið undir áhrifum vímuefna, ekki ekið yfir á rangan vegarhelming, ekki ekið yfir á rauðu ljósi og afleiðingar aftanákeyrslu þessarar ekki meiri en eðlilegt má teljast þegar kemur að aftanákeyrslum. V vísar til eldri úrskurða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og dómafordæma Landsréttar og Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. Að mati V verði umferðaróhapp þetta rakið til þess að ökumaður A hafi misst athygli í augnablik. Túlka verði þetta undantekningarákvæði a- liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þröngt. Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V alfarið hafnað og bent á að loftpúðar ökutækja hafi sprungið út, stórséð hafi á ökutækjum og að slys hafi gerst í hádeginu á blautviðrisdegi. Ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi vegna ökuhraða og aðstæðna, ekki sé þörf á matsgerð um hraða ökutækis og vísar M til Landsréttardóma og héraðsdóma máli sínu til stuðnings.

Álit

Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á árekstri bifreiðanna 10. nóvember 2021. Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórfelldu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða miskabætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi ökumanns A því að fela í sér veruleg frávik frá því sem eðlilegt má telja. Af gögnum málsins er ljóst að ökumaður A sá ekki ökutæki B með framangreindum afleiðingum. Af gögnum málsins er einnig ljóst að ökumaður A telur sig hafa verið yfir löglegum hámarkshraða. Leggja verður heildstætt mat á allar aðstæður og háttsemi ökumanns bifreiðarinnar A. Ökumaður A var ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna er atvikið átti sér stað en telur sig hafa verið yfir löglegum hraða. Engin frekari gögn liggja fyrir um hraða ökutækis A. Af

dómafordæmum má ráða að mikið þarf til svo hegðun ökumanns teljist til stórfellds gáleysis. Verður með hliðsjón af framangreindu ekki talið að ökumaður A hafi vikið svo verulega frá gildandi hátternisreglum sem honum bar að hlíta í aðdraganda árekstursins að það feli í sér stórfellt gáleysi. Skilyrðum til greiðslu miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er því ekki fullnægt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson	Hildigunnur Hafsteinsdóttir	Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 89/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 31. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu íbúð á neðri hæð tvíbýlishússins að […] fyrir milligöngu fasteignasalans X með kaupsamningi dags. 15. maí 2023. Höfðu M skoðað eignina með X tvisvar sinnum í aðdraganda þess að þau gerðu tilboð í eignina. Upplýsti X þau að tvö bílastæði fylgdu eigninni, annað fyrir utan bílskúr eignarinnar og hitt við norðaustur hluta fasteignarinnar. Á söluyfirliti, dags. 27. apríl 2023, segir: „Tvö bílastæði fylgja íbúðinni“. M höfðu fengið send ýmis gögn í tölvupósti í aðdraganda kaupsamnings og hafði þeim verið sérstaklega kynnt að eignin væri ekki í samræmi við teikningar. Það sé einnig sérstaklega tekið fram í söluyfirliti og ítrekað í kaupsamningi. Það var svo ekki fyrr en efri hæð fasteignarinnar var seld vorið 2024 sem nýir eigendur þeirrar hæðar upplýstu M um að annað af þeim bílastæðum sem þau töldu hafa fylgt sinni eign, væri í raun eign efri hæðarinnar. Vitnuðu þau í teikningar í eignaskiptayfirlýsingu því til staðfestingar. Þar sést að tvö bílastæði á norðurhluta eignarinnar væru eign efri hæðar. Í raun fylgdi því eigninni eingöngu eitt bílastæði en ekki tvö. Vegna þessa hafa M gert kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað, m.a. með þeim rökum að X hafi verið í góðri trú um að eigninni fylgdu tvö bílastæði, auk þess sem M hafi ekki sannað að þau hefðu orðið fyrir tjóni. M telja að X hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við ákvæði laga nr. 70/2015. Ljóst sé af gögnum málsins að þeim hafi verið seld fasteign með tveimur bílastæðum, þegar henni fylgdi eingöngu eitt bílastæði. Gáleysi X leiddi til þess að M urðu fyrir tjóni og þar með sé uppfyllt skilyrði 27. gr. laga 70/2015 um skaðabótaskyldu fasteignasala.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu komi skýrlega fram að eign á neðri hæð fylgi tvö bílastæði. Annars vegar í þar til gerðri bílageymslu og hins vegar fyrir framan bílageymslu. Söluyfirlitið hafi verið útbúið í samræmi við þær upplýsingar og upplýsingar frá seljendum. Umrædd eignaskiptayfirlýsing var kynnt M í aðdraganda kaupsamningsgerðar og staðfestu þau með undirritun sinni á kaupsamninginn að þau hefðu kynnt sér efni hennar gaumgæfilega og gerðu engar athugasemdir við hana. Að mati V sé vandséð hvernig unnt sé að gera skaðabótakröfu á hendur X byggða á gögnum og upplýsingum sem lágu fyrir við kaupin og M gerðu engar athugasemdir við. Jafnvel þótt slegið yrði föstu að X hefði veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar við sölumeðferðina, telur V það með öllu ósannað að M hafi orðið fyrir nokkru fjártjóni. Ekki hafi verið lögð fram nein gögn af hálfu M sem sýni fram á í hverju hið meinta almenna fjártjón felist eða að það hafi yfir höfuð orðið. Fyrir liggi að M keyptu eignina á eðlilegu markaðsverði.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að ekki sé byggt á því að kaupverðið hafi verið of hátt eða lágt miðað við fermetraferð, heldur í því að þau fengu ekki þau réttindi sem þeim var lofað. Þá veki sú málsástæða V mikla furðu, er snýr að því að rými inni í bílskúr teljist „bílastæði“. Bílskúr sé almennt ekki talinn vera bílastæði í hefðbundnum skilningi, enda sé hann yfirleitt skilgreindur sem hluti af sjálfri byggingunni og meðtalinn í fermetraútreikningi hússins. Samkvæmt almennri málsvenju tákni „tvö bílastæði“ í reynd tvö afmörkuð pláss fyrir bíla utandyra, ekki inniloft í yfirbyggðu rými. M völdu þessa eign út frá þeirri nauðsyn að hafa tvö stæði, enda séu tveir bílar á heimilinu. Eitt bílastæði dugi því ekki.

Álit.

Ágreiningur er um hvort fasteignasalinn X hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar við sölu íbúðar á neðri hæð tvíbýlishússins að […] og hvort M eigi rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu hans samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Óumdeilt er að samkvæmt söluyfirliti eignarinnar, dags. 27. apríl 2023, fylgdu íbúðinni tvö bílastæði. Kaupsamningur var undirritaður 15. maí 2023 eftir að M höfðu skoðað eignina tvisvar í fylgd X. Þau fengu í aðdraganda kaupsamnings send

gögn, m.a. eignaskiptayfirlýsingu, og staðfestu að þau hefðu kynnt sér þau gögn gaumgæfilega. Ekki liggur fyrir að athugasemdir hafi verið gerðar vegna fjölda bílastæða við undirritun kaupsamnings.

Telur nefndin ljóst af gögnum málsins að X veitti rangar upplýsingar á söluyfirliti um fjölda bílastæða, enda fylgdi eigninni aðeins eitt bílastæði á lóð hússins auk bílskúrs, sem ekki telst bílastæði í hefðbundnum skilningi. Samkvæmt teikningum í eignaskiptayfirlýsingu, sem lágu fyrir við kaupin, var hitt bílastæðið í raun eign efri hæðar hússins. Um skyldur fasteignasala er fjallað m.a. í 1. mgr. 11. gr. laganna þar sem kemur fram að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. a. Í 1. mgr. 12. gr. kemur m.a. fram að fasteignasali skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu.

Það liggur fyrir að X byggði upplýsingarnar um bílastæðin á samskiptum við seljanda og túlkun á eignaskiptayfirlýsingu, en gerði ekki viðeigandi úttekt á teikningum eða eignarhlutaskiptingu með tilliti til staðsetningar stæðanna. Þá er ekkert sem bendir til þess að X hafi kynnt M að mögulegt misræmi væri milli þeirra upplýsinga sem veittar voru og formlegra gagna. Þvert á móti voru kaup grundvölluð á þeirri forsendu að íbúðinni fylgdu tvö útiliggjandi bílastæði. Þótt M hafi ekki gert athugasemdir við eignaskiptayfirlýsingu við undirritun kaupsamnings verður að leggja til grundvallar að þau hafi haft réttmæta ástæðu til að treysta upplýsingum á söluyfirliti um að tvö bílastæði fylgdu eigninni. Það liggur fyrir að X kynnti M sérstaklega að eignin væri ekki í samræmi við teikningar, en ekkert bendir til þess að misræmi hafi verið kynnt sérstaklega vegna bílastæða. Þvert á móti gáfu bæði söluyfirlit og munnlegar upplýsingar tilefni til þeirra réttmætu væntinga að íbúðinni fylgdu tvö bílastæði. Í ljósi þess að fasteignasali er sérfróður um fasteignaviðskipti og hefur einkarétt vegna starfsemi sinnar verður að gera strangar kröfur til hans. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það afstaða nefndarinnar að virða verði það X til gáleysis að hafa ekki haft réttar upplýsingar á söluyfirliti um fjölda bílastæða sem fylgdu eigninni. Skilyrði skaðabótaskyldu fasteignasala samkvæmt 2. mgr. 12. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 70/2015 teljast því uppfyllt. Leggja verður til grundvallar að þessi saknæma háttsemi X hafi falið í sér tjón fyrir M þó fjárhæð þess liggi ekki fyrir.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V. Ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 90/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins varð hinn 22. febrúar 2022 árekstur milli A og B en M var ökumaður þeirrar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á árekstrinum. M krefst bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A.

Í málskoti lýsir M versnandi heilsufari frá slysdegi, en hún hafi verið hraust fyrir það og ekki átt við nein meiðsli að stríða. Nú þjáist hún hins vegar af daglegum verkjum sem hamli henni við leik og störf. Hafi hún þá sótt meðferð kírópraktors og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins. Leggur M fram ýmis læknisfræðileg gögn til stuðnings framangreindu.

Fyrirliggjandi er matsgerð dags. 23. janúar 2025. Þar kemur m.a. fram að ekki sé hægt að ráða að meiri líkur en minni séu til þess að orsakatengsl séu milli slyssins og höfuðverkja og verkja frá hnakka, herðum og brjóstbaki sem M hafi lýst við matsfund. Var niðurstaða matsgerðarinnar því sú að M hefði ekki orðið fyrir varanlegu heilsufarslegu tjóni.

Í bréfi V til nefndarinnar er m.a. vísað til fyrrnefndrar matsgerðar, en þrátt fyrir að telja orsakatengsl ósönnuð hafi V fallist á að afla sameiginlegrar matsgerðar. Niðurstaða hennar hafi sem áður segir verið sú að ósannað væri að einkenni M yrðu rakin til slyssins.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 22. febrúar 2022 en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Fyrirliggjandi er sérfræðilegt álit um afleiðingar umrædds slyss á líkamlega heilsu M. Verður ekki annað séð en að öll viðkomandi læknisfræðileg gögn hafi legið fyrir við matið, og að byggt hafi verið á þeim svo og læknisskoðun á M á matsfundi. Matsgerðin er unnin af lækni og lögmanni og talsvert ítarleg. Ekki verður séð að hún sé haldin neinum sérstökum annmörkum. Niðurstaða matsins er sem fyrr segir að M hafi ekki orðið fyrir varanlegu tjóni vegna slyssins og er sú niðurstaða ítarlega rökstudd í samantektarkafla þess.

Nefndarmenn í úrskurðarnefnd í vátryggingamálum búa ekki yfir sértækri læknisfræðilegri þekkingu og telja sig ekki til þess bæra að víkja frá framangreindri niðurstöðu ítarlegs mats óvilhallra og hæfra aðila á afleiðingum slyssins. Verður því að leita annarra leiða í viðleitni til að hnekkja því mati.

Þar sem ekki er sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess verður samkvæmt framangreindu að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 91/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging (ábyrgðartryggingarliður).
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 10. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, mótteknar 16. maí 2025. dags. 29. mars 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. maí 2025.

Málsatvik.
Í málskoti upplýsir M að tjón hafi orðið á bifreið hans 5. febrúar 2024 þegar þakkantur úr járni hafi fokið af þaki fjölbýlishúss X. Hafi stjórnarmaður X tilkynnt tjónið til V. M telur að X, sem hafi vanrækt eðlilegt viðhald á umræddum þakkanti og þannig ekki komið í veg fyrir að hann fyki, beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Telur M að það liggi fyrir að kominn hafi verið tími á viðhald á þaki og þakkanti hjá X. Að auki telur M sig eiga rétt á að fá tjónið bætt þar sem í upplýsingaskjali frá V komi fram að tryggingin bæti tjón af völdum óveðurs eða roks ef vinhraði fer yfir 28,5 m/s. Hefur M lagt fram gögn sem hann telur að sýni að vindhraði í umrætt sinn hafi verið yfir þeim mörkum.

Í athugasemdum frá V, dags. 10. mars 2025, kemur fram að félagið tekur ekkert það hafa komið fram í málinu sem bendi til þess að eitthvað hafi verð athugavert við umræddan þakkant. Þvert á móti liggi ekki annað fyrir en að mikill veðurofsi hafi gengið yfir landið umræddan dag og ljóst sé að X geti ekki borið ábyrgð á tjón af völdum þess veðurs. Þá mótmælir V því að M eigi bótrétt vegna þess að vinhraði hafi náð 28,5 m/sek. Bendir V á að sá bótaréttur sé bundinn við skemmdir á húseign, nokkuð sem eigi ekki við um tjón M.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 16. maí 2025, ítrekar M sín fyrri rök og gerir frekari grein fyrir þeirri skoðun sinni að umræddur þakkantur hafi verið í verra ásigkomulagi en X vill vera láta.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 16. maí 2025, ítrekar félagið sín fyrri rök og leggur m.a. áherslu á að það telji að í málinu liggi ekki fyrir nein þau gögn sem sýnt gætu fram á að þakkanturinn hafi verið í ófullnægjandi ástandi eða að tjónshætta hafi starfað af ástandi hans.

Álit.
Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Nefndin telur að þó það sé óumdeilt að M hafi orðið fyrir tjóni í umrætt sinn hafi honum ekki tekist að sanna að það verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Telur nefndin að fyrirliggjandi gögn sýni ekki fram á að þakkantur sá er málið varðar hafi verið í ófullnægjandi ástandi eða að sérstök tjónshætta hafi verið af ástandi hans. Þá sé einnig ósannað að X hafi vanrækt viðhald eða hafi mátt vita að tjón kynni að hljótast af þakkantinum. Enn fremur liggur fyrir að óveður var á tjónsdegi. Kröfu M um greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar X hjá V er því hafnað.

M byggir einnig á því að hann eigi rétt til bóta þar sem tjón hans sé af völdum óveðurs. Máli sínu til stuðnings vísar M til upplýsingaskjals frá V. Í því skjali komi fram að tryggingin bæti skemmdir á húseign sökum óveður eða roks sem nær 28,5 m/s. Þegar af þeirri ástæðu að bótakrafa M snertir ekki skemmdir á húseign, getur ekki komið til greiðslu á þessum grundvelli.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum, úr húseigendatryggingu sem X er með hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 94/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að um klukkan 17:10 hinn 12. janúar 2025 hafi M ekið bifreið sinni í holu sem staðsett var á Reykjavíkurvegi í átt að Garðabæ. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V, sem hafnað hefur bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

M telur að betur hafi átt að fylgjast með umræddri holu, sérstaklega í ljósi veðurfars þann dag, sem og gæða viðgerðarefnis, með tilliti til þeirrar bleytu sem þá var í holunni. Hann telur að setja hefði átt upp varúðarmerkingar við holuna, einkum þar sem viðgerðarefnið standist ekki almennar kröfur við slíkar aðstæður, sbr. fyrirliggjandi tölvupóst frá fyrrum gæðastjóra malbikunarfyrirtækis.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafi fengið tilkynningu um holuna klukkan 8:15 sama morgun og strax hafi verið brugðist við með því að fylla í hana. Þá hafi X fengið nýja tilkynningu um holu á sama stað klukkan 22:40 sama dag, og í kjölfarið hafi verið fyllt aftur í hana. V hafnar því að sú viðgerð sem framkvæmd var eftir fyrstu tilkynningu hafi verið ófullnægjandi. Fyllt hafi verið í holuna með viðgerðarefni sem almennt hafi reynst vel. Í þeim veðuraðstæðum sem voru þann dag, þ.e. miklum umhleypingum, geti viðgerðarefni skolast upp úr holum með tímanum, og þurfi þá að fylla aftur í. Fram kemur að X hafi ekki fengið vitneskju um að hola hefði myndast aftur áður en M lenti í tjóninu. Starfsmenn X hafi því ekki haft tækifæri til að bregðast við og ráðast í viðgerð á holunni áður en slysið varð. Þá hafnar V því að mikil úrkoma hafi verið þann dag og vísar til veðuryfirlits sem sýni að úrkomumagn í Reykjavík hafi aðeins verið 2,5 mm þann dag. Ekki hafi því verið fyllt í holuna í mikilli bleytu. V telur því ósannað að tjónið megi rekja til gáleysis X og að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari, svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Við mat á bótaskyldu samkvæmt þessari bótareglu ber sá sem krefst bóta sönnunarbyrði um að tjón megi rekja til gáleysis veghaldara. Í því felst að leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að viðhald eða merkingar vegar hafi verið ábótavant.

Í þessu tilviki liggja ekki fyrir upplýsingar sem benda til þess að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast þegar í stað við. Þá liggja ekki heldur fyrir gögn sem sýna fram á að viðgerð sú sem framkvæmd var að morgni sama dags hafi verið svo ófullnægjandi að starfsmenn X hafi mátt gera sér grein fyrir að viðgerðarefnið myndi ekki endast fram á kvöld. Hefur tölvupóstur frá fyrrum gæðastjóra malbikunarfyrirtækis ekki hér gildi enda verður af tölvupóstinum ráðið að sá aðili hafi ekki haft upplýsingar um hvaða viðgerðarefni X notaði umrætt sinn. Er því ósannað að viðgerðarefnið standist ekki almennar gæðakröfur. Með vísan til framangreinds verður talið að M verði að bera hallann af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 95/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Heiti vátryggingartaka (X)
Skráningarnúmer ökutækja (A)

Skaðabótaábyrgð. Meðábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 24. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 17. október 2024 hafi M pantað steypu hjá X. Segir M að áætluð lengd frá bílaplani að steypustaðnum heima hjá honum hafi verið yfir 20 metrar. Þegar steypu- og dælubílar hafi komið á staðinn 23. október 2024 hafi hins vegar komið í ljós að um lengri vegalengd var að ræða. Hafi bílstjórinn á dælubílnum, bifreið A, þá upplýst að raninn væri ekki nægjanlega langur til þess að hægt væri að láta bílinn standa á bílastæðinu á meðan steypt væri. Til þess hefði þurft dælubíl með lengri rana. Reyndar byggir M á því í málatilbúnaði sínum að til hafi verið rani sem hefði dugað. Ekki liggur fyrir afstaða V til þeirrar fullyrðingar. Í málskoti upplýsir M að þegar sú staða var komin upp að ljóst var að dælubifreiðin gæti ekki staðið á bílastæðinu hafi bílstjórinn sagt að hann gæti keyrt niður eftir túninu svo hægt væri að steypa. Segist M hafa lagst gegn því. Bílstjórinn hafi hins vegar sagt að hann hafi áður farið yfir enn mýkra tún og það hafi verið í lagi. Hafi bílstjórinn síðan tekið þá ákvörðun að keyra inn á túnið. Hafi dælubíllinn farið fyrst, þ.e. A, en steypubíllinn svo farið á eftir honum. Þegar búið var að steypa hafi hins vegar báðir bílarnir staðið fastir. Ekki hafi tekist að losa þá fyrr en stórri gröfu var ekið inn á túnið. Þetta hafi leitt til tjóns sem M telur sig eiga rétt á að fá bætt úr ábyrgðartryggingum ökutækja hjá V.

Í athugasemdum til nefndarinnar frá V, dags. 24. mars 2025, kemur fram að V hefur fallist á bótarétt M. Hins vegar telur V að M verði að bera helming tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar. Í því sambandi vísar V m.a. til þess að samkvæmt upplýsingum frá X, eiganda A, hafi M verið búinn að upplýsa fyrirfram að aðkoman væri góð fyrir steypu- og dælubifreiðar. Það hafi hins vegar ekki reynst rétt og því hafi eina aðkoman að svæðinu verið yfir grasflötina. Þá byggir V einnig á að þó M hafi lýst áhyggjum sínum um ástand grasflatarinnar við starfsmenn X þá hafi þeir talið hana örugga. Vísar V einnig til þess að X telji að M hefði mátt vera harðari í þeirri afstöðu sinni um að hleypa A ekki inn á grasflötina. Telur V að sú ákvörðun M að meina ekki starfsmönnum X að aka inn á grasflötina hafi falið í sér saknæma háttsemi. Það eigi aftur að leiða til þess, samanber 5. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, að hann verði að bera helming tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar. Telur V að M hafi átt að vita að grasflötin myndi ekki þola það að bifreiðunum yrði ekið inn á hana. Honum hafi því borið að stöðva för bifreiðanna enda sé ljóst að enginn hafi neytt hann til að hleypa þeim inn á grasið.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 10. apríl 2025, eru rök hans ítrekuð. Þá áréttar M að með viðskiptum sínum við X hafi hann verið að panta þjónustu frá fagaðila. Það hafi því ekki verið hans, M, að stjórna því hvernig vinnunni var háttað. Írekar M að hann hafi staðfastlega bent á að ekki væri hægt að fara með svona þunga bíla inn á grasflötina. Bílstjóri A hafi hins vegar sagt að hann væri með reynslu af slíku. Hann hafi því ákveðið að keyra inn á túnið.

Álit.

V hefur fallist á að M eigi rétt á skaðabótum m.a. úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A. Hins vegar telur V að M eigi að bera helming tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar. Eins og að framan greinir byggir V þá afstöðu sína á því að með því að hafa ekki lagst ákveðnar gegn því að A yrði ekið inn á grasflötina í umrætt sinn, hafi M sýnt af sér gálausa háttsemi. Telur V, með vísan í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, að sú háttsemi eigi að leiða til þess að M verði að bera helming tjóns síns sjálfur.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M eigi rétt á að fá tjón sitt að fullu bætt úr ábyrgðartryggingu/-tryggingum ökutækis hjá V. Í því sambandi bendir nefndin á að V hefur ekki mótmælt þeirri staðhæfingu M að hann hafi lagst gegn því að bílunum yrði ekið inn á grasið í umrætt sinn. Nefndin telur að eins og málum er hér háttað, þ.e. M var að kaupa þjónustu af fagaðila sem á að vera best til þess fallinn að meta hvað sé forsvaranlegt og hvað ekki þegar kemur að akstri svo þungra bíla, sé ekki hægt að ætlast til þess af verkkaupa, þ.e. M, að hann taki fram fyrir hendur starfsmanna X í þeim tilgangi að hindra för þeirra. Þvert á móti á M að geta treyst mati þessara fagaðila. Nefndin fellst því ekki á þau rök V að fyrir hendi sé saknæm háttsemi af hálfu M sem eigi að leiða til þess að hann þurfi að bera tjón sitt að hluta sjálfur.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækja hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 96/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 23. janúar 2025, varð árekstur milli bifreiðanna A, sem er í eigu M og B á Austurvegi á Selfossi. Báðar bifreiðar voru vátryggðar hjá V á tjónsdegi og skilaði hver ökumanna V einhliða rafrænni tjónstilkynningu. Í tilkynningu ökumanns A segir að hann hafi, eftir að hafa virt biðskyldu, ekið út frá bifreiðastæði og inn á Austurveg. B hafi verið það langt frá að ekki hafi verið hætta á árekstri. Þegar A var komin að hringtorgi við Austurveg hafi ökumaður hennar numið staðar vegna umferðar annarra bifreiða um torgið Þegar ökumaður A hafi verið að aka inn á hringtorgið og að hluta verið kominn inn á það, hafi B verið ekið aftan á A. Í sinni tjónstilkynningu lýsti ökumaður B atvikum svo að þegar hann hafi nálgast hringtorgið og byrjað að hægja á sér vegna þess hafi A „stungið“ sér inn á veginn frá bifreiðastæði. Ökumaður A hafi svo „snarneglt“ niður er hann kom að hringtorginu og hann ekki náð að stöðva, enda hafi A skert hemlunarvegalengd B. Hafi B því hafnað aftan á A. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann hefði ekki virt forgang umferðar um Austurveg.

M fellir sig ekki við þau málalok og krefst þess fyrir nefndinni að ökumaður B verði látinn bera alla sök á árekstrinum. Í málskoti er byggt á því að A hafi verið komin að fullu inn á Austurveg og verið á leið inn á hringtorgið er árekstur varð. Af ljósmyndum af vettvangi sjáist þá glögglega að A hafi ekki verið ekið í veg fyrir B, enda væri ákoma þá ekki aftan á A. Ökumaður B hafi hreinlega ekið of hratt miðað við aðstæður, enda hafi akstursskilyrði ekki verið góð og B hafi verið með hestakerru í eftirdragi sem hafi kallað á sérstaka aðgæslu. Þess utan hafi B verið óskoðuð, og við síðustu aðalskoðun í nóvember 2023 hafi verið gerð athugasemd við lýsingu aðalljósa. Hafi það væntanlega einnig leitt til þess að ökumaður B hafi ekki séð A í tæka tíð.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi beggja bifreiða, til nefndarinnar kemur fram að af gögnum málsins megi ráða að áreksturinn hafi orðið í kjölfar þess að A var ekið frá bifreiðastæði, fram hjá biðskyldu og í veg fyrir B. Af fyrirliggjandi ljósmyndum megi ráða að áreksturinn hafi orðið nærri biðskyldu inn á hringtorgið, en aðeins séu nokkrir metrar frá útkeyrslu bifreiðastæðisins að biðskyldumerki við hringtorgið. Af ljósmyndum megi einnig ráða að aðalljós á B hafi verið kveikt. Sé afstaða V sú að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum, enda hafi hann ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Engin gögn liggi fyrir um að ökumaður B hafi ekið hratt eða ógætilega og ekki sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað brugðist við umferðarlagabroti ökumanns A.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um sakarskiptingu milli ökumanns bifreiðar A og ökumanns bifreiðar B vegna áreksturs á Austurvegi. Ljóst er af akstursstefnu að ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Austurveg forgang, sbr. 2. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Af ljósmyndum má ráða að áreksturinn hafi orðið örfáum metrum frá útkeyrslu af bifreiðastæðinu og að A hafi því verið ekið inn á Austurveg rétt áður en til áreksturs kom. Verður því að miða við að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði sem hafi leitt til þess að ekki var unnt að stöðva bifreið B í tæka tíð.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðar B hafi einnig sýnt af sér sök í aðdraganda árekstursins. Þannig verða að liggja fyrir afgerandi sönnunargögn um að ökumaður bifreiðar B hafi til dæmis ekið of hratt miðað við aðstæður, eða sýnt með öðrum hætti þannig gáleysi að það hafi leitt til áreksturs við bifreið A. Í málskoti er m.a. byggt á því að um of hraðan akstur B hafi verið að ræða en engin frekari gögn liggja fyrir því til stuðnings. Af fyrirliggjandi ljósmyndum

á vettvangi má þá sjá að aðalljós á B eru tendruð, og verður því ekki byggt á því að ökumaður hennar hafi, vegna vanbúins ljósabúnaðar, ekki veitt A athygli.

Telst því ósannað af framlögðum gögnum að áreksturinn megi rekja til sakar ökumanns bifreiðar B og ber ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt þess að veita umferð um Austurveg forgang, eins og honum var skylt að gera.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber ábyrgð á árekstri A og B.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 98/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12.mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 3. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 11. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B 11. janúar 2025. Áreksturinn varð á Bæjarhálsi í Reykjavík. Ágreiningur er um atvik máls.

M lýsir atvikum máls með þeim hætti að hann hafi ekið A, sem er ábyrgðartryggð hjá V1, frá Höfðabakka inn á vinstri akrein Bæjarháls. Hafi hann ekið þar á eftir öðrum bíl. Stuttu áður en vinstri akreinin sameinast hægri akreininni segist M hafa horft eftir umferð á hægri akrein og séð þá hvar B var ekið þar á miklum hraða og hafi ökumaður B ekki gefið honum né bílnum sem var fyrir framan A á vinstri akrein færi á að skipta um akrein, þó báðar þær bifreiðar hafi þá verið framar en B. Kvaðst M við þetta hafa hægt ferð og hleypt B fram hjá. Er ökumaður B ók fram hjá kvaðst M hafa flautað á hann og í kjölfarið skipt um akrein og ekið fyrir aftan B. Þá hafi ökumaður B hins vegar hemlað skyndilega og stöðvað B án nokkurrar sjáanlegrar ástæðu, með þeim afleiðingum að M náði ekki að bregðast við og ók aftan á B.

Í tilkynningu frá ökumanni B til V2, sem ábyrgðartryggði þá bifreið, er tildrögum árekstursins hins vegar lýst þannig: „Ekið austur Bæjarháls, stöðvað á rauðu ljósi við Bitruháls. [B] er annar (eða þriðji, ekki viss) bíll hægra megin. [A] er vinstra megin. Við grænt ljós er ekið af stað yfir gatnamótin. Handan við gatnamótin þurfa bílar vinstra megin að fara yfir á hærri akrein. [B] hægir á/stöðvar vegna umferðar og [A] ekur aftaná þar sem þrengingin endar.“

Í málinu liggur fyrir tölupóstur frá nafngreindu vitni að árekstrinum. Þar lýsir vitnið málsatvikum með þeim hætti að þegar A hafi ætlað að skipta um akrein, þ.e. af vinstri yfir á hægri, hafi B komið „á fanta keyrslu á miklum hraða og frekjast þannig að [B] þarf að gefa eftir og hægja á sér til þess að fara fyrir aftan [A] bílinn.“ Þá tekur vitnið fram að eftir að A hafi verið komin aftur fyrir B „þá flautar [A] á [B] og með því neglir [B] harkalega niður. Þetta var augljóslega reiði nauðhemlun þar sem [B] hafði nóg pláss fyrir framan sig. Ef þessi ágæti ökumaður á [B] hefði keyrt á venjulegum hraða þá hefði þessi árekstur aldrei átt sér stað. Ef að sannarlega á að segja þá er enginn annar tjónvaldur þarna annar en [B] fyrir óþarfa nauðhemlun.“

Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A beri helming sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig og ökumaður B beri helming sakar fyrir tilhæfulausa stöðvun.

M, sem var ökumaður A, telur sig hafa verið í fullum rétti og fellir sig því ekki við niðurstöðu tjónanefndar. Krefst hann þess að nefndin úrskurði á þá leið að hann beri enga sök í málinu, enda sýni göng málsins að svo sé. Vísar hann m.a. til þess sem að framan greinir um atvik máls, m.a. í frásögn vitnis og að hann hafi verið í eðlilegri fjarlægð frá B enda hafi hann ekki átt að þurfa að reikna með því að B myndi snögghemla án sýnilegrar ástæðu.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 12. mars 2025, bendir félagið í það ósamræmi sem birtist í framangreindum frásögnum um atvik máls. Telur V1 að framburður vitnisins sýni ótvírætt fram á að frásögn M sé sannleikanum samkvæm en sú sé ekki raunin um frásögn ökumanns B. Þá telur V1 ljóst að þegar M ætlaði að skipta um akrein, þ.e. af vinstri yfir á hægri, hafi hann gætt fyllstu varúðar þrátt fyrir glannalegan akstur B á hægri akrein sem síðan hafi snögghemlað öllum á óvörum eftir að A var komin aftan við B á hægri akrein. Í þessu sambandi bendir V1 á 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem segi meðal annars að ökumaður megi ekki hemla svo snögglega að það skapi hættu fyrir aðra

umferð. Þá sé einnig að finna í 4. gr. sömu laga almennar reglur um tillitssemi og varúð í umferðinni. Telur V1 að framangreint eigi að leiða til þess að öll sök í málinu verði lögð á B.

Í athugasemdum frá V2 til nefndarinnar, dags. 11. júní 2025, kemur m.a. fram að félagið telur liggja fyrir að ökumaður B hafi hemlaði skyndilega í aðdraganda árekstursins. Þrátt fyrir það telur V2 að ekki sé hægt að fallast á að ökumaður A beri enga ábyrgð, enda hafi honum borið að gæta að því að nægilegt bils væri milli bifreiðanna. Vísar V2 í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings. Þá sé mælt með því að bil milli ökutækja taki ekki minna en þrjár sekúndur að aka. Telur V2 að rétt sé að skipta sök til helminga milli ökumanna.

Álit.

Ágreiningur snýr bæði að atvikum máls og hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar með talið hvort skipta skuli sök milli A og B.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019.

Í 4. ml. 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökumaður skuli haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Einnig kemur fram í 2. mgr. 18. gr. sömu laga að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru, skal vera svo langt frá því að ekki skapist hætta á árekstri, jafnvel þótt ökutækið sem á undan fer stöðvi eða dragi úr hraða. Ljóst er að framangreind skylda hvíldi á M eftir að hann hafði sveigt A af vinstri akrein yfir á þá hægri og keyrði á eftir B.

Eins og að framan greinir á segir í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að ökumaður megi ekki hemla svo snögglega að það skapi hættu fyrir aðra umferð. Þá er einnig að finna almenna reglu um tillitssemi og varúð í umferðinni í 1. ml. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Þegar horft er til fyrirliggjandi gagna í málinu, m.a. annars vitnisburðar tilgreinds einstaklings, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að háttsemi ökumanns B í umrætt sinn hafi falið í sér gróft brot á framangreindum tveimur ákvæðum. Jafnframt telur nefndin, þrátt fyrir það sem segir í 2. mgr. 18. og 4. ml. 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga, að háttsemi M hafi ekki verið þess eðlis, séð í ljósi sakarstigs háttsemi ökumanns B, að ástæða sé til þess að M beri sök í málinu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður B eigi að bera alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 99/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkra- og slysatrygging og Sjúkrahúslegutrygging.

Upplýsingaskylda vátryggingartaka.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. apríl 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. maí 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og fyrirliggjandi gögnum hlaut M hjartastopp þann 5. október 2023. Fyrrverandi sambýliskona hans kom þá að honum heima og hóf endurlífgun áður en hann var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans. M dvaldi á gjörgæslu fyrstu sólarhringana eftir hjartastoppið. Síðar var hann fluttur á hjartadeild og síðan til endurhæfingar á Grensás vegna afleiðinga hjartastoppsins, bæði líkamlegra og hugrænna. Útskrifaðist hann af legudeild Grensáss 4. janúar 2024 en hélt endurhæfingu áfram á dagdeild Grensás. M vísar til þess að orsök hjartastoppsins sé óljós. Í gögnum séu settar fram tilgátur um mögulega hypoxíu í kjölfar flogs, takttruflanir eða kransæðasjúkdóm. Þá sé í gögnum vísað til fyrra heilsufars M, þar á meðal áfengisfíknar, þunglyndis og byrjaði skorpulifur. M fór fram á greiðslu bóta úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V, auk sjúkrahúslegutryggingar sem er hluti af heimilistryggingu M hjá V. Með bréfi dags. 14. mars 2024 hafnaði V bótaskyldu úr báðum tryggingum og tilkynnti jafnframt um fyrirvaralausa uppsögn á sjúkra- og slysatryggingu M. Vísaði V þar til þess að M hefði ekki gefið réttar eða fullnægjandi upplýsingar um fyrra heilsufar sitt við töku tryggginganna árið 2019, einkum um áfengisvanda, geðræn einkenni og óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna. Vísaði V í því sambandi til 82.- 84. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. M mótmælir þeirri afstöðu félagsins. Byggir hann á því að þær upplýsingar sem hann hafi gefið við töku tryggginganna hafi verið í samræmi við bestu vitund hans, að ekki hafi verið um vanrækslu að ræða í skilningi laganna og að upplýsingar sem veittar hafi verið hafi ekki haft þýðingu fyrir mat á áhættu félagsins í ljósi þess vátryggingaratburðar sem síðar varð. Þá er vísað til þess að félagið hafi haft heimild og tilefni til að kalla eftir sjúkraskrám áður en vátrygging tók gildi og beri hallann af því að slíkt hafi ekki verið gert.

Af hálfu M eru eftirfarandi kröfur gerðar:

1. Að ákvörðun V um uppsögn sjúkra- og slysatryggingar verði felld úr gildi og vátryggingunni haldið áfram, gegn hærra iðgjaldi eða á öðrum kjörum.
2. Að viðurkennd verði bótaskylda úr sjúkra- og slysatryggingu vegna hjartastoppsins.
3. Að viðurkennd verði bótaskylda úr sjúkrahúslegutryggingu vegna innlagnar M.
4. Til vara að greiðslur úr sjúkra- og slysatryggingu lækki hlutfallslega miðað við það iðgjald sem hefði verið lagt til grundvallar ef fullnægjandi upplýsingar hefðu legið fyrir við töku tryggingarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V byggi afstöðu sína á því að M hafi gefið rangar upplýsingar við töku sjúkra- og slysatryggingar í janúar 2019, m.a. um geðræn vandamál, áfengisvanda, niðurstöður blóðrannsókna og lyfjanotkun. Í sjúkraskrá komi fram að M hafi á árunum 2014 -2018 glímt við kvíða, þunglyndi og svefnvandamál og notað svefnlyf. Þá hafi hann verið greindur með langvinnan áfengissjúkdóm árið 2016 og verið undir læknismeðferð vegna áfengisneyslu. Einnig liggi fyrir rannsóknir og greining vegna járnofhleðslu árið 2017. Að mati V eru svör M við spurningum á umsókn um sjúkra- og slysatryggingu bersýnilega röng og þess eðlis að þau hafi áhrif á mat félagsins á áhættu. Telur félagið að framangreind brot á upplýsingaskyldu jafngildi sviksamlegri háttsemi í skilningi 84. gr. vsl., en til vara að þau séu svo veruleg að réttlætanlegt sé að bótaréttur falli niður í heild skv. 2. mgr. 83. gr. vsl.

Varðandi sjúkrahúslegutryggingu byggir V á því að hjartastopp M verði rakið til áfengisfráhvarfa. Vísar V til færslna í sjúkraskrá þar sem hjartastoppið er talið tengt áfengissögu M. Vísar V til m-liðar 47. gr.

skilmála tryggingarinnar, þar sem fram kemur að tryggingin bæti ekki sjúkrahúslegu sem stafi beint eða óbeint af áfengisneyslu.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því að hjartastoppið verði rakið til áfengisneyslu. Í sjúkraskrá Landspítala komi fram að orsök hjartastoppsins sé óviss. Engar skýrar niðurstöður liggi fyrir og tekið sé fram að hjartastoppið kunni að hafa orðið vegna takttruflana eða kransæðasjúkdóms. Þá hafi V ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu til staðar milli meintrar vanrækslu M á upplýsingaskyldu og vátryggingaratburðarins. Vísar M til athugasemda í greinargerð með 83. gr. vsl., dóms Landsréttar í máli nr. 24/2020 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 599/2013. Að mati M verði hvorki kvíðaeinkenni né járnofhleðsla tengd hjartastoppi hans með þeim hætti að það hafi áhrif á bótarétt. M hafnar því að um hafi verið að ræða sviksamlega háttsemi í skilningi 84. gr. vsl. og telur jafnframt að V hafi mátt vita um heilsufar hans, þar sem hann veitti heimild til gagnaöflunar við umsókn. V hafi haft fullt tilefni til að kalla eftir nánari upplýsingum.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri sjónarmið ítrekuð og jafnframt mótmælir V að orsök hjartastoppsins sé ósönnuð. Vísar V til sjúkragagna, einkum færslu dags. 4. desember 2024, þar sem fram komi að áfengisneysla og ástand kransæða var talin skýring hjartastoppsins. Hafnar V því að orsakatengsl þurfi að vera milli vátryggingaratburðar og vanrækslu á upplýsingagjöf, enda sé slíkt ekki skilyrt skv. 2. mgr. 83. gr. vsl., þó meta beri það skv. 3. mgr. sama ákvæðis. Mótmælir V því jafnframt að andleg veikindi og járnofhleðsla hafi ekki haft þýðingu við áhættumat. Hafi réttar upplýsingar komið fram við töku tryggingarinnar, hefði V ekki samþykkt trygginguna. Loks hafnar V því að það hafi mátt vita um heilsufar M, enda byggist gagnaöflun við tryggingatöku á svörum umsækjenda. Það að afla sjúkraskrár í öllum tilvikum telst ekki samræmast meðalhófsreglu eða lögum um persónuvernd nr. 90/2018.

Álit.

Samkvæmt 82. gr. laga um vátryggingarsamninga er vátryggingartaka skylt að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem vátryggingafélag leggur fyrir hann við umsókn um vátryggingu og jafnframt að veita að eigin frumkvæði upplýsingar um atvik sem hann veit eða má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna ber vátryggingafélag ekki ábyrgð hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Til þess að um sviksamlega vanrækslu á upplýsingaskyldu sé að ræða þarf V að sýna fram á að M hafi af ásetningi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt sem hann veit eða má vita að hafi þau áhrif að hann fái vátryggingu sem hann hefði ella ekki fengið. Í þessu máli hefur V að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að þau skilyrði séu uppfyllt. Verður því að líta til 2. mgr. 83. gr. sömu laga þar sem fram kemur að hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Ljóst er að M svaraði nokkrum spurningum í vátryggingarumsókn neitandi, m.a. um andlega heilsu, lyfjanotkun, áfengisnotkun og niðurstöður rannsókna, þrátt fyrir að af sjúkraskrá verði ráðið að hann hafi áður verið greindur með kvíða og notað svefnlyf um árabil, gengist undir rannsóknir vegna járnofhleðslu og átt í áfengisvanda sem leitt hafði til ráðlegginga um meðferð. Verður því að telja að M hafi ekki virt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga og hafi vanrækslan verið ekki óveruleg.

Í 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, hve sök vátryggingartaka var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti. Hvað mat á sök M varðar verður að líta til þess að ekki verður annað greint af fyrirliggjandi gögnum en að hann hafi fyrir töku tryggingar þjáðst af þunglyndi, kvíða, svefnvanda og áfengisvanda. Færslur í sjúkraskrá vegna þessa eru nokkrar á tímabilinu frá mars 2014 til október 2018. Umsókn M um sjúkra- og slysatryggingu var undirrituð 24. janúar 2019. Þannig var það eingöngu þremur mánuðum fyrir umsóknina sem M átti í samskiptum við heimilislækni sinn vegna áfengisvandamála og andlegrar líðan. Þó ekki sé sýnt fram á sviksamlega vanrækslu verður að telja sök hans umtalsverða og að neitun hans um að hafa einhvern tímann haft þunglyndi, kvíða, geðsjúkdóma eða önnur vandamál af andlegum toga og neitun um að notkun áfengis og/eða vímuefna hafi verið vandamál hafi verið sett fram gegn betri vitund. Þá svaraði M einnig þeirri spurningu neitandi að hann hafi fengið óeðlilega niðurstöðu blóðrannsókna. Í sjúkraskrá er getið um óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna hvað varðar járnofhleðslu. Verður að ætla að framangreind vanræksla M á að fullnægja upplýsingaskyldu sinni með

réttum hætti hafi haft áhrif á mat V á áhættu sinni, þó ekki liggi fyrir skriflegar verklagsreglur um áhættumat eða annað er sýni fram á hvaða áhrif réttar upplýsingar hefðu haft á skilmála, iðgjöld, eða sölu vátryggingarinnar yfirhöfuð. Skortur á slíkum upplýsingum hefur áhrif við mat nefndarinnar á ábyrgð félagsins skv. 3. mgr. 83. gr. vsl., enda ber V sönnunarbyrði fyrir því hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu.

Fallast verður á með M að tjónsatvikið þ.e. hjartaáfallið hafi ekki verið tengt járnofhleðslu, lyfjanotkun eða andlegum vandamálum M. En í ljósi þess að læknar M hafa velt því upp í fyrirliggjandi gögnum að orsök hjartastoppsins geti hafa tengst óhóflegri áfengisneyslu þ.e. hann hafi fengið hypoxiu vegna áfengiskrampa, er ekki hægt að útiloka að áfengisvandamál M tengist hjartaáfalli hans þann 5. október 2023. Með hliðsjón af því er það mat nefndarinnar að V sé heimild að fella niður ábyrgð sína að hluta. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykir rétt, á grundvelli mats skv. 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga, að takmarka ábyrgð V um helming.

Víkur þá að þeirri ákvörðun M að fella trygginguna niður án fyrirvara á grundvelli 1. mgr. 84. gr. vsl. Slíkt er eingöngu heimilt hafi vátryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi. Líkt og fyrr greinir telur nefndin ósannað að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti. Var V því ekki heimilt að segja sjúkra- og slysatryggingu M upp fyrirvaralaust og ber því að afturkalla þá ákvörðun sína.

Hvað varðar kröfu um bætur úr sjúkrahúslegutryggingu verður ekki annað séð en að tjónsatvik það sem hér um ræðir falli undir gildissvið tryggingarinnar. Ekki verður talið sannað að undanþáguákvæði m-liðar 47. gr. skilmála vátryggingarinnar eigi hér við þ.e. að sjúkrahúslega M hafi stafað beint eða óbeint af áfengisneyslu. Á M því rétt til óskertra bóta úr sjúkrahúslegutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um helming. Fallist er á bótaskyldu úr sjúkrahúslegutryggingu að fullu. Ekki er fallist á að skilyrði hafi verið uppfyllt til að rifta vátryggingarsamningi fyrirvaralaust á grundvelli 1. mgr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 101/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf M dags 14. mars 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V dags. 10. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. apríl 2025.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. apríl 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A er henni var ekið fram úr B á þjóðvegi 1, nánar tiltekið í Lögmannsbrekku við Litlu kaffistofuna, hinn 14. febrúar 2025. Hafi atvikið valdið skemmdum á framrúðu B. Hafi M gefið vel í til að ná skráningarnúmeri A og hafi hann einnig ekið samsíða A og reynt með handahreyfingum að gera ökumanni hennar viðvart um atvikið. En ekki sé víst að ökumaður A hafi áttað sig á því. Enginn vafi sé á því að notkun A, er henni var ekið langt yfir hámarkshraða fram úr B, hafi valdið tjóni á B. Telur M þá frásögn sína, og konu sinnar sem verið hafi farþegi í B, trúverðuga. Þau hafi tilkynnt um tjónið og þá m.a. gefið upp skráningarnúmer A en óumdeilt sé að hún hafi verið á vettvangi. V, sem sé vátryggjandi A, hafi hins vegar hafnað kröfu hans á grundvelli þess að ósannað væri að tjón á B yrði rakið til notkunar A. M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að um hlutlæga ábyrgð samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar sé að ræða. Teljist atvikið ósannað þrátt fyrir vætti ökumanns og farþega í B hljóti sönnun um tjón sem þetta að vera nánast ómöguleg, enda sjái M ekki hvernig frekari sönnunarfærsla geti átt sér stað. Það geti þá varla verið skilyrði bótaskyldu í málum sem þessum að tjónvaldar verði varir við grjótkast, enda séu fæstir ökumenn að horfa aftur fyrir sig eftir grjótkasti. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 224/2000 og Hæstaréttardóms í máli nr. 93/1963 máli sínu til stuðnings. Kemur þá fram í málskoti að telji nefndin ástæðu til skýrslutöku af M og sambýliskonu hans megi koma því við.

Í bréfi V og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að sonur eiganda A hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn og því sé ekki mótmælt að hann hafi verið á umræddum stað á þeim tíma sem um ræði. Eigandi hennar geti þó ekki með neinum hætti staðfest að steinn hafi skotist undan A. Þrátt fyrir að A hafi verið á vettvangi sé algerlega ósannað hvenær tjón varð á framrúðu B, en það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og örsök þess. Sú sönnun hafi ekki tekist, en t.a.m. liggi hvorki fyrir yfirlýsing óhlutdrægs vitnis né myndbandsupptaka af atvikinu. Jafnvel þó sýnt væri að tjón hefði orðið á B á umræddum tíma sé þá alls ósannað að það verði rakið til notkunar A en ekki annarrar bifreiðar enda hafi verið talsverð umferð um svæðið. Sé því ósannað að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M eru gerðar athugasemdir við að V sé í raun að saka M um lygar og tilraun til tryggingasvika og sé aðdróttunum í þá veru harðlega mótmælt. Sé enda fjarstæðukennt að ætla honum og konu hans þann samverknað að aka um með laskaða framrúðu og leita að „fórnarlambi“ sem krefja eigi um bætur vegna þess. Áréttar M þá fyrri röksemdir sínar.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Rétt er að taka fram að munnlegur málflutningur eða skýrslutökur eiga sér ekki stað fyrir nefndinni, heldur gera samþykktir hennar ráð fyrir því að aðilar leggi sjálfir fram eins ítarleg gögn og unnt er til stuðnings málflutningi sínum.

Óumdeilt er að A og B óku eftir Suðurlandsvegi til austurs. M byggir á því að A hafi tekið fram úr B, á miklum hraða og við það hafi steinn skotist undan A og á framrúðu B. Engin frekari gögn, s.s. vitnaframburðir, ljósmyndir eða myndbandsupptökur hafa verið lagðar fyrir nefndina framangreindu til stuðnings. Þrátt fyrir að M hafi, samkvæmt lýsingu hans í málskoti, veitt A eftirför í kjölfar atviksins

verður þá ekki séð að ökumenn hafi átt einhver samskipti um það. Það að A og B hafi verið á sömu leið á sama tíma telst ekki fela í sér nægilega sönnun þess að tjón á B megi rekja til notkunar A, og er þá einnig litið til þess að um fjölfarna leið er að ræða.

Er það því samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A. Verður M á grundvelli almennra sönnunarregla skaðabótaréttar að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 102/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. mars 2025, ásamt ljósmyndum.
2. Bréf V, dags. 9. apríl 2025, ásamt skilmála og öðrum fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. apríl 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 28. apríl 2025.

Málsatvik.
Í gögnum málsins er málavöxtum lýst með þeim hætti að M er eigandi íbúðar að […]. Þann 21. febrúar 2025 tók hann eftir raka í barnaherbergi íbúðar sinnar þegar hann var að fjarlægja gólflista. Fór hann í kjölfarið að fjarlægja flísar af vegg baðherbergis sem liggur að barnaherberginu og komu þá í ljós rakaskemmdir. Tilkynnti M tjónið til V, sem sendi skoðunarmann á staðinn. Niðurstaða skoðunarmanns V var sú að um væri að ræða leka frá sturturými sem er aðliggjandi barnaherberginu og að frágangi sturturýmisins væri augljóslega ábótavant. Bæði var þar átt við frágang á kítti og fúgu milli flísa og uppsetningu á blöndunartæki og niðurfalli. Var mygla farin að myndast í barnaherberginu. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 24. febrúar 2024 á þeim grundvelli að tjón vegna leka sem rekja má til lélegs frágangs í votrými séu undanskilin bótaskyldu úr tryggingunni.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið pípulagningarmann til að yfirfara lagnir og skoða hvort hann sæi einhvern leka og tók sá eftir að skrúfugat var í einni lögninni. Taldi pípulagningarmaðurinn að þetta gæti verið ástæða lekans. Þrátt fyrir að skemmdirnar væru nærri gólfinu, taldi hann að vatn hafi lekið um lögnina í langan tíma og að þetta hafi orsakað þær skemmdir sem sjást á veggnum. Vísar M til ljósmynda af sturturýminu til sönnunar þess að mestu skemmdirnar hafi verið beint fyrir neðan blöndunartækið þar sem gatið var. Ef þrýstingur hafi verið á lögninni í fimm ár, geti það vel orsakað leka og skemmdir.

Af hálfu V er því hafnað að tjónið falli undir bótasvið tryggingarinnar. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að tjónstilkynning hafi borist þann 21. febrúar 2025 og hafi skoðunarmaður verið sendur á vettvang. Við skoðun hafi komið í ljós rakaskemmdir og mygla á vegg milli barnaherbergis og sturturýmis. Taldi skoðunarmaður líklegast að rakinn stafaði frá lélegum frágangi á fúgum og kítti í sturturými, og að um væri að ræða langvarandi raka og rakainnrennsli meðfram veggjum. Vísaði V jafnframt til þess að skrúfan í lögninni hafi ekki valdið skyndilegu gati heldur hafi hún lokað fyrir gatið og vatnsþrýstingur aðeins verið til staðar við notkun handsturtunnar, sem hafi verið takmörkuð. Þá hafi plötur við umrætt skrúfugat verið þurrar, sem bendi ekki til leka frá þeim stað. Byggir V á því að tjónið sé til komið vegna ónógs viðhalds og lélegs frágangs í votrými, sem sé undanskilið bótaskyldu samkvæmt grein 4.1 í skilmálum húseigendatryggingarinnar. Þar komi fram að einungis sé greitt fyrir skyndilegan og óvæntan leka, en tjón vegna leka sem rekja megi til slitna fúga, galla í kítti eða langvarandi raka falli utan bótaskyldu. Þá sé í l-lið sömu greinar kveðið á um undanþágu frá bótaskyldu vegna tjóns sem hlýst af langvarandi raka eða myglu, óháð því hvort lekinn sjálfur teljist bótaskyldur.

Í viðbótarathugasemdum sínum andmælir M því að sprungnar fúgur á vegg inn að eldhúsi, hafi verið ástæða tjónsins enda var veggur á bak við þær fúgur þurr. Þeir sem þekki til viti að þegar vatni er hleypt á handsturtu sé það götuþrýstingur á kalda og heita vatninu sem fari beint í lögnina. Það sé víst þannig að lögn með gati fari að leka og að sá leki aukist eftir því sem tíminn líður. Þar sem lekinn hafi gerst yfir langt tímabil eða síðan blöndunartækin voru sett í notkun, hafi þetta verið margir skammvinnir og skyndilegir lekar. Vatnið hafi lekið niður þar sem það hafi hægt og rólega byggt upp blautt svæði sem síðan hafi smitað út til beggja hliða. Þetta hafi ekki verið stöðugur langvinnur leki. Þetta hafi verið óvæntur leki fyrir M enda hafi verið ómögulegt fyrir nokkurn að vita af þessum leka.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að ósannað sé að rakatjón á vegg barnaherbergis sé að rekja til skrúfugatsins í lögn handsturtuhaussins. Þá hafnar V því að skoðunarmaður hafi eingöngu gert

athugasemdir við fúgur veggjar sem liggur að eldhúsi. Í fyrirliggjandi skoðunarskýrslu komi fram að frágangi var ábótavant víðar í sturturýminu, einnig við barnaherbergið. Þá ítrekar V að frágangi kíttis var einnig ábótavant í rýminu.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón á húseign M falli undir gildissvið fasteignatryggingar M hjá V. Í a-lið greinar 4.1 í vátryggingarskilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum húseignar og á upptök innan veggja hennar. Enn fremur kemur fram í l-lið sömu greinar skilmálans að tryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs, þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.

M ber sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið vátryggingar skv. almennum sönnunarreglum en vátryggingafélag ber hins vegar sönnunarbyrði um að skilyrði til takmörkunar bótaábyrgðar, t.d. skv. undanþáguákvæðum vátryggingarskilmála, eigi við. Af gögnum málsins og frásögn M verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið í þó nokkurn tíma þegar M varð lekans var en umtalsverðar raka- og mygluskemmdir eru vel sýnilegar á fyrirliggjandi myndum í málinu, sbr. einnig skoðunarskýrslu V. Þannig verður að ætla að skemmdirnar stafi ekki af skyndilegum leka úr lögnum húseignarinnar, eins og áskilið er samkvæmt a-lið greinar 4.1 vátryggingarskilmálans. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 103/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 7. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í gögnum málsins er á því byggt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hann sótti leiksýningu hjá X 29. janúar 2023. Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi verið að koma út af sýningu er hann féll um svart svið sem staðsett var á gólfi í skála X. Tekur M fram að umrædd leið frá salnum sé merkt sem flóttaleið yfir í skála. Þá fullyrðir M að enginn litamunur sé á kantinum á sviðinu sem sé með hvassri brún og gólfflísunum í skálanum. Þá hafi lýsingu verið áfátt og troðningur af fólki. Það hafi því verið erfitt fyrir M að sjá misfelluna, þ.e. hæðarmun á gólffletinum og sviði. M byggir á því að aðstæður í umrætt sinn hafi verið hættulegar gestum enda eigi þeir að geta treyst því að þeir geti farið fótgangandi um húsnæði X án þess að því fylgi sérstök hætta. Telur M að X hafi ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir slysahættu, m.a. vegna þessa hæðarmunar sem var á sviðinu og gólffletinum. Vísar M í tiltekin ákvæði í byggingareglugerð nr. 112/2012 og 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 máli sínu til frekari stuðnings. Þessu til viðbótar byggir M á að samkvæmt samþykktum teikningum fyrir fasteign X hafi ekki verið sótt um að setja upp svið á þeim stað þar sem slysið varð. Það hafi því verið gert án leyfis. Með vísan í framangreint telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Í þessu sambandi bendir M einnig á að í skaðabótarétti séu auknar kröfur lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Vísar M í nánar tiltekna dóma Hæstaréttar í þessu sambandi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 4. apríl 2025, er á því byggt að umrætt kvöld hafi sýningarsalurinn verið hálfsetinn og því engin troðningur fyrir hendi þegar gestir yfirgáfu sýningarsalinn. Þá byggir V á því að umrætt svið hafi ekki þrengt að gangvegi um og út úr húsinu auk þess sem lýsing hafi verið fullnægjandi. Telur V að staðsetning og útlit sviðsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið vel sýnilegt og ekki staðið í gönguleið gesta. Því hafi í raun ekki verið um mikla slysahættu að ræða á þeim stað þar sem M slasaðist. Það er því skoðun V að ekki séu uppfyllt skilyrði þess að X geti borið skaðabótaábyrgð á tjóni M, heldur sé hér frekar um óhappatilvik að ræða eða tjón sem rakið verður til aðgæsluleysis M.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 8. maí 2025, er að finna atvikalýsingu sem víkur að nokkru leyti frá þeirri sem er að finna í málskoti. Hér byggir M á því að slysið hafi orðið í hléi á sýningunni er hann var að ganga úr stóra salnum og inn í skálann. Þar hafi verið mikill troðningur og engin leið fyrir sig að sjá sviðið. Þá ítrekar M þau rök sín að umrætt svið hafi verið illa staðsett með tilliti til þess um sé að ræða flóttaleið úr stóra salnum. Einnig ítrekar M að sviðið hafi verið byggð án leyfis og að það hafi verið mjög erfitt að greina það frá gólffletinum.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 15. maí 2025, hafnar félagið því að umrætt svið hafi verið byggt í óleyfi enda hafi ekki verið gerð athugasemd við uppsetningu þess af hálfu viðkomandi sveitarfélags. Þá bendir V aftur á að sviðið hafi ekki verið staðsett í flóttaleiðinni.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar

um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í meðferð dómstóla hafa almennt verið gerðar strangar kröfur til fasteignareigenda sem reka atvinnurekstur en vægari kröfur til þeirra sem nota fasteignir til búsetu.

Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið sjálft atvikaðist þó vissulega sé lýsing M á atvikum ekki alveg sú sama í málskoti og í viðbótarathugasemdum. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem m.a. lúta að aðstæðum á slysstað.

Eins og að framan greinir ber M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Nefndin telur, með vísan í það sem að framan greinir um atvik máls og aðstæður á slysstað í málatilbúnaði aðila, að M hafi ekki tekist sú sönnun. Nefndin telur að fyrirliggjandi gögn sýni ekki fram á að aðstæður á slysstað hafi verið þess eðlis að sérstök hætta stafaði af. Þannig verður ekki séð af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að umrætt svið í skála hafi náð út á það svæði sem merkt er sem flóttaleið á samþykktum teikningum fyrir viðkomandi húsnæði. Því virðist ekki hafa verið erfiðleikum bundið að ganga um eða yfirgefa húsnæðið eftir merktum flóttaleiðum án þess að eiga það á hættu að rekast í sviðið. Þá byggir V m.a. á því að á umræddri sýningu hafi salurinn verið hálfsetinn. M hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja þeirri fullyrðingu. Þessu til viðbótar telur nefndin að gögn málsins sanni ekki að lýsing eða litur á gólfefnum eða sviðinu, hafi skapað aukna slysahættu fyrir þá sem sóttu sýningar hjá X, né að óheimilt hafi verið að setja umrætt svið upp. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að af fyrirliggjandi gögnum verði ekki dregin sú ályktun að tjón M verði rakin til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis sem geti bakað X skaðabótaábyrgð. Því beri að hafna kröfum M í málinu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 104/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í árekstri 13. maí 2022. Byggir M á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni. V sem vátryggði B, sem var í órétti, hafnar því að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn og eigi því ekki bótarétt. Í málskoti kemur fram að M hafi leitað á Heilsugæsluna á slysdegi. Komi fram í fyrirliggjandi læknisvottorði að M hafi þá fundið fyrir verk í hægra herðablaði og átt erfitt með að lyfta hendinni. Þá sé þess einnig getið að næstu daga eftir slysið hafi M versnað í hægri öxl og að mikil eymsli séu yfir herðablaði. Hafi M samtals sótt sjúkraþjálfun í 36 skipti á tímabilinu 13. maí 2022 til 25. febrúar 2025. Í málskoti er einnig upplýst að M hafi lent í öðru umferðarslysi í febrúar 2022 en að þar sem afleiðingar þessara tveggja slysa hafi ekki verið metnar liggi ekki fyrir að hve miklu leyti fyrra slysið hafi haft áhrif á heilsu M.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 15. apríl 2025, er m.a. byggt á því að M hafi ekki tekist að sanna að meiri líkur en minni séu á því að M hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyssins 13. maí 2022. Telur V engin sjúkragögn hafa verið lögð fram sem sýni fram á ný einkenni M eftir áreksturinn 13. maí 2023. Þá bendir V m.a. á máli sínu til stuðnings að M hafi lent í öðru umferðarslysi nokkrum vikum fyrr og verið í virkri sjúkraþjálfunarmeðferð vegna þess slyss er hann lenti í seinna slysinu. Einnig bendir V á að M hafi m.a. lent í þremur slysum á árinu 2022.

Í málskoti byggir M m.a. á að óeðlilegt sé að leggja það á tjónþola í slysum eins og þeim sem M lenti í, að standa einn að allri gangaöflun til að sýna fram á orsakatengsl milli tjónsatburðar og líkamstjóns. Þegar um sé að ræða bótarétt vegna tjóns sem falli undir lögbundnar ökutækjatryggingar, sé rétt að vátryggingafélög standi straum af kostnaði við slíka gagnaöflun, enda sé hún oft nauðsynleg til þess að hægt sé að leggja mat á það hvort skilyrðið um orsakatengsl sé uppfyllt.

Í athugasemdum V er á það bent að þó vissulega geti verið aðstöðumunur á milli vátryggingafélaga og einstaklinga hvað gagnaöflun varðar, þá verði engu að síður að gera þá kröfu til þess sem telur sig hafa orðið fyrir tilteknu tjóni að hann leggi fram sjúkragögn sem sýni fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 15. apríl 2025, er bent á að þegar allra nauðsynlegra gagna hefur verið aflað sé það hlutverk sérfróðra og óháðra matsmanna, ekki V, að meta það hvort orsakatengsl séu á milli slyssins 13. maí 2022 og þeirra afleiðinga sem M býr við í dag. Þá bendir M einnig á að í málinu liggi fyrir skýrsla sjúkraþjálfara þar sem m.a. komi fram það álit að M sé ennþá að kljást við einkenni frá öxl hægra megin og um sé að ræða part af stórri sjúkrasögu en að mati sjúkraþjálfarans sé áverkinn af völdum slyssins 13. maí 2022 sá áverki sem skilji eftir sig mestu einkennin á því svæði. Telur M að V hafi ekki tekist að hnekkja þessu mati sjúkraþjálfarans.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs 13. maí 2022. V lét vinna svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Byggir V á að sú skýrsla sýni að skemmdir á ökutækjunum hafi verið afar litlar og ekki hafi verið um háorkuárekstur að ræða. Nefndin bendir á að ekki verða dregnar víðtækar almennar ályktanir af þeirri skýrslu án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Í málinu liggur m.a. fyrir læknisvottorð, dags. 24. júlí 2024. Þar kemur fram að við samningu vottorðsins vegna afleiðinga bílsslyss sem M lenti í 9. febrúar 2022 fór læknirinn yfir sjúkrakrá M allt aftur til 25. júlí 2008, samtals 145 samskipti við heilsugæsluna. Hins vegar kemur þar fram að læknirinn hafi ekki aðgang að gögnum fá öðrum sjúkrastofnunum eða sjálfstætt stafandi læknum. Þá liggur einnig fyrir sjúkraskrá M vegna tímabilsins 13. maí 2022 til 18. september 2024. Af þessum gögnum má m.a. ráða að fyrir slysið 13. maí 2022 hafi M átt flókna heilsufarssögu. Meðal annars virðist hann fyrir þetta tímamark hafa átt við margvísleg stoðkerfisvandamál að stríða auk sögu um ítrekuð fyrri slys. Jafnvel þó einstaklingar séu með einkenni frá stoðkerfi fyrir slys girðir það eitt ekki fyrir að varanlegt tjón kunni að hafa hlotist af því, með nýjum einkennum eða versnun fyrri einkenna. Hins vegar verða þá fyrirliggjandi gögn að sýna fram á það með skýrum hætti að orsakatengsl séu milli tjónsatviks og nýrra eða versnandi einkenna.

Ekki er fyrirliggjandi heildstætt læknisvottorð, eða mat hæfra og óvilhallra matsmanna, varðandi orsakatengsl á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M býr við í dag. Þá verður ekki að mati nefndarinnar ráðið með vissu af fyrirliggjandi sjúkraskrá að orsakatengsl sé milli árekstursins 13. maí 2022 og þeirra einkenna sem M vill tengja við hann. Fyrirliggjandi greinargerð sjúkraþjálfara verður ekki talin fela í sér sönnun á orsakatengslum hvað þetta varðar.

Á grundvelli framangreinds verður ekki talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni sem rakið verði til umrædds áreksturs. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 105/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Umfang tjóns. Sönnun. Undirtrygging.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. október 2024, var tilkynnt um innbrot í íbúð M hinn 14. október s.á. og að brotist hefði verið inn í þrjár geymslur í sama fjölbýlishúsi. M var erlendis á þessum tíma. Samkvæmt íbúa í húsinu var læsing útihurðar að því ónýt. Samkvæmt vitnum hafði hávaða stafað frá íbúð M klukkan þrjú eða fjögur þá um nóttina og einnig klukkan fimm og eitt vitnanna sagðist hafa mætt tveimur aðilum í stiganum um kl. 7:30 um morguninn. Munir úr íbúð M og geymslunum fundust í bifreið X og húsnæði sem hann hafði til afnota. Í fyrirliggjandi ljósmyndaskjali lögreglu er m.a. að finna ljósmynd af dyrunum að íbúð M og segir við myndina að „Brotnað hafði úr karmi við læsingu að innanverðu. Ekki er að sjá önnur ummerki á hurð. Hurðinni virðist hafa verið þrýst upp með þeim afleiðingum að karmur gaf sig.“ Í skjalinu er að finna fleiri ljósmyndir af íbúð M og bera þær með sér að mikið tjón hafi verið unnið á innanstokksmunum hennar. Í framburði X fyrir lögreglu dags. 15. október 2024, kemur fram að hann hafi farið inn í íbúðina með leyfi M, en þeir væru gamlir vinir. Þá hafi hann tekið innanstokksmuni úr íbúðinni upp í skuld M við sig. Hann hafi farið inn í íbúðina, tekið þá muni sem M hafi sagt sér að taka og svo ekið burt. Íbúð M hafi verið ólæst og ástand hennar skelfilegt, M hafi verið búinn að „stúta“ henni. Skilji X ekki af hverju M sé að „setja sig upp“ með þessum hætti. Þá neitaði X því að hafa farið inn í geymslur í húsinu og hann hafi verið einn heima hjá sér umrædda nótt. Samkvæmt símaframburði M, dags. 15. október 2024, neitaði hann því að hafa heimilað X að fara inn í íbúð sína eða sækja nokkuð þangað og hafi enginn átt að fara í íbúðina meðan M væri erlendis. Þá sagðist M ekki skilja af hverju X hafi gert þetta „þar sem hann hefði talið þá vera vini“. Í skýrslu lögreglu kemur einnig fram að M hafi verið miður sín og hafi sem minnst viljað ræða við lögreglu að svo stöddu.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekki væru ótvíræð merki um innbrot og þess að M hefði veitt V ófullnægjandi upplýsingar. Í málskoti er áréttað að um innbrot hafi verið að ræða jafnvel þó hurðarkarmur hafi aðeins brotnað við læsingu að innanverðu. Þá hafi hann verið í miklu andlegu áfalli við atburðinn og sé V nú að reyna að mistúlka orð hans um að þeir X séu vinir. Þeir séu ekki vinir þó M kannist við hann. Þá gerir M athugasemdir við þjónustu V en samskipti við það hafi verið erfið og löng bið eftir viðbrögðum og svörum þess. Þýfið úr innbrotinu sé þá enn í vörslum lögreglu og hafi M enn ekki fengið neitt af eigum sínum afhentar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að það telji framburð M ótrúverðugan og sé misræmi í honum hvað varði tengsl M og X. Gefi gögn málsins til kynna að M og X hafi verið í samskiptum í aðdraganda atviksins og tilefni til að ætla að um sviðsetningu í þeim tilgangi að svíkja fé úr V hafi verið að ræða. Geti bótaskylda því ekki verið fyrir hendi.

Það sé þá skilyrði fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Engar ljósmyndir liggi fyrir af skemmdum á hurðinni og sé óljóst hvort hún hafi verið brotin upp eða hvort skemmdir á karmi verði raktar til þess að X hafi gengið berserksgang í íbúðinni eða til annarra orsaka. Sé því bótaskylda ekki fyrir hendi. Þar sem ekki séu fyrir hendi augljós merki um innbrot telji V einnig nægilega sannað að X hafi farið inn í íbúðina með leyfi M. Skemmdarverkatryggingarliður innbústryggingarinnar taki þá ekki til tjóns sem valdið er af einstaklingi sem hefur heimild til veru á heimili þess tryggða, þ.e. M. Þar sem gögn málsins beri með sér að X sé vinur M og hafi haft heimild til að vera í íbúð hans sé bótaskylda úr skemmdarverkatryggingarlið því ekki heldur fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur einnig fram að upplýsingar um tjón M séu mjög takmarkaðar. Hafi M ekki lagt fram neinar kaupnótur eða annað sem sýni fram á eignarhald hans eða verðmæti þeirra hluta sem hann telji upp í tjónstilkynningu til V. Komi þá ekki heldur fram hvort umræddir munir hafi verið teknir eða orðið fyrir skemmdum. Hvíli það á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns og hafi það ekki verið gert. Er þá vísað til þess að M hafi þegar verið greiddar 500.000 kr. inn á tjónið og þar sem tjón hans sé að verulegu leyti ósannað liggi ekkert fyrir um að það hafi verið umfram þá fjárhæð.

Er þá tekið fram að umrædd greiðsla hafi átt sér stað áður en V fékk upplýsingar um vinskap M og X og um frásögn X af því að hann hefði haft heimild til að fara í íbúðina. Hefðu þær upplýsingar legið fyrir hefði afstaða V verið önnur og engin greiðsla átt sér stað. Þar sem M hafi ekki upplýst um framangreint telji V að hann hafi mögulega brotið gegn ákvæði 18. gr. almennra skilmála V og 1. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er varði ranga upplýsingagjöf. Umrædd greiðsla feli því að engu leyti í sér viðurkenningu á greiðsluskyldu.

Að endingu kemur fram að M hafi tilgreint verðmæti tjónsmuna samtals að fjárhæð 11.005.000. Hluti innbús hans sé óskemmdur og því ljóst, sé mark tekið á upptalningu M, að innbúsverðmætið sé talsvert umfram 11 milljónir. Vátryggingarfjárhæð samkvæmt vátryggingarskírteini sé hins vegar 6.285.401 kr. Hafi M því, miðað við framangreint, verið verulega undirtryggður og mundi hugsanlegur bótaréttur hans því skerðast í hlutfalli við það.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að engin heimild hafi verið til inngöngu í íbúðina. Fullyrðingar X um það standist enga skoðun og byggi aðeins á ósönnuðum og mótsagnarkenndum yfirlýsingum hans sjálfs, en hvorki gögnum né vitnisburði. Engar sannanir liggi fyrir um að M hafi veitt slíka heimild og annarlegt ástand og háttsemi hans við handtöku dragi enn úr sönnunargildi framburðar hvað það varði. Þá hafi verið augljós merki um innbrot á vettvangi. Það sé þá ósennilegt að um sviðsetningu hafi verið að ræða enda hafi fjölmörg vitni staðfest innbrot í geymslur í húsinu og orðið vör við óeðlilegar mannaferðir. Eigur M hafi þá fundist í vörslum X og verið haldlagðar. M hafi þá aldrei haldið því fram að hann og X væru nánir vinir, heldur hafi verið um að ræða klaufalegt orðalag í fyrstu skýrslutöku sem hann hafi leiðrétt síðar. Réttara sé að segja að þeir séu kunningjar sem hafi af og til hist í bænum. Þá telur M að kröfur V um sönnun á umfangi tjóns séu óraunhæfar. Enn fremur ítrekar M umkvartanir sínar hvað varðar þjónustu V sem hafi veitt takmarkaðar leiðbeiningar eða skýringar og ekki óskað eftir frekari rökstuðningi eða greinargerð áður en bótaskyldu var hafnað. Þá gerir M athugasemdir við aðdróttanir V þess um að hann hafi sviðsett innbrotið eða að öðru leyti gert brotlegur við lög og skilmála.

Álit.

Ágreiningur aðila varðar, svo sem að framan er rakið, ýmis atriði og verður hér reynt að taka afstöðu til hvers og eins þeirra.

Í framburði X fyrir lögreglu, dags. 16. október 2024, kemur fram að hann hafi haft heimild til inngöngu í íbúðina svo og til þess að fjarlægja þaðan muni í eigu M vegna skuldauppgjörs þeirra á milli. Framburð X að þessu leyti verður að skoða í ljósi þeirra aðstæðna sem voru uppi, þ.e. að hann hafði verið handtekinn eftir húsleit lögreglu þar sem lagt var hald á muni sem tilkynntir höfðu verið stolnir. Gegn neitun M verður því ekki talið sýnt að X hafi haft heimild til að fara inn í íbúð hans. Það að M og X þekkist, eða hafi jafnvel verið vinir, felur þá ekki í sér sönnun þess að um sviðsetningu hafi verið að ræða. Verða þá ekki dregnar neinar afdráttarlausar ályktanir af því að M vildi „sem minnst ræða við lögreglu að svo stöddu“ er lögregla hafði samband við hann 15. október 2024.

Í skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V kemur fram að tryggingin bæti tjón vegna innbrots í læsta íbúð. Í skilmálunum segir einnig að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla dags. 22. október 2024, þar sem kemur fram að tilkynnt hafi verið um innbrot í íbúð M svo og geymslu í hans eigu og geymslur í eigu annarra íbúa í húsinu. Í ljósmyndaskýrslu lögreglu segir þá, eins og áður er rakið, m.a. að hurð að íbúð M virðist hafa verið þrýst upp með þeim afleiðingum að karmur gaf sig. Samkvæmt ljósmyndaskýrslu lögreglu voru sambærileg ummerki við læsingar á geymslum í eigu M og annars íbúa. Að mati nefndarinnar er því sýnt fram á að um innbrot hafi verið að ræða og að á vettvangi hafi verið merki um það.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar að um bótaskyldan atburð, þ.e. innbrot, hafi verið að ræða. Samkvæmt því sem fram kemur í bréfi V til nefndarinnar innifelur fjölskyldutrygging M einnig skemmdarverkatryggingu sem bætir tjón vegna skemmdarverka, þ.e. skemmda á tryggðum munum sem

valdið er af ásetningi. Af ljósmyndum af vettvangi virðist sem töluverðar skemmdir hafi verið unnar á innbúi M, og af framburði vitna bárust háreysti úr íbúð hans um nóttina. V vísar til þess að samkvæmt skilmálum skemmdarverkatryggingar bæti vátryggingin ekki tjón sem valdið er af tryggða sjálfum eða einhverjum einstaklingi sem heimild hafi haft til veru á heimili tryggða. Samkvæmt því sem að framan segir um að ósannað sé að X hafi haft heimild til veru á heimili M umrætt sinn telur nefndin þá undantekningu ekki eiga við í þessu tilviki.

Samkvæmt framanrituðu er það mat nefndarinnar að bótaréttur vegna innbrots og skemmdarverka sé sem slíkur fyrir hendi. Á M því rétt á bótum vegna þess tjóns sem sýnt er fram á að hafi orðið.

Það hvílir á M að sýna fram á umfang tjóns síns. Í tjónstilkynningu M til V dags. 17. október 2024, er að finna lista yfir skemmda/stolna muni. Að sögn V er heildarverðmæti munanna sagt um 11 milljónir króna. Ekki er í listanum gerður neinn greinarmunur á því hvort um stolna eða skemmda muni er að ræða.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. október 2025, svo og skýrslu lögreglu um framburð X dags. 16. október 2025, fannst töluvert af eigum M í húsnæði X og virðist lögregla hafa lagt hald á þá muni. Verður því að gera ráð fyrir að M hafi fengið, eða muni fá, þær eigur sínar afhentar að nýju og er því ósannað að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þjófnaðar á þeim. Ekki liggja heldur fyrir frekari upplýsingar um verðmæti þeirra hluta sem taldir eru upp í tjónstilkynningu, né nánari upplýsingar um ástand þeirra, að frátöldum ljósmyndum í lögregluskýrslu.

Verður þá að taka undir með V varðandi það að miðað við tjón að fjárhæð 11 milljónir kr. virðist sem um undirtryggingu sé að ræða, en vátryggingarfjárhæð tryggingarinnar mun vera 6.285.401 kr. Það felur í sér að heildarbætur vegna altjóns á hinum vátryggðu munum geta ekki numið hærri fjárhæð en 6.285.401 kr.

Fyrir liggur að V hefur þegar greitt M bætur að fjárhæð 500.000 kr. Með hliðsjón af þeim vafa sem er uppi um verðmæti hinna skemmdu/stolnu muna sem M mun ekki fá afhenta að nýju frá lögreglu, telst M ekki hafa sýnt fram á það fyrir nefndinni að tjón hans nemi hærri fjárhæð.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta vegna innbrots og skemmdarverka úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Sá réttur takmakast við umfang þess tjóns sem sýnt er fram á að M hafi orðið fyrir svo og hlutfall af vátryggingarfjárhæð samkvæmt vátryggingarskírteini. Ekki er sýnt fram á það fyrir nefndinni að tjón samkvæmt framansögðu nemi hærri fjárhæð en V hefur þegar innt af hendi.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 106/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Umfang tjóns. Fjárhæð bóta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 15. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. maí 2025.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu, dags. 7. september 2024, kemur fram að vegna leka frá ofni í íbúðarhúsnæði M hafi gólfefni, gólflistar, innréttingar , hurðir og hurðarkarmar í svefnherbergi og gangi skemmst. Er tekið fram að líklega hafi lögn sem fæðir ofn gefið sig. Einu sýnilegu skemmdirnar séu á parketi.

Í greinargerð M, dags. 23. febrúar 2025, sem fylgdi með málskoti kemur fram að ágreiningur sé um það hvert umfang framangreinds tjóns sé. Byggir M jafnframt á því að V hafi farið frá hálfkláruðu veki, þ.e. ekki klárað að lagfæra íbúðina og skilið M eftir bjargarlausan. Í greinargerðinni er síðan að finna umfjöllun M um þau verk sem hann telur óunnin og ógreidd af hálfu V. Þá fylgir jafnframt með málskoti ítarleg greinargerð M, dags. 16. mars 2024. Þar er m.a. að finna umfjöllun hans um málsatvik, ágreiningsefni og útistandandi kostnað. Niðurstaða M er sú að ógreidd krafa nemi kr. 2.986.514. Krefst hann þess að V verði gert að greiða þá fjárhæð úr fasteignatryggingu þeirri sem M var með hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 15. apríl 2025, er upplýst að í framhaldi af framangreindri tilkynningu um tjónið hafi verið farið í aðgerðir til að finna uppruna lekans, stöðva hann og hefja viðgerðir. Á meðan á viðgerð stóð hafi svo komið upp ýmis vandamál. Sem dæmi megi nefna að múrarinn sem hafi lokið við að einangra og múra baðherbergisvegginn að innan hafi tekið eftir því að veggurinn þornaði ekki. Hafi þá komið í ljós annar utanaðkomandi vatnsleki. Hafi M þá fengið verktaka á eigin vegum til að dæla efni í sprungurnar við stigann í sameign til að stöðva frekari leka þaðan. Að þeirri viðgerð lokinni hafi verið múrað á ný. V hafi því í raun greitt tvöfalt fyrir þá vinnu, enda hafi verið um viðbótartjón að ræða sem ekki hafi tengst upphaflega tjóninu, þ.e. hinum bótaskylda atburði. Síðan greinir V svo frá að á meðan á síðastgreindu vinnunni stóð hafi múrarinn orðið var við að vatn dropaði á höfuð hans. Telur V að sá leki hafi trúlega stafað frá efri hæð hússins. Hins vegar hafi ekki verið hægt að greina það frekar þar sem M hafi þá verið búinn að segja upp tryggingum sínum hjá V. Þessu til viðbótar byggir V á því að það hafi átt að vera til staðar flísar fyrir baðherbergisgólfið sem M hafi séð um að panta. Þegar múrarinn hafi mætt til að sækja þær hafi þær ekki verið komnar, nokkuð sem leitt hafi til umtalsverðra tafa. Þá byggir V á því að samskipti M og framkoma hans við verktaka hafi verið með þeim hætti að þeir hafi fundið sig knúna til að segja sig alfarið frá verkinu. Í framhaldinu hafi V ákveðið að leysa málið með því að greiða bætur sem dygðu til að mæta útistandandi kostnaði vegna tjónsins. M gæti þá ráðið fagaðila til að vinna verkið og nýtt bæturnar til að greiða þeim. Bendir V á að samkvæmt skilmálum um húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis áskilji félagið sér rétt til að greiða út bætur í stað viðgerðar. Í grein 7.3 komi fram að ef unnt er að gera við það sem skemmdist vegna tjóns þannig að ástand húseignar verði svipað og fyrir tjón og viðgerð borgi sig að mati V geti félagið annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við húseign á kostnað V. Þá sé einnig tekið fram í 7.4. gr. sömu skilmála að ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins geti félagið greitt bætur í peningum.

V bendir á að ágreiningurinn snerti annars vegar eftirstandandi viðgerðarkostnað og hins vegar hve marga mánuði beri að greiða M fyrir afnotamissi húsnæðis. Síðan er í athugasemdum V að finna ítarlega umfjöllun um hvert V telur að umfang tjónsins sé og þær bætur sem M eigi rétt á samkvæmt a-lið greinar 4.1 og c-liðar greinar 4.10 í skilmálum um húseigendatryggingu þá sem M var með hjá V. Telur V sig hafa bætt tjón M að fullu og hann eigi því ekki rétt á frekari bótum úr tryggingunni ef frá eru taldar kr. 6.820 sem V segist munu greiða þegar úrskurður nefndarinnar liggur fyrir.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 1. maí 2025, eru fyrri rök hans ítrekuð og gerðar ýmsar athugasemdir við það sem fram kemur í athugasemdum V, dags. 15. apríl 2025.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 5. maí 2025, er að finna tvær tilteknar athugasemdir við þau rök sem fram koma í framangreindum viðbótarathugasemdum M.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M á rétt á bótum úr húseigendatryggingu vegna tjóns af völdum vatnsleka. Ágreiningur er hins vegar varðandi umfang tjónsins og hvort það sé að fullu bætt eða ekki. V hefur fært ítarleg rök fyrir því að þær bætur sem þegar hafa verið greiddar dugi til þess að bæta tjónið að fullu, ef frá eru taldar kr. 6.820 sem V segist tilbúið til að greiða þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Það er M að sanna að þær bætur sem V hefur greitt og boðist til að greiða dugi ekki til að bæta tjón hans að fullu. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist sú sönnun. Þannig hefur M ekki lagt fyrir nefndina nein þau gögn, sem stafa frá þar til bærum fagaðilum, sem gætu sýnt fram á að bætur þær sem V hefur greitt eða boðist til að greiða dugi ekki til að bæta tjón M að fullu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að auk þeirra bóta sem M hefur þegar fengið greiddar eigi hann rétt á greiðslu á kr. 6.820, sem V hefur boðist til að greiða. Kröfu M um greiðslu á kr. 2.986.514 til viðbótar þeim bótum sem hann hefur þegar fengið greiddar, er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum, úr fasteignatryggingu hjá V en hafa verið boðnar, þ.e. kr. 6.820.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 108/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína í sundlaug í sveitarfélaginu X hinn 10. júlí 2022 þegar hann rann í blautum stiga með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hné. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V á þeim grundvelli að slysið megi rekja til vanrækslu af hálfu vinnuveitanda þar sem tröppurnar hafi verið vanbúnar vegna þess að enginn hálkuborði hafi verið í einu þrepi stigans. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M vísar til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því ríki óvissa um orsök slyssins. X verði því að bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu X. Byggir V á því að hringstiginn, sem slysið varð á, sé samþykkt hönnun og teljist hluti af laugarmannvirkinu. Það sé eðlilegt að bleyta geti verið til staðar á svæðinu vegna eðlis starfseminnar og að því beri starfsmönnum að sýna sérstaka aðgát, meðal annars með því að halda sér í handrið stigans. V mótmælir því að slysið verði rakið til þess að hálkuborða hafi vantað í eitt þrep stigans. Þá liggi ekki fyrir að M hafi tilkynnt um meintan vanbúnað fyrir slysið, né heldur að breytingar hafi verið gerðar á stiganum í kjölfar slyssins. Þá bendir V á að ekki hafi stofnast til tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins samkvæmt 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem slysið hafi ekki verið metið alvarlegt af hálfu vátryggingataka í ljósi þess að fyrsta koma M til læknis eftir slysið var fimm dögum síðar. V telur sönnunarbyrðina hvíla á M og að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Verði heldur að líta svo á að um hafi verið að ræða óhappatilviljun sem X beri ekki ábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í málskoti er því haldið fram að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og því beri X hallann af sönnunarskorti í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt gögnum málsins leitaði M ekki til læknis eftir slysið fyrr en 15. júlí 2022, fimm dögum eftir slysið. Fram að þeim tíma var M í vaktarfríi og því liggur ekkert fyrir um vitneskju yfirmanna hans um óvinnufærni hans strax í kjölfar slyssins. Verður því ekki talið að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins með þeim hætti að það hafi áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði. Fyrir liggur að M, sem var vanur starfsmaður með góða þekkingu á aðstæðum, hafði gengið um stigann mörgum sinnum áður án athugasemda. Hvorki liggur fyrir formleg kvörtun né staðfesting á því að hálkuborði hafi vantað í umrætt þrep áður en slysið varð. Þá hefur M ekki sýnt fram á að aðstæður hafi verið í andstöðu við lög eða reglur sem giltu um aðbúnað á staðnum. Er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 110/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Heiti vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, 29. apríl 2025., ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í bréfi til nefndarinnar, dags. 18. mars 2025, sem fylgdi með málskoti er frá því greint að 23. júlí 2020 hafi M slasast við vinnu sína sem sjómaður um borð í skipi X. Er málsatvikum þannig lýst að M hafi í umrætt sinn verið að lása úr hlera sem hafi legið skakkur. Hafi M fengið hnykk á öxlina þar sem hann hafi þurft að treyja sig óeðlilega langt eftir dauðaleggnum. Þá kemur fram að 16. ágúst hafi M hafi greint yfirmönnum sínum um borð frá atvikinu. Hafi það þá verið skráð í skipsdagbók, en farist hafi fyrir af hálfu X að tilkynna slysið til Sjúkratrygginga Íslands og V.

Í bréfinu er síðan tekið fram að M hafi lent í öðru og alvarlegra vinnuslysi um borð í sama skipi 28. nóvember 2020. Hafi það slys bæði verið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands og V.

M byggir á því að V hafi í júní mánuði 2021 verið send gögn sem einungis hafi varðað slysið 23. júlí 2020. Er í því sambandi bent á að í tölvupósti til V, dags. 21. júní 2021, segir m.a. eftirfarandi: „Þarna er áverki á öxl í júlí 2020, en það er þá sér mál og bótaréttur. Er að biðja útgerð um að senda inn tilkynningu, en ég var kominn með ljósrit úr dagbók.“ Er síðan tekið fram að engin viðbrögð eða athugasemdir vegna framangreinds hafi borist frá V. Gagnaöflun vegna beggja slysanna hafi síðan verið haldið áfram og hafi V verið send matsbeiðni, dags. 24. júní 2022, ásamt gögnum til yfirferðar.

Í málinu liggur m.a. fyrir matsgerð, dags. 20. janúar 2023, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að M hafi orðið fyrir 5 stiga varanlegum miska af völdum slyssins 23. júlí 2020.

M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda úr slysatryggingu sjómanna hjá V. Í framangreindu bréfi til nefndarinnar er að finna ítarleg rök fyrir þeirri kröfu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 29. apríl 2025, kemur i fyrsta lagi fram að félagið telur að meiðsli þau sem M varð fyrir 23. júlí 2020 verði ekki rakin til slyss í skilningi slysatryggingar sjómanna. Færir V ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Í öðru lagi byggir V á því, með vísan í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga að jafnvel þó fallist yrði á að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi tryggingarinnar, þá sé mögulegur bótaréttur hans fallinn niður. Færir V einnig ítarleg rök því til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr m.a. að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir við störf sín 23. júlí 2020 teljist vera af völdum slyss í skilningu slysatryggingar sjómanna hjá V. Í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna er hugtakið slys þannig skilgreint: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“

Með því skilyrði að líkamstjónið verði rakið til utanaðkomandi atburðar er átt við atburð sem felur í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli mátti reikna með miðað við það sem venja er við þær aðstæður sem uppi eru. Í skipsdagbók 16. ágúst 2020 er að finna eftirfarandi atvikalýsingu: „Kl. 23:30 kom [M] og lét vita af því að hann hafi meitt sig lítillega á hægri öxl þann 23. júlí. Var [M] að lása úr hlera. Hleri situr ekki almennilega heldur liggur aftur eftir. [M] þarf að teygja sig mjög langt og við átak fékk hann verk í hægri öxl. Er hann búinn að vera með verk í öxlinni síðan þá. [M] var ekki frá vinnu.“

Þó ekki verði séð að ágreiningur sé um framangreinda lýsingu á atvikinu, telur V engu að síður að ekki sé um bótaskylt atvik að ræða þar sem hér hafi einfaldlega verið um væg álagsmeiðsl að ræða sem ekki verði rakin til utanaðkomandi atburðar í skilningi slysahugtaks slysatryggingar sjómanna.

Nefndin telur að það að M hafi í umrætt sinn þurft að teygja sig mjög langt til að lása úr hleranum, hafi falið í sér frávik frá þeirri atburðarás sem almennt mátti reikna með miðað við það verk sem honum var ætlað að vinna. Því sé um að ræða líkamstjón M af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi framangreinds slysahugtaks og því bótaréttur til staðar úr slysatryggingu sjómanna. Í þessu sambandi bendir nefndin einnig á að V hefur ekki lagt fram nein gögn sem gætu sýnt fram á að tjón M megi rekja til sjúkdóms eða annars innra ástands í líkama hans.

Auk framangreinds ágreinings byggir V á því að jafnvel þó fallist yrði á að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi tryggingarinnar, þá sé mögulegur bótaréttur hans fallinn niður þar sem hvorki hafi verið gerð krafa um bætur til V áður en ár var liðið frá því að M fékk vitneskju um atvik að baki kröfu sinni, né hafi V borist tilkynning um vátryggingaratburðinn með öðrum hætti. Vísað V í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga máli sínu til stuðnings.

Eins og nefnt var í umfjöllun um málsatvik að framan fékk V sendan tölvupóst 21. júní 2021 þar sem m.a. var að finna tilvísun í niðurstöðu úr myndrannsóknum 2020 sem virðist hafa fylgt með tölvupóstinum. Þá kemur einnig fram í tölvupóstinum að M hafi orðið fyrir áverka á öxl í júlí 2020 og að þar sé um að ræða sér mál og bótarétt, eins og það er orðað. Í fyrirliggjandi myndrannsókn, dags. 23. október 2020, kemur m.a. fram að M hafi fengið slink á hægri öxl og háls í júlí 2020. Nefndin telur að við móttöku framangreindra gagna teljist V hafa borist tilkynning um vátryggingaratburðinn sbr. 1. mgr. 124. gr. Nefndin fellst því ekki á þau rök V að hugsanlegur bótaréttur M hafi fallið niður.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna afleiðinga vinnuslyss 23. júlí 2020.

Reykjavík, 10. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 111/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Heiti vátryggingartaka: (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 7. apríl 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst svo að 31. maí 2023 hafi M sem bifvélavirki hjá X verið að vinna við viðgerð á rútu. Hafi hann þurft að vinna boginn við það verk. Þegar hann hafi reynt að komast undan rútunni hafi hann misst jafnvægið á hálu gólfi með þeim afleiðingum að hann hafi rekið mjóbakið skyndilega upp undir stuðara rútunnar. Síðan er byggt á því í málskotinu að tungumálaerfiðleikar hafi leitt til þess að vafi léki á um málsatvik. Hafi það haft áhrif á það hvað skráð er um málsatvik í fyrirliggjandi gögnum, m.a. þeim sem stafa frá heilbrigðisstarfsmönnum. Þannig sé fyrst skráð í þeim gögnum að um hafi verið að ræða óvinnufærni af völdum sjúkdóms en ekki vinnuslyss. Það hafi hins vegar verið leiðrétt 4. október 2023. Byggir M því á að gögn málsins staðfesti að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum vinnuslyss 31. maí 2023. Í því sambandi bendir M einnig á að Sjúkratryggingar hafi fallist á að M hafi orðið fyrir vinnuslysi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 7. apríl 2025, eru færð rök fyrir því að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi í umrætt sinn. Í því sambandi vísar V til þess að ekkert í gögnum málsins staðfesti að M hafi orðið fyrir vinnuslysi heldur sé þar einungis að finna upplýsingar um að M hafi orðið fyrir álagsmeiðslum á bak og öxl sem hafi komið skyndilega en að því virðist án áverka. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á að tjón hans verið rakið til utanaðkomandi atburðar í skilningi slysatryggingar launþega, heldur hafi verið um innri veikleika að ræða. Bendir V einnig á að X kannist ekki við að M hafi lent í umræddu vinnuslysi. Að lokum tekur V fram að það að Sjúkratryggingar hafi fallist á bótarétt M úr slysatryggingum almannatrygginga breyti ekki framangreindu, enda sé þar ekki um að ræða sama slysahugtakið og gildir um slysatryggingu launþega.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir við störf sín 31. maí 2023 teljist vera af völdum slyss í skilningu slysatryggingar launþega hjá V. Í þeim skilmálum sem giltu um tryggginguna er hugtakið slys þannig skilgreint: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“ Það er M að sanna að skilyrði slysahugtaksins séu uppfyllt.

Í gögnum málsins kemur m.a. eftirfarandi fram um hið meinta slys. Ekki verður séð að það liggi fyrir sönnun þess að M hafi tilkynnt X um atburðinn fyrr en 6. júní 2023. Þann dag sendi M tölvupóst til X þar sem hann greindi frá því að hann hafi orðið fyrir slysi og væri á leið til læknis. Í framhaldinu fékk X send fjögur læknisvottorð um óvinnufærni M, dags. 6., 12., 19. og 26. júní 2023. Í öllum þeim vottorðum kom fram að M hafið verið óvinnufær af völdum sjúkdóms. Sömu sögu er að segja í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 26. júní 2023. Þá liggja m.a. einnig fyrir komunótur frá læknavakt, dags. 6., 12., og 19. júní. Í komunótu, dags. 6. júní, segir m.a. undir liðnum Saga-skoðun: „Bjöguð enska. Bakverkir í tengslum við bogur og beygjur í vinnu, ekki treyst sér í vinnu í dag og í gær.“ Í komunótu, dags. 12. júní, segir m.a. undir liðnum Saga-skoðun: „Var hér fyrir viku vegna bakverks.“ Í komunótu, dags. 19. júní, segir m.a. undir liðnum Saga-skoðun: „Verkur í hálshrygg með leiðni i vi. handlegg. Einnig verkur í mjóbaki með leiðni í vi. læri. SL 3 vikur. Vinnur erfiðisvinnu og versnar við vinnu.“ Í sjúkraskrá er eftirfarandi skráð 26. júní 2023: „Bjöguð samskipti vegna samskiptaörðuleika. Erfið enska, rætt við vin hans símleiðis sem tanslator. Þann 06.06.2023 lendir [M] í áverka við vinnu en hann starfar sem bifvélavirki. Leitað endurtekið á Læknavaktina vegna verkja sem byrja skyndilega í baki og vinstri öxl.“

Í fyrirliggjandi læknisvottorðum, dags. 11. júlí , 1. ágúst, 4. október 2023, er hins vegar merkt við að M hafi lent í vinnuslysi 31. maí 2023. Þá er í vottorðinu 4. október sérstaklega tekið fram að M hafi verið óvinnufær af völdum þess vinnuslys. Ekkert kemur hins vegar fram í þessum gögnum hver séu rökin fyrir þeirri breytingu. Í vottorði frá heilsugæslulækni, dags. 13. mars 2024, eru tungumálaerfiðleikar nefndir undir liðnum sjúkrasaga. Er tekið fram að ekki sé ljóst við lestur sjúkraskrár hvort um ákveðið slys sé að ræða.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, með vísan til framangreindra upplýsinga í frumgögnum málsins, að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi 31. maí 2025. Telur nefndin ekki að tungumálaerfiðleikar M geti breytt þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 112/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. mars 2025.
2. Bréf V1 dags. 3. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V1 dags 11. apríl 2025
5. Bréf V2 dags. 16. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. apríl 2025.

Málsatvik.

Hinn 2. febrúar 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M, á Öxnadalsheiði. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu sök skyldi skipt til helminga þar sem ósannað væri um staðsetningu ökutækja í aðdraganda áreksturs. M fellir sig ekki við þau málalok og krefst þess að öll sök á árekstrinum verði felld á ökumann A.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar, kemur fram að aðilar hafi gert sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og hafi þeir báðir hakað við að þeir hafi farið inn á öfugan vegarhelming. Þeirri tjónstilkynningu hafi eigandi A ekki skilað til V1 fyrr en 21. júní 2024. Áður hafi M skilað inn tjónstilkynningu til V2 sem ekki hafi verið í samræmi við tjónstilkynningu ökumanns A, þar sem aðeins hafi verið hakað við að A hafi farið yfir á öfugan vegarhelming. Bakhlið þeirrar tilkynningar sé að hluta til eins og sú sem fylgt hafi tjónstilkynningu sem send var V1, nema hvað því hafi verið bætt við að A hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming. Sú staðhæfing hafi ekki verið á bakhlið þeirrar tjónstilkynningar sem eigandi A hafi sent V1 og bar með sér að vera yfirlýsing M um atvik. Ekki verði fullyrt um ástæður framangreinds misræmis, en svo virðist sem aðilar hafi skrifað undir tjónstilkynningar og svo fyllt þær út hvor í sínu lagi eftir á. Verði því ekki byggt á því að um sameiginlegar framhliðar tjónstilkynninga sé að ræða. Báðir ökumenn saki hinn um að hafa ekið á öfugum vegarhelmingi og gögn málsins beri ekki með sér sönnun um stöðu bifreiðanna í aðdraganda áreksturs. Sé því rétt að skipta sök til helminga.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi skilað inn sínu eintaki af tjónstilkynningu eins fljótt og unnt var. Hann hafi bara skilað inn einu eintaki af bakhlið tjónstilkynningarinnar, þar sem frekari lýsing á málavöxtum komi fram, og sé það eintak undirritað. Önnur eintök og útgáfur tjónstilkynninga séu honum óviðkomandi. Ökumaður A hafi hins vegar ekki sent tjónstilkynningu fyrr en tæpum fimm mánuðum eftir slysið og hafi bakhlið hennar verið undirrituð enn síðar, eða 1. júlí 2024, þ.e. eftir skil hennar til V1. Greinilegt sé að í þeirri útgáfu hafi einhver, annar en M, hakað við að B hafi verið á röngum vegarhelmingi. M sjálfur hefði aldrei skrifað undir slíka staðhæfingu enda sé hún röng. Ökumenn hafi þá í sameiningu fyllt út rétta tjónstilkynningu og sé ófært ef byggt verði á síðari viðbótum ökumanns A við hana. Eftir að M hafi tilkynnt um atvikið til V2 hafi V1 þá lýst þeirri afstöðu að miðað við tjónstilkynninguna sem þá lá fyrir væri B í rétti. Hinn 12. febrúar hafi V1 tilkynnt M að það teldi ökumann A bera ábyrgð á árekstrinum og mundi því bæta tjónið. Ný gögn sem stafi frá ökumanni A hafi því verið of seint fram komin, enda hafi liðið margir mánuðir frá viðurkenningu V1 á bótaskyldu og þar til ný tjónstilkynning barst því. Ökumaður hafi því bæði breytt undirritaðri tjónstilkynningu og eins dregið um marga mánuði að senda hana og engar skýringar á þeirri háttsemi liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum V1 eru áður greindar röksemdir áréttaðar. Er þá vísað til þess að við viðurkenningu á bótaskyldu sé gerður fyrirvari um að V1 áskilji sér að breyta ákvörðun um sakarskiptingu komi ný gögn fram eða komist nefndir eða dómstólar að annarri niðurstöðu um sakarskiptingu.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar er tekið undir ítarlegan rökstuðning í málflutningi M. Sérstakleg er vakin athygli á því að M segist aldrei hafa ekið yfir á öfugan vegarhelming eða of nálægt miðlínu vegar. Ökumaður A viðurkenni hins vegar að hafa farið yfir á öfugan vegarhelming, og með því ekki gætt nægilega að ákvæði 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekki hafi tekist að færa sönnur á að M hafi gert slíkt hið sama. Af framansögðu megi telja sannað að ökumaður A hafi ekið yfir á rangan vegarhelming í aðdraganda áreksturs og sé því rétt að hann beri alla sök á umræddum árekstri.

Álit.

Fyrirliggjandi er framhlið þeirrar tjónstilkynningar sem V1 barst frá ökumanni A. Er hún undirrituð af báðum aðilum. Er hakað við að bæði A og B hafi farið inn á öfugan vegarhelming. Spurningunni „hve margir reitir eru merktir“ er hins vegar ósvarað. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir ökumaður A atvikum svo að mjög blint hafi verið á vettvangi og skyndilega hafi B komið á öfugum vegarhelmingi og ekki náð að sveigja frá A svo árekstur varð. Fyrirliggjandi er einnig framhlið þeirrar tjónstilkynningar sem V2 barst frá ökumanni M. Er hún undirrituð af báðum aðilum. Er hakað við að A hafi farið inn á öfugan vegarhelming en ekki er hakað við neitt vegna ökutækis B. Spurningunni „hve markir reitir eru merktir“ er ósvarað. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsti M atvikum svo „Framhorn A rakst á afturhorn B í slæmu skyggni. A fór yfir á öfugan vegarhelming.“

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki fullyrt um hverju ofangreint misræmi á framhliðum tjónstilkynninga sætir en ljóst er að þær eru ekki eins. Þá virðast báðir ökumenn í sjálfstæðum lýsingum á bakhlið tjónstilkynninga byggja á því að meginorsök árekstursins sé sú að hinn aðilinn hafi ekið eftir röngum vegarhelmingi. Lögregla var ekki kölluð á vettvang, né eru fyrirliggjandi neinar ljósmyndir af vettvangi er gætu auðveldað nefndinni að átta sig á aðdraganda árekstursins.

Eins og mál þetta liggur fyrir treystir nefndin sér því ekki til að fullyrða hver afstaða bifreiðanna hafi verið í aðdraganda áreksturs. Eru því ekki efni til að leggja sök á annan ökumanna umfram hinn.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 113/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V): (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 31. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 7. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
5. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M er eigandi bifreiðarinnar A sem er vátryggð hjá V1. Hinn 6. janúar 2025 skilaði M inn tjónstilkynningu til V1 vegna áreksturs sem varð hinn 12. janúar 2023. Í tjónstilkynningunni kemur fram að ökumaður B hafi beygt inn á akrein hjá A. Svo virðist sem ökumaður B hafi ekki tekið eftir A og hafi hann ekið á fremri hlið hennar. Ökumaður B skilaði ekki sérstakri tjónstilkynningu vegna atviksins, en samkvæmt skýrslu Aðstoðar og öryggis lýsti hann atvikinu svo hinn 11. febrúar 2025 að ökumaður A hafi verið að reyna að troðast fram úr og hafi ekið utan í B.

Í málskoti kemur fram að M telji ökumann B bera alla sök á árekstri aðila. Ökumaður B hafi ekið inn á þá akrein sem A var á. Hafi ökumaður A flautað á ökumann B enda hafi ekki verið nóg pláss fyrir B til að komast inn á akreinina. Hafi ökumaður B hunsað þá viðvörun og ekið yfir á akreinina og utan í A.

Í bréfi V1 er lýst þeirri afstöðu að rétt sé að skipta sök til helminga enda sé ósannað um afstöðu A og B í aðdraganda áreksturs og ekkert í gögnum málsins styðji frásögn annars ökumanna umfram hins.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, kemur fram að félagið hafi hafnað bótarétti sökum sönnunarskorts. Leiða megi líkur að því að árekstur hafi orðið með A og B en óljóst sé um staðsetningu hans og aðdraganda og ökumenn bendi hvor á annan. Ekki hafi því verið sýnt fram á neina sök ökumanns B eða að háttsemi hans hafi leitt til tjónsins. Í ljósi þess, svo og þess að tvö ár liðu frá árekstri og þar til M tilkynnti um hann, verði M að bera hallann af sönnunarskorti um áreksturinn og atvik hans.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til fyrirliggjandi ljósmynda sem sýni hvernig ökumaður B hafi troðið sér inn á akreinina. Ljósmyndirnar staðfesti þá að árekstur hafi átt sér stað á því svæði sem M haldi fram. Ákomur á bifreiðarnar komi þá ekki heim og saman við frásögn ökumanns B af atvikum enda beri þær með sér að B hafi verið ekið á A. Vísar M þá einnig til myndbanda er sýni aðstæður á vettvangi.

Álit.

Nokkuð langt er liðið frá umræddu atviki en þó verður ekki annað séð en að ökumenn séu sammála um að áreksturinn sem slíkur hafi átt sér stað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum sem teknar voru á tjónsdegi má einnig ráða nokkurn veginn hvar umræddur árekstur hafi átt sér stað. Ökumönnum ber hins vegar ekki saman um hvor þeirra reyndi að komast fram fyrir hinn, hvor þeirra hafi ekið beint áfram og hvor hafi skipt um akrein.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir, þ.á.m. ljósmyndum sem M hefur lagt fram og bera það með sér að vera teknar á tjónsdegi, má ráða að skemmdir hafi orðið framarlega á vinstri hlið A og aftarlega á hægri hlið B. Ljósmyndir sem M hefur lagt fram af tjónsvettvangi, en þeim hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, sýna að á vettvangi eru tvær akreinar með sömu akstursstefnu sameinaðar í eina, þannig að umferð af vinstri akrein er beint á hægri akrein. Miðað við lýsingar aðila á atvikum verður að miða við að þeir telji sig báðir hafa ekið eftir hægri akrein þegar ekið hafi verið í veg fyrir þá.

Af ljósmyndum af ákomum á bifreiðunum, en þeim hefur ekki verið hnekkt, verður að telja útilokað að B hafi verið ekið eftir hægri akreininni, og A þeirri vinstri, enda vandséð hvernig staðsetning skemmda á bifreiðunum geti komið heim og saman við það. Er það því mat nefndarinnar að fyrirliggjandi gögn styðji við lýsingu M á atvikum og samræmist því að A hafi í aðdraganda áreksturs verið ekið eftir hægri akrein en B þeirri vinstri. Er það jafnframt álit nefndarinnar að ökumaður B hafi umrætt sinn ekki gætt

nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.

Niðurstaða.
Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 115/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Upplýsingaskylda vátryggðs. Vátryggður veldur vátryggingaratburði.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 7. apríl 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 2. júlí 2025.

Málsatvik.
Fram kemur í málskoti að hinn 11. desember 2023 hafi M lent í umferðarslysi sem varð með þeim hætti að bifreiðin A sem M tók, lenti aftan á annarri bifreið. Í slysinu hafi M orðið fyrir meiðslum. Með bréfi dags. 11. febrúar 2025 hafi V hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda á grundvelli þess að M hafi veitt V rangar upplýsingar m.a. um aðdraganda slyssins og að framburður M hefði tekið verulegum breytingum frá því málið var fyrst tilkynnt til V. Taldi V ljóst að brotið hefði verið gegn 47. og 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er snúa að upplýsingaskyldu vátryggðs. Þá var vísað til þess að grunur væri til staðar um að atvikinu hefði verið valdið af ásetningi í því skyni að fá ranglega greiddar bætur og bæri V því ekki ábyrgð á grundvelli 27. og 89. gr. laganna. Engar frekari upplýsingar hafi borist M og hafi V hafnað því að veita frekari rökstuðning fyrir ákvörðun sinni. Í málinu liggi fyrir tjónstilkynning, afrit af fyrstu komum M á Læknavaktina eftir slysið og til heimilislæknis ásamt sjúkraþjálfunarbeiðni. Ekkert í fyrirliggjandi gögnum bendi til þess að framburður M hafi tekið breytingum frá því málið var fyrst tilkynnt til V. Á grundvelli þess telur M með öllu ósannað að slysinu hafi verið valdið af ásetningi líkt og V heldur fram.

Í tölvupósti V til nefndarinnar dags. 7. apríl 2025 er farið fram á að málinu verði frestað um óákveðinn tíma. Eðli málsins samkvæmt veiti V ekki frekari upplýsingar um málið að svo stöddu. Í viðbótarathugasemdum er því lýst yfir að V muni ekki hlíta úrskurði nefndarinnar verði komist að niðurstöðu um að bótaskylda sé til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum vekur M athygli á því að V hafi hafnað bótaskyldu og hafi M kært þá ákvörðun til nefndarinnar líkt og lög um vátryggingarsamninga geri ráð fyrir. M hljóti því að eiga rétt á úrskurði frá nefndinni vegna málsins.

Álit.
V krefst þess að afgreiðslu þessa máls verði frestað um ótilgreindan tíma en gefur ekki nánari skýringar á þeirri beiðni sinni. Í 8. gr. samþykkta fyrir nefndina frá 17. desember 2021, er að finna heimild til að veita aðilum rýmri frest en þar er getið um innan hæfilegra marka. Í ljósi þess að V veitir takmarkaðar upplýsingar um ástæðu beiðnar sinnar um frest um ótilgreindan tíma, telur nefndin ekki unnt að gefa slíkan frest enda verður nefndin að gæta að málshraða. Verður málið því tekið til efnislegrar afgreiðslu.

Af gögnum málsins liggja fyrir tjónstilkynning, gögn um fyrstu komur M á Læknavakt og til heimilislæknis, ásamt sjúkraþjálfunarbeiðni. Ekkert í þessum gögnum bendir til þess að framburður M hafi tekið breytingum frá fyrstu tilkynningu til V eða að slysinu hafi verið valdið af ásetningi. Engin frekari gögn eða rökstuðningur hafa verið lögð fram af hálfu V til að styðja framangreindar fullyrðingar, þrátt fyrir að M hafi mótmælt þeim og krafist úrskurðar nefndarinnar samkvæmt lögum. Þessum gögnum hefur ekki verið hnekkt og má af þeim ráða að M hafi að minnsta kosti hlotið tímabundnar líkamlegar afleiðingar af umræddum árekstri. Er bótaskylda úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A vegna líkamstjóns M því fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 116/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 6. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur lúti að því hvort að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu sem X er með hjá V, vegna tjóns sem M urðu fyrir í kjölfar vinnu starfsmanna X við húsnæði M. Í málskoti er atvikum nánar lýst með þeim hætti að M hafi 15. janúar 2024 haft samband við X þegar í ljós hafi komið að lagnir meðfram norðvesturhlið húss M hafi legið töluvert ofar er þær áttu að gera. Hafi starfsmenn frá X komið þann sama dag og fært lagnirnar neðar. Síðdegis sama dag, þ.e. eftir að því verki var lokið, hafi M tekið eftir því að það kólnaði hratt í húsinu og daginn eftir hafi allir ofnar verið orðnir kaldir og alveg heitavatnslaust í húsinu. Upplýsa M að þau hafi þá haft samband við pípulagningamann sem hafi komið daginn eftir, þ.e. 19. janúar, og sagt að sía væri full af sandi og að það væri hans mat að það mætti rekja til vinnu starfsmanna X tveimur dögum fyrr. Auk þessa upplýsa M að þau hafi tekið eftir því að snjóbræðslukerfi undir bílaplani og tröppum sem liggja upp að útidýrahurð hússins, hafi ekki virkað eðlilega eftir framkvæmdir X. Sprungur hafi myndast í steyptum tröppunum, sem M telja að bendi til þess að frosið hafi í lögnum í kjölfar heitavatnsleysis. Í málskotinu færa M jafnframt rök fyrir því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X enda hafi þeir ekki farið nægilega gætilega þegar þeir færðu umræddar lagnir né gengið úr skugga um það við lok verksins að umrædd sía væri ekki stífluð og því tryggt að streymi heitavatnsins yrði eðlilegt. Segjast M hafa í framhaldinu haft samband við X og síðan V. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 6. maí 2025, kemur m.a. fram að málsaðilum ber ekki saman um það hvernær starfsmenn X unnu framangreint verk. Vísar V til þess að samkvæmt gögnum frá X hafi verkið verið unnið 9. janúar 2024 en ekki 15. janúar eins og M byggja á. Sé atvikum lýst þannig í gögnum frá X að 9. janúar 2024 hafi X endurnýjað heimæð hitaveitu fyrir húseign M eftir að M hafi tilkynnt um að þau hafi grafið í lögnina við framkvæmdir sínar. Hafi M óskað eftir því að lögnin yrði lækkuð. Á meðan á þeim framkvæmdum hafi staðið hafi starfsmenn X lokað fyrir vatnið að húseigninni svo hægt væri að endurnýja heimæðina. Hafi framkvæmdin gengið vel.

Þá hafnar V því að orsakatengsl geti verið milli tjóns M og framkvæmda X við heimæðina og að ekki sé heldur hægt að rekja tjónið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Bendir V á að hér hvíli sönnunarbyrðin á M. Er í því sambandi tekið fram að X hafni því alfarið að mistök hafi verið gerð af hálfu starfmanna enda hafi þeir farið eftir viðurkenndu verklagi við verkið. Því sé ósannað að mikið magn af sandi hafi borist inn í lagnirnar í framkvæmdinni. Tekur V fram að við endurnýjun heimæðar sé lokað fyrir enda lagna þegar þær séu dregnar í lagnastæði til að varna því að óhreinindi komist inn í lagnir. Starfsmenn X hafi því sýnt aðgæslu við framkvæmdina. Þá tekur V fram að það sé ekki hluti af hefðbundnu verklagi að hreinsa síur í húseignum í kjölfar framkvæmda eins og að framan greinir. Líkt og fram komi í 9. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 hreinsi X síur eftir þörfum. Ef húseigandi hefur samband og kvartar undan lélegum þrýstingi á heita vatninu fer starfsfólk X á staðinn. V bendir einnig á að X hafi upplýst að það sé hluti af eðlilegum rekstri hitaveitu að óhreinindi geti borist með heitu vatni. Það geti t.d. orðið úrfellingar vegna snefilefna í vatninu eða jarðvegur geti dregist með úr borholum. Þá bendir V á að þegar tjón M hafi átt sér stað hafi verið kalt í veðri og því meira álag á hitaveituna vegna aukinnar notkunar á heitu vatni. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var meðalhiti í Reykjavík 14. janúar 2024 -5,3 °C, 15. janúar -5,4°C og 16. janúar -6,4 °C þ.e. töluvert undir frostmarki. V telur því ósannað að óhóflegt magn af sandi hafi komist að síunni í tengslum við það verk sem starfsmenn X unnu og því líklegt að sandur hafi verið til staðar í síunni áður en framkvæmdin hófst. Þá hafnar V því alfarið að umsögn pípulagningameistara geti talist

sönnun þess að óhreinindi á síunni hafi verið eftir framkvæmd X. Ljóst sé að ummæli hans séu til marks um að óhreinindi hafið verið í síunni en ekki hvenær þau hafi borist í hana. V telur því ósannað að orsakatengsl séu milli tjóns M og þess að óhreinindi voru í síu sem aftur hafi ollið hitavatnsleysi í húseigninni um tíma. Í þessu sambandi bendir V aftur á að samkvæmt gögnum frá X hafi verkið verið unnið 9. janúar 2024 og að M byggi á að kólnað hafi í húsinu sama dag og verkið var unnið. Vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands hafi meðalhiti í Reykjavík 9. janúar 2024 verið + 7,4 °C, 10. janúar + 6,5°C og 11. janúar +7,1°C, þ.e. töluvert yfir frostmarki. Telur V því ljóst að ekki hafi frosið í lögnunum á þessu tímabili.

Þessu til viðbótar byggir V á því að þó tjónið yrði rakið til óhreinindanna í síu heitavatnsinntaks húseignarinnar líkt og málskotaaðili heldur fram sé það engu að síður mat V að bótaréttur sé ekki til staðar. Færir V ítarleg rök máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni sem varð í húsnæði M. Byggir M á því að tjónið verði rakið til þess að starfsmenn X færðu til lagnir (heimæð) við húsnæðið og að þær framkvæmdir hafi leitt til þess að heitavatnslaust varð í húsnæðinu og snjóbræðslukerfi í bílaplani hafi hætt að virka, nokkuð sem hafi leitt til frostskemmda. Telur M að orsök þessa hafi verðið sú að við framkvæmdir starfsmanna X hafi sandur komist í inntakssíu. Jafnframt byggja M á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X.

Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að þau hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á og að orsakatengsl séu á milli þeirrar háttsemi og tjóns M.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing pípulagningameistara, dags. 22. október 2024. Þar segir m.a. að þegar hann kom í húsnæði M 17. janúar 2024 hafi inntakssían hjá X verið svo stífluð að ekkert vatn hafi komist þar í gegn fyrr en hann hafði hreinsað síuna. Taldi pípulagningameistarinn að stíflunna megi rekja til vinnu starfsmanna X tveimur dögum fyrr, þ.e. 15. janúar 2024. Tók hann sérstaklega fram að stíflan hafi verið það mikil að ekki væri möguleiki á að hún hafi myndast smám saman eða af eðlilegum ástæðum. Skýringarinnar sé því að leita í því að mikill sandur hafi komist í rörið við vinnu starfsmanna X 15. janúar 2024 sem hafi ollið því að ekkert heitt vatn komst inn í húsið strax frá þeim degi og þar til hann losaði stífuna 17. janúar 2024.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir að framan er ágreiningur um það í málinu hvenær starfsmenn X unnu hið umrædda verk. Á meðan M byggir á því að verkið hafi verið unnið 15. janúar 2024 fullyrðir X að það hafi verið unnið 9. janúar sama ár. Gegn eindreginni neitun X telur nefndin ósannað að umrætt verk hafi verið unnið 15. janúar heldur beri að miða við að það hafi verið unnið 9. janúar 2024, þ.e. sex dögum áður.e Eins og að framan greinir lögðu M fram yfirlýsingu frá pípulagningarmeistara þar sem m.a. kom fram að hann telur að stíflan hafi ekki getað myndast smám saman eða af eðlilegum ástæðum. Af því má að mati nefndarinnar draga þá ályktun að ef rekja hefði mátt stífluna til verks þess sem starfsmenn X unnu 9. janúar, þá hefði heitavatnsleysis átt að verða vart mun fyrr en raunin varð. Nefndin telur því ósannað að orsakatengsl séu milli þess verks sem starfsmenn X unnu 9. janúar og hitavatnsleysis sem varð vart 15. janúar og í framahaldi af því þess tjóns sem M byggja á að rakið verði til heitavatnsleysisins.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um þá málsástæðu M að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Niðurstaðan verður því sú að M eiga ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 117/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. apríl 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. maí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst þannig að 10. janúar 2023 hafi M orðið fyrir slysi við vinnu sína í smiðju hjá X. Hafi hann starfað hjá X við suðu og málmvinnu frá 2019. Honum hafi hins vegar verið sagt upp störfum á meðan hann var óvinnufær í kjölfar slyssins. Í gögnum málsins er m.a. að finna læknisvottorð þar sem M er metinn óvinnufær í fleiri mánuði frá slysdegi. Þá liggur fyrir í málinu matsgerð þar sem varanlegur miski M vegna afleiðinga slyssins er metinn 2 stig.

M upplýsir að tildrög slyssins hafi verið þau að hann hafi verið við suðuvinnu þegar hann hafi tekið eftir því að samstarfsmaður hans hafi átt í erfiðleikum með að stafla málmstöngum saman á gólfi smiðjunnar. Fullyrðir M að vinnuaðstaðan umræddan dag hafi verið sérstaklega hættuleg vegna skorts á öryggisráðstöfunum, slæmrar verkstjórnar og óskipulagðra vinnuferla. Segir M að þar sem engin viðeigandi geymsluaðstaða hafi verið til staðar fyrir málmstangir hafi þeim verið staflað á gólfið í stað þess að vera settar í örugga rekka. Á sama tíma og starfsmenn hafi verið að vinna sína vinnu hafi umræddar stangir jafnframt verið fluttar um vinnurýmið. M fullyrðir að þessi framkvæmd hafi skapað umtalsverða hættu fyrir starfmenn. Þá segir M að þar sem flutningurinn á málstöngunum í umrætt sinn hafi truflað hans vinnu hafi hann stoppað hana og farið að aðstoða vinnufélaga sinn sem hafi átt í erfiðleikum með að stafla málsmstöngunum. Hafi þeir síðan hjálpast að við að stafla stöngum saman á gólfinu. Hafi samstarfsmaðurinn stjórnað talíukrana á meðan M hafi stýrt stöngunum á réttan stað. Slysið hafi síðan orðið með þeim hætti að stjórnandi kranans hafi skyndilega og án viðvörunar slakað um það bil 100 kg. málmstöng niður sem við það hafi fallið af miklum krafti á vinstri hendi M. Hafi hann í framhaldinu leitað á bráðamóttöku þar sem brot á miðhandarbeini vinstri handar M hafi verið staðfest. Hafi hann verið settur í gips.

M byggir á því að slysið megi reka til saknæmrar háttsemi samstarfsfélagans, þ.e. kranastjórans, skorts á skipulagi, verkstjórn og öryggisráðstöfunum, allt atvik sem M telur að hefði mátt fyrirbyggja með réttum vinnubrögðum. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M í 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 þar sem fram komi að atvinnurekanda beri að sjá til þess að vinnustaður sé þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Þá sé jafnframt tekið fram í 37. gr. sömu laga að haga skuli vinnu, meðferð á tækjum og framkvæmd þannig að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Jafnframt vísar M í reglur nr. 367/2006 um notkun tækja. Þessu til viðbótar bendir M á að samkvæmt 21. og 23. gr. framangreindra laga sé verkstjóri fulltrúi vinnuveitanda á vinnustað og beri ábyrgð á því að tryggja fullnægjandi aðbúnað hollustuhætti og öryggi innan þess starfssviðs sem hann stjórnar. Þá sé einnig tekið fram í 2. mgr. 23. gr. að verkstjóri skuli grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir hættu á slysum, verði hann var við aðstæður sem geta leitt til slíkrar hættu, en ljóst sé að sú hafi verið raunin um þær aðstæður sem leiddu til slyss M. M tekur einnig fram að hann hafi aðstoðað samstarfsmann sinn þar sem hann taldi það vera hluta af þeim störfum sem honum bar að sinna sem starfmaður X og að slík aðstoð hefði ekki átt að fela í sér sérstaka hættu nema ranglega væri staðið að verki eins og raunin hafi verið um stjórnanda kranans.

Þessu til viðbótar er í málskoti bent á að í tilkynningum til Vinnueftirlitsins, dags. 16. janúar 2023, og SÍ, dags. 6. desember 2023, komi fram hvernig slysið hafi atvikast. X hafi því frá upphafi haft fulla vitneskju um atburðarásina. Kranastjórinn sem hafi stýrt verkinu hafi einnig haft fulla vitneskju um að M hafi verið að hjálpa honum. Þá sé ekkert í málinu sem bendi til þess að M hafi sjálfur valdið slysinu.

Þá er í bréfi frá lögmanni M til V, dags. 6. desember 2023, vísað til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á slysdegi eins og X hafi borið samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Það hafi leitt til þess að engin rannsókn á slysinu hafi farið fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Byggir M á því að vegna þessa beri að leggja frásögn hans af tildrögum slyssins til grundvallar í málinu, samanber dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Í bréfi V til lögmanns M, dags. 22. mars 2024, og í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 25. apríl 2025, er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M. Telur V ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X, ófullnægjandi vinnuaðstæðna eða þess að verkstjórn hafi verið ábótavant. Bendir V á að M hafi unnið hjá X frá 2019 og hafi því haft töluverða reynslu af því að vinna á umræddu vinnusvæði. Þá sé það óumdeilt að M hafi komið úr öðru verki til að aðstoða kranastjórann. Byggir V jafnframt á því að stjórnandi kranans hafi ekki vitað af M. Hvað seina tilkynningu til Vinnueftirlitsins varðar þá telur V að það eigi ekki að hafa áhrif í málinu enda verði ekki séð að hægt hefði verið að sýna fram á nokkuð annað en það sem liggur fyrir í gögnum málsins þó rannsókn hefði farið fram samdægurs.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags 5. maí 2025, er því mótmælt að M hafi óumbeðinn gripið inn í vinnuferlið. Þá er því jafnframt hafnað að slysið verði rakið til aðgæsluleysis M né að hann hefði átt að gera sér grein fyrir hættunni vegna reynslu sinnar. Þá er því einnig mótmælt að ekki hafi verið þörf á verkstjórn vegna eðlis viðkomandi verks. Að lokum er áréttað að drátturinn sem varð á tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi valdið því að engin rannsókn fór fram. Er þeim rökum V sérstaklega mótmælt að slík rannsókn hefði ekki getað leitt neitt það í ljós sem ekki liggi fyrir í gögnum málsins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því slysið megi rekja til mistaka samstarfsfélagans, þ.e. kranastjórans, skorts á skipulagi, verkstjórn og öryggisráðstöfunum, allt atvik sem M telur að hefði mátt fyrirbyggja með réttum vinnubrögðum. Að framan, undir málsatvik, er að finna nánari umfjöllun um rök M fyrir framangreindu.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Það liggur fyrir að X uppfyllti ekki réttilega framangreinda tilkynningarskyldu og að engin rannsókn fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Nefndin telur að óvinnufærni M í kjölfar slyssins, framangreint brot á tilkynningaskyldu og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki slysið, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og vinnutilhögun snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn, þar með talið að sjá til þess að vitnisburður þess nafngreinda einstaklings sem í tilkynningu X um slysið til V, dags. 24. febrúar 2023, er sagður hafi verið sjónarvottur að slysinu væri lagður fram í málinu, verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann.

Þegar svo háttar til sem að framan greinir og ágreiningur er uppi í máli um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilviki M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls, þar með talið um aðstæður á vinnustað, meintan skort á verkstjórn og hver þáttur kranastjórans var, til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir telur nefndin að þetta leiði til þess að fallast beri á að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðatryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 119/2025
Nafn málskotsaðila: (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Skaðabótaábyrgð. Gáleysi. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

4. Málskot móttekið 26. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
5. Athugasemdir V, dags. 16. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. maí 2025, ásamt fylgiskjölum
7. Viðbótarathugasemdir V, dags. 2. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vegna tjóns í skólahúsnæðinu X 25. nóvember 2024 sem starfsmaður M varð valdur að. Höfnunin byggist á því að þar sem verksamningur væri til staðar milli M og sveitarfélagsins K þá fari um tjónið eftir reglum um skaðabætur innan samninga sem vátryggingin bæti ekki. M telur að afstaða V sé röng.

Fram kemur að málavextir hafi verið þeir að starfsmaður M (A) hafi verið að tengja sprinklerstúta í kerfislofti í nýbyggingu og annar starfsmaður (B) hafi farið í sama verkþátt á öðrum stað í húsinu. A hafi síðan hleypt vatni inn á vatnsúðakerfið til að þrýstiprófa það og horft á þrýstingin rísa á kerfinu. Þá hafi vatn byrjað að fossa út úr stút í vinnunni hjá B og A sér að þrýstingur fellur og fer að skoða kerfið til að ákveða hvað skuli gera þegar B kemur og saman klára þeir að loka fyrir kerfið. Það flæddi töluvert magn vatns um rýmið og umfangi tjónsins er lýst í sér fylgiskjali sem verkfræðistofa gerði.

Í málskoti kemur fram að það sé til staðar verksamningur milli M og K en það þýði ekki að skaðabótaábyrgðin hafi stofnast innan samnings og í raun hafi verksamningurinn ekkert með ábyrgð á því tjóni að gera sem varð vegna mistaka starfsmanna M við framkvæmd verksins. M telur að öll verk í verktöku byggi á samningum milli verktaka og verkkaupa og skipti þar engu máli hvort samningurinn sé gerður skriflega eða munnlega. Tilvist verksamnings breyti engu varðandi réttarstöðu aðila enda sé tjónið ekki vegna brota á samningi eða vanefndum samnings. Útboðsskilmálar séu hluti af verksamningi eins og komi fram í verksamningnum og þar kemur fram að verktaki skuli leggja fram skírteini um frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem hann kunni að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Afstaða V þjóni engan veginn þeim tilgangi sem henni er ætlað að hafa að óbreyttum vátryggingaskilmálum og vandséð hvers vegna M ætti að hafa vátrygginguna ef hún bætir ekki tjón í pípulagningarstarfsemi sem hann vinni fyrir aðra á grundvelli verksamnings. Þá hefði V átt að veita M upplýsingar um vátrygginguna þannig að hún væri í samræmi við þarfir hans og á því formi að hann hefði getað tekið upplýsta ákvörðun.

Í viðbótarathugasemdum M er gerð athugasemd við það sem V heldur fram um að það sé til staðar misræmi um það hvernig tjónið atvikaðist og að það hafi þýðingu við mat á bótaskyldu. M hafi lýst tjóninu með sama hætti frá upphafi en í upphaflegu minnisblaði hafi ekki verið til staðar allar upplýsingar um orsakir leka og það hafi verið leiðrétt með uppfærðu minnisblaði. K sé að vinna að því að taka saman heildarkostnað tjónsins en ágreiningur um bótaskyldu sé hjá úrskurðarnefndinni óháð fjárkröfu. Vegna afstöðu V hafi M fengið G, verkfræðing, til að reikna út vatnsmagn sem hafi komið úr lögninni á þeim tíma og reyndar einnig ef flætt hefði í 3 mínútur, á fullum þrýstingi og miðað við það vatnsmagns sem var í lögninni og það hafi verið mun minna magn en ef stútur hefði gefið sig eins og V haldi fram. Því er mótmælt að verkliðurinn hefi ekki verið unnin í samræmi við verklýsingu. Í verklýsingu komi fram að við þrýstiprófun skuli verktaki kalla eftirlitsmann verkkaupa á vettvang í byrjun og lok prófunarinnar og skuli hann taka kerfið út og samþykkja prófunina. Tölvupóstur staðfesti að svo hafi verið. Þá mótmælir M því að honum hafi verið falin umráð K, að utan eða innan, með því að hafa tekið að sér vinnu við pípulagnir við skólann. K hafi aldrei afhent M umráðin heldur hafi M unnið þar með heimild K á grundvelli verksamnings ásamt öðrum verktökum og iðnaðarmönnum. Þá beri að skýra grein 5.2. skilmála vátryggingar þröngt enda sé um undantekningarreglu að ræða. Vegna

tilvísunar í 5.3. gr. þá telur M ákvæðið ekki eiga við þar sem hann hafi ekki tekið að sér viðgerð heldur sé um nýtt verk að ræða.

Í bréfi V kemur fram að tjónið sem mál þetta fjallar um hafi verið tilkynnt sama dag og í framhaldi af því hafi fulltrúar V farið á vettvang til að fá skýrari mynd af aðstæðum. Engin skýrsla hafi verið gerð um þá vettvangsskoðun. 29. nóvember 2025 hafi V borist minnisblað M vegna atviksins og hafi þá birst misræmi í frásögn M. Í upphaflegri tilkynningu hafi komið fram að leki hafi komið upp í X og svo virst sem sprinkler stútur hafi gefið sig eða sprungið en í minnisblaðinu sé atvikum lýst með þeim hætti að að sprinkler kerfi hafi óvænt gefið sig. Fram kemur hjá V að hlutverk frjálsra ábyrgðartrygginga sé að greiða tjónþola skaðabætur hafi vátryggður bakað sér skaðabótaábyrgð utan samninga og tjónþoli ekki meðsekur eða meðábyrgur. Þá sé V ekki bundið af því að vátryggingartaki viðurkenni skaðabótaábyrgð. V telur misræmi um það í gögnum málsins hvernig tjónið atvikaðist og að minnisblaðið beri með sér að tjónið beri með sér að sprinkler lögn hafi skyndilega gefið sig. Umfang tjónsins bendi enn fremur til þess að langan tíma hafi tekið að skrúfa fyrir lögnina þar sem mikið vatn hafi streymt úr lagnakerfinu áður en skrúfað var fyrir vatnið. Umfang tjónsins og skemmdirnar komi því heim og saman við lýsinguna í minnisblaðinu. Ólíklegt verði að teljast að svo mikið vatnsmagn gæti hafa streymt úr lögnunum ef starfsmaður M hafi staðið við lagnakrana og orðið var við þrýstingsfall á lögninni. V telur því verulegar líkur á því að tjónið hafi orðið vegna skyndilegrar bilunar í lögninni en ekki vegna mistaka af hálfu M. M beri sönnunarbyrði um það hvernig tjónið orsakaðist og verði að bera hallan af því ef vafi leikur á málsatvikum og því hvernig tjónið orsakaðist. Fram kemur í bréfi V að samkvæmt verksamningnum beri M ríkari ábyrgð en almennt leiðir af skaðabótaábyrgð utan samninga og að í útboðslýsingu og verklýsingu sé tekið fram hvernig staðið skuli að þrýstiprófun slökkviúðalagna. Fram komi að M beri ábyrgð á öllum kostnaði sem hljótist af tjóni sem verði á innsteyptum hlutum þegar svo beri undir vegna borunar í þá eða annarra athafna verktaka. Þannig hafi M gengist undir ábyrgð á grundvelli samningsins sem sé víðtækari heldur en almenn skaðabótaábyrgð utan samninga. Lýsing M beri með sér að hann hafi farið á svig við fyrrgreind fyrirmæli verksamningsins um framkvæmd þrýstiprófunar í umrætt sinn og verði tjónsatvikið þ.a.l. með beinum hætti rakið til brota á verksamningnum. Þar sem engin skaðabótakrafa hafi borist V sé ljóst að ekki sé um að ræða skaðabótaskyldu utan samninga að ræða. Þá telur V að ábyrgð þess sé takmörkuð við undanþáguákvæði í 5. Telji verði að sá aðili sem takið að sér „alla lagnavinnu innanhúss“ í nýbyggingu hafi hana í vörslum sínum að innanverðu í skilningi 5.2. gr. skilmálans. Þessu ákvæði til fyllingar sé ákvæði í 5.3. gr. skilmálans þar sem kveðið er á um að trygging taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem hinn tryggði taki að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti. Þar undir fallir allir þeir verkþættir sem lýst sé í samningi milli M og verkkaupa.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að ítarlegri lýsing M sem hafi borist 17. janúar 2025 sé í ósamræmi við það sem fram kom í minnisblaðinu og þá lýsingu sem er í tjónstilkynningu að því leyti sem snýr að háttsemi starfsmanns. Annars vegar segi í tjónstilkynningu að starfsmaður hafi skrúfað tappann úr, það hafi lekið smá og síðan hafi fossað úr lögninni en í viðbótarathugasemdunum segir að þegar starfsmaðurinn hafi byrjað að skrúfa tappann úr kerfinu hafi hann „poppað“ úr. Ekki verði fallist á það með M að ekki hafi legið fyrir allar upplýsingar orsakir lekans við gerð minnisblaðið og V verði að líta á minnisblaðið sem frumgagn málsins þar sem það hafi komið þegar óskað var eftir upplýsingum. Þá bendir V á að ekki séu alltaf skýr mörk milli skaðabótaábyrgðar innan og utan samninga og taka verði mið af efni og eðli samninga þegar mörkin séu skýr. Megineinkenni skaðabótaábyrgðar utan samninga sé að þar sé jafnan ekki réttarsamband milli aðila, heldur stofnist slíkt samband við hina skaðabótaskyldu háttsemi. V bendir á að í verksamningum hafi M tekið að sér skýlausa ábyrgð á tjóni sem verði við framkvæmd verksins og að slík bótaábyrgð sé sérstaklega undanskilin skv. skilmálum vátryggingarinnar í 4. gr. Umrætt tjón verði rakið til þess að starfsmenn M viku frá samningsskyldum sínum við meðferð fasteignarinnar og framkvæmd verksins.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum sem gilda í máli þessu kemur fram í 2. gr. að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem falli á vátryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið sé í skírteini. Þá kemur fram að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé að slys eða skemmdir verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Ágreiningur er í málinu um það hvernig tjón það sem málið fjallar um bar að. Tjónið varð 25. nóvember 2024 og sama dag tilkynnir M um tjónið til V. Í þeirri tilkynningu er greint frá því að tjónið sé að rekja til vinnu tveggja starfsmanna M eins og

greint er frá í málavaxtalýsingu. M fær minnisblað frá Y dags. 29. nóvember 2024 þar sem fram kemur að unnið hafi verið við sprinkler kerfi í skólanum og svo virðist sem sprinkler stútur hafi gefið sig eða sprungið. Síðara minnisblaðið er dags. 17. desember 2024 og þar kemur fram að lekinn hafi átt sér uppstöðu í sprinkler kerfi en aðdraganda lekans ekki lýst frekar. Líta verður svo á að tilkynning M til V sama dag og tjónið varð sé frumgagn um aðdraganda tjónsins. Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu var starfsmaður A að tengja sprinklerstúta í kerfislofti í nýbyggingu og starfsmaður B hafi farið í sama verkþátt á öðrum stað í húsinu. A hafi síðan hleypt vatni inn á vatnsúðakerfið til að þrýstiprófa það og horfi á þrýstingin rísa á kerfinu. Þá hafi vatn byrjað að fossa út úr stút í vinnunni hjá B og A sér að þrýstingur fellur og fer að skoða kerfið til að ákveða hvað skuli gera þegar B kemur og saman klára þeir að loka fyrir kerfið. Það hlýtur að kalla á sérstaka aðgæslu þegar vatni er hleypt á aftur á vatnsúðakerfi í stórri byggingu.. Vanræksla A vegna þessa verður af þeim sökum talið gáleysi af hálfu A þ.e. að hleypa vatni á kerfið án þess að kanna nægjanlega vel hvort mögulega sé opið fyrir kerfið á öðrum stað í húsinu. Með vísan framangreinds og þess að tjónið er að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns M fellur það undir 2. gr. skilmála vátryggingarinnar og er þar af leiðandi bótaskylt, en þó með því fororði að ekki liggur fyrir kröfugerð K og því er ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort einhver hluti tjónsins falli undir undanþáguákvæði skilmála vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á að tjónið sé bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á umfang tjóns og það falli ekki undir undanþáguákvæði skilmála vátryggingarinnar.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 120/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 29. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 31. júlí 2024 hafi M orðið fyrir vinnuslysi er hann var að störfum fyrir fyrirtækið Y, en hann er jafnframt eigandi þess. Var M að mála þakkant, er vindhviða skall á vinnupalli sem hann stóð á þannig að pallurinn þeyttist frá húsinu. Féll M þá af pallinum og fékk hann yfir sig með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkurt líkamstjón. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X, sem leigði Y vinnupallinn, þar sem pallurinn hafi verið vanbúinn og engar leiðbeiningar hafi fylgt honum við leiguna. Pallurinn hafi þannig ekki verið búinn veggfestingum, stuðningsstoðum eða öðrum búnaði sem væri til þess fallinn að tryggja stöðugleika hans, svo sem skylt hafi verið samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum reglugerðar um röraverkpalla nr. 729/2018. Hafi X borið að láta festingar fylgja pallinum, enda hafi hámarkshæð hans verið meiri en heimilt sé án festinga af einhverju tagi. Þegar M tók pallinn á leigu hafi honum ekki verið boðið að leigja stuðningsstoðir eða festingar með pallinum. Þegar M skilaði pallinum hafi starfsmaður X tjáð M að pallurinn hefði þurft að vera búinn höldum eða stuðningshlífum og hafi hann með því viðurkennt vanbúnað pallsins. Vísar M þá einnig til 29. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum framangreindu til stuðnings. X stundi útleigu vinnupalla í atvinnuskyni og verði að gera strangar kröfur til vandaðra vinnubragða þess enda eigi leigutakar að geta treyst því að vinnupallar sem þeir leigi af X séu öruggir í notkun og uppfylli kröfur laga og reglugerða. Hefði vinnupallurinn uppfyllt þær kröfur hefði hann verið mun stöðugri og þar af leiðandi ekki oltið um koll með fyrrgreindum afleiðingum. Er jafnframt byggt á því að engar leiðbeiningar hafi fylgt vinnupallinum, svo sem skylt sé samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1980. Slíkar leiðbeiningar hafi verið nauðsynlegar til að tryggja rétta meðferð pallsins og öryggi notenda hans. Ætla megi að þær hefðu m.a. fjallað um mikilvægi þess að festa pallinn við vegg eða koma fyrir öðrum öryggisbúnaði og hefðu þá gefið M tilefni til að grípa til aðgerða eða jafnvel taka ákvörðun um að nota ekki pallinn. Séu því bein orsakatengsl milli þeirrar vanrækslu X og slyss M. Á grundvelli alls framangreinds sé sýnt að slys M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X og starfsfólks þess og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu vegna slyssins þar sem ekki væri sýnt að X eða starfsfólk þess hefðu sýnt af sér háttsemi sem leitt hefði til slyssins. Samkvæmt X sé pallurinn sem um ræði leigður út í einingum og sjái leigutakar sjálfir um að setja hann saman og stilla honum upp. Hægt sé að leigja álstoðir og sérstakar stuðningsstoðir og séu þær almennt boðnar til leigu, sér í lagi þegar fram komi að til standi að vinna í tiltekinni hæð. Liggi ekki annað fyrir en að svo hafi verið gert í þessu tilviki og að M hafi haft fullt tækifæri til að leigja slíkan búnað. Hafi það verið á ábyrgð M að óska eftir stuðningsstoðum hafi hann talið að aðstæður gerðu kröfu um það. Þá vísar V til leiguskilmála X, sem aðgengilegir séu á heimasíðu þess, en þar komi bæði fram að leigutaka beri að kynna sér ástand búnaðarins svo og að honum beri að kynna sér rétta notkun og meðferð þess búnaðar sem tekinn er á leigu. Í leiguskilmálum X sé þá vísað til reglugerðar um notkun tækja og reglugerðar um röraverkpalla auk laga nr. 46/1980. Sé það því á ábyrgð leigutaka að sýna aðgæslu við meðferð leigðs búnaðar og að tryggja að notkun hans sé í samræmi við lög og reglur. Hafi vinnupallurinn verið í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 og ekkert í gögnum málsins beri með sér að hann hafi verið vanbúinn á einhvern hátt. M hafi þá tvívegis áður tekið sama pall á leigu og ætti hann því að hafa kynnt sér eiginleika hans og útbúnað. Verði að gera þá kröfu til fyrirtækja sem sérhæfi sig í iðnaðarstörfum að þau sýni ábyrgð við notkun búnaðar og gæti þess að hann sé ekki notaður við hættulegar aðstæður. Hafi veður á slysdegi þá verið með þeim hætti að vinna á vinnupalli var verulega varasöm. Það sé á ábyrgð vinnuveitanda að tryggja að vinna geti farið fram með öruggum hætti og þeirri

ábyrgð verði ekki varpað á leigusala búnaðar. Hvað varði skort á leiðbeiningum þá hafi vinnupallar sem þessir verið notaðir um árabil og ættu flestir iðnaðarmenn að vera kunnugir réttri uppsetningu þeirra. Þá séu ítarlegar leiðbeiningar um notkun röraverkpalla aðgengilegar á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Ekki sé hægt að byggja á því að starfsfólk X hafi ekki veitt fullnægjandi leiðbeiningar, enda séu greinargóðar leiðbeiningar í leiguskilmálum og í reglugerð um röraverkpalla. Þá verði að gera þá kröfu til leigutaka að þeir beiti almennri skynsemi við uppsetningu vinnupalla og gæti þess að stöðugleiki þeirra sé tryggður. Samkvæmt framansögðu hafi með engu móti verið sýnt fram á að slys M hafi orsakast af saknæmri og ólögmætri hátt sem X eða starfsfólks þess.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að leiguskilmálar X hafi nokkurt vægi við úrlausn málsins enda byggi krafa M á því að X hafi vanrækt þá lögbundnu og ófrávíkjanlegu skyldu sem leiði af 29. gr. laga nr. 46/1980 um að þeim sem leigir út tæki og búnað til notkunar á vinnustöðum beri að tryggja að búnaðurinn standist kröfur laga og reglugerða og að viðeigandi leiðbeiningar séu veittar um notkun hans. Þess utan hafi Y ekki verið bundið af umræddum leiguskilmálum enda hafi því ekki verið kunnugt um þá við samningsgerð. Fulltrúi Y hafi þá ekki undirritað skilmálana við samningsgerð þrátt fyrir að beinlínis sé gert ráð fyrir því í skilmálunum. Ekki sé heldur vísað til umræddra skilmála í reikningi vegna viðskiptanna né í leigusamningi vegna fyrri viðskipta aðila. M og öðrum starfsmönnum Y hafi þá verið ómögulegt að kynna sér rétta notkun og meðferð vinnupallsins þar sem engar leiðbeiningar hafi fylgt honum við leiguna. Við leiguna hafi M tjáð starfsmanni X hve háan vinnupall hann vildi taka á leigu. Hafi hann á engum tímapunkti verið upplýstur um að nauðsynlegar stoðir og/eða festingar fylgdu ekki og að leigja þyrfti þær sérstaklega. Þá er því hafnað að veðuraðstæður á slysdegi hafi ekki hentað til verksins. Sú staðreynd að mesta vindhviða í Reykjavík þennan dag hafi mælst 21,5 metrar á sekúndu segi ekkert til um aðstæður á vettvangi þegar slysið varð. Er jafnframt bent á það að hefði hæð pallsins verið til samræmis við áskilnað reglugerðar um röraverkpalla eða hann búinn einhvers konar stuðningi hefði ekki komið til slyssins. Það sé ekki skilyrði bótaskyldu að hin bótaskylda háttsemi sé meginorsök tjóns heldur nægi að hún sé meðorsök þess. Er þá áréttað að á X hafi hvílt lögbundin skylda til að láta nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar fylgja með útleigðum búnaði. Hvorki leiguskilmálar X né reglugerð um röraverkpalla, sem þess utan hafi ekki verið afhent, hafi að geyma leiðbeiningar sem uppfylli framangreindan áskilnað.

Álit:

Samkvæmt 2., sbr. 1. og 3. mgr., 29. gr. laga nr. 46/1980 skal sá sem m.a. leigir út búnað sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur láta nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um t.d. uppsetningu og frágang fylgja með þegar umræddur búnaður er afhentur. Af framangreindu má telja ljóst að X bar að láta leiðbeiningar fylgja með pallinum er hann var afhentur Y. Vísan til reglugerðar um röraverkpalla í leiguskilmálum telst ekki uppfylla framangreindan áskilnað, enda felur reglugerðin ekki í sér leiðbeiningar framleiðanda heldur áskilur aðeins að farið skuli að þeim. Ákvæði leiguskilmála X um að leigutaka beri að kynna sér rétta notkun og meðferð þess búnaðar sem hann hefur á leigu uppfyllir heldur ekki framangreindan áskilnað, enda ekki um leiðbeiningar sem slíkar að ræða. Þá getur slíkt ákvæði ekki leyst X sem leigir út m.a. röraverkpalla í atvinnuskyni, undan skýrum lagaáskilnaði um að leiðbeiningar fylgi með við leiguna. Verður þess utan að taka undir með M varðandi það að það er alls óvíst hvort Y hafi verið kynntir títtnefndir skilmálar, en þrátt fyrir áskilnað í skilmálunum þess efnis liggur ekkert fyrir um það að fulltrúi Y hafi kynnt sér skilmálana og samþykkt þá með undirritun sinni. Fellst nefndin á það með M að ætla megi að umræddar leiðbeiningar hefðu m.a. fjallað um stöðugleika umrædds röraverkpalls og nauðsyn festinga væri pallurinn yfir tiltekinni hæð.

Af 1. sbr. 3., mgr. 29. gr. laga nr. 46/1980 leiðir einnig að við leigu á búnaði sem ætlaður er við atvinnurekstur, ber leigusala að tryggja að sá búnaður sem um ræðir sé útbúinn með tilskildum öryggisbúnaði þegar hann er afhentur til notkunar. Verður að telja að festibúnaður röraverkpalls sé slíkur öryggisbúnaður. Þrátt fyrir að umræddur verkpallur sé leigður út í einingum og leigutaki sjái sjálfur um uppsetningu hans verður að ætla að starfsmaður X hafi fengið upplýsingar um hæð þess palls sem Y óskaði eftir að leigja í einingum enda hafi hann útbúið reikning og væntanlega einhvers konar tínsluseðil, þar að lútandi. Þar með hafi borið að tryggja að viðhlítandi öryggisbúnaður fylgdi með við leigu á honum. Ágreiningslaust er að það var ekki gert, og verður staðhæfing V um að ekkert liggi fyrir um annað en að M hafi verið boðinn öryggisbúnaður til leigu, ekki talin leiða til þess að framangreindur áskilnaður teljist uppfylltur. Er þá einnig litið til þess að engin sjálfstæð yfirlýsing X eða einstakra starfsmanna þess liggur fyrir, né neinar skráðar verklagsreglur X um verkferla við útleigu búnaðar. Í

ljósi þeirrar skýru lagaskyldu sem hvílir á X um að tryggja að umræddur búnaður fylgi við leigu verður að telja rétt að X beri hallann af hugsanlegum vafa um sönnun þessa.

Er það álit nefndarinnar að framangreind vanræksla X á því að láta í té leiðbeiningar og tilskildan öryggisbúnað hafi verið meðorsök þess að M varð fyrir líkamstjóni.

Verður þó jafnframt að taka til athugunar hvort háttsemi M sjálfs eigi að leiða til þess að hann beri meðábyrgð vegna líkamstjóns síns. Verður við mat á því að líta til þess að M er eigandi fyrirtækis sem selur iðnaðarþjónustu, m.a. húsamálun, sem ætla má að geti farið fram í töluverðri hæð. Verður þá að telja að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að pallur af þeirri hæð sem um ræðir, en samkvæmt því sem fram kemur í málskoti var hann 6,5 metrar, þyrfti einhvers stuðnings við. Má einnig ætla að í ljósi starfa M megi honum vera kunnugt um ákvæði reglugerðar um röraverkpalla þar sem m.a. kemur fram hver hámarkshæð óstudds röraverkpalls megi vera, en ágreiningslaust er að hæð hins títtnefnda palls var umfram þau mörk. Að mati nefndarinnar er því rétt að M beri helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem nemur helmingi heildartjóns hans.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 121/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 25. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X 28. mars 2021. Tjónið atvikaðist með þeim hætti að M rann á hálu gólfi er hann var á leið með óhreint leirtau inn í eldhús á vinnustaðnum. Féll M harkalega til jarðar með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri öxl og baki. Í málinu liggur fyrir myndband af slysinu. Í kjölfarið fór M heim eftir að hafa tilkynnt vaktstjóra að hann treysti sér ekki til að ljúka vaktinni. Síðan kemur fram í málskotinu að M hafi ekki mætt á næstu tvær vaktir vegna verkja eftir slysið. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits, dags. 13. apríl 2021, kemur m.a. fram að í kjölfar slyssins hafi M tekið tvo veikindadaga en síðan mætt aftur til vinnu 5. og 6. apríl 2021. Hafi hann þá tjáð stöðvarstjóra hjá X hann væri aumur en klár til vinnu. M fór síðan til læknis 7. apríl 2021 sem úrskurðaði hann óvinnufæran að hluta frá slysdegi en að fullu frá 7. apríl en ekki kom fram hve lengi. Það vottorð er dagsett 16. apríl 2021. Þá liggja einnig fyrir læknisvottorð, dags. 20. apríl 2021 og 27. júlí 2021, þar sem M er annars vegar metinn óvinnufær að fullu vegna afleiðinga vinnuslyssins frá 7. apríl til 7. maí 2021 og hins vegar vegna sjúkdóms 4. júní til 27. júlí 2021.

Í málskoti kemur fram að M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins. Er á því byggt að slysið verði rakið til þess að M hafi runnið á olíubletti sem hafi verið á gólfi vinnustaðarins. Hafi sá blettur annað hvort myndast vegna þess að aðrir starfmenn en M hafi skipt um olíu á djúpsteikingarpotti skömmu fyrir slysið eða við uppvask annars starfsmanns. Er á það bent að allt leirtau á vinustaðnum hafi verið þvegið á þeim stað þar sem slysið varð og því ekki ósennilegt að olíubletturinn starfaði af uppvaski. Í því sambandi er vísað til yfirlýsingar vakstjóri þess efnis að sennileg orsök slyssins hafi verið sú venja uppvottamanns að halda á bökkum hangandi niður sem hafi getað leitt til þess að fita af matvælum hafi lekið á gólfið. Er byggt á því í málskotinu að staðreynd málsins sé sú að af hálfu X hafi ekki verið gripið til viðeigandi þrifa, sem hafi skapað hættu fyrir starfsmenn á svæðinu. Þrátt fyrir að hættan hafi verið þekkt hafi ekki af hálfu X verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðstæður eins og þær sem ollu slysinu mynduðust. Í málskoti er einnig bent á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits með fullnægjandi hætti og því liggi ekki fyrir rannsókn á tildrögum þess. Hafi X því brotið gegn 79. sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980. Af því verði X að bera hallann. Þessu til stuðnings er einnig vísað til 13. og 42. gr. sömu laga en þar komi fram að það sé X að sjá til þess að vinnustaðurinn sé þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Einnig telur M að X hafi brotið gegn reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Er á það bent að í 2. mgr. 3. gr. þeirra reglna komi fram að vinnurými skuli skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar eigi að framkvæmda og að allar umferðaleiðir skuli vera greiðar og afmarkaðar. Einnig komi fram í 5. mgr. 6. gr. reglnanna að gera skuli ráðstafanir til þess að draga úr hálku á gólfum þar sem þess gerist þörf. Þá sé einnig tekið fram í 1. mgr. 39. gr. reglnanna að umferðarleiðir skuli útbúa þannig að fótgangendur megi nota þær vandræðalaust með fullu öryggi á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um og þannig að starfsmönnum, sem vinna í grennd við þær stafi ekki hætta af.

Auk framangreinds er í málskotinu bent á að skv. 65. gr. laga nr. 46/1980 beri X ábyrg á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Er á því byggt að með slíku hættumati hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Er vísað í tilgreinda dóma í þessu samhengi. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M einnig til meginreglu skaðabótaréttar um bótaábyrgð vegna nafnlausra mistaka. Loks ítrekar M að X hafi ekki séð til þess að tildrög slyssins hafi verið rannsökuð með fullnægjandi hætti.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 25. apríl 2025, er framagreindum rökum M hafnað og á því byggt að X beri ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins. Máli sínu til stuðnings bendir V m.a. á að slysið hafi átt sér stað á sunnudegi en það sé vinnuregla hjá X að skipa um olíu í djúpsteikingarpotti á föstudögum. V telur því ljóst ekki hafi nýlega verið búið að skipt um olíu er slysið varð. Þá telur V með öllu ósannað að á gólfinu hafi verið olía eða vatn enda hafi ekki borist neinar áendingar eða kvartanir um að þrifin hafi verið ófullnægjandi. Einnig vísar V í vitnisburð starfsmanns X þess efnis að hann hafi ekki séð neina bleytu á gólfinu er hann skoðaði myndbandið. Bendir V á að ætla megi að bleyta eða fita geti almennt lent á gólfi í eldhúsi og jafnvel þótt sýnt væri fram á að bleyta hafi verð á gólfinu hafi ekki verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vitað af því. Það sé því í raun ekkert í málinu sem bendi til sakar sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Varðandi tilkynningu til Vinnueftirlitsins bendir V á að það liggi fyrir myndbandsupptaka og vitnisburður starfmanns X. Málsatvik séu því upplýst. Því skipti í raun ekki máli hvenær slysið hafi verið tilkynnt Vinnueftirlitinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“

Eins og gerð hefur verið grein fyrir að framan fór M ekki til læknis fyrr en 7. apríl 2021. Eftir þá heimsókn liggja því fyrst fyrir upplýsingar þess efnis að M hafi orðið óvinnufær af völdum slyssins 28. mars sama ár. Þá hefur einnig komið fram að þegar M kom aftur til vinnu 5. og 6. apríl 2021 hafi hann upplýst stöðvarstjóra hjá X um að hann væri aumur en klár til vinnu.

Nefndin telur því, með vísan í framangreind ákvæði laga nr. 46/1980, að X hafi ekki borið skylda til að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið fyrr en eftir læknisheimsókn M 7. apríl 2021. Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu 13. apríl 2021. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður X því ekki látin bera halla af skorti á sönnun um atvik máls heldur gilda um það almennar sönnunareglur skaðabótaréttar. Nefndin telur það leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 122/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 22. apríl 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1 dags. 21. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. júní 2025.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er tjónstilkynning M til V1, þar sem fram kemur að hinn 30. nóvember 2024, hafi hann ekið A í austurátt eftir bifreiðastæði við verslun. Vörubifreiðin B hafi verið kyrrstæð og hafi lestun hennar verið nýlokið. Þegar A hafi beygt til hægri fram hjá B hafi ökumaður B lyft vörupalli hennar upp og hafi A rekist á pallinn. M telji að B hafi ekki mátt leggja á þessum stað og stöðva alla umferð. Atvikið sé því alfarið á ábyrgð ökumanns B og gildi um háttsemi hans sömu sjónarmið og þegar hurð á bifreið sé opnuð út í umferð. Lýsing ökumanns B í tjónstilkynningu til V2 er á þann veg að hann hafi verið á bifreiðastæðinu með opna lyftu þegar A kom að og ók á horn á lyftublaði með vinstra horni. Ökumaður A hafi tekið víða beygju til hægri.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst, á grundvelli ofangreindra gagna, að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla ábyrgð á umræddu atviki þar sem hann hefði ekið á B kyrrstæða.

M fellir sig ekki við þau málalok og gerir í málskoti kröfu um að öll sök verði lögð á ökumann B, enda hafi ekki verið hægt að átta sig á því að vörulyftan var í notkun og afferming á þessum stað hafi verið mjög óeðlileg, B hafi verið lagt á miðju bifreiðastæði en ekki svæði sem hugsað sé til affermingar. Þá hafi lyftunni á B verið lyft mjög skyndilega þegar A var ekið fram hjá. Ljóst sé að tjón á A verði rakið til háttsemi ökumanns B og skipti engu máli í því samhengi að B hafi verið kyrrstæð.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, segi að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþægindum og hið sama eigi m.a. við þegar um fermingu og affermingu sé að ræða. Ljóst sé að ökumaður B hafi verið að afferma bifreið sína er árekstur varð. Til að afferma bifreiðina á þeim stað sem um ræði sé, út frá mælingum af vettvangi, ljóst að vörulyfta B hafi skagað út frá bifreiðinni og inn á akstursleið um bifreiðastæðið. Hafi vörulyftan verið í láréttri stöðu og þannig skapað mikla hættu fyrir umferð um svæðið. Telji V1 því að rétt sé að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að ágreiningur aðila hverfist um það hvort vörulyftari á B hafi hreyfst í aðdraganda áeksturs og þannig orsakað hann eða hvort árekstur sé að rekja til þess að A hafi verið ekið á vörulyftu B þar sem hún var kyrrstæð. Staðhæfing M um hina fyrrnefndu atburðarás sé einhliða og ekki studd neinum gögnum. Þó vörulyfta B hefði verið á hreyfingu sé þá jafnframt ósannað að það hefði einhver áhrif í málinu enda hafi M séð að vörulyftan lá niðri í aðdraganda áreksturs. Þá sé ósannað að ökumaður B hafi gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 5. mgr., umferðarlaga með því að leggja bifreiðinni á umræddum stað og hafa vörulyftu hennar úti. Rík aðgæsluskylda hvíli á ökumönnum um að gæta að annarri umferð, sér í lagi á bifreiðastæðum og hafi M ekki sýnt nægja aðgát umrætt sinn. Telji V2 því að M beri alla sök á árekstri aðila.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að vörulyfta B hafi verið á hreyfingu þegar A ók á hana. Eru þá færð rök fyrir því að B hafi verið í notkun þegar atvikið átti sér stað, enda hafi vörulyfta hennar verið í hækkaðri og láréttri stöðu. Það hafi orsakað tjónið og sé því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B fyrir hendi á grundvelli 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Verði ekki fallist á það sé byggt á því að ökumaður B hafi sýnt af sér sök og vanrækslu með því að skilja vörulyftuna eftir í þeirri stöðu sem hún var, þ.e. í láréttri stöðu í nokkurri hæð frá jörðu. Þá hafi B verið lagt við gangstéttareyju sem var styttri en bifreiðin og hafi vörubifreiðin skagað fram fyrir hana um 1,8 metra. Hafi það skapað mikla hættu fyrir aðra umferð.

Álit.

Meðal gagna málsins er að finna ljósmyndir af vettvangi, svo og upplýsingar um lengd B. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu B að hún hafi verið kyrrstæð við umferðareyju, þ.e. ekki í stöðureit heldur á akstursleið um bifreiðastæðið. Því hefur heldur ekki verið mótmælt að B sé nokkuð lengri en umrædd umferðareyja og má því ganga út frá því að hún hafi skagað töluvert inn á akstursleið að stöðureitum á bifreiðastæðinu. Við þær aðstæður bar ökumanni B að sýna sérstaka aðgát og er það mat nefndarinnar að hann hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. og 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga. Þar kemur fram að eigi megi stöðva eða leggja ökutæki þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum og að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Að mati nefndarinnar skiptir ekki máli í því samhengi hvort vörulyfta B hafi verið á hreyfingu eður ei enda hafi staðsetning B og opin vörulyfta hennar skapað hættu fyrir aðra umferð.

Hins vegar er það einnig mat nefndarinnar að ökumaður A hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast við aksturinn og telst hann því eiga nokkra sök á árekstrinum.

Samkvæmt framangreindu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna A og B.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 123/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2025 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 11. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, aðfaranótt 27. febrúar 2024, er hann var skipverji á skipinu Y sem gert er út af X, orðið fyrir slysi. Y hafi legið við bryggju í Vestmannaeyjum vegna vonskuveðurs en fyrirhugað hafi verið að það sigldi kvöldið eftir. Hafi M farið inn í bæinn en snúið aftur um borð ásamt öðrum manni um kl. 2 um nóttina. Hafi M gengið upp landganginn á undan samferðamanni sínum en við enda landgangsins hafi M stigið á stiga eða pall á þilfari skipsins. Hafi M upphaflega haldið sér í handrið pallsins en síðar sleppt því, fyrst til að hagræða yfirhöfn sinni en svo til að taka við flík sem hinn maðurinn rétti honum. Töluverður vindur hafi verið á vettvangi og á fyrirliggjandi myndbandi af atvikinu megi sjá að Y var á nokkurri hreyfingu, og borðstokkurinn hafi greinilega tekið dýfu. Er borðstokkurinn byrjaði að rísa að nýju, en þá hafi Y einnig hreyfst nokkuð frá bryggjunni, hafi M misst jafnvægið og fallið í sjóinn milli skips og bryggju. Hafi hann hlotið útbreidda áverka við fallið. V hafi, með bréfi dags. 2. október 2024, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna. Röksemdir V, sem komi til skoðunar fyrir nefndinni, séu þær að ekki væri sýnt fram á að utanaðkomandi atburður hefði orsakað tjón M, þ.e. að tjónsatvikið félli ekki undir skilgreiningu slysahugtaks vátryggingarréttar. Þá hafi V byggt á því að M hefði sýnt af sér vítavert gáleysi með því að ganga ölvaður um borð og skyldi bótaréttur hans því falla niður með vísan til lokamálsliðar 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. M byggir á því að fyrirliggjandi myndband sýni svo ekki verði um villst að hreyfing Y, ásamt veðuraðstæðum, hafi orsakað það að M missti jafnvægið og féll fyrir borð. Sé því sannarlega um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð í skilningi slysahugtaksins. Dómar Hæstaréttar séu þá afdráttarlausir um það að fall sem orsakar meiðsli teljist vera utanaðkomandi atburður nema sýnt sé fram á að það sé að rekja til sjúkdóms eða annars innra ástands tjónþola. Þá liggi ekkert fyrir um það að ölvunarástand M hafi orsakað slysið en sönnunarbyrði þess hvíli á V. Óumdeilt sé að M hafi neytt áfengis um kvöldið en ekkert sé upplýst um magn þess eða áhrif. Bendi læknisfræðileg gögn þá ekki til þess að M hafi verið ofurölvi. Telji M samkvæmt framansögðu að bótaskylda úr slysatryggingu sjómanna X hjá V sé fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að með hugtakinu „slys“ sé átt við „skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“ M beri sönnunarbyrði þess að framangreind skilyrði séu uppfyllt og vísar V í því samhengi til dóma Landsréttar í málum nr. 403/2023 og 752/2022. Sé afstaða V sú að ekki hafi verið sýnt fram á að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Þvert á móti beri gögn málsins með sér að ekkert skyndilegt hafi átt sér stað í aðdraganda slyssins. Af fyrirliggjandi myndbandi megi ráða að Y hafi verið á venjulegri og eðlilegri hreyfingu eins og öll skip sem liggi við bryggju og eigi þeim sem ganga um skip að vera kunnugt um slíkar hreyfingar. Ekkert skyndilegt, óvenjulegt eða óvænt hafi átt sér stað. Vísar V þá til dóms Hæstaréttar í máli 37/20025 framangreindu til stuðnings. Telji V að slys M verði einvörðungu rakið til ölvunarástands hans. Komist nefndin eftir sem áður að þeirri niðurstöðu að umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar sé það afstaða V að fella skuli bótarétt niður að fullu þar sem M hafi sýnt af sér vítavert gáleysi sem leitt hafi til slyssins, sbr. 1. gr. 172. gr. siglingalaga, sbr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga og 26 gr. almennra skilmála V. M hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hann tók sjálfur ákvörðun um að ganga um borð í Y. M hafi mátt vita að það eitt og sér að ganga um borð í skip sem er á hreyfingu sé varasamt og að mikil hætta hafi stafað af því með hliðsjón af ástandi hans. Þar sem óumdeilt sé að M hafi verið undir áhrifum beri M sönnunarbyrði þess að ölvun hans hafi verið minni en svo að rétt sé að fella niður bætur

til hans. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 263/2006 því til stuðnings. Samkvæmt öllu framangreindu sé bótaréttur úr slysatryggingu sjómanna ekki fyrir hendi.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins er óumdeilt, og má jafnframt sjá það af fyrirliggjandi myndbandi, að M féll af stiga eða palli sem hann stóð á innan borðstokks og féll í sjóinn milli skips og bryggju. Af fyrirliggjandi myndbandi má jafnframt sjá að nokkuð vindasamt var á vettvangi, en það má m.a. greina af því að yfirhöfn M fýkur til, og að skipið var einhverri hreyfingu. Ljóst er að M missti jafnvægið þó orsakir þess séu ekki að fullu upplýstar.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í 3. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans.

V vísar til tveggja dóma Landsréttar, í málum nr. 403/2023 og 752/2022, því til til stuðnings að sönnunarbyrði um framangreint hvíli á M. Er það til samræmis við almennar sönnunarreglur en rétt er að taka fram að í þeim málum voru atvik nokkuð frábrugðin því sem hér um ræðir, en í hvorugu tilvikanna var um fall að ræða. Í báðum tilvikum bentu atvik þá til þess að einkenni tjónþola stöfuðu af innri verkan við áreynslu sem var tengd því að lyfta byrði.

Af dómum Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. í málum nr. 412/2011 og 128/2013, má hins vegar ráða að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, og verður án vilja vátryggðs, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála.

Af framangreindum dómum Hæstaréttar leiðir að það er V sem ber sönnunarbyrði þess að fall M hinn 27. febrúar 2024 sé að rekja til innra ástands hans, þ.á.m. ölvunar, fremur en utanaðkomandi atvika. Þó framangreind afstaða Hæstaréttar virðist fela í sér nokkurt frávik frá því sem almennt á við um sönnun þess að skilyrði slysahugtaksins séu uppfyllt er það mat nefndarinnar að framangreind fordæmi séu skýrt hvað þetta varðar, og hefur verið byggt á þeim við úrlausnir hennar þegar um fall er að ræða. Má þar nefna mál nr. 235/2012, 428/2019, 289/2000, 438/2021 og 23/2025 fyrir nefndinni. Verður þá samkvæmt framangreindu ekki séð að horfið hafi verið frá fyrrgreindum fordæmum Hæstaréttar í dómaframkvæmd þegar um fall er að ræða og standi þau því óhögguð.

Samkvæmt framansögðu telst fall slys í framangreindum skilningi nema sýnt sé fram á að tjónþoli hafi af vilja látið sig falla eða að fallið verði með einhverju móti rakið til sjúkleika hans eða annars innra ástands. V byggir á því að fall M verði að fullu rakið til ölvunarástands hans. Fyrir liggur að M hafði neytt áfengis um kvöldið, en ekki verður séð að neinar mælingar á áfengismagni í blóði hans hafi farið fram. Í læknisfræðilegum gögnum segir „áfengisneysla í kvöld fyrir slysið þannig að þarf að hafa það í huga“. Ekkert kemur hins vegar fram um að M hafi verið undir áberandi ölvunaráhrifum, og verður það ekki ráðið af fyrirliggjandi myndbandi að hreyfingar hans hafi verið með þeim hætti að leitt hafi til slyssins. Rétt er að geta þess að samkvæmt tjónstilkynningu X til V dags. 16. september 2024 var atvikið tilkynnt til lögreglu, en skýrsla hennar liggur ekki fyrir nefndinni. Liggur því ekki fyrir hver ölvunaráhrif M voru. Að sama skapi hefur V þá ekki sýnt fram á að M hafi, í skilningi 1. mgr. 172. gr. siglingalaga, sýnt af sér vítavert gáleysi sem leitt hafi til slyssins þannig að heimilt sé að lækka eða fella niður fébætur til hans.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar að fall M teljist skyndilegur og utanaðkomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmálanna, enda hafi ekki verið sýnt fram á annað. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að heimilt sé að skerða bætur til hans á grundvelli vítaverðs gáleysis en V ber hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmunur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 125/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 11. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Hinn 6. desember 2024, varð árekstur milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og tryggð hjá V2, og B, sem er tryggð hjá V1, á Stórhöfða í Reykjavík. Í fyrirliggjandi skýrslu AÖ er eftirfarandi haft eftir ökumanni A: „Ég ók eftir götunni (Stórhöfði til vesturs) og ætlaði að beygja til vinstri (inn að Stórhöfða 34-40) … Þegar ég var að nálgast gatnamótin þar sem ég ætlaði að beygja til vinstri gaf ég stefnuljós til vinstri. Ég gaf stefnuljós til vinstri mjög tímalega áður en ég ætlaði að beygja. Þegar ég kom svo að gatnamótunum og beygði til vinstri þá allt í einu var hinum bílnum ekið vinstra megin við bílinn minn. Hinn bíllinn kom á töluverðum hraða að mér fannst.“ Í skýrslunni er eftirfarandi lýsing höfð eftir ökumanni B: „Ég ók á eftir hinum bílnum. Hinn bíllinn var stöðvaður fyrir framan mig á götunni. Ég stoppaði þá fyrir aftan hinn bílinn. Ég sá engin stefnuljós til vinstri á hinum bílnum. Ég hélt því að bílstjórinn á hinum bílnum ætlaði bara að stoppa og vera kyrr. Ég beygði því til vinstri og ætlaði að aka fram hjá hinum bílnum. Þegar ég ók fram hjá hinum bílnum þá allt í einum var hinum bílnum beygt til vinstri og utan í bílinn minn…. Ég vil taka það sérstaklega fram að hinn bíllinn var stöðvaður á götunni með engin stefnuljós til vinstri þegar ég ók fram hjá hinum bílnum.“ Af framangreindu má sjá að lýsing ökumanna á aðdraganda árekstursins og á árekstrinum er ólík. Nánar verður fjallað um atvik máls undir álit hér á eftir.

Í málskoti kemur fram að M telur að ökumaður B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum. Færir M rök máli sínu til stuðnings.

Í málinu liggur fyrir eftirfarandi niðurstaða tjónanefndar: „Áreksturinn náðist á upptöku úr öryggismyndavél. Sést þar hvar bifreiðunum var ekið eftir Stórhöfða og er ökumaður bifreiðarinnar [A] beygði til vinstri var bifreiðinni [B] ekið vinstra megin fram úr og áreksturinn varð. Á myndbandinu má sjá hvar stefnuljós logaði til vinstri á bifreiðinni [A]. Af gögnum málsins virtum verður sök skipt þannig að ökumaður bifreiðarinnar [A] ber 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki að umferð að aftan er hann ók í vinstri beygju. Ökumaður bifreiðarinnar [B] ber 2/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur.“

Í athugasemdum frá V1, dags. 11. apríl 2025, kemur fram að félagið gerir aðallega þá kröfu að A verði látinn bera 2/3 hluta sakar og B 1/3. Til vara er þess krafist að niðurstaða Tjónanefndar verði staðfest og til þrautavara, m.a. með vísan í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga, er þess krafist að sök verði skipt til helminga milli A og B. Færir V1 ítarleg rök til stuðnings aðalkröfu sinni. Er þar m.a. vísað í 19. og 23.-24. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 auk nokkurra tilgreindra úrskurða nefndarinnar. Byggir V1 m.a. á því að það sé með öllu óljóst að ökumaður A hafi gefið stefnumerki áður en framúrakstur B hófst og jafnvel þó það teljist sannað losi það ekki ökumanns A undan þeirri varúðarskyldu sem á honum hvíldi. Honum hafi því sérstaklega borið að gefa gaum umferð sem á eftir kom, ekki síst vegna þess að um var að ræða fullbrotna miðlínu. B hafi því verið heimilt að aka fram úr A. Þá mótmælir V1 því sem ósönnuðu að ökumaður B hafi ekið oft hratt.

Í athugasemdum V2, dags. 21. maí 2025, kemur fram að félagið telur rétt að ökumaður B beri alla ábyrgð á árekstrinum. Bendir V2 á að frásögn ökumanns B í skýrslu AÖ sé í hrópandi ósamræmi við það sem sjáist á fyrirliggjandi myndbandi af atvikinu. Þar megi sjá að A hafi verið ekið eftir Stórhöfða með viðvörunarljós á, en þau síðan slökkt, tímalega hægt á A og gefið stefnuljós til vinstri, áður en vinstri beygjan var tekin. Leggur V2 áherslu á varúðarskylda samkvæmt umferðarlögum hafi hvílt á báðum ökumönnum. Hins vegar bendi fyrirliggjandi upplýsingar/gögn til þess að ökumaður A hafi ekið varlega og tekið fullt tillit til annarrar umferðar, enda hafi öll merkjagjöf að hans hálfu verið í samræmi

við lög og reglur. Því verði ekki að mati félagsins séð að áreksturinn verði rakin til sakar ökumanns A. V2 telur hins vegar að öðru máli gegni um ökumann B. Hann hafi ekið hratt fram úr A þrátt fyrir að hann hafi átt að gera sér grein fyrir að hægt hafi verið á ökuhraða A og stefnuljós gefið til vinstri. Þá telur V2 að þegar frásögn ökumanns B í skýrslu AÖ sé borin saman við það sem fram kemur á myndbandinu virðist sem svo að athygli hans hafi verið skert er hann tók þá ákvörðun að aka fram úr A.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um sakarskiptingu milli ökumanns bifreiðar A og ökumanns bifreiðar B vegna áreksturs á Stórhöfða er B reyndi að aka fram úr A um leið og síðarnefndu bifreiðinni var beygt til vinstri.

Samkvæmt 23. – 24. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumönnum ávallt að sýna aðgæslu við framúrakstur en á tjónsstað var miðlína vegar fullbrotin og skv. 36. gr. merkjareglugerðar nr. 250/2024. er ökumönnum heimilt að aka yfir hana enda sé gætt varúðar. Í b-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga segir hins vegar: „Ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega: b. Að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri eða aka fram úr öðru ökutæki sem á undan er.“ Þá kemur fram í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga að ekki má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim.

Nefndin telur að ökumaður B hafi brotið gróflega gegn framangreindum ákvæðum. Í því sambandi bendir nefndin á eftirfarandi. Í málinu liggur fyrir myndband af aðdraganda árekstursins og af árekstrinum sjálfum. Nefndin telur að þar komi m.a. eftirfarandi fram. Bifreiðinni A var ekið vestur Stórhöfða með viðvörunarljós kveikt. Tímanlega áður en A kom að gatnamótum þar sem ætlunin var að beygja til vinstri voru viðvörunarljósin slökkt og gefið stefnuljós til merkis um að ætlunin væri að beygja til vinstri. Þá má greinilega sjá að ökumaður hægir tímalega á A áður en ætlunin var að beygja til vinstri. Nefndin bendir sérstaklega á að það má greinilega sjá af myndbandinu að stefnuljósið á A er farið að loga áður en B hefur eiginlegan framúrakstur. Ökumaður B hefði því með eðlilegri árvekni átt að sjá stefnuljósið og að hægst hafði á A. Hann hefði því átt að hætta við fyrirhugaðan framúrakstur, nokkuð sem hann gerði ekki. Þá má einnig sjá á myndbandinu að B var ekið fremur hratt í tilraun til að aka fram úr A.

Nefndin bendir einnig á að samkvæmt 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt. Samkvæmt 7. mgr. 19. gr. umferðarlaga á ákvæðið einnig við um akstur yfir akbraut eða af henni þótt ekki sé um vegamót að ræða. Á ökumanni A hvíldi því einnig ákveðin varúðarskylda í aðdraganda atviksins. Nefndin telur hins vegar að við mat á því hvort í háttsemi A hafi falist brot á þeirri skyldu þurfi einnig að horfa til þess sem að framan greinir um háttsemi ökumanns B, auk þeirrar staðreyndar að ökumaður A gaf tímalega stefnuljós og hægði á bifreiðinni áður en hann hugðist beygja til vinstri og að af myndbandinu má ráða að ökumaður A hafði mjög skamman tíma til að átta sig á því að B hugðist keyra fram úr A. Telur nefndin, með vísan í framangreint, að ökumaður A hafi uppfyllt þær skyldur sem leiða má af 19. gr. umferðarlaga.

Nefndin hefur því komst að þeirri niðurstöðu að það teljist sannað að áreksturinn megi rekja til sakar ökumanns bifreiðar B. Hann beri því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstri A og B.

Reykjavík, 10. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 126/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. apríl 2025, ásamt ljósmyndum.
2. Bréf V, dags. 15. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 5. febrúar 2025 hafi bifreið M staðið kyrrstæð og mannlaus á skipulögðu bifreiðastæði við verslun X á Akureyri. Þegar M kom að bifreiðinni hafði innkaupakerra fokið á vinstri hurð og spegil bifreiðarinnar. Rauð veðurviðvörun hafi verið á umræddum degi, rok og rigning. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreið sinni en af hálfu V var bótaskyldu hafnað. M telur X bera ábyrgð á tjóninu þar sem X bar að gæta þess að innkaupakerrur væru ekki á ferð og flugi um bifreiðastæði verslunarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram starfsmenn X hafi umrætt sinn sett upp sérstök skilti við inngang og útgang verslunarinnar þar sem varað var við að fara með kerrur út í því veðri sem gekk yfir. Sú óraunhæfa ábyrgð verði ekki lögð á verslun, að hún tryggi að undir engum kringumstæðum geti lausar kerrur verið á bifreiðastæði. Af þeim sökum geti komið upp og hafi komið upp þau tilvik þar sem viðskiptavinir skilji við innkaupakerrur með óforsvaranlegum hætti. Slík tilvik verði ekki felld undir ábyrgð viðkomandi verslunar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Ljóst er að umrædd innkaupakerra sem rann eða fauk utan í bifreið M hefur ekki verið skilin eftir á forsvaranlega hátt á bifreiðastæði X. Höfðu viðskiptavinir X verið varaðir við því að fara út með kerrur í því slæma veðri sem gekk yfir þennan dag. Leggur M ekki fram gögn sem styðja að tjón hans verði rakið til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna X. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 127/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
5. Bréf M dags. 20. maí 2025.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla dags. 1. maí 2024. Þar kemur fram að reiðhjólaslys hafi orðið á göngu- og hjólabrú sem liggur yfir Kringlumýrarbraut við Fossvog. Í skýrslunni er haft eftir M að hann verið að hjóla eftir brúnni þegar hann tók eftir manni á reiðhjóli, sem hafi hjólað á móti honum á brúnni. M hafi séð að X var ekki áttaður og hafi hann stefnt beint á M. M hafi reynt að beygja frá til að forða slysi en X hafi beygt í sömu átt þannig að þeir skullu saman. Í skýrslunni segir þá að X hafi verið illa áttaður á vettvangi. Eftir X er haft að hann sé með sykursýki eitt og hafi að líkindum fengið sykurfall. Hann sagðist þá ekki muna eftir atvikinu. Af skýrslunni og öðrum fyrirliggjandi gögnum má ráða að M og X hafi báðir orðið fyrir líkamstjóni við atvikið. Í bréfi lögreglu, dags. 4. desember 2024, kemur fram að X hafi, við síðari komu á lögreglustöð, lýst tildrögum slyssins svo að hann hafi séð M koma á móti sér á brúnni og hafi hann verið á talsverðum hraða. X hafi fyrst vikið til vinstri, en svo til hægri og hafi þeir rekist saman.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar X hjá V. M byggir á því að slysið verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X sem hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu umrætt sinn. Byggi skaðabótaábyrgð X því á sakarreglunni, meginreglum skaðabótaréttar svo og umferðarlögum nr. 77/2019. Er m.a. sérstaklega vísað til þess að samkvæmt 1 mgr. 48. gr. umferðarlaga megi enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki sé hann svo á sig kominn, m.a. vegna veikinda, að hann sé ekki fær um örugga stjórn þess. Í lögregluskýrslu um atvikið komi fram að X hafi verið í sykurfalli og ekki munað eftir atvikinu. Komi þar einnig fram að stuttu fyrir slysið hafi blóðsykursmælir hans pípt til marks um það að hann væri orðinn svolítið lágur í blóðsykri. Hafi X engu að síður hjólað áfram og hafi það leitt til slyssins.

Í bréfi V til nefndarinnar er því mótmælt að X hafi farið í sykurfall í aðdraganda slyssins og sýni gögn úr blóðsykursmæli að blóðsykur hafi verið innan eðlilegra marka á þeim tíma sem slysið atvikaðist. Að sögn X hafi hann þá verið staddur hægra megin á brúnni þegar M birtist skyndilega á „hans hluta“ brúarinnar. Erfitt sé að sjá langt fram fyrir sig vegna beygju á brúnni. X hafi þá reynt að beygja frá M en það ekki tekist. Hafi X þá sennilega rotast við áreksturinn og það valdið því að hann var illa áttaður. Engin frekari gögn liggi þá fyrir varðandi afstöðu aðila í aðdraganda áreksturs og ekkert bendi til þess að X, frekar en M, eigi sök á honum. Sé ekki sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að í lögregluskýrslu, sem sé frumgagn í málinu, sé haft eftir X sjálfum að hann hafi að öllum líkindum fengið sykurfall. Hafi þá ekki verið lögð fram nein gögn er haggi þeirri staðhæfingu.

Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum V er útskrift úr blóðsykursmæli X frá slysdegi.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V vegna þess líkamstjóns er hann varð fyrir hinn 1. maí 2024. Ábyrgðartryggingarliður vátryggingarinnar tekur til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan sem einstakling. Það hvílir á tjónþola, þ.e. í þessu tilviki M, að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt.

Ekki verður séð að nein vitni hafi orðið að umræddu atviki og þá liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir nefndinni um aðstæður á slysstað, s.s. um nákvæma staðsetningu áreksturs M og X, hraða þeirra eða afstöðu í aðdraganda áreksturs. Fyrirliggjandi er útskrift úr blóðsykursmæli X. Þar kemur fram að mælirinn gefi frá sér viðvörunarhljóð fari blóðsykur niður fyrir 5.4. Af útskriftinni má ráða að blóðsykur X hafi farið niður fyrir þau mörk skömmu fyrir slysið sem skýrir þá væntanlega af hverju X heyrði „píp“ frá tækinu. Blóðsykurfall er hins vegar miðað við það þegar blóðsykurgildi fer niður fyrir 4 mmol/l. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að sykurgildi í blóði X hafi farið niður fyrir þau mörk á slysdegi og er því ekki sýnt fram á að hann hafi verið illa áttaður vegna blóðsykurfalls í aðdraganda slyssins.

Samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að X hafi ekki verið þannig á sig kominn að hann gæti stjórnað reiðhjóli með öruggum hætti, né að háttsemi hans í aðdraganda áreksturs hafi að öðru leyti verið slík að leiði til bótaábyrgðar. Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón hans sé að rekja til atvika sem X beri skaðabótaskyldu vegna. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 128/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. maí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. júní 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M var á æfingu í líkamsræktarstöð þar sem þjálfari var til staðar. Var hún að gera upphífingar á stöng, þegar hún missti takið á stönginni, datt og lenti á höfði og baki með alvarlegum afleiðingum. Í málskoti er frá því greint að slysið hafi átt sér stað í upphitun fyrir æfingu dagsins. Hafi sláin sem um ræðir verið í ca. 2,5 m hæð. Þá er þar einnig haft eftir M að hún hafi í umrætt sinn verið með leðurólar á höndum og notað öruggasta gripið sem henni hafi verð kennt, þ.e. læst grip.

M telur að líkamsræktarstöðin, X, beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Því til stuðnings er á því byggt að aðbúnaður hjá X hafi ekki verið nógu góður auk þess sem skort hafi á leiðbeiningar og upplýsingar af hálfu þjálfara. Til viðbótar heldur M því fram að þrátt fyrir að þjálfarar hafi vitað að upphífingaslár væru of sleipar og ekki nógu öruggar hafi ekki verið brugðist við því. Er þar m.a. vísað í samskipti við tiltekna þjálfara þar sem þetta komi greinilega fram. Hefur M lagt fram gögn um þessi samskipti. M telur því að slysið verði rakið til saknæmrar vanrækslu X og þjálfara.

Hvað framangreint nánar varðar er í málskoti sérstaklega á því byggt að þær upphífingaslár sem notaðar voru hafi verið of þykkar og sleipar og því sérstaklega erfitt fyrir kvenkyns iðkendur að ná góðu gripi á þeim. M sem telur að ekki liggi fyrir upplýsingar sem sýni að stangirnar standist þær kröfur sem eru gerðar til slíks útbúnaðar, byggir á því að sérstök slysahætta hafi tengst notkun umræddra upphífingarsláa. Þá er tekið fram að M telji að þó iðkendur hafi þurft að klára ákveðið grunnnámskeið breyti það engu um framangreint, enda hafi aðstæður verið hættulegar bæði fyrir reynslumikla og reynsluminni iðkendur. Þá telur M einnig að fyrirliggjandi eftirlitsskýrsla Heilbrigðisteftirlitsins styðji röksemdafærslu sína. Þar komi fram að í kjölfar slyssins hafi þvermál upphífingastanga verið minnkað úr 33,7 mm í 31,8 mm auk þess sem settar hafi verið upp myndir með upplýsingum um rétt grip við hífingar. Ekki hafi hins vegar verið farið í neinar úrbætur á undirlagi, en M telur ljóst að 0,9 cm gúmmímotta nægi ekki sem fallundirlag til dempunar við svo hátt fall. Er bent á að í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins hafi verið gerðar kröfur um að komið yrði fyrir falldýnu og að við sveifluæfingar og aðrar sambærilegar æfingar ættu þjálfarar að upplýsa iðkendur um þá áhættu sem þeim fylgir. Þá hafi í skýrslunni einnig verið vísað í 3. mgr. 54. gr. þágildandi reglugerðar nr. 94/2002 um hollustuhætti. Þar sé tekið fram að rekstraraðili beri ábyrgð á að tæki og búnaður til íþróttaiðkana sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Þá sé í 1. mgr. sama ákvæðis einnig tekið fram að rekstri starfseminnar skuli háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þangað koma sé sem best tryggð. Þá bendir M á að ákvæði í áskriftarsamningi iðkenda við X breyti ekki því sem að framan greinir. Í þeim samningi er m.a. tekið fram að iðkendur velji að sækja þjónustu hjá X á eigin ábyrgð og ekki geti komið til ábyrgðar X á líkamstjóni viðkomandi nema það verði rakið til stórfellds gáleysis X eða starfmanna stöðvarinnar. Telur M að svo víðtæk takmörkun á ábyrgð sem þar greinir standist ekki lög auk þess sem það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. M telur því að ef nefndin fellst á að tjón M verði rakið til almenns gáleysis X eða starfsmanna X, þá beri X skaðabótaábyrgð á tjóni M. Að lokum bendir M á að þegar litið sé til dómaframkvæmdar sé ljóst að eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta sæta mun strangara mati á saknæmi, þ.e. athafnaskylda þeirra virðist ríkari en eigenda íbúðarhúsnæðis. Sérstaklega gildi þetta þegar fyrirtæki leitast við að laða til sín viðskiptavini. Nefnir M tiltekna dóma þessu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 26. maí 2025, er framangreindum kröfum og röksemdum M hafnað. Telur V ósannað að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Í því sambandi bendir V á að allir iðkendur skrifi undir skilmála X þar sem skýrt komi fram að æfingar séu á þeirra eigin ábyrgð. Þá þurfi allir iðkendur að ljúka grunnnámskeiði þar sem m.a. séu kennd rétt grip og farið ítarlega í upphífingar og áhættu þeim tengdri. Það sé óumdeilt að M hafi lokið slíku gunnnámskeiði og hafi því verið upplýst um áhættuna sem sé samfara upphífingum á stöng. Því hafnar V því að skort hafi á leiðbeiningar og upplýsingar á hálfu þjálfara. Þá segir V að þvermál hefðbundinna stanga sé á bilinu 1,25-1,8 tommur en þvermál þeirra sláar sem M notaði er hún slasaðist hafi verið 1,3 tommur, en sú breidd sé notuð víða í öðrum stöðvum á Íslandi og hjá stórum framleiðendum. Hvergi sé að finna reglugerð eða staðla sem kveða á um að stangirnar skuli vera grennri en 1,3 tommur. Bendir V á að ekki hafi verið lögð fram gögn í málinu sem sýni að „venjulegar“ stangir séu grennri en það. Þá hafnar V því að stjórnendur X hafi ekki brugðist við athugasemd varðandi slárnar. X hafi fyrir slys M fengið það staðfest að umrædd slá væri í eðlilegri breidd og efnið í slánum það sama og notað er annarstaðar. Telur V sannað að upphífingaslárnar hafi verið samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum enda sé annað ósannað. Þá hafi gólfið í æfingasalnum verið staðlað CrossFit keppnisgólf, þ.e. 5/16 tommur á þykkt. Hvað varðar tilvísun M í samtöl við iðkendur og þjálfara þá bendir V á að slys geti orðið á líkamsræktarstöðvum án þess að það þýði sjálfkrafa að einhver beri skaðabótaábyrgð á þeim. Þá sé það að sjálfsögðu eðlilegt að alltaf sé verið að skoða hvað megi geta betur til að tryggja betur öryggi iðkenda. Þó ráðstafanir séu gerðar eftir slys til að bæta öryggi þýði það ekki sjálfkrafa að bótaskylda sé fyrir hendi ef slys M verður ekki rakið til saknæmrar háttsemi sem geti leitt til skaðabótaábyrgðar X. Telur V að M hafi ekki tekist að sanna að sú sé raunin. Að lokum hnykkir V á því að almennar sönnunarreglur gildi og að M hafi ekki tekist að sanna að slysið geti bakað X skaðabótaábyrgð. Vísar V m.a. í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 180/2024 í því sambandi.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 30. maí 2025, er m.a. ítrekað að lýsingar iðkenda og vitnis bendi til þess að umrædd slá hafi verið alltof slétt og sleip. Þá er einnig lögð áhersla á að X hafi ekki orðið við áskorun þess efnis að upplýsa nánar um gerð slánna, hvaða efni hafi verið notað og hvort sami járnsmiður hafi séð um smíði allra sláa.

Með viðbótarathugasemdum V, dags. 3. júní 2025, fylgdu upplýsingar frá þeim aðila sem V segir að hafi séð um smíði og uppsetningu allra sláa í því húsnæði X þar sem M slasaðist. Bendir V á að þar sé staðfest að sú tegund stangar sem M notaði sé einnig notuð í öðrum CrossFit stöðvum. Í því skjali (tölvupósti) sem V vísar þarna til segir eftirfarandi: „..stangirnar sem eru komnar upp núna eru 31.8 mm í þvermál. Þau sem voru áður voru 33.7 mm í þvermál. Báðar þessa breiddir eru í notkun á crossfitstöðvum.“

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Sönnunarbyrði þess að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Í málinu er ekki ágreiningur um málsatvik. Þá liggur fyrir að upphífingum eins og þeim sem M var að framkvæma er hún slasaðist fylgir áhætta. Þá er einnig óumdeilt að M hafi lokið grunnámskeiði þar sem V byggir á að m.a. hafi verið kennd rétt grip og farið ítarlega í upphífingar og áhættu þeim tengdri. M hefur ekki sýnt fram á það með fullnægjandi gögnum að þar sé ekki rétt greint frá. Þá hefur M jafnframt upplýst að hún hafi notað svokallað læst grip í umrætt sinn. Þá telur nefndin að M hafi ekki tekist að hnekkja þeirri fullyrðingu V að umrædd upphífingaslá hafi verið samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Telur nefndin að upplýsingar sem starfa frá öðrum iðkanda eða þjálfara dugi þar ekki til. Þessu til viðbótar liggur fyrir að allir iðkendur skrifa undir skilmála X þar sem fram kemur að æfingar séu á þeirra eigin ábyrgð. Þó í því felist eðli málsins samkvæmt ekki að X geti ekki eftir atvikum orðið skaðabótaábyrgur að uppfylltum tilteknum skilyrðum þýðir það engu að síður að iðkendur gera sér grein fyrir því að æfingum fylgir áhætta og að þeir velji að taka þá áhættu. Að gefnu tilefni skal þó tekið fram að nefndin telur að skilyrði í stöðluðum samningi X þess efnis að ekki geti komið til ábyrgðar X á

líkamstjóni nema það verði rakið til stórfellds gáleysis X eða starfmanna stöðvarinnar, standist ekki. Nefndin telur því að þar sé gengið lengra í að undanþiggja X skaðabótaábyrgð en reglur samningaréttarins heimila.

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins telur nefndin að M hafi ekki tekist að axla þá sönnunarbyrði sem á henni hvílir og hafi því ekki sýnt fram á að slys hennar verði rakið til atriða sem leiði til skaðabótaábyrgðar X.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 131/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V1, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.
Í málskoti og fylgiskjölum byggir M m.a. á því að menn á vegum X hafi komið í byrjun desember 2024 og skipt um mæli fyrir hitaveitu í sumarbústað M. X er undirverktaki hjá X1. Við það verk hafi þeir gleymt að skrúfa aftur fyrir heitavatnsinntakið sem hafi orðið til þess að allar neysluvatnslagnir í bústaðnum hafi sprungið og blöndunartæki og uppþvottavél eyðilagst. Þá hafi jafnframt einstefnulokar og tveir þrýstiminkarar eyðilagst auk mæla í vatnslagnaskápi. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. X er með ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá V1. X1 er hins vegar með ábyrgðartryggingu hjá V2. Í málskotinu er þó aðeins gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 21. mars 2025, er bótakröfu M hafnað með þeim rökum að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Í því sambandi hafnar V1 þeim rökum M að starfsmenn X hafi í umrætt sinn tekið vatnið af bústaðnum en síðan gleymt að skrúfa aftur frá því. Þvert á móti byggir V1 á því að þegar menn á vegum X hafi komið að bústaðnum til að skipta um mæli, nokkuð sem þeir hafi síðan gert, hafi þeir uppgötvað að frosið var í heimæðinni. Hafi það verið tilkynnt til X1. Telur V1 því að M hafi ekki tekist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis starfsmanna X enda hafi tjónið raungerst áður en þeir komu á staðinn.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 23. maí 2025, er m.a. bent á að þegar skipt sé um mæli, beri X1 að gefa út verklagslýsingu, birta hana og fylgja eftir. Farist þetta fyrir, eins og raunin hafi verið, beri X1 skaðabótaábyrgð. Síðan færir M frekari rök fyrir því að X1 hafi ekki hagað stöfum sínum með forsvaranlegum hætti. Eins og áður hefur verið nefnt er ekki í málskoti gerð krafa um bætur úr tryggingum X1.

Í viðbótarathugasemdum V1, dags. 10. júní 2025, er m.a. hnykkt á því að X1 sé ekki með tryggingar hjá V1 heldur einungis X. Rök M sem snúa að hugsanlegri ábyrgð X1 geti því ekki leitt til þess að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Síðan tekur V1 fram að af hálfu X hafi verið unnið eftir viðurkenndu verklagi og að M hafi ekki lagt fram gögn í málinu sem sýnt gætu fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið ábyrgð á.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í sumarbústað M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til þess að þegar menn á vegum X hafi skipt um mæli fyrir hitaveitu í sumarbústað M, hafi þeir gleymt að skrúfa aftur fyrir heitavatnsinntakið að verkinu loknu. Það hafi valdið því tjóni sem um er deilt í málinu. Þessu hefur V1 mótmælt sem ósönnuðu og

haldið því fram að þegar starfsmenn X hafi komið á staðinn hafi þeir uppgötvað að frosið var í heimæðinni. Tjón M verði því ekki rakið til athafna eða athafnaleysis þeirra. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til sakar X eða starfsmanna X.

Með vísan í framangreinda umfjöllun telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. Því er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að bæta beri tjónið úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V1.

Niðurstaða.
Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 132/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Tilkynning skv. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. júní 2025 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 30. janúar 2023, varð hinn 27. janúar 2023 árekstur milli A, sem M ók, og B. Samkvæmt ummerkjum á vettvangi höfnuðu ökutækin framan á hvort öðru en þeim var ekið úr gagnstæðri átt. Eftir ökumanni B er haft að hún hafi verið á réttum vegarhelmingi og hún hafi séð A koma á móti sér, en ökumaður A hefði verið að reyna að taka fram úr öðru ökutæki, C. M lýsti atvikum svo að B hafi komið til móts við hann á öfugum vegarhelmingi. Hann hafi reynt að hemla og beygja frá en bifreiðarnar hafi skollið saman. Hann telji þá að ökumaður B hafi verið að taka fram úr annarri bifreið. Sagðist M þá hafa ekið á 94 til 95 kílómetra hraða á klukkustund en hámarkshraði á vettvangi var 50 kílómetrar á klukkustund. Eftir farþega í A er haft að M hafi eftir áreksturinn sagt við þau „þið vitið að ég var á 120“. Samkvæmt framburði vitnisins X, sem var ökumaður D, óku tvær bifreiðar fram úr henni á ofsahraða en ökumenn þeirra hafi verið að leika sér að því að taka hvor fram úr öðrum. Skyndilega hafi annarri bifreiðinni verið ekið yfir á öfugan vegarhelming og á B. Vitnið X sagðist ekki hafi séð áreksturinn en að hún hefði áður veitt því athygli að A og C hafi verið ekið fram úr hvor annarri á miklum hraða. Eftir áreksturinn hafi C verið ekið af vettvangi.

M varð fyrir meiðslum við áreksturinn og krafðist vegna þess bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Með tölvupósti dags. 6. mars 2023 tilkynnti V M að það áskildi sér rétt til þess að skerða bótarétt M, og með tölvupósti dags. 22. mars 2023 barst M tilkynning V þess efnis að félagið áskildi sér rétt til þess að hafna bótaskyldu á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Með bréfi dags. 11. apríl 2024 hafnaði V bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Í málskoti er byggt á því að fullnaðartilkynning um höfnun bótaskyldu hafi borist of seint, og hafi V því glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, sbr. 2. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Er vísað til þess að í bréfi V dags. 11. apríl 2024 sé byggt á upplýsingum sem þegar hafi legið fyrir í frumskýrslu lögreglu, dags. 30. janúar 2023 og hafi V því verið kunnugt um þau atvik sem það teldi veita heimild til höfnunar fljótlega eftir áreksturinn. Þegar hinn 22. mars 2023 hafi V áskilið sér rétt til að hafna bótaskyldu að fullu. Þrátt fyrir það hafi endanleg tilkynning þess efnis ekki borist fyrr en rúmu ári síðar og hafi V því glatað rétti sínum til að bera fyrir sig atvik er leitt geti til skerðingar bótaréttar á grundvelli XIII. kafla laga um vátryggingarsamninga. Framangreindu til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar í máli 37/2021.

Í málskoti er jafnframt byggt á því að M hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og því sé enginn grundvöllur fyrir skerðingu bóta til hans. Afstaða V byggi þannig á rangfærslum í lögregluskýrslu og því til stuðnings vísar M til þess sem fram komi í bráðamóttökuskrá dags. 28. janúar 2023. Þar sé atvikum lýst svo að önnur bifreið hafi tekið fram úr A og svo „hemlað niður“. M hafi þá einnig hemlað, en dekk A runnið til og bifriðin „vinklað“ til vinstri yfir á öfugan vegarhelming, þar sem B hafi hafnað framan á henni. Sú háttsemi að aka yfir á öfugan vegarhelming hafi í dómaframkvæmd ekki talist, ein og sér, fela í sér stórkostlegt gáleysi. Jafnvel þó M hafi sýnt af sér eitthvað gáleysi við aksturinn verði það því ekki talið stórkostlegt.

Jafnvel þó um stórkostlegt gáleysi væri að ræða leiði það þá ekki fyrirvaralaust til skerðingar eða höfnunar bóta heldur verði að taka tillit til allra atvika og aðstæðna, s.s. akstursaðstæðna á vettvangi og háttsemi annarra ökumanna. Eigi full skerðing bóta því ekki rétt á sér.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að frumskýrsla lögreglu bendi til þess að umrætt atvik hafi orsakast vegna ofsa- og kappaksturs M, en á vettvangi hafi verið 50 kílómetra hámarkshraði og óbrotin miðlína milli akreina. Atvikalýsing sú er M byggi nú á eigi sér þá ekki stoð í öðrum gögnum málsins, en m.a. liggi fyrir fjölmargar vitnaskýrslur lögreglu þar sem ítrekað komi fram að M hafi ekið A töluvert yfir lögmæltum hámarkshraða svo og að A og C hafi verið í kappakstri skömmu fyrir áreksturinn. Sé því ljóst að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og séu orsakatengsl milli þess og tjóns hans.

Þá er því hafnað að V hafi, vegna tómlætis, glatað rétti til að bera fyrir sig stórkostlegt gáleysi. Í bréfi V dags. 22. mars 2023 hafi komið fram að V áskildi sér rétt til að hafna bótaskyldu og að ekki væri unnt að taka formlega afstöðu fyrr en fullnaðarrannsókn lögreglu lægi fyrir, en málið hafi þá enn verið til rannsóknar tæknideilda lögreglu. Afstöðubréf V hafi svo verið sent M 11. apríl 2024. Eðli máls samkvæmt sendi V ekki frá sér fullnaðartilkynningu um höfnun fyrr en öll málsgögn liggi fyrir. V hafi þá ekki borist formleg tilkynning um líkamstjón M fyrr en í apríl 2024. Um grundvallargagn sé að ræða sem þurfi að liggja fyrir áður en endanleg afstaða er tekin.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að tilkynning á eyðublaði V sé „grundvallargagn“ í málinu enda sé höfnun V ekki byggð á því sem þar komi fram. Formleg tilkynning um líkamstjón M hafi verið send V 2. mars 2023 og hafi því öll nauðsynleg gögn legið fyrir í mars það ár. Er þá vísað til þess að með bréfi lögreglu, dags. 7. apríl 2025, hafi M verið tilkynnt um að rannsókn lögreglu væri hætt. Hafi lögreglan því ekki talið grundvöll til að halda uppi frekari rannsókn á kæruliðum málsins. Megi ráða ef því að M hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda árekstursins.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. lýst þeirri afstöðu að þó að rannsókn lögreglu hafi verið hætt leiði það ekki sjálfkrafa til þess að M teljist ekki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, m.a. þar sem sönnunarbyrði sé þyngri í sakamálum.

Álit.

V byggir á því að heimilt sé, á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, að fella niður ábyrgð félagsins þar sem M hafi valdið því að af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð. Umrætt ákvæði er að finna í XIII. kafla laganna um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins. Í 94. gr. laganna, sem einnig er í XIII. kafla laganna segir að félagið skuli senda tilkynningu þess efnis að það beri fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð samkvæmt ákvæðum XIII. kafla, án ástæðulauss dráttar eftir að það vissi um þau atvik sem veiti heimild til þess. Sé slík tilkynning ekki send glati félagið rétti sínum til þess að bera fyrir sig atvikin. Í athugasemdum með 31. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 30/2024, en það ákvæði á við um skaðatryggingar og er sambærilegt 94. gr. að breyttu breytanda segir: *Ekki verða gerðar þær kröfur til félagsins að það sendi strax tæmandi upplýsingar um hvernig það muni bregðast við. Nægilegt væri að það tilkynnti að til athugunar væri að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð, en nauðsynlegt væri þó í þeim tilvikum að strax og atvik væru ljós mundi send fullnaðartilkynning.*

Í því máli sem hér er til skoðunar sendi V, hinn 22. mars 2023, lögmanni M tölvupóst þess efnis að félagið áskildi sér rétt til að hafna bótaskyldu, en að félagið sé „þó að bíða eftir skýrslu tæknideildar og frekari gögnum frá lögreglu sem að öllum líkindum munu varpa frekara ljósi á málsatvik.“ Framangreind tilkynning, þess efnis að til athugunar væri hjá félaginu að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð var því send með tímanlegum hætti. Hún ber það þó með sér að vera ekki fullnaðartilkynning.

Fullnaðartilkynning var hins vegar send með bréfi dags. 11. apríl 2024, eða um fjórtán og hálfum mánuði eftir að umrætt atvik átti sér stað. Í henni er vísað til þess sem fram kemur í lögregluskýrslu dags. 30. janúar 2023 og fyrirliggjandi framburðarskýrslum. Framangreindar skýrslur eru meðal málsgagna fyrir nefndinni. Skýrsla tæknideildar er dags. 14. júní 2023 en fyrirliggjandi framburðarskýrslur eru frá því í janúar og febrúar 2023.

Í málflutningi V fyrir nefndinni kemur ekkert fram um að það hafi verið einhverjum erfiðleikum bundið að kalla eftir framangreindum gögnum frá lögreglu eða að afhending þeirra hafi dregist úr hófi. Liggur því ekki annað fyrir að V hafi haft framangreind gögn undir höndum í um tíu mánuði áður en fullnaðartilkynning um brottfall bótaréttar var send til M. Þó hugtakið „ástæðulaus dráttur“ feli ekki í sér afdráttarlaust tiltekin tímamörk og ætla verði vátryggingafélögum eitthvert svigrúm til að afla gagna

og móta endanlega afstöðu í málum sem þessum verður ekki litið fram hjá framangreindu orðalagi í greinargerð um að „strax og atvik væru ljós mundi send fullnaðartilkynning.“ Þar sem ekki liggur annað fyrir en að atvik hafi í síðasta lagi verið ljós í júní 2023 er það mat nefndarinnar að V hafi ekki uppfyllt fyrrgreindan áskilnað. Verður því að telja að tilkynning til M hafi ekki verið send réttilega til samræmis við 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004. Verður því jafnframt að telja að V hafi glatað réttinum til að bera fyrir sig atvik er leiði til brottfalls bótaréttar M sbr. 2. mgr. 94. gr. laganna.

Verður þá ekki séð að það skipti máli í þessu samhengi að tilkynning á „formi félagsins“ hafi ekki borist fyrr en 3. apríl 2024, enda liggur fyrir og er óumdeilt að tilkynning um líkamstjón M var send V dags. 1. mars 2023.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu eru ekki efni til að fjalla frekar um háttsemi M í aðdraganda árekstursins.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 133/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ökutækjatrygging kaskó.
Skráningarnúmer ökutækja (A)

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 2. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsin kemur fram að 4. febrúar 2025 sendi M tilkynningu til V um kaskótjón á bifreiðinni A. Var það mat V að ekki borgaði sig að gera við bifreiðina sökum aldurs og að henni hafði verið ekið 485 þúsund km. Í framhaldinu fékk V bifreiðasala til að aðstoða við verðmat á A svo hægt væri að bæta M tjónið. Kemur fram í athugasemdum V að M hafi verið ósáttur við það verð sem honum var boðið. Hafi M þá verið boðið 300.000 krónum meira en áður, þ.e. samtals 3 milljónir króna að frádreginni eigin áhættu og vsk. M sem sætti sig ekki við það verð, benti á að A hafi verið kaskótryggð fyrir 6 milljónir króna sem hann taldi vera sambærilegt markaðsverði. Þá kemur fram í gögnum málsins að M hafi upplýst að hann gæti sætt sig við að fá greitt kr. 4,5 milljónir króna að frádreginni eigin áhættu og vsk.

Með athugasemdum V fylgdi m.a. skriflegt verðmat á A frá tilteknum bifreiðarsala. Mat hann verðmæti bifreiðarinnar á bilinu 2,5-2,7 milljónir króna. Bendir V á að sú fjárhæð sem félagið hefur boðist til að greiða fyrir A taki í grunninn mið af því mati. Félagið hafi þó ákveðið að bjóða 3 milljónir króna í bætur að frádreginni eigin áhættu og vsk. til að koma til móts við þau rök M að skipt hafi verið um vél og skiptingu í A. Hvað varðar vátryggingarverðmæti A þá bendir V á að það sé vátryggingartaka að tryggja að fjárhæðin sem tilgreind er í skírteini sé í samræmi við áhættu hans eða verðmæti hins tryggða á hverjum tíma.

Álit.

Ágreiningslaust er að M á rétt á að fá bifreiðina A bætta úr kaskótryggingu hjá V. Hins vegar greinir aðila á um umfang tjónsins, þ.e. hvert sé markaðsvirði bifreiðarinnar og hverjar bæturnar eigi að vera. V hefur boðist til að greiða 3 milljónir króna í bætur að frádreginni eigin áhættu og virðisaukaskatti. Byggir V það verðmat m.a. á fyrirliggjandi mati bifreiðasala. Nefndin bendir á að það er M að sanna að framangreind fjárhæð dugi ekki til að bæta tjónið. Nefndin telur að M hafi ekki tekist sú sönnun. Hvað varðar þá málsástæðu M að vátryggingarverðmæti A hafi verið 6 milljónir, þá kemur fram í greinum 10.4 og 10.5 í almennum skilmálum þeim sem m.a. gilda um kaskótryggingu að tryggingafjárhæðin sem tilgreind er í skírteini telst ekki vera sönnun um verðmæti hins tryggða og að það sé vátryggðs að passa upp á að vátryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins tryggða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótrygginu A en V hafa boðið.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 135/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 20. apríl 2023, orðið fyrir líkamstjóni þega rafskúta sem hann ók stöðvaðist skyndilega með þeim afleiðingum að hann fór í kollhnís af henni og lenti illa. Hafi varanleg örorka M vegna þessa slyss verið metin 7%. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X, leigusala rafskútunnar, vegna slyssins en þeirri kröfu var hafnað af hálfu V hinn 7. febrúar 2025. Kröfu sína byggir M á því að vanbúnaður skútunnar hafi leitt til þess að hún stöðvaðist skyndilega. Skynjari í henni hafi verið bilaður og vitneskja hafi verið til staðar hjá X varðandi það að ýmiss konar vandamál hafi verið með skynjarana og hafi viðgerð á þeim verið innleidd nokkrum mánuðum fyrir slys M. Framangreint komi fram í tölvupósti Y, starfsmanns X, til M dags. 24. apríl 2023. Af þeim tölvupósti sé ljóst að vitneskja um vankanta á skynjurum hafi verið til staðar fyrir slys M og gera verði ríkar kröfur til X hvað varði viðhald og eftirlit með búnaði sem sé leigður út til almennings í atvinnuskyni. Sé ótækt að ekki hafi verið brugðist fyrr við og viðgerðir framkvæmdar á umræddum skynjurum, enda hafi vitneskja um vanbúnað þeirra legið fyrir í nokkra mánuði. V hafi byggt höfnun sína á því að hugbúnaður hafi verið bilaður og að X hafi ekki haft neina vitneskju um þá bilun. Engin gögn séu lögð fram af hálfu V þessu til stuðnings og hljóti að verða að miða við frumgögn málsins hvað þetta varði, þ.e. fyrrgreindan tölvupóst Y, en ekki síðari skýringar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að við skoðun á rafskútunni eftir slys M hafi komið í ljós bilun í hugbúnaði sem hafi valdið því að skútan stöðvaðist. Slíkt hafi ekki gerst áður og hafi X enga vitneskju haft um þessa bilun. Hafi X brugðist strax við og uppfært búnaðinn, en þessi bilun geti hafa átt við um örfá tæki í eigu X, og hafi engin önnur tilvik átt sér stað vegna sömu bilunar. Þau vandamál sem hafi áður verið þekkt hafi tengst því að rafskútur færu ekki stað og séu því annars eðlis en sú bilun sem olli slysi M. Sé samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á saknæma háttsemi af hálfu X sem leitt hafi til slyss M.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að það sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Óumdeilt virðist að slys M megi rekja til þess að rafhlaupahjólið sem hann var á stöðvaðist skyndilega, og að þá stöðvun sé að rekja til bilunar í búnaði þess. Í fyrrgreindum tölvupósti Y til M kemur fram að um bilun í skynjara hjólsins hafi verið að ræða og hafi þetta aldrei gerst áður. Þá segir í póstinum að viðgerð á skynjurum hjólanna standi yfir til að losna við alls konar vandamál sem hafi valdið því að hjólin færu ekki af stað. Hafi Y sterkan grun um að þessi bilun hafi orðið vegna þess að skynjarar hafi byrjað að vera lélegir og ekki búið að gera þá upp enn.

Af framangreindu verður að telja að X hafi verið kunnugt um vandamál sem ollu því að rafskútur færu ekki af stað við leigu. Þó slík vandamál séu vissulega hvimleið verður ekki séð að þau feli í sér slysahættu. Verður því ekki litið svo á að það að uppfærslu allra skynjara hafi ekki verið lokið er slys M varð feli í sér saknæma vanrækslu af hálfu X. Gegn neitun X er þá ekki sýnt fram á að vitneskja um að hjólin gætu bilað með þeim hætti að þau stöðvist skyndilega hafi verið til staðar fyrir slys X. Ekki er heldur, en engin frekari gögn um umræddan skynjara, gerð hans, virkni eða ástand, liggja fyrir nefndinni, sýnt fram á að X hafi mátt vita að ástand hans væri slíkt að leitt gæti til slyss eins og þess sem M varð fyrir.

Af öllu framansögðu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, er því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 137/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Rými þar sem tjón verður. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á gólfefni í sólstofu húseignar M eftir að leki kom upp í golfhitakerfi sólstofunnar í júní 2024. M hefur gert kröfu um bætur úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna tjónsins og hefur V viðurkennt bótaskyldu, en ágreiningur lýtur að umfangi tjónsins. M telur að skemmdir hafi orðið á flísalögðu gólfi sem sé samfellt um alla fasteignina og skipti sköpum fyrir ásýnd hennar. Telur M að ekki sé unnt að leggja aðra flísategund á skemmda hluta gólfsins án þess að raska heildarmynd, flæði og fagurfræðilegri samfellu. M krefst þess því að V verði gert að bæta kostnað við að fjarlægja eldri flísar og leggja nýjar sambærilegar á allan gólffletið fasteignarinnar. Vísar M til fyrirliggjandi matsgerðar löggilts fasteignasala sem hann aflaði þar sem fram kemur að aðgreining á gólfefni myndi rýra fagurfræðilegt heildaryfirbragð eignarinnar og þar með seljanleika hennar og endursöluverð. M byggir kröfu sína á því að ætlað tjón sé ekki að fullu bætt með tilliti til þeirrar lausnar sem V hefur boðið. Þá mótmælir M því að V geti almennt vísað til skilmála tryggingar í slíkum tilvikum án tillits til aðstæðna og ásýndar viðkomandi fasteignar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi viðurkennt bótaskyldu úr húseigendatryggingu M vegna þess tjóns sem varð í sólstofu fasteignar M en hafnar því að greiða bætur umfram það sem nemur flísaskiptum í því rými. Byggir V afstöðu sína á 2. málsl. greinar 7.2. í skilmála tryggingarinnar þar sem fram kemur að komi til tjóns á gólfefnum séu einungis greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem tjónið verður. Ekki þurfi að vera til staðar þröskuldar eða hurðir til að rými teljist aðskilið. Samkvæmt teikningu húseignarinnar sé sólstofan afmörkuð frá öðrum rýmum með veggjum og dyraopum og niðurgrafin um tvö þrep frá bæði stofu og eldhúsi. V telur því ótvírætt að um sé að ræða sjálfstætt rými og að skilyrði skilmála séu uppfyllt. M hafi þegar fengið greiddar bætur sem samsvara nýjum flísum á um 25 fermetra tjónflöt sólstofunnar.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna tjónsins né umfang tjónsins þ.e. að tjón hafi orðið á gólfefni í sólstofu húseignar M. Ágreiningur málsins snýr að túlkun 2. málsl. greinar 7.2. í skilmála húseigendatryggingar þar sem fram kemur að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Ekki þurfi að vera til staðar þröskuldar eða hurðir til að afmarka rými. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Er því almennt gert ráð fyrir því, þegar um bótaskylt tjón á fasteign er að ræða, að eignin sé ekki í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Í a-lið greinar 4.1 í skilmála vátryggingarinnar kemur fram að tryggingin greiði kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerð, þannig að húseign sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Hefur M lagt fram matsgerð löggilts fasteignasala, dags. 7. apríl 2025, á áhrifum þess að mismunandi gólfefni yrði í sólstofu og eldhúsi. Þar segir: „Það er mat undirritaðs að það væri til virðislækkunar og ekki til að auka seljanleika eignarinnar þar sem rýmið myndar eigna heild. Varðandi kostnað við endurnýjun á gólfefnum mætti áætla að sú tala sé ekki undir 2-3 milljónum.“ Þrátt fyrir að matsgerð hins löggilta fasteignasala bendi til þess að fasteign M yrði í lakara ástandi en hún var fyrir tjónið ef sömu flísar séu ekki á sólstofunni og öðrum hlutum hússins er ekki hjá því komist að horfa til þess að í skilmála vátryggingarinnar er að finna undantekningarreglu sem takmarkar bótaskyldu V við það gólfefni sem skemmist í hverju rými fyrir sig. Þegar metið er hvort sólstofan teljist sjálfstætt rými í skilningi ákvæðis 7.2 í skilmála vátryggingarinnar ber að líta til hönnunar fasteignarinnar og þeirra aðgreininga sem eru milli rýma. Fyrir liggur að sólstofan er afmörkuð frá eldhúsi og stofu með veggjum og dyraopum, og er

jafnframt niðurgrafin um tvö þrep frá báðum rýmum. Þá kemur fram í gögnum málsins að gengið er um sólstofuna annars vegar um dyraop með hurð og hins vegar frá eldhúsi um op sem er sambærilegt að stærð og hefðbundin hurð. Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin að sólstofan teljist aðskilið rými í skilningi skilmálanna. V telst þannig samkvæmt framansögðu hafa takmarkað ábyrgð sína í vátryggingarskilmálum við bætur vegna gólfefnis í því rými sem tjón varð og hefur því bætt tjón M í samræmi við fyrrgreind skilmálaákvæði. M á því ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingarinnar en V hefur þegar boðið.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 141/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 23. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. maí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. maí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að bifreiðin B, sem var í eigu M, hafi skemmst í fimm bifreiða árekstri sem varð á Vatnaleið nálægt Stykkishólmi hinn 30. desember 2024. Hafi M, sökum hálku og skerts skyggnis, ekið B aftan á bifreiðina C, sem var kyrrstæð. Stuttu seinna hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á B og hafi B verið klemmd á milli C og A. B tjónaðist mikið að framan og aftan og varð óökufær. Sakarskipting vegna þessa hafi verið með þeim hætti að ökumaður B bar ábyrgð á afturtjóni C og eigin framtjóni en ökumaður A bar ábyrgð á afturtjóni B. Frumáætlun á viðgerð vegna framtjóns á B nemi 982.276 kr., en tjónamat og viðgerðaráætlun vegna afturtjóns á B nemi 2.195.877 kr., og hafi það tjón því verið þeim mun meira. Þar sem engin kaskótrygging hafi verið í gildi vegna B hafi M sjálfur fengið sendan reikning vegna flutningskostnaðar, en bifreiðin hafi verið flutt til Reykjavíkur. Hafi það verið gert að beiðni lögreglu og í þeim tilgangi að tjónamat færi fram. Hafi M því ekkert haft um þá ráðstöfun að segja en á grundvelli hennar hafi honum ekki verið mögulegt að láta flytja bifreiðina á næstu skilastöð frá slysstað. Hafi M farið fram á greiðslu þess kostnaðar úr ábyrgðartryggingu A hjá V þar sem tjónið sem A olli hafi valdið því að B varð óökufær og þarfnaðist flutnings. Þeirri kröfu hafi verið hafnað með vísan til þess að B hefði þegar verið orðin óökufær við fyrri áreksturinn við C. Þá hafi V vísað til þess að fyrir lægi framburður ökumanns C þess efnis að bifreið hans hefði aðeins orðið fyrir einum árekstri og einu höggi. M er ósammála framangreindum rökum og vísar til þess að ekki sé hægt að sanna að B hafi þegar orðið óökufær við fyrsta áreksturinn. Þá hafi A, sem sé stór bifreið, komið á miklum hraða og hafnað aftan á B, og séu meiri líkur en minni til þess að framtjónið á B hafi orðið meira við það. Skuli því miða við að árekstur A og B hafið valdið því að B var óökufær, og er þá einnig vísað til þess að afturtjón á A var umfangsmeira en framtjónið. Er því þá mótmælt að bifreið C hafi aðeins orðið fyrir einum árekstri. Jafnvel þó skráning í fyrirliggjandi lögregluskýrslu hafi verið ónákvæm hvað það varði verði að byggja á því að B hafi aftur rekist á C þegar A var ekið aftan á B enda komi fram í lögregluskýrslu að B hafi verið klemmd milli hinna bifreiðanna. Til vara er þess krafist að V skuli bæta M helming kostnaðar við flutninginn á B til samræmis við sakarskiptingu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi greitt bætur vegna tjóns á B er rekja megi til áreksturs A og B. Hafi bótafjárhæð miðað við verðrýrnun á flakvirði B, þ.e. miðað við það ástand sem hún var í eftir árekstur A og C. M sem eigandi B beri ábyrgð á eigin framtjóni og hafi V því hafnað að greiða kostnað við flutning B. Ökumaður C hafi verið skýr í framburði sínum fyrir lögreglu um það að einungis hafi einu sinni verið ekið aftan á bifreið hans. Því sé allt framtjón á B afleiðing þess að B var ekið aftan á C, þ.e. framtjón á B hafi ekki aukist við árekstur A og B. Af lögregluskýrslu megi þá ráða að verulegt tjón hafi orðið á C er B var ekið aftan á hana. M beri sönnunarbyrði þess að tjón vegna flutnings ökutækis falli undir ábyrgðartryggingu A og verði hann því að sýna fram á að B hafi verið ökufær eftir fyrri áreksturinn. Sú sönnun hafi ekki tekist og bendi öll gögn málsins til hins gagnstæða. Bráðabirgðamat V á framtjóni á B byggi á mjög takmörkuðum gögnum sem endi þó til þess að ljósabúnaður og vatnskassi hafi skemmst. Hvort um sig leiði til þess að bifreiðin teljist óökufær. Öll gögn málsins bendi samkvæmt framansögðu til þess að B hafi verið óökufær þegar eftir fyrri áreksturinn, sem M beri ábyrgð á, og sé greiðsluskylda vegna flutningskostnaðar því ekki fyrir hendi. Komist nefndin hins vegar að þeirri niðurstöðu að V eigi að bæta kostnað eða hluta kostnaðar við flutnings geti V þá aðeins borið ábyrgð á þeim kostnaði sem hefði verið því samfara að flytja B á næsta verkstæði eða skilastöð enda beri tjónþola að takmarka tjón sitt. Engin ástæða hafi verið fyrir því að flytja B um svo langan veg sem raun beri vitni.

Álit.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla um atvikið, dags. 2. janúar 2025. Er þar m.a. að finna frásögn ökumanns C og ökumanns bifreiðarinnar D af atvikum. Af framburðum þeirra má ráða að C hafi verið kyrrstæð og bifreiðinni D ekið aftan á hana. Ökumaður D hafi síðar bakkað frá og fært bifreiðina fram fyrir C. Samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu var bifreiðin D flutt af vettvangi en höggvari að framan var brotinn og sjá mátti vökva leka úr bifreiðinni. Virðist því hafa verið um nokkuð harðan árekstur að ræða. Eftir þennan árekstur var B ekið aftan á C. Af þessu má ráða að ljóst er að D hafði þegar verið ekið aftan á C áður en til áreksturs B og C kom. Af því leiðir að af umfangi tjóns á afturhluta C verða ekki dregnar umfangsmiklar ályktanir um umfang tjóns á B við árekstur B og C, enda óljóst hvaða tjón á C tilheyri hvaða árekstri. Þá verður niðurstaða þessa máls ekki byggð á því að ökumaður C tali um „högg“ og „árekstur“ í eintölu í framburði sínum fyrir lögreglu. Liggur enda fyrir að um a.m.k. tvo árekstra var að ræða, þ.e. að ekið var aftan á C í a.m.k. tvígang. Af einhverjum ástæðum liggur þó ekkert fyrir um það fyrir nefndinni að tekið hafi verið tillit til þessa við mat á sakarskiptingu og hvorki M né V vísa í neinu til þessa áreksturs C og D.

Kemur þá fram í lögregluskýrslu að bifreiðin B hafi verið klesst upp við afturenda C og A hafi verið klesst upp við afturenda B er lögreglu bar að. Samkvæmt lögregluskýrslu var bifreiðinni E einnig ekið aftan á A, eftir að A hafði ekið aftan á B.

Af framangreindu verður að telja að óljóst sé hvaða tjón megi rekja til hvaða áreksturs, og hvort árekstur A og B hafi valdið því að B rakst aftur á C og hvort árekstur A og E hafi haft sömu áhrif, en eins og áður segir er ekki hægt að miða við það að einungis eitt högg hafi komið á C. Fyrirliggjandi gögn um tjón á B veita þá ekki afdráttarlaus svör við framangreindu.

Eins og málum háttar hér telur nefndin rétt að kostnaður vegna flutnings á bifreiðinni B skiptist milli aðila með þeim hætti að M fái helming tjóns síns bættan úr ábyrgðartryggingu A. Hvað varðar tjónstakmörkunarskyldu M er litið til þess að ekki liggur fyrir að hann hafi átt þess kost að takmarka tjón sitt með einhverjum hætti svo og þess að kostnaði vegna flutningsins virðist mjög svo stillt í hóf og er því ekki um umfangsmikið tjón að ræða. Á hann því rétt á bótum vegna helmings heildartjóns síns vegna flutnings á B.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum sem nemur helmingi tjóns hans vegna flutningskostnaðar B úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 142/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 1. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 1. september 2022 fundið fyrir minnkandi heyrn á hægra eyra og jafnvægisleysi. Daginn eftir hafi hann vaknað með suð og heyrnarleysi á hægra eyra og hafi hann þann dag leitað til læknis á X. Læknirinn hafi talið að um vökva í eyra væri að ræða og ráðlagt notkun nefúða. Hinn 4. september hafi M aftur leitað á X og var heyrnarleysið þá enn til staðar auk þess sem M lýsti flökurleika og svima. Hafi viðkomandi læknir greint vökva í báðum eyrum og ætlað að ráðleggja nefúða með sterum en M ekki sætt sig við þá úrlausn, enda hafi hann ekki verið kvefaður. Var M þá tjáð að læknirinn ætlaði að leita álits annars læknis. Hafi svo verið framkvæmt jafnvægispróf á M, sem hann hafi ekki staðist, og hafi læknirinn talið að M væri með vöðvabólgu og vísað honum í sjúkraþjálfun. Að kvöldi 5. september hafi M leitað á bráðamóttöku Landspítalans, en þá hafi verið liðnir þrír sólarhringar frá því hann leitaði fyrst á X. Samkvæmt lækni á göngudeild háls-, nef- og eyrnalækninga hafi verið um skyndilega heyrnarskerðingu að ræða og var hafin sterameðferð í þeim tilgangi að reyna að bjarga heyrn M. Hafi M þó verið upplýstur um að slík meðferð hefði þurft að hefjast innan 72 klukkustunda frá því einkenna varð fyrst vart. Í maí 2023 hafi M verið upplýstur um að heyrnarleysi hans yrði varanlegt svo og stöðugt eyrnasuð (tinnitus).

M krafðist bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V, þar sem meðferð X hefði valdið honum tjóni. V hafi, með bréfi dags. 13. júní 2024, hafnað bótaskyldu með þeim rökum að greiningar og ráðleggingar lækna á X hafi verið eðlilegar.

M vísar til 1. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 en þar komi fram að greiða skuli bætur ef ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Er vísað til þess að í klínískum leiðbeiningum vegna viðbragða við skyndilegum heyrnarmissi komi fram að mikilvægt sé að fá heyrnarmælingu innan þriggja sólarhringa frá því heyrnarskerðingar verður vart og áríðandi sé að sterameðferð hefjist inna 72 klukkustunda frá því tímamarki. Vakthafandi læknir á X hafi ekki farið að þeim leiðbeiningum heldur ráðlagt notkun nefúða. Er því þá sérstaklega mótmælt að niðurstaða um kokhlustarbólgu hafi verið eðlileg miðað við lýsingu M á einkennum sínum, og hefði raunar mátt útiloka kokhlustarbólgu með einfaldri mælingu. Það hafi ekki verið gert, en hefði M verið vísað strax á bráðamóttöku megi ætla að komið hefði verið í veg fyrir tjónið og í öllu falli hefði umfang þess orðið minna en raunin varð. Þegar M leitaði svo aftur á X hafi vakthafandi læknir í það skiptið verið ljóst að einkenni hans hefðu varað í tæplega fjóra daga en þrátt fyrir það hafi hann verið greindur með vöðvabólgu og ráðlögð sjúkraþjálfun. Ekki komi fram við hvern vakthafandi læknir á X hafi ráðfært sig, en ljóst sé að á þessum tíma hafi verið grunur um Meniere sjúkdóm og vegna þess hefði verið rétt að vísa M á bráðamóttöku og sé með ólíkindum að vakthafandi læknir hafi ekki áttað sig á nauðsyn þess að veita M viðeigandi meðferð. Sterameðferð hafi ekki hafist fyrr en 6. september, eða fimm dögum eftir að einkenna varð fyrst vart og nokkrum klukkustundum eftir að M leitaði fyrst á bráðamóttöku, og vegna þess hve seint hún hófst hafi hún ekki skilað tilætluðum árangri. Fjölmargar rannsóknir liggi fyrir er sýni fram á mikilvægi þess að steragjöf hefjist innan 72 klukkustunda og eigi heilbrigðisstarfsmenn að vera meðvitaðir um þær svo og þær klínísku leiðbeiningar sem eigi við um skyndilegt heyrnartap. Hafi vangreining og röng meðferð lækna á X valdið M tjóni, og hafi læknar þar í tvígang haft tækifæri til að vísa honum til sérfræðinga á Landspítala hafi þeir ekki haft tæki og tól til að greina og veita meðferð við einkennum hans. Megi tjón M því að

öllum líkindum rekja til þess að þeirri heilbrigðisþjónustu sem hann fékk hjá X hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekkert læknisfræðilegt gagn liggi fyrir sem staðfesti að heyrnartap M sé að rekja til þess að meðferð hjá X hafi verið ábótavant. Er rakið að er M leitaði fyrst til X hafi hann verið greindur með kokhlustarbólgu og fengið nefdropa og fyrirmæli um að leita læknis eftir þörfum. Er M hafi aftur leitað á X hafi hann verið greindur með vökva í eyrum og vöðvabólgu. Hafi jafnframt verið leitað ráðgjafar sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum á Landspítalanum. Hafi M þá verið ráðlagt að leita aftur til læknis ef einkenni versnuðu eða bati yrði undir væntingum. Þegar M leitaði á bráðamóttöku að kvöldi 5. september 2022, hafi verið haft samband við háls- nef- og eyrnalækningardeild og ákveðið að M færi þangað daginn eftir. Það hafi ekki verið fyrr en 6. september, þrátt fyrir að leitað hefði verið samráðs við sérfræðinga, sem M hefði greinst með SSNHL, eða skyndilega heyrnarskerðingu með svimaeinkennum. Orsök slíkrar heyrnarskerðingar sé í allt að 90% tilvika óþekkt. Þurfi því að hafa ýmsa orsakavalda í huga við meðferð. Oftast sé þó notast við stera en samkvæmt klínískum leiðbeiningum sé tilgátan sú að sterar dragi úr bólgum sem valdi heyrnarskerðingu, en þó sé til staðar efi um gagnsemi þeirra. Ef veita eigi sterameðferð skuli hefja hana sem fyrst frá upphafi einkenna, helst innan 72 klukkustunda. M haldi því fram að hann hafi verið upplýstur um að í hans tilviki hefði þurft að hefja sterameðferð innan þess tíma en hvergi í læknisfræðilegum gögnum málsins segi neitt í þá veru. V vísar þá m.a. til þess að bótaréttur sé ekki fyrir hendi sé eins líklegt að tjónið sé óháð þeirri meðferð sem veitt var. Bótaskylda á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu sé til staðar ef reyndur sérfræðingur hefði að öllum líkindum hagað meðferð með öðrum hætti og að öllum líkindum afstýrt tjóninu. Sú staða sé ekki uppi í tilviki M enda hafi SSNHL ekki greinst fyrr en á göngudeild háls-, nef- og eyrnalækninga á Landspítala þrátt fyrir að samráð hafi verið haft við sérfræðinga þar fyrr í ferlinu. Meðferð M þá hafist snemma innan þess tímaramma sem sé uppgefinn í tilvitnuðum leiðbeiningum en þar komi fram að meðferð gagnist ekki ef meira en tvær vikur eru liðnar frá upphafi einkenna.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a vísað til bréfs yfirlæknis X til embættis landlæknis dags. 17. apríl 2024 en af því megi ráða að staðfest sé að seinkun hafi orðið á greiningu og að ábyrgð X sé að hluta viðurkennd. Er þá áréttað að læknar X hefði getað framkvæmt einfaldar prófanir á X til að ganga úr skugga um hvort nefúði eða sjúkraþjálfun væru viðeigandi meðferð. Það hafi ekki verið gert, en hefði vökvi í eyra verið útilokaður sem orsök einkenna hefði það bent til SSNHL sem krefjist tafarlausrar sterameðferðar. Þess í stað hafi M fengið óviðeigandi meðferð og rétt greining hafi tafist vegna þess. Hafi það svo aftur leitt til þess að sterameðferð skilaði ekki árangri. Klínískar leiðbeiningar mæli með því að farið sé strax í mat á mögulegu skynheyrnartapi fremur en að reyna meðferðir sem snúi að vökva eða þrýstingu án undangenginnar greiningar. Frekari leit að orsakavöldum heyrnarskerðingar geti þá farið fram eftir að sterameðferð er hafin. Klínískar leiðbeiningar kveði enda skýrt á um það að meðferð skuli hafin innan 72 klukkustunda frá því að einkenna verður vart, en ljóst sé að batalíkur séu minni hefjist hún t.a.m. 13 dögum eftir upphaf einkenna. Að öðru leyti áréttar M fyrri röksemdir sínar og málflutning en auk þess er vísað til verklagsreglna Landspítalans „Skyndileg heyrnarskerðing – greining og meðferð."

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir félagsins áréttaðar. Jafnframt er lýst þeirri afstöðu að M virðist telja að nægilegt að hefja sterameðferð við skyndilegu heyrnarleysi svo að einkenni gangi til baka. Sú sé þó alls ekki raunin. Hvað varði bréf yfirlæknis X til embættis landlæknis þá megi einnig ráða af því að hann telji alls óvíst að það hefði breytt einhverju um ástand eða horfur M hefði SSNHL greinst fyrr.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. sagði að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að *öllum líkindum* rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. M byggir kröfu sína á 1. tl. sem var svohljóðandi: *1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.*

Atvikum málsins er nokkuð vel lýst í málsatvikalýsingu en aðila greinir á um hvort skilyrði þessa ákvæðis séu uppfyllt. Þó sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari en ella þegar kemur að sjúklingatryggingu hvílir það samt sem áður á M að sýna fram á að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Svo skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. séu uppfyllt þarf þá að sýna fram á að „ætla megi“ að komast hefði mátt hjá tjóni hefði rannsókn eða meðferð verið hagað með öðrum hætti.

Meðal þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina eru klínískar leiðbeiningar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands um skyndilega heyrnarskerðingu og verklagsreglur Landspítala um greiningu og meðferð vegna skyndilegrar heyrnarskerðingar. Meðal þess sem þar kemur fram er að orsök skyndilegrar heyrnarskerðingar sé í flestum tilvikum óþekkt, og virðist svo vera í tilviki M, en þó af læknisfræðilegum gögnum megi ráða að hann hafi fengið höfuðhögg í lok ágúst er orsakasamhengi milli þess og heyrnarskerðingar hans óvíst. Segir þá að margt hafi verið prófað í þeim tilgangi að draga úr eða lækna skyndilega heyrnarskerðingu en það sem helst hafi verið notað sé sterameðferð. Segir þá í verklagsreglum Landspítala: „Tilgátan er að sterar dragi úr bólgum sem valdi heyrnarskerðingunni og í einstaka rannsóknum hefur verið sýnt fram á marktækan mun til hins betra þegar gefnir hafa verið sterar í samanburði við lyfleysu, en margar rannsóknir hafa hins vegar ekki sýnt marktækan mun og því er til staðar efi um gagnsemi þeirra.“ Kemur þá fram að í um þriðjungi tilvika endurheimti fólk heyrn að fullu eða mestu leyti, í þriðjungi tilvika sé heyrn endurheimt að hluta en hjá þriðjungi sé skerðingin óafturkræf. Þeim mun meiri sem hún sé í upphafi því minni líkur séu á bata. Um meðferð segir m.a. eftirfarandi í verklagsreglunum: „Ef veita á sterameðferð við skyndilegri heyrnarskerðingu á að hefja hana eins fljótt og auðið er frá upphafi einkenna, helst innan 72 klst., því minni líkur eru taldar á að endurheimta heyrnina eftir því sem lengri tími líður að steragjöf.“ Þá segir einnig: „Ef ekki er aðgengi að heyrnarmælingu til að staðfesta heyrnarskerðinguna, ætti samt sem áður að hefja sterameðferð ef grunur er sterkur.“ Kemur þá einnig fram að ekki sé talið gagnast að gefa stera í töfluformi ef meira en tvær vikur eru liðnar frá upphafi einkenna.

Þrátt fyrir ofangreind tilmæli um að hefja skuli sterameðferð sé grunur um skyndilega heyrnarskerðingu sterkur verður jafnframt ráðið af þeim að ekki sé fyllilega sýnt fram á gagnsemi sterameðferðar, þ.e. að til staðar sé efi um gagnsemi stera. Engin frekari læknisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni um að þeir hefðu gagnast í tilviki M, né að það hafi skipt sköpum að meðferð hófst ekki innan 72 stunda frá upphafi meðferðar eins og M byggir á að honum hafi verið tjáð.

Með hliðsjón af því að ekki hefur verið sýnt fram á að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni M hefði meðferð hans verið hagað með öðrum hætti, þ.e. honum verið gefið steralyf fyrr, verður ekki talið að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 143/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 20. maí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. maí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X 18. ágúst 2023, þar sem hún starfaði við þrif. Er atvikum lýst þannig að M hafi verið að fara niður stiga með fangið fullt af rúmfötum. Hún hafi síðan flækst í rúmfötunum með þeim afleiðingum að hún féll fram fyrir sig í stiganum og slasaðist. Í málskoti er á því byggt að þegar M slasaðist hafi handföngin á körfum þeim sem átti að nota við verkið verið brotin. Þá er upplýst að M hafi orðið óvinnufær í kjölfar vinnuslyssins.

Í málskotinu er frá því greint að gerð hafi verið krafa í ábyrgðartryggingu X hjá V en að þeirri kröfu hafi verið hafnað með bréfi dags. 29. apríl 2024. M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga vinnuslyssins. Í því sambandi er í málskoti m.a. vísað í 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem m.a. komi fram að atvinnurekanda sé skylt að tryggja að við framkvæmd vinnu skuli gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Einnig er vísað í reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. Telur M að ekki hafi verið hugað að þeim reglum hjá X þar sem körfur eða álíka búnaður hafi ekki verið til staðar til aðstoðar við framkvæmd starfsins. Bendir M á dóma þessu til stuðnings. Þá er einnig vísað til þess, með vísan í 1. mgr. 79. gr. sömu laga, að X hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins eins og bar að gera. Telur M að þetta eigi að leiða til þess að X verði að bera hallann af mögulegum sönnunarskorti í málinu. Þá hafnar M því sem röngu og ósönnuðu að hún hafi vísvitandi vikið frá verklagsreglum um notkun á körfum þegar slysið varð, enda hafi sá búnaður sem nota átti til verksins verið vanbúinn, ónothæfur og ófullnægjandi fyrir það verk sem henni var falið. Byggir M á því að úr þessu hafi verið bætt eftir slysið, nokkuð sem feli í sér viðurkenningu X á því að aðstæður hafi verið með öllu ófullnægjandi er slysið varð. Þá bendir M einnig á að það hafi verið tiltölulega einfalt fyrir X að tryggja að starfsaðstæður í umrætt sinn væru í lagi.

Í fyrirliggjandi bréfi V til lögmanns M, dags. 29. apríl 2024, og athugasemdum V til nefndarinnar, dags, 20. maí 2025, kemur fram að V telur X ekki bera skaðabótaábyrgð á vinnuslysi M enda verði það ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað X. Í því sambandi byggir V m.a. á að það sé rangt hjá M að umræddar körfur hafi ekki verið til staðar og í lagi á slysdegi. Tekur félagið fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi körfurnar verið tiltækar þann dag og að sú vinnuregla hafi gilt að starfmönnum bar að nota þær við störf sín. Því hafni X þeirri fullyrðingu að slysið hafi leitt til breytinga á verklagi. Hvað varðar skyldu X til að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins tekur V fram að það leiði ekki sjálfkrafa til skaðabótabyrgðar vinnuveitanda þó sú skylda sé vanrækt. V telur því að fyrirliggjandi gögn sanni ekki að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi X. Þvert á móti sé þar einungis eigin sök M um að kenna.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 23. maí 2025, er því hafnað að ósamræmi sé í lýsingum M af slysinu. Það sem hér skipti höfuðmáli sé sú staðreynd að starfsmönnum X hafi ekki staðið til boða nothæfar körfur á slysdegi. Skiptir þá ekki máli hvort þær voru yfir höfuð ekki til staðar eða ónothæfar. Í báðum tilvikum sé um að ræða saknæmar aðstæður sem X beri ábyrgð á. Þá er einnig bent á að þar sem tilkynningarskylda hafi verið vanrækt hafi X ekki tryggt sér sönnun fyrir því að aðstæður hafi verið fullnægjandi. Þegar svo hátti til beri að leggja framburð hins slasaða um aðstæður á vinnustað til grundvallar. Er í þessu sambandi vísað til nokkurra dóma. Að lokum er því vísað á bug að M hafi ekki fylgt heilbrigðis- og öryggisreglum X eða sýnt af sér óvarkárni i umrætt sinn.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því að henni hafi ekki staðið til boða að nota umræddar körfur við störf sín á slysdegi nokkuð sem feli í sér að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi, sem aftur eigi að leiða til þess að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum vinnuslyssins.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Ekki virðist ágreiningur um það í málinu að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins og að það hafi ekki verið gert. Það liggur því fyrir að X uppfyllti ekki kröfur 1. mgr. 79. gr. framangreindra laga um að tilkynna beri um slys án ástæðulausrar tafar. Þegar svo háttar til, og ágreiningur er uppi í máli um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilviki M. Því beri að leggja frásögn hennar um atvik máls, þar með talið aðstæður á vinnustað, til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Það þýðir þó ekki sjálfkrafa að það teljist sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi. Nefndin telur hins vegar að óvinnufærni M í kjölfar slyssins og framangreint brot á tilkynningaskyldu, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og vinnutilhögun snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn, þar með talið hvort umræddar körfur hafi staðið M til boða eða ekki, verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann.

Nefndin telur að við mat á því hvort slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á, beri því að miða við að M hafi í umrætt sinn ekki staðið til boða að nota körfur við verkið. Við mat á því hvort framangreint eigi að leiða til þess að saknæm háttsemi teljist sönnuð bendir nefndin á eftirfarandi. Nefndin telur að það verk sem M vann umrætt sinn hafi verið svo einfalt að ekki hafi verið þörf á því að nota umræddar körfur. Almennt er því ekki ástæða til að ætla að þó svo að M hagaði störfum sínum með þeim hætti sem raunin var, ætti því að fylgja sérstök slysahætta. Þó svo að framan hafi verið fallist á að M hafi ekki staðið til boða að nota körfur við verkið, telur nefndin því ekki að M hafi tekist að sýna fram á slysið verði rakið til þess. Nefndin telur því ekki að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 146/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 30. maí 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 9. maí 2023, varð M þann dag fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um M hafi verið uppi á þaki og fallið tvo til þrjá metra niður af því. Engin yfirlýsing var tekin af M hvað varðaði atvik málsins, en að sögn vitnisins Y hafði hann verið að klifra milli þaka í þeim tilgangi að sækja sér fallvarnarbúnað og líflínu. Kemur þá fram í skýrslunni að ekki hafi verið nein gönguleið milli þaks íbúðarhúss og bílskúrs og hafi starfsmenn hoppað á milli þeirra til að komast leiðar sinnar. Í nánari atvikalýsingu lögreglu, sem fram kom í tölvupósti til lögmanns M, dags. 5. júlí 2023, er áréttað að ekki hafi verið gönguleið milli þaka, starfsmenn hafi verið í fallvarnarbúnaði en aðeins tengdir í línu þegar komið var á aðalþakið. Varð M fyrir nokkru líkamstjóni og óvinnufær í kjölfar slyssins.

X tilkynnti Vinnueftirlitinu um slys M 18. júlí 2023, og er atvikum svo lýst í tilkynningunni að M hafi verið að vinna á þaki. Samkvæmt frásögn annarra starfsmanna hefðu þeir nýlega hafið störf og allir hafi átt að vera komnir í öryggisbelti. M hafi ekki notað öryggisbúnað og hafi hann fallið aftur fyrir sig og niður á jörðina milli húsa. Engin rannsókn fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, sem er dags. 12. júlí 2023 af hálfu M en 10. október 2023 af hálfu X, kemur hins vegar fram að M hafi verið að rífa gamlar spýtur en ein þeirra hafi reynst vera nokkuð föst. Hafi M því þurft að beita meira afli og hafi hann kippst til og fallið niður af þakinu. Hann hafi þá fallið á milli þaka þar sem engin gönguleið var. X lagði fram sérstaka athugasemd vegna tilkynningarinnar varðandi það að M hefði ekki verið í fallvarnarbúnaði sem var til staðar og honum hafi verið bent á að vera í og þá hafi gönguleið verið milli þakanna og sé X með myndir sem staðfesti það. Í tilkynningu til V, dags. 12. júlí 2023, er að finna sömu atvikalýsingu, þ.e. að M hafi verið að rífa upp spýtur er hann féll aftur fyrir sig, og á þeirri atvikalýsingu er einnig byggt í málskoti.

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Kröfu sína byggir hann á því að fyrirkomulag á verkstað hafi verið óforsvaranlegt og ekki til samræmis við kröfur nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim. Fyrirliggjandi ljósmyndir staðfesti þá að engin gönguleið eða verkpallar hafi verið á milli húsanna. Því sé þá hafnað sem röngu og ósönnuðu að fullnægjandi öryggisbúnaður hafi verið til staðar. Bent er á að slysið hafi orðið kl. 13:40, svo vinna hafi staðið yfir í um hálfan vinnudag. Reyndari starfsmenn hafi ekki skeytt um að nota öryggisbúnað og hafi enginn skipað M, sem aðeins hafði starfað hjá X í um viku, að nota slíkan búnað, sem þess utan hafi raunar ekki verið til staðar. Verkstjórn hafi auk þess verið ábótavant og ekki hafi verið séð til þess að M fengi nauðsynlega þjálfun og kennslu í að framkvæma störf sín án þess að hætta stafaði af. Skýr orsakatengsl séu þá milli slyss M og skorts á fallvörnum. Auk alls framangreinds hafi X vanrækt að tilkynna um slysið til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, og geti sú vanræksla haft umtalsverð áhrif á sönnunarstöðu aðila. Sé því rétt að X beri hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er í málinu, t.a.m. um orsakir slyssins og aðbúnað á vinnustað, enda standi það auk þess X nær að tryggja sér sönnun um þau atriði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að slys M verði fyrst og fremst rakið til þess að hann var ekki með fallvarnarbúnað í aðdraganda þess. Eins og fram komi í lýsingu lögreglu hafi aðrir starfsmenn verið í fallvarnarbúnaði og hafi M frá fyrsta degi fengið þau fyrirmæli að honum bæri að nota fallvarnarbúnað við vinnu í hæð. Þá hafi starfsmenn fengið fyrirmæli um að hoppa ekki milli þakanna, enda hafi stigi verið reistur upp á þaki bílskúrsins. Þá hafi vinnupallar verði staðsettir aftan við húsið og því eðlilegt að lögregla hafi ekki veitt þeim athygli. Hæð þaksins verði þá ekki talin mikil og því ljóst að ekki sé

gerð krafa um ítarlegri öryggisráðstafanir en X hafi gert. Sé ósannað að X hafi brotið gegn lögum og reglum hvað öryggi starfsmanna varði og megi rekja slys M til þeirrar háttsemi hans sjálfs að notast ekki við öryggisbúnað. Vanræksla á því að tilkynna réttilega um slys M til Vinnueftirlitsins geti þá ekki ein og sér leitt til þess að X teljist hafa sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til slyssins.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekuð sú afstaða að hefði betur verið gætt að öryggisbúnaði milli þakanna hefði ekki komið til slyss M. Verði þá ekki séð hverju stigi að bílskúrsþakinu breyti í því samhengi enda hafi starfsmenn eftir sem áður þurft að komast milli þakanna og ekki hafi verið um aðra möguleika að ræða en að hoppa á milli þeirra. Meint fyrirmæli til M um að nota fallvarnarbúnað séu þá eftiráskýringar X sem hafi augljósa hagsmuni af úrlausn málsins og hafi staðhæfingar þess þar að lútandi því takmarkað sönnunargildi. Er þá enn áréttað að skortur á tilkynningu til Vinnueftirlitsins skuli leiða til þess að X beri hallann af sönnunarskorti í málinu enda megi ætla að málsatvik væru betur upplýst hefði rannsókn Vinnueftirlitsins farið fram.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að starfsfólki X hafi verið uppálagt að fara niður verkpallinn við bakhlið hússins og þaðan upp stigann upp á þak bílskúrsins. Slys M sé þá alveg óviðkomandi þeirri háttsemi aðila að hoppa á milli þaka.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Óumdeilt er að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um atvikið fyrr en rúmum tveimur mánuðum eftir að það átti sér stað, en samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að M var óvinnufær frá slysdegi. Með vísan til fyrrgreinds lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Verður því að mati nefndarinnar að byggja á þeirri frásögn M af atvikum, að hann hafi verið að losa spýtur af þakinu, og er sú frásögn jafnframt staðfest af hálfu X í tilkynningu til Sjúkratrygginga.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja um atvikið virðist ljóst að tjón M megi rekja til þess að hann hafi ekki notað fallvarnarbúnað umrætt sinn. Í gr. 31. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð er sérstaklega fjallað um vinnu á þökum. Þó takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir um gerð þaksins og halla þess þykir þó mega slá því föstu að gr. 31.1 eigi við um vinnu á því en þar segir m.a. að ef framkvæma skuli vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, megi ekki hefja vinnuna fyrr en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætta á, að menn eða efni falli niður. Hallinn á aðalþaki hússins virðist af ljósmyndum að dæma hafa verið nokkur og af þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir liggja má ráða að hann hafi verið á bilinu 25 til 30 gráður. Því má ætla að nokkur fallhætta hafi verið fyrir hendi. Verður einnig að líta svo á, miðað við þær aðstæður sem virðast hafa verið á vettvangi og í ljósi þess, sbr. ummæli í lögregluskýrslu, að starfsmenn virðast hafa hoppað milli þaka, að verkpallur aftan við húsið hafi ekki dugað til að tryggja öryggi á verkstað til samræmis við áskilnað ákvæðisins.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur ekkert fram um öryggisbúnað á vettvangi, en í síðari yfirlýsingu frá lögreglunni dags. 5 júlí 2023, kemur fram að menn hafi verið í fallvarnarbúnaði, en aðeins tengdir í línu þegar komið var á aðalþakið. Virðist því sem fallvarnarbúnaður hafi verið til staðar, þó engin frekari gögn, s.s. ljósmyndir, liggi fyrir um það, þ.á.m. um gerð þess útbúnaðar eða aðgengi að honum. M byggir m.a. á því að fallvarnarbúnaður hafi ekki verið til staðar og að hann hafi ekki fengið fyrirmæli um að nota hann, og þá hafi reyndari starfsmenn ekki notað slíkan búnað. Verður að líta svo á að ef Vinnueftirlitið hefði rannsakað aðstæður þá hefði verið hægt að meta með skýrari hætti hvort aðstæður á verkstað hafi verið fullnægjandi að þessu leyti.

Þegar fallvarna er þörf verður einnig að telja að vinnuveitanda eða verkstjóra beri að tryggja notkun þeirra og ber vinnuveitandi einnig ábyrgð á þjálfun og fræðslu starfsmanna. Eins og áður segir byggir M m.a. á því að honum hafi ekki verið gefin tilmæli um notkun fallvarna við vinnu á þakinu en X heldur því fram að hann hafi sjálfur sýnt af sér gáleysi með því að fara ekki að fyrirmælum og nýta ekki þann búnað sem var til staðar. Í staðfestingu sem X sendi V vegna slyssins, dags. 25. mars 2024, kemur ítrekað fram að M hafi ekki verið ráðinn og engir samningar hafi verið gerðir við hann heldur hafi hann

verið í tveggja vikna prufu sem aðstoðarmaður smiðs. Sömu staðhæfingar eru settar fram af hálfu X í tilkynningu til Sjúkratrygginga dags. 10. október 2023. Rétt er að taka fram að slíkt fyrirkomulag girðir ekki fyrir það að starfsmenn njóti lögbundinna og kjarasamningsbundinna réttinda. Fyrir liggur að M hóf störf hjá X 1. maí 2023 og að teknu tilliti til hefðbundinna frídaga má því ætla að hann hafi starfað í um viku hjá X er slysið varð. Þá liggur fyrir að M var „aðstoðarmaður smiðs“ og liggur því ekkert fyrir um að hann hafi haft reynslu af sambærilegum störfum eða verið með viðeigandi iðnmenntun. Ekki liggja fyrir nein gögn frá X varðandi fyrirkomulag móttöku eða þjálfunar nýliða né liggja fyrir verklagsreglur eða áhættumat vegna umrædds verks. Er samkvæmt framansögðu ekki talið sýnt að M hafi sjálfur mátt gera sér grein fyrir mikilvægi fallvarna, sér í lagi að í ljósi þess sem fram kemur í lögregluskýrslu virðist sem aðrir starfsmenn á verkstað hafi ekki gætt nægilega að öryggisráðstöfunum, t.a.m. með því að hoppa milli þaka. Verður þá jafnframt að telja ósannað, gegn neitun M, að hann hafi fengið fyrirmæli um notkun öryggisbúnaðar.

Þar sem ætla má að rannsókn Vinnueftirlitsins, hefði hún farið fram, hefði varpað frekara ljósi á framangreint, er það mat nefndarinnar að rétt sé að X beri hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er varðandi aðstæður á slysstað. Er það því samkvæmt öllu framangreindu niðurstaða nefndarinnar að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 150/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Hestatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 25. júní 2025.

Málsatvik.
Í málskoti og málsgögnum kemur fram að hestur í eigu M slasaðist í mars 2024 við það að hann var sleginn af öðrum hesti. Strax í upphafi voru batahorfur óvissar en dýralæknir ákvað að láta reyna á læknismeðferð. Samkvæmt ráðleggingum hans átti hesturinn að fara í frí í 4-6 mánuði. M tilkynnti tjónið til V og fékk greiddar bætur vegna útlagðs sjúkrakostnaðar. Þrátt fyrir þá meðferð sem reynd var batnaði hestinum ekki og skv. vottorði dýralæknis, dags. 14. febrúar 2025, var hesturinn enn haltur er vottorðið var skrifað og jafnframt segir: „Greinilegt er að hesturinn er ekki hæfur sem reiðhestur, hvorki til léttrar reiðar né til afkasta. Ekki verður annað séð en að fella verði hestinn af dýraverndunar ástæðum.“ M tilkynnti þetta til V með tjónstilkynningu, dags. 14. mars 2025, og gerði kröfu um bætur úr líftryggingu hestsins. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað með vísan til ákvæðis skilmála tryggingarinnar þar sem fram kemur að bætur greiðist ekki ef hestur deyr eða aflífa þarf hann vegna helti.

M hafnar því að aflífa þurfi hestinn vegna helti. Orsök þess að aflífa þurfi hestinn sé vegna dýraverndunarsjónarmiða í kjölfar slyssins í mars 2024. Máli sínu til stuðnings vísar M til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 518/2012 og 297/2023.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji gögn málsins bera með sér að umrætt tilvik falli undir undanþáguákvæði b-liðar 6. gr. skilmála vátryggingarinnar þar sem helti er undanskilið. Ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að aflífa þurfi hestinn vegna helti. Slík tilvik falli utan við bótasvið skilmála vátryggingarinnar, jafnvel þótt sýnt væri fram á að tafarlaus aflífun hafi verið ráðlögð af dýralækni þar sem læknismeðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið. Hafnar V því einnig að mál nefndarinnar sem M vísar til í málskoti hafi fordæmisgildi í þessu máli.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að samkvæmt upplýsingaskjali um umþrætta vátryggingu á heimasíðu V komi fram að líftryggingin greiði bætur annars vegar ef hestur deyr af völdum slyss eða sjúkdóms og hins vegar ef aflífa þurfi hest vegna veikinda eða slysa að ráði dýralæknis. Tiltekið er þó að upptalningin sé ekki tæmandi. Mátti M sem almennur neytandi gera ráð fyrir að þau atriði sem talin eru upp á upplýsingaskjalinu séu nákvæm og rétt, sbr. t.a.m. 1. mgr. 36. gr. b laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Allan vafa ber að túlka neytanda í hag en mikið ójafnræði sé á samningsaðilum og hagsmunir M miklir. Til viðbótar hvíli víðtæk skylda til upplýsingagjafar til að veita M nægar upplýsingar þannig að hann geti tekið upplýsta ákvörðun um vátryggingaþörf sína. Þá áréttar M að af gögnum málsins megi ekki ráða að nokkurt efnislegt mat hafi farið fram af hálfu V vegna málsins. Í ljósi eðlis málsins og þeirra hagsmuna sem undir séu fyrir M hafi hann ekki þorað öðru en að halda hestinum á lífi þar til niðurstaða fengist í málið. Fordæmi séu fyrir því að vátryggingafélag hafi krafist þess að dýra læknir á vegum félagsins framkvæmi sjálfstæða rannsókn á slösuðum hesti áður en til greiðslu bóta kom. Muni M skila inn staðfestingu á aflífun áður en bætur yrðu greiddar. Að lokum áréttar M vísan sína til fyrri úrskurða nefndarinnar.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar V því að upplýsingarnar sem fram komi á umræddu upplýsingaskjali feli í sér skuldbindandi loforð eða sé ígildi samningsákvæða. Einnig hafnar V því að einhver óskýrleiki hafi verið fólginn í orðalagi skjalsins sem verði að skýra M í hag. Bendir V sérstaklega á að skilmálar séu aðgengilegir á vefsíðu V. M gat ekki dulist miðað við orðalag upplýsingaskjalsins að upptalningin væri ekki tæmandi og var M því í lófa lagið að kynna sér skilmála vátryggingarinnar nánar. Þá komi fram í viðbótarathugasemdum M að hesturinn hafi ekki verið

aflífaður, það sé því ljóst að skilyrði skilmála um tafarlausa aflífun sé ekki uppfyllt. Frá því dýralæknir ritaði vottorðið séu liðnir rúmlega fjórir mánuðir. Því sé ljóst að sá tími hljóti að falla utan við hugtakið „tafarlaust“.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort atvik vegna hests í eigu M falli undir gildissvið líftryggingar skv. 5. gr. skilmála hestatryggingar V eða hvort þau séu undanskilin skv. b-lið 6. gr. Samkvæmt a-lið 5. gr. greiðir félagið bætur ef hinn vátryggði hestur deyr af völdum sjúkdóms eða slyss. Í b-lið ákvæðisins segir að greiðsluskylda sé einnig fyrir hendi ef hestur er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni, enda bryti læknismeðferð í bága við dýraverndunarsjónarmið. Ljóst er að hestur M slasaðist í mars 2024 og var þá strax ljóst að batahorfur voru óvissar. Samkvæmt ráðleggingum dýralæknis var ákveðið að láta reyna á læknismeðferð og gefa hestinum 4–6 mánaða frí. Meðferð bar þó ekki árangur og í febrúar 2025 gaf dýralæknir út vottorð þess efnis að hesturinn væri ekki hæfur sem reiðhestur og að fella þyrfti hann af dýraverndunarástæðum. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað á grundvelli b-liðar 6. gr. skilmála, þar sem fram kemur að bætur greiðist ekki ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna helti. Um er að ræða hlutræna ábyrgðartakmörkun sem felur í sér að bótaréttur fellur niður ef dánarorsökin er helti, óháð því hvort orsök helti sé slys eða sjúkdómur. Af gögnum málsins verður ráðið að helti var viðvarandi einkenni hestsins allt frá slysinu og þegar ákvörðun um aflífun var tekin. Verður því að fallast á með V að um sé að ræða tilvik sem fellur undir undanþáguákvæði b-liðar 6. gr. skilmála tryggingarinnar. Þá verður að líta til þess að í 5. gr. skilmálanna er kveðið á um „tafarlausa“ aflífun að ráðleggingu dýralæknis. Ljóst er að aflífun hestsins hefur enn ekki farið fram. Að lokum verður að mati nefndarinnar ekki séð að upplýsingaskjal vátryggingarinnar hafi falið í sér skuldbindandi loforð eða verið í ósamræmi við 10. gr. laga um vátryggingasamninga. Þó ber vátryggingafélagi að gæta þess að staðlað upplýsingaskjal sé nákvæmt og ekki villandi, sbr. e-lið 2. mgr. 10. gr., en í þessu máli lágu skilmálar vátryggingarinnar jafnframt fyrir í heild sinni og voru aðgengilegir M við samningsgerð. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki rétt á bótum úr líftryggingu hestsins hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á líftryggingabótum úr hestatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 154/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Gildissvið vátryggingarskimála. Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. maí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðin A hafi tekið niður á hraðahindrun sem olli því að gat kom á olíupönnuna með þeim afleiðingum að smurolía lak skyndilega af vélinni og bifreiðin drap á sér, og að öllum líkindum sé hún úrbrædd. V hafi viðurkennt bótaskyldu úr kaskótryggingu A vegna skemmda á pönnunni en hafnað bótaskyldu vegna tjóns á vélinni. Byggi V á því að í skoðunarskýrslu verkstæðisins X komi fram að A hafi verið ekið eftir að hún rakst á hraðahindrunina, en ekkert slíkt komi fram í skýrslunni. Þar segi aðeins: „Gat á olíupönnu, mótor var olíulaus og mótor fastur. Tókum á mótor og hann losnaði. Held að þetta sé úrbræðsla á mótor fer þetta ekki á uppboð?“ Ekkert komi þá fram um það í tjónstilkynningu M að bifreiðinni hafi verið ekið eftir atvikið. Með vísan til skilmála V, sem þess utan séu einhliða samin skjöl sem túlka beri neytanda í hag sé vafi um merkingu þeirra, sé um að ræða bilun sem rekja megi til bótaskylds atburðar og hljóti bótaskylda því að vera fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að tjónstilkynning M hafi verið fremur innihaldsrýr og því hafi verið fengið mat og myndir af tjóninu frá verkstæðinu X. Af ljósmyndunum hafi, að mati sérfræðings ökutjónadeildar V, mátt ráða að A hefði verið ekið áfram eftir að tjón varð á olíupönnunni, enda hafi verið olíuslettur aftur með undirvagni A og vél hennar úrbrædd. Ekki sé ágreiningur um bótskyldu V vegna tjóns á olíupönnu enda sé slíkt tjón bótaskylt samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Hins vegar sé helsta tjónið úrbræðsla vélarinnar og ekki liggi fyrir hvenær það hafi átt sér stað eftir að tjón varð á pönnunni. Af fyrirliggjandi ljósmyndum megi þó greina að olíuslettur á undirvagni nái langt aftur fyrir gatið, og slíkt gerist ekki nema bifreið sé ekið áfram. Ella mundi olían leka beint niður eða örfáa sentimetra til hliðar. Sé það mat V að tjón á vél A megi rekja til þess að henni hafi verið ekið um ótilgreindan tíma með gat á olíupönnu. Hefði M því, um leið og hann varð þess var að högg kom á bifreiðina, átt að nema staðar og greina aðstæður og tjón á bifreiðinni. Hefði akstri A verið hætt samstundis hefði ekki komið til umrædds tjóns og verði því að rekja það til gáleysis M en ekki bótaskylds atburðar. Þar sem afleitt tjón á vélinni sé ekki að rekja til skyndilegs og óvænts tjónsatburðar beri því að hafna kröfu M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að þrátt fyrir að telja tjónstilkynningu hans innihaldslitla hafi V ekki kallað eftir neinum frekari skýringum eða gögnum frá honum. Af gögnum málsins virðist þá sem V hunsi álit X en byggi fremur á áliti ónafngreinds starfsmanns V. Höfnun V byggi þá á þeirri ályktun að þar sem olíuslettur séu á undirvagni langt aftan við olíupönnuna hljóti A að hafa verið ekið eftir að gat kom á pönnuna. A hafi verið dregin í burtu og við dráttinn hafi enn lekið olía af vél og pönnu. Í ljósi þess að A hafi verið á hreyfingu er hún var dregin og vindur var til staðar sé eðlilegt að olíudropar hafi borist aftur með undirvagni. Leggur M þá fram útreikninga og myndband því til stuðnings. Gat á olíupönnu sé bótaskyldur atburður og vélarbilunin sé bein afleiðing þess atburðar. Í skilmálum V komi fram að tjón vegna bilunar sé ekki bótaskylt nema það sé að rekja til bótaskylds atburðar. Sé sú raunin í þessu tilviki.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú afstaða að gögn málsins bendi til þess að A hafi verið ekið í ótilgreindan tíma þar til vél hennar bræddi úr sér. Vél bifreiðar bræði ekki úr sér um leið og högg verður á olíupönnu eða ef drepið er á bifreið og hún flutt af vettvangi í kjölfar slíks atviks. Hefði M hætt akstri samstundis hefði vélin verið ósköddud jafnvel þó olía hefði lekið af henni. Að mati sérfræðings V hefði því verið hægt að laga gatið og bæta olíu á vélina án þess að til frekara tjóns kæmi, hefði M hætt akstri

samstundis. Beri á grundvelli þess að hafna bótum vegna vélarinnar sem afleidds tjóns vegna bótaskylds atburðar.

Álit.

Ekki er í sjálfu sér ágreiningur um það að skyndilegt, utanaðkomandi atvik hafi leitt til tjóns á A og að það sem slíkt telist bótaskylt, sbr. gr. 4.1 viðeigandi skilmála. Aðila greinir hins vegar á um umfang þess tjóns sem megi rekja til atviksins og að hvaða leyti það teljist bótaskylt.

Að mati nefndarinnar verður einnig að líta svo á að tjón á olíupönnu A hafi leitt til þess að olía lak af bifreiðinni og vél hennar bræddi úr sér. Álitaefnið snýr hins vegar, að mati nefndarinnar, að því hvort sú bilun á bifreiðinni verði aðeins rakin til bótaskylds tjónsatviks, sbr. b) lið 5.1 gr. skilmálans eða til háttsemi M, þ.e. aksturs bifreiðarinnar, frá því að tjón varð á olíupönnunni og þar til umrædd bilun kom fram. Þar sem óumdeilt er að bótaskylt tjón varð á A, og að bilun kom fram í framhaldi þess, hvílir það að mati nefndarinnar á V að sýna fram á að umrædda bilun, þ.e. úrbræðslu vélarinnar, megi rekja til annarra atriða en umrædds tjóns.

Fyrirliggjandi er skoðunarskýrsla X. Þar kemur eins og áður segir fram að mótor hafi verið olíulaus og að verkstæðisstarfsmaður telji að um úrbræðslu á vél sé að ræða. Utan ljósmynda sem sýna m.a. gat á undirvagni bifreiðarinnar og olíudropa á honum liggja ekki nein frekari gögn fyrir nefndinni um skoðun á bifreiðinni eða ástand hennar.

V byggir á því að af ljósmyndunum megi, samkvæmt mati sérfræðings ökutækjadeildar V, ráða að A hefði verið ekið áfram eftir að gat kom á olíupönnu hennar. Er það mat nánar rökstutt með því að ella hefðu olíuslettur á undirvagni ekki náð svo aftarlega sem ráða megi af ljósmyndunum. Hefði bifreiðinni ekki verið ekið eftir tjónið hefði olían þannig lekið beint niður eða droparnir dreifst í örfáa sentimetra frá gatinu. Engin umsögn eða skýrsla umrædds sérfræðings liggur þó fyrir nefndinni, né önnur gögn er sýni fram á hvaða ályktanir megi draga af dreifingu olíudropa um undirvagn bifreiðar. M hefur hins vegar lagt fram útreikninga um dreifingu olíudropa, sem hann telur renna stoðum undir það að olíudropar geti dreifst með þeim hætti sem raunin varð þegar bifreið er dregin. Hefur þeim útreikningum ekki verið hnekkt.

Þá byggir V á því að vél bifreiðar bræði ekki úr sér um leið og gat kemur á olíupönnu heldur sé hægt að aka bifreið einhverja vegalengd þar til ekki er nóg olía til að smyrja vél hennar í akstri. Því bendi gögn málsins til þess að M hafi ekið A um ótilgreindan tíma eftir að tjón varð á olíupönnu hennar. Engin frekari gögn, s.s. umfjöllun um afleiðingar tjóns á olíupönnu, skýrsla eða yfirlýsing sérfræðings í bifreiðaviðgerðum, eru lögð fram framangreindu til stuðnings.

Sem fyrr segir er eina faglega matið á A sem liggur fyrir nefndinni skoðunarskýrsla X. Ekki er í henni að finna neina umfjöllun eða vangaveltur um hvort bifreiðinni hafi verið ekið í kjölfar þess að gat kom á olíupönnu hennar.

Af öllu framansögðu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er það því mat hennar að ekki sé sýnt fram á annað en að tjón á A, þ.e. gat á olíupönnu og eftirfarandi úrbræðsla á vél hennar, sé að rekja til bótaskylds atviks í skilningi skilmála kaskótryggingar A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna úrbræðslu á vél hennar.

Reykjavík, 10. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 155/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. júní 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. júlí 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, lenti M í umferðarslysi hinn 24. júní 2023 þegar hann missti stjórn á bifreið sinni, A, á Grænásbraut í Reykjanesbæ, með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum og hafnaði á steyptum vegg um 70 metrum frá veginum. Af gögnum málsins verður ráðið að M tjáði sjúkraflutningamönnum á vettvangi að hann hafi ekið um 60 km/klst þegar slysið varð. Í samskiptaseðli HSS var skráður ökuhraði „rúmlega 50 km/klst“. Í skýrslu lögreglu kvöldið eftir sagði M að hann muni ekki hversu hratt hann hafi ekið. Þrjú vitni, vinafólk M, sem sáu slysið, lýstu því að bifreiðin hafi ekki verið á mikilli ferð þegar stjórn hennar tapaðist. M sótti bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V. Með bréfi, dags. 14. júní 2024, tilkynnti V að bótaréttur M væri skertur um helming á þeim grundvelli að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Vísaði V til til hraðaútreiknings í skýrslu Aðstoðar og öryggis (PC-Crash), þar sem fram kemur að hraði bifreiðarinnar hafi verið 97 km/klst. þegar hún lenti á veggnum.

M mótmælir þeirri niðurstöðu. Hann vísar til þess að engin gögn bendi til þess að hann hafi ekið á tvöföldum leyfðum hámarkshraða, eins og byggt er á í skýrslu Aðstoðar og öryggis ehf. (PC-Crash), og bendir á að skýrslan sé einhliða aflað að beiðni V og í andstöðu við framburð vitna og hans sjálfs. Gildi slíkra skýrslna sé umdeilt enda sé þeirra yfirleitt aflað einhliða líkt og í þessu tilviki. Þrátt fyrir að M hafi talið að hann hafi ekið 10 km/klst yfir hámarkshraða þennan dag geti það eitt og sér ekki leitt til þess að hann sé sviptur rétti til bóta á þeim grundvelli að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða, án þess að annað og meira komi til, eða afgerandi gögn liggi því til grundvallar. V hafi bent á að fremri hjólbarðar hafi verið talsvert slitnir, ekki liggi þó fyrir nein rannsókn á bifreiðinni sjálfri og því óvarlegt að draga víðtækar ályktanir af meintu sliti fremri hjólbarða. Hann hafi hvorki verið sektaður né sviptur ökurétti í kjölfar slyssins. Þá hafi hann hvorki verið undir áhrifum áfengis né fíkniefna og ekkert í akstursskilyrðum bent til gáleysis af hans hálfu. M telur að slysið verði fremur rakið til óhapps eða hugsanlegs ástands bifreiðar, en ekki ólögmæts ökuhraða. Hann vísar til fordæma úr úrskurðarnefnd vátryggingamála og dómstóla þar sem ekki var talið að ökuhraði einn og sér, án annarra atriða, réttlætti skerðingu á bótarétti.

V byggir á því að M hafi ekið A á miklum hraða þegar slysið varð. Þrátt fyrir framburð M um að hann hafi ekið á 50 – 60 km/klst og framburð vitna, sem allir séu vinir hans, telur V að sú frásögn samræmist ekki gögnum málsins. Bifreiðin hafi farið 70 metra frá því M missti stjórn á bifreiðinni þar til hún hafnaði á steyptum vegg, án þess að M hafi hemlað. Með hliðsjón af því hafi V óskað eftir PC-crash skýrslu þar sem ökuhraði M var metinn um 97 km/klst, eða nær tvöfaldur leyfilegur hámarkshraði á vettvangi sem var 50 km/klst. V telur niðurstöður skýrslunnar trúverðugar og í samræmi við sönnunargögn þ.e. lögregluskýrslu og ljósmyndir af vettvangi. Að mati V var ekki um að ræða óhapp heldur afleiðingu verulegs hraðaksturs í bága við 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá bendir V á að hjólbúnaður bifreiðarinnar hafi verið mjög lélegur og ekki í samræmi við lögmælta kröfu, sbr. 69. gr. umferðarlaga. Þetta hafi aukið hættuna og stuðlað að því að M gat ekki stöðvað bifreiðina. V hafnar því að það hafi þýðingu að lögregla hafi ekki rannsakað hraðann frekar og vísar til þess að V hafi sérstaklega óskað eftir frekari rannsókn vegna gruns um tvöfaldan hámarkshraða. Að mati V leiði öll gögn málsins til þeirrar niðurstöðu að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og réttlæti það helmingsskerðingu á bótarétti hans samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M þeirri afstöðu V að lögregla hafi ekki rannsakað slysið nægilega vel og bendir á að nærtækasta skýringin sé sú að hún hafi einfaldlega ekki talið tilefni til frekari rannsóknar þar sem ekkert benti til ofsaaksturs. Þá áréttar M að vitni hafi verið áminnt um vitnaábyrgð og að framburður þeirra sé samhljóma um að hraðinn hafi ekki verið mikill. M hafnar því að ástand hjólbúnaðar hafi átt þátt í slysinu, enda liggi engin rannsókn fyrir á bifreiðinni og aðeins skráð að framhjólbarðar hafi verið talsvert slitnir. Þá mótmælir M því að PC-Crash skýrslan hafi fullt sönnunargildi þar sem hennar hafi verið einhliða aflað, byggist á líkindareikningi og sé í andstöðu við framburð vitna. Vísar hann til úrskurða nefndarinnar og dóma Hæstaréttar þar sem ekki var fallist á skerðingu bóta í sambærilegum tilvikum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um helming vegna háttsemi M. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. vsl. má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við sakarmatið skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig.

Í því atviki sem hér um ræðir var M hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna. Samkvæmt framburði hans sjálfs og vitna, sem gáfu skýrslur hjá lögreglu, var hann ekki á miklum hraða þegar slysið varð. Í samskiptum við sjúkraflutningamenn taldi hann sig hafa ekið á um 60 km/klst og í samskiptaseðli HSS er hraðinn skráður rúmlega 50 km/klst. Vitnin voru öll samhljóða um að bifreiðin hefði ekki verið á miklum hraða. Lögregla ákvað ekki að rannsaka málið frekar og M var hvorki sektaður né sviptur ökuréttindum í kjölfar slyssins. Nefndin telur að leggja verði heildstætt mat á gögn málsins. PC-Crash skýrslan, sem aflað var einhliða af V, er byggð á líkindareikningi og á matskenndum forsendum, m.a. um viðnámsstuðul vegar og ástand bifreiðar. Slík skýrsla getur haft vísindalegt gildi en verður ekki lögð til grundvallar sem óyggjandi sönnun ef hún er í andstöðu við framburð vitna á vettvangi og samtímagögn, eins og í þessu máli. Vitni voru áminnt um vitnaábyrgð og gáfu samhljóða framburð. Þá liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að þau hafi sérstaka hagsmuni af því að gefa ranga frásögn. Þá er ljóst að lögregla taldi ekki ástæðu til að hefja frekari rannsókn eða beita viðurlögum vegna hraðaksturs, sem verður að hafa nokkurt vægi við matið. Hvað varðar ástand hjólabúnaðar verður ekki séð að fyrirliggjandi gögn, þar sem aðeins er vísað til þess að framhjólbarðar hafi verið „talsvert slitnir“, geti leitt til þeirrar ályktunar að það eitt og sér sýni fram á stórkostlegt gáleysi. Með vísan til alls framangreinds telur nefndin að ekki hafi verið sýnt fram á með nægilegri vissu að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 90. gr. vsl. umrætt sinn. Því eru ekki forsendur til að skerða bótarétt hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 156/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. maí 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. maí 2025.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hamgærur hafi fundist í fasteign M, þær hafi komist inn og náð að breiða úr sér í eldhúsinnréttingu. Vegna þessa hafi M þurft að farga matvælum, teppum og fleiru, auk þess sem taka hafi þurft niður sökkul og bak á einum skáp eldhúsinnréttingar. M telji að um ófyrirsjáanlegt, skyndilegt og utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða sem leitt hafi til tjóns hans. Því sé um bótaskylt tjón úr innbúskaskótryggingu hans hjá V að ræða. Málskoti fylgja þá ljósmyndir af aðstæðum og tölvupóstur frá meindýraeyði sem kom á vettvang. Í honum segir „Þessar hambjöllur koma að utanverðu og valda tjóni á matvælum ef ekki er eitrað fyrir þeim. Þá getur vel verið að þetta sé bótaskylt."

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum vátryggingarinnar séu, í stafliðum a-m, talin upp þau tjónstilvik sem vátryggingin taki til. Tilvikið sem hér sé til skoðunar falli ekki undir neinn þeirra stafliða. Komi þá til skoðunar hvort tjón M sé bótaskylt úr innbúskaskótryggingarlið vátryggingarinnar en sá liður taki til tjóns á vátryggðum lausafjármunum af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að um hafi verið að ræða óvæntan og skyndilegan atburð, og komi ekkert fram um það í fyrirliggjandi upplýsingum frá meindýraeyði. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann telji að um skyndilegan utanaðkomandi atburð og óhappatilvik sé að ræða. Þá sé ekki hægt að koma í veg fyrir tjón af þessu tagi þar sem hamgærur geti t.a.m. borist inn á heimili með aðkeyptum matvælum.

Álit.
Sönnunarbyrði þess að tjón hans megi rekja til bótaskylds atviks í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála hvílir á M. Ágreiningslaust virðist með aðilum að ekki hafi verið um að ræða tjónsatvik sem falli undir almennt vátryggingarsvið innbústryggingar sbr. stafliði a-m í skilmálum hennar. M er einnig með í gildi valkvæða innbúskaskótryggingu hjá V en hún tekur til tjóns á vátryggðum lausafjármunum af völdum „skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks". Samkvæmt framansögðu hvílir á M að sýna fram á að þau skilyrði séu uppfyllt.

Gögn málsins eru takmörkuð hvað varðar tjónsatvikið sem slíkt. Af fyrirliggjandi tölvupósti meindýraeyðis sem kom á vettvang liggur fyrir að um utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða. Hins vegar liggur ekkert frekar fyrir um t.a.m. fjölda dýra, hve lengi megi ætla að hamgærur hafi hafst við í fasteign M eða önnur gögn er renni stoðum undir það að um skyndilegt atvik í skilningi skilmálans hafi verið að ræða. Gegn mótmælum V telst því ekki sýnt fram á að fyrrgreind skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt og af því verður M að bera hallann.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 157/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. júlí 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að 20. nóvember 2024 hafi hitaelement vegna blásara frostsprungið með tilheyrandi vatnsleka í húsnæði M. Fyrr um daginn hafi starfsmaður X skrúfað fyrir heitavatnsinntakið til þess að hreinsa síu en ekki gætt þess að slökkva á blásarasamstæðu með þeim afleiðingum að kalt útiloft fór í gegnum hitaelementið með fyrrgreindum afleiðingum. M telur að orsök tjónsins geti einnig verið sú að hitaelementið fór að leka vegna yfirþrýstings þegar starfsmaður X hleypti aftur vatni á húsnæðið. M telur orsökina vera fyrirvaralausa lokun á heitu vatni af hálfu X sama dag, án tilkynningar til húseigenda, þvert á eigin reglur og loforð. Ef M hefði verið látinn vita hefði verið brugðist við og ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að tjón yrði vegna lokunar á heitavatnsinntakinu. Hefði starfsmaður X farið eftir leiðbeiningum, hefði ekkert tjón orðið. Þá vísar M til laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, reglugerðar nr. 488/2021 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 6/2021 máli sínu til stuðnings.

V hafnar bótaskyldu og bendir á eigandi í iðnaðarbili við hlið iðnaðarbils M hafi kvartað undan þrýstingsleysi á heita vatninu og óskaði eftir hreinsun á síunni. þegar starfsmaður X kom á vettvang, hafi m.a. starfsmenn leigutaka hjá M verið á staðnum og gerðu enga athugasemd við að lokað yrði fyrir heitavatnsinntakið. Töluverð óhreinindi voru í síunni og þurfti að skola hana vel. Stóð vinnan yfir í hálftíma og hleypti starfsmaður X svo vatninu á húseignina rólega og samkvæmt hefðbundnu verklagi. Vísar V til þess að orsök tjónsins sé ósönnuð. Engin gögn hafi verið lögð fram í málinu sem staðfesti orsök þess að hitaelementið bilaði. Af fyrirliggjandi gögnum sé ekki talið sannað að tjón á húseign M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 sé það á ábyrgð eiganda að komið sé upp búnaði til að grípa inn í ef viðkomandi hitakerfi þolir illa rekstrarstöðvun. Að lokum bendir V á að samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna undanþiggur hitaveitan sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til rekstrarstöðvana, frosts, bilana, þrýstibreytinga, takmarkana á afhendingu heits vatns eða annarra óviðráðanlegra atvika. að bilunin hafi verið ófyrirsjáanleg. Lögnin hafi verið í eðlilegu ástandi miðað við aldur, án skráðra bilana, og engin mistök starfsmanna séu sönnuð.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að sandur hafi borist í heitavatnslagnir í hverfinu, meðal annars í heimalögn hússins, og að X hafi daginn eftir tjónsatburð þurft að skola sand úr lögnum. Að hans mati hefði átt að tilkynna húseigendum og notendum um þessa hættu og minnkandi vatnsþrýsting svo gera mætti fyrirbyggjandi ráðstafanir. M bendir á að lokunin hafi verið framkvæmd af starfsmanni X í húsnæði hans án þess að hann eða ábyrgðaraðili væri viðstaddur, að hitaelementið hafi ekki bilað heldur verið eyðilagt af lokuninni, og að verklag X samræmist hvorki byggingarreglugerð né leiðbeiningum fagaðila. Þá vísar hann til úrskurðar nr. 6/2021 sem hann telur sambærilegan og gagnrýnir að sama verklag hafi verið endurtekið daginn eftir án þess að húseiganda væri tilkynnt.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að til þess að bótaréttur stofnist úr ábyrgðartryggingu X þurfi m að sanna að tjón hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi hans. Ítrekað er að farið var eftir hefðbundnu verklagi. Það sé á ábyrgð húseiganda að tryggja búnað gagnvart rekstrarstöðvun, sbr. reglugerð nr. 488/2021. V hafnar því að sandur í síum stafi eingöngu af bilunum í lögnum. Ekki sé vitað til þess að bilun hafi valdið sandi í lögnum umrætt sinn. Telur V að úrskurður nr. 6/2021 eigi ekki við þar sem málsatvik hafi verið allt önnur.

Álit.
Ágreiningur aðila lýtur að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á fasteign M í nóvember 2024 þegar hitaelement í blásara sprakk af völdum frosts með tilheyrandi vatnsleka og tjóni á húsnæði M. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að heita vatnið sjálft hafi verið haldið ágalla í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Ekki verður því byggt á skaðsemisábyrgð í málinu. Til þess að X beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þarf M að sýna fram á saknæma háttsemi eða vanrækslu af hans hálfu. Af gögnum málsins verður ráðið að starfmaður X lokaði fyrir heitt vatn í tengslum við síuhreinsun í húsnæði M að beiðni annars húseiganda. Ekki liggur fyrir að sú lokun hafi verið framkvæmd í andstöðu við viðurkenndar verklagsreglur eða með þeim hætti að hún teljist óforsvaranleg miðað við aðstæður. Þá liggur ekki fyrir að X hafi haft vitneskju um eða átt að gera sér grein fyrir því að búnaður í húsnæðinu væri sérstaklega viðkvæmur fyrir stuttri vatnslokun eða að frosthætta væri slík að sérstakar ráðstafanir væru nauðsynlegar. Loks er ósannað hvað nákvæmlega olli því að hitaelementið bilaði og fór að leka. Með vísan til framangreinds verður ekki talið sannað að tjón á fasteign M verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ber því að hafna kröfu um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 160/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila 1(V1)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn varnaraðila 2 (V2)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar. Slys í vinnu eða frítíma

Gögn.

1. Málskot M móttekið 8. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags 15. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 16. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags 27. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir V1, dags 28. maí 2025.

Málsatvik

Í málskoti kemur fram að ágreiningur beinist að tveimur vátryggingafélögum. Annars vegar höfnun V2 á rétti M til bóta úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar M og hins vegar skerðingu V1 á rétti M til bóta úr slysatryggingu launþega X. Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að M hafi verið stödd á hóteli á vegna verkefnis á vegum vinnuveitanda. Verkefnið fól í sér þátttöku starfsfólks í vinnustofum út á landi. Vegna þessa var ætlast til þess að starfsfólkið dveldi á hóteli yfir helgi og útvegaði vinnuveitandinn hótelgistinguna, mat, drykk o.fl. Að loknum kvöldverði með samstarfsfólki sínu, 20. september 2023, hélt M upp á hótelherbergi. Hún fór í sturtu og ætlaði að ganga út á pall sem var út frá hótelherberginu er hún rann á pallinum og skall með höfuðið í jörðina. Ekki er ágreiningur um að M hlaut höfuðáverka við fallið, nokkuð sem hefur haft verulegar afleiðingar á hennar daglega líf. Samkvæmt gögnum málsins var slysið tilkynnt til V1 og V2 þann 4. september 2024, þ.e. tæpu ári eftir slys. Í tilkynningum til V1 og V2 upplýsir M að áfengi hafi verið haft um hönd það kvöld sem slysið átti sér stað. Þann 5. september hafnar V1 skráningu slysins sem vinnuslys en skráir það sem frítímaslys. Þann 23. september hafnaði V2 bótaskyldu úr frítímaslysatryggingu M á þeim grundvelli að um vinnuslys hafi verið að ræða og vísaði til greinar 6.1.2. í kjarasamningi þar sem fram kemur að slysatrygging launþega gildi í ferðum á vegum vinnuveitenda. Þann 7. október 2024 ítrekar V1 þá afstöðu félagsins að það teldi ekki að um vinnuslys hafi verið að ræða heldur frítímaslys en að starfsmenn X séu tryggðir í frítíma sínum í samræmi við ákvæði 6.1.11 í viðeigandi kjarasamningi. V1 gerði þá einnig fyrirvara um að til skoðunar komi að skerða eða fella niður bætur úr tryggingunni, sbr. grein 26.1.-26.2 í almennum skilmála V1, sem var í gildi á slysdegi og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þar sem málskotsaðili hefði að eigin sögn verið undir áhrifum áfengis þegar slysið átti sé stað. Ágreiningur málsins í hnotskurn snúist um hvort um sé að ræða vinnuslys eða frítímaslys og hins vegar hvort ölvun M teljist orsök eða meðorsök slyssins þannig að skerða beri eða fella niður bætur í samræmi við framangreind ákvæði. Gögn svo sem fyrsta koma til læknis skorti og að því geti V1 ekki tekið afstöðu til mögulegrar skerðingar eða niðurfellingar bóta sökum ölvunar. Að mati M er ómögulegt að afstaða beggja vátryggingafélaga geti staðist. Aðallega er þess krafist af hálfu M að viðurkenndur verði réttur M til fullra og óskertra bóta úr slysatryggingu launþega X sem tekin var hjá V1. Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr frítímaslysatryggingu M hjá V2. Í viðbótarathugasemdum M, dags. 27. maí 2025, er fyrirvara V1 vegna ölvunar mótmælt sem of seint fram komnum sbr. 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá lagði M fram læknisfræðileg gögn sem lýsa komu M á Heilbrigðisstofnun morguninn eftir slysið. Þá voru einnig lögð fram samskipti M við umrætt hótel þar sem hún gerir athugasemd við atvikaskráningu hótelsins á slysinu. Í þeim samskiptum segir M að svo virðist sem hún renni á verönd hótelherbergisins eins og fótunum hafi verið kippt undan henni og lendir með höfuðið á þröskuldinum þar sem var blóðugt far, hún hafi dottið aftur fyrir sig og velti fyrir sér hvort það hafi verið einhver motta eða slíkt á veröndinni sem geri pallinn staman en hún hafi verið berfætt. Hún segist hafa drukkið um kvöldið en ekki hafa verið drukkin. M telur fyrirvara V1 um að skerða eða fella niður bætur úr tryggingunni vegna ölvunar ekki halda út frá því einu að M hafi hakað við að hafa haft áfengi um hönd í tjónstilkynningu.

Í viðbótarathugasemdum V1, dags. 28. maí 2025, er fyrri afstaða félagsins ítrekuð. Þá telur V1 að viðbótargögnin styðji enn frekar það mat V1 að um frítímaslys hafi verið að ræða og að ölvunarástand hafi verið hluti af orsök slyssins. Telur V1 því rétt að skerða skuli bætur M um 1/3 sökum ölvunar.

Álit

Meginspurningin sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er beðin um að svara er hvort hér sé um að ræða slys á vinnutíma eða slys í frítíma. Nefndin er einnig beðin um afstöðu til þess hvort skerðing sökum ölvunar eigi og hvort hún hafi verið sett fram of seint af hálfu V1, þ.e. þann 7. október 2024. Að mati nefndarinnar er fyrirvari um skerðingu sökum ölvunar ekki of seint fram kominn. En þá skal vikið að hinum tveimur spurningunum. Kjarasamningur sá er við á um slys M tryggir það launafólk, sem samningurinn tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar (grein 6.1.1) Þá segir í grein 6.1.2. að vátrygging gildi í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum vinnuveitanda. Engin takmörk eru sett á gildi slysatryggingar í ferðum á vegum vinnuveitanda í kjarasamningi. Í slysatryggingu launþega sem X er með hjá V1 segir einnig að félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum vátryggingartaka enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi sem tekur til vátryggðs. Almennur skilmáli V1 segir að ef tjónsatburður verði rakinn til stórkostlegs gáleysis losni félagið úr ábyrgð sinni í heild eða hluta og að í líf- og heilsutryggingum gildi þetta einnig ef afleiðingar tjónsatburðar verði meiri en ella vegna stórkostlegs gáleysis tryggðs. Við mat á ábyrgð skuli líta til sakar tryggðs, hvernig tjónsatburð bar að, hvort tryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þá er rétti vátryggingafélags til þess að lækka eða skerða ábyrgð sína lýst með sama hætti í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga auk þess sem minnst er á heimild vátryggingafélags til takmörkunar ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Að mati nefndarinnar er ákvæði kjarasamnings og slysatryggingar launþega X orðuð á þann hátt að vátrygging gildi í ferðum innanlands sem utan án þess að tryggingin sé takmörkuð frekar. Ekki er því unnt að komast að annarri niðurstöðu en að hér sé um vinnuslys að ræða. Þá liggur ekki fyrir niðurstaða blóðrannsóknar um áfengismagn í blóði M á slystíma né morguninn eftir þó svo að læknisfræðileg gögn tiltaki að blóðsýni hafi verið tekið morguninn eftir. V1 hafi því ekki sannað stórkostlegt gáleysi M sem leitt geti til skerðingar gegn orðum hennar sjálfrar sem segist ekki hafa verið drukkin þrátt fyrir að hafa neytt áfengis um kvöldið.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu launþega X sem tekin var hjá V1 vegna vinnuslyss sem hún varð fyrir þann 20. september 2023.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 164/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging sveitarfélags.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 26. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2025.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón varð á ökutæki M 19. mars 2025. Tildrög þess voru þau að er ekið var yfir brunnlok opnaðist það með þeim afleiðingum að tjón varð á afturdekki og felgu. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Í málskotinu kemur fram að í framhaldi af tjóninu hafi verið skipt um umrætt lok og brunn sem M telur að hafi augljóslega ekki verið í lagi.
Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 26. júní 2025, er skaðabótakröfu M hafnað. Bendir V m.a. á að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum X hafi þeir ekki fengið upplýsingar um að eitthvað kynni að vera ábótavant við brunnlokið fyrr en eftir tjón M. Þá er jafnframt bent á að umrætt brunnlok eigi almennt að endast í 30-50 ár og að það hafi ekki verið komið á aldur er tjónið varð. V telur því að M hafi ekki tekist að sanna að tjón M megi rekja til athafna eða athafnaleysis sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.
Í viðbótarathugasemdum M, dags. 30. júní 2025, eru m.a. færð þau rök að tjónið hafi átt sér stað í iðnaðarhverfi þar sem reikna megi með umferð þungra ökutækja. Telur M því að ástæða hefði verið fyrir X að láta fylgjast betur með umræddu loki en raunin hafi verið.

Álit.
Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari, svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Við mat á bótaskyldu samkvæmt þessari bótareglu ber sá sem krefst bóta sönnunarbyrði um að tjón megi rekja til gáleysis veghaldara. Í því felst að leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að viðhald eða merkingar vegar hafi verið ábótavant. Í þessu tilviki liggja ekki fyrir upplýsingar sem benda til þess að starfsmenn X hafi fyrir tjón M vitað af því að eitthvað kynni að vera að umræddu brunnloki án þess að bregðast þegar í stað við. Með vísan til framangreinds verður talið að M verði að bera hallann af sönnunarskorti um að tjónið verði rakið til saknæms athafnarleysis eða athafna sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 167/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að M hafi, hinn 28. október 2024, komið að eldhúsi sínu þar sem vatn draup úr lofti. Lekinn hafi komið úr rafmagnsdós sem var í lofti eldhússins en hún var ekki tengd við neitt ljós. Á þessum tíma hafi íbúi á efri hæð verið búinn að selja eignina og stóð hún tóm þar sem nýir eigendur höfðu ekki enn flutt inn. Hringdi M í nýja eigandann sem kom skömmu síðar og hleypti honum inn. Í ljós kom leki frá vatnskrana í eldhúsi sem áður hafði verið tengdur við uppþvottavél. Eldhúsið var allt flísalagt nema undir eldhúsinnréttingunni og hafði vatnið fyllt allt það svæði sem ekki var flísalagt. Skrúfaði M fyrir kranann og stoppaði lekinn þá um leið. Hafði íbúðin staðið tóm í um sex daga, eða allt frá því hún seldist og ljóst að kraninn hafði staðið óþéttur í tæpa viku. Tryggingafélag M greiddi kostnað vegna tjónsins hjá M að frádreginni sjálfsábyrgð að fjárhæð kr. 80.000. Hefur M gert kröfu um bætur sem nema þeirri fjárhæð úr ábyrgðartryggingu X, fyrri eiganda íbúðar efri hæðar hússins. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað á þeim grundvelli að ábyrgðartrygging X hafi runnið út 24. október 2024. Íbúðin hafði verið afhent 21. október og hafi nýr eigandi þá þegar tilkynnt um leka frá krana sem X hafi látið skipta um daginn eftir, eða 22. október. Telur M ljóst að lekið hafi strax aftur eftir að skipt hafi verið um krana. Ekkert hafi verið að krananum, heldur hafi ekki verið nógu vel skrúfað fyrir hann. Hann sé enn í notkun hjá nýjum eigendum. Einungis hafi dropað úr honum en í ljósi þess að dropað hafði í sex daga hafi vatnið náð að fylla svæði undir innréttingunni og valdið í kjölfarið tjóni á fasteign M. Leggur M fram vitnisframburði máli sínu til stuðnings frá nýjum eiganda íbúðarinnar og sambýlismanni sem bæði hafi komið að tjóninu á sama tíma og M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi fengið þær upplýsingar frá X að hún hafi afhent lykla að íbúðinni þann 21. október 2024. Uppþvottavélin hafi verið tekin úr sambandi sama dag en það hafi ekki gleymst að skrúfa fyrir kranann. Nýr eigandi hafi hringt í X og látið hana vita að það dropaði úr krananum yfir nótt og hafi X fengið aðila til að laga kranann daginn eftir afhendingu, eða þann 22. október 2024. Lekinn sem olli tjóni M átti sér hins vegar stað þann 28. október 2024. Af gögnum málsins verði ekki ráðið hvort umræddur krani hafi bilað eða verið skilinn eftir opinn. Því séu ekki forsendur til að fella þá hlutlægu ábyrgð á X sem felst í 3. tölul. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús en skilyrði fyrir beitingu þess ákvæðis er að um bilun sé að ræða. Við mat á því hvort tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu X verði að líta til þess að nýr eigandi hafi látið hana vita að það dropaði úr krananum en X hafi brugðist við með því að senda aðila á staðinn strax daginn eftir til að stöðva lekann. Ekki hafi verið sýnt fram á að tjón hafi hlotist af í það sinn. Þá vísar V til þess að vitnaframburðir séu frá nýjum eiganda efri hæðar og sambýlismanni sem bæði hafi hagsmuna að gæta í málinu, þ.e. ef lekinn skyldi hafa átt sér stað eftir að eignin var afhent.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að X aftengdi uppþvottavél í eldhúsi sínu án þess að ganga tryggilega frá vatnslokun, sem leiddi síðar til leka. Þrátt fyrir að viðgerð hafi verið framkvæmd daginn eftir hafi orðið tjón á eign M sex dögum síðar, eða þann 28. október 2024. Það bendi annaðhvort til ófullnægjandi viðgerðar eða gáleysis við meðferð á krananum. Minnir M á að tjónsins varð vart 28. október en lekinn hafi ekki endilega hafist þá. Þá mótmælir M því sem óstaðfestu að einhver annar hafi gert við kranann eða að kaupandi íbúðarinnar hafi gert athugasemdir við lekavandamál.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til fyrirliggjandi skoðunarskýrslu þar sem fram komi að tjónið hafi átt sér stað 28. október 2024 og að orsök tjónsins sé leki frá krana uppþvottavélar á efri hæð. M hafi ekki sýnt sannanlega fram á að tjónið megi rekja til atvika sem áttu sér stað fyrir það tímamark. Ítrekar V að X afhenti nýjum eiganda húseignina, og þar með áhættuna af henni, þann 21. október 2024, og að tryggingin hafi verið felld úr gildi 24. október 2024. M hafi frá upphafi haldið því fram að tjónið megi rekja til þess að ekki hafi verið skrúfað nógu vel fyrir, en ekki að um bilun hafi verið að ræða. Því sé ekki grundvöllur fyrir þeirri hlutlægu skaðabótaábyrgð sem felist í 3. tölul. 1. mgr. 51. gr. laga um fjöleignarhús. Ábyrgð vegna mistaka við meðferð og viðhald verði aðeins reist á sakargrundvelli, en þá þurfi að sýna sannanlega fram á m.a. að mistök hafi verið gerð, hver gerði þau og hvenær, sem M hefur ekki sýnt fram á.

Álit.

Óumdeilt er að vatnstjón varð á íbúð M hinn 28. október 2024 og að það megi rekja til leka frá krana uppþvottavélar á efri hæð hússins. Fyrir nefndinni gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X, fyrrum eiganda efri hæðarinnar, vegna eigin áhættu sem hann þurfti að greiða tryggingafélagi sínu vegna tjónsins. Óumdeilt er einnig að X flutti út úr íbúð sinni hinn 21. október og að fasteignatrygging hafi verið felld úr gildi hjá V hinn 24. október 2024.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er eigandi séreignar ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af:

1. Vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar og lögnum.
2. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
3. Bilun á búnaði séreignar og lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt.

Af hálfu V er því hafnað sem ósönnuðu að X hafi gert mistök við meðferð séreignar og viðhald hennar, þ.e. að hún hafi ekki skrúfað nægilega fyrir kranann og að það sé orsök tjónsins. Þá hafnar V því einnig að bilun hafi átt sér stað. Að mati nefndarinnar liggur ekki fyrir skýr sönnun um það hvort tjónið stafaði af mistökum X við að ganga ekki tryggilega frá krananum eða af bilun á honum í kjölfar þess að uppþvottavél var aftengd. Hvort sem um mistök eða bilun var að ræða fellur tjónið undir ábyrgðarreglu 1. mgr. 51. gr. laga um fjöleignarhús. Þótt tjónið hafi komið í ljós 28. október verður að leggja til grundvallar að orsökin hafi verið til staðar áður og að minnsta kosti innan þess 14 daga tímamarks sem 1. mgr. 40. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 mælir fyrir um. Í athugasemdum við 40. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum 30/2004 segir að ekki sé tekið afdráttarlaust afstöðu til þess hvenær eigendaskipti teljist hafa átt sér stað, þar sem hæpið sé að setja slíkar reglur í lögum um vátryggingasamninga. Við mat á því ber að líta til fasteignakaupalaga nr. 40/2002, þar sem kveðið er á um að áhættan af fasteign færist yfir á kaupanda við afhendingu, sbr. 12. gr. þeirra laga. Þar sem afhending fór fram 21. október 2024 verður að miða við það tímamark.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi á grundvelli 1. mgr. 51. gr. laga um fjöleignarhús, rétt á bótum að fjárhæð kr. 80.000 úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum sem nema kr. 80.000 úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 168/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign í eigu M meðan hún var erlendis, en við heimkomuna hafi eitt herbergi í aukaíbúð sem fylgi fasteigninni verið „gjörsamlega á floti“. Eftir margra vikna bið hafi komið skýrsla frá skoðunarmanni á vegum V sem hafi talið að lekinn kæmi líklega frá skólplögnum. Umræddur skoðunarmaður hafi verið einn á ferð, ekki með nein tæki eða tól og ekki rannsakað neitt. Hafi M því keypt myndun á rörunum til að meta hvaðan lekinn kæmi og hafi þá komið í ljós að hann stafaði frá eldhúsvaski en ekki skólplögnum. Hafi kostnaður við viðgerðir numið rúmlega tveimur milljónum króna og sé M með reikninga fyrir þeirri fjárhæð. Eftir að M hafi tilkynnt V um uppruna lekans hafi V boðið bætur úr fasteignatryggingu M hjá V að fjárhæð 350.000 kr. Sé M alls ekki sátt við þau málalok. Sé um langvarandi leka að ræða þá hafi viðbrögð V stuðlað að honum enda hafi léleg vinnubrögð þess tafið viðbrögð um margar vikur.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að tilkynning vegna tjónsins hafi borist V 11. apríl 2024. Hafi V reynt að senda verktaka á vettvang en erfitt hafi verið fyrir þá aðila að komast inn í fasteignina þar sem M hafi ýmist ekki svarað símtölum eða ekki staðið við loforð um að hleypa verktökum inn. Hinn 6. maí 2024 hafi verið framkvæmd skoðun en niðurstaða hennar hafi verið sú að umrætt rými í fasteigninni var mjög illa farið vegna langvarandi vatns- og rakaskemmda. Þá hafi uppruni tjónsins verið óljós en líklega hafi myndast stífla í klóaki. Þá hafi verið um langvarandi leka að ræða en ekki skyndilegt og óvænt vatnstjón sem sé bótaskylt samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Síðar hafi M sent skýrslu þess efnis að orsök tjónsins mætti rekja til þess að lögn frá eldhúsi hefði dregist úr lögn í útvegg. Þrátt fyrir það sé afstaða V óbreytt enda verði tjónið rakið til langvarandi leka sem ekki falli undir trygginguna. Þrátt fyrir það hafi V boðið M bætur að fjárhæð 350.000 kr., án viðurkenningar á bótaskyldu, en sú fjárhæð taki mið af því hvað hefði kostað að gera við umrætt tjón hefði strax verið gripið til aðgerða.

Álit.

Samkvæmt meginreglum vátryggingaréttar hvílir það á vátryggðum, þ.e. M, að sýna fram á að tjón hafi orðið, orsök þess og umfang.

Gögn um umrætt tjón eru af afar skornum skammti fyrir nefndinni. Þannig liggja fyrir ljósmyndir af umræddu rými, sem sýna m.a. töluverðar myglu- og rakaskemmdir og ljósmyndir af aðstæðum eftir að komist hafði verið fyrir lekann. Einnig liggja fyrir reikningar vegna útlagðs kostnaðar M, að fjárhæð u.þ.b. tvær milljónir króna svo og skoðunarskýrsla þess aðila sem V sendi á vettvang. Engin frekari gögn, s.s. skýrsla pípulagningarmeistara, um tjónsatvikið sem slíkt eða umfang tjóns vegna þess, liggja hins vegar fyrir.

Samkvæmt skilmálum umræddrar vátryggingar eru greiddar bætur vegna tjóns sem verður vegna vökva sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Tjón sem stafar af langvarandi raka eða vatnsleka og myglu eða sveppagróðri er hins vegar ekki bætt.

Nú virðist í sjálfu sér ágreiningslaust með aðilum að upphaflega orsök tjónsins sé að rekja til leka úr tengingu frárennslislagnar eldhúsvasks við aðra lögn í útvegg. Verður að telja, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að slíkt tjón geti fallið undir það að vera ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur leki úr frárennslislögn og því bótaskylt samkvæmt framangreindu skilmálaákvæði.

Í skoðunarskýrslu þess aðila sem V lét framkvæma skoðun á fasteigninni segir m.a. að rýmið sé illa farið og hefði átt að vera búið að grípa inn í miklu fyrr. Segir þá að slípa þurfi alla steinfleti en annað byggingarefni sé ónýtt og þurfi að farga því. Af ljósmyndum má einnig ráða að mikil mygla hafi

myndast, og má m.a. greina svarta flekki í parketi og þar sem gólfefni og veggir mætast. Þau takmörkuðu gögn sem fyrir nefndinni liggja benda því til þess að kostnaður M vegna úrbóta hafi að miklu leyti komið til vegna skemmda sem er að rekja til langvarandi leka og myglu.

Þar sem M hefur ekki lagt fram nein gögn er hnekki framangreindu verður að mati nefndarinnar að telja ósannað að hún eigi frekari rétt til bóta en V hefur þegar boðist til að greiða.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 169/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Heimilistrygging.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið í eigu M hinn 14. júní 2024 er kerra fauk á hlið bifreiðarinnar. Sonur M hafi fengið bifreiðina lánaða til að fara til Vestmannaeyja með fjölskyldu sinni og leigði fjölskyldan húsnæði í eigu X. Bifreið M var umræddan dag lagt í bílastæði fyrir utan bílskýli hússins og er þau komu að bifreiðinni um morguninn hafi bílkerra X fokið og runnið á bifreiðina. Að mati M hafi X ekki gengið nægjanlega vel frá kerrunni enda fauk hún um nóttina á bifreiðina. M tilkynnti tjónið til V sem með hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að réttilega hafi verið gegnið frá kerrunni. Því sé saknæmi ekki til staðar. M mótmælir lýsingum og málsástæðum V. Augljóst sé að ekki hafi verið nægilega vel gengið frá kerrunni enda hefði hún annars ekki fokið og/eða runnið í hlið bifreiðarinnar sem var réttilega lagður í bílastæði fyrir framan bílskýli hússins sem húseigandi var að leigja út. Skortur á frágangi verði að teljast saknæm háttsemi enda sé það almenn vitneskja að kerrur þurfi að binda niður eða festa á tryggilegan hátt til að forðast tjón. Hafi það augljóslega ekki verið gert í þessu tilviki.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að leitað hafi verið eftir upplýsingum frá X um málið. Að hans sögn hafi kerran verið austan vegin við bílastæðið þegar hún fauk og verið í um tvo metra frá bifreiðastæðinu. Hafi X gengið frá kerrunni með því að setja nefhjólið ekki niður til þess að tryggja að hún færðist ekki úr stað þar sem viðnám sé meira ef nefhjólið sé ekki sett niður. Hafði kerran verið á þeim stað er hún var á frá því snemma um vorið milli þess að hún var notuð fyrir heimilið. Hafði hann jafnframt geymt kerruna á þeim stað er hún var á þegar hún fauk oft áður og hafði hún aldrei fokið áður. Þegar vindhraði sé skoðaður hafi hann mælst hæst 20 m/s á þeirri veðurathugunarstöð sem næst sé tjónsstað. Var því töluverður vindur á þessum tíma en ekki óveður. Hafi X því ekki mátt vita að veðrið gæti valdið því að kerran gæti fokið úr stað og þá sérstaklega í ljósi þess að kerran hafði verið geymd á þeim stað sem hún var á í langan tíma án þess að hafa fokið. Telur V því ósannað að tjónið á bifreiðinni verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann geti borið skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að X hafi getað tryggt að kerran væri kyrfilega fest niður svo hún myndi ekki fjúka. Þá bendir M á að V gefi til kynna að kerran hafi oft fokið áður og því hætti X að vera áhættan að fullu ljós. Þá vísar M til þess að þann 4. júní 2025 hafi verið mikið hvassviðri í Vestmannaeyjum og hafi X borið að gæta þess sérstaklega vel með hliðsjón af aðstæðum að umrædd kerra og aðrir lausamunir væru kyrfilega fest til að koma í veg fyrir tjón.

Í viðbótarathugasemdum V er á það bent að í athugasemdum sínum hafi ekki komið fram að kerran hafi oft fokið áður, heldur þvert á móti, hafi X oft geymt kerruna á þeim stað er hún var á þegar hún fauk og hafði hún aldrei fokið áður. Meðal annars hafi hún verið á umræddum stað þegar óveðrið gekk yfir Vestmannaeyjar þann 4. júní 2025 og fauk kerran þá ekki úr stað.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á bifreið M 14. júní 2024 þegar kerra í eigu X fauk og rann á hlið bifreiðarinnar. M byggir kröfu sína á því að X hafi ekki gengið nægilega vel frá kerrunni, enda sé það almenn vitneskja að slíkur búnaður þurfi að vera tryggilega festur til að koma í veg fyrir tjón. Til þess að X beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þarf að sýna fram á saknæma háttsemi eða vanrækslu af hálfu hans, og hvílir sönnunarbyrðin þar um á M. Af

fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að frágangur kerrunnar hafi verið með þeim hætti að telja megi hann bersýnilega ótryggan eða í andstöðu við þær kröfur sem gera má til eðlilegrar aðgæslu við þær aðstæður sem voru umrætt sinn. Þótt vindhraði hafi verið talsverður, liggur ekki fyrir að X hafi haft sérstaka ástæðu til að ætla að hann gæti valdið því að kerran hreyfðist, sérstaklega í ljósi þess að hún hafði verið geymd á sama stað um langt skeið, þar á meðal í miklu hvassviðri 4. júní 2025, án þess að fjúka. Þá liggur ekki fyrir þyngd kerrunnar, sem gæti haft þýðingu við mat á því hvort X mátti gera ráð fyrir að hún gæti fokið við þær aðstæður sem voru fyrir hendi á tjónsdegi. Er því ekki sýnt fram á að saknæm háttsemi X hafi leitt til umrædds tjóns. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson0 Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 170/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

4. Málskot móttekið 15. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
1. Athugasemdir V1, dags. 26. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 3. júní 2025, ásamt fylgiskjölum..
4. Viðbótarathugasemdir V1, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaganna kemur fram að 29. apríl 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A og B á bifreiðastæði við verslunarmiðstöð. Þar kemur einnig fram að ökumaður B kveðst hafa ekið á bifreiðastæðinu og verið að leita að auðum stöðureit þegar A hafi skyndilega verið ekið af stað úr stöðureit og á B. Ökumaður A byggir á því að sú bifreið hafi verið kyrrstæð í stöðureit og með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri og út af bifreiðarstæði. Kveðst ökumaðurinn hafa litið til vinstri til að athuga með umferð og ekki séð neina bifreið og því ekið af stað. Þá hafi orðið árekstur milli A og B. Niðurstaða tjónanefndar varð sú að ökumanni A hafi borið að veita allri umferð um bifreiðarstæðið forgang við akstur úr stöðureit. Var því öll sök sett á A.

Í málskoti kemur fram að M sem er eigandi A er ósammála niðurstöðu tjónanefndar. Dóttir M ók A í umrætt sinn. Gerir M þær kröfur fyrir nefndinni að öll sök í málinu verði lögð á ökumann B. Byggir M kröfu sína m.a. á þeim rökum að B hafi á umræddum tíma komið akandi frá vinstri á töluverðri ferð og beygt snögglega fyrir A sem hafi á sama tíma ekið varlega út úr stæði með akstursstefnu beint áfram. Um hafi verið að ræða opið bílastæði með töluverðri umferð og því mikilvægt að virða hægri rétt, nokkuð sem B hafi ekki gert. Í því sambandi bendir M á, með vísan í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að engin skilti eða aðra merkingar hafi bent til þess að aðrar reglur en almennur hægri réttur hafi gilt á árekstrarstað. Bendir M á að í framangreindu ákvæði umferðarlaga komi fram að þegar ökumenn stefni svo að leiðir þeirra skerist á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Telur M því að ökumanni B, sem hafi verið kunnur staðháttum á bílastæðinu, hafi borið að virða hægri réttinn og veita A forgang. Það hafi hann hins vegar ekki gert og beri því alla sök á árekstrinum.

A var ábyrgðartryggð hjá V1. Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 26. maí 2025, er á því byggt með vísan í framburð ökumanna og tjónaskýrslu frá Aðstoð og Öryggi (A&Ö) að ljóst sé að áreksturinn hafi átt sér stað á bifreiðastæði þar sem stöðureitur og akbraut skerast. Því telur V1 ljóst að A hafi ekki verið komið langt út úr stöðureitnum og ökumanni A því borið að gæta varúðar er ekið var af stað úr kyrrstöðu skv. 2. mgr. 20. gr. umferðalaga nr. 77/2019. Telur V1 að ökumaður A hafi ekki sýnt næga varúð er hann ók af stað þar sem hann segist ekki hafa séð B í aðdraganda árekstursins sem hafi orðið í sömu mund og A var ekið áfram. Hvað háttsemi ökumanns B varðar þá bendir V1 á að þar sem A hafi verið ekið úr kyrrstöðu frá stöðureit við umrætt horn verði að telja að hægriréttarregla hafi ekki átt við, enda hafi A ekki verið ekið um akbraut í aðdraganda árekstrar þannig að akstursleið ökutækjanna hafi skorist. Vísar V1 í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 380/2016 máli sínu til frekari stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 1. júní 2025, er m.a. á því byggt, með vísan í örvar um akstursstefnu á bifreiðastæðinu og skilti um að innakstur væri bannaður inn á stæðið, að B hafi verið óheimilt að taka vinstri beygju í umrætt sinn. Þá telur M að A hafi þegar verið lögð á stað úr stöðureit er B var beygt til vinstri með þeim afleiðingum að B var ekið á A. Bendi ummerki og skemmdir á bilunum eindregið til þess að B hafi beinlínis verið sveigt í veg fyrir A.

Í viðbótarathugasemdum V1, dags 10. júní 2025, eru færð þau rök að hinar umræddu aksturleiðir sem M hafi bent á í viðbótarathugasemdum sínum, séu ráðgefandi og hafi því ekki þýðingu eins og umferðarmerki með einstefnu.

B var ábyrgðartryggði hjá V2. Í athugasemdum V2 til nefndarinnar, dags. 3. júní 2025, kemur fram að félagið telur að leggja eigi alla sök á A. Því til stuðnings er m.a. bent á að í skýrslu A&Ö sé hvergi minnst á að ökumaður B hafi ekið hratt í aðdraganda áreksturs. Það sé því ósannað. Þá hafnar V2 því að 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eigi við því akstursleið A og B hafi ekki skorist. Annars vegar hafi verið um að ræða akstursstefnu B á bifreiðstæði og hins vegar akstur A úr kyrrstöðu úr stöðureit. Tekur V2 að gögn málsins staðfesti að ekkert liggi fyrir í málinu sem bendi til þess að tjónsatvikið verði að einhverfu leyti rakið til háttsemi ökumanns B. Ríkar kröfur séu gerðar til ökumanna sem aka af stað úr kyrrstöðu. Því hafi ökumanni A borið að veita annarri umferð um bifreiðastæðið forgang. Telur V2 því að ökumaður A hafi gerst brotlegur við hátternisreglu 1. mgr. 4. gr. umferðalaga nr. 77/2019.

Álit.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga segir að áður en ökumaður ekur af stað frá vegbrún skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Nefndin telur að gögn málsins sýni að bifreiðinni B var ekið eftir bifreiðastæði og beygt til hægri með fyrirhugaða akstursstefnu meðfram stöðureitum á bifreiðastæðinu. Telur nefndin að gögn málsin bendi ekki til þess að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B hafi ekki virt forgangsreglu 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga í umrætt sinn. Hins vegar telur nefndin að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð áður en ekið var úr kyrrstöðu. Ber ökumaður A því alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 2.september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 172/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 5. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. júlí 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að skemmdir urðu á innkeyrslu við heimili M 21. febrúar 2025 og að V hafi fallist á að bæta tjónið úr ábyrgðartryggingu ökutækis í eigu X. Hins vegar telur V, með vísan í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, að M þurfi að bera 1/3 af tjóninu sjálfur vegna meðábyrgðar.

Í málskoti kemur fram að M telji ekki forsendur til að skerða bætur með framangreindum hætti. Byggir M á að því að þau rök V að undirlag innkeyrslunnar hafi ekki verið nægjanlega sterkt standist ekki enda hafi bæði orðið tjón á eldri og nýrri hluta innkeyrslunnar. Telur M einnig sannað að undirlag eldri hluta innkeyrslunnar sé í samræmi við kröfur og að innkeyrslan hefði þolað álagið ef ekki hefði komið til afbrigðilegt og ámælisvært aksturslag tjónvalds. M byggir því á því að tjónið hefði orðið hvernig sem undirlagið hefði verið. Til viðbótar bendir M á að X hafi viðurkennt að bera ábyrgð á tjóninu. M fer því fram á það í málskoti að nefndin endurskoði framangreinda skerðingu V. Ekki verður hins vegar séð af gögnum málsins að M geri athugasemdir við mat V á umfangi tjónsins, ef frá er talið þá ákvörðun að skerða bæturnar.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 5. júlí 2025, er m.a. bent á að á fyrirliggjandi myndum af innkeyrslunni sem hafi fylgt með tjónstilkynningu megi sjá að annar hluti hennar sé nýrri en hinn og að á nýrri hlutanum hafi verið þunnt lag af möl ofan á jarðvegsdúki sem liggi ofan á blautum jarðvegi. Djúp hjólför séu á nýrri hlutanum en minni háttar ummerki á eldri hlutanum. Þá kemur fram að 24. mars 2025 hafi V fengið nánari upplýsingar frá M um að við gerð innkeyrslunnar hafi 10 – 50 cm. af jarðvegi verið fjarlægður, þjappað það sem undir var og að lokum lagður jarðvegsdúkur og 10 cm. af möl ofan á. Þessu til viðbótar upplýsir V að 26. mars 2025 hafi farið fram skoðun tjónamatsmanns á þeirra vegum á staðnum. Hafi sú skoðun staðfest að undir mölinni hafi einungis verið jarðvegsdúkur og mold án burðarlags eða þjöppunar. Byggir félagið á því að ef M hefði staðið réttilega að gerð innkeyrslunnar, þ.e. unnið í samræmi við góðar venjur, s.s. með því að setja þjappa undirlagi úr blöndu af grófum og fínum jarðefnum undir jarðvegsdúkinn, hefði tjónið sennilega ekki átt sér stað eða hefði a.m.k. orðið minna en raunin varð. Telur V að meta verði framangreint sem gáleysi M með þeim afleiðingum, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, að réttlætanlegt sé að M beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur. V bendir m.a. einnig á að þó X hafi tekið á sig ábyrgð á tjóninu þýði það ekki að V geti ekki borið framangreind rök fyrir sig gagnvart M. Fer V því fram á að nefndin staðfesti að heimilt hafi verið að lækka bætur til M um 1/3. Tekur V jafnframt fram að fram það telji að M hafi ekki sýnt fram á að tjón hans sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt vegna tjónsins.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 8. júlí 2025, eru mótmæli gegn skerðingu bóta ítrekuð og bent á að það sé V að sanna að skilyrði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 séu uppfyllt, nokkuð sem ekki hafi tekist. Þá byggir M m.a. á að innkeyrslan hafi verið gerð í samræmi við góðar venjur fyrir heimahús. Er fullyrt að við það verk hafi verið fjarlægður allt að 50 cm jarðvegur, jarðvegur þjappaður, jarðvegsdúkur lagður og um 10 cm af möl sett ofan á. Þá áréttar M að tjón hafi bæði orðið á nýja og gamla hluta innkeyrslunnar. Byggir M á því að eldri hlutinn hafi staðið af sér sambærilega notkun (akstur) frá árinu 2013. Vill M meina að það sanni að skemmdirnar stafi ekki af frágangi innkeyrslunnar.

Í ódagsettum viðbótarathugasemdum V, er m.a. bent á að fyrirliggjandi skoðunarskýrsla sýni fram á gáleysi M, enda komi þar fram að burðarlag hafi vantað í innkeyrsluna. Þá áréttar V að í umsögn M, dags. 24. mars 2025, komi fram að við vinnu að stækkun innkeyrslunnar hafi verið teknir 10-50 cm af jarðvegi. Hvað varðar rök M um fyrri umferð um innkeyrsluna þá bendir V á að nýi hlutinn sé frá 2024. Hvað fjárhæð bóta varðar þá bendir V á að það sé M að sýna fram á umfang tjóns síns. Í því sambandi ítrekar V þá skoðun að M hafi ekki sýnt fram að tjón hans sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem þegar hafi verið greidd.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur um að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V. Ágreiningur er hins vegar um það hvort V hafi annars vegar verið heimilt að skerða bætur til M um 1/3, skv. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, og hins vegar hvort það liggi fyrir sönnun þess að tjón M sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt.

Hvað varðar fyrra ágreiningsefnið þá er það V að sýna fram á að framangreind skilyrði séu uppfyllt og því réttlætanlegt að skerða bætur til M. Nefndin telur að V hafi tekist sú sönnun. Í því sambandi bendir nefndin m.a. á að þó fyrirliggjandi skoðunarskýrsla sé vissulega unnin að undirlagi og af starfsmanni V styðja fyrirliggjandi ljósmyndir og upplýsingar frá M um að við vinnu við nýja hluta innkeyrsluna hafi verið teknir 10-50 cm af jarðvegi, þá skýringu sem í skýrslunni er gefin á orsökum tjónsins. Þá liggur fyrir að af hálfu M hafa ekki verið lögð fram nein önnur gögn um hvernig staðið var að vinnunni en frásögn frá M sjálfum.

Hvað seinna ágreiningsefnið varðar þá telur nefndin að M hafi ekki lagt fram nein þau gögn sem sýnt gætu fram á að tjón hans, án tillits til framangreinds ágreinings um heimild til frádráttar eða ekki, hafi numið hærri fjárhæð en þeirri sem V hefur þegar greitt í bætur.

Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V en þegar hafa verið greiddar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis í eigu X hjá V.

Reykjavík, 27.ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 173/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Vátryggingarsamningur. Innbúsverðmæti. Þarfagreining.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 26. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. júní 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum þannig lýst að brunatjón hafi orðið á heimili M 1. nóvember 2024. Meðal annars hafi orðið altjón á innbúi og við uppgjör á því tjóni hafi komið í ljós að skráð verðmæti innbús samkvæmt vátryggingarskírteini frá V væri langt frá raunverulegu verðmæti. Byggir M málatilbúnað sinn á því að þegar vátryggingin var upphaflega tekin hjá V hafi félaginu borið að leiðbeina M um mikilvægi þess að innbústrygging endurspeglaði raunverulegt vermæti innbús. Telur M að fyrirliggjandi gögn um samskipti við töku tryggingarinnar sýni fram á að V hafi ekki staðið undir þeim skyldum. Ekki hafi því verið staðið rétt að gerð vátryggingarsamningsins í upphafi, nokkuð sem leitt hafi til þess að M telur sig ekki hafa fengið tjón sitt að fullu bætt. M telur því liggja fyrir að altjón hafi orðið á innbúinu og að hann eigi rétt á að V bæti það tjón að fullu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 26. maí 2025, kemur fram að M hafi fyrst keypt tryggingu hjá félaginu 1. mars 2021 og að hann hafi áður verð með sambærilega tryggingu, þar með talið sambærilegar vátryggingafjárhæðir, hjá öðru tryggingafélagi. Áður en framangreind trygging hafi tekið gildi hafi V sent M tilboð í tryggingar hans þar sem hafi verið að finna allar upplýsingar um iðgjöld, innbúsverðmæti og vátryggingarfjárhæð. Það hafi því komið skýrt fram í því tilboði að verðmæti innbús væri 3 milljónir króna. Þá bendir M á að árið 2021, eftir að trygging M tók gildi, hafi nokkrar breytingar verið gerðar á þeim ákvæðum laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sem snúa að ráðgjöf við tryggingartöku. Þegar trygging M hjá V hafi tekið gildi hafi því löggjöfin verið með þeim hætti að V hafi ekki verið skylt að veita ráðgjöf áður en vátryggingarsamningurinn við M var gerður. Í því sambandi telur V að hafa beri í huga að í tilviki trygginga M hafi verið um að ræða einfalt atriði, þ.e. verðmæti innbús. Það verði því að miða við að M hafi haft til þess fulla getu að skilja vátryggingartilboðið og efni vátryggingarsamningsins. M hafi samþykkt tilboðið án athugasemda og V í kjölfarið gefið út vátryggingarskírteini. Þá hafi M fengið afrit af vátryggingarskírteini þar sem vátryggingarfjáhæðin hafi komið fram. Sú hafi einnig verð raunin við seinni endurnýjanir á tryggingunni. Bendir V á að eðli málsins samkvæmt sé það á ábyrgð M að fara yfir vátryggingartilboðið og tryggingar sínar og taka afstöðu til þess hvort verðmæti innbús hafi e.t.v. verið umfram þrjár milljónir og hvort nauðsynlegt hafi því verið að hækka þá fjárhæð. Með vísan í framangreint hafnar V því þeirri fullyrðingu M að félagið hafi brotið lög við útgáfu tryggingarinnar eða borið skylda til að veita M ráðgjöf varðandi verðmæti innbúsins.

Auk framangreinds bendir V á að þó M byggi á því að tjónið á innbúinu hafi verið verulega hærra er skráð verðmæti innbúsins á tjónsdegi gaf til kynna, séu fyrirliggjandi gögn um umfang tjónsins af skornum skammti. Þannig hafi M ekki lagt fram nein gögn um umfang tjónsins. V telur því ósannað í málinu að verðmæti innbúsins á tjónsdegi hafi verið meira en sem nemur vátryggingarfjárhæðinni, þ.e. krónur 3.731.138. M hafi því ekki tekist að sanna að tjón hans sé umfram þá fjárhæð og eigi því ekki rétt að frekari bótum en sem nemur þeirri fjárhæð.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 5. júní 2025, eru fyrri rök ítrekuð. Jafnframt er m.a. bent á að V hafi haft samband við M á vormánuðum 2025 til að vekja athygli á því að hann væri undirtryggður. Þykir M þetta sérkennilegt þar sem V haldi því einnig fram að ábyrgð félagsins hafi ekki verið fyrir hendi þar sem M hafi samþykkt tilboðið án athugasemda. Að lokum er áréttað að M telur að það hafi verið skylda V að upplýsa M um þá raunverulegu vátryggingaþörf sem byggi á þekkingu og reynslu sérfræðinga

félagsins. Þá liggi fyrir að V hafi enga þarfagreiningu gert hvorki í upphafi né við endurnýjanir vátryggingarsamningsins.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 12. júní 2025, eru fyrri rök ítrekuð og m.a. lögð áhersla á að félagið hafi gefið út sambærilega tryggingu og M hafði áður hjá öðru tryggingafélagi og að M hafi verið meðvitaður um þetta. Þá hafi vátryggingafjárhæðin og verðmæti innbús komið fram í tilboði og tilboðið verið kynnt M. Auk þessa hafi vátryggingarfjárhæðin komið fram við endurnýjun tryggingarinnar. Þá tekur V sérstaklega fram að félagið hafi sl. vor sent fjölpóst á alla þá aðila sem voru með innbústryggingar þar sem vátryggingafjárhæðin var undir tilteknum mörkum. Hafi M verið einn þeirra sem fékk slíkan fjölpóst. Það sé hins vegar í höndum þeirra sem slíkan póst fá að meta hvort þeir telji sig þurfa að hækka vátryggingarfjárhæð innbús. Að lokum bendir V á að ábyrgð félagsins geti aldrei orðið hærri en sem nemur vátryggingarfjárhæð skírteinisins, sbr. 17. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Þá geti nefndin ekki ákvarðað hærri bætur en samkvæmt þeim vátryggingarsamningi sem var í gildi. Félagið hafi því greitt hámarksbætur samkvæmt vátryggingarsamningnum og því ljóst að bætur geti ekki orðið hærri.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að V greiddi M bætur vegna tjóns á innbúi af völdum bruna sem nemur vátryggingarfjárhæð þeirri sem um gat í vátryggingarsamningi, þ.e. krónur 3.731.138. Ágreiningur er hins vegar um það hvort M eigi rétt á frekari bótum úr tryggingunni. M byggir á því að sú sé raunin þar sem V hafi vanrækt að leiðbeina honum þegar vátryggingarfjárhæð fyrir innbú var ákveðin við gildistöku tryggingarinnar. M telur hins vegar að M eigi ekki rétt á frekari bótum. Í því sambandi tekur V fram að félaginu hafi ekki borið að veita M frekari ráðgjöf við töku tryggingarinnar en veitt var. Auk þess telur V að M hafi ekki tekist að sýna fram á að innbústjón hans sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd var í bætur.

Komið hefur fram að fjölskyldutrygging M hjá V tók gildi 1. mars 2021 og að hún kom í stað sambærilegrar tryggingar, þar með talið sambærilegar vatryggingafjárhæðir, sem M hafi áður verið með hjá öðru tryggingarfélagi. Á þessum tíma sagði eftirfarandi um þarfagreiningu í þágildandi 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga:

> Áður en vátryggingarsamningur er gerður skal dreifingaraðili vátrygginga skilgreina kröfur og þarfir vátryggingartaka á grundvelli upplýsinga frá honum sjálfum. Upplýsingar um mögulega vátryggingarsamninga skulu vera hlutlausar og í samræmi við þarfir vátryggingartaka og á því formi sem gerir vátryggingartaka kleift að taka upplýsta ákvörðun.
>
> Ef ráðgjöf er veitt áður en vátryggingarsamningur er gerður skal dreifingaraðili vátrygginga veita vátryggingartaka persónulega ráðgjöf og útskýra hvers vegna tiltekin vátrygging hentar best þörfum hans. Þarfagreiningin skal taka mið af eðli vátryggingarinnar sem mælt er með og þekkingu vátryggingartaka á vátryggingunni.

Nefndin fellst á það með V, með vísan í framangreind ákvæði, að þegar horft er til þeirrar tryggingar sem um var að ræða í umrætt sinn hafi félaginu ekki verið skylt að upplýsa M frekar um ákvörðun vátryggingarfjárhæðar vegna innbús, en raunin var. Hér er í raun um að ræða fremur einfalt atriði, þ.e. að ákveða verðmæti innbús, sem ætla verður að M hafi átt að geta gert sér grein fyrir sjálfur. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M eigi ekki rétt á frekari bótum vegna innbústjónsins en þeim sem V hefur þegar greitt

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum, úr tryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 174/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega og ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.
Vátryggingartaki (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Frávísun að hluta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. júní 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M krefjist fullra bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu X og slysatryggingu launþega vegna slyss sem hann hafi orðið fyrir við vinnu sína hjá X hinn 24. apríl 2023. M hafi verið að vinna við plöstunarvél og hafi flækt fingur í vélinni þegar hann var að skipta um plastfilmur í vélinni á milli vörutegunda. Lögregla og Vinnueftirlit voru kölluð til vegna slyssins. Í lögregluskýrslu dags. 26. apríl 2025 er haft eftir stjórnendum hjá X að umrædd vél sé notuð til að búa til plastpakkningar utan um matvæli, en hún límі saman plastrenning með plasthólfum og plast sem fari ofan á plasthólfin. M hafi verið að skipta úr gulu yfirplasti yfir í glært en hafi ekki slökkt á vélinni á meðan. Telji þeir því að hann hafi fylgt plastinu inn í vélina þar sem færanlegur járnstimpill skjótist upp og þrýstist að hitapönnu sem bræði plasthlutana saman. Telji þeir þá að M hafi lent með fingurna milli hitapönnunnar og járnstimpilsins. Afleiðingar þessa voru þær að M missti framan af tveimur fingrum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 26. apríl 2024, eru gerðar nokkrar athugasemdir við aðbúnað á vinnustaðnum. Segir þar að klemmihætta sé við pökkunarvél sem valdi slysahættu, og hlíf vanti framan við bita sem matvara fari undir og inn í vélina. Voru X gefin fyrirmæli um að útbúa vélar með hlífum eða öðrum viðeigandi búnaði til að koma í veg fyrir klemmihættu.

Í málskoti kemur þá fram að V hafi, með bréfi dags. 5. desember 2024, tilkynnt um að bótaréttur M úr slysatryggingu launþega yrði skertur um helming þar sem hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fylgja ekki verklagsreglum X við framkvæmd umrædds verks. Er því hafnað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, en sönnunarbyrði þess hvíli á V. X beri skylda til þess að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustað þannig að heilsu starfsfólks þess sé ekki hætta búin. Umrætt sinn hafi M verið að sinna því verki sem honum hafi verið falið, með þau áhöld og tæki sem hafi verið til reiðu. Hafi hann ekki haft ástæðu til annars en að ætla að umrætt tæki væri búið tilskildum öryggisbúnaði þannig að notkun þess hefði ekki hættu í för með sér. Verði meginorsök tjóns hans því rakin til vanbúnaðar á vélinni sem X beri ábyrgð á.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í stað þess að stöðva vélina og líma gula plastið á það glæra, eins og honum hafi verið kennt að gera, hafi M reynt að skipta um plast með vélina í gangi. Hafi M því stungið hendi sinni inn í pökkunarvél sem var í gangi, þrátt fyrir að hafa hlotið fræðslu og þjálfun um öryggisreglur og þær hættur sem í slíkri háttsemi felist. Hafi M með þessu stórkostlega gáleysi verið valdur að slysi sínu og því hafi V skert bótarétt hans úr slysatryggingu launþega um helming. Hvað varði kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X þá hafi krafa þess efnis ekki borist V áður og hún því ekki verið tekin til meðferðar þess. Er þess því krafist að þeirri kröfu verði vísað frá nefndinni.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað sem röngu og ósönnuðu að M hafi hlotið fræðslu eða þjálfun um öryggisreglur. Er þá ítrekað að umrædd vél hafi verið vanbúin líkt og fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins.

Álit.

Í málskoti er gerð krafa um annars vegar óskertar bætur úr slysatryggingu launþega og hins vegar bætur úr ábyrgðartryggingu X. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum er það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að varnaraðili hafi hafnað kröfu málskotsaðila eða að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því krafa og gögn vegna hennar bárust vátryggingafélagi. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að krafa hafi ekki verið gerð á hendur því um bætur úr ábyrgðartryggingu X. Þeirri staðhæfingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu M og liggja engin

gögn fyrir nefndinni er hnekki henni. Er kröfu M hvað varðar úrskurð um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X því vísað frá nefndinni.

Kemur þá til skoðunar hvort heimilt sé að skerða bætur úr slysatryggingu launþega á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. Í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 kemur fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Tildrög slyssins virðast að fullu upplýst og óumdeild, þ.e. að M hafi verið að skipta um plast í plöstunarvél, sem var í gangi og ekki búin viðeigandi hlífðarbúnaði, þegar fingur hans klemmdust í vélinni. Þá er óumdeilt að M hafi hafið störf hjá X í marsmánuði 2023, og hafði því aðeins verið við störf þar í 25-54 daga er slysið atvikaðist. Í bréfi V til lögmanns M, dags. 5. desember 2024, er þá eftirfarandi haft eftir stjórnanda hjá X hvað varðar þjálfun: „það er ákveðið verklag þegar skipt er um filmuna, vélin er stoppuð og filmur límdar saman. Þetta verklag er þó ekki til skriflegt en starfsmanni hafði verið kennt hvernig á að skipta um filmuna.“

Sönnunarbyrði þess að M hafi umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, svo skerðing bóta komi til álita, hvílir á V. Svo gáleysi teljist stórkostlegt þarf háttsemi M að hafa vikið í verulegum atriðum frá því sem ætlast mætti til af honum. Þegar litið er heildstætt til framangreindra þátta, þ.e. þess að M hafði nýlega hafið störf hjá X og ekkert liggur fyrir um reynslu hans af sambærilegum störfum, þess að lítið liggur fyrir um það hvernig þjálfun hans var háttað, þess að ekki liggur fyrir nefndinni skriflegt áhættumat eða verklagsreglur vegna umrædds verkþáttar, svo og þess að umrædd vél virðist hafa verið vanbúin á slysdegi, þ.e. verið hættulegri en M hafi e.t.v. getað gert sér grein fyrir, verður ekki talið að slík sönnun hafi tekist. Þrátt fyrir að hann hafi skipt um plast í vélinni meðan hún var í gangi telst sök M því ekki slík að skerðing bóta á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 sé heimil.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V. Kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 175/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 8. september 2023, varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X hinn 6. september það ár. Lögregla kom á vettvang og kemur fram í skýrslu hennar að starfsmenn X hafi verið að vinna við uppsetningu á einhvers konar hillulofti. Er haft eftir M og samstarfsmönnum hans að hann hafi verið einn að vinna við stálbita og skera hann með slípirokk utandyra. Kemur þá fram að engin hlífðarskífa hafi verið á slípirokknum né hafi hún verið sjáanleg í næsta nágrenni. Lýsti M atvikum svo að skífan í slípirokknum hefði „splúndrast“ þegar hann var að vinna með hann. X sendi Vinnueftirlitinu tilkynningu um slys M hinn 13. september 2023 og er atvikum lýst svo að M hafi verið að skera járnbita með slípirokk. Hann hafi verið að skipta um skurðarskífu í rokknum og verið að byrja að skera aftur þegar slysið var. Skífan hafi brotnað og skotist í hönd M við úlnlið og við það myndast skurður. Af læknisfræðilegum gögnum má ráða að M hafi orðið óvinnufær vegna slyssins og að samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð sérfræðings í bæklunar- og handaskurðlækningum sé varanleg læknisfræðileg örorka hans metin 20%.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að skera plötu sem var á stálsúlu með slípirokk þar sem platan hafi verið of stór. Umrætt verk hafi ekki verið venjubundið heldur hafi M verið að „redda málum“ vegna stærðar plötunnar. Hafi verkið verið unnið að beiðni yfirmanns og M notað þann búnað sem tiltækur var á vinnustaðnum. Slípirokkurinn hafi hins vegar ekki hentað vel til verksins, sér í lagi þar sem enginn hlífðarbúnaður var á honum. Við skurð á plötunni hafi skurðskífa slípirokksins brotnað og skotist í hönd M. M telur að slys hans megi rekja til vanbúnaðar á slípirokknum sem X beri ábyrgð á. Einfaldur búnaður, þ.e. öryggishlíf, hefði komið í veg fyrir slys hans. Slíkur búnaður hafi ekki verið fyrir hendi þegar M fékk slípirokkinn til afnota og hafi honum ekki staðið til boða önnur tól til að framkvæma umrætt verk. Verði að telja að X hafi, með því að láta M í té vanbúið tæki, brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem kveði á um skyldu atvinnurekenda til að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað og skyldu þeirra til að tryggja að vélar séu þannig úr garði gerðar að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Vísar M einnig til 5. gr. reglugerðar nr. 386/2006 um notkun tækja framangreindu til stuðnings, svo og gr. 2.8 í I. viðauka við reglugerðina en þar komi fram að þegar hætta sé á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys geti hlotist af skuli hafðar á þeim hlífar. Sé skaðabótaskylda því fyrir hendi. Mótmælir M því þá sérstaklega að hann hafi undirritað áhættumat vegna þessa verkþáttar tveimur dögum fyrir slys sitt. Hið rétta sé að hann hafi verið kallaður á fund eftir slysið í þeim tilgangi að undirrita áhættumat. Fái sú staðhæfing jafnframt stoð í fyrirmælum Vinnueftirlitsins eftir slysið en þar sé óskað eftir því að X sendi Vinnueftirlitinu uppfært áhættumat. Hefði umrætt áhættumat legið fyrir er slys M atvikaðist hefðu umrædd fyrirmæli ekki verið gefin. Þá verði að teljast ótrúverðugt að áhættumat sem taki til nákvæmlega þessa verks, sem ekki hafi verið venjubundið, hafi verið unnið tveimur dögum fyrir slys M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi verið að vinna við uppsetningu hillna og fengið slípirokk lánaðan hjá samstarfsfélaga sínum. M hafi skipt um blað í slípirokknum en ekki fest hlíf á hann áður en hann notaði hann til að skera stál. Við skurðinn hafi blaðið brotnað og skotist í framhandlegg M. Öllum starfsmönnum M sé kynnt áhættumat vegna starfa sinna og komi þar skýrt fram að þeir eigi að nota persónuhlífar við störf sín. M hafi einnig, tveimur dögum fyrir slysið, undirritað áhættumat vegna þess verks sem hann var að vinna er slysið varð. Í áhættumatinu sé einnig lögð áhersla á að fara varlega og nota hlífar á tækjum. Fullyrðingar um að M hafi ekki undirritað áhættumatið fyrr en eftir slysið séu fráleitar og ekki studdar neinu gögnum. Þá sé M menntaður bifvélavirki með langa starfsreynslu. Er slysið varð hafi hann unnið í sex mánuði hjá X, oft unnið með slípirokk og eigi að gera sér grein fyrir

þeirri hættu sem sé samfara því að nota slíkt tæki án hlífar. Hann hafi þrátt fyrir það ákveðið að nota slípirokkinn án hlífar og hafi það leitt til slyss hans. Hafi M talið öryggi sínu ógnað hafi honum borið skylda til að láta næstráðanda vita og krefjast úrbóta, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980. Í 27. gr. sömu laga komi þá fram að ef fjarlægja þurfi öryggishlífar vegna viðgerðar eða annars slíks skuli sá sem framkvæmir verkið umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar samsvarandi ráðstafanir að því loknu. Hafi M því, eftir að hann skipti um blað í slípirokknum, borið að setja hlíf á hann aftur. Eigi það jafnvel við þó engin hlíf hafi verið á tækinu er hann fékk það frá samstarfsmanni sínum. Af framangreindu sé ljóst að líkamstjón M verði ekki rakið til vanbúnaðar, saknæmra mistaka annarra starfsmanna, eða annarra atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Ekki er í sjálfu sér ágreiningur um aðdragandann að líkamstjóni M, þ.e. að hann hafi verið að vinna með slípirokk án öryggishlífar þegar skífa brotnaði og lenti í handlegg hans.

Meðal gagna fyrir nefndinni er áhættumat X vegna verkefnisins „hilluuppsetning“. Er það dagsett 4. september 2023 og ber það með sér að hafa verið undirritað af M. Þar kemur m.a. fram að hætta sé samfara því að fjarlægja vélarhlífar. M heldur því fram að hann hafi ekki séð eða undirritað umrætt áhættumat fyrr en eftir að slysið átti sér stað. Sú staðhæfing er hvorki studd gögnum eða vitnaframburði og verður því ekki á henni byggt.

Þegar litið er til fyrirliggjandi skýrslu Vinnueftirlitsins um takmarkaða skoðun vegna vinnuslyss, sem samkvæmt forsíðu sinni er sögð hafa farið fram dags. 6. september 2023 (dags. skoðunar 6.9.2023), eða á slysdegi, verður ekki fullyrt af henni að umrætt áhættumat hafi verið tekið til sérstakrar skoðunar. Í skýrslunni segir þannig m.a. „áhættumat liggur fyrir en ekki liggur fyrir hvort það er fullnægjandi.“ Umfjöllun og fyrirmæli í skýrslu Vinnueftirlitsins virðast annars nokkuð almenns eðlis og verður ekki fullyrt af henni hvaða skoðun eða rannsókn hafi farið fram af þess hálfu. Í ljósi framangreinds er ekki unnt að fullyrða um og byggja á því að fullnægjandi áhættumat hafi ekki verið til staðar og að það hafi orsakað slys M en eins og áður segir hvílir sönnunarbyrði þeirra þátta á M sem tjónþola.

Nokkuð óljóst er hvort M hafi fengið umræddan slípirokk til afnota frá yfirmanni eða samstarfsmanni og eins hvort M hafi sjálfur fjarlægt öryggishlífina er hann skipti um skurðarskífu. Hvað sem því líður verður við mat á sök og orsakasamhengi að líta til þess að M er menntaður vélsmiður og virðist hafa m.a. töluverða reynslu af störfum við bifreiðaviðgerðir. Þá var hann 36 ára á slysdegi og þrátt fyrir að hann hafi aðeins starfað hjá X í hálft ár hefur því ekki verið mótmælt að hann hafi reynslu að vinnu með slípirokka og sams konar verkefnum og hann var að inna af hendi er slysið átti sér stað. Verður því að telja að hann hafi, einnig með vísan til ofangreindrar umfjöllunar um áhættumat vegna verksins, mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem gæti verið fólgin í því að vinna með slípirokk án öryggishlífar.

Er það því samkvæmt öllu framangreindu niðurstaða nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 177/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hafa um kl. 6:00 hinn 20. október 2023 gengið eftir bílaplani, þar sem X geymir fjölda vagna sem ekki eru á leið, þegar hann var að hefja vinnudag sem strætóbílstjóri hjá X. Vagnarnir hafi staðið í þéttum röðum og myrkur á milli vagnanna. Þegar M hafi verið á leið í átt að vagni A sem M átti að keyra þann daginn þá hafi hann gengið á hlera á A sem var opinn. Segir að aðeins hafi verið nokkrir sentimetrar frá því að M gekk inn sundið á milli vagnanna og meðfram vagninum sem hann átti að keyra og þar sem hlerinn stóð opinn. M hafi því ekki séð hlerann, gengið á hann, fengið bylmingshögg á höfuðið og legið blóðugur eftir. Meðal málsgagna eru myndir af aðstæðum, þ.m.t. hinum opna hlera og sjúkragögn um komu M á bráðmóttöku. Þá liggur fyrir vottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista sem tilgreinir að M hafi verið fjarverandi frá vinnu frá slysdegi til 2. febrúar 2024. Í málskoti byggir M á því að starfsmanni X, sem skildi hlerann eftir opinn, hafi mátt vera fullljóst að með þeirri háttsemi hefði hann skapað hættulegar aðstæður sem líklegar væru til að valda alvarlegu líkamstjóni. Því megi rekja slysið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X sem X ber skaðabótaábyrgð á. Þá byggir M á því að hlerarnir eigi alltaf að vera lokaðir. Þannig hafi hlerinn verið lokaður kvöldið áður þegar A fór í gegnum þvottavél og að hlerinn hafi annað hvort verið opnaður af öðrum starfsmanni X eftir þvottinn eða skilinn eftir ólæstur. Með málskotinu fylgdi álit fyrrverandi rekstrarstjóra X á Akureyri sem segir að hlerinn sé greinilega læsanlegur eða eigi að vera það. Telur rekstrarstjórinn fyrrverandi að annað hvort hafi einhver gleymt hleranum uppi eða að það hafi gleymst að læsa hleranum og/eða læsing ekki virk. Þannig opnist hlerinn ekki í vindi nema hann sé ólæstur og þá vegna mannlegra mistaka. Loks vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, og þess að vanræksla á að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið geti haft áhrif á sönnunarmat, venjulega þannig að atvinnurekandi sé látinn bera hallan af því að málsatvik séu ekki nægilega vel upplýst, en óumdeilt er að X var strax upplýst um slysið og tilkynnti það ekki.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð Á. Engin haldbær skýring sé á því af hverju hlerinn var opinn, önnur en að hann hafi fokið upp. Þannig hafi ekki verið sýnt fram á saknæma eða ólögmæta háttsemi starfsmanna X. Það sé því afstaða V að slys M verði rakið til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis M og því séu skilyrði skaðabótaábyrgðar ekki fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu.

Í málskoti er á því byggt að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og því beri X hallann af sönnunarskorti í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt gögnum málsins var X strax upplýst um slysið þar sem farið var með M á slysavarðstofu og þá liggur fyrir vottorð um óvinnufærni M frá slysdegi fram til febrúar 2024. Verður því talið að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins með þeim hætti að það hafi áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði.

Í málinu liggja engin bein sönnunargögn um ástæður þess að hlerinn á A hafði opnast með þeim hætti sem lýst hefur verið. Við sönnunarmatið verður að horfa til þess að X vanrækti tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins og ber því hallan af því að atvik málsins séu ekki nægilega upplýst. Því verður að leggja til grundvallar að hlerinn hafi annað hvort verið opnaður af starfsmönnum X eftir þvottinn kvöldið áður, skilinn eftir ólæstur af starfsmönnum X eða læsingin verið biluð, allt atriði sem rekja má til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 179/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2025, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptöku.
2. Bréf V, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M féll í bleytu á gólfi á veitingastað X hinn 1. febrúar 2024. M rann á blautu gólfi veitingarstaðarins, þar sem verið var að skúra, og skall við það með vinstra hné í gólfið. Hlaut hún af því áverka og hefur gert kröfu um bætur vegna líkamstjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu.

M vísar til fyrirliggjandi myndbandsupptöku og telur að upptakan sýni að starfsmaður X hafi verið að skúra þar sem greinilegur háll blettur hafði myndast á gólfi á þeim stað sem M gekk um. Þá hafi viðvörunarskilti verið þannig staðsett að það benti í aðra átt en þá sem M gekk og hafi því ekki verið sýnilegt henni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótaskyldu sé hafnað á þeim grundvelli að starfsmaður X hafi verið að sinna eðlilegum störfum við ræstingar, að gætt hafi verið að viðvörunarskyldu með því að koma fyrir skilti sem benti á blautt gólf, og að orsök slyssins megi rekja til aðgæsluleysis M sjálfrar sem hafi verið upptekin við að tala í síma og því ekki veitt aðstæðum næga athygli.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu samkvæmt sakarreglunni eða reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttarins. Af fyrirliggjandi myndbandupptöku verður ráðið að starfsmaður X var við störf við þrif á gólfi veitingarstaðarins þegar slysið átti sér stað. Þá má einnig sjá gult viðvörunarskilti á svæðinu, þó það hafi ekki snúið beint í átt að þeirri leið sem M gekk. Ljóst er jafnframt að M gekk fram hjá starfsmanninum þar sem hann var að skúra, og að bleyta var sýnileg á gólfinu á þeim stað sem hún gekk á.

Það verður ekki talið óeðlilegt eða saknæmt að framkvæma þrif á opnunartíma veitingastaðar, sérstaklega á svæði þar sem eðlilegt er að reikna með að viðskiptavinir hafi valdið óhreinindum. Verður á grundvelli þess ekki talið að slysið megi rekja til sakar X eða starfsmanna þess. Verður samkvæmt framansögðu að leggja til grundvallar að um óhappatilvik hafi verið að ræða og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 180/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Samsömun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. maí 2025, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V, dags. 5. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Lögregluskýrsla, dags. 29. apríl 2025, gagn sem nefndin óskaði eftir.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. apríl 2025, var bifreiðinni A ekið yfir á öfugan vegarhelming á Holtavörðuheiði hinn 28. apríl 2025 og varð árekstur við bifreið B sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður A kvaðst hafa verið þreyttur og taldi líklegt að hann hefði sofnað við akstur. Vegna tjóns á bifreiðinni A gerði vátryggingartaki, M, kröfu um bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. Af hálfu V var bótaskylda samþykkt en bætur skertar um helming á grundvelli þess að ökumaður A hafi verið ófær um að stjórna ökutækinu örugglega, sbr. 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og varúðarreglu b-liðar 3. gr. skilmála kaskótryggingar. Í málskoti byggir M á því að ósannað sé að ökumaður A hafi ekki verið í akstursháefu ástandi þar sem hann hafi sofið eðlilega um nóttina en verið hvekktur og illa áttaður eftir atvikið.

Af hálfu V er á því byggt að rétt hafi verið að skerða bætur um helming þar sem ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Vísað er til brota á umferðarlögum, skilmálum og varúðarreglum félagsins og þess að í lögregluskýrslu komi fram að ökumaður hafi verið þreyttur og þar með ófær um öruggan akstur. V telur bein orsakatengsl milli háttsemi ökumanns og þess tjóns sem varð og vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 284/2022.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A um helming á þeim grundvelli að ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða brotið gegn varúðarreglu skilmála. Fram kemur í gögnum málsins að ökumaður A hafi haft fulla umráðaheimild yfir bifreiðinni. Verður því að samsama vátryggingartaka, M, háttsemi ökumanns, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Samkvæmt 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og varúðarreglu b-liðar 3. gr. skilmála kaskótryggingar ber ökumanni að vera í slíku líkamlegu og andlegu ástandi að hann geti stjórnað ökutæki örugglega. Vátryggingafélagi er heimilt að skerða bætur á grundvelli 26. og 27. gr. vátryggingasamningalaga ef sannað er að um sé að ræða brot á varúðarreglu eða stórkostlegt gáleysi. Það er á ábyrgð V að sýna fram á að háttsemi ökumanns hafi umrætt sinn falið í sér stórkostlegt gáleysi eða brot á varúðarreglu. Í framburði sínum fyrir lögreglu kvaðst ökumaður A ekki geta fullyrt hvað hefði gerst en taldi líklegt að hann hefði sofnað í stutta stund þar sem hann hafi verið þreyttur. Í málskoti er áréttað að ökumaður hafi sofið eðlilega nóttina fyrir atvikið sem varð um hádegisbil daginn eftir. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna að ökumaður hafi verið í slíku líkamlegu ástandi að hann væri, eða mátti vita að hann væri, ófær um akstur. Þannig er uppi vafi um hvort skilyrði fyrir skerðingu bóta séu uppfyllt. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V. Það er því mat nefndarinnar að V hafi ekki sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða brotið gegn varúðarreglu skilmála við aksturinn.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 181/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Óveðurstjón. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 24. júlí 2025.
3. Viðbótarskjal frá M, sent 15. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26 ágúst 2025.

Málsatvik.
Í gögnum sem stafa frá M er á því byggt að tjón hafi orðið á húsi hans vegna lausrar múrklæðningar. Hafi tjónið uppgötvast veturinn 2024-2025. Þá er einnig tekið fram að ekki sé vitað hvaða óveður þann vetur hafi valdið tjóninu en ljóst að haustið 2024 hafi húsið verið óskemmt. Telur M sig eiga rétt á að fá tjónið bætt úr fok- og óveðurslið húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Í athugasemdum V, dags. 24. júlí 2025, er bótakröfu M hafnað. Rök V eru m.a. þau að það komi fram í skilmálum fyrir fok- og óveðurslið húseigendatryggingarinnar að bættar séu skemmdir á hinni vátryggðu húseign af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 28,5 m/s samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Þá komi einnig fram að séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, skuli hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs. Bendir V síðan á að það sé M að sanna að framangreind skilyrði hafi verið uppfyllt gagnvart því tjóni sem hann krefst að fá bætt. Telur V að miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu hafi sú sönnun ekki tekist. Bendir V m.a. á í því sambandi að hvorki liggi fyrir hvaða dag tjónið hafi átt sér stað né að það verði rakið til atvika sem eru bótaskyld samkvæmt fok- og óveðurslið húseigendatryggingarinnar. V telur því ekki forsendur til að greiða bætur úr þeirri tryggingu.

Þann 15.ágúst 2025 lagði M fram veðurupplýsingar fyrir árið 2024 án frekari skýringa.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 26. ágúst 2025, er á það bent að V telur að þessar veðurfræðilegu upplýsingar sýni ekki fram á hvenær tjónið varð og breyti því engu varðandi það sem að framan greinir um afstöðu félagsins.

Álit.

Í málinu varðar ágreiningur aðila hvort tjón það sem varð á fasteign M eigi að fást bætt á grundvelli fok- og óveðurslið húseigendatryggingar sem M var með hjá V. Það er M að sanna að þau bótaskilyrði sem þar eru sett séu uppfyllt. Hvorki liggur fyrir í málinu hvaða dag tjónið varð né að það verði rakið til atvika sem eru bótaskyld samkvæmt fok- og óveðurslið húseigendatryggingarinnar. Nefndin telur því að M hafi ekki tekist að sanna að skilyrði þau sem sett eru fyrir bótarétti í skilmálum tryggingarinnar séu uppfyllt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á að fá hið umkrafða tjón bætt úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 182/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs (sveitarfélags).
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 4. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. júní 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 29. desember 2021 varð M fyrir líkamstjóni á bílastæði fyrir utan leikskóla þar sem hún starfaði. Er tildrögum slyssins nánar lýst þannig að M hafi verið að labba frá bifreið sinni að leikskólanum þegar hún hafi dottið illa vegna mikillar hálku á bílastæðinu. M varð óvinnufær í kjölfar slyssins. M telur að slysið megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna fyrir utan leikskólann og vanrækslu forsvarsmanna leikskólans á að tryggja öryggi á bílaplaninu. Telur M að X beri ábyrgð á framangreindu á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð en X var með ábyrgðartryggingu hjá V. M færir þau rök máli sínu til stuðnings að umrætt bílaplan hafi ekki verið hálkuvarið þrátt fyrir að á forsvarsmönnum leikskólans hvíli rík athafnaskylda til að gera allar þær ráðstafanir sem sanngjarnt má telja til að koma í veg fyrir slysahættu vegna hálku. Vísar M til þess að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 89/2008 um leikskóla skuli leikskólastjóri stjórna starfi leikskóla í umboði rekstraraðila, sem samkvæmt 4. gr. laganna sé X. Gera verði þær kröfur til leikskólastjóra að hann geri nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þeirra sem eiga leið um bílastæðið, þar með talið að sjá til þess að bílastæðið yrði hálkuverið áður en starfsemi leikskólans hófst umræddan dag. Telur M að starfsmönnum leikskólans hafi verið er mátt vera það ljóst, að sökum hálku væru aðstæður á bílastæðinu hættulegar. Telur M að þessar skyldur hafi verið vanræktar og að rekja megi slys M til þess. Á því beri X ábyrgð. M vísar t.d. einnig í Hrd. í máli nr. 251/2005 máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 4. júní 2025, er málatilbúnaði M mótmælt og færð fyrir því rök að X beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M. Í því sambandi bendir V á að verktaki á vegum X hafi mokað umrætt bílastæði að morgni slysdags en að sökum mikillar úrkomu (snjókomu) hafi verktakinn metið svo að það þjónaði ekki tilgangi að sanda jafnframt bílastæðið. Telur V að M hafi ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli þess að bílastæðið var ekki sandað og slyss M. Þvert á móti hafi það verið mat þeirra sérfræðinga sem fóru með hálkuvarnir og söndum á vegum X að eins og veðuraðstæðum var háttað að morgni slysdags hefði það ekki bætt aðstæður þó bílaplanið hefði verið sandað. Engin gögn liggi fyrir í málinu sem sýni fram á hið gagnstæða. Bendir V á að sú krafa verði ekki gerð á hendur eigendum fasteigna að þeir sandi bifreiðastæði í kappi við úrkomu þegar ljóst sé að jafnóðum fenni yfir sandinn. Það sé óraunhæf krafa sem þjóni engum tilgangi. V telur því að verktakinn á vegum X hafi gert allt sem hægt var að ætlast til af honum til að hálkuverja í umrætt sinn. Því verði slys M ekki rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna X. V telur því ósannað að söndun hefði skilað einhverjum árangri við þær aðstæður sem voru á vettvangi enda hafi þar verið talsverð snjókoma og fok. Þá bendir V jafnframt á að það sé eðlileg krafa að fólk gæti að sér við göngu að vetrarlagi og ekki síst þar sem búast megi við hálku, sérstaklega þegar snjóél gangi yfir. Þetta hafi M verið ljóst. Fólk geti þannig ekki gengið út frá því að bílastæði séu almennt hættulaus við þær veðuraðstæður sem búast má við á Íslandi.

Til viðbótar byggir V á því að ef nefndin telur að sýnt sé fram á orsakatengsl milli slyssins og þess að ekki hafi verið sandað og að það feli í sér saknæma háttsemi þá beri verktakinn ábyrgð en ekki X. V ítrekar þó í þessu sambandi að engin gögn hafi verið lögð fram í málinu sem sýni fram á að verktakinn hafi metið aðstæður og brugðist við þeim með röngum hætti. V bendir einnig á úrskurð nefndarinnar í máli nr. 169/2022 máli sínu til stuðnings. Þá mótmælir V því að Hrd. í máli nr. 251/2005 sé fordæmisgefandi fyrir mál M enda atvik með engu móti sambærileg.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 12. júní 2025, er sú skoðun ítrekuð að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt umræddan dag, þó svo að það hafi verið mikil hálka fyrir utan leikskólann og því verið tilefni til að sinna hálkuvörnum áður en leikskólinn var opnaður.
Í viðbótarathugasemdum V, dags. 16. júní 2025, er m.a. bent á að fyrirliggjandi upplýsingar um veðurfar á slysdegi staðfesti að úrkoma hafi verið á vettvangi.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Þar er það m.a. gert að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á og að orsakatengsl séu á milli þeirrar háttsemi og tjóns.
Eins og gerð er grein fyrir að framan byggir M kröfu sína á því að saknæmi starfsmanna X liggi í því að hafa ekki gripið til nauðsynlegra aðgerða til að hálkuverja bílastæðið að morgni slysdags. V sem telur skaðabótaskyldu ekki vera til staðar benti á, máli sínu til stuðnings, að verktaki á vegum X hafi mokað bílastæðið að morgni slysdags en metið aðstæður svo að vegna úrkomu (snjókomu) þjónaði ekki tilgangi að sanda stæðið enda myndi það ekki skila raunverulegri hálkuvörn. Því hafi allt það verið gert af hálfu X sem hægt er að ætlast til að gert sé til að draga úr hálku á bílastæðinu í umrætt sinn. Þá bendir V jafnframt á að M hafi ekki sýnt fram á það með neinum gögnum að orsaktengsl séu á milli þess að bílastæðið var ekki sandað og að M slasaðist.
Með vísan til framangreindra sönnunarreglna og þess sem hér hefur verið rakið um röksemdir aðila telur nefndin að M hafi hvorki tekist að sýna fram á að tjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber skaðabótaábyrgð á né að orsakatengsl séu á milli þess að bílastæðið var ekki sandað og tjónsins. Nefndin telur því að M eigi ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 184/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega
Nafn vátryggingartaka (X)

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að hinn 1. apríl 2022 missti M stjórn á rafmagnshlaupahjóli á leið sinni til vinnu með þeim afleiðingum að hann féll og hlaut áverka á hægri öxl. Á slysdegi var vinnuveitandi M með í gildi slysatryggingu launþega hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu vegna tjónsins á grundvelli þess að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið til V.

M rekur í málskoti komur sínar til lækna á slysadeild LSH í kjölfar slyssins. Þá er það rakið að 20. apríl 2022 hafi farið fram fundur þar sem ákveðið var að halda áfram meðferð og sjúkraþjálfun. Þann 18. maí 2022 var M kynnt sú niðurstaða og honum bent á að hafa samband ef illa gengi hjá sjúkraþjálfara en að öðru leyti væri hann útskrifaður frá LSH. Í kjölfarið leitaði M meðferðar hjá sjúkraþjálfara. Þann 23. júní 2023 hafi V verið tilkynnt um slysið í tölvupósti. Þá hafði M verið í sjúkraþjálfun samkvæmt læknisráði án nokkurs árangurs. Þann 17. nóvember 2023 hafi M leitað til bæklunarlæknis sem sendi hann í segulómun sem sýndi slit á liðbandi. Aðgerð hafi svo verið framkvæmd í kjölfarið, þann 30. október 2023. Við endurkomu til læknisins 7. nóvember 2023 hafi M enn verið að glíma við verki í öxlinni. Telur M að upphaf tilkynningarfrests eigi að miða við það tímamark, enda hafi hann ekki verið búinn að gera sér grein fyrir afleiðingum slyssins fyrr en á þeim tímapunkti. Vísar M máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 7/2009 og dóms Landsréttar í máli nr. 813/2019.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að M tilkynnti um slysið til V þann 27. október 2023, þrátt fyrir að tilkynningin sé dagsett 30. ágúst 2023. Telur V að þá hafi tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn og M fyrirgert sér rétti til bóta úr slysatryggingu launþega. M hafi getað gert sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni strax á slysdegi. Myndrannsóknir sem gerðar voru á slysdegi hafi sýnt liðhlaup í öxlinni auk tilfærslu á viðbeini. M hafi verið frá vinnu vegna afleiðinga slyssins í 19 daga og hafi myndrannsóknir sem gerðar voru þann 19. apríl 2022 sýnt að enn voru til staðar tilfærsla á viðbeini og gliðnun á axlarlið, svokallað Rockwood III heilkenni og tekið var fram að óljóst væri hvort hægt yrði að koma þessu í samt lag.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að færslur í sjúkraskrá M séu til marks um hversu óviss staðan var þann 20. apríl 2022. Næstu skref hafi á þeim tíma talin vera „konservativ meðferð“ og sjúkraþjálfun. Eftir 4-6 vikur færi síðan fram endurmat. Við endurmatið 18. maí 2022 hafi komið fram að M væri allt annar og hreyfigeta í öxlinni væri orðin mun betri. Ákveðið hafi verið M færi þá í sjúkraþjálfun og ef illa gengi ætti hann að hafa samband. Með vísan til þessa verði að telja að M hafi ekki gert sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni strax á slysdegi, né heldur þann 20. apríl 2022, enda hafi verið talið þann 18. maí 2022 að hann væri allur að koma til og hann útskrifaður frá LSH. Hvað staðhæfingu V í bréfi sínu um að slysið hafi verið tilkynnt þann 27. október 2023 þá sé það rangt og bendir M á fyrirliggjandi tölvupóstsamskipti við V.

Álit.

Aðila greinir á um við hvaða tímamark eigi að miða upphaf tilkynningarfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr slysatryggingu launþega, sem vinnuveitandi hans, X, var með hjá V, þar sem tilkynning um slysið hafi ekki borist V innan tilskilins frests.

Samkvæmt ákvæðinu glatar sá, sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf frests miðist ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð eða við stöðugleikatímapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015. Sama meginregla verður einnig dregin af dómi Hæstaréttar í máli nr. 7/2009 og dómi Landsréttar í máli nr. 813/2019.

Af læknisfræðilegum gögnum verður ráðið að M hefur búið við einkenni frá öxlinni allt frá slysdegi. Hann var þó á batavegi við útskrift frá LSH hinn 18. maí 2022 og átti þá að fara í sjúkraþjálfun sem hann og gerði samkvæmt upplýsingum í fyrirliggjandi matsgerð. Ekki er hægt að ráða af læknisfræðilegum gögnum að M hafi á þeim tíma verið upplýstur um að hann kæmi ekki til með að ná frekari bata enda var meðferð sjúkraþjálfara enn í gangi og betri hreyfigeta hafði náðst í öxlina. Með hliðsjón af framangreindu er það álit nefndarinnar að M hafi ekki haft vitneskju um að slysið hefði í för með sér varanlegar afleiðingar fyrr en að liðnum þremur mánuðum frá slysdegi, þegar M mátti vera ljóst að meiri árangur myndi ekki nást við sjúkraþjálfun. Við það tímamark, í byrjun júlí 2022, má telja að hann hafi vitað eða mátt vita um atvik þau sem krafa hans er reist á. Tölvupóstur lögmanns M til V hinn 23. júní 2023 verður að teljast fullnægjandi tilkynning um vátryggingaratburð enda er ekki áskilið að tilkynning sé á sérstöku eyðublaði eða með undirritun tjónþola sjálfs. Verður því að telja að tilkynning hafi borist innan þess frests sem 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga mælir fyrir um. Verður því að miða við að umræddur tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 186/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. maí janúar 2025, ásamt fylgiskjali.
2. Athugasemdir V2, dags. 4. júní 2025.
3. Athugasemdir V1, dags. 12. júní 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti byggir M á því að hlutur sem hafi komið frá bifreið B hafi lent á bifreið A sem er í hans eigu og valdið tjóni á henni. Telur M að þetta komi skýrt fram á fyrirliggjandi myndbandi. Krefst M þess að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Í athugasemdum frá V2 til nefndarinnar, dags. 4. júní 2025, er kröfu M hafnað. Telur V2 að M hafi ekki tekist að sanna að tjónið á A verði rakið til notkunar B, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Telur V2 að fyrirliggjandi myndband dugi þar ekki til.

Í athugasemdum frá V1 til nefndarinnar, dags. 12. júní 2025, er á því byggt að umrætt myndband tryggi fulla sönnun þess að tjónið á A verði rakið til notkunar B. Telur V1 því að fallast eigi á bótakröfu M hvort heldur sem gengið er út frá því að B hafi verið ekið á umræddan hlut með þeim afleiðingum að hann hafi skotist í A eða hann hafi komið úr A.

Álit.

Eins og komið hefur fram snýr ágreiningur þessa máls að því hvort M hafi tekist að sanna að tjón á A verði rakið til notkunar B, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Nefndin telur að fyrirliggjandi myndband sýni með fullnægjandi hætti að umræddur hlutur hafi lent á A og valdið hinu umdeilda tjóni, vegna notkunar B. M eigi því rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón á bifreiðinni A bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 187/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 20. júní 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að 23. apríl 2022 hafi M gengist undir æðahnútaaðgerð á báðum fótum hjá æðaskurðlækni, þ.e. X. Eftir aðgerðina hafi X ráðlagt henni að ganga fremur en liggja því það væri betra. Í málskoti er síðan m.a. að finna lýsingu á stingandi verk við hægri hæl M í kjölfar aðgerðarinnarsem hafi leitt til þess að hún hitti X aftur í endurkomum 2. maí, 26. júní, 1. september og 15. nóvember 2022. Þrátt fyrir þetta hafi ekki tekist að sýna fram á hvað olli umræddum verkjum. Segist M glíma við þessa verki enn þann dag í dag. Í málskoti er vísað til þess að röntgenmyndataka árið 2023 hafi leitt í ljós taugaskaða og vökvafyllt þykkildi við hæl. Þá er einnig vísað til þess að í samtali M við nafngreindan skurðlækni hafi hann nefnt að honum fyndist athugunarvert hvers vegna æð aftan í kálfa M hafi ekki verið fjarlægð í æðahnútaðgerðinni hjá X. Upplýsir M að hún hafi ekki fengið skýringu á þessu hjá X. Í málskotinu kemur fram að staða M sé í dag sú að hún geti ekki setið lengi því þá finni hún þrýsting í hnésbótum og niður í kálfa. Þá þurfi hún ætið að hlífa hægri hæl við göngu og hafi takmakað gönguþol. Vegna framangreinds hafi verið gerð bótakrafa í sjúklingatryggingu sem X hafi verið með hjá V. Þeirri kröfu hafi V hafnað.

M telur sig eiga bótarétt úr sjúklingatryggingu með vísan í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000. Kröfunni til stuðnings er í málskoti m.a. bent á að fyrir liggi læknisvottorð frá taugalækni, dags. 21. mars 2025, þar sem fram komi það mat að fyrir hendi sé taugaskaði hjá M eða frávik sem geta samræmst axonal skaða á n. Saphenous hægra megin. Þessu til frekari stuðnings er í málskoti einnig vísað til fyrirliggjandi læknabréfs æðaskurðlæknis sem tekur beinlínis fram að M hafi greinst með skaða á n. Saphenous hægri. Er í málskotinu á því byggt að hugsanlegan vafa í þessu efni beri að túlka M í hag enda standi það heilbrigðisstarfsmönnum nær að sýna fram á að slík einkenni séu ekki fyrir hendi og að þau séu ekki tengd æðahnútaaðgerðinni hjá X. Þessu til viðbótar er á það bent að í fyrirliggjandi umsögn óháðs sérfræðings sem unnin var fyrir embætti landlæknis komi m.a. fram að það sé niðurstaða taugaleiðnirits að skaði hafi orðið á n.saphenous og ef það sé rétt þá verði að teljast líklegt að það hafi gerst í aðgerðinni. Um sé að ræða þekkta en mjög sjaldgæfa fylgikvilla æðahnútaaðgerða. M telur það því hafið yfir vafa að hún glími við tjón sem hlotist hafi í æðahnútaaðgerðinni og að umrætt tjón sé meira en svo að rétt sé að hún þoli það bótalaust auk þess sem um sé að ræða sjaldgæfan fylgikvilla.

Í athugasemd V , dags. 20. júní 2025, er því hafnað að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu þeirri sem X var með hjá V. Bendir V m.a. á að í rökstuðningi M fyrir bótarétti samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu sé m.a. byggt. á að tjónið af völdum fylgikvilla aðgerðarinnar sé meira en M þurfi að þola bótalaust. Hafnar V þessu enda sé óljóst hvaða fylgikvilli það nákvæmlega er sem M rekur til aðgerðarinnar. Þá vísar V jafnframt til umsagnar óháðs sérfræðings sem unnin var fyrir embætti Landlæknis en þar segi að verkir vegna taugakvilla séu sjaldgæfir en þekktir fylgikvillar í kjölfar æðahnútaaðgerða. Þá hafi niðurstaða sérfræðingsins verið sú að ekki sé hægt að benda á nein mistök eða vanrækslu við greiningu eða eftirfylgni X. Telur V að umsögn sérfræðingsins feli ekki í sér neina staðfestingu þess að um sé að ræða fylgikvilla sem er meiri en svo að M eigi ekki að þola hann bótalaust.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 30. júní 2025, er m.a. byggt á því að gögn málsins sýni fram á að M hafi hlotið sjaldgæfan fylgikvitta af aðahnútaaðgerðinni í skilningi 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu. Þá hafnar M því að það sé óljóst um hvaða fylgikvilla sé að ræða. Vísar M í fyrirliggjandi álit frá taugalækni, dags. 13. mars 2025, því til stuðnings.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. Af gögnum málsins má ráða að krafa M er reist á 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. sem er svohljóðandi: „4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“

Eins og að framan greinir hafa af hálfu M verið lögð fram nokkuð ítarleg læknisfræðileg gögn sem M telur sína fram á að framangreind bótaskilyrði séu uppfyllt. V sem hafnar því hins vegar að bótaskilyrðin séu uppfyllt vísar m.a. í fyrirliggjandi umsögn sérfræðings sem unnin var að beiðni embættis landlæknis, máli sínu til stuðnings.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti hún hafi orðið fyrir tjóni af völdum æðahnútaaðgerðarinnar hjá X, sem sé meira en svo að sanngjarnt sé að hún þoli það bótalaust. Hún eigi því rétt á að fá tjón sitt bætt með vísan í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Þessari niðurstöðu til frekari stuðnings vísar nefndin m.a. í eftirfarandi upplýsingar sem liggja fyrir í gögnum málsins. Í umsögn óháðs sérfræðings sem unnin var að beiðni embættis landlæknis segir m.a. eftirfarandi: „Hvað varðar skaða á taugum þá er niðurstaða taugaleiðnirits að axonal skaði hafi orðið á n. Saphenus og ef það er rétt þá verður að teljast líklegt að það hafi gerst í aðgerðinni. Skaði á taugum getur orðið við phlebectomi, bæði axonal skaðar og óbeinir skaðar sem valda taugaeinkennum svo sem verkjum og dofa. Þetta eru þekkir en mjög sjaldgæfir fylgikvillar æðahnútaaðgerða.“ Þá liggur fyrir í málinu vottorð frá taugalækni, dags. 21. mars 2025, þar sem segir: „Það vottast hér með að M hefur endurtekið verið skoðuð og metin af taugalæknum vegna afleiðinga af æðahnútaaðgerð sem framkvæmd var í apríl 2022. Hún hefur þannig í þrígang (27.6.23, 30.9.24 og 13.3.2025) farið í taugarit hjá tveimur taugalæknum. Öll þessi rit hafa sýnt fram á frávik sem geta samræmst axonal skaða á n.saphenus hægra megin. Þessi niðurstaða samræmist jafnframt klínískum skoðunum þar sem sýnt hefur verið fram á skert skyn á ítaugunarsvæði viðkomandi taugar. Þessi niðurstaða kemur jafnframt skýrt fram í nótum undirritaðs 25.8.2023.“ Að lokum bendir nefndin á að eftirfarandi færslu frá sama taugalækni, dags. 13. mars 2025 þar sem segir: „Við skoðun í dag er hún vissulega með skerðingu á skyni í ítaugunarsvæði n.saphenus dx. […]. Álit: Mér virðist á öllu að axonal skemmd hafi orðið á n.saphenus hægra megin. Tel ekki hælspora geta skýrt megineinkenni hennar. Í ofanálag hefur hún einnig þróað með sér starfræn einkenni. Greiningar: Eftirstöðvar áverka á taug í neðri útlim, T93:4 n.saphenus dx.“

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 188/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 6. júní 2025.
3. Bréf V1 dags. 18. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 11. maí 2025 varð þann dag árekstur milli A, sem er í eigu M en dóttir hans, X, ók umrætt sinn, og B við hringtorg á Vesturlandsvegi við Korpúlfsstaðaveg. X lýsti atvikum svo að hún hefði ekið eftir Vesturlandsvegi í vesturátt og farið inn á hringtorgið á ytri akrein. Hún hafi ekið fram hjá vegamótunum í átt til Grafarvogs og því ætlað að taka heilan hring um hringtorgið. Hafi hún litið í hliðarspegil og talið að innri akreinin væri auð. Skyndilega hafi B komið af innri akrein og ekið utan í vinstri hlið A. Ökumaður B lýsti atvikum svo að hann hefði verið að aka vestur Vesturlandsveg og hafi verið á innri akrein hringtorgsins. Hann hafi þá verið að aka út úr hringtorginu þegar A hefði verið ekið í veg fyrir hann á ytri akrein. Meðfylgjandi málskoti er þá myndband úr mælaborðsmyndavél A.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A, sem hefði borið að veita umferð af innri akrein forgang við akstur út af hringtorginu, bæri alla sök á árekstri bifreiðanna.

M fellir sig ekki við þau málalok og í málskoti kemur fram að B hafi verið ekið á eftir A inn í hringtorgið. Af fyrirliggjandi myndbandi verði þá ekki séð að ökumaður B hafi reynt að afstýra árekstri með nokkrum hætti. Þá verði ekki séð að hann hafi gefið stefnumerki til marks um þá fyrirætlan sína að aka út úr hringtorginu né að hann hafi sýnt nægilega aðgát við akstur út af hringtorginu.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar, er vísað til atvika málsins, svo og 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og athugasemda M.

V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, tekur í bréfi sínu undir niðurstöðu tjónanefndar og telur ökumann A bera alla sök á umræddum árekstri. Af fyrirliggjandi gögnum sé ekki hægt að slá því föstu að ökumaður B hafi ekki gefið stefnumerki. Né verði fullyrt af þeim að ökumaður B hafi með öðrum hætti hagað akstri sínum svo að leiða eigi til þess að hann beri einhverja ábyrgð á umræddu atviki. Af því verði M að bera hallann.

Álit.

Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal ökumaður á ytri hring veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Óumdeilt er að A hafi verið ekið eftir ytri akrein hringtorgsins og B þeirri innri í aðdraganda áreksturs og samkvæmt framangreindu hvíldi skýr skylda á X að veita B forgang.

Þar sem svo háttar til hvílir það á M að sýna fram á að háttsemi ökumanns B í aðdraganda áreksturs hafi verið slík að rétt sé að hann beri einnig sök á umræddum árekstri. Af málskoti og tjónstilkynningu M til V1, dags. 12. maí 2025, má ráða að M telji ýmislegt athugavert við aksturslag ökumanns B. Þannig virðist byggt á því að B hafi verið ekið á of miklum hraða, og að hann hafi verið á „svífandi ferð." Aðspurður sagði ökumaður B lögreglu að hann hefði ekið á sama hraða og umferðin á veginum. Af fyrirliggjandi myndbandi má þá greina að A var ekið á 60-70 km/klst. í aðdraganda árekstursins og á 30-40 km/klst eftir að inn á hringtorgið var komið. Þó af fyrrgreindu myndbandi virðist mega greina að B hafi verið ekið nokkru hraðar en A verður ekki dregin sú ályktun af því að ökuhraði hennar hafi verið yfir lögmæltum hámarkshraða eða í ósamræmi við aðstæður á vettvangi. M byggir einnig á því að ökumaður B hafi ekki gefið fyrirhugaða akstursstefnu sína til kynna með stefnumerki, til samræmis við i.-lið 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er ekki fjallað um þetta atriði og af fyrirliggjandi myndbandi, þar sem hægri framhlið B bregður aðeins fyrir í örstutta stund, verður ekki fullyrt um það hvort stefnumerki hafi verið gefið eður ei. Byggir M þá á því að ökumaður B hafi ekki

sýnt af sér þá aðgát sem krefjast megi af ökumönnum skv. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Í ljósi framangreindrar umfjöllunar svo og þeirrar skýru skyldu sem hvíldi á X um að veita B forgang umrætt sinn verður ekki talið sýnt að um aðgátarleysi af hálfu ökumanns B hafi verið að ræða.

M verður að bera hallann af sönnunarskorti um framangreint og er því ekki sýnt fram að B beri hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 189/2025.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 7. mars 2024 gengist undir brjóstaminnkunaraðgerð hjá X. Eftir vöknun hafi brátt komið í ljós að hægri geirvarta M hafi ekki tekið við sér sem skyldi og hafi henni verið tilkynnt að fjarlægja þurfti geirvörtuna. Síðar sama dag hafi M verið tekin til aðgerðar á ný. Þá hafi hins vegar verið ákveðið að fjarlægja ekki geirvörtuna þar sem hún hafi tekið aðeins við sér. Síðan er í málskotinu að finna ítarlega umfjöllun um eftirmeðferð og vandamál M tengd aðgerðinni. Kemur þar fram að M telur sig eiga bótarétt af þeim völdum. Er í því sambandi vísað í 1. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Telur M að það liggi fyrir að hægt hefði verið að komast hjá tjóni hennar hefði meðferð á einkennum hennar verið hagað með fullnægjandi hætti en ekki að miklu leyti í gegnum óformlegar skeytasendingar og eftirlit á heimili M. Hafi M treyst því að viðkomandi læknir sem sérfræðingur á sínu sviði myndi haga eftirfylgni aðgerðarinnar af fagmennsku og gæta hagmuna M og heilsu í hvívetna. Það hafi hins vegar ekki reynst raunin sem M telur að leiða eigi til bótaskyldu með vísan í 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000. Þá byggir M einnig á því að fyrir hendi sé bótaskylda skv. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr sömu laga. Í því sambandi bendir M á að í hennar tilviki sé um að ræða afar sjaldgæfan fylgikvilla brjóstaminnkunar enda hafi þurft að fjarlæga geirvörtuna í kjölfar aðgerðarinnar sem hafi valdið alvarlegri sýkingu. Telur M því að fylgikvillinn hafi verið það alvarlegur að hún eigi ekki að þola hann bótalaust. Vísar M m.a. í fræðiskrif máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 18. júní 2025, er framangreindri röksemdafærslu M hafnað. Bendir V m.a. á að samkvæmt upplýsingum frá vátryggingartaka hafi aðgerðin gengið vel og hafi M verið sett á sýklalyf í kjölfar hennar. Þá er því einnig hafnað að um hafi verið að ræða vanrækslu í kjölfar aðgerðarinnar. Þvert á móti hafi M haft mikið aðgengi að vátryggingartaka. Telur V því að gögn málsins bendi ekki til annars en að meðferð M hafi verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði sbr. 1. tölu. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Þá bendir V á að brjóstaminnkun sé algeng aðgerð og að drep í og við geirvörtu sé þekktur fylgikvilli slíkra aðgerða. Hafi M verið greint frá því að þessi fylgikvilli gæti komið upp og hafi hún undirritað samþykki þess efnis að hún hafi fengið og skilið þær upplýsingar. Tíðni slíkra fylgikvilla sé allt að 10%. Fylgikvilli sá sem af aðgerðinni hlaust sé því vel þekktur þó hann sé fátíður og erfitt að fullyrða hvort aðgerð sem framkvæmd hefði verið fyrr hefði breytt gangi mála. Telur V því að ekki sé fyrir hendi bótaréttur á grundvelli 4. tölu. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúkingatrygging..

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. Af gögnum málsins má ráða að krafa M er reist á 1. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. sem eru svohljóðandi: „1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. … 4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“

Í málinu skortir nokkuð á að fyrir hendi séu læknisfræðileg gögn sem stutt geta framangreinda röksemdafærslu M fyrir bótarétti hennar úr sjúklingatryggingu. Ef frá eru talin læknisfræðileg gögn sem stafa frá FSA, og tilvísun í fræðileg skrif, liggja ekki fyrir nein þau sérfræðilegu gögn sem stutt gætu málatilbúnað M. Málatilbúnaður aðila er því að verulegu leyti byggður á frásögn M af læknismeðferðinni og afleiðingum hennar og upplýsingum sem stafa frá vátryggingartaka.

Þó sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari en ella þegar kemur að sjúklingatryggingu er það samt sem áður M sem ber sönnunarbyrði þess að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. eða 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af framansögðu er það mat nefndarinnar að nokkuð skorti á að sýnt sé fram á það með fullnægjandi læknisfræðilegum gögnum að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 193/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Óveðurstjón. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 13. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er á því byggt að mikið tjón hafi orðið á fasteign M í óveðri daganna 5. og 6. febrúar 2025 og að óumdeilt sé að þá hafi þakplötur losnað og rakablettir/sprungur myndast í lofti í stofu og herbergjum fasteignarinnar. Einnig hafi úthurð og/eða útidyrakarmur á baðherbergi gengið til með þeim afleiðingum að vatn hafi lekið inn um hana og undir vínilparket. Þessu til viðbótar hafi þakrennur losnað og festingar brotnað. M var með húseigendatryggingu hjá V. M upplýsir að hann hafi tilkynnt V um tjónið og látið ljósmyndir fylgja með. V hafi hafnað bótaskyldu með tölvupósti 10. febrúar 2025. V hafi þó fallist á að bæta tjónið á þakrennunum.

M mótmælir höfnun V og krefst þess að nefndin úrskurði á þá leið að hann eigi rétt á að fá tjón sitt bætt með vísan í gr. 4.8 í skilmálum fyrir húseigendatryggingu. Telur M óumdeilt að í umrætt sinn hafi verið um að ræða óveður í skilningi þess ákvæðis. Þá liggi jafnframt fyrir að tjón hafi orðið á öðrum nýjum og gömlum fasteignum í sveitarfélaginu. M heldur því einnig fram að fyrirliggjandi ljósmyndir sýni að vindur hafi rofið þak fasteignarinnar enda hafi þakplötur losnað með þeim afleiðingum að vatn hafi komist inn undir þær og á endanum hafi rakablettir og sprungur myndast í lofti fasteignarinnar, bæði í stofu og herbergjum. M byggir einnig á því að ljósmyndirnar sýni að vindurinn hafi einnig rofið útidyrahurð á baðherbergi fasteignarinnar sem við það hafi orðið óþétt og vatn komist inn um hana í óveðrinu. Vegna þessa hafi úrkoma sem fylgdi vindinum komist inn um útidyrahurðina og lekið undir vínilparketið með tilheyrandi tjóni. M telur einnig gagnrýnivert að V hafi hafnað bótaskyldu án þess að láta skoða tjónið. Einnig telur M að það hljóti að vera almennt óumdeilt að verulegt almennt eignatjón hafi orðið vegna óveðursins, einkunn í því sveitarfélagi þar sem fasteign M er staðsett. Bendir M á að í skilmálum fyrir húseigendatryggingu komi fram að V beri að hafa þá staðreynd til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu, nokkuð sem ekki virðist hafa verið raunin. Í þessu sambandi er á það bent að það liggi fyrir að aðrir fasteignareigendur í sveitarfélaginu hafi fengið greiddar bætur úr húseigendatryggingu vegna rofs á fasteignum í sama óveðri. Telur M að í því felist mismunun. Að lokum er á það bent að V hafi gefið út tryggingu vegna fasteignar M án þess að gera neinar athugasemdir við ástand hennar. Því geti V ekki komið sér undan ábyrgð með vísan í ósannaðar fullyrðingar um ófullnægjandi ástand fasteignarinnar. Fullyrðir M að tjónið á fasteigninni verði ekki rakið til eðlilegt slits eða einungis útlitsgalla á henni, en það sé eina tilgreinda ábyrgðartakmörkunin samkvæmt skilmálum þeim sem gilda um trygginguna. V geti því ekki borið það fyrir sig að fasteignin hafi ekki verið í nægjanlega góðu standi til að takast á við veðrið enda sé enga slíka heimild að finna í skilmálum auk þess sem V hafi hvorki skoðað eða látið fara fram frekara mat á fasteigninni.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags 13. júní 2025, kemur fram að ef frá er talið tjón á rennum hafi V hinn 10. mars 2025 hafnað að bæta hið meinta tjón M. Rökin hafi verið þau að um tjón af völdum utanaðkomandi leka hafi verið að ræða nokkuð sem falli utan gildissviðs húseigendatryggingarinnar. Í framhaldinu hafi M sent inn frekari upplýsingar, m.a. þær að þakið hafi rofnað í óveðrinu og hafi hann því skrúfað niður nokkrar skrúfur til að festa það og þannig fyrirbyggt frekara tjón. V hafi 26. febrúar 2025 hafnað því á ný að bæta tjónið. Telur V að ágreiningur aðila sé tvíþættur. Annars vegar snúi hann að vatnstjóni og hins vegar að þeirri spurningu hvort að þak fasteignarinnar hafi rofnað í óveðrinu, nokkuð sem sé skilyrði þess að tjón fáist bætt skv. gr. 4.8.a. í skilmálum húseigendatryggingarinnar. V telur hins vegar að tjónið á þakrennu sé bótaskylt samkvæmt óveðurslið tryggingarinnar í því mæli sem það sé umfram eigin áhættu.

Hvað vatnstjónið nánar varðar þá bendir V á að samkvæmt tjónstilkynningu frá M, dags. 6. febrúar 2025, og ljósmyndum sem fylgdu með, var tekið fram að vatn hafi lekið frá lofti og baðherbergishurð. Bendir V á að til þess að húseigendatrygging bæti vatnstjón þurfi það að uppfylla skilyrði sem koma fram í grein 4.1 í skilmálum, nokkuð sem ekki hafi gilt um hið umkrafða tjón M. Hvað hins vegar varði óveðurstjón og rof á fasteign M, þá komi fram í grein 4.8.a í skilmálunum að til þess að tjón flokkist sem tjón af völdum óveðurs þurfi vindstyrkur að mælast yfir 28,5 metrar á sekúndu nokkuð sem hafi veri raunin í þessu tilviki. Þessu til viðbótar sé það skilyrði sett að tjón f völdum úrkomu sem er samfara óveðri þurfi að hafa orðið vegna þess að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignar. Þá sé tekið fram í c-lið sömu greinar að tryggingin bæti ekki óveðurstjón sem rekja má til eðlilegs slits á húseign.

Hvað tjón M nánar varðar þá byggir V á því að M hafi ekki tekist að sanna að hið umkrafða tjón af völdum leka frá baðherbergishurð verði rakið til óveðurs frekar en eðlilegs slits vegna aldurs. Bendir V á að gögn málsins bendi til þess að hurðin hafi verið komin til ára sinna enda hafi verið miklar slitskemmdir á henni. Þá hafnar V því að tjón sem varð vegna þess að vatn hafi komist meðfram hurðarkarmi megi rekja til óveðursatburðar sem rofið hafi aðra hluta húseignarinnar, þ.e. hurð. Hvað varðar meint tjón á þaki fasteignar M, þá telur V að fyrirliggjandi gögn sýni að ekki hafi orðið neitt rof á þakinu af völdum óveðursins. Með vísan í framangreint telur V að M hafi ekki tekist að sanna að þakið og umrædd hurð hafi rofnað í óveðrinu heldur verði tjónið fyrst og fremst rakið til slits vegna aldurs sem sé ekki bótaskylt úr húseigendatryggingunni. Telur V því með vísan í grein 4.8.a að M eigi ekki rétt á að fá hið umkrafða tjón bætt úr húseigendatryggingu. Að lokum tekur V fram að skoðunarmaður á vegum V hafi hringt tvisvar í M þann 12. febrúar 2025 án þess að M eða kona hans gætu tekið á móti honum.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 30. júní 2025, eru fyrri rök ítrekuð. Þá er m.a. bent á að skv. grein 4.8.a í skilmálum sé það ekki algilt skilyrði bóta að um vatnstjón sé að ræða. Þannig sé tjón sem er rakið er til þess að vindur nær 28,5 m bótaskylt nema í þeim tilvikum þar sem tjónið er rakið til eðlilegs slits á fasteigninni. Ef hins vegar um er að ræða tjón af völdum úrkomu eða sandfoks sé gerð krafa um að óveðrið hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignarinnar. Síðan er það nánar rökstutt að tjónið í tengslum við baðherbergishurðina og þakið sé í raun tvíþætt. Annars vegar sé um að ræða tjón á baðherbergishurðinni eða karmi hennar af völdum óveðursins. Hins vegar hafi það tjón orðið til þess að vatn komst inn í fasteignina og valdið frekara tjóni. Með vísan í framangreint áréttar M þá skoðun að til þess að bótaskylda stofnist samkvæmt grein 4.8.a vegna tjóns á þakinu og hurðinni eða hurðarkarminum þurfi aðeins að sýna fram á að tjónið verði rakið til óveðurs en ekki eðlilegs slits á fasteigninni. Færir M rök fyrir því að ekkert af tjóni hans verði rakið til eðlilegs slits á fasteigninni. Til þess að vatnstjón sé bótaskylt þurfi skv. ákvæðinu hins vegar að sýna fram á að hlutar fasteignarinnar hafi rofnað. Þrátt fyrir þennan mun telur M sig hafa sannað að allt tjón sem varð á fasteign hans vegna óveðursins sé bótaskyld úr tryggingunni. Í því sambandi bendir M m.a. á að hann telur að sú túlkun V að skilyrðið um rof á þaki í grein 4.8 þýði að þak þurfi að rifna eða slitna af vera ranga. Að lokum er það áréttað af hálfu M að þegar skoðunarmaður á vegum V hafi haft samband við sig hafi hann verið staddur í öðru sveitarfélagi vegna vinnu sinnar og því ekki getað komið til að opna fyrir skoðunarmanninum. V hafi hins vegar ekki gert frekari tilraun til að skoða fasteignina, nokkuð sem M telur að feli í sér brot á gagnkvæmum trúnaðar- og tillitsskyldum gagnvart M. Telur M að V verði að bera halla af sönnunarskorti sem af þessu kanna að hljótast.

Álit.

Í málinu varðar ágreiningur aðila hvort tjón það sem varð á fasteign M eigi að fást bætt á grundvelli greinar 4.8.a í skilmálum fyrir húseigendatryggingu sem M var með hjá V. Í þeirri greini segir eftirfarandi: „4. Hvað bætir tryggingin? 4.8 Óveður. a. Tjón af völdum óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignar. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.“

Það er M að sanna að tjón það sem um ræðir verði rakið til óveðurs í skilningi framangreinds ákvæðis og eftir atvikum til þess að óveðrið hafi valdið rofi á fasteigninni með þeim afleiðingum sem hinar umkröfðu bætur byggja á. Framlögð gögn í málinu eru af svo skornum skammti að nefndin telur að þau svari því ekki með fullnægjandi hætti hvort hið umdeilda tjón verði í fyrsta lagi rakið til óveðursins, sem þó er óumdeilt að hafi verið um að ræða, og hins vegar hvort vatnstjónið verði rakið til rofs á fasteigninni. Framangreindar upplýsingar um tilraunir V til að skoða fasteignina breyta að mati nefndarinnar ekki því sem að framan segir um að sönnunarbyrði M.

Með vísan í framangreinda umfjöllun telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. Því er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að bæta beri tjónið úr húseigendatryggingu þeirri sem M er með hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á að fá hið umkrafða tjón bætt úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 194/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: (A).

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 3. nóvember 2023, varð M fyrir umferðarslysi kvöldið áður. Atvik voru þau að M sem var ökumaður A umrætt sinn ók henni á steinvegg. M, sem varð fyrir töluverðu líkamstjóni, var með skerta meðvitund eftir slysið og mundi ekki eftir aðdraganda þess. Hann sagðist þó telja það ólíklegt að hann hefði ekið á ólöglegum hraða enda væri það ólíkt honum. B, sem var farþegi í A, lýsti því m.a. að bifreiðinni hefði verið ekið á „allavegana yfir 100 km/klst." hraða í aðdraganda slyssins, en hann viti þó ekki nákvæman hraða. Lögbundinn hámarkshraði á vettvangi var 50 km/klst. Samkvæmt lögregluskýrslu var blautt og ísing á vettvangi. Fyrir liggur að M var hvorki undir áhrifum áfengis né vímuefna við aksturinn og samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu, dags. 28. janúar 2025, var A ekki vanbúin til aksturs.

Í málskoti kemur fram að með tölvupósti, dags. 14. apríl 2025, hafi V tilkynnt M að bótaréttur hans yrði skertur um helming með vísan til 23. gr. almennra skilmála félagsins og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, enda hefði M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. M telur að skilyrði fyrir skerðingu séu ekki uppfyllt. Er því sérstaklega mótmælt að hraðaútreikningar sem V hafi aflað einhliða án aðkomu V, svokölluð PC-crash skýrsla, en þar komi fram að ökuhraði A hafi verið 91 km/klst., hafi nokkurt sönnunargildi í málinu. Vísar M einnig til umfjöllunar um slíkar skýrslur fyrir dómi máli sínu til stuðnings en af henni megi ráða að um óáreiðanlega hraðaútreikninga sé að ræða. Er framburði B þá sérstaklega mótmælt. Fram komi í lögregluskýrslu að B hafi verið sjáanlega ringlaður og illa áttaður á vettvangi og verði að skoða framburð hans í því ljósi. Ljóst sé þá að B hafi ekki séð hraðamæli bifreiðarinnar. B lýsi því fyrir lögreglu að ökuhraðinn hafi verið 110, 120 eða 130 km/klst., eða alla vega yfir 100 km/klst. og hann hafi beðið M að hægja á sér. Mikill munur sé á því hvort ekið sé á 100 km hraða eða 130 og sé framburður B einkennilegur. Auk þess hafi spurningar lögreglu verið afar leiðandi. Telji M því framburð B mjög ótrúverðugan og fjarstæðukennt sé að M hefði ekið á umræddum hraða innanbæjar. Því liggi engar áreiðanlegar upplýsingar fyrir um aðdraganda slyssins og sé ósannað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

Verði niðurstaðan þrátt fyrir framangreint sú að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi telur M helmings skerðingu í öllu falli vera úr hófi fram og er vísað til fjölmargra dómafordæma því til stuðnings að skerðingin skuli nema minna en 1/3 hluta.

Í bréfi V til nefndarinnar er því hafnað að framburður B sé ótrúverðugur. Hann hafi upplifað ökuhraða A á bilinu 110 til 130 km/klst. án þess þó að hafa séð á hraðamæli bifreiðarinnar og fullyrði að hraðinn hafi í öllu falli verið meiri en 100 km/klst. Þekkt sé að farþegar í sportbifreiðum, eins og A, vanmeti raunverulegan akstushraða fremur en ofmeti. Aðilaskýrsla M, þar sem fram komi m.a. að hann hafi aldrei stundað hraðakstur, verði þá ekki lögð til grundvallar niðurstöðu í málinu. M hefði þá mátt gera sér grein fyrir hættu á hálkumyndun á þessum árstíma og á blautum vegi. Er athugasemdum M við gildi og áreiðanleika framlagðs hraðaútreiknings þá alfarið hafnað. Er afstaða V því sú að gögn málsins séu óyggjandi um að M hafi ekið A á nærri tvöföldum hámarkshraða án nokkurs tilefnis eða tillits til aðstæðna. Hafi hann með því skapað stórfellda hættu fyrir sig og aðra vegfarendur. Hafi hann því sýnt af sér verulegt og alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa. Þá rekur V dómafordæmi til stuðnings þeirri afstöðu sinni að hæfilegt sé að skerða bætur til M um helming.

Í viðbótarathugasemdum V er því m.a. enn mótmælt að hraðaútreikningar sem V hafi látið vinna hafi sönnunargildi í málinu. Þá sé það með öllu ósannað að farþegar í sportbílum vanmeti ökuhraða þeirra. Hvað varði skerðingarhlutfall þá eigi dómafordæmi þau sem V vísi til sem rökstuðnings fyrir skerðingarhlutfalli ekki við í máli þessu enda séu atvik ósambærileg.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Fyrir liggur að hámarkshraði á vettvangi var 50 km/klst. Þá liggur jafnframt fyrir að blautt var og ísing á vegi og voru því aðstæður til aksturs ekki eins og best verður á kosið. Aðila deilir samkvæmt framansögðu á um það hvort akstursshraði A hafi verið slíkur að það verði metið M til stórkostlegs gáleysis. Taka verður undir það með M að þó niðurstaða hraðaútreikninga þeirra sem V lét vinna hafi verið sú að A hafi verið ekið á 91 kílómetra hraða verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að M hafi gefist færi á athugasemdum við það, án þess að litið sé til annarra gagna. Kemur þá framburður B til skoðunar. Samkvæmt því sem B ber fyrir lögreglu sá hann ekki á hraðamælinn en hafi þó talið að ökuhraðinn hafi verið á bilinu 100 til 130 km/klst. Þó B gefi ekki upp nákvæma tölu í þessum efnum og hafi ekki séð hraðamæli A verður að miða við að farþegar geti greint milli þess hvort bifreið er ekið á löglegum hraða eða u.þ.b. tvöföldum þeim hraða. Styður framburður hans því við fyrrgreinda hraðaútreikninga og þykir því mega álykta sem svo að bifreiðinni hafi verið ekið umtalsvert hraðar en lög gera ráð fyrir. Er því að mati nefndarinnar nægilega sýnt fram á að akstursshraði A hafi verið um 90 km/klst eða meiri í aðdraganda árekstursins. Verður því fallist á að M, sem jafnframt hafi mátt gera sér grein fyrir því að aðstæður á vettvangi, en samkvæmt lögregluskýrslu var blautt og ísing á vegi, kölluðu á sérstaka aðgæslu, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur A umrætt sinn er hann ók henni á tæplega tvöföldum hámarkshraða. Er því heimilt að skerða bætur til hans.

Kemur þá til skoðunar hver sú skerðing skuli vera. Af heildstæðu mati á gögnum málsins, þ.á.m. þeim dómafordæmum sem aðilar vísa hvor um sig til máli sínu til stuðnings, og þeim atriðum sem fram koma í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga er það mat nefndarinnar að hæfileg skerðing sé að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um þriðjung.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 195/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 8. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu parhús að […] með kaupsamningi, dags. 21. mars 2021, fyrir milligöngu fasteignasölunnar X. Í söluyfirliti fasteignarinnar kom m.a. fram eftirfarandi: „Klóak endurnýjað út í götu.“ Þar kemur jafnframt fram hvaða upplýsingar voru veittar af fyrri eigendum og hvaða upplýsingar komu frá núverandi eiganda. Upplýsingar um klóakið voru sagðar frá eiganda fasteignarinnar á þeim tíma. Í ljós hafi komið að klóaklagnir voru ekki endurnýjaðar heldur einungis fóðraðar að hluta. Í mars 2024 kom upp leki í hinum hluta parhússins sem að mati fagaðila var rakinn til ástands lagnanna. Talið var nauðsynlegt að endurnýja lagnirnar og nam kostnaður við þær aðgerðir 1.180.582 kr. að teknu tilliti til 35% endurgreiðslu virðisaukaskatts. M telja að fasteignin hafi ekki verið í samræmi við þær upplýsingar sem veittar voru í söluyfirliti, þar sem klóaklagnir hafi ekki verið endurnýjaðar heldur aðeins viðgerðar að hluta. Byggja M á því að fasteignasalan X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þau hafi orðið fyrir vegna rangra upplýsinga í söluyfirliti. Í málskoti sínu vísa M til þess að við mat á sérfræðiábyrgð fasteignasala sé almennt beitt rýmkaðri sakarreglu og hertu sakarmati. Vísa þau jafnframt til ákvæða laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, einkum 10.–12. gr. laganna. Að þeirra mati hafi orðalag söluyfirlits gefið tilefni til að gera ráð fyrir að klóaklagnir væru nýjar eða í það minnsta í góðu ásigkomulagi um ófyrirsjáanlega framtíð. Í ljós hafi hins vegar komið að lagnirnar væru upprunalegar frá byggingarári hússins, árið 1936. Almennur endingartími slíks búnaðar sé 40–50 ár en sá tími hafi verið löngu liðinn þegar þær voru aðeins fóðraðar að hluta árið 2017. Samkvæmt mati fagaðila séu þær ónýtar, bæði séu göt á lögninni og hún sé sigin á kafla og því full af vatni. M telja að virða beri X það til gáleysis að hafa ekki staðreynt að umræddar upplýsingar væru réttar.

Af hálfu V er á því byggt að hafna beri kröfu M. V telur að um atvikið gildi almennar reglur skaðabótaréttar og að sönnunarbyrðin hvíli á M um að sýna fram á atvik, orsakatengsl, sök og tjón. Engin fullnægjandi gögn liggi fyrir um ástand lagnanna, orsakir meintra skemmda eða umfang tjónsins. Reikningur fyrir framkvæmdum feli ekki í sér slíka sönnun og M hafi valið að afla sér ekki matsgerðar. V bendir á að í málinu liggi fyrir að seljandi hafi upplýst um endurnýjun lagna í góðri trú með vísan til framkvæmda verktaka sem hafi fóðrað lagnirnar og upplýst að þar með væri komin ný lögn innan í þá gömlu. Um sé að ræða kostnaðarsama aðgerð sem verktakar ábyrgist allt að 50 ár. Af þeim sökum séu fullyrðingar í söluyfirliti réttar. Jafnframt telur V að fasteignasali beri ekki ábyrgð á að sannreyna sérstaklega ástand lagna sem seljandi upplýsi um, enda hafi engin merki verið sýnileg við skoðun sem gefið gætu tilefni til frekari rannsóknar. Meintur leki hafi komið fram löngu síðar og ekki verði gerð krafa um að fasteignasali taki myndir eða framkvæmi sérhæfðar prófanir á lögnum. Að mati V liggja því ekki fyrir gögn sem sýna fram á saknæma vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans. Skilyrði bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala teljist því ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M málsatvikalýsingu V og þá sérstaklega fullyrðingum um að verktaki hafi veitt seljanda upplýsingar um endurnýjun lagna þar sem um hafi verið að ræða upplýsingar á heimasíðu verktakans, en ekki upplýsingar í tilboði verktakans vegna fóðrunar lagnanna. Í tilboðinu komi hvergi fram að um endurnýjun lagna og klóaks hafi verið að ræða. Einnig mótmælir M að ábyrgð á slíkri framkvæmd sé til allt að 50 ára. Flest fyrirtæki, ef ekki öll, veiti enga ábyrgð á framkvæmdinni. Hafnar M því einnig að málatilbúnaður sinn sé ekki byggður á fullnægjandi gögnum eða að ósannað sé að upplýsingar í söluyfirliti séu rangar. Gat seljendum ekki dulist að ekki væri um

endurnýjun lagna að ræða. Áréttar M að lokum að við mat á skaðabótaábyrgð sérfræðinga eru gerðar vægari kröfur en ella til gáleysis. Upplýsingar í söluyfirlitinu umrætt sinn hafi ekki verið réttar. Þær hafi í mesta lagi verið hálfsannleikur sem hafi gefið villandi mynd af ástandi eignarinnar.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að upplýsingar á söluyfirliti hafi verið réttar og fullnægjandi. Bæði X og seljandi hafi ekki haft ástæðu til þess að efast að sú framkvæmd að setja nýja lögn inn í eldri lögn sé endurnýjun á lögn. Endingartími á lagnafóðruninni hafi verið átta ár sem sé að öllum líkindum að rekja til mistaka við framkvæmdina. Það hafi þó ekki verið leitt í ljós. Nauðsynlegt sé fyrir M að sanna orsakir lagnalekans. Ítrekar V jafnframt fyrri athugasemdir sínar.

Álit.

Ágreiningur er um hvort fasteignasalinn X hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar við sölu tvíbýlishússins að […] og hvort M eigi rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu hans samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Samkvæmt ákvæðinu ber fasteignasali ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Samkvæmt dómaframkvæmd gildir strangt sakarmat þegar metið er hvort fasteignasali hafi sýnt af sér gáleysi. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. sömu laga ber fasteignasali að gæta þess vandlega að í söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand fasteignar sem, ásamt skoðun kaupanda, geti verið grundvöllur ákvörðunar um kaup og kaupverð. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega kveðið á um að fram skuli koma upplýsingar um ástand eignar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. skal fasteignasali afla þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, meðal annars úr opinberum skrám og skýrslum ef unnt er, en einnig kynna sér af eigin raun ástand, gerð og búnað eignarinnar. Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé það að kenna gáleysi hans eða starfsmanna hans.

Í málinu liggur fyrir að í söluyfirliti fasteignarinnar var tekið fram að „klóak endurnýjað út í götu“. Óumdeilt er að lagnir voru fóðraðar en ekki endurnýjaðar að fullu. Upplýsingarnar á söluyfirlitinu voru veittar af seljanda fasteignarinnar á grundvelli gagna sem hann hafði frá verktaka sem framkvæmdi fóðrun lagna árið 2017. Það liggur jafnframt fyrir að X hafði ekki sérstaka ástæðu til að rengja þær upplýsingar sem seljandi gaf, enda var um að ræða framkvæmd sem samkvæmt upplýsingum á heimasíðu verktaka, fól í sér að ný lögn var sett inn í þá gömlu. Engin merki komu fram við skoðun fasteignasala sem hefðu gefið tilefni til að ætla að upplýsingar seljanda væru rangar. Meintur leki kom fram rúmum þremur árum eftir kaupin. Að mati nefndarinnar verður ekki metið X til sakar að hafa orðað upplýsingar um klóakið með þeim hætti sem gert var í söluyfirliti enda var það í samræmi við þær upplýsingar sem seljandi veitti og kveðst samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafa verið í góðri trú um enda upplýsingar sem stöfuðu frá verktakanum. Ekki liggur fyrir að fasteignasalinn hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar við upplýsingaöflun. Sú skylda verður ekki lögð á fasteignasala að kanna sérstaklega innra ástand klóaklagna eða sannreyna tæknilega hvort framkvæmd sem seljandi upplýsir um feli í sér fulla endurnýjun eða aðra tæknilega lausn. Með vísan til framangreinds er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 197/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 5. júní 2024 varð árekstur milli bifreiðarinnar A og óvátryggða bifhjólsins B, sem M ók umrætt sinn. Aðilar gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu vegna atviksins en fyrirliggjandi er skýrsla Aðstoðar og öryggis vegna þess. Er þar haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið eftir Hólmsheiðarvegi til austurs. Hún hafi séð hóp af „strákum á krossurum“ fyrir framan sig, og hafi þeir allir verið „stopp og dreifðir yfir veginn“. Hún hafi hægt á akstrinum en svo ákveðið að aka fram hjá þeim. Hafi hún fært A yfir til vinstri þar sem þeir hafi verið í hægri kanti vegarins utan eins sem var fyrir miðju hans. Þegar hún hafi komið að hópnum hafi einn úr hópnum tekið U-beygju og verið á miðjum veginum í akstursleið A. Hafi það haft þær afleiðingar að A hafi rekist á hjólið. Haft er eftir M að hann hafi verið að hjóla á krossara austur Hólmsheiðarveg. Þar sem möl tók við af malbiki á veginum hafi hann og vinur hans stoppað í vegarkanti hægra megin og hafi vinurinn ákveðið að snúa við. M hafi þá ákveðið að snúa einnig við og hafi snúið sér til vesturs. Þegar hann hafi litið upp hafi hann séð A koma upp veginn. Hafi A rekist á B með þeim afleiðingum að B lenti undir A og dróst með henni nokkra metra. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við atvikið.

M telur að ökumaður A beri alla ábyrgð á umræddum árekstri enda hafi M verið í hægri vegarkanti þegar A hafi verið ekið á B en ekki á miðjum veginum eins og ökumaður A haldi fram. Er vísað til þess að samkvæmt 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skuli ökumaður aka vinstra megin fram úr ökutæki, í 2. mgr. sömu gr. komi fram að ökumaður sem ætli sér að taka fram úr öðru ökutæki skuli gæta þess sérstaklega að það sé unnt án áhættu og að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri eða aka fram úr öðru ökutæki. Samkvæmt 3. mgr. 23. gr. skuli ökumaður sem ekur fram úr öðru ökutæki gæta að því að nægilegt hliðarbil sé milli ökutækjanna og sé ekið fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli skuli hliðarbilið vera að lágmarki 1,5 metrar. Er þá vísað til þess að samkvæmt f.-lið 3. mgr. 33. gr. laganna skuli gefa stefnumerki áður en ekið er fram úr öðru ökutæki. Hafi ökumaður A umrætt sinn vanrækt að gæta að áskilnaði ofangreindra ákvæða og beri hann því sök á árekstrinum.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt frásögn M sjálfs hafi hann sett annan fótinn í jörðina og spólað hjólinu til að snúa því við í aðdraganda áreksturs. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga skuli ökumaður sem snýr ökutæki á vegi ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Í 2. mgr. sama ákvæðis segi að áður en ökumaður ekur af stað frá vegbrún eða á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Hafi M umrætt sinn brotið gegn fyrrgreindum hátternisreglum auk ákvæðis 6. mgr. 20. gr. laganna þar sem fram komi að óheimilt sé, án fullnægjandi ástæðu, að aka ökutæki þannig að það missi veggrip, þ.m.t hliðarskrið og spól. Vísar V þá til fordæma nefndarinnar því til stuðnings að öll sök skuli lögð á M. Þá sé ekki sýnt fram á það með neinum gögnum að ökumaður A hafi umrætt sinn brotið gegn tilgreindum ákvæðum umferðarlaga, enda hafi hún hægt vel á ferð sinni og gætt að hliðarbili áður en hún ók fram hjá kyrrstæðu hjóli M en framúrakstur hafi verið heimill á vettvangi. Sé þá alls ósannað að ökumaður A hafi vanrækt að gefa fyrirætlan sína til kynna með stefnumerki.

Álit.

Aðilum ber ekki saman um staðsetningu B á veginum í aðdraganda áreksturs. Hins vegar virðist þeim bera saman um að M hafi, í aðdraganda áreksturs, snúið B í U-beygju á veginum. Í framburði M um atvikið kemur ekkert fram um að hann hafi gætt sérstaklega að annarri umferð á veginum áður en hann sneri hjólinu. Hefði hann gert það má enda ætla að hann hefði orðið A var áður en hann spólaði hjólinu og sneri því til vesturs, enda virðist atvikið hafa átt sér stað á beinum vegarkafla og aðstæður, þ.á.m.

birtuskilyrði, hafa verið með besta móti. Verður því að telja sýnt fram á að M hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að áskilnaði hátternisreglna 1. og 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga, sem kveða á um skyldu ökumanns til að gæta sérstaklega að annarri umferð og aðstæðum áður en ökutæki er snúið við og ekið til hliðar.

Hvað varðar háttsemi ökumanns A þá verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi ljósmyndum í skýrslu Aðstoðar og öryggis en að A hafi verið vinstra megin á veginum þegar áreksturinn átti sér stað. Styðja þær ljósmyndir því jafnframt við þá frásögn ökumanns A að B hafi verið snúið við á miðjum veginum en ekki frá hægra vegarkanti. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga er að tilteknum skilyrðum uppfylltum heimilt að aka vinstra megin fram úr ökutæki. Er ekki sýnt fram á annað en að ökumaður A hafi hagað akstri sínum til samræmis við 1. og 2. mgr. 23. gr. laganna. Er þá ekki sýnt fram á að hliðarbil hafi ekki verið til samræmis við áskilnað 3. mgr. 23. gr. laganna. Í framburðum aðila kemur þá ekkert fram um merkjagjöf og verður því einnig að teljast ósannað að ökumaður A hafi vanrækt að gefa stefnumerki til samræmis við f.-lið 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga. Er því ósannað að ökumaður A hafi brotið gegn hátternisreglum umferðarlaga í aðdraganda áreksturs.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 198/2025
Nafn málskotsaðila: M
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging og ferðasjúkra- og ferðarofstrygging.

Gildissvið vátryggingar. Ferðarof. Endurgreiðsla orlofsferðar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1 dags. 20. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 26. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.
5. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 30. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti upplýsir M að ágreiningur í málinu snúi að ferðarofi fjölskyldu sinnar vegna ferðar til Egyptalands 27. desember 2024 til 5. janúar 2025. Byggir M á því að á einn eða annan hátt hafi öll fjölskyldan orðið fyrir ferðarofi. Er atvikum nánar þannig lýst að maki M hafi lagst inn á sjúkrahús eftir að hafa legið lasin í þrjá daga á hótelherbergi, þ.e. 29. desember 2024 til 1. janúar 2025. Þá hafi dóttir þeirra orðið veik á sama tíma þó hún hafi ekki þurft að leggjast inn á spítala. Hafi hún þess í stað legið veik á hótelherbergi 29. desember 2024 til 5. janúar 2025. Þessu til viðbótar byggir M á því að hann hafi þurft að sinna báðum sjúklingunum á hótelherbergi og sjúkrahúsi. Nefndin byggir á því að M krefjist þess aðallega að fá allan ferðakostnað, samtals 1.371,534 krónur, endurgreiddan fyrir þau þrjú úr greiðslukortatryggingum hjá V1 en til vara sé gerð sambærileg krafa í ferðasjúkra- og ferðarofslið tryggingar hjá V2.

Í athugasemdum frá V1 til nefndarinnar, dag. 20. júní 2025, er á það bent að skilyrði ferðarofs hafi ekki verið uppfyllt í tilviki M og fjölskyldu hans. Því eigi hann ekki rétt á frekari greiðslum en þegar hafi verið inntar af hendi. Þar er um að ræða hlutfallslega endurgreiðslu á ferð maka M og nánar tilgreinds kostnaðar vegna hennar og dótturinnar. Hvað varðar kröfu um frekari endurgreiðslu ferðakostnaðar vísar V1 í grein 4.6 í skilmálum, og byggir á því að þau skilyrði sem þar komi fram séu ekki uppfyllt. V1 telur því að M eigi ekki rétt á frekari endurgreiðslu vegna ferðarinnar. Því hafi kröfu M verið hafnað.

Í athugasemdum V2 til nefndarinnar, dags. 26. júní 2025, er á því byggt að M eigi ekki rétt á bótum úr þeirri tryggingu sem hann var með hjá félaginu. Í því sambandi bendir V2 á að endurgreiðsla ferðar komi eingöngu til greina ef ferð er rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða að tryggður hafi legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. Tekur V2 fram að maki M hafi legið á sjúkrahúsi í þrjá daga. Þar sem framangreind skilyrði séu ekki uppfyllt í tilviki M og fjölskyldu hans sé því ekki bótaréttur til staðar.

Í ódagsettum viðbótarathugasemdum M er m.a. á því byggt að hvað sem líður skilmálum V1 sé það þeirra mat að um ferðarof hafi verið að ræða og því bótaréttur til staðar. Hvað varðar kröfu í tryggingu hjá V2 þá er m.a. á það bent að ef leitað hefði verið til læknis um leið og maki M veiktist hefði hún að öllum líkindum verið lögð strax inn á sjúkrahús og því dvalið þar meira en helming ferðarinnar. Telur M að horfa beri á skilyrðið um lengd sjúkrahúsdvalar í því ljósi.

Í viðbótarathugasemdum frá V2, dags. 30. júní 2025, er m.a. ítrekað að í tilviki M hafi einfaldlega ekki verið um að ræða bótaskylt tilvik samkvæmt skilmálum.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M eigi rétt til frekari bóta annað hvort úr greiðslukortatryggingu hjá V1 eða til greiðslu bóta úr tryggingu sem M var með hjá V2. Um rök aðila vísast til umfjöllunar að framan. Það er M að sanna að skilyrði bóta séu uppfyllt. Með vísan til þess sem fram kemur um gildissvið skilmála hjá V1 og V2 undir málsatvik að framan er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að skilyrði fyrir greiðslu hinnar umkröfðu fjárhæðar séu uppfyllt. M á því hvorki rétt á frekari bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V1 né bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofslið tryggingar hjá V2.

Niðurstaða.
M á hvorki rétt á frekari bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V1 né bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofslið tryggingar hjá V2.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 199/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist á leið sinni í sundlaug í sveitarfélaginu X þegar hún rann í hálku við inngang íþróttamiðstöðvarinnar þar sem sundlaugin er staðsett. Féll hún til jarðar með þeim afleiðingum að hún úlnliðsbrotnaði á bæði hægri og vinstri hendi og framhandleggsbrotnaði á vinstri hendi. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M byggir á því að sveitarfélagið X beri skaðabótaábyrgð á sakargrundvelli þar sem slysið megi rekja til saknæms athafnaleysis starfsmanna og forsvarsmanna íþróttamiðstöðvarinnar. Byggir M á meginreglum skaðabótaréttar um saknæma háttsemi og brot á aðgæsluskyldu. Rekstraraðili íþróttamiðstöðvarinnar, sem opin er almenningi, beri ríka skyldu til að tryggja öryggi gesta sinna, sérstaklega að því er varðar hálkuvarnir að vetrarlagi. Sú staðreynd að starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar viðurkenndu fyrir lögreglu að saltmagn hefði verið ófullnægjandi á slysdegi bendi eindregið til vanrækslu á þessari aðgæsluskyldu. Fyrirhafnarlítið hefði verið að tryggja fullnægjandi aðstæður með þeirri einföldu athöfn að hálkuverja gönguleið að íþróttamiðstöðinni með fullnægjandi hætti til að koma í veg fyrir slysahættu. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 251/2005 og dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3422/2016 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, heldur hafi verið um óhappatilvik og/eða eigið aðgæsluskyldu M að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi verið búið að dreifa salti fyrir utan íþróttamiðstöðina einu sinni að morgni slysdagsins. Í hádeginu, þegar slysið gerðist, hafi því ekki verið langt síðan starfsmenn X höfðu saltað svæðið fyrir framan inngang íþróttamiðstöðvarinnar. Þá sé gangstéttin fyrir framan innganginn upphituð. Á slysdegi hafi veður verið slæmt, hvasst og mikil hálka um allt bæjarfélagið. Telja megi að hálkublettir hafi getað myndast fljótt við slíkar aðstæður og í raun ógjörningur fyrir starfsmenn X að halda svæðinu fyrir framan innganginn alveg hálkufríu. Hafnar V því jafnframt að tilvísaðir dómar hafi fordæmisgildi enda atvik ekki sambærileg máli M. Vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 301/2023 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að í lögregluskýrslu sé staðfest að ekki hafi verið til nægjanlegt magn af salti. Þar með hafi starfsmenn X ekki sinnt þeirri skyldu sinni að hálkuverja með fullnægjandi hætti á slysdegi. Fullyrðingu V um að starfsmenn X hafi borið salt á svæðið um morguninn, þrátt fyrir að lögregluskýrsla staðfesti skort á nægjanlegu magni af salti, er hafnað af hálfu M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Í framburði starfsmanns X fyrir lögreglu kemur fram að saltað hafi verið um morguninn, en jafnframt að magn salts hafi ekki verið nægjanlegt. Gefur V enga skýringu á hvað starfsmaður X hafi átt við þegar hann sagði að ekki hefði verið til nægjanlegt magn af salti. Að mati nefndarinnar gefur þessi framburður starfsmanns X til kynna að nauðsynlegt hafi verið að salta meira og það hefði verið gert, hefði verið til meira magn af salti. Verður þannig að líta svo á að starfsmenn X hafi ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana til þess að hálkuverja nauðsynlega gönguleið að íþróttamiðstöðinni enda verður ekki ráðið af fyrirliggjandi

gögnum að starfsmenn X hafi gert nægar ráðstafanir til að takmarka þá hættu sem stafaði af hálkunni umrætt sinn, til dæmis með því að útvega meira magn af salti. Með vísan til alls framangreinds er það afstaða nefndarinnar að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiðir til þess að M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Kemur þá til skoðunar hvort M hafi verið meðvöld af líkamstjóninu á þann hátt að hún verði látin bera hluta tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar. Ekkert bendir til þess að hún hafi ekki sýnt næga aðgæslu umrætt sinn á þann hátt að hún verði talin hafa verið meðvöld af líkamstjóninu. Á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 203/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging sveitarfélags.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 24. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dag. 24. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. ágúst 2024 hafi M verið staddur á sundstað sem rekinn er af X. Hafi hann farið ofan í niðurgrafinn kaldan pott og haldið í handfang sér til stuðnings. Þegar hann steig niður hafi botninn á pottinum ekki verið þar sem hann ætlaði og hafi hann því sokkið niður í pottinn og við það fengið slink á handlegginn þar sem hann hélt í handriðið. Í ljós hafi komið að tvíhöfðasin slitnaði og hafi M þurft að gangast undir aðgerð vegna þess og sækja frekari meðferð lækna og sjúkraþjálfara. V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 26. mars 2025 á grundvelli þess að um óhappatilvik eða eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. M vísar í málskoti til þess að lagfæringar hafi farið fram í kjölfar slyssins og hafi nú verið sett upp skilti við pottinn sem vari við dýpt hans. Er þá vísað til þess að í tölvupósti heilbrigðiseftirlits dags. 2. september 2024, segi að starfmaður þess hafi skoðað pottinn og hafi komið í ljós „að hann var að hluta til grafinn niður. Þetta gæti verið þess valdandi að notendur kalda pottsins átti sig ekki á því hvað botninn er að finna.“ Megi af þessu ráða að aðbúnaður pottsins hafi verið óforsvaranlegur á slysdegi. Á þeim sem reki sundstaði hvíli þá ríkar skyldur þegar komi að því að tryggja öryggi sundgesta, og er m.a. vísað til reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum því til stuðning, en þar komi m.a. fram að merkja skuli greinilega þætti sem varða öryggi og slysahættu. Auðvelt hefði verið fyrir starfsfólk X að átta sig á hættunni sem var samfara aðbúnaði við pottinn en þrátt fyrir það hafi engar varúðarmerkingar verið settar upp fyrr en eftir slys M. Þar sem potturinn hafi verið niðurgrafinn, og því dýpri en ella, hafi X borið að vara viðskiptavini sína við aðstæðum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að starfsfólk X hafi ekki orðið vitni að atvikinu, en verið tilkynnt um það símleiðis samdægurs. Í sjúkraskrá M segi „rennur til í sundi, grípur í handfang og finnur eitthvað „rifna“…“. Sú lýsing á atvikum sé ekki samhljóða lýsingu í málskoti. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sé umræddur pottur einn metri að þvermáli, hæð hans 115 sentimetrar og dýpt 95 sentimetrar. Þrátt fyrir það haldi M því fram að potturinn hafi verið mun dýpri en gera megi ráð fyrir. Sé því alfarið hafnað. Potturinn sé lítillega niðurgrafinn, til að auka öryggi við notkun hans og aðstæður við hann séu góðar. Við staðsetningu og frágang pottsins hafi öryggi sundgesta verið haft að leiðarljósi og sé ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika sem það beri ábyrgð á. Sambærileg slys hafi ekki átt sér stað áður og úrbætur í kjölfar slyss M feli ekki í sér viðurkenningu á saknæmri háttsemi. Verði því ekki annað séð en að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis, og styðji atvikalýsing í sjúkraskrá við þá niðurstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að málsatvikalýsingar séu ekki samræmdar. Þó þær séu ekki ritaðar með nákvæmlega sama hætti liggi þó fyrir að M hafi verið á leið í pottinn og hafi stutt sig við handrið, en þar sem potturinn hafi verið niðurgrafinn hafi hann ekki áttað sig á dýptinni og því hafi komið slinkur á handlegg hans. Er þá áréttað að engar merkingar hafi varað við dýpt pottsins eða því að hann væri niðurgrafinn, en það sjáist ekki greinilega. Hafi M því haft réttmætar væntingar til þess að hann væri að stíga ofan í pottinn eins og hann kom honum fyrir sjónir, en ekki að falla niður um óvænta dýpt. Er þá áréttað að eftir slys M hafi varúðarmerkingar verið settar við pottinn.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að um óhappatilviljun hafi verið að ræða og það að potturinn sé niðurgrafinn um nokkra sentimetra í því skyni að auka öryggi sundlaugargesta feli ekki í sér saknæma háttsemi af hálfu X.

Álit:
Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Fyrir liggur að dýpt umrædds pottar er 95 sentimetrar og hann er að einhverju leyti niðurgrafinn. Ekki liggur fyrir að hve miklum hluta hann er niðurgrafinn en að sögn V eru það „nokkrir sentimetrar“ og af fyrirliggjandi ljósmyndum verður ekki ráðið annað en hann sé aðeins að litlu leyti niðurgrafinn. Samkvæmt fyrirliggjandi tölvupósti heilbrigðiseftirlitsfulltrúa, dags. 2. september 2024, gæti það þó orðið þess valdandi að notendur átti sig ekki á því hvar botn pottsins er að finna. Þá liggur fyrir að viðvörunarskilti hafi verið sett upp við pottinn í kjölfar slyss M.

M vísar máli sínu til stuðnings m.a. til reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Samkvæmt 2. gr. hennar, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 769/2019 er kalt ker „laug eða ker með köldu vatni þar sem hitastig vatnsins er á bilinu 0°C – 16°C.“ Laug er samkvæmt sömu grein „ker eða þró með köldu eða volgu vatni, samheiti yfir hvers konar laugar, stórar sem smáar.“ Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar ber m.a. að merkja það greinilega þegar dýpt lauga er undir 1,2 metrum. Af framangreindu má ráða að borið hafi að merkja dýpt kalda pottsins sérstaklega og af gögnum málsins má ráða að það hafi ekki verið gert fyrr en eftir slys M. Verður þó ekki séð að vanræksla X á því að koma upp slíkri merkingu hafi leitt til slyss M, enda byggir hann á því að potturinn hafi verið dýpri, en ekki grynnri, en hann ætlaði. Verður því ekki séð að það hefði varnað umræddu slysi hefði merking þess efnis að umræddur pottur væri grynnri en 1,2 metrar verið til staðar á slysdegi.

Í fyrrgreindri 12. gr. reglugerðarinnar kemur einnig fram að merkja skuli aðra þætti varðandi öryggi og slysahættu, og eru tiltekin atriði greind í því sambandi svo og „annað það sem nauðsynlegt þykir vegna öryggis sundgesta.“ M virðist byggja á því að skylt hafi verið að vara sérstaklega við því að potturinn hafi verið niðurgrafinn. Í því samhengi verður að líta til þess hvort starfsfólk X hafi mátt gera sér grein fyrir því að slysahætta fælist í því og við mat á því verður einnig að hafa í huga að ekki liggur nægilega fyrir að hve miklu leyti potturinn var niðurgrafinn. Potturinn er afar grunnur og að mati nefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram að frágangur hans hafi haft í för með sér augljósa slysahættu. Er þá jafnframt litið til þess að ekkert liggur fyrir um að sambærileg atvik hafi átt sér stað fyrir slys M.

Verður ekki talið að eftirfarandi ályktun heilbrigðiseftirlitsins um líklega orsök slyss M breyti framangreindu enda liggur ekkert fyrir um að frágangur á pottinum hafi verið í andstöðu við lög eða reglur eða að slysahætta af honum hafi verið ljós.

Hefur M því ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón hans verði rekið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því samkvæmt öllu framansögðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 204/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11 ágúst 2025.

Málsatvik.

Hinn 22. júní 2022 varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, sem send var hinn 27. júní 2022, voru atvik þau að M var í Dino körfulyftu við þann starfa að skipta um mynd í flettiskilti. Karfan leiðrétti sig sjálfkrafa með þeim afleiðingum að hönd M keyrðist upp í skiltið og hann klemmdist milli handriðs körfunnar og skiltisins sem olli því að framhandleggur hans brotnaði. Í málskoti byggir M á því að slys hans sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X þar sem aðbúnaður og öryggi hans á vinnustað hafi ekki verið tryggð með þeim hætti sem lög geri ráð fyrir og er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Hefði viðhaldi á umræddum lyftara verið sinnt sem skyldi megi gera ráð fyrir að komið hefði verið í veg fyrir slysið, en rekja megi það til saknæmrar vanrækslu X að þessu leyti. Með því að láta M sinna starfi sínu á biluðum körfubíl hafi X stefnt heilsu hans og öryggi í hættu. Verði X þá að bera allan halla af því að rannsókn Vinnueftirlitsins á tildrögum slyssins hafi ekki farið fram, enda hafi því verið tilkynnt of seint um slys M. Verði því að leggja atvikalýsingu M hvað varði slysið og aðstæður til grundvallar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M beri sönnunarbyrði þess að slys hans verði rakið til saknæms vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð vegna. Hafi sú sönnun að mati V ekki tekist. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi ekki verið vitneskja um neina bilun í umræddri lyftu áður en slys M átti sér stað. Tækið hafi þá verið skoðað af Vinnueftirlitinu hálfu ári fyrir slys M án athugasemda og hafi ekkert komið upp á eftir þá skoðun sem benti til þess að búnaður hennar væri bilaður. Hafi X því hvorki vitað né mátt vita að körfulyftan væri biluð. Þar sem málsatvik sem slík séu óumdeild hefði rannsókn Vinnueftirlitsins þá ekki varpað neinu nánari ljósi á málsatvik.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að starfsfólk eigi að geta treyst því að vinnuvélar sem því er ætlað að nota við störf sín virki sem skyldi. Þegar slíkt tæki bili beri vinnuveitandi ábyrgð þar sem aðbúnaður hafi þá ekki verið til samræmis við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim. Er því þá mótmælt að málsatvik séu fyllilega upplýst enda hefði X átt að fara fram á skoðun Vinnueftirlitsins á lyftunni í kjölfar slyssins. Slík rannsókn hefði m.a. leitt í ljós eðli bilunarinnar og hvort hún hafi stafað af ónægu viðhaldi eða skoðunum, ofnotkun eða einhverju öðru. Það að lyftan hafi verið skoðuð sex mánuðum fyrir slysdag breyti ekki þeirri staðreynd að hún hafi verið vanbúin á slysdegi. Það sé svo vanræksla X á tilkynningarskyldu sinni sem hafi leitt til þess að ekki var unnt að greina eðli þessa vanbúnaðar og orsök slyss M. Hafi X þá ekki gert neitt til að færa fram neinar sönnur fyrir eðli þess ágalla sem var á vélinni og verði það að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að X beri ekki hlutlæga ábyrgð vegna tjóns M heldur verði M að sýna fram á að tjón hans hafi orðið vegna saknæmrar vanrækslu eða vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á. Slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Tildrög slyss M virðast óumdeild og ber lýsingum aðila saman um það að körfulyftan hafi „leiðrétt sig“ með þeim afleiðingum að framhandleggur M klemmdist milli körfunnar og skiltisins sem hann var að vinna við. Virðist þá einnig liggja fyrir að M hafi verið óvinnufær allt frá slysdegi og bar því, skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys hans án ástæðulausrar tafar. Sú tilkynning var hins vegar ekki send fyrr en fimm dögum eftir slysið.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar.

Þrátt fyrir að byggt sé á lýsingum M á tildrögum slyssins, en í þessu tilviki virðast þau óumdeild, hvílir eftir sem áður á honum að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Óumdeilt er að einhvers konar bilun varð í umræddu tæki sem leiddi til þess að það „leiðrétti sig“ eða færðist úr stað, með þeim afleiðingum að M hlaut líkamstjón. Þrátt fyrir tilmæli laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim, varðandi öryggi og aðbúnað á vinnustöðum og þær ríku skyldur sem hvíla á vinnuveitendum þar að lútandi er það ekki svo að X beri hlutlæga ábyrgð á umræddri lyftu. Því hefur ekki verið mótmælt að lyftan hafi verið skoðuð án athugasemda hálfu ári fyrir slys M. Þá liggur ekkert fyrir, gögn, vitnisburðir eða annað er gefi til kynna að eitthvað hafi verið athugavert við virkni hennar fyrir slysið eða um að viðhaldi hennar hafi verið ábótavant. Er þá ekki byggt á því að M eða annað starfsfólk X hafi gert athugasemdir við búnað lyftunnar eða virkni hennar. Liggur þá ekki annað fyrir en að umrædd lyfta sem slík hafi verið forsvaranleg til þeirra nota sem henni voru ætluð.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður því ekki talið að X eða forsvarsmenn þess hafi vitað, eða mátt vita, að eitthvað væri athugavert við lyftuna eða að þörf hafi verið sérstakri skoðun hennar eða einhvers konar viðhaldi áður en slys M átti sér stað.

Er því ekki sýnt fram á það fyrir nefndinni að slys M verði rakið til atriða sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. Af því verður M að bera hallann og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 205/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Miskabætur, stórfellt gáleysi, umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 25. júní 2025.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M sem var farþegi í ökutæki B varð fyrir líkamstjóni 20. febrúar 2023 er ökutæki A keyrði inn í vinstri hlið B. Við áreksturinn lenti B út af veginum með þeim afleiðingum m.a. að M slasaðist. Hefur V samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, sbr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og greitt bætur vegna tjóns M fyrir utan krafðar miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ágreiningur fyrir nefndinni snýr því einungis að miskabótakröfu M.

Í málskoti eru færð fyrir því rök að skilyrði miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt og gerð krafa um 2.000.000 krónur í miskabætur. Kröfunni til frekari stuðnings er í málskoti m.a. vísað í 4. gr. og 3. mgr. 7. gr.. 2. og 3. mgr. 20. gr., 25. gr. og 33. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Telur M að tjón sitt verði rakið til stórfellds gáleysis ökumanns A. Í því sambandi er m.a. bent á að í aðdraganda slyssins hafi A verið ekið mjög gáleysislega og ökumaðurinn alls ekki sýnt þá aðgát sem honum bar. Hann hafi ekið án fyrirvara og án þess að gefa nein merki eða ganga úr skugga um að það væri yfir höfuð hægt, milli vegstika og yfir tvöfalda heila línu í þeim tilgangi að aka fram úr annarri bifreið. Er jafnframt bent á að aðstæður á veginum hafi ekki gefið tilefni til að ætla að heimilt væri að aka á milli vegstikanna og yfir á akrein þá sem B var á. Þvert á móti hafi ökumanni A átt að vera það ljóst að á umræddum vegarkafla væri óheimilt að skipta um akrein eða taka fram úr öðru ökutæki. Þá telur M að við mat á saknæmi háttsemi ökumanns A beri að horfa til þess að í raun hafi engu mátt muna að afleiðingar slyssins yrðu mun alvarlegri en raunin varð. Hvað umfang tjóns M varðar þá segir m.a. í málskotinu að M hafi verið metin til 6 stiga varanlegs miska skv. 4. gr. skaðabótalaga af völdum slyssins. Það sé því ljóst að M, sem sé 15 ára gömul í dag, þurfi að glíma við verki á hverjum degi vegna afleiðinga slyssins. Þá telur M ekki að fjárhagsstaða tjónvalds eigi að hafa áhrif við mat á fjárhæð miskabóta úr ábyrgðartryggingu A. Telur M að krafa hennar um 2.000.000 krónur í miskabætur sé sanngjörn. Í fyrirliggjandi skjali í málinu er m.a. vísað í Lrd. 2. desember 2022 í máli nr. 410/2021 sem rök fyrir hinni umkröfðu bótafjárhæð.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 25. júní 2025, er því hafnað að tjón M verði rakið til stórfellds gáleysis ökumanns A. Jafnframt bendir V á að sönnunarbyrðin fyrir því hvíli á M. Kemur fram að V telur að orsök slyssins sé augnabliks aðgæsluleysi ökumanns A. Bendir V á að til þess að um stórfellt gáleysi sé að ræða þurfi háttsemi að fela í sér verulegt og ámælisvert frávik frá því sem vænta má af gegnum og skynsömum manni við sömu aðstæður. Við það mat þurfi jafnframt að horfa til huglægrar afstöðu tjónvalds og allra atvika máls. Það að skipta um akrein, eins og ökumaður A hafi gert, feli ekki sjálfkrafa í sér stórfellt gáleysi. Bendir V á að umferðaróhöpp megi almennt rekja til þess að ökumenn leggi ekki rétt mat á aðstæður eða missi athygli í augnablik. Telur V að það sé nákvæmlega það sem gerðist í tilviki ökumanns A. Eins og aðstæður hafi verið á slysstað, þ.e. miður dagur og góð aksturskilyrði, geti sú háttsemin ekki talist fela í sér stórfellt gáleysi. Þá hafi tjónvaldur ekki verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Að lokum bendir V á að af dómafordæmum megi ráða að til þess að um stórfellt gáleysi í umferðinni sé að ræða þurfi hreinn ofsaakstur að koma til. Í tilviki slyss M sé sú ekki raunin. Máli sínu til frekari stuðnings bendir V á eftirtalda þrjá úrskurði nefndarinnar í málum nr. 30/2024, 373/2024 og 306/2024. Þessu til viðbótar bendir V á að a-liður 1. mgr. 26. gr. sé heimildarákvæði, nokkuð sem feli í sér að jafnvel þó komist yrði að þeirri niðurstöðu að tjón M verði rakið til stórfellds gáleysis ökumanns A, sé ekki þar með sagt að M eigi lögvarinn rétt til miskabóta.

Því dugi ekki að sýna fram á stórfellt gáleysi til þess að bótaréttur liggi sjálfkrafa fyrir. Þá feli a-liður 1. mgr. 26. gr. í sér undantekningu frá meginreglu sem beri að túlka þröngt og eigi aðeins að beita þegar sanngjarnt telst séð í ljóst atvika allra, þar með talið sakarstigs tjónvalds og umfangs tjóns. Vísar V til þess að umfang tjóns M sé lítið. Að lokum tekur V fram að verði ekki fallist á framangreind rök sé krafa M um 2.000.000 krónur í miskabætur úr hófi að teknu tilliti til dómaframkvæmdar.

Álit

Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á árekstri bifreiðanna 20. febrúar 2023. Í málinu er hins vegar ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórfelldu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða miskabætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi ökumanns A því að fela í sér veruleg frávik frá því sem eðlilegt má telja. Í Hrd. 8. desember 2016 í máli nr. 502/2016 er m.a. að finna eftirfarandi umfjöllun um hugtakið stórfellt gáleysi: „Í framangreindu felst að stórfellt gáleysi er gáleysi á hærri stigi en hið almenna. Það felur í sér að annað hvort víkur háttsemi hlutrænt séð meira frá þeirri háttsemi sem tjónvaldi bar að viðhafa en þarf til að staðreyna almennt gáleysi, eða að hin huglæga afstaða tjónvalds til atvika er leiddu til slyss einkennist af miklu tillitsleysi.“

Ekki er ágreiningur í málinu um að M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Við mat á því hvort háttsemi ökumanns A í umrætt sinn hafi falið í sér stórfellt gáleysi leggur nefndin eftirfarandi til grundvallar. Ekki liggja fyrir upplýsingar sem benda til þess að A hafi í umrætt sinn verið ekið yfir leyfilegum hámarkshraða né var ökumaðurinn undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Hins vegar sýna gögn málsins að A var skyndilega og án þess að nein merki hafi verið gefin, ekið yfir tvöfalda miðlínu og í vinstri hlið B. Fyrir liggur að ökumaður B telur að þeirri bifreið hafi í aðdraganda slyssins verið ekið á um 90 km hraða sem er leyfilegur hámarkshraði á slysstað. Í lögregluskýrslu kemur fram að akreinarnar á slysstað eru aðskildar með meters háum gulum plaststikum og að eina stiku hafi vantað þar sem ökumaður A beygði til hægri yfir tvöfalda óbrotna línu og inn í hlið B. Þá er einnig haft eftir ökumanni A að þar sem hann hafi ekið afrein frá Bláalónsvegi til norðurs með fyrirhugaðri akstursstefnu inn á Grindavíkurveg, hafi hann séð op á akreinamerkingum (stikum) og því beygt til hægri inn á Grindavíkurveg. Af þessu má ljóst vera að ökumanninum var kunnugt um að það vantaði stiku á umræddum vegarkafla, stiku sem m.a. var ætlað að tryggja að ökumenn höguðu akstri sínum ekki með þeim hætti sem raunin var með hann. Af framangreindu verður dregin sú ályktun að háttsemi ökumanns A fól í sér alvarlegt brot á 4. gr. og 3. mgr. 7. gr.. 2. og 3. mgr. 20. gr., 25. gr. og 33. gr. umferðarlaga nr. nr. 77/2019 og 36. gr. reglugerðar nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra. Þannig kemur t.d. fram í 36. gr. framangreindar reglugerðar, sbr. 25. gr. umferðarlaga, að óbrotin miðlína merkir að almennt er óheimilt og hættulegt að aka yfir hana. Með vísan í framangreint telur nefndin jafnframt að ökumanni A hafi mátt vera það ljóst að með háttalagi sínu stuðlaði hann að verulegri slysahættu enda hefði hann með eðlilegri árverkni átt að sjá B nálgast á um 90 km hraða. Háttsemi ökumanns A var því m.a. til þess fallin að valda verulegri hættu á umtalsverðu líkamstjóni fyrir þá sem í bifreiðnum tveimur voru og í raun hafi litlu mátt muna að afleiðingar háttseminnar yrðu enn alvarlegri en raunin varð. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að sú háttsemi ökumanns B að aka skyndilega yfir tvöfalda óbrotna línu og inn í vinstri hlið B án þess að gefa áður nein merki eða huga að umferð á þeirri akrein sem ekið var inn á, feli í sér stórfellt gáleysi.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur nefndin að uppfyllt séu hin almennu og sérstöku bótaskilyrði sem M byggir miskabótakröfu sína á, sbr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og a-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þegar svo háttar til, þ.e. að staðreynt hefur verið að sá sem krafinn er um bætur hefur valdið líkamstjóni með stórfelldu gáleysi, hefur í dómaframkvæmd almennt verið gengið út frá því að tjónþoli teljist hafa orðið fyrir miska og eigi rétt á miskabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Það að um sé að ræða heimildarákvæði breytir almennt ekki framangreindu. Nefndin telur í það minnsta ekki forsendur til þess eins og málum er hér háttað að víkja frá framangreindu með vísan til þess að um heimildarákvæði sé að ræða. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M eigi rétt á miskabótum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr skaðabótalaga. Í þessu sambandi bendir nefndin jafnframt á að löggjafinn hefur tekið af allan vafa á um að miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga geta komið til viðbótar miskabótum skv. 3. og 4. gr. (þjáningabætur og bætur fyrir varanlegan miska) sömu laga.

M hefur krafist þess að fá 2.000.000 krónur í miskabætur. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. í Lrd. 2. desember 2022 í máli nr. 410/2021. Þó nefndin geti fallist á að sá dómur geti upp að vissu marki þjónað sem fordæmi hvað ákvörðun fjárhæðar miskabóta M varðar, þá telur nefndin engu að síður að umfang miska M sé umtalsvert minna en raunin var í framangreindu dómsmáli, nokkuð sem hefur veruleg áhrif varðandi ákvörðun fjárhæðar miskabóta. Þannig liggur fyrir að metinn varanlegur miski tjónþola skv. 4. gr. skaðabótalaga í Landsréttarmálinu var 40 stig á meðan varanlegur miski M er metinn 6 stig. Þá lá jafnframt fyrir í Landsréttarmálinu matsgerð dómkvaddra manna, geðlæknis og taugasálfræðings, um alvarlegt þunglyndi og áfallastreituröskun tjónþola af völdum hins bótaskylda slyss. Í fyrirliggjandi matsgerð, dags. 21. apríl 2024, kemur hins vegar fram að metinn 6 stiga varanlegur miski M snýr annars vegar að tognun í lendhrygg og hins vegar að vægum eftirstöðvum ökklabrots. Þá telja matsmenn að færniskerðing M valdi ekki sérstökum erfiðleikum í lífi hennar umfram það sem felst í matinu. Í framangreindum Landsréttardómi var fallist á að tjónþoli ætti rétt á 2.700.000 krónum í miskabætur. Ef sú fjárhæð er leiðrétt til samræmis við breytingar á lánskjaravísitölu frá dagsetningu landsréttardómsins til dagsinns í dag, sbr. til hliðsjónar 3. og 4. gr. sbr. 15. gr. skaðabótalaga, þá er hin uppreiknaða fjárhæð 3.169.500 krónur.

Með vísan til þess sem að framan greinir hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M eigi rétt á 500.000 krónum í miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Hefur þá verið tekið tillit til þess að M var 13 ára á slysdegi og hið metna miskabótatímabil því lengra og fjárhæð bóta hærri en raunin hefði getað orðið fyrir eldri tjónþola.

Niðurstaða.
M á rétt á 500.000 krónum í miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 206/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A)

Bótaskyldur kostnaður. Sjúkrakostnaður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. janúar 2023 slasaðist M er árekstur varð með bifreið hennar og A. Ekki virðist ágreiningur um það að ökumaður A hafi átt sök á slysinu og að tjón vegna þess sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A. Í tengslum við matsgerð vegna afleiðinga slyssins hafi matsmenn óskað eftir afriti af sjúkraskrá M frá læknastöðinni X. Hafi lögmaður M orðið við þeirri beiðni, en jafnframt hafi V verið upplýst um hana. Skaðabótakrafa á grundvelli matsgerðarinnar var send V hinn 23. maí 2025. Hafnaði V þá að endurgreiða kostnað vegna öflunar afrits af sjúkraskrá M hjá X, samtals að fjárhæð 54.500 kr. samkvæmt reikningum tveggja lækna hjá X.

M telur að V beri að endurgreiða umræddan reikning enda sé um að ræða sjúkrakostnað í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en um hafi verið að ræða gögn sem matsmenn hafi talið nauðsynleg svo unnt væri að leggja mat á umfang tjóns M. M hafi verið til talsverðrar meðferðar hjá X og hafi umrædd gögn því haft þýðingu við mat á afleiðingum slyssins. Hafi því verið um eðlilegan og nauðsynlegan kostnað að ræða. Vísar M þá til fordæma dómstóla og nefndarinnar máli sínu til stuðnings. Hvað úrskurð heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023, sem V byggi höfnun sína á, varði, þá eigi hann ekki við í þessu tilviki. Hann hafi enda lotið að ólögmætri gjaldtöku stjórnvalds, en X sé einkarekin læknastofa en ekki stjórnvald. Þurfi X því ekki að byggja gjaldtöku sína á lagaheimildum.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að ekki sé deilt um það hvort umrædd gagnaöflun hafi verið nauðsynleg. Ágreiningur aðila snúi að því hvort skylda tjónþola til tjónstakmörkunar hafi verið vanrækt og hvort það geti leitt til þess að kostnaður vegna gjaldtöku sem ekki sé fullnægjandi heimild fyrir skuli greiddur. V bendir á að réttur sjúklinga til aðgangs að gögnum úr sjúkraskrá byggist á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna eigi sjúklingur eða umboðsmaður hans rétt að aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Ljóst sé að lögin gildi um allan aðgang að sjúkraskrám, óháð því hvort heilbrigðisþjónusta er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum. Því sé ljóst að mati V að lög nr. 55/2009 gildi um aðgang M að sjúkraskrá sinni hjá X. Í framangreindum lögum sé ekki veitt heimild til gjaldtöku vegna aðgangs að sjúkraskrá eða afritun af slíkum gögnum. Heimildir til gjaldtöku vegna þjónustu sjálfstætt starfandi lækna sé að finna í 3. tl. 29. gr. laga nr. 112/2008. Feli sá töluliður ekki í sér heimild til innheimtu á þjónustugjaldi vegna afhendingu á sjúkraskrám. Í reglugerð nr. 1551/2023 séu framangreindar heimildir til gjaldtöku nánar útfærðar. Öll gjaldtaka af hálfu X þurfi að eiga stoð í þeirri reglugerð, að öðrum kosti teljist hún óheimil. Telur V því að úrskurður heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023, eigi einnig við um gjaldtöku X vegna afhendingar sjúkraskrár og færsla úr henni. Samkvæmt framansögðu sé ljóst að mati V að X sé ekki heimilt skv. lögum nr. 112/2008 og reglugerð nr. 1551/2023 að innheimta gjald vegna afritunar gagna úr sjúkraskrá eða veitingu aðgangs að sjúkraskrá sjúklings.

V bendir þá á að samkvæmt meginreglu skaðabóta- og vátryggingaréttar sé tjónþola skylt að takmarka tjón sitt með þeim hætti sem honum er unnt. Framangreind meginregla um tjónstakmörkun feli það í sér að tjónþoli, eða eftir atvikum lögmaður hans, geti ekki stofnað til kostnaðar sem telst óþarfur til sönnunar á tjóni og gert kröfu um að sá kostnaður verði bættur úr viðkomandi tryggingu. Með því að greiða reikning X hafi lögmaður M vanrækt skyldu sína til tjónstakmörkunar, en hann og M hafi haft skýr úrræði til þess að láta reyna á gjaldtökuna og hafna greiðslu reikningsins. Það hafi ekki verið gert og verði M að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað M vegna öflunar sjúkraskrár frá einkareknu læknastöðinni X. Fjárhæð sú sem um ræðir er samtals kr. 54.500. Óumdeilt er að um nauðsynleg gögn hafi verið að ræða og að lögmaður M hafi greitt fyrrgreinda reikninga fyrir hennar hönd. Virðist því ekki um það deilt í sjálfu sér að um sjúkrakostnað samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga sé að ræða. Um það er hins vegar deilt hvort M, eða eftir atvikum lögmanni hennar, hafi borið, í ljósi tjónstakmörkunarskyldu sinnar, að hafna greiðslu umræddra reikninga.

Samkvæmt 3. gr. samþykkta fyrir nefndina frá 17. desember 2021, heyra mál undir starfssvið nefndarinnar sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu vátrygginga eða vátryggingarstarfsemi að öðru leyti. Fellur það utan við starfssvið nefndarinnar að úrskurða um lögmæti þess að X krefji sjúklinga um greiðslu fyrir afhendingu sjúkraskrár. Takmarkast álit nefndarinnar því við ágreining er varðar það hvort M hafi borið að takmarka tjón sitt með því að neita að greiða reikning X og leiða þar með til þess að V yrði ekki krafið um kostnað vegna hans.

Samkvæmt meginreglu skaðabóta- og vátryggingaréttar skal tjónþoli gera það sem sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón sitt. Skylda M takmarkast þannig við að gera það sem sanngjarnt er að ætlast til af henni.

Líkt og áður hefur komið fram tekur nefndin ekki afstöðu til lögmætis reikninga X og nefndur úrskurður heilbrigðisráðuneytið tekur samkvæmt úrskurðarorði sínu aðeins til opinberrar heilsugæslu. Er því til staðar óvissa um hvort M hefði í raun takmarkað tjónið með höfnun á greiðslu reikninganna. Slík höfnun gæti hafa leitt til verulegs aukakostnaðar, svo sem dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Eins og ítrekað hefur komið fram er ágreiningslaust að um nauðsynlega gangöflun hafi verið að ræða og má telja að M hafi haft réttmætar væntingar til þess að slíkur sjúkrakostnaður yrði endurgreiddur af hálfu V. Verður því að mati nefndarinnar ekki gengið svo langt að krefjast þess af tjónþola, í því skyni að hann takmarki tjón sitt, að hann hafni greiðslu reikninga vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar, en það er eins og áður segir ekki hlutverk nefndarinnar að úrskurða um lögmæti hinna umþrættu reikninga. Af framangreindu þykir að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að M hafi ekki gætt að tjónstakmörkunarskyldu sinni umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 54.500 vegna öflunar sjúkraskrár, úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 207/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækja: (A)

Bótaskyldur kostnaður. Sjúkrakostnaður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. júlí 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. júlí 2025.

Málsatvik.
Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 10. maí 2023 slasaðist M er árekstur varð með bifreið hennar, A og annarri bifreið. Ekki virðist ágreiningur um það að M hafi átt sök á slysinu og að líkamstjón hennar sé því bótaskylt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Matsbeiðni hafi verið send V og hafi V í kjölfarið óskað þess að kallað væri eftir komunótu frá X. Hafi lögmaður M orðið við þeirri beiðni og læknabréf, titlað „samskiptaseðill“ hafi borist frá X hinn 11. nóvember 2024 ásamt reikningi að fjárhæð 16.190 kr. Hafi V móttekið framangreind gögn án athugasemda en lögmaður M hafi greitt reikninginn fyrir hennar hönd. V hafi hins vegar hafnað endurgreiðslu umrædds reiknings, þegar gengið var eftir henni, með vísan til úrskurðar heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023.

M telur að V beri að endurgreiða umræddan reikning enda sé um að ræða sjúkrakostnað í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en um hafi verið að ræða gögn sem aflað hafi verið að beiðni V sem hafi talið þau nauðsynleg. Hafi því verið um eðlilegan og nauðsynlegan kostnað að ræða og sé gjaldtaka X hófleg og eðlileg. Vísar M þá til fordæma dómstóla framangreindu til stuðnings. Hvað úrskurð heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023 og þau lagaákvæði sem V byggi höfnun sína á, varði, þá eigi þau ekki við í þessu tilviki, enda sé í raun ekki um sjúkraskrá að ræða heldur komunótu frá aðila sem sinni bráðaþjónustu en ekki samfelldri heilbrigðisþjónustu. Verði að treysta starfsmönnum X fyrir mati á því hvort umbeðin gögn séu sjúkraskrá í skilningi laga eða gögn sem heimilt er að krefja um gjald vegna. Sé þá ósanngjarnt að leggja þær kröfur á herðar M eða lögmanni hennar að hafna greiðslu, krefjast endurgreiðslu eða kæra gjaldtökuna til heilbrigðisráðuneytisins.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að ekki sé deilt um það hvort umrædd gagnaöflun hafi verið nauðsynleg. Ágreiningur aðila snúi að því hvort skylda tjónþola til tjónstakmörkunar hafi verið vanrækt og hvort það geti leitt til þess að kostnaður vegna gjaldtöku sem ekki sé fullnægjandi heimild fyrir skuli greiddur. V bendir á að réttur sjúklinga til aðgangs að gögnum úr sjúkraskrá byggist á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna eigi sjúklingur eða umboðsmaður hans rétt að aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Ljóst sé að lögin gildi um allan aðgang að sjúkraskrám, óháð því hvort heilbrigðisþjónusta er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum. Því sé ljóst að mati V að lög nr. 55/2009 gildi um aðgang M að sjúkraskrá sinni hjá X. Í framangreindum lögum sé ekki veitt heimild til gjaldtöku vegna aðgangs að sjúkraskrá eða afritun af slíkum gögnum. Heimildir til gjaldtöku vegna þjónustu sjálfstætt starfandi lækna sé að finna í 3. tl. 29. gr. laga nr. 112/2008. Feli sá töluliður ekki í sér heimild til innheimtu á þjónustugjaldi vegna afhendingu á sjúkraskrám. Í reglugerð nr. 1551/2023 séu framangreindar heimildir til gjaldtöku nánar útfærðar. Öll gjaldtaka af hálfu X þurfi að eiga stoð í þeirri reglugerð, að öðrum kosti teljist hún óheimil. Telur V því að úrskurður heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023, eigi einnig við um gjaldtöku X vegna afhendingar sjúkraskrár og færsla úr henni. Samkvæmt framansögðu sé ljóst að mati V að X sé ekki heimilt skv. lögum nr. 112/2008 og reglugerð nr. 1551/2023 að innheimta gjald vegna afritunar gagna úr sjúkraskrá eða veitingu aðgangs að sjúkraskrá sjúklings. Í tilviki M hafi ekki verið óskað eftir vottorði læknis heldur aðeins afriti af komunótu. Komunótur séu meðal þeirra gagna sem skráð séu í sjúkraskrá og krefjist því ekki sérstakrar ritunar samkvæmt beiðni. Sé því um að ræða beiðni M um upplýsingar úr sjúkraskrá og skuli afhending slíkra gagna vera gjaldfrjáls.

V bendir þá á að samkvæmt meginreglu skaðabóta- og vátryggingaréttar sé tjónþola skylt að takmarka tjón sitt með þeim hætti sem honum er unnt. Framangreind meginregla um tjónstakmörkun feli það í sér að tjónþoli, eða eftir atvikum lögmaður hans, geti ekki stofnað til kostnaðar sem telst óþarfur til sönnunar á tjóni og gert kröfu um að sá kostnaður verði bættur úr viðkomandi tryggingu. Það eigi jafnt

við þó um sé að ræða gagnaöflun sem nauðsynleg er til sönnunar á tjóni. Með því að greiða reikning X hafi lögmaður M vanrækt skyldu sína til tjónstakmörkunar, en hann og M hafi haft skýr úrræði til þess að láta reyna á gjaldtökuna og hafna greiðslu reikningsins. Það hafi ekki verið gert og verði M að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að ágreiningur um lögmæti gjaldtöku heilbrigðisstarfsmanna falli utan við starfsvið úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Eru þá fyrri röksemdir M áréttaðar en M telji ekki um ólögmæta gjaldtöku að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað M vegna öflunar gagna úr sjúkraskrár frá einkareknu læknastöðinni X. Fjárhæð sú sem um ræðir er kr. 16.190. Óumdeilt er að um nauðsynleg gögn hafi verið að ræða og að lögmaður M hafi greitt fyrrgreindan reikning fyrir hennar hönd. Virðist því ekki um það deilt í sjálfu sér að um sjúkrakostnað samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga sé að ræða. Um það er hins vegar deilt hvort M, eða eftir atvikum lögmanni hennar, hafi borið, í ljósi tjónstakmörkunarskyldu sinnar, að hafna greiðslu umrædds reiknings.

Samkvæmt 3. gr. samþykkta fyrir nefndina frá 17. desember 2021, heyra mál undir starfssvið nefndarinnar sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu vátrygginga eða vátryggingarstarfsemi að öðru leyti. Fellur það utan við starfssvið nefndarinnar að úrskurða um lögmæti þess að X krefji sjúklinga um greiðslu fyrir afhendingu gagna. Takmarkast álit nefndarinnar því við ágreining er varðar það hvort M hafi borið að takmarka tjón sitt með því að neita að greiða reikning X og leiða þar með til þess að V yrði ekki krafið um kostnað vegna hans.

Samkvæmt meginreglu skaðabóta- og vátryggingaréttar skal tjónþoli gera það sem sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón sitt. Skylda M takmarkast þannig við að gera það sem sanngjarnt er að ætlast til af henni.

Líkt og áður hefur komið fram tekur nefndin ekki afstöðu til lögmætis reiknings X og nefndur úrskurður heilbrigðisráðuneytið tekur samkvæmt úrskurðarorði sínu aðeins til opinberrar heilsugæslu. Er því til staðar óvissa um hvort M hefði í raun takmarkað tjónið með höfnun á greiðslu reikningsins. Slík höfnun gæti hafa leitt til verulegs aukakostnaðar, svo sem dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Að mati nefndarinnar er ekki sanngirni í því fólgin af hálfu V að gera þá kröfu að M eða eftir atvikum lögmaður fyrir hans hönd, krefjist endurgreiðslu af hálfu X eða eftir atvikum kæri afstöðu X til heilbrigðisráðuneytisins. Með því að kalla eftir framangreindu gagni skapaði V réttmætar væntingar hjá M um að sá kostnaður sem mundi falla til yrði endurgreiddur og eins og ítrekað hefur komið fram er ágreiningslaust að um nauðsynlega gagnaöflun hafi verið að ræða. Verður því að mati nefndarinnar ekki gengið svo langt að krefjast þess af tjónþola, í því skyni að hann takmarki tjón sitt, að hann hafni greiðslu reikninga vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar, en það er eins og áður segir ekki hlutverk nefndarinnar að úrskurða um lögmæti hins umþrætta reiknings. Af framangreindu þykir að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að M hafi ekki gætt að tjónstakmörkunarskyldu sinni umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 16.190 vegna gagnaöflunar, úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 208/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Viðbótargagn frá M dags. 1. ágúst 2025.
3. Bréf V dags. 14. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M dags 22. ágúst 2025.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 25. ágúst 2025.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 4. ágúst 2023 hafi M farið á veitingastað sem rekinn er af X. Þegar M settist á stól í veitingasalnum brotnaði fótur undan honum og bakið sömuleiðis með þeim afleiðingum að M féll í gólfið. Lýsir M atvikum svo að þegar hún hafi sest í stólinn hafi fóturinn undir stólnum verið laus, líkt og hann hafi verið brotinn fyrir en einhver hafi tyllt honum undir stólinn. Í tölvupósti frá Y, sem var með M umræddan dag, er atvikum lýst svo að stóllinn hafi „splundrast“ í fimm parta og M fallið í gólfið. Fyrirliggjandi er matsgerð læknis dags. 31. júlí 2025 og kemur þar fram að við slysið hafi M hlotið tognun á hálshrygg með afleiddum verkjum í herðar og höfuðverk og er varanleg læknisfræðileg örorka hennar metin til fimm stiga.

M gerir körfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X enda hafi aðstæður verið hættulegar, en ljóst sé að umræddur stóll hafi ekki verið í viðundandi ástandi. Þar sem honum hafi verið fargað strax í kjölfar slyssins hafi þá ekki verið unnt að framkvæma rannsókn á honum og því ómögulegt að sýna fram á nákvæma orsök slyssins. M hafi hins vegar gert allt sem í hennar valdi stóð til að upplýsa málið, en hún hafi tekið myndir af stólnum eftir atvikið og tilkynnt X um það með tölvupósti daginn eftir. Er þá vísað til þess að lagðar séu auknar kröfur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem almenningur venji komur sínar til þess að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem sækja slíka staði og rakin dómafordæmi því til stuðnings. Hafi X því borið að tryggja að umræddur stóll væri í fullnægjandi ástandi. Er áréttað að M hafi virst fóturinn á stólnum vera laus, eins og honum hafi verið tyllt á eftir að hafa brotnað áður. Því hafi starfsfólki X ekki getað dulist sú hætta sem var fyrir hendi en í stað þess að fjarlægja stólinn hafi honum verið tyllt saman með fyrrgreindum hætti. Hafi X þá einnig vanrækt að uppfylla skyldur sínar um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum til samræmis við áskilnað laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. X verði að bera hallann af sönnunarskorti um nákvæma orsök slyssins, enda hafi M gert hvað hún gat til að upplýsa um hana.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að engar kvartanir hafi borist vegna stólsins, sem í eðli sínu sé ekki tæki sem sérstök hætta stafi af. Stólar á veitingastöðum X séu þá yfirfarnir reglulega og sé með öllu ósannað að viðhaldi hafi ekki verið sinnt sem skyldi. Er því þá sérstaklega hafnað að niðurstaða málsins verði byggð á ákvæðum laga nr. 46/190 enda sé þeim ætlað að eiga við um vinnuvernd. Hvað varði sönnun þá sé það hlutverk M, en ekki X, að afla sönnunar fyrir staðhæfingum sínum. X hafi fylgt öllum öryggisreglum, lögum og reglugerðum sem eigi við um starfsemina og sé því alfarið hafnað að aðstæður á slysstað hafi verið hættulegar og óforsvaranlegar. Sé því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 291/2022 þar sem fram komi að gera verði þær kröfur til rekstraraðila bað- og sundstaða að tryggja að orsakir slysa séu rannsakaðar og gögnum haldið til haga. Verði að gera sambærilegar kröfur til aðila í veitingarekstri. Er þá enn ítrekað að fóturinn hafi verið laus undir stólnum er M settist í hann. Hefði stóllinn verið skoðaður hefði mátt leiða framangreint frekar í ljós. Eins hefði verið unnt að afla frekari upplýsinga frá starfsfólki X en ekkert bendi til þess að það hafi verið gert.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að sérstaklega strangar reglur eigi við um aðbúnað á sund- og baðstöðum og eigi tilgreint fordæmi Landsréttar því ekki við. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli 57/2023 framangreindu til staðfestingar.

Álit:

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Ekki er um það deilt að stóll á veitingahúsi X hafi brotnað er M fékk sér sæti á honum og fyrirliggjandi eru ljósmyndir sem sýna m.a. að einn fóturinn brotnaði undan stólnum auk þess sem plast í setu hans virðist hafa brotnað í nokkra hluta. Ekki hefur verið sýnt fram á, né verður það ráðið af fyrrnefndum ljósmyndum, hvað olli því að svo fór. Hefur þannig ekki verið sýnt fram á að bilun í stólnum hafi verið augljós fyrir slys M eða að gerð, aldur eða ástand stólsins hafi verið bersýnilega óforsvaranleg fyrir slysið. Stólar eru í eðli sínu ekki hættuleg tæki og er því ekki hægt að gera kröfu um sérstakt eftirlit með þeim umfram það sem leiðir af hefðbundinni umgengni um þá og hvorki liggur fyrir að stóllinn hafi verið augljóslega vanbúinn eða að starfsfólki X hafi verið tilkynnt um eitthvað slíkt. Er því ekki sýnt fram á að starfsfólk X hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu með því að títtnefndur stóll stóð í veitingasalnum til afnota fyrir viðskiptavini.

Hefur M því ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón hennar verði rekið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og samkvæmt almennum sönnunarreglum verður hún að bera hallann af því. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því samkvæmt framansögðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 216/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X) og (Y).

Skaðabótaábyrgð. Frítímaslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. október 2024 hafi M runnið í hálku á göngugötu fyrir framan skemmtistað í eigu X, í bæjarfélaginu Y, með þeim afleiðingum að hún ökklabrotnaði á vinstri fæti. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingum X og Y. V sem er vátryggingafélag beggja aðila hefur hafnað bótaskyldu. Telur M að annað hvort X eða Y beri skaðabótaábyrgð á slysinu vegna óviðunandi aðstæðna á umræddri göngugötu. Telur M að X og Y hafi verið fullmeðvituð um aðstæður, enda hafi verið kalt í veðri vikuna fyrir slysið ásamt því að hitaveitukerfi göngugötunnar hafi verið bilað í umrætt sinn, og hafi því borið að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hálku. Samkvæmt fréttum hafi mikil hálka myndast á gangstéttum og vegum umræddan dag. Göngugatan hafi verið ísilögð og liggur fyrir að mikill snjór og hálka hafði myndast dögunum fyrir slysið. Meðalhiti á slysdegi var -7,8°C. Hafði a.m.k. Y vitneskju um að hitakerfi göngugötunnar hefði ekki virkað sem skyldi en þrátt fyrir það hafi hvorki X né Y aðhafst nokkuð til að tryggja öryggi almennings eða gesta skemmtistaðarins. Sú skylda hvíli á X sem rekstraraðila kaffihúss og skemmtistaðar, sem reki þjónustu fyrir neytendur og laði til sín viðskiptavini, að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slysahættu vegna hálku. Varðandi vitneskju Y um aðstæður þá vísar M til frétta sem birtust á netmiðlum daginn eftir slysið þar sem haft er eftir sviðsstjóra hjá Y: „Það er ekki boðlegt að hafa þetta svona en okkar menn eru á fullu að laga þetta."

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telur með öllu ósannað að slysið hafi gerst með þeim hætti sem M lýsti í kröfubréfi sínu. Í sjúkragögnum komi fram að M hafi misstigið sig og dottið í hálku. Í tjónstilkynningu til annars tryggingafélags komi fram að M hafi verið búin að drekka tvo litla bjóra og verið að labba á göngugötunni og misstigið sig. Um X er vísað til þess að með öllu sé ósannað að slys M hafi gerst á þeim stað og með þeim hætti sem hún lýsi. Þá hafi starfsmenn X sinnt sand- og saltlagningu eins og þörf var á. Ósannað sé að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi sem leitt hafi til slyssins. Þessu til viðbótar vísar V til þess varðandi Y að starfsmenn bæjarins hafi ekki vitað af bilun í hitakerfi fyrr en eftir slysið. Kerfið hafi virkað að hluta, sandur hafi verið borinn á götur og gangstéttir og sveitarfélög beri ekki hlutlæga ábyrgð á að halda öllum götum og gangstéttum hálkufríum. Með öllu sé ósannað að slys M hafi orðið vegna hálku eða saknæmrar háttsemi starfsmanna Y.

Í viðbótarathugasemdum sínum leggur M áherslu á að mikill kuldi og snjór hafi verið í bæjarfélaginu á slysdegi og að framlögð gögn staðfesti að veruleg hálka hafi myndast á götum bæjarins í umrætt sinn og hafi gangandi vegfarendum þótt erfitt að fóta sig í miðbænum. Hafnar M því sem ósönnuðu að starfsmenn Y hafi ekki vitað af bilun í hitakerfi bæjarins fyrr en eftir slysið og vísar til fréttar dags. 14. október 2024 þar sem fram komi að hitakerfið hafi ekki virkað sem skyldi síðustu daga. Varðandi staðsetningu slyssins þá vísar M til frásagnar vitnis því til stuðnings að slysið hafi gerst fyrir utan skemmtistað í eigu X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða Y eða starfsmanna þeirra, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna líkt og X þar sem rekin er þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Hvað sveitarfélög

líkt og Y varðar þá verður ekki gerð sú krafa að þau tryggi að götur og gangstéttir séu ætíð hálkufríar. Varðandi X þá liggja ekki fyrir gögn sem sýna að starfsmenn hafi vanrækt skyldur sínar til að sinna hálkuvörnum. Samkvæmt upplýsingum frá X var sand- og saltlagningu sinnt eftir þörfum og engin sönnun um að mistök eða vanræksla starfsmanna X hafi valdið slysinu. Varðandi Y þá bera sveitarfélög ekki hlutlæga ábyrgð á að hitakerfi virki fullkomlega eða að allar götur séu lausar við hálku. Ekki verður talið að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna Y. Það er því afstaða nefndarinnar að ósannað sé að slys M megi rekja til saknæmrar vanrækslu starfsmanna X og Y á hálkuvörnum. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X og Y bera skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum X og Y hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X og Y hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 217/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og ábyrgðartryggingarliður húseigendatryggingar.
Heiti vátryggingartaka: (X1) og (X2)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 4. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 15. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. ágúst 2025, ásamt fylgiskjali.
5. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 22. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í máskoti er málsatvikum lýst þannig að 19. ágúst 2023 hafi M verið gestkomandi á veitingastað X1. Þegar M hafi ætlað að yfirgefa staðinn og verið að ganga niður tröppur við innganginn hafi hún stigið í brotið þrep með þeim afleiðingum að hún hafi fallið fram fyrir sig, lent á höfðinu, og slasast. Er á því byggt að gögn málsins sýni að engin lýsing hafi verið við innganginn (tröppurnar). X1 var með ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá V1 og X2 var með húseigendatryggingu – ábyrðartryggingalið, hjá V2. Í málskotinu kemur fram að óskað hafi verið eftir afstöðu V1 og V2 til skaðabótaábyrgðar X1 og X2 gagnvart M í janúar 2024. Hafi bæði V1 og V2 hafnað því að skaðabótaábyrgð væri til staðar.

M byggir á því að X1 og X2 beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar. Er þar m.a. vísað til þess að umræddur stigi (tröppur) hafi á slysdegi verið vanbúinn og hættulegur auk þess sem engin lýsing hafi verið við hann. Er einnig á það bent að á þeim stað þar sem M hafi fallið hafi ekkert handrið verið til staðar. Þá hafi vátryggingartakar hvorki takmarkað aðgang gesta að stiganum né varað þá við þeirri hættu sem var til staðar þrátt fyrir að þeir hafi vitað af henni. Þessu til viðbótar er vísað í grein 6.4.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, Hrd. 15. nóvember 2007 í máli nr. 184/2007, 16. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 3. og 39. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, málatilbúnaði M til frekari stuðnings. Auk þess er í málskoti vísað í nokkra dóma því til stuðnings að ríkar skyldur hvíli á eigendum og umráðamönnum fasteigna að gera ráðstafir sem sanngjarnar megi teljast til að tryggja öryggi þeirra sem eiga leið um þær. Telur M að framangreint eigi að leiða til þess að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að X1 og X2 beri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Í athugasemdum V1, dags. 4. júlí 2025, er bótaskyldu X1 hafnað. Er m.a. á það bent að gögnum málsins beri ekki saman um það hvort M hafi verið að ganga upp eða niður tröppurnar er slysið varð. Aðeins komi fram í lögregluskýrslu að M hafi fallið niður tröppur fyrir utan veitingastaðinn. Önnur gögn varpi ekki frekara ljósi á þetta. Þá er því mótmælt að brotið hafi verið upp úr stigaþrepi eins og M heldur fram. V1 telur því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið megi rekja til saknæms vanbúnaðar eða ófullnægjandi aðstæðna sem X1 verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Vill V1 meina að gögn málsins bendi fremur til þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða og/eða gáleysi M. Í athugasemdunum er síðan að finna ítarleg rök gegn þeim fullyrðingum M að stiginn (tröppurnar) hafi verið stórhættulegur. Þá bendir V1 á að af gögnum málsins megi sjá að M hafi verið töluvert ölvuð er slysið varð. Að lokum bendir V1 á að sönnunarbyrðin í málinu hvíli á M. Telur V1 að M hafi ekki tekist að sanna að rekja megi slysið til vanbúnaðar á stiganum né annars þess sem leitt gæti til skaðabótaábyrgðar X1.

Í athugasemdum V2, dags. 15. júlí 2025, er skaðabótaábyrgð X2 hafnað. Bendir V2 m.a. á að frásagnir vitna og fyrirliggjandi gögn bendi til þess að slysið hafi orðið er M var á leið niður tröppurnar, en ekki sé ljóst hvort það hafi gerst vegna troðnings eða þess að M hafi misst jafnvægið. V2 telur því að það sé ósannað hvers vegna M féll. Þá telur V2 einnig ósannað að tröppurnar hafi verið vanbúnar og jafnvel þó sú hafi verið raunin sé ósannað að það hafi leitt til slyssins. Bendir V2 á að það sé M að sanna að

slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem bakað geti X2 skaðabótaábyrgð, nokkuð sem M hafi ekki tekist að sanna. Gerir V2 síðan ítarlega grein fyrir rökum sínum og mótrökum við málatilbúnað M.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 11. ágúst 2025, er m.a. bent á að slys M sé ekki fyrsta slysið í umræddum tröppum. Vísar M í tiltekinn héraðsdóm því til stuðnings. Þá er á það bent að þegar blóðsýni M var tekið hafi hún þegar fengið umfangsmikla lyfjagjöf og orðið fyrir verulegum blóðmissi. Því megi með réttu efast um að áfengismælingin gefi rétta mynd af ástandi M er slysið varð. Þá er því mótmælt að troðningur hafi verið í tröppunum í umrætt sinn og jafnvel þó svo hafi verið hafi það verið á ábyrgð veitingastaðarins að gæta að því að gestum sé ekki hættan búin, sér í lagi þar sem áfengi er selt.

Í viðbótarathugasemdum V2, dags. 22. ágúst 2025, er m.a. bent á að það sem fram kemur í þeim héraðsdómi sem vísað er til í viðbótarathugasemdum M, styðji málatilbúnað X2 enda eigi sömu sjónarmið við í báðum málunum. Í umræddum héraðsdómi var ekki fallist á skaðabótakröfu tjónþola.

Álit.

Til þess að hægt sé að fallast á skaðabótakröfuna í þessu máli þarf M að sýna fram á að tjónatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, annað hvort X1 eða X2 eða þeirra beggja. Úrskurðarnefndin telur að M hafi hvorki tekist að sýna fram á það með fullnægjandi hætti hvernig slysið nákvæmlega atvikaðist né að töppurnar hafi verið vanbúnar. Því verður ekki fallist á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem vátryggðir geti borið skaðabótaábyrgð á. Þvert á móti telur nefndin að gögn málsins bendi til þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða eða að slysið verði fyrst og fremst rakið til háttsemi M sjálfrar. Í því sambandi bendir nefndin á að gögn málsins benda til þess að M hafi verið talsvert ölvuð þegar hún slasaðist.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X1 hjá V1, né ábyrgðartryggingalið húseigendatryggingu X2 hjá V2.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 219/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.

Málsatvik.

Í málsgögnum kemur fram að vatnstjón hafi orðið í fasteign M, hinn 26. mars 2025. Vegna tjónsins hafi M gert kröfu um bætur úr fasteignatryggingu sinni hjá V. Af hálfu V var bótaskylda samþykkt og sáu verktakar á vegum V um viðgerðir á fasteigninni. Ágreiningur aðila lýtur nú eingöngu að tveimur þáttum, þ.e. tímagjald fyrir þrif eftir framkvæmdirnar og hvort M eigi rétt á bótum fyrir afnotamissi fasteignarinnar. M telur að samkomulag hafi verið til staðar um að aðstandendur sínir myndu kalla til aðila til þess að þrífa fasteignina og hafi þrír starfsmenn á vegum þrifafyrirtækis verið fengnar til þess að þrífa fasteignina og tóku þrifin samtals 5 klukkutíma. Tímagjaldið var kr. 11.500 m/vsk. fyrir hvern starfsmann. Þessu til viðbótar fer M fram á að greiddar verði tvær klukkustundir vegna niðurtektar og uppsetningar á gardínum og kr. 70.000 vegna hreinsunar þeirra. Samtals nemur krafa M kr. 265.000 en M bauð V að greiða honum 250.000 til að ljúka málinu. Það hafi ekki verið samþykkt af hálfu V sem hafi eingöngu viljað greiða kr. 118.000 vegna þessa þáttar. Þá hefur M gert kröfu um að V bæti honum kr. 625.000 vegna afnotamissis þar sem eldhúsið hafi ekki verið nothæft meðan á framkvæmdum stóð. Vísar M til a-liðar greinar 4.10 í skilmála vátryggingarinnar. Þar sem fram kemur að V greiði bætur vegna afnotamissis ef viðgerð sé svo umfangsmikil að ekki sé hægt að nota eldunar-, svefn- eða hreinlætisaðstöðu og óhjákvæmilegt sé að flytja úr húsnæðinu. Telur M að óhjákvæmilegt hafi verið fyrir hann að flytja úr húsnæðinu í fimm vikur. Hann sé 91 árs lungnasjúklingur og þoli ekki að búa innan um gifs- og framkvæmdaryk.

V hafnar kröfum M bæði um þrifakostnað og afnotamissi. Um þrifakostnað vísar V til þess að reikningur M sé ófullnægjandi, þar sem aðeins sé tilgreint tímagjald þriggja starfsmanna en hvorki heildartími né umfang verksins. V telur tímagjaldið úr hófi miðað við sambærileg tilvik og bendir á að þegar hafi verið boðnar hærri bætur en eðlilegt væri að greiða. Þannig hafi verið greiddar kr. 150.000 vegna þrifa, sem sé meira en sanngjarnt miðað við aðstæður. Varðandi kröfu M um afnotamissi byggir V á því að viðgerðir hafi ekki verið þess eðlis að þær hafi gert eldhús-, svefn- og baðaðstöðu ónothæfa, líkt og áskilið sé í skilmálum. Ósannað sé að rýmin hafi ekki verið nothæf. Þá bendir V á að M hafi verið í hvíldarinnlögn á meðan viðgerðir stóðu yfir og því ekki orðið fyrir raunverulegu tjóni vegna afnotamissis. Krafa um kr. 625.000 sé því órökstudd, auk þess sem hámarksfjárhæð skv. skilmálum sé kr. 500.000. Að öllu framangreindu virtu telur V að þegar hafi verið greitt meira en tilefni sé til vegna þrifa og að ekki sé grundvöllur til bóta fyrir afnotamissi.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að tímagjaldið sé í samræmi við staðfest verð frá ræstifyrirtæki sem vinni slík verk í tímavinnu án fastra tilboða vegna óvissu um umfang. Hvergi komi fram í skilmálum að leita skuli tveggja tilboða (eða fleiri) vegna þrifa. Frágangur eftir viðgerð hafi verið ófullnægjandi, sem myndir sýni, og samkomulag hafi verið um að aðstandendur mættu kalla til þrifa ef svo væri. Varðandi afnotamissi ítrekar M að eldhús hafi verið ónothæft og að aðgengi að svefnherbergi hafi verið heft um tíma. Til stuðnings fjárhæðinni vísar M til markaðsverðs, þar sem sambærileg íbúð hafi verið í skammtímaleigu fyrir um 790.000 kr. í 5 vikur.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur annars vegar að því hvort M eigi rétt á hærri bótum en V hefur þegar greitt vegna þrifa og frágangs eftir viðgerðir, og hins vegar að því hvort M eigi rétt til bóta vegna afnotamissis fasteignar sinnar samkvæmt a-lið gr. 4.10 í skilmálum fasteignatryggingarinnar. Samkvæmt almennum reglum vátryggingarréttar ber tjónþola að sýna fram á tjón sitt.

Varðandi kröfu um þrifakostnað liggur fyrir reikningur frá þrifafyrirtæki sem byggir á tímagjaldi kr. 11.500 á hvern starfsmann. Ekki liggja þó fyrir skýr gögn sem sundurliða verkþætti eða sýna með skýringum hætti hvernig 15 klukkustunda vinna tengist tjóninu sjálfu. Verður því ekki talið sannað að kostnaðurinn sem krafist er hafi allur verið nauðsynlegur vegna viðgerðanna. Fellst nefndin því ekki á frekari bætur umfram það sem V hefur þegar greitt.

Varðandi kröfu um afnotamissi er í a-lið gr. 4.10 skilmála vátryggingar áskilið að viðgerð sé svo umfangsmikil að ekki sé hægt að nota eldunar-, svefn- eða hreinlætisaðstöðu og að óhjákvæmilegt sé af þeim sökum að flytja úr húsnæðinu. Í þessu máli liggur fyrir að M dvaldist utan heimilis vegna hvíldarinnlagnar á meðan viðgerðir fóru fram og samkomulag var um að vinna yrði framkvæmd á þeim tíma. Að mati nefndarinnar verður því ekki talið að M hafi þurft óhjákvæmilega að flytja vegna tjónsins. Þá hefur M ekki lagt fram fullnægjandi gögn því til sönnunar að viðgerðir hafi verið svo umfangsmiklar að hann hefði ella ekki getað notað nefnda aðstöðu. Myndband það sem M leggur fram til sönnunar sýnir aðstæður þegar ljóst var að M væri ekki heima og verktakar því eðli máls samkvæmt hagað framkvæmdum í samræmi við það að enginn byggi í íbúðinni.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki sýnt fram á rétt til frekari bóta hvorki vegna þrifa né afnotamissis fasteignarinnar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 222/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M og eiginmaður hennar hafi hugst fara í utanlandsferð hinn 21. maí 2025 en þau hafi fest kaup á ferðinni hinn 13. desember 2024. Vegna veikinda M hættu þau hins vegar við að fara, en í tjónstilkynningu til V, dags. 26. maí 2025, kemur fram að um skyndilega versnun alvarlegs gigtarsjúkdóms hafi verið að ræða. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 15. maí 2025, segir m.a. að M hafi verið með langvinna bakverki vegna gigtarsjúkdóms en að við nýlega versnun hafi spinal stenosa greinst og vegna þessa treysti M sér ekki í ferðina. Í ítarlegra vottorði, dags. 8. ágúst 2025, kemur m.a. fram að M eigi langa sögu um psoriasisgigt og lið- og bakverki tengda henni. Vitað hafi verið um slitbreytingar í baki frá árinu 2016 en klár spinal stenosa, eða hryggþrengsli, hafi ekki verið greind á þeim tíma. Hinn 18. apríl 2025 hafi bakverkir M versnað og hafi myndgreining sem framkvæmd var í maí 2025 leitt í ljós degenerativa diska, slitbreytingar og spinal stenósu.

V hefur hafnað kröfu M um bætur úr greiðslukortatryggingu vegna þess tjóns sem hún varð fyrir við afpöntun á ferðinni með þeim rökum að umrædd veikindi hafi verið til staðar áður en ferðin var keypt. Í málskoti kemur fram að þrátt fyrir langvinnan gigtarsjúkdóm hafi M verið fullfær til ferðalaga er kaupin fóru fram. Hafi hún þá stundað fulla vinnu fram að sjötugu þrátt fyrir sjúkdóm sinn.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að fram komi í fyrirliggjandi vottorði að veikindi M séu í tengslum við fyrri veikindi. Spinal stenosa sé ekki ástand sem komi skyndilega upp heldur sé um að ræða „króníska ástand sem þróast hægt með tímanum og oft sem afleiðing af hrörnunarbreytingum i hryggnum.“ Er þá vísað til þess að í skilmálum forfallatryggingar umræddrar greiðslukortatryggingar komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hafi þjáðst af og notið meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Þá verði M að bera hallann af því að ekki sé sýnt fram á að veikindin sem leiddu til forfalla séu ekki tengd fyrri veikindum. Sé bótaréttur því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að sjúkdómur hennar hafi aldrei aftrað henni í starfi eða við aðra virkni, og eru lögð fram gögn þeirri staðhæfingu til stuðnings.

Álit.

Í umræddum vátryggingarskilmálum segir að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur eru fyrirfram og fæst ekki endurgreiddur vegna ferðar sem vátryggður kemst ekki í sé ástæðan m.a. veikindi hins vátryggða. Um takmörkun á bótaskyldu segir svo að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Þar sem um undanþáguákvæði er að ræða hvílir það á V að sýna fram á að atvik séu með þeim hætti sem ákvæðið kveður á um.

Óumdeilt er að M hefur árum saman glímt við psoriasisgigt og lið- og bakverki tengda henni, þó raunar liggi ekki fyrir hvort og hvaða meðferð hún hafi gengist undir vegna hennar á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Þá liggur fyrir að M fann fyrir versnandi einkennum frá baki og var í kjölfarið greind með spinal stenosa. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum var það spinal stenosa, en einkenni hennar munu talsvert hamlandi, sem olli því að M komst ekki í umrædda ferð.

Þrátt fyrir að M hafi haft einkenni frá baki um árabil vegna gigtarsjúkdóms er það ekki svo að öll einkenni frá baki verði sjálfkrafa rakin til þess sjúkdóms. Eftir því sem nefndin kemst næst getur spinal stenosa, þ.e. þrenging að mænu eða taugarótum í hryggjarliðum, átt sér ýmsar orsakir en sú algengasta mun vera eðlilegar hrörnunarbreytingar vegna öldrunar. Jafnvel þó psoriasisgigt kunni að vera meðverkandi orsakaþáttur verður ekki annað séð en að spinal stenosa sé annar sjúkdómur. Eðli máls

samkvæmt, þar sem spinal spinosa var ekki greind fyrr en í maí 2025, liggur því fyrir að M þjáðist hvorki af henni né var í meðferð vegna hennar á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Breytir það ekki framangreindri niðurstöðu að í tjónstilkynningu segi að um versnun gigtarsjúkdóms hafi verið að ræða enda er þar aðeins um að ræða lýsingu eiginmanns M á atvikum og þykja önnur gögn málsins ekki staðfesta hana.

Samkvæmt öllu framansögðu hefur því ekki verið sýnt fram á það af hálfu V að umrætt undanþáguákvæði eigi við og er bótaskylda því fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta vegna forfalla úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 224/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Gildissvið vátryggingar. Bótaskyldur kostnaður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2025.
2. Athugasemdir V, dags. 11. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 23. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að V hafi samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar sem M hafði hjá félaginu vegna tjóns sem M olli á bifreiðinni A þegar skipt var um tímareim þann 12. febrúar 2025. Hvað umfang tjónsins varðar hafi V ekki samþykkt kostnað vegna umskipta á spíssum sem fram kom á viðgerðarreikningi vegna hins bótaskylda tjóns. Höfnun V byggir á því að ábyrgðartryggingin taki aðeins til nauðsynlegs kostnaðar við að lagfæra það sem aflaga fór við skiptin á tímareiminni 12. febrúar 2025. Ekki hafi verið nauðsynlegt að skipta um spíssa í kjölfar þess, heldur hafi þeir brotnað þegar verið var að meta upphaflega tjónið. M telur að taka hafi þurft spíssa úr til þess að meta heildartjónið og hvort vélin væri viðgerðarhæf eftir að bolti brotnaði þegar skipt var um tímareim. Ábyrgðartryggingin taki skv. skildaga til bótakrafna vegna tjóns á einstökum vélum, sem M hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess. Þá mótmælir M því að V fari fram á að reikningur sé stílaður á eiganda bifreiðarinnar og að virðisaukaskattur og sjálfsábyrgð sé dregin frá reikningnum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að víðtæka ábyrgðarverndin sem M sé með í gildi taki ekki til kostnaðar vegna þess ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju eða að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, sbr. sérsaminn skilmála á skírteini. Við uppgjör hafi V jafnframt óskað eftir því að M skrifaði reikning vegna tjónsins á eiganda bifreiðarinnar. Hafi V ekki borist slíkur reikningur en V hefur boðist til að greiða tjónabætur að frádreginni eigin áhættu og virðisaukaskatti með millifærslu. Vísar V til heimildar skv. 34. gr. almennra skilmála félagsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum segir M það hafa verið nauðsynlegt að skoða vélina enda nauðsynleg og fagleg viðbrögð við tímareimaskipti. Til þess að framkvæma slíka skoðun hafi verið nauðsynlegt að fjarlægja spíssana. Reyndist það sérstaklega erfitt og brotnaði sérverkfæri við verkið þannig að tjón varð á tveimur spíssum. Um hafi verið að ræða óhjákvæmilegan og eðlilegan hluta mats á umfangi tjóns sem stafaði af verkþætti sem falli undir tryggingavernd. Ennfremur er því mótmælt að V sé heimilt að draga virðisaukaskatt frá við bótauppgjör. Umræddur virðisaukaskattur var greiddur af tjónþola sem, samkvæmt rekstrarumhverfi sínu, geti ekki nýtt hann að fullu til endurgreiðslu.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum sem gilda í máli þessu kemur fram í 2. gr. að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Í i-lið 1. mgr. 3. gr. kemur fram að vátryggingin taki ekki til tjóns á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Vegna þeirrar ábyrgðartryggingar sem M hafði keypt hjá V var hins vegar samið um sérstakan skildaga fyrir bifreiðaverkstæði og bifreiðamálun þar sem sagði: „Vátryggingin tekur til bótakrafna vegna skemmda á eða tjóns af völdum vélknúinna ökutækja, sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar, [...]. Skildagi þessi á einnig við um bótakröfur vegna skemmda á einstökum vélum, sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess. [...] Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það. Þetta á einnig við um viðgerða hluti, sem afhentir hafa verið eiganda eða umboðsmanni hans.“ Á grundvelli framangreinds skildaga féllst V á bótaskyldu vegna tjóns sem varð við skiptin á tímareim hinn 12. febrúar 2025. Ágreiningur aðila lýtur

hins vegar að því hvort kostnaður vegna brotinna spíssa falli undir vátryggingaverndina. Að mati nefndarinnar er það skýrt samkvæmt skildaganum að tryggingin tekur aðeins til þess tjóns sem verður af hinu bótaskylda atviki sjálfu, þ.e. þegar boltinn brotnaði við skiptin á tímareim. Tekur skildaginn ekki til tjóns sem verður við eftirámat eða aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að kanna hvort viðgerð sé möguleg. Skemmdir á spíssunum verða ekki raktar beint til hins bótaskylda atviks heldur til aðgerða sem framkvæmdar voru í kjölfarið. Á M því ekki rétt á að V taki þátt í þeim þætti viðgerðarinnar.

Þá gerir M athugasemd við að V hafi krafist þess að reikningur yrði stílaður á eiganda bifreiðarinnar fremur en tryggingafélagið sjálft. Að mati nefndarinnar er slík krafa í samræmi við venjubundið uppgjör ábyrgðartrygginga, þar sem viðgerðarkostnaður fellur í reikning tjónþola en vátryggingafélagið endurgreiðir hann á grundvelli tryggingar. Verður því ekki talið að sú framkvæmd V feli í sér ólögmæta takmörkun á bótagreiðslum. Að því er varðar ágreining um frádrátt virðisaukaskatts bendir nefndin á að hann lýtur að skattalegri stöðu tjónþola og því hvort hann geti nýtt skattinn til endurgreiðslu samkvæmt lögum um virðisaukaskatt. Verður að telja að M sé ekki réttur aðili að slíkum ágreiningi við V. Kröfu M að þessu leyti er því vísað frá.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á að frekara tjón sé bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 229/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Miskabætur. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. ágúst 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 18.ágúst 2025.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að 10. júlí 2024 hafi orðið árekstur á Holtavörðuheiði milli bifreiðanna A og B, en M ók þeirri síðarnefndu. Orsök árekstursins hafi verið sú að ökumaður A hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming og framan á B. Hafi M slasast alvarlega. Vegna þessa fer M fram á að viðurkennd verði krafa hans til miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu A hjá V, enda verði líkamstjón hans rakið til stórfellds gáleysis ökumanns A. Eru í málskoti færð ítarleg rök fyrir þeirri fullyrðingu M. Meðal annars er bent á að það komi fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að ætla megi að slysið hafi orðið þegar A var ekið yfir á rangan vegarhelming og á B. Þá byggir M m.a. á að sú hætta sem hafi skapast af háttsemi ökumanns A nægi ein og sér til þess að flokka beri háttsemina sem stórfellt gáleysi auk þess sem ökumaður A hafi ekið yfir leyfðum hámarkshraða og því mun hraðar en aðstæður leyfðu. Einnig mótmælir M því að fyrir árekstrinn hafi B verið ekið nálægt miðlínu auk þess sem M byggir á því að hann hafi ekið á löglegum hraða. Telur M því að háttsemi ökumanns A feli í sér margvísleg brot á umferðarlögum nr. 77/2019. Er í því sambandi vísað í 4., 18. , 22., 25. og 36. gr. þeirra laga. Að lokum vísar M m.a. í Hrd. frá 26. júní 2019 í máli nr. 11/2019 því til stuðnings að meta eigi háttsemi ökumanns B sem stórfellt gáleysi.
Í athugasemdum V, dags. 8. ágúst 2025, er framangreindum rökum M mótmælt. Bendir V m.a. á að það að A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming í aðdraganda árekstursins feli ekki sjálfkrafa í sér stórfellt gáleysi ökumanns A. Færir V síðan ítarleg rök fyrir því að ekkert í á gögnum málsins bendi til þess að ökumaður A hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í umrætt sinn. Því sé ekki miskabótaréttur til staðar.
Í viðbótarathugasemdum M, dags. 12. ágúst 2025, er m.a. að finna andsvör við því sem fram kom í athugasemdum V auk þess sem fyrri rök M eru ítrekuð. Þá er m.a. tekið fram að þó taka megi undir það að gögn málsins um tildrög og aðdraganda slyssins séu af skornum skammti telji M þau engu að síður duga svo hægt sé að álykta að slysið verði rakið til stórfellds gáleysis ökumanns A.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 15. ágúst 2025, er m.a. vísað til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 22/2019, 7/2021 og 71/2025 því til stuðnings að í háttsemi ökumanns A hafi ekki falist stórfellt gáleysi.

Álit.
Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á árekstri bifreiðanna 10. júlí 2024. Í málinu er hins vegar ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórfelldu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða miskabætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi ökumanns A því að fela í sér veruleg frávik frá því sem eðlilegt má telja. Í Hrd. 8. desember 2016 í máli nr. 502/2016 er m.a. að finna eftirfarandi umfjöllun um hugtakið stórfellt gáleysi: „Í framangreindu felst að stórfellt gáleysi er gáleysi á hærri stigi en hið almenna. Það felur í sér að annað hvort víkur háttsemi hlutrænt séð meira frá þeirri háttsemi sem tjónvaldi bar að viðhafa en þarf til að staðreyna almennt gáleysi, eða að hin huglæga afstaða tjónvalds til atvika er leiddu til slyss einkennist af miklu tillitsleysi.“

Ekki er ágreiningur í málinu um að M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Það er á ábyrgð M að sýna fram á að háttsemi ökumanns hafi umrætt sinn falið í sér stórfellt gáleysi. Samkvæmt 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni að vera í slíku líkamlegu og andlegu ástandi að hann geti stjórnað ökutæki örugglega.

Við mat á því hvort háttsemi ökumanns A í umrætt sinn hafi falið í sér stórfellt gáleysi leggur nefndin eftirfarandi til grundvallar. Gögn málsins viðrast benda til þess að þegar slysið varð hafi umferðarhraði í báðar áttir verið nálægt leyfilegum hámarkshraða. Hins vegar metur nefndin það svo að ekki liggi fyrir upplýsingar sem duga til þess a hægt sé að leggja til grundvallar að A hafi í umrætt sinn verið ekið yfir leyfilegum hámarkshraða. Þá er heldur ekkert sem bendir til þess að ökumaðurinn A hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

Í lögregluskýrslu kemur m.a. eftirfarandi fram um aðstæður á slysstað og orsök árekstursins: „Akstursskilyrði voru góð en þungskýjað og 14m/sek. Mikil umferð var þegar slysið átti sér stað. Af framburði vitna og ummerkjum á vettvangi má ætla að slysið hafi orðið þegar bifreiðininni var ekið yfir á rangan vegarhelming og á bifreiðina [B] sem ekið var úr gagnstæðri átt.“

Með vísan í það sem að framan greinir telur nefndin að í málinu liggi ekki fyrir gögn sem sýni að ökumaður A hafi verið í slíku líkamlegu ástandi að hann væri, eða mátti vita að hann væri, ófær um akstur. Það er því mat nefndarinnar að M hafi ekki sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 233/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júní 2025, ásamt fylgiskjölum og myndbandi.
2. Bréf V, dags. 23. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 4. mars 2024 slasast við byggingarvinnu á vegum X. Hafi M verið að störfum við byggingu húss og á leið upp á þak hússins í stiga. Stiginn rann undan honum á hálu svalagólfi með þeim afleiðingum að M féll niður og slasaðist. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins sem gerði takmarkaða úttekt á vettvangi í kjölfar slyssins og gaf út tvö fyrirmæli um úrbætur, annars vegar að endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem við eiga um slysið og svo hins vegar að tilkynna skuli slysið í slysaskráningarkerfi Vinnueftirlitsins. Hefur M gert kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, hjá V vegna slyssins. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M telur að aðstæður umrætt sinn hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. Hafnar M því að slysið megi rekja til eigin aðgæsluleysis. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar. Það sé meginregla vinnuverndarlöggjafar að vinnuveitandi beri ábyrgð á öryggi starfsmanna sinna á vinnustaðnum, óháð eignarhaldi á búnaði sem notaður er í starfsemi hans. Því skipti það engu máli fyrir skaðabótaábyrgð X hvort stiginn hafi verið í þess eigu eða annars aðila á verkstað. M hafi verið vanur að taka frumkvæði við vinnu sína hjá X og hafði oft unnið sambærileg verk án beinna fyrirmæla. Hann hafi ákveðið að fara upp á þakið til að skoða stöðuna og meta hvaða verkefni þyrfti að framkvæma og úthluta þeim síðan til annarra. Umræddur stigi hafi verið notaður sem hluti af framkvæmdum og verkefnum sem M vann að fyrir vinnuveitanda sinn.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi ekki staðið til þennan umrædda dag að vinna upp á þaki hússins þar sem aðstæður og veður leyfðu það ekki. Kranamaður sem sé ótengdur X hafi beðið M að fara upp á þakið umræddan dag. M sé vanur og sérhæfður starfsmaður með sjö ára starfsreynslu hjá X. Hann hafi farið upp á þakið án samþykkis yfirmanna sinna og sótti til þess stiga sem var inni í húsinu. Á svölunum stillti hann stiganum ofan á klaka og snjó og fór upp í stigann með þeim afleiðingum að stiginn rann þegar hann var nánast kominn upp á þakið. Þá bendir V á að í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 sé nú skýrt kveðið á um að skýrslum Vinnueftirlitsins um rannsókn einstakra vinnuslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum, auk þess sem rannsókn stofnunarinnar eigi ekki að miða að því að ákvarða sök eða ábyrgð. Því er alfarið mótmælt sem röngu og ósönnuðu að slys M megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað en sá rökstuðningur byggi á því að stiginn sem M sótti sjálfur og notaði hafi ekki verið stöðugur. Hann hafi ekki verið vanbúinn eða haldinn annmörkum. Það blasi við öllum að það að stilla upp stiga á hált undirlag hafi boðið hættunni heim. Máli sínu til stuðnings vísar V til nánar tilgreindra dóma Landsréttar.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því að hafa haft vitneskju um að ekki hafi staðið til að vinna uppi á þaki hússins umræddan dag. Engin formleg verkstjórn hafi verið til staðar og engin munnleg eða skrifleg fyrirmæli bárust M um hvaða verkþætti skyldi vinna umrætt sinn. Þá ítrekar M fyrri röksemdir sínar og bendir jafnframt á að dómstólar hafi ítrekað stuðst við niðurstöður Vinnueftirlitsins við mat á málsatvikum og orsökum slysa.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi

á vinnustöðum ber atvinnurekanda að tryggja sem fyllst öryggi starfsmanna sinna á vinnustað. Ekki verður annað ráðið en að um hafi verið að ræða einfalt verk sem M tók sjálfur frumkvæði að vinna, án fyrirmæla yfirmanna sinna. M er vanur og reyndur starfsmaður með sjö ára starfsreynslu hjá X og verður því að gera ríkar kröfur til aðgæslu hans við val á aðferðum til verksins. Að gögnum málsins virtum verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til brota X gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglugerða settum á grundvelli þeirra. Því á M ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 234/2025
Nafn málskotsaðila: M
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging, réttaraðstoðarliður.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála. Andskýringarregla vátryggingarréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. dags. 7. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slitið sambúð við þáverandi sambýliskonu sína árið 2021. Sambúðin hafi varað frá 2016 og þau átt tvö börn saman. Vegna atvika sem nánari grein er gerð fyrir málskoti hafi börnin alfarið búið hjá M frá hausti 2023 og gangi þau í hverfaskóla þar sem M býr. Hafi barnavernd komið að framangreindri ákvörðun. Er í málskotinu tekið fram að þar sem M sé einstæður faðir skipti það miklu fyrir hann að fá réttarstöðu sem slíkur svo hann geti einn ráðið málefnum barna sinna, s.s. skólavist. Vegna þessa hafi hann óskað eftir því við móður barnanna að lögheimili þeirra yrði fært til hans. Hún hafi ekki viljað samþykkja það, þrátt fyrir sáttameðferð hjá Sýslumanni. Vegna þess hafi M ákveðið að höfða dómsmál til þess að ná fram breytingu á lögheimili og forsjá barna sinna. Hafi M óskað eftir afstöðu V til þess hvort ekki væri til staðar bótaréttur úr réttaraðstoðarlið tryggingar sem M var með hjá V. Hafi V hafnað því með þeim rökum að deiluefnið sem uppi væri falli utan gildissvið tryggingarinnar, sbr. nánar tiltekið undanþáguákvæði í a-lið 47. gr. skilmálanna. Í málskoti kemur fram að M er ósammála rökum V. Byggir M m.a. á að í framangreindu skilmálaákvæði séu eingöngu undanþegin mál sem varða forræði barna eða umgengni við þau. Mál M snúist hins vegar um skráningu lögheimilis en slíkt mál sé ekki undanþegið berum orðum í ákvæðinu. Er á það bent að þó M fari í sama máli fram á forræði barna sinna yrði málatilbúnaðurinn og vinna við það sá sami vegna dómskröfu sem myndi eingöngu snúa að lögheimili. Því sé það mat M að V geti ekki túlkað ákvæðið með rýmkandi hætti og þannig haldið því fram að eitthvert mál sé undanþegið sem ekki sé nákvæmlega tiltekið í 47. gr. skilmálanna. Bendir M á andskýringarreglu vátryggingaréttar máli sínu til frekari stuðnings og vísar í því sambandi í Hrd. í máli nr. 702/2012.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 7. júlí 2025, er m.a. byggt á því með vísan í framangreinda 47. gr., að mál sem varði ágreining um forsjá barna séu undanskilin áhætta og því sé ekki hægt að fallast á kröfu M. Telur V að engu breyti að málið varði einnig skráningu lögheimilis barna enda sé skipan forræðis og lögheimilis óaðskiljanlegir þættir. Vísar V m.a. til fyrirliggjandi vottorðs um sáttameðferð máli sínu til stuðnings. Rót ágreiningsins sem fyrirhugað dómsmál snýr að sé því skipan forsjár, nokkuð sem falli utan gildissviðs tryggingarinnar hjá V. Hvað varðar tilvísun M í andskýringarreglu vátryggingaréttarins þá telur V hana ekki eiga við enda sé innihald a-liðar 47. gr. skilmálanna hvorki óljóst né umdeilanlegt hvað framangreint atriði varði. V telur því liggja fyrir að M eigi ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 14. júlí 2025, er því m.a. mótmælt að ágreiningur sá sem er undir í málinu snúi að skipan forsjár enda sé algengt að forsjá sé sameiginleg en börn eigi aftur á móti lögheimili hjá öðru foreldra. Þá fylgi skráningu lögheimilis ákveðin réttindi til lögheimilisforeldris. Þá eru fyrri rök varðandi andskýringarreglu ítrekuð.

Álit.

Í 46. gr. í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er fjallað um réttaraðstoðartryggingu þá sem hér er til skoðunar. Þar segir m.a. í a-lið að úr vátryggingunni séu greiddar bætur vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmannskostnað sem tryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Í 47. gr. sömu skilmála er á hinn bóginn mælt fyrir um hvað tryggingin bætir ekki og þar segir í a-lið að tryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varða hjónaskilnað eða mál sem kunna að koma upp í sambandi við hjónaskilnað. Það sama gildi um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengisrétt. Dómsmál það sem ágreiningur þessa

máls snýr að varðar kröfu M um fullt forræði yfir börnum sinum og að lögheimili þeirra verði fært til hans frá móður. Eins og að framan greinir byggir M á því, með vísan til andskýringarreglu vátryggingaréttar, að vegna óskýrs orðalags framangreinds a-liðar 47. gr. skilmálanna, falli ágreiningurinn ekki undir það undanþáguákvæði. V byggir á móti á því að í raun sé hér um að ræða ágreining um forsjá barna sem sé skilmerkilega undanskilið í umræddu ákvæði. Breyti engu í því sambandi að málið varði einnig lögheimili barnanna, enda sé skipan forræðis og lögheimilis barna óaðskiljanlegir þættir. Rót ágreiningsins sé því deila um skipan forræðis yfir börnunum. Því sé ekki fyrir hendi bótaréttur. Eins og áður hefur komið fram vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 356/2018 máli sínu til stuðnings. Nefndin telur að ekki séu málefnalegar forsendur til þess að skilja á milli annars vegar kröfu um forræði yfir börnum og hins vegar lögheimili þeirra með þeim hætti sem krafa M byggir á. Í raun snúi því álitaefnið sem uppi er í grunninn að skipan forræðis barnanna. Af því leiðir að nefndin telur að dómsmálið falli undir a-lið 47. gr. skilmálanna og þar að leiðandi utan gildissviðs tryggingarinnar. Það að V hafi einhliða samið undanþáguákvæði a-liðar 47. gr. skilmálanna, breytir að mati nefndarinnar ekki framangreindu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðarlið tryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 239/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Upplýsingaskylda vátryggingartaka við töku vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. ágúst 2025, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. ágúst 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti fer M fram á að nefndin staðfesti rétt hans til bóta úr sjúkdómatryggingu hjá V vegna hjartaáfalls. M byggir á því að hann hafi verið í góðri trú er hann tók sjúkdómatryggingu hjá V árið 2023. Hann hafi veitt samþykki sitt fyrir því að V leitaði til heimilislæknis varðandi upplýsingar um heilsu hans og því ekki haft ástæðu til að ætla annað en að félagið myndi ganga eftir þeim upplýsingum. Þá mótmælir hann því að þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um heilsufar hans séu þess eðlis að þær eigi að hafa einhver áhrif á rétt hans til bóta vegna hjartaáfallsins. Vísar hann m.a. í vottorð frá hjartalækni máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 13. ágúst 2025, kemur fram að M hafi undirritað umsókn um sjúkdómatryggingu 11. júlí 2023. Hafi þar m.a. komið fram að hann sé ekki með neina þá sjúkdóma, vandamál eða einkenni sem talin eru upp í umsókninni. Þá er upplýst í málinu að M hafi tilkynnt V 6. febrúar 2024 um hjartaáfall og 10. maí 2024 um krabbamein. Í athugasemdum sínum til nefndarinnar tekur V fram að þó málskot M virðist eingöngu tengjast kröfu um bætur vegna hjartaáfalls, telji það að ágreiningurinn snúist aðallega um það hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar og hvort það hafi verið í slíku mæli að ekki teljist óverulegt samanber 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. V bendir einnig á að það komi fram í umsókn M, að mikilvægt sé að upplýsingar sem gefnar séu þar séu réttar og eins nákvæmar og hægt sé. Upplýsingarnar séu notaðar til að meta umsóknina og ákveða hvort trygging verði gefin út og á hvaða kjörum. Jafnframt komi þar fram að umsækjandi staðfesti að öll svör hans séu rétt samkvæmt hans bestu vitund og hann hafi ekki undanskilið neitt sem skipt geti máli við áhættumat félagsins.

V rekur síðan í athugasemdum sínum upplýsingar um heilsufar M sem félagið hafi fengið í hendur eftir að M hafði sent tjónstilkynningarnar til V. Færir V fyrir því rök að þar séu á ferð upplýsingar um heilsufarsleg atriði sem M hefði skilyrðislaust átt að upplýsa um við töku tryggingarinnar. Í því sambandi tekur V eftirfarandi fram um heilsufar M:

„Í læknisfræðilegum gögnum sem félagið aflaði í tilefni af tilkynningum kæranda kemur fram að hann hafi um árabil átt við háan blóðþrýsting að stríða og verið í lyfjameðferð vegna þess. Í sjúkraskrárfærslu frá 15.03.2023 kemur fram að hann hafi verið í eftirliti hjá hjartalækni vegna háþrýstings og efnaskiptavillu, sem og að nýleg blóðprufa hafi sýnt PSA gildi uppá 30+. Í kjölfarið hafi læknir sent málið til frekari skoðunar hjá þvagfæraskurðlækni.

Kæranda var vísað til hjartasérfræðings 2016 með háþrýsting og var í þéttu eftirliti frá 2021 hjá hjartasérfræðingi. Hafði m.a. verið með blæðingu inn á augnbotna áður vegna háþrýstings. Hann var einnig í eftirliti hjá hjartasérfræðingi í maí 2022 og janúar 2023. Einungis tveimur mánuðum síðar, í mars 2023, er hann svo aftur hjá hjartalækni. Fyrir það eftirlit sýndi blóðprufa mikla PSA hækkun og tilvísun gerð til þvagfærasérfræðings vegna þess. Þá hafði hann einnig verið með töluvert skert sykurþol og hækkað insulin (einkenni byrjandi sykursýki) í mars 2023. Einnig með sögu um hjartastækkun. Umsókn um sjúkdómatryggingu var svo undirrituð af kæranda í júlí 2023 án þess að nokkurra ofangreinda upplýsinga væri getið.“

Fullyrðir V að ef M hefði upplýst um framangreint við töku tryggingarinnar, eins og honum hafi borið skylda til, hefði M ekki fengið sjúkdómatryggingu. Í þessu sambandi vísar V m.a. til áhættumatskerfis félagsins. Fullyrðir V að ef M hefði réttilega upplýst um heilsufar sitt við töku tryggingarinnar, s.s. um PSA gildi, sykurþol/efnaskiptasjúkdóma og blæðingu í augnbotna, hefði niðurstaða áhættumatsins orðið sú að hafna umsókn M. Upplýsingar (myndræn gögn) úr áhættumatskerfinu sem V telur sýna fram

á þetta fylgdu með athugasemdum V. Telur V að horfa þurfi á kröfu M í þessu ljósi. Það er því mat V að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar í þeim mæli að ekki teljist óverulegt sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Því hafi V verið heimilt að hafna greiðsluskyldu úr sjúkdómatryggingu.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 18. ágúst 2025, ítrekar M að hann hafi við töku tryggingarinnar veitt V heimild til þess að hafa samband við heimilislækni sinn og heilsugæslu til að fá allar upplýsingar um heilsufar sitt. Hann hafi því verið í góðri trú um að V fengi allar nauðsynlegar upplýsingar um heilsufar hans. Þá hafi hann verið með tryggingar hjá V í mörg ár. Síðan bendir M á að hann hafi verið í rannsóknum hjá hjartalækni síðast liðið eitt og hálft ár. Þá komi fram í læknabréfi frá hjartalækni að ekkert í gögnum um fyrra heilsufar M hafi gefið ástæðu til að óttast hjartaáfall.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 22. ágúst 2025, er tekið fram að svo virðist að í viðbótarathugasemdum sínum kannist M ekki við sykursýki og greinda hjartastækkun fyrir töku tryggingarinnar. Vegna þessa bendir V á sérfræðinótur frá hjartalækni þar sem fram komi upplýsingar um að M eigi sér sögu um hjartavöðvastækkun og blæðingu inn á augnbotna. Þá sé þar fjallað um skert sykurþol. Ekkert sé minnst á framangreint í umsókn M frá 11. júlí 2023. Að lokum er það ítrekað að V byggi á því að við áhættumat til framtíðar sé ekki sé bara verið að leita greininga á sjúkdómum með spurningum í umsókn heldur einnig einkenna sem skipt geta máli til framtíðar.

Álit.

Eins og að framan greinir gerir M einungis þær kröfur í málskoti að fá viðurkenndan bótarétt sinn úr sjúkdómatryggingunni hjá V vegna hjartaáfalls. Þrátt fyrir að í gögnum málsins komi fram að hann hafi einnig tilkynnt V um krabbamein er ekkert minnst á það í málskoti. Þá er þar heldur ekkert minnst á þá ákvörðun V, sbr. bréf dags. 3. júlí 2024, að segja sjúkdómatryggingu M upp frá og með þeim degi með vísan í 1. mgr. 84. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Ágreiningur sá sem liggur fyrir nefndinni snýr því eingöngu að hugsanlegum bótarétti vegna hjartaáfalls M.

Samkvæmt 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er vátryggingartaka skylt að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem vátryggingafélag leggur fyrir hann við umsókn um vátryggingu og jafnframt að veita að eigin frumkvæði upplýsingar um atvik sem hann veit eða má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Í 2. mgr. 83. gr. sömu laga kemur fram að hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Ljóst er að M svaraði nokkrum spurningum um heilsufar sitt í vátryggingarumsókn neitandi, þrátt fyrir að af fyrirliggjandi gögnum verði ráðið að hann haft fulla ástæðu til að upplýsa félagið um tiltekin heilsufarlega atriði, s,s, um PSA gildi, sykurþol/efnaskiptasjúkdóma og blæðingu í augnbotna. Verður því að telja að M hafi ekki virt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga og hafi vanrækslan verið ekki óveruleg. Nefndin telur hér engu skipta þó M hafi talið að samþykki hans fyrir því að V gæti leitað heilsufarlega upplýsinga hjá heilsugæslulækni hans drægi úr framangreindri upplýsingaskyldu hans.

Í 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingasamninga kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, hve sök vátryggingartaka var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti. Hvað mat á sök M varðar verður að líta til þess að ekki verður annað greint af fyrirliggjandi gögnum en að hann hafi haft fulla ástæðu við töku tryggingarinnar að upplýsa V um tiltekin mikilvæg atriði sem sneru að fyrra heilsufari, atriði sem M mátti segja sér að gætu skipt máli varðandi áhættumat V samfara því að selja M trygginguna. Þó ekki sé sýnt fram á sviksamlega vanrækslu verður að telja sök M umtalsverða auk þess sem telja verður að framangreind vanræksla M hafi haft umtalsverð áhrif á mat V á áhættunni. Þá hefur V lagt fram upplýsingar varðandi áhættumat félagins sem V telur að leiði til þess að hefðu fullnægjandi upplýsingar verið veittar við töku tryggingarinnar, hefði M verið neitað um sjúkdómatryggingu. Telur nefndin að þau gögn styrki sönnunarstöðu V. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að V hafi verið heimilt að fella niður ábyrgð sína að fullu, skv. 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 240/2025
Nafn málskotsaðila: (M1) og (M2)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. júlí 2025.
2. Bréf V dags. 28. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M1 og M2 hafi átt bókaða ferð til Færeyja 23.-27. júní 2025. Vegna veikinda hafi þau ekki komist í ferðina og gerðu þau kröfu um bætur úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar M1 hjá tryggingafélaginu X. Af hálfu X var bótaskylda samþykkt og greiddar voru hámarksbætur úr forfallatryggingu greiðslukortsins, samtals kr. 400.000. Óbættur er ferðakostnaður að fjárhæð kr. 118.000 þar sem ferðin kostaði samtals kr. 518.000. Hafa M1 og M2 gert kröfu um bætur sem nema þeirri fjárhæð úr greiðslukortatryggingu þeirri sem M2 hafði hjá V. Hámarksbætur samkvæmt þeirri tryggingu eru kr. 200.000 og rúmast tjónið því innan þeirrar tryggingar. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað með vísan til þess að í skilmálum greiðslukortsins stendur *„Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar.“* Í málskoti gera M1 og M2 kröfu um að V greiði þeim kr. 118.000 sem óbættar eru af umræddu tjóni og vísa máli sínu til stuðnings til 37. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga þar sem fjallað er um tvítryggingu.

V vísar til 11. gr. í 5. kafla skilmála greiðslukortatryggingar og telur að M1 og M2 hafi þegar fengið hámarksbætur sem hægt er að fá greiddar úr forfallatryggingu kreditkorta þegar þau gerðu kröfu kröfu í greiðslukortatryggingu M2 hjá V. Ljóst sé að bætur greiðist aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar. Á grundvelli þess sé bótaskyldu hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísa M1 og M2 til þess að um sé að ræða sameiginlegt tjón tveggja einstaklinga sem tryggðir séu fyrir slíku tjóni hvor um sig af tveimur ólíkum tryggingafélögum á grundvelli tveggja ólíkra greiðslukorta. Ákvæði í skilmála V eigi sér ekki lagastoð og sé ósamrýmanlegt öðrum skilmálum V.

Í viðbótarathugasemdum V er fyrri afstaða V ítrekuð.

Álit.

Óumdeilt er að M1 og M2 hafi þurft að afbóka ferð sína til Færeyja 23. – 27. júní 2025 vegna veikinda og að forföllin falli undir gildissvið forfallatrygginga tveggja greiðslukorta, annars vegar greiðslukorts M1 hjá X og hins vegar greiðslukorts M2 hjá V. Þá er óumdeilt að X greiddi hámarksbætur samkvæmt sínum skilmálum, samtals kr. 400.000, en kostnaður vegna ferðarinnar nam samtals kr. 518.000. Óbættur hluti tjónsins er því kr. 118.000 sem M1 og M2 hafa krafið V um.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort ákvæði í skilmálum greiðslukortatryggingar V, þar sem segir að bætur greiðist aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar, takmarki rétt M1 og M2 til bóta samkvæmt 37. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Samkvæmt ákvæðinu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóninu, skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða vátryggingu hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Skilmálaákvæði V, sem kveður á um að bætur greiðist aðeins úr einni tryggingu kreditkorts fyrir hvern tryggðan, verður ekki túlkað með þeim hætti að það gangi framar ákvæðum laga um vátryggingarsamninga enda er það ekki í samræmi við 37. gr. að skilmálar eins félags útiloki rétt til bóta ef hagsmunir tjónþola eru enn óbættir.

Í tilviki þessu eru hagsmunir hvors um sig, þ.e. ferðakostnaður M1 og M2, tryggðir samkvæmt hvoru greiðslukorti fyrir sig. Hjá X nam vátryggingafjárhæðin kr. 400.000 og hjá V kr. 200.000, eða samtals

kr. 600.000. Hlutur X í tjóninu er skv. 37. gr. 66,7% og hlutur V 33,3%. Þar sem X hefur þegar greitt meira en sinn hlutfallslega hlut, verður V gert að bæta M1 og M2 óbætta fjárhæð tjónsins, kr. 118.000, að fullu úr greiðslukortatryggingu M2.

Niðurstaða.
M1 og M2 eiga rétt á bótum að fjárhæð kr. 118.000 úr greiðslukortatryggingu M2 hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 242/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið vátryggingar. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags 1. ágúst 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. ágúst 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V varð, hinn 28. júní 2024, tjón á bifreiðinni A, sem er í eigu M. Í tjónstilkynningu er atvikum lýst svo að einhver svartur fólksbíll hafi verið fastur úti í kanti á þjóðvegi og manneskja hafi staðið við bílinn, sem hafi verið nokkrum metrum fyrir utan veginn. Þegar M hafi ekið fram hjá hafi smásteinadrífa komið yfir A, brotið framrúðu hennar og skilið eftir grjótkastför á vélarhlíf, frambretti og hliðarhurð. Þá kemur fram að M sé ekki viss um hvaðan þetta grjót hafi komið en vindasamt hafi verið á svæðinu. Í málskoti segir að þegar hinni óþekktu bifreið var ekið af stað hafi steinar eða grjót skotist undan dekki hennar og á A. Krefst M bóta úr kaskótryggingu A vegna tjónsins.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum kaskótryggingarinnar segi að tjón af völdum foks lausra jarðefna, s.s. sands, ösku, malar eða vikurs, bætist ekki. Með hliðsjón af lýsingu M í tjónstilkynningu, þar sem m.a. hafi komið fram að M væri ekki viss hvaðan grjótið hafi komið, hafi V því hafnað bótaskyldu með vísan til þess. Í kjölfarið hafi M haft samband við V og beðið um endurskoðun höfnunarinnar þar sem misskilningur hefði orðið en atvik hafi í raun verið þau að steinar eða grjót hafi skotist undan dekki óþekktu bifreiðarinnar á A. Hafi V þá óskað eftir tjónamati og myndum af A. Hinn 3. júlí 2024 hafi V borist tjónamat frá verkstæðinu X, þar sem fram komi að A sé skemmd á framenda og báðum hliðum eftir steinkast. Eftir skoðun á fyrirliggjandi gögnum hafi V metið það sem svo að útilokað sé að skemmdir á A megi rekja til eins tiltekins atviks og sé um hefðbundnar lakkskemmdir að ræða. Samkvæmt skilmálum kaskótryggingarinnar séu ekki greiddar bætur vegna skemmda eða slits a ökutæki vegna eðlilegrar notkunar, en þar undir falli eðlilegt slit á lakki vegna hefðbundins steinkasts af vegi. Er bótaskyldu úr kaskótryggingu A því hafnað, en tekið fram að V hafi bætt tjón á framrúðu A, en aðrir skilmálar eigi við um rúðutryggingu.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið mótmælt að um hefðbundnar lakkskemmdir sé að ræða af fyrirliggjandi ljósmyndum megi ráða að skemmdir séu aðeins framan á A og á hægri hlið hennar, en ekki á henni allri eins og V haldi fram. Raunar sé það aðallega framendi hennar sem sé skemmdur eftir steinadrífuna. Þá liggur fyrir að framrúða A hafi brotnað á fjórtán stöðum við atvikið. Hefði það ekki gerst hefði ekki komið til umræddstjónsatviks.

Í viðbótarathugasemdum V segir m.a. að engin gögn liggi fyrir er sýni fram á að framrúðan hafi brotnað á fjórtán stöðum. Er þá áréttað að aðrir skilmálar gildi um framrúðutryggingu, og sé sambærilegt undanþáguákvæði um að skemmdir eða slit vegna eðlilegrar notkunar séu ekki bættar ekki að finna í skilmálum rúðutryggingar.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á M að sýna fram á tjón sitt og umfang þess og að atvik að baki tjóninu leiði til bótaskyldu V samkvæmt viðeigandi skilmálum. Telja verður að atvik það sem M lýsir í málskoti, þ.e. að grjót hafi stafað frá óþekktri bifreið er hún tók af stað og valdið tjóni á M, sé skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik í skilningi skilmálanna en slík atvik, að því gefnu að undanþágur eigi ekki við, eru bótskyld. Engin frekari gögn liggja fyrir um umrætt atvik og í tjónstilkynningu er því, eins og áður segir, lýst með talsvert öðrum hætti. Þrátt fyrir að af tjónstilkynningu megi ráða að M hafi ekki verið einn í bifreið sinni, enda segir þar „þegar við keyrum fram hjá“, liggja engar frekari upplýsingar um það hver hafi verið með honum í A eða vitnisburður þess eða þeirra aðila. Þá virðist sem A sé af bifreiðategund sem alla jafna er búin myndbandsupptökukerfi, en engar upplýsingar liggja fyrir varðandi það hvort myndband af atvikum er til staðar. Þá virðast ekki

til staðar frekari upplýsingar um hina óþekktu bifreið, aðrar en að hún hafi verið svört, og liggur ekkert fyrir um það hvort M hafi gert tilraun til að ná tali af ökumanni hennar. M heldur því fram að framrúða A hafi brotnað á fjórtán stöðum, en hafi sú verið raunin gæti það vissulega stutt við aðrar röksemdir hans. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það hvers eðlis tjón á framrúðu hans var, og verður því að telja ósannað að fjórtán brot hafi verið í henni. Samkvæmt fyrirliggjandi tjónamati virðist það þá einnig að nokkru leyti taka til vinstri og hægri afturhurða og afturhluta bifreiðarinnar. Virðist því sem grjótkastskemmdir á bifreiðinni séu nokkuð víðfeðmari en svo að þær taki aðeins til framenda og hægri hliðar hennar.

Af öllu framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að ósannað sé að tjón á A sé að rekja til tjónsatviks þess sem M lýsir í málskoti og að, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, líkur séu fremur til þess að það megi rekja til slits vegna steinkasts, en slíkt tjón er undanskilið bótaskyldu. Er samkvæmt öllu framangreindu óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 243/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði skilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 8. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. júlí 2025, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 15. ágúst 2025.

Málsatvik.
Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort og þá í hvaða mæli M kunni að eiga rétt á frekari bótum úr tryggingum hjá V, vegna munatjón af völdum vatns sem varð á fasteign og innbúi hans. Tjónið var tilkynnt til V 26. júlí 2024. Í fyrirliggjandi skoðunarskýrslu, dags. 30. júlí 2024, kemur m.a. fram að vatn hafi flætt upp úr handlaug á baði og einnig upp úr gólfniðurfalli og vaski í þvottahúsi hússins. Í skýrslunni var ástæða þessa talin vera sú að frárennslið frá handlauginni, niðurfallinu og vaskinum hafi verið tengt við drenkerfi hússins þar sem þakkniðurfall sé einnig tengt. Hafi sú lögn stíflast með fyrr greinum afleiðingum. Þá kemur einnig fram að vaskur í eldhúsi sé líka tengdur við þessa lögn en ekkert hafi komið upp úr honum þar sem stíflan hafi verið framan við hann. Hafi vatn náð að flæða yfir öll gólf hússins.

Telur M sig eiga rétt á að fá tjón sitt bætt úr tryggingum þeim sem hann er með hjá V. Hvað röksemdafærslu M varðar þá er hún almennt orðuð og því frekar erfitt fyrir nefndina að átta sig á hvaða megin rök liggja til grundvallar kröfunni. Í málskoti tekur M þó fram að V hafi hafnað að bæta tjónið þar sem vatnið sem olli því hafi komið utan frá.

Í athugasemdum V, dags. 8. júní 2025, eru færð rök fyrir því að M eigi hvorki rétt á bótum úr vatnstjónslið húseigendatryggingar né úr innbústryggingarlið heimilisverndar, en M var með umræddar tryggingar hjá V. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V til þess að í gögnum málsins komi fram að stífla hafi myndast í frárennslislögnum húseignarinnar sem liggi utan við útveggi hennar og af þeim sökum hafi vatn flætt upp um niðurfalls og vask í þvottahúsi og handlaug í baðherbergi hennar. Telur V því með vísan í 1. og 2. gr. í skilmálum fyrir húseigendatryggingu og 2. gr. skilmála fyrir vatnstjónstryggingu heimiliverndar að M eigi ekki rétt á bótum úr þeim tryggingunum. Þá telur V einnig að M hafi ekki sýnt fram á að skilyrði þess að bæta tjónið úr skýfalls- og asahlákutryggingu , sbr. 4. gr. skilmála fyrir húseigendatryggingu, séu uppfyllt. Hins vegar féllst V á að M eigi rétt á að fá innbústjón sitt bætt úr innbúskaskó heimilisverndar. Því greiddi V hámarksbætur úr þeirri tryggingu, samtals 769.000 krónur. Telur V því að M eigi hvorki rétt á bótum úr húseigendatryggingu né frekari bótum úr heimilisvernd vegna vatnstjónsins. Þá hafnar V því sem ósönnuðu að M hafi fengið ófullnægjandi eða misvísandi raðgjöf við tryggingartöku.

Í málskoti tekur M m.a. fram að hann telji rökstuðning V ómálefnalegan. Í því sambandi bendir M á að V neiti að bæta tjónið að fullu með vísan til legu umræddar lagnar, utan sökkuls, þrátt fyrir að það hefði væntanlega engu breitt vaðandi fjárhæð iðgjalds fyrir viðkomandi tryggingu hvort sú var raunin eða ekki. Þá hafi V ekki athugað legu lagnar þegar M tók trygginguna. Þessu til viðbótar tekur M fram að þann dag sem tjónið varð hafi óvenjulegur regnskúr verið á svæðinu.

Í viðbótarathugasemdum M, dags 14. júlí 2025, eru færð frekari rök fyrir bótarrétti og athugasemdir gerðar við röksemdafærslu V.

Í viðbótatathugasemdum V, dags. 15 ágúst 2025, er er sérstaklega vísað í b-lið 5. gr. í skilmálum fyrir húseigendatryggingu þar sem fram komi að úr skýfalls- og asahlákutryggingu sé ekki bætt tjón vegna utanaðkomandi vatns s.s. grunnvatns, vatns frá svölum, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

Álit.

Aðila greinir á um hvort hið umdeilda munatjón M eigi að fást bætt á grundvelli þeirra trygginga sem voru í gildi hjá V. Í a-lið 1. gr. í skilmálum fyrir húseigendatryggingu segir eftirfarandi um vatnstjónstryggingu: „Tryggingin bætir skemmdir á tryggðri húseign af völdum: a. vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Tryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.“ Þá segir eftirfarandi í a-lið 2. gr. sömu skilmála: „Tryggingin bætir ekki: a. tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skólp- eða frárennslisleiðslum eða ef skólpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskylt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.“ Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. gr. skilmála fyrir vatnstjónstryggingu heimilisverndar.

Nefndin telur að gögn málsins bendi til þess að tjón það sem um er deilt í málinu megi rekja til þess að stífla hafi myndast í frárennslislögnum húseignarinnar sem liggi utan við útveggi hennar og af þeim sökum hafi vatn flætt upp um niðurfall og vask í þvottahúsi og handlaug á baðherbergi. Þegar horft er til þessa og þeirra skilmála sem að framan eru raktir telur nefndin að ekki séu uppfyllt skilyrði þess að M eigi rétt á frekari bótum frá V en þegar hafa verið greiddar. Þessu til viðbótar telur nefndin að M hafi hvorki tekist að sýna fram á að til staðar sé bótaréttur úr skýfalls- og asahlákutryggingu né að V hafi veitt honum ófullnægjandi eða misvísandi ráðgjöf við tryggingartöku.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr tryggingum þeim sem hann er með hjá V en þegar hafa verið greiddar.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 253/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Réttaraðstoðartrygging.

Fullnaðargreiðsla á grundvelli vátryggingasamnings. Sönnun fjártjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 31. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að A var með í gildi réttaraðstoðartryggingu sem hluta af fasteignatryggingu sinni hjá V. Lögmaðurinn M var með umboð frá A til að sækja um réttaraðstoðartryggingu A hjá V og móttaka greiðslur vegna hennar vegna dómsmáls er varðar galla í fasteign sem A seldi. V staðfesti rétt A til bóta vegna málsins með tölvupósti þann 8. febrúar 2022. Ágreiningsmál A við kaupendur fasteignarinnar fór bæði fyrir héraðsdóm og Landsrétt. Þann 14. apríl 2025 barst V beiðni frá M um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingunni samkvæmt umboði. Starfsmaður V óskaði í kjölfarið eftir upplýsingum inn á hvaða fjárvörslureikning leggja ætti bæturnar. Í tölvupósti milli aðila 15. apríl 2025 sagði starfsmaður V orðrétt „Við bókum greiðsluna í dag inn á fjárvörslureikning ykkar og ætti greiðslan að berast ykkur á næstu dögum“. M barst engin greiðsla og hafði í kjölfarið samband við V sem upplýsti að greiðslan hefði farið inn á bankareikning A. Jafnframt sagði starfsmaður V „Biðst velvirðingar, greiðslan var greidd inn á reikning umbjóðanda þíns þann 15.04.2025“. Í málskoti sínu greinir M frá því að eftir samskipti sín við A sé ljóst að A ætli ekki að greiða M og að M sé ekki lengur lögmaður hans enda ósáttur við framferði hans. M gerir kröfu um að nefndin úrskurði að V sé skuldbundið til að greiða bætur úr réttaraðstoðartryggingu að fjárhæð kr. 1.826.400 til sín á grundvelli umboðs frá A, dags. 17. janúar 2022, þrátt fyrir að hafa greitt trygginguna inn á reikning A. Í málskoti sínu rekur M samskipti sín við V og vísar til nánar tilgreindra ákvæða í skilmála réttaraðstoðartryggingar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ágreiningur málsins lúti fyrst og fremst að því hvort bótagreiðsla V til A teljist réttmæt og hvort M eigi rétt til þess að V leiðrétti greiðslu vátryggingabóta og greiði hana að nýju til M. Það fæli í sér að V þyrfti að tvígreiða bætur í málinu og alfarið sé óljóst hvort endurheimtur væru réttmætar eða mögulegar. Enginn ágreiningur sé um útreikning bótafjárhæðar. V telur sig hafa uppfyllt skyldur sínar til greiðslu bóta samkvæmt vátryggingarsamningi með því að greiða bæturnar til hins vátryggða sjálfs. Fullar efndir kröfunnar hafi því átt sér stað. Í inngangsákvæði fasteignatryggingar komi skýrt fram að vátryggðir séu þinglýstir eigendur vátryggðrar fasteignar eða eignarhluta. Í 13. tl. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga segi að í skaðatryggingum sé vátryggður sá sem samkvæmt vátryggingarsamningi eigi rétt á að krefjast bóta. Í 36. gr. almennra skilmála félagsins segi að „greiðslur bóta úr vátryggingunni skuli renna til vátryggða nema um annað hafi verið samið og komi fram í vátryggingarskírteini eða skilmálum. Bætur greiðist eingöngu til umboðsmanns vátryggða gegn framvísun fullgilds umboðs.“ Í grunninn sé það því hinn vátryggði sem eigi rétt til greiðslu vátryggingabóta og sá réttur verði ekki af honum tekinn nema samkvæmt reglum kröfuréttar um kröfuframsal, veðsetningu eða skuldajöfnun. Orðalag umboðsskjals verði ekki túlkað svo rúmt að í því felist framsal á rétti til vátryggingabóta og tilvist slíks umboðs útiloki ekki möguleika skuldara á því að efna kröfu sína með greiðslu til kröfuhafa í stað umboðsaðila. Þá fellst V ekki á að starfsmaður þess hafi gefið M skuldbindandi loforð um greiðslu bótafjárhæðarinnar inn á fjárvörslureikning M. Telur V að skilyrði bótaréttar innan samninga séu ekki fyrir hendi. Hvað varðar bótarétt utan samninga þá telur V að háttsemi starfsmanns hafi hvorki verið saknæm né ólögmæt. Afleiðing þess að greiðslan barst ekki á reikning málskotsaðila sé sú að hann missti möguleika á því að skuldajafna bótagreiðslunni upp í kröfu um ógreidda þóknun skv. málskostnaðarreikningi eins og honum var heimilt skv. reglugerð nr. 1192/2005 um fjárvörslureikninga lögmanna.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að V gerði mistökin og beri að leiðrétta þau þannig að M verði ekki fyrir tjóni og hafi fyrirhöfn og kostnað af því að þurfa að höfða mál á hendur A sem alls óvíst

er að geti borgað. Þá ítrekar M fyrri rökstuðning sinn og telur að skilmálar réttaraðstoðartryggingar gangi framar almennum skilmálum.

Í viðbótarathugasemdum V er því hafnað að túlkun V á umræddu skilmálaákvæði sé röng. Í réttaraðstoðartryggingu sé að finna upptalningu kostnaðarliða sem V greiðir vátryggðum vegna ágreiningsmáls. Það feli ekki í sér að lögmaður vátryggðs geti krafist greiðslu lögmannskostnaðar frá félaginu. það sé beinlínis rangur skilningur á ákvæðinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V hafi með greiðslu bóta úr réttaraðstoðartryggingu til hins vátryggða, A, uppfyllt skyldur sínar samkvæmt vátryggingarsamningi, eða hvort V hafi borið að greiða bætur inn á fjárvörslureikning M á grundvelli umboðs sem A hafði veitt honum. Samkvæmt 36. gr. almennra skilmála V skulu greiðslur bóta úr vátryggingunni renna til hins vátryggða nema um annað hafi verið samið og komi fram í vátryggingarskírteini eða skilmálum. Þá segir að bætur greiðist til umboðsmanns vátryggðs gegn framvísun fullgilds umboðs. Með umboði A til M var M heimilt að sækja um bætur fyrir hans hönd og móttaka greiðslu vegna þeirra. Slíkt umboð felur þó ekki í sér framsal á sjálfum bótaréttinum nema slíkt sé sérstaklega tekið fram, sbr. almennar reglur kröfuréttar. Hinn vátryggði heldur þannig rétti til vátryggingarbóta. Í máli þessu liggur fyrir að V greiddi bætur úr réttaraðstoðartryggingu inn á bankareikning A, sem er vátryggður samkvæmt samningi. Með þeirri greiðslu hefur félagið fullnægt skyldu sinni til efnda samkvæmt vátryggingarsamningi. Það að A hafi í framhaldinu ekki ráðstafað bótunum til að standa skil á þóknunarkröfu M gagnvart sér getur ekki haft í för með sér skyldu V til að greiða bætur að nýju, enda tengist það innbyrðis réttarsambandi A og M en ekki skuldbindingum V samkvæmt vátryggingarsamningnum. M hefur vísað til þess að starfsmaður V hafi gefið honum loforð um að greiða bæturnar inn á fjárvörslureikning hans og byggt á því að félagið beri ábyrgð á mistökum starfsmanns síns. Slíkt sjónarmið lýtur að mögulegri skaðabótaábyrgð utan vátryggingarsamningsins, þ.m.t. vinnuveitandaábyrgð V á háttsemi starfsmanns síns. Það er hins vegar annar ágreiningur sem fellur ekki undir úrlausn nefndarinnar í máli þessu, enda snýst málskotið um kröfu M um bætur úr réttaraðstoðartryggingu A hjá V. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að V hafi með greiðslu til A fullnægt skyldum sínum samkvæmt vátryggingarsamningi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 264/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. júlí 2025 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 14. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 2. apríl 2024, orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að M var að vinna við lagningu rafmagnsvíra í jörðu og er hann hafi rétt sig fram yfir opna holu, í því augnmiði að koma rafmagnsvír fyrir, hafi hann misst jafnvægið og fallið ofan í holuna. Við fallið hafi hann fests á milli stálbita og hlotið við það mar og rifbeinsbrot. Sambærilega lýsingu er að finna í tilkynningu til Sjúkratrygginga en hún er hvorki undirrituð af M né X.

Í skýrslu X um slysið sem send var til V, dags 2. júní 2025, segir um atvikið að M hafi verið að koma kastblökk fyrir ofan í tengibrunni undir rafmagnskassa. Hann hafi legið ofan á kanti rafmagnskassans og fundið fyrir verk í bringu eftir það. Líklega hafi eigin þungi M valdið verknum en hann hafi sennilega ekki gætt nógu vel að vinnuaðstæðum sínum. Segir einnig að lýsing í atvikaskráningu X sé önnur en lögmaður M haldi fram. X hafi neitað að staðfesta lýsingu hans í tilkynningu til Sjúkratrygginga, enda hafi enginn starfsmanna X verið meðvitaður um það að M teldi sig hafa orðið fyrir vinnuslysi og enginn utanaðkomandi atburður hafi átt sér stað.

Hinn 17. júlí 2025 hafnaði V bótaskyldu úr slysatryggingu launþega á grundvelli þess að ósannað væri að bótaskylt atvik hefði átt sér stað.

Í málskoti kemur fram að fráleitt sé að varpa ábyrgð á aðbúnaði og aðstæðum á vinnustað yfir á M enda beri X samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ábyrgð á þeim atriðum. Þá sé fjarstæðukennt að rifbeinsbrot hafi orsakast við það eitt að sitja á kanti rafmagnskassa. Þá hafi X ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980. Beri X því hallann af þeim sönnunarskorti sem kunni að hafa leitt af því að rannsókn á tildrögum slyssins fór ekki fram. Eru þá gerðar ýmsar athugasemdir við framgöngu X í málinu. Það að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við að M leitaði á heilsugæslu eftir slysið og að honum hafi verið greidd laun vegna veikinda í kjölfar þess bendi þá sterklega til þess að X hafi viðurkennt að slys hafi átt sér stað.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að með hugtakinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Til að þeim skilyrðum sé fullnægt þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli hafi mátt reikna með. Þá þurfi tjónsorsakir að standa utan við líkama vátryggðs og ef rekja megi líkamstjón til undirliggjandi sjúkdóma eða veikleika sé skilyrðið um utanaðkomandi atburð ekki uppfyllt. Hvað varði slys M sé mikið ósamræmi í atvikalýsingum fyrirliggjandi gagna. Í læknisfræðilegum gögnum komi annars vegar fram að M hafi verið að teygja sig yfir og hafi teygt höndina niður og fengið við það verk í brjóstkassa og bak, hins vegar segi að M hafi fests á milli stálbita þegar hann var að beygja sig fram. Í tilkynningu til V um slysið, dags. 4. apríl 2024, segi að M hafi hrasað ofan í bil með þeim afleiðingum að rifbeinsbrotnaði. Í skýrslu X til V segi hins vegar að M hafi legið ofan á kanti rafmagnskassa og fundið fyrir verk í bringu eftir það. Verulegur vafi sé þannig á því hvað hafi gerst umrætt sinn. V telji rétt að leggja samtímagögn, læknisfræðileg gögn frá slysdegi, ti grundvallar mati á því og sé því ekki sýnt fram á að umrætt atvik uppfylli skilyrði slysahugtaksins.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmála, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé.

Eins og rakið er að framan eru aðilar ekki sammála um atvikalýsingu, og er atvikalýsing í málskoti og tilkynningu til Sjúkratrygginga nokkuð frábrugðin þeirri lýsingu sem fram kemur í læknisfræðilegum gögnum. Í samskiptaseðlum slysa- og bráðamóttöku frá 2. apríl 2024 segir annars vegar, svo sem áður er rakið, að M hafi verið að teygja sig og fengið við það verk í brjóst og bak og hins vegar að M hafi verið að beygja sig fram þegar hann festist á milli stálbita. Er því hvorki minnst á það að M hafi misst jafnvægið eða fallið. Hvorug framangreindra lýsinga bendir með afdráttarlausum hætti til þess að skyndilegur og utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M. Þá liggja engin læknisfræðileg gögn fyrir til stuðnings því að áverkar M séu sértækir fyrir slys í skilningi vátryggingaréttar en geti ekki hafa atvikast vegna álags eða rangrar líkamsbeitingar.

Nefndin telur þá, eins og atvikum er hér háttað, ekki tilefni til þess að víkja frá almennum sönnunarreglum um atvik að slysinu á grundvelli þess að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um það. Telst enda ekki sýnt fram á að X eða starfsfólk þess hafi haft vitneskju um það að M teldi sig hafa orðið fyrir slysi í framangreindum skilningi og benda frumgögn málsins fremur til þess að um einhvers konar álagsmeiðsli hafi verið að ræða. Er því ósannað hvort og hvenær tilkynningarskylda skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi stofnast.

Breytir það ekki framangreindri niðurstöðu þó M hafi strax, með leyfi vinnuveitanda, leitað til læknis og fengið laun í veikindaforföllum vegna rifbeinsbrots, enda á starfsfólk veikindarétt óháð því hvort veikindi er að rekja til slyss í skilningi vátryggingaréttar.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar, eins og mál þetta liggur fyrir henni, að ekki sé sýnt fram á að meiðsl M megi rekja til atviks sem teljist slys í skilningi vátryggingaréttar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 275/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 25. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. ágúst 2025.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 24. maí 2025 hafi M ekið bifreið sinni A í gegnum hlið við þjónustumiðstöð X. Hliðið hafi verið hálfopið og ekki á hreyfingu. Þegar A hafi verið komin u.þ.b. hálf í gegnum hliðið hafi hliðið færst úr stað og lagst að A. Töluvert tjón hafi hlotist af þessu atviki og gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna þess.

Meðfylgjandi bréfi V til nefndarinnar er myndbandsupptaka af umræddu atviki. Í bréfi V segir að þar megi sjá að veður- og birtuskilyrði hafi verið góð og sjá megi að nokkru áður en A var ekið að hliðinu hafi hliðið byrjað að lokast og hafi það verið á hreyfingu alveg fram að því að M ók A inn um þann hluta hliðsins sem enn var opinn með þeim afleiðingum að hann ók utan í þann hluta hliðsins sem var á hreyfingu. Hafi honum því átt að vera augljóst að hliðið var að lokast áður en hann ók að því. Verði tjón á A því að fullu rakið til aðgæsluleysis M sjálfs en ekki hafi með nokkru móti verið sýnt fram á að það verði rakið til bilunar á hliðinu eða annarra atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að eftir skoðun á fyrirliggjandi myndbandsupptöku fallist hann á að hliðið hafi verið á hreyfingu þegar hann ók að því. Hreyfingin sé þó svo lítil að hún sé vart greinanleg og hafi alls ekki orðið til þess að M hafi skynjað að hliðið væri lokað eða að lokast. Þá sé það spurning hvort X hefði ekki átt að viðhafa einhvers konar eftirlit með hliðinu meðan það var að lokast.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú afstaða að tjón M verði rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs. Hliðið lokist hægt til þess að fyrirbyggja eða draga úr líkum á tjóni og er því hafnað að þörf hafi verið á einhvers konar verði við hliðið á meðan það lokaðist.

Álit:
Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Af fyrirliggjandi myndbandsupptöku má sjá að einhvers konar vinnubifreið er ekið út um hliðið að þjónustumiðstöð X. Eftir að henni er ekið út má sjá að báðir hlutar hliðsins byrja að dragast saman, þ.e. hliðið lokast. Þegar A er ekið að hliðinu virðist það hafa lokast að u.þ.b. hálfu. Í þann mund sem A er ekið í gegn rekst þá vinstri hluti hliðsins, sem enn er að lokast, á afturhurð A bílstjóramegin og veldur tjóni á henni. Að mati nefndarinnar verður að telja að lokun hliðsins hafi verið vel greinileg þegar ekið var að því.

Að öðru leyti liggur lítið fyrir um umrætt hlið, virkni þess og tilgang, s.s. hvort það hafi átt að vera opið fyrir umferð almennings, eða hvort hafi þurft að opna það sérstaklega fyrir viðkomandi umferð. Liggur þá ekkert fyrir um að hliðið hafi á einhvern hátt verið vanbúið eða virkni þess óforsvaranleg. Né hefur verið sýnt fram á að sérstaks eftirlits hafi verið þörf með því. Hefur því að mati nefndarinnar ekki verið sýnt fram á að tjón á A verði rakið til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð vegna. Í ljósi þess að samkvæmt almennum sönnunarreglur hvílir það á M að sýna fram á það er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir